FYRSTI FUNDUR, Mánudaginn 15. Júlí. Eftir að sameinað þing hafði lokið störfum að þessu sinni og þeir þingmenn voru til efri deildar gengnir, er þar áttu sæti, sátu þessir þingmenn neðri deild:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dal.
3. Björn Jónsson, þm. Barð.
4. Björn Kristjánsson, 1. þm. K.-G.
5. Eggert Pálsson, 2. þm. Rang.
6. Einar Jónsson, 1. þm. Rang.
7. Guðlaugur Guðmundsson, þm. Ak.
8. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
9. Hannes Hafstein, 2. þm. Eyf.
10. Jóhannes Jóhannesson, 1. þm. N.-Múl.
11. Jón Jónsson, 2. þm. Rvk.
12. Jón Magnússon, þm. Vestm.
13. Jón Ólafsson, 2. þm. S.-Múl.
14. Kristján Jónsson, þm. Borgf.
15. Lárus H. Bjarnason, 1. þm. Rvk.
16. Magnús Andrésson, þm. Mýr.
17. Ólafur Briem, 1. þm. Skagf.
18. Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
19. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
20. Skúli Thoroddsen, þm. N.-Ísf.
21. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
22. Tryggvi Bjarnason, 2. þm. Húnv.
23. Valtýr Guðmundsson, þm. Sfjk.
24. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Tveir þingmenn, er deildina skipa, 1. þm. S.-Múl. og þm. V.-Ísf., tóku þar ekki sæti að sinni, hinn fyrri sakir sjúkleika og fjarveru, hinn síðari fyrir þá sök, að enn var ekki feldur úrskurður sameinaðs þings um kosningu hans.

Ráðherra gekk til forsetasætis og kvaddi þm. Mýr., Magnús prófast Andrésson sem aldursforseta til að stýra fundi. Tók hann þá fundarstjórn og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara Eggert Pálsson, 2. þm. Rang. og Bjarna Jónsson, þm. Dal.

Lét aldursforseti því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar, fyrsta og annan varaforseta og skrifara.

Forseti deildarinnar var kosinn Magnús Andrésson, þm. Mýr., með 18. atkv. Jón Magnússon, þm. Vestm., hlaut 1 atkv. 5 seðlar voru auðir.

Fyrsti varaforseti var kosinn Guðlaugur Guðmundsson, þm. Ak., með 16 atkvæðum. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þing., hlaut 1 atkv. 7 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn Pétur Jónsson, þm. S.-Þing., með 15 atkv. Eggert Pálsson, 2. þm. Rang., og Jón Magnússon, þm. Vestm., hlutu sitt atkv. hvor og 6 seðlar voru auðir.

Skrifarar voru kosnir þeir Eggert Pálsson, 2. þm. Rang., með 14 atkv. og Jón Jónsson, 2. þm. Rvk, með 13 atkv. Benedikt Sveinsson þingm. N.-Þing., Bjarni Jónsson, þm. Dal., og Jón Magnússon, þm. Vestm., hlutu sitt atkv. hver og 7 seðlar voru auðir.

Síðan las forseti upp þrjú bréf frá ráðherra, öll dagsett 13. Júlí, þar sem hann tilkynnir, að hann hafi í hyggju að leggja fyrir neðri deild á væntanlegum fundi hennar, þriðjudaginn 16. Júlí, af hálfu landsstjórnarinnar, þessi frumv.:

1. Frv. til laga um breyting á tíma, þeim er hið reglulega alþingi kemur saman.
2. Frv. til laga um ritsíma og talsímakerfi á Íslandi.
3. Frv. til laga um að landsjóður kaupi einkasímann til Vestmanneyja og símakerfið þar.
4. Frv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands, til þess að gera samn-

ing um einkaréttarsölu á steinolíu um tiltekið árabil.
5. Frv. til laga um hagfræðisskýrslur um tóbaksinnflutning árið 1913.
6. Frv. til laga um viðauka við tolllög fyrir Ísland 11. Júlí 1911.
7. Frv. til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi og fl. frá 4. Nóv. 1881.

Næsta fund ákvað forseti þriðjudaginn 16. Júlí.

Lögð fram stjórnarfrumvörp.

ANNAR FUNDUR þriðjudaginn 16. júlí.

Ráðherra (Kr. J.): Samkvæmt skipun konungs skal eg hérmeð leggja fyrir h. h. deild þessi frv.:

1. Frv. til laga um breyting á tíma, þeim er hið reglulega alþingi kemur saman.
2. Frv. til laga um ritsíma og talsíma kerfi Íslands.
3. Frv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til þess að gera samning um einkaréttarsölu á steinolíu um tiltekið árabil.
4. Frv. til laga um viðauka við tollög fyrir Ísland 11. Júlí 1911.
5. Frv. til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., frá 4. Nóvbr. 1881.
6. Frv. til laga um hagfræðisskýrslur um tóbaksinnflutning árið 1913.
7. Frv. til laga um að landsjóður kaupi einkasímann til Vestmannaeyja og símakerfið þar.

Öllum þessum frv. var útbýtt meðal þingmanna.

Færsla þingtímans.

FRUMVARP til laga um breyting á tíma, þeim er hið reglulega alþingi kemur saman; (stj.frv. A. bls. 104). 1. umr. 19. Júlí.

Ráðherra (Kr. J.): Frv. þetta er lagt fyrir af landstjórninni og er með fám orðum drepið á ástæðurnar til þess í athugasemdunum við það.

Það er enn mjög stutt síðan hinn gamli samkomutími þings var færður frá mánaðamótunum Júní—Júlí aftur í miðjan febrúar. Þessi breyting virðist ekki hafa átt almennum vinsældum að fagna. Margir eru þeirrar skoðunar, að ver hljóti að vera unnið á vetrarþingum en sumarþingum, og allir játa, að vetrarþingin séu dýrari. Það getur því þegar af þessari ástæðu verið ráðlegt að breyta þingtímanum. En svo er annað atriði, sem gerir þessa breytingu blátt áfram óhjákvæmilega, en það er notkun þinghússins sem háskólahúss. Kensluár háskólans er frá 1. Okt. til ɔ: 20. Júní. Honum verður hvergi annarsstaðar undir þak komið en í þinghúsinu, en hinsvegar geta tvær svo miklar stofnanir sem þingið og háskólinn ekki komist fyrir eða notið sín samtímis í svo litlu húsrúmi. T. d. þarf alþingi að halda á stofunum niðri til nefndarfunda. Stjórnin sá sér því eigi annað fært, en að koma fram með frv. þessa efnis, nefnilega að færa þingtímann aftur fram á sumarið.

Sigurður Sigurðsson: Það má ekki minna vera en að maður taki þessu frv. stjórnarinnar á þann veg, að fara um það nokkrum viðeigandi orðum. Það vakti undrun mína, er eg frétti að frv. þetta væri á leiðinni. Eins og menn mun reka minni til, þá lá svipað frumvarp fyrir síðasta þingi og féll þá við lítinn orðstír. Og ekki virðast mér ástæður, þær er stjórnin ber fram í þetta skifti, vera svo margar, margbrotn-

ar eða veigamiklar að frekar sé ástæða til að samþykkja þetta frv. nú.

Fyrsta ástæðan, er stjórnin ber fyrir sig, er sú, að vetrartíminn sé ekki *hentugur* þingtími. Mér verður á að spyrja: hversvegna? Mér vitanlega hafa engar umkvartanir þess efnis komið fram frá alþýðu manna, sízt utan af landi. Má vera að höfðingjalýð landsins, og þá einkum þeim er í Reykjavík búa, sé þessi tími óhentugur, enda mun frumv. þetta fram komið fyrir þeirra tilhlutun.

Þá var borin fram sú ástæða, að ekki geti þingið og háskólinn komist fyrir hér í þinghúsinu samtímis. Eg verð að mótmæla þessu. Ef rétt er áhaldið þarf, háskólinn ekki að neinu leyti að fara í bága við þinghaldið. Um mjög margra ára skeið voru herbergi, þau er háskólinn nú notar, upptekin af landsbókasafninu, án þess nokkur kvartaði yfir því að ekki mætti halda þingið hér alt fyrir það. Sömuleiðis var forngripasafnið geymt á hæsta lofti. Benda má einnig á það, að tvö undanfarin þing hefir neðri bygð hússins verið mjög lítið notuð í þarfir þingsins. Fjárlaganefnd Nd. hafði eitt herbergi þar til fundarhalda og þar með búið. Raunar voru flokksfundir haldnir niðri, en það má deila um það, hvort þeir séu svo mjög hollir þingstörfunum. Þeir er venjulega ekkert annað en samsærisfundir til ráða gegn ímynduðum vélráðum mótflokksins eða til að fá flokkinn til að samþykkja einhvern bita eða aðra hagsmuni fyrir gæðinga flokkins. *(Forseti:* Þetta eru ekki þingleg orð). Eg þykist nú hafa sýnt, að sú ástæða, að ekki sé nægilegt húsrúm í þinghúsinu, sé á engum rökum bygð.

Þá hefi eg heyrt kvartað yfir því, að það mundi valda ruglingi, töf í kenslunni, ef þing er á sama tíma og háskólakenslan fer fram, að nemendur muni sækja ver tíma o. s. frv. En þessari viðbáru svara eg á þann veg, að þá er annaðtveggja stjórnin á nemendunum léleg, eða nemendur þann veg gerðir, að ekki er hægt að stjórna þeim. — Aðalástæða mín til að vera mótfallinn færslu þingtímans er sú, að það mundi gera framleiðendum, landsins, bændum og sjómönnum erfiðara en ella að sitja á þingi. Eg segi ekki, að seinni hluti vetrar sé sá heppilegasti þingtími; má vera að fyrri hluti vetrar sé allra hentugasti tíminn. En það dylst mér eigi, að ef á að flytja þingið aftur fram á sumarið, þá útilokar það að miklu leyti bændur frá að sitja á þingi. Eg hefi fyrir mér í þessu orð og ummæli ýmsra bænda, er dottið hefir í hug að bjóða sig fram til þings, og sömuleiðis þeirra er á þingi sitja nú. Hinsvegar veit eg ekki til að umkvartanir hafi komið frá alþýðu eða utan af landi yfir þeim tíma, er þingið er nú haldið á. En því hefir nú verið svo farið um þá menn, er skipað hafa æðstu sætin í stjórn þessa lands, bæði fyr og síðar, að þeir hafa tekið minna tillit til alþýðunnar en »höfðingjanna«. Óskir og umkvartanir alþýðunnar hafa tíðast verið að vettugi virtar og stungið undir stól. — Eg get skilið að kennurum landsins sé miður þægilegt að þingið sé haldið að vetrinum, en mér er spurn: á að taka meira tillit til einstakra manna en heilla stétta?

Flogið hefir fyrir, að ástæða væri til og til stæði að hækka dagpeninga þingmanna ef þingtímanum yrði breytt á þennan hátt. Það má vera að það hafi vakað fyrir sumum, en þá ástæðu get eg ekki fallist á.

Hæstv. ráðherra gat þess, að ver væri unnnið á vetrarþingum. Eg efast um að þetta sé á rökum bygt. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Reynslan er sannleikur). Hv. þm. Ak. (G. G.) getur ekkert um þetta dæmt; hann var á hvorugu þinginu. Það sannar lítið þótt árangurinn

hafi ekki verið tiltölulega mikill af þessum tveim vetrarþingum; það hafði við önnur rök að styðjast.

Eg skal svo ekki þreyta hina háttv. deild lengur, en vona að frumv. þetta verði felt bæði frá 2. umr. og nefnd.

Ráðherrann (Kr. J): Háttv. 1. þm. Árn. hefir hér haft mikið erfiði, að ráðast á svo lítið frumvarp, og mig furðar heldur að þessi logi, þessi brandur skuli vera hlaupinn í hann út af svo lítlu tilefni. Mér lízt svo, sem það sé augljóst, að hér sé ekki um annað að gera, en að breyta til um þingtímann vegna háskólans, nema þá að háttv. 1. þm. Árn. vilji taka að sér að útvega okkur háskólahús þegar á næsta hausti. Það væri auðvitað ágætt, en það er nú ekki gert svona í flughasti. Hann sagði ástæðurnar fyrir frv. ekki veigamiklar. Það getur verið að það sé satt, en sjálfur færði hann engin rök fyrir sínu máli. Hann talaði um þjóðarvilja, en hann er enginn til í þessu efni. Meðal þeirrar stéttar, sem mest hefir verið talað um í þessu sambandi, bændastéttarinnar, eru skoðanirnar mjög skiftar um það. Margir bændur segja og hafa sagt, að þeir vilji heldur vera burtu frá heimilum sínum í Júlí- og Ágústmánuði, en haust og vor; að minsta kosti minnist eg þess um föður minn heitinn, sem var einn af stærri bændum þessa lands og löngum þingmaður. Eg hygg að enginn þingtími sé óhentugri en einmitt sá sem nú er lögboðinn, og að bændur megi þá hvað sízt frá búum sínum vera, þegar mætist vetur og vor, því þá þarf oft að finna fljót bjargráð. Og eg held að það sé einmitt töluvert veigamikil ástæða fyrir mínu máli, að frá því að þing var sett hér á landi, frá því árið 930 og alt til þessa dags, skuli þing ætíð hafa verið látið byrja um mánaðamótin Júní og Júlí, nema síðan 1907. Þessi nærfelt þúsund ára venja virðist benda á það, að menn hafi séð, að þessi tími er hentugur; annars hefðu ekki allir komið sér saman um þetta alla tíð. — Ef til vill væri haustið allra hentugasti tíminn — eg fyrir mitt leyti er á því, en því hygg að bændur mundu alment vera mótfallnir, því að þá þurfa þeir að ráðstafa heimilum sínum undir veturinn. Aftur á móti hygg eg að Júlí- og Ágústmán. sé einmitt heppilegur tími fyrir alla þá bændur, sem ekki þurfa beinlínis að halda á orfinu sjálfir daglega, en það hygg eg að sé ekki svo alltítt um þá, sem á annað borð bjóða sig fram til þings. (*Sigurður Sigurðsson:* Ójú!) (*Bjarni Jónsson:* Ekki eru þeir einyrkjar.) Eg held því að því fari fjarri, að þetta frumvarp útiloki bændur frá þingsetu. Annars skal eg ekki deila mikið um þetta mál, heldur fel eg það algerlega þinginu. Að eins vil eg enn og aftur leggja áherzlu á það, að ef það nær ekki fram að ganga, þá verður óhjákvæmilegt að sjá háskólanum fyrir sæmilegu húsnæði einhverstaðar annarsstaðar.

Einar Jónsson: Þó að bændur séu ekki nefndir sérstaklega í þessu þgskj., þá skilst mér svo eftir umræðunum, sem aðallega sé höfð hliðsjón af þeim, og að það sé sterk ástæða með eða móti þessu frumv., hvernig bændum fellur það, og þykir mér nú rétt að þeir láti líka eitthvað til sín heyra um það. Það er enginn efi á því, að bændum er heyskapartíminn lang-dýrasti tíminn, og að undir þeirra eigin stjórn mun vinnan hepnast bezt. Þessvegna er það, að þótt landið kynni að spara fé á sumarþingum, þá verður það með skaða þessara einstöku manna. Eg skal ekkert fullyrða um það, hvort það er rétt, sem eg sá í einhverju blaði efttir hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.), að sparnaðurinn mundi nema 15 þús. kr. Það væri auðvitað lagleg fjárhæð að spara, og gott, ef það

mætti verða, án þess að skaða aðra, en það er nú einmitt tilfellið. Og að því er kemur til aðalástæðunnar fyrir þessu frumv., sem sé þeirrar, að háskólinn geti eigi haft heima í þinghúsinu á sama tíma og þing er háð, þá er hún einkis virði. Það sér hver maður, að herbergin hér niðri í húsinu eru engu teptari nú en áður, meðan þar voru dauðir munir — söfnin —, enda kom það fram í fyrra, þegar háskólinn var stofnaður, að ekki mundi til þess koma, að háskólahaldið og þinghaldið rækist á. Þetta man eg að þeir sögðu þá, sem voru háskólanum meðmæltir, og hvernig stendur þá á því, að þetta skuli nú alt í einu ekki geta samrýmst? Eg skal svo ekki tala frekum þetta nú, en helzt vildi eg óska, að þetta frumv. lifði ekki lengur en þenna yfirstandandi klukkutíma.

Jón Ólafsson; Herra forseti! Mér stendur fyrir mitt leyti öldungis á sama, hvort þing er haldið á sumri eða vetri, enda er eg nú kominn á þann aldur, að eg býst ekki við að sitja á svo mörgum þingum héðan af. En það er ekki rétt hjá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að þetta frv. hafi fallið á síðasta þingi við lítinn orðstír. Eg vil miklu fremur segja að það hafi fallið við góðan orðstír. Það féll af því, að fram komu þrjár tillögur um þingtímann, og gátu þingm. ekki orðið ásáttir um hverja þeirra ætti að velja, en flestallir vildu einmitt fá einhvern annan tíma, en þann sem nú er lögboðinn.

Ein ástæða fyrir þessu frv., sem líka hefir komið fram hjá háttv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) í blaðagrein, er sú, að vetrarþingin eru dýrari, ferðakostnaðurinn meiri. Og svo er þess að gæta, að enn hafa ekki verið haldin nema tvö vetrarþing, og þótt þau ár hafi ekki verið ísár, þá vita menn, að hér er stundum hafís við land, og getur þá farið svo, að ferðalög til þings, og einkanlega frá þingi, verði lítt kleif. Enn er það eitt, að á þessum vetrarþingum hafa verið hrein vandræði að fá sæmilega þingskrifara. Það muna víst fleiri en eg, að bæði 1911, og þó einkum 1909 voru teknir til þess menn, sem alls ekki gátu skrifað. Það gerir víst ekkert til, þótt mint sé t. d. á Jóhannes »makalausa« — Stefánsson trúi eg hann væri. Það er sagt, að nóg sé húsrúmið nú, síðan söfnin voru flutt burtu, en í staðinn fyrir forngripasafnið er nú komið bókasafn alþingis, sem áður var geymt á hæstaloftinu, en þar á því lofti er nú alt fult af hitaleiðslupípum. Og þótt menn yrðu áður að basla við að halda nefnda- og flokka-fundi hér og hvar út um allan bæ, þá er það sannarlegt neyðarúrræði; hér í húsinu hafa menn bókasafn þingsins við hendina, þar á meðal innlend og útlend lagasöfn, stjórnartíðindi og þingtíðindi. Hér er aðgangur að öllum slíkum hjálparmeðölum, og því hentast að halda alla þá fundi í þessu húsi. Það er verið að tala um að bændum séu sumarþingin svo óbærileg. Eg man þó svo langt, að á síðasta þingi þóttu sumum bændum vetrarþingin ekki betri. Það er, fyrir bændur, eins og aðra, ekki minni vandi að gæta fengins fjár, en að afla þess. Og eitt er víst og það er það, að nær því um þúsund ár hafa bændur þessa lands setið á þingi um sumartímann. Loks sagði hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að sumartíminn væri ótækur fyrir sjómenn. Þeir eru nú víst flestir á sjónum bæði sumar og vetur, en miklu meira þó á veturna. Það er þó ekki nema lítill hluti af þessu landi, þar sem nokkur bátaútgerð er um sumartímann. Varla þarf að búast við mörgum hér á þing af þeim, sem sjálfir sækja sjóinn að staðaldri, miklu fremur útgerðarmönnum, og þeim væri sumarið ólíku hentugra. Þeir ættu langerfiðast með að sækja þing á vetrum, meðan

aflabrögðin standa sem hæst. Enn er það, að menn vinna minna á vetrarþingum. Það hefir á stundum reynst erfitt þá, ef eigi ógerningur, að ná mönnum saman á nefndafundi síðdegis, af því að þeir hafa þurft að vera við sjónleika, heimboð eða aðrar kvölskemtanir. Menn mega brosa að þessu, en satt er það nú samt, og sá, sem eg sé brosa breiðast, hefir manna oftast látið sig vanta á nefndarfundi. Eg vil enn benda á hafísinn; hann getur altaf gjört skurk, og eins á það, að almenningi er mikið til sama um það, hvenær alþingi er háð, ef það einugis er háð á þeim tíma, sem þingmönnunum sjálfum er hentast, en hitt er mönnum ekki sama um, hvort það kostar landið 15 þúsundum meira eða minna.

Pétur Jónsson: Það hefir verið talað um að bændur ættu að láta í ljósi vilja sinn um þetta mál, og það hefi eg fyrir mitt leyti gert á síðasta þingi hér í deildinni. Og eg get enn lýst yfir því í stuttu máli, að eg álít þann þingtíma, sem nú er lögákveðinn, einhvern hinn óheppilegasta. Eftir minni reynslu eru það tveir tímar ársins, sem bændur mega sízt missa, sem sé haust og vor. Á vorin, þegar voryrkjurnar byrja, er mest um vert að sjá um túnávinslu, vatnsveitur og aðrar voryrkjur, og það er mér dýrasti tíminn. Í öðru lagi er mest hætta snemma vors á að heyskortur geti orðið; við erum nú ekki komnir svo langt í búnaðinum ennþá, að slíkt geti ekki komið fyrir, og þá hygg eg að heppilegast sé, að hver sé heima að sjá um sitt. Þar næst er haustið, þegar þarf að koma búsafurðunum í verð og búa sig undir veturinn. Aftur eru tveir aðrir tímar, sem eg hygg að flestum bændum verði heppilegastir, sem sé sumarið, sem líka hefir lengst af verið þingtími vor, og svo tíminn frá því í Nóvember og þangað til í Febrúar. — Ef þingtíminn er ekki lengri en tveir mánuðir, þá er sumarið mjög hentugt, því að þótt það sé dýr tími, þá er hann ekki eins hættulegur að missa hann frá búi, og það á að borga þm. svo, að þeir séu skaðlausir. Það er að vísu ekki gert sem stendur, en á því má og á að ráða bót. En ef þingið þarf að standa lengur en þetta, þá er komið fram á haust, og þá er vetrartíminn, sá er eg nefndi, hentugri fyrir bændur. Svipað er að segja um sjómenn og bændur. Þeir mættu helzt missa tímann frá veturnóttum og fram yfir nýjár. Hitt get eg síður dæmt um, hvort sjómenn eru meira hindraðir um miðsumartímann; en vitanlegt er það, að ef skipstjóri gjörist þingmaður, þá getur hann ekki haldið úti skipi sínu meðan þing er. Eg verð líka að leggja áherzlu á það, að vetrarþingin eru dýrari, og þótt ef til vill ætti að taka mest tillit til bændastéttarinnar í þessu máli, þá má þó ekki útiloka aðrar stéttir frá þingmensku. Því hafa kjósendur sjálfir skorið úr með því, að kjósa menn af þeim stéttum þing eftir þing,. eins mikið og kunnugt er. Eg verð því að álíta sumartímann beztan, svo framarlega sem hann er takmarkaður við tveggja mánaða þing.

Jón Jónsson (2. þm. Rvk.): Eg stend upp að eins vegna einnar ástæðu sem hreyft hefi verið gegn frv. Þess hefir verið getið, viðvíkjandi háskólanum, að herbergin hér niðri í húsinu hafa áður verið notuð til annarars en þinghaldsins, og megi þá eins halda því áfram, án þess að það komi í bága hvað við annað. En hér er ekki eingöngu á þetta líta, heldur það, að ef halda ætti þing hér um þann tíma, þegar kensla fer fram í háskólanum, þá mundi sú kensla truflast að mun, vegna hávaða og umgangs, sem stafar frá þinginu. Hér í húsinu er ákaflega hljóðbært, og eg tók eftir því, þegar eg var við kenslu

í vetur beint undir þeirri stofu, sem nú er lestrarsalur alþingis, að þá heyrðist ætíð töluvert til þeirra, sem þar voru að vinna að manntalsskýrslunum, og gættu þeir þó allrar varúðar, að hafa ekki hátt um sig. Og eins og kunnugt er, standa kenslustundir háskólans yfir öðru hverju allan daginn, frá því kl. 8 og 9 á morgnana og fram á kvöld. Verði því ekki þingtímanum breytt, þá er það óhjákvæmilegt, að útvega háskólanum annað húsrúm á næstu árum.

ATKVGR.:

Samþ. að vísa málinu til 2. umr. með 14:4 atv.

Önnur umr. (A. bls. 104; þskj. 31, 32.); 22. júlí.

Einar Jónsson: Eg hefi ásamt þrem öðrum þingmönnum leyft mér að koma fram með br.till. við frv. þetta. Hún er á þskj. 32 og er þess efnis, að þing byrji fyrsta virkan dag í Nóvembermánuði í stað Júlímánaðar. Ástæðurnar, sem færðar voru til meðmæla þessu frv. við fyrstu umræðu, voru æði veigalitlar frá mínu sjónarmiði. Þær voru aðallega tvær. Sú fyrri var, að háskólinn og þingið gætu eigi komist fyrir saman í þinghúsinu. Þessi röksemd var hrakin með því, að um mjög langan undanfarinn tíma hefðu þau sömu herbergin, sem háskólinn notar nú, verið notuð til að geyma landsbókasafnið o. fl. dauða muni. Eg skil eigi að þingmenn séu þeim mun digrari nú en þeir voru áður, að þeir geti eigi komist fyrir í þeim sömu herbergjum, er þeir gerðu sig ánægða með fyr, og voru álitin fullnægjandi þá. Hin ástæðan var sú, að sparnaður væri að því, að halda þing að sumri til. Það er vafalaust satt, að það væri sparnaður fyrir landssjóð, en eg hygg, að það fé, er landið mundi spara á þenna hátt, yrði tekið úr buddu sveitarmannanna að mestu leyti. Sumarið er dýrasti tíminn fyrir bændurna og enda líka fyrir sjómenn; en aftur eru haustmánuðirnir ódýrastir báðum stéttum. Það má svo að orði kveða, að mánuðirnir Nóvember og Desember séu einu frímánuðirnir, sem sjómenn hafa. Auðvitað ber líka að taka tillit til annara stétta, t. d. lögfræðinga, presta, lækna og yfirleitt allra embættismanna, en það þori eg að fullyrða, að þeim er eins hægt að sitja á þingi á haustin eins og á öðrum tíma árs. Auðvitað geta þeir sagt hið sama og bændur, að þeir megi helzt aldrei frá heimilum sínum eða embættum fara, svo að frá því sjónarmiði skiftir litlu fyrir þá, hvenær þing er haldið, en þó mega t. d. sýslumenn alls eigi missa tíma frá embættum sínum á vorin meðan á manntalsþingum stendur o. fl. þesskonar. Eg mundi því telja tillögu hv. þ. m. Sfjk. (V. G.) um að þing skuli byrja 17. Júní þá óheppilegustu öllum stéttum.

Ef litið er á tölu bænda á þingi, þá hafa þeir verið undanfarið svo fáir, oftast $^1/_5$—$^1/_4$ allra þingmanna, að virðast mætti, sem eigi bæri að taka neitt verulegt tillit til þeirra; en þegar litið er á, hve fjölmenn bændastéttin er í landinu, þá ber sannarlega að taka þá með í reikninginn engu síður en aðrar stéttir. Því hefir verið haldið fram, að bændur væru eigi eins vel hæfir til þingmensku eins og embættismenn vegna mentunarleysis. En eg hygg, að reynslan hafi sýnt það, að bændur hafi framkvæmt skyldu sína á þingi engu ver en embættismenn. Eg gæti tilnefnt marga bændur, sem hafa verið mestu menn þingsins á sínum tíma. Eg get eigi stilt mig um að benda á í sambandi við þetta, að það er einkennilegt að heyra lögfræðinga hér á þinginu, sem þó verða að teljast miklir ráðamenn í löggjöfinni, þræta um, hvern-

ig skilja eigi nýútgefin lög, er þeir sjálfir hafa samið. Það eru eigi meir en fáir dagar síðan rifist var í marga tíma um, hverig skilja ætti kosningarlögin; svo óljós eru þau og átti þó mikið að vera vandað til þeirra, enda voru þau samin af skólagengnum mönnum. Þetta sýnir, að það er eigi einhlítt til þess að vera hygginn þingmaður og góður löggjafi, að hafa fengið skólamentun. Enda hafa, eins og eg drap á áðan, um undanfarinn mannsaldur margir af beztu mönnum þingsins verið alþýðumenn. Eitt vil eg benda á enn; reynslan hefir sýnt það, að bændur eru miklu óeigingjarnari á þingi en embættismenn. Ef menn rannsaka fjárlög þinganna frá löngu liðnum tíma, þá mun það koma í ljós, að mikill meiri hluti svonefndra bitlinga og annara sérstakra fjárveitinga til aukinna fastra launa o. s. frv., hefir farið til embættismanna. Þetta er eigi nema eðlilegt þegar þess er gætt, að skyldulið embættiumanna fer vanalega skólaveginn, en unglingar, sem verið hafa í skóla um lengri tima, hafa iðulega óbeit á algengri vinnu þegar þeir koma út fyrir skólaþröskuldinn aftur og vilja eigi snerta á verkfæri framar. En eðlilega þurfa þeir að eta eins og aðrir menn og þessvegna reyna embættismenn iðulega að herja fé út úr landssjóði, til þess að skyldulið þeirra þurfi eigi að svelta.

Eg skal svo eigi þreyta háttv. deild með lengri ræðu, en að eins taka það fram aftur, að heppilegasta þingtímann álít eg haustmánuðina, en óheppilegast, að þing byrji 17. Júní. Næst beztan þingtímann álít eg þann, sem nú er lögboðinn, 15. Febrúar.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi komið með br.till. á þgskj. 31 þess efnis, að þing komi saman 17. Júní eða fyrsta virkan dag eftir þann dag. Eg var búinn að semja þessa tillögu áður en eg vissi af till. á þgskj. 32. Það vakti fyrir mér, að þó mánuðirnir Nóv.—Des. kynnu að vera bændum hentugri þingtími, þá kæmi hann í bága við notkun þinghússins sem háskólahúss. Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) sagði, að það hlyti að vera eins auðvelt að halda þing nú, þó háskólinn væri hafður niðri, einsog áður, þegar bókasafnið var geymt í þeim herbergjum, sem háskólinn hefir nú. En það ástand var óhæfilegt; húsrúmið var altof lítið. Það var nálega ómögulegt, að fá herbergi fyrir nefndarfundi; oft varð að reka skrifarana út úr herbergjum þingsins og oft urðu menn að halda nefndarfundi út í bæ. Þessvegna álít eg heppilegast, að þingið sé haldið á sumrin. Þegar mál þetta var rætt á síðasta þingi, þá létu margir bændur það í ljósi, að þeim væri sumrið hentugri þingtími en veturinn. Þetta er líka mjög skiljanlegt. Þeim er hægra að fá menn fyrir sig til að sjá um heyvinnuna á sumrin en til að stjórna búinu á haustin og vorin. Br.till. mín er miðuð við það, að eg lít svo á, að það muni vart koma fyrir, að 2 mánuðirnir Júlí og Ágúst nægi til að ljúka þingstörfum, meðan þing er haldið að eins annaðhvert ár. En eg hygg, að bændur muni eiga erfitt með, að sitja á þingi fram í Septembermánuð, því að þá fara haustverkin að byrja, fjallskil og þessleiðis. En hinsvegar hygg eg, að vorverkum bænda muni að mestu vera lokið kringum 17. Júní, og því hefi eg valið þann tíma. Forfeður okkar á söguöldinni hafa sýnilega verið þessarar skoðunar, að þetta væri heppilegasti tíminn. Frá því alþing var stofnað 930 og þangað til 999 kom þing saman um þetta leyti; en þá var samkomudagurinn færður fram um viku, til Jónsmessu. Því ætli þeir hafi valið þenna tíma? Þeir voru engu lakari búskaparmenn en Íslendingar eru nú. Þeim hefir fundist þeir geta verið

að heiman um þetta leyti. Að vísu er háskólkstörfunum eigi algerlega lokið þann 17. Júní nú, en því mætti breyta. Háskólinn gæti tekið fyr til starfa á haustin og hætt fyr á vorin eins og í Kaupmannahöfn. Þar tekur hann til starfa fyrst í september og hættir störfum um 9. Júní. Enda væri þetta líka hentugra fyrir nemendur skólans. Mér virðist því 17. Júní í alla staði hentugri samkomudagur þingsins. Og eitt atriði vil eg benda á enn, að það er mjög skemtilegt, að þingið komi saman á fæðingardag Jóns Sigurðssonar. Þessi dagur hefir því tvent sér til ágætis frá sögulegu sjónarmiði.

Að endingu skal eg geta þess, að þó mér fyndist skemtilegast, að tillaga þessi yrði samþykt, þá er hún mér ekkert kappsmál, og fái hún lítinn byr, þá mun eg greiða atkv. með frv. stjórnarinnar.

Bjarni Jónsson: Eg hefi ávalt verið á þeirri skoðun, að heppilegast væri, að þing kæmi saman þ. 1. Júlí. Aftur álít eg vetrartímann mjög óheppilegan þingtíma, eigi sízt fyrir þá sök, hversu vetrarferðir hér á landi eru háskalegar. Á vetrin er allra veðra von og slys tíðust um það leyti; skip geta farist, menn orðið úti o. s. frv. Eg veit, að þingmenn munu svo kunnir ferðalögum hér, að eigi þurfi að skýra þetta nánar. Auk þess eru ferðir miklum mun dýrari á vetrin en á sumrin. Eg var því mjög hissa, er þingtíminn var fluttur aftur á miðjan vetur. — Þá er að athuga, hvaða þingtími sé hentugastur hinum ýmsu stéttum landsmanna. Sumir hv. þingmenn telja sumarið óhentugt bændum og sjómönnum. Eg er á gagnstæðri skoðun. Eg álít að bændum sé hægast að vera að heiman um sláttinn. Það er hægra að fá mann til að annast sumarstörfin, heyskapinn, en haust- og vorstörf, því að þau eru miklu margbrotnari og erfiðari viðureignar en sumarstörfin. Haust og vor er frekar nauðsyn á, að bóndinn sé heima sjálfur, til þess að taka ákvarðanir um bú sitt og hag. Þetta mun öllum kunnugt, nema ef til vill einstöku mönnum, er lagt hafa sérstaklega stund á þessi fræði og eru því betur að sér í þeim en aðrir menn!

Eg er hissa á því, að enginn skuli hafa minst á eina stétt í landinu við þessar umræður um breytingu þingtímans, en það er kennarastéttin. Eg vona, að menn lái mér eigi, þó að eg minni á þessa stétt, því að þó eg sé eigi kennari nú, þá er eg þó að minsta kosti afsettur kennari. Mér þykir undarlegt, að enginn skuli hafa minst á þessa stétt, því að það gæti þó hugsast, að það væri gott, að hafa hér á þinginu einhvern úr stétt þeirra manna, sem settir eru til þess að eyða heimskunni í landinu. En það getur engum dulist, að kennarar geta eigi setið á vetrar- eða haustþingum. Þeir eru útilokaðir frá þingmensku, ef þing er eigi háð á sumrin. Þetta ætti að geta vegið dálítið á móti því, þó að einstöku bændum sé óþægilegt að sækja þing á sumrin.

Þá vil eg minnast nokkrum orðum á br.till. á þgskj. 31 og 32. Að mínu áliti er of snemt að þing komi saman 17. Júní. Enda mun það einmitt hafa verið ástæðan til, að fornmenn fluttu samkomudag þingsins til Jónsmessu, eins og hv. þm. Sfjk. (V. G.) gat um. Vorverkum er víðast hvar til sveita eigi lokið kringum 17. Júní; vegir eru enn slæmir, og hestar eigi komnir í hold. Eg álít því heppilegra að þing komi eigi saman fyr en 1. Júlí. Það gæti hugsast, að þingið drægist með því móti fram í September, en þó vart lengur en til 10.—11. mánaðarins, en þá er eigi svo áliðið, að bændur komist eigi heim fyrir fjallskil. — Eg vil skjóta því til hv. þm. Sfjk. (V. G.), hvort hann vildi eigi taka till.

sína aftur. Hún gæti stofnað sjálfu frv. í hættu. Á síðasta þingi féll frv. fyrir klaufaskap vegna þess, að sams konar br.till. kom fram þá.

Það má vera, að mánuðirnir Nóv.—Des. sé heppilegri þingtími en miðsvetrartíminn, en þó er sá annmarki á, að þingmenn yrðu þá að ferðast heim um jólaleytið, og gætu þau ferðalög orðið mörgum erfið; skipagöngur eru þá erfiðar og hætt við slysum á sjó og landi. Eg vildi því líka skjóta til flutningsmanna þessarar tillögu, að þeir tækju hana aftur, til þess að sjálfu frumvarpinu yrði eigi í hættu stofnað; því að eg tel víst, að þeir séu okkur sammála um það, að flytja beri þingtímann frá miðjum vetri.

Áður en eg sezt niður, vil eg geta þess, að eg álít eigi nauðsynlegt háskólans vegna, aðbreyta þingtímanum. Þegar mál þetta lá fyrir síðasta þingi, tók eg það fram, að eg áliti það í alla staði vel framkvæmanlegt, að hafa þing og háskólann samtímis í þinghúsinu, þó að smáóþægindi kynnu að stafa af því. Eg get þessa að eins til þess, að mér verði eigi borið á brýn, að nú blási af annari átt en áður hjá mér um háskólann.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg tek til máls aðallega vegna ummæla hv. 1. þm. Rang. (E. J.) um embættismannastétt landsins. Hann bar á hana óhæfilegar sakir, að hún kæmi fram á þingi með eigingirni og reyndi að pota sér og sínum hagsmunum fram. Eg verð að átelja þessi orð. Eg hefi setið á flestum þingum síðan 1893, og er því kunnugri framkomu embættismanna á þingi heldur en háttv. þingm., og eg get fullyrt það, að þetta verður eigi með nokkrum rétti borið embættismannastétt landsins á brýn. Að minsta kosti gefur þetta frv. eigi tilefni til slíkra ummæla. Embættismenn áttu engan þátt í því, að það kom fram. Fyrverandi stjórn lagði málið fyrir síðasta þing, að vísu nokkuð öðruvísi, en frv. nú er, og varð það þá auðljóst, að hún áleit, að það væri almenn ósk, að lögunum frá 1905 yrði breytt. Hún lagði til, að þing kæmi saman 15. Maí, en sú tillaga fékk lítinn byr í þinginu. Eg hygg að flestir hafi þá verið meðmæltir 1. Júlí sem samkomudegi þingsins, en vegna þess, hve óhönduglega var með málið farið á þinginu, þá ónýttist það, án þess að vilji meirihluta þingsins gæti komið fram. Eg þóttist hafa stuðning í því, sem kom fram þá, er eg lagði fram þetta frv. Sömuleiðis hefi eg átt tal við menn víðsvegar um alt land og hefi eg heyrt á þeim og séð af því, sem skrifað hefir verið í blöð, að það er almennur vilji, að þing sé aftur flutt fram á sumar. Það er líka ofurskiljanlegt, því að öllum þorra manna er sumarið heppilegasti þingtíminn. Þá er auðveldast að komast til og frá Reykjavík; það er hentugasti vinnutíminn fyrir þingmenn og kostnaðarminsti þingtíminn fyrir landið. Eg er eigi mótfallinn 17. Júní sem samkomudegi þingsins, en álít það litlu skifta, hvort þingið byrjar þeim 10—14 dögum fyr eða eigi. Aftur á móti er eg algjörlega mótfallinn 1. Nóv., því að eg býst eigi við, að þingmenn muni fúsir á, að vera hér um jólaleytið; flestir vilja þá vera heima. En eins og nú er komið, geta menn eigi vænst þess, að þingi verði lokið svo tímanlega, að þingmenn nái heim fyrir jól, ef það á að hefjast 1. Nóvbr. Mér virðist ótiltækilegt að hafa þingið snemma um vor eða haust og er þá ekki um annað að tala en vetur eða sumar, og eg hefi fært rök að því að sumarið er hentugra. Einnig er nokkuð upp úr því leggjandi, að síðan alþingi var stofnað 930, hefir það ávalt komið saman um þetta leyti, um mánaðarmótin Júní—Júlí. Áður sátu á þingi

nálega eingöngu bændur, því að þar sem sýslumenn sátu á þingi, þá var rétt að skoða þá sem vora stærstu bændur. Sama er að segja um biskupana, er einnig áttu þingsetu. Skyldu nú þessir menn ekki hafa breytt þingsamkomudegi, ef þeim hefði þótt það nauðsynlegt vegna bændastéttarinnar? Mér sýnist sagan sýna glögglega, hvað er hentugast í þessu máli. Árið 1905 var fyrst gerð breyting í þessu efni, þingtíminn færður til vetrarins, en hún hefir ekki reynst vel, og er því sjálfsagt að víkja frá henni aftur, og færa málið í gamla horfið.

Tryggvi Bjarnason: Mig furðar stórlega á því, hvern stuðning þetta frv. virðist hafa hér í deildinni, ekki veigameiri ástæður en enn hafa komið fram því til stuðnings. Af rökum til stuðnings þykja mér veigamest þau, að ekki sé viðunandi rúm fyrir þing og háskóla í senn. Þó þykir mér líklegt, að pláz væri nægilegt.

Á það var minst við 1. umr., að húsið sé svo hljóðbært, að kensla truflist við. Lítil reynsla hygg eg að sé um þetta, og ólíklegt þykir mér, að húsið sé svo gjört, að hljóð berist til muna. Og þótt svo væri, mætti vafalaust ráða bót þar á. Enn hefir það verið talið frumv. til stuðnings, að ferðalög væri ódýrari á sumrum; hafa fleiri en einn háttv. þm. á það vikið. En munurinn á ferðakostnaði mun reynast sáralítill, hvort sem um er að ræða ferðalag á sumar-, haust- eða vetrartíma. Í flestum tilfellum geta þingmenn farið sjóleið, hvort heldur þing byrjar 1. Nóv.br. eða 15. Febr., úr öllum kjördæmum landsins; það kann að koma fyrir svo sem einu sinni eða tvisvar á 30—40 árum, að ferðalag tálmist á sjó um þenna tíma árs, í Febrúar, og þá ekki nema á litlu svæði. Það væri þá einkum þingm. úr Strandasýslu og Húnavatnssýslu, sem ekki kæmust sjóleiðis.

Skipagöngur eru nú orðnar svo greiðar milli Ísafjarðar og Reykjavíkur, að þingm. af Vesturlandi mundu komast hindrunarlaust. Einnig úr Skagafirði og alla leiða austur og suður um land mundu þingm. komast sjóleiðis. Þingm. Strandamanna yrði þá að taka skip á Ísafirði, en þingm. Húnv. yrðu að fara landleiðina til Borgarness, eða taka skip á Sauðárkrók. Eg skal ekki neita, að ferðakostnaður sé nokkru meiri, en ekki nema litlu einu.

Viðvíkjandi br.till. hv. þm. Sfjk. (V. G.), skal eg taka það fram, að á hana get eg enn síður fallist, en frv. það sem fyrir liggur. Sá hv. þm. sagði, að 17. Júní væri vorverkum lokið, en það er ekki rétt.

Eg álít, að sumarþing eða vorþing yrði til þess að bægja bændum frá þingsetu, einkanlega á vorin; þingseta á þeim tíma er þeim peningalegur skaði, ef ekki yrðu hækkaðir dagpeningar þeirra, en hækkun dagpeninga mundi síður en ekki leiða til sparnaðar, og væri þá líka lítið gerandi úr þeim meðmælum með frv., sem fram hafa komið frá hv. þm. um það, að sparnað mundi leiða af sumarþingum. Engin veruleg reynsla er komin fyrir því, að óhentugt sé að hafa þing á vetrum, og engan háska álít eg að prófa, hvort þing og háskóli geti ekki farið saman í sama húsi.

Eg tel frv. ótímabært og sé ekki annað betra en að halda áfram þinghaldi á þeim tíma, sem nú er ákveðinn að lögum, en þar næst tel eg Nóvbr. og Desbr. bezt fallinn til þinghalds.

Einar Jónsson: Eg stend upp til þess að gera örfáar athugasemdir út af ræðum háttv. þriggja þm.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) færði þá ástæða aðallega með því, að færa til þingtímann, að háskóli og þing gæti ekki samrýmzt í þessu húsi á sama tíma. Nú vil eg spyrja: Eru öll herbergi í

húsinu notuð sem vera mætti? Eg veit ekki betur en að salir séu hér uppi yfir alveg auðir. Væri nú nokkrum manni vorkunn að ganga upp stigana, ef þau herbergi væri tekin til afnota til nefndarfunda? Eg hygg ekki.

Sami hv. þm. (V. G.) taldi það mikilsvert atriði til stuðnings þinghaldi á sumrum, að forfeður vorir hefðu háð alþingi á sumrum. En eg hygg að hv. þm. hafi ekki nægilega athugað það, hve ástandið nú er gerbreytt frá því sem var í fyrri daga. Þingið var háð á Þingvöllum og höfðust menn þar við í tjöldum, en höfðu ekki hús yfir sér. Höfðu enga vegi um landið, engar, eða mjög illar samgöngur á sjó, höfðu með sér konur sínar, unglinga etc. og er þá skiljanlegt, hvers vegna forfeður vorir höfðu þingið á sumrum en ekki vetrum.

Það er rétt hjá hv. þm. Dal. (B. J.), að þing á vetrum er óhentugur tími kennarastéttinni, að því er kemur til þingsetu, en ef það er hentastur tími öðrum stéttum, þá verður kennarastéttin að beygja sig, þar sem um langtum fjölmennari stéttir er að ræða að öðru leyti. Sú kenning hv. þm Dal. (B. J.) að bændum sé hentast að vera frá búi sínu á sumrum, sýnir, að hann hefir líklega aldrei gengið að slætti, og því síður verið sveitabóndi. Eg hygg ekki, að bændur séu betur settir við það, að eiga á hættu ef til vill að þurfa að skera niður fé sitt af fóðurskorti, þegar heim kemur eftir þing á sumri — hafi heyskapurinn gengið stórum ver vegna fjarveru hans, heldur en taka því, sem að höndum ber með fóðurskort seinni part vetrar, þar sem heyásetningin hefir þó verið bóndans eigið verk áður hann fer til þings, á þeim tíma sem nú gildir. Það hefir enn fremur sýnt sig, að því er kemur til kennarastéttarinnar, að kennarar hafa undanfarin tvö vetrarþing fundið ráð til þess að sitja á þingi. Það skal eg kannast við, að kennurum er ætlað að útiloka heimskuna í landinu, en þar fyrir er engi nauðsyn, að menn úr þeim flokki innleiði heimskuna í þingið.

Eg sé, að hæstv. ráðherra (Kr. J.) er ekki viðstaddur, en honum hefði eg þurft að svara nokkuru útaf ákúrum þeim, sem hann beindi til mín, en mér er illa við að tala við fjarstadda menn. En því mætti þó skila til hans, að þær ávítur hans voru óþarfar, og biðst eg engrar fyrirgefningar á orðum mínum. Hann hélt fram hinu sama sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.), að vér hefðum þúsund ára reynslu fyrir þinghaldi á sumrum. Vísast hér til andsvara, þeirra sem eg svaraði hv. þm. Sfjk. (V.G.) áðan. Þar við mætti og bæta því, að margt yngra þykir þurfa breytingar við, heldur en það sem er þúsund ára að aldri, svo sem nú þessa dagana þykir jafnvel þörf á, að skift sé um ráðherra, og er hann þó yngri en þetta. Þar með segi eg ekki, að hann sé ekki nógu gamall sem slíkur.

Eg skal að lokum leyfa mér að stinga upp á 5 manna nefnd, og að frestað sé þessari umræðu.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg stend upp til þess að gera fáeinar sundurlausar athugasemdir um sumt, það er fram hefir komið í umræðunum um þetta mál

Einn háttv. þm. hélt því fram, að vetrarferðir mundu tæplega hindrast nema svo sem einu sinni eða svo á 30—40 árum. Eg hugsa, að flestir hér muni það, að á árunum 1880—1890 teptust skipagöngur oftar en einu sinni víða um land um langa tíma að vetrinum til, hafísa vegna. Hitt er satt, að slíkt mundi ekki henda á haustum.

Sama háttv. þm. þótti ótrúlegt, að húsið væri svo hljóðbært, að ilt væri að halda uppi kenslu hér niðri á sama tíma sem þing er háð. Því verður að eins

svarað á einn veg: H. h. þm. þarf ekki annað en ganga niður í kenslustofurnar og hluta til hverju fram vindur nú. Reynslan er ólygnust.

H. h. þm. Sfjk. (V. G.) leggur til, að byrja þing 17. Júní. En hann hefir ekki gætt þess, að oft hefir mest kveðið að hafísnum á vorin, fram í júní og jafnvel fram að Jónsmessu. Á vorum svona snemma eru og landferðir einatt mjög örðugar og geta menn átt á hættu að skemma eða missa hesta sína í þeim ferðum. Það hefir jafnvel komið fyrir þingmenn á ferðum til alþingis, þó að byrjað hafi ekki fyr en 1. Júlí.

Sá annmarki er á því að halda þing á haustum, að kostnaður við þinghaldið mundi mjög aukast við jólaleyfið, því að sjálfsagt mundi verða hlé á þingstörfum um þann tíma. Þar við bætist, að ekki mundi nokkur von um að ljúka við fjárlögin fyr en eftir nýár, og eru þá engin fjárlög fyrir hendi til að fara eftir á þeim tíma eftir nýjárið, sem fer í að afgreiða þau. Enn er ótalinn sá aukakostnaður, sem leiða mundi af því, að nauðsyn mundi vera að síma öll fjárlögin in extenso til staðfestingar.

H. h. 1. þm. Rang. (E. J.) sagði, að bændum mundi fækka á þingi, ef þing væri haldið á sumrum. Nú veit h. h. þm., að þing hefir jafnan verið haldið á sumrum alt til 1909, og hefir þó engi rödd heyrzt í þessa átt fyr. H. h. þm. vill ef til vill halda því fram, að fleiri bændur hafi setið á þingi 1909 og 1911, þau þingin, sem ein hafa verið vetrarþing hér á landi frá því að alþingi var í öndverðu stofnsett. Ef hann heldur því fram, segir reynslan *nei*. Hér hefir það sýnt sig, að bændur hafa einmitt verið færri á þingi á vetrum en á sumrum. Ástæða h. h. þm. er því ekki til bóta skoðun þeirri, er hann heldur fram, heldur ástæða á móti.

Eg vildi óska, að þeir háttv. þm. sem br.till. hafa komið fram með við frv., vildu taka þær aftur, því að margar tillögur geta leitt til þess, að felt verði yfir höfuð að flytja þingtímann.

Forseti bar þá upp tillögu, sem fram hafði komið þess efnis, að nefnd yrði kosin í málið og þessari umræðu frestað, en sú tillaga var feld með öllum þorra atkv.

Hófust þá umr. aftur.

Eggert Pálsson: Þótt frv., það sem hér liggur fyrir, sé ekki stórt, að fyrirferðinni til, hafa þó um það orðið talsverðar umræður, og er það eðlilegt þegar þess er gætt, að það hefir allyfirgripsmikla þýðingu. En þó að nú frv. hafi þannig töluverða þýðingu, þá verð eg þó að játa, að eg er ekki ákveðinn í því, hverri stefnu eg get helzt fylgt í málinu. Eg kannast við það, að ef eg mætti kjósa, þá vildi eg helzt, með tilliti til eigin hagsmuna og annara, sem líkt stendur á fyrir, að þingið væri haldið á vetrum eins og nú er lögskipað. Hins vegar kannast eg við það, að atvik eru nú breytt frá því, sem áður var þegar sá þingtími sem nú gildir var lögskipaður, þar sem háskóli er nú kominn á laggirnar og hefir aðalstöð sína hér í þinghúsinu. Mér dylst það ekki, að örðugt mundi veita að hafa kenslu hér um samkomutíma þingsins, og sé þá jafnframt, að örðugt mundi verða að standa á móti þeim kröfum, er eðlilega mundu koma fram um það, að komið væri upp sérstöku húsi yfir háskólann. Til þess virðist mér mikið tillit takandi, sérstaklega þegar litið er til þess, hversu fjárhag landsjóðs er komið. Slíkt hús mundi sjálfsagt ekki kosta lítið fé, því að gera má ráð fyrir því, að ekki verði um neinn ómyndarkofa að ræða, heldur hús er kosta mundi 100—200 þús. kr. Af þessari ástæðu get eg því ekki fallist á, að heppilegt sé að gera þá breytingu á samkomutíma þingsins, að það byrji 1.

Nóv., því að sá tími mundi koma jafnt í bága við háskólahaldið sem hinn lögboðni tími sem nú er, 15. Febr. Þar við bætist ennfremur, að þingið yrði með þeim hætti aðgerðarlaust um hátíðirnar, jól og nýjár. Mundi slíkt auka kostnað þinghaldsins að óþörfu, auk þess sem þingmenn mundu helzt, hverrar stéttar sem eru, kjósa að vera heima hjá sér um hátíðirnar. Af þessu tel eg frágangssök að hallast að þeirri tillögu að heyja þingið frá 1. Nóvbr.

Ef því farið væri að breyta til um þingtímann á annað borð, þá liggur það, að mér virðist, í augum uppi að samkomutími þingsins yrði að flytjast til sumarsins, svo að háskólahald og þinghald þurfi ekki á neinn hátt að rekast á, og sama húsið verði notað til hvorstveggja um svo að segja ófyrirsjáanlega langan tíma. En yrði sú breyting gerð, að flytja þinghaldið fram á sumarið, þá feldi eg mig bezt við það, að samkomudagur þingsins yrði 17. Júní, en ekki 1. Júlí. Eins og h. h. þm. Sfjk. (V. G.) tók fram, hefir sá dagur mikla þýðingu í sögulegu tilliti, þar sem bæði í fornöld var sá dagur til þess valinn og í annan stað er sá dagur fæðingardagur Jóns Sigurðssonar. Það hefir verið haft á móti þessum tíma, að ófært væri þá og jafnvel ómögulegt að ferðast vegna vorharðinda og grasleysis. Eg kannast við, að þetta hefir við nokkur rök að styðjast ef um landferðir er að ræða. En þingmenn fæstir eru svo bundnir við landferðir, að þeir geti ekki á annan hátt komist til þings. Þingmenn vestan, norðan og austan gætu jafnan, sem mest, farið á skipum og þannig verið lausir við alla hindrun, eða því sem næst, af völdum vorharðinda og grasleysis. Að vísu veit eg, að hafísinn getur hamlað skipagöngum hér við land, en hans er ekki fremur von á þessum tíma en öðrum; hann getur vitanlega hamlað skipagöngum nálega á hverjum tíma árs sem er, og þess vegna engan veginn víst, að horfinn sé um mánaðamótin Júní og Júlí, ef hann á annað borð er til fyrirstöðu um miðjan Júní, eins og dæmin svo þráfaldlega hafa sýnt. Svo að frá því sjónarmiði er engin ástæða til að halda frekar fram 1. Júlí en 17. Júní.

Eg skal svo ekki orðlengja um þetta mál. En út af ummælum þeirra hv. þm., sem talað hafa um það, hver tími væri bændum hentastur til þingsetu, skal eg geta þess, að þingseta frá 15. Febr. og áfram, er að mínu áliti lang bagaminsti tíminn fyrir bændur. Eg hygg, að flestir sveitamenn sé á einu máli um það, að sumartíminn sé sá lang dýrmætasti tími ársins fyrir þá sem um er að ræða, og á hina hliðina er það vitanlegt, að sumarið er skemtilegasti tími ársins til sveita og afarmikill kross fyrir hvern og einn að verja þeim tíma hér, en halda svo upp í sveitina þegar deyfð og drungi vetrarins færist þar yfir. Þótt eg þannig frá mínu eigin sjónarmiði eða hagsmunum kysi helzt vetrartímann til þinghalds, svo sem nú er lögákveðið, og álíti þann tíma einnig heppilegastan fyrir sveitabændur til að sitja á þingi, þá vegur á hinn bóginn sú ástæðan, að nauðsyn verður á nýju húsi til handa háskólanum, svo mikið, að þegar til kastanna kemur og eg met allar ástæður með og móti, þá finst mér sem þær muni vega nokkurn veginn salt, svo að eg treysti mér vart til að greiða atkvæði um málið. Og þess vegna mun eg láta málið afskiftalaust með atkvæði mínu, nema eg verði til annars neyddur.

Lárus H. Bjarnason: Það er mikið rétt hjá hv. mótstöðumönnum þessa frv., að margir héldu því fram á þinginu 1911, þegar deilt var um stofnun háskóla Íslands, að notkun alþingis á húsinu væri því ekki til fyrirstöðu, að

háskólinn gæti um leið notið neðri herbergjanna. Fjárlaganefnd efri deildar 1911 gekk um alt húsið og skoðaði það þá og komst að þeirri niðurstöðu að alþingi og háskóli gætu notað húsið samtímis, enda vissum vér þá ekki, hvernig stjórnarráðið mundi ráðstafa neðri herbergjunum. En nú er það komið á daginn, að stjórnarráðið hefir gert alt aðrar ráðstafanir en vér bjuggumst við og það jafnvel ofan í tillögur háskólaráðsins. Vér ætluðumst til þess, að háskólfengi alt húsrúmið niðri, en alþingi fengi, auk fyrsta lofts, herbergin, sem forngripasafnið var áður geymt í, til nefndar- eða flokksfundahalds. En ráðstafanir stjórnarinnar hafa nú orðið þær, að 3 af herbergjunum niðri hafa verið fengin dyraverði til íbúðar og forngripasafnsherbergin hafa verið tekin til notkunar og á alþingi þá ekki eftir auk deildarsalanna, nema fá og léleg herbergi. Líka skal eg geta þess, að forstöðunefnd læknadeildarinnar hefir aftekið með öllu að flytja hana í alþingishúsið, jafnvel þótt vér hefðum fengið öll herbergi dyravarðar til umráða. Læknadeildin verður því fyrst um sinn að haldast við í gamla kumbaldanum uppi í Þingholtsstræti. En að því hlýtur þó að reka, að hún verði flutt í háskólabygginguna — bæði vegna þess, að það er lögulegra og mundi einnig spara landssjóði þær 1000 kr., sem borga verður nú í húsaleigu þarna uppfrá.

En jafnvel þótt, húsrúmsins vegna, væri hægt að samrýma þessar tvær stofnanir samtímis, þá er eg í engum vafa um það, að alþingishald á sama tíma og háskólinn starfar, mundi valda mikilli truflun við námið. Því er nú svo farið — hvort sem það er heppilegt eða ekki — að allmargir stúdentar fylgjast með í pólitík og hafa áhuga á landsmálum og eg er hræddur um, að þeir kysu stundum heldur að bregða sér upp á loftið og hlýða á ræður þingmanna, heldur en að hlusta á okkur kennarana, þótt skemtilegir séum. En auk þessa, þá er svo hljóðbært hér í húsinu, að eg er þess fullviss, að það eitt út af fyrir sig muni valda talsverðri truflun. Margir af nemendum háskólans hafa líka atvinnu við þingskriftir og það er ekki láandi fátækum stúdentum, þótt þeir noti sér það, þar sem styrkurinn, sem þeim er veittur, er ekki hærri en hann er.

En þeir sem endilega vilja halda þeim þingtíma, sem nú er, ættu að hugsa til afleiðingarinnar af því. Afleiðingin af því yrði óhjákvæmilega sú, að byggja yrði stórt hús yfir háskólann. Það væri auðvitað mjög æskilegt, en eg býst við, einsog fjármálum vorum nú er farið, að hver gætinn þingmaður mundi hugsa sig tvisvar um, áður en hann greiddi atkvæði sitt með því að leggja út í þann kostnað fyr landssjóð.

Þá er það vafalaust, að vetrarþing eru töluvert dýrari en sumarþing, þótt eg ef til vill hafi áætlað það nokkuð hátt, að kostnaðarmunurinn mundi nema 15 þús. kr. Áreiðanlegt er, að það hleypur á mörgum þúsundum. Gaseyðslan yrði mikið meiri og upphitun nokkru dýrari, því að hitatækjunum hefir verið svo klaufalega komið fyrir, að ómögulegt er að hita svo eina bygð hússins, að hinar hitni ekki að nokkru leyti um leið. Ferðakostnaður þingmanna mundi sömuleiðis nema miklu meira á vetrum en sumrum.

Það var rétt athugað hjá hv. þm. Sfjk. (V. G.), að heppilegt væri að háskólinn endaði nokkru fyr en nú er, t. d. um miðjan Júní og byrjaði þá í miðjum September. Það hefir reynst svo, að þegar fer að hlýna í veðrinu og dagarnir að lengjast, verða nemendur að

vonum stopulli við námið. En br.till. hv. þm. rekur sig á háskólalögin, sem hafa lögfest háskólaráðið frá 1. Okt. til 30. Júní. Vitaskuld má breyta háskólalögunum í þessu efni og ætti jafnvel að gera það, hvað sem þingtímanum líður. Annars hygg eg að 17. Júní sé bændum ekki mjög heppilegur,að minsta kosti ekki bændum, sem sækja hingað landveg, langt að; þeir yrðu að leggja af stað frá heimilum sínum áður en voryrkju væri lokið.

Viðvíkjandi till. hv. 1. þm. Rang. (E. J.) um að færa þingtímann til 1. Nóv., þá skal eg benda honum á, að hvert fjárhagstímabil byrjar 1. Janúar og væri því hætt við að fjárlögin yrðu ekki afgreidd og staðfest fyrir þann tíma. Auk þess yrðu þeir, sem landveg þyrftu að sækja þingið að legga svo snemma af stað frá heimilum sínum, að haustönnum væri ekki lokið, því að í Októbermánuði stendur sláturtíðin og fjársala víðast yfir. Þá yrði það og ekki lítill kostnaður fyrir landsjóð að gjalda öllum þingmönnum dagpeninga í jólaleyfinu, því að eg býst við, að flestir vildu hafa eitthvað jólaleyfi, og yrði það þá sennilega frá Þorláksmessu fram undir Þrettánda. Einnig býst eg við að flestir þingmenn, sem búsettir væru utan Reykjavíkur, kynnu því illa að geta ekki verið á heimilum sínum á jólunum. Eg verð því af ofangreindum ástæðum að verða móti báðum þeim br.till. við frv., sem komið hafa fram.

Eg ætla ekki að fjölyrða út af hnútum hv. 1. þm. Rang. (E. J.) í garð embættismannanna, ætla ekki að segja alt það, sem hann í raun og veru verðskuldar, vegna þess að hann er góður kunningi minn, enda »dauður«. Vil að eins minna hann á, að það er hvorki rétt né skynsamt að meta menn eftir stéttum, enda ætti bændum að vera kærara að heyra lof um sig af annara munni en stéttarbræðra sinna. Það er mikið rétt, að til eru margir góðir menn í bændastétt landsins, en eg vona líka að hv. þm. neiti því ekki, að til séu menn, sem í engu standi þeim að baki, í öðrum stéttum landsins. Yfirleitt er ekki rétt að vera að tala um sérstakar stéttir manna. Ísland er ekki stéttaland. Margir af svokölluðum embættismönnum eru jafnframt bændur, t. d. flestir prestar, margir læknar og nokkrir sýslumenn. Og hvað er frændalið flestra íslenzkra embættismanna annað en bændur. Allur fjöldi embættismanna eru bændasynir — og þessir menn, sem altaf eru með hnútukast í garð embættismanna, eru þá um leið að skamma sitt eigið frændlið, eru að gera í sitt eigið hreiður.

Eg verð því, eins og eg þegar hefi tekið fram, að greiða atkv. með stjfrv. óbreyttu.

Pétur Jónsson: Það hefir verið skírskotað til orða minna sem bónda við 1. umræðu um þetta mál. Og eg verð að lýsa yfir því nú eins og þá, að eftir atvikum álít eg heppilegast að færa þingtímann til 1. Júlí. Ekki af því, að eg geti ekki skilið, að bændur mæli frekar með 1. Nóv., heldur af hinu, að að eg get litið á fleiri kringumstæður en okkar einna. En eins og eg áður tók fram, álít eg heppilegastan tíma bændum annaðhvort miðsumarið eða miðhluta vetrar. Vetrartíminn, einkum Nóv.br. til Febr., er þeim ef til vill heppilegri. Og sumartíminn er dýrari, það er satt, en úr því má bæta með því að hækka daglaun þingmanna svo að skaðlaust sé. Haust og vor er eftir minni reynslu sá tími, sem bændum er ómetanlegur til bústarfa og umsjónar, eins og eg tók fram við 1. umr. Ef nú velja skal á milli miðsumars og miðhluta vetrar, þá verður að taka tillit til fleiri en bænda, og því get eg hallast að miðsumartímanum, að sá tími útilokar alls ekki bændur frá þingsetu, en vetrartíminn útilokar sumar stéttir algerlega, þar á meðal kennarastéttina, sem ekki er heppilegt að

útiloka að öllu leyti. En — sé þingið sumartímann, er það, eins og eg hefi bent á, nauðsynlegt að það standi ekki yfir lengur en 8—9 vikur, enda á sá þingtími vel að hrökkva, ef málin eru sæmilega undir þingið búin. En það eiga þau og þurfa að vera hvort sem er. Það verður að leggja niður þann sið, að menn sitji á þingi við að smíða lög hópum saman. Lagasmíðin á að fara fram mest utan þings, en þingið að dæma um og samþykkja lögin.

En það verð eg að taka undir með hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að eg álít það enga ástæðu til færslu þingtímans til 1. Júlí, að þing hefir um margar aldir verið haldið á þeim tíma. Þess ber að gæta, að áður var þingið örstutt, og því var sumartíminn heppilegastur. Eins og þá stóð a. m. k., gátu ferðir ekki á öðrum tíma borgað sig til svo skammrar þingsetu. Það mun hafa verið ein af aðalástæðunum til að flytja þingtímann til vetrarins, að menn hafa haldið, að þingið mundi þá geta gengið með meiri ró og næði að störfum sínum. En við höfum nú haft tvö vetrarþing og reynslan orðið þveröfug við það, sem menn bjuggust við. Og það meðal annars hefir snúið hug mínum þannig, að eg óska helzt eftir, að þingtíminn sé aftur fluttur í samt lag. Vildi eg því leggja til, að stj.frv. yrði samþykt óbreytt.

Hannes Hafstein: Það eru að eins örfá orð, vegna þess, að á þingmálafundum, sem haldnir voru í Eyjafjarðarsýslu, var mikið rætt um færslu þingtímans til sumarsins, og þar voru flestir bændur þeirrar skoðunar, að sá þingtími, sem nú er, væri óheppilegur. Á þeim fundum voru samþyktar margar áskoranir til þingsins að breyta um aftur til hins gamla. Þessu álít eg mér skylt að skýra frá. Eg verð því að vera samdóma þeim hv. þm., sem leggja til að samþykkja frv. þetta óbreytt. Hitt er mikið rétt, að bændur munu hafa nokkuð til máls síns, er þeir kveðast tapa fé á þingsetu sinni. En þessu mætti koma í lag með því að hækka dagpeninga þingmanna utan Reykjavíkur, þannig að þeir fengju t. d. 10 kr. á dag, en hinir sömu dagpeninga og áður.

Sigurður Sigurðsson: Það eru að eins nokkur orð almenns efnis, sem eg vildi segja út af ýmsum ummælum um þingfærsluna, sem hafa komið fram hér í deildinni. Eg skal ekki fara út í að hrekja alt það moldviður af ímyduðum röksemdaleiðslum, sem þyrlað hefir verið upp og átt að vera til meðmæla þessu frv. Hvað *húsrúmið* snertir, þá vil eg geta þess, að eftir því sem kunnugir menn hafa skýrt mér frá, má fá allmikið ónotað húsrúm uppi á háalofti. Það húsrúm þar uppi, sem Sigurður sál. Vigfússon kallaði »Fornöld«, má hæglega búa út fyrir bókasafn alþingis og losnuðu við það 2 herbergi, sem nota mætti til nefndarfunda. Um *kostnaðaraukann* við vetrarþingin skal eg heldur ekki tala mikið. Hann er ekki svo mikill, að það geti orðið neitt aðal atriði í þessu máli, einkum þegar þess er gætt, að upphitun hússins, sem mun hafa mest áhrif á kostnaðarmuninn, er nauðsynleg hvort sem er, vegna háskólans. Og hitaleiðslunni er eftir orðum hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) ekki betur fyrir komið en svo, að ómögulegt er að hita upp húsið niðri án þess að hitinn leiðist um alt húsið. Sparnaðurinn við sumarþing yrði þá svo óverulegur, að ekki getur komið til greina að færa slíkt fram sem ástæðu með frumvarpinu.

Eg skil það vel, að meðmælendur frv. geri alt sem þeir geta til að gylla sinn málstað og færa ástæðu fyrir þingfærslunni. Enn þessar ástæður eru þannig vaxnar, að eigi er unt að taka mark á þeim, og sumar þeirra eru blátt áfram hlægilegar, og því langur vegur frá, að

þær geti kallast röksemdir. Og eitt af því er þessi þúsund ára reynsla, sem svo margir háttv. þm. hafa verið svo margorðir um. Hver er svo þessi reynsla, sem hér er verið að vitna til? Hefir ekki margt breyzt á 1000 árum? Stendur kannske alt við það sama og var á söguöldinni? Síður en svo. Íslendingar hafa verið án háskóla 1000 ár, ritsíma o. s. frv. (*Lárus H. Bjarnason:* Þá voru engir ráðunautar). Nei, þá voru engir ráðunautar og þá voru engir prófessorar eða þessi sægur af embættismönnum, þörfum og óþörfum, sem vér eigum við að búa. — Þegar alþingi var sett á stofn, urðu menn að ferðast alt á landi. Þá voru engar samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins. Þá gat ekki verið um annað að ræða, en að halda þingið að sumrinu. En síðan hefir þetta breyzt. Þessi ástæða hv. þm. er nú hégómi einber og þess er eg fullviss, að hefðum við alþýðumennirnir leyft okkur að kom fram með annað eins, þá mundu hinir »lærðu menn« hafa hrist höfuðin yfir fávizkunni. Þar hefði líka verið full von til þess, því að í raun og veru er þessi ástæða, um 1000 ára reynsluna, að eins tilraun að slá ryki í augu almennings.

Mér hefir skilist það á sumum háttv. þingm., að þeir gerðu ekki ráð fyrir að aðrir hygði til þingsetu en þeir, sem ekki vinna daglega líkamlega vinnu. Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagðist vel geta skilið það, að útgerðarmenn hygðu til þingmenskuframboðs, en það gat honum ekki skilist, að óbreyttur sjómaður vogaði sér að hugsa svo hátt. Þetta er svo einkennilegt og samboðið »lærðu mönnunum«, sem frekast má vera. En sem betur fer, eigum við marga af óbreyttum verkamönnum, sem mundu sóma sér fult eins vel á þingi og margir af þeim *hálærðu* og reynast þar ráðvandari til orða og verka.

Hv. þm. Dal. (B. J.) talaði um það, að miðsumartíminn mundi vera flestum bændum heppilegastur til að vera frá heimilum sínum. Eg þykist þessu fult eins kunnugur og hann. Flestir bændur telja sumartímann þann tíma, sem mest um varðaði fyrir búskap þeirra. Heyskapurinn er undirstaða landbúnaðarins og því er það skiljanlegt, að á þeim tíma, sem heyannirnar standa yfir, vilji þeir helzt vera heima til þess að geta stjórnað og sagt fyrir um alt. Það eru að vísu til bændur, sem eiga fullorðna syni, eða hafa svo góða forstjóra, er geta sagt fyrir verkum í fjarveru húsbóndans, að fullnægjandi sé, en þeir bændur eru miklu færri en hinir.

Þess má líka geta, að þegar færsla þingtímans var til umræðu á þinginu 1905, þá þótti sjálfsagt að breyta til og var þingfærslan til vetrarins þá samþ. hér um bil umræðulaust í báðum deildum — í hv. Ed. með öllum atkv. og í Nd. með samhljóða atkv. flestra deildarmanna.

Hæstv. ráðherra (Kr. J.) og fleiri þm. hafa talið það eitt af vandkvæðunum við að færa þingtímann til 1. Nóv., að jólin lentu í þingtímanum og að þingm. vildu fá jólafrí og yrði það talsverður kostnaðarauki. Þessir hv. þingm. héðan úr Rvík geta ekki hugsað sér annað en langt jólafrí. — En ekki hygg eg að bændurnir mundu gera kröfu til þess. En þótt svo yrði, að jólin lentu í þingtímanum, þá ætti það ekki að tefja meira fyrir en páskarnir hafa gert undanfarin tvö þing, nema síður sé.

Það var sagt, að kosninganaúrslitin 1908 hafi ekki bent á, að bændum hafi fjölgað á þingi. Þeim fjölgaði einmitt þá. Kjörtímabilið næsta á undan voru að eins 5 bændur á þingi; en urðu þá við kosningarnar 9 eða 10. Hitt er víst, að þeim mundi að minsta kosti ekki fjölga, ef þing væri háð um sumartímann.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) gat þess áðan í sambandi við þetta mál, að bændur hefðu ekki sýnt eins mikla eigingirni á þingi eins og embættismenn, og fekk ákúrur fyrir. Þó að frv. gefi ekki beint tilefni til þessara ummæla, eru þau á rökum bygð og verður ekki mótmælt. En eg skal ekki fara frekar út í þá sálma. Álít þeim, sem hér eiga hlut að máli, hentast, að sem minst sé um það rætt.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði, að stéttaskifting væri engin hér á landi. Þetta er ekki rétt, og er háttv. þm. þó ekki vanur að segja annað en það, sem hægt er að standa við. Það er stéttaskifting í landinu, en hún hefir ekki um langt skeið verið eins á veg komin og nú er. Þessi stéttaskifting er fyrst og fremst sú, að við höfum heilan sæg af svokölluðum »lærðum mönnum«, sem hafa eins og svarist í fóstbræðralag um að styðja hver annars hag. Það er og öllum augljóst, að þessir menn telja sig standa ofar en alþýðan og líta niður á hana með fyrirlitningaraugum, og vilja helzt ekkert eiga saman við hana að sælda, nema þegar þeir þurfa á liðsinni hennar að halda til að hlaða undir sig og koma ár sinni vel fyrir borð.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er skemtilegt verk, eða hitt þó heldur, að eiga að moka þennan flór eftir hv. 1. þm. Árn. (S. S.). (*Sigurður Sigurðsson:* Er þm. ekki vanur að moka flór?) Eg hefi oft orðið að fást við óþrifleg mál og saurugar orðaslettur, svo sem nú ræðu þm. — Það kalla eg að »moka flór«. Það er altaf óhyggilegt að kasta fram stóryrðum og órökstuddum aðdróttunum á jafn lausu lofti og hér er gert, sérstaklega af hálfu 1. þm. Rang. (E. J.) Hann dróttaði því að embættismönnum, að þeir hafi sýnt eigingirni og hlutdrægni á þingi, en áleit öðru máli væri að gegna um bændur. — 1. þm. Árn. (S. S.) hermdi þessi orð rangt.

Eg hefi nú setið á 10 þingum og hefi aldrei orðið þess var, að embættismenn hafi gert sig seka í eigingirni, sízt fremur en þeir bændur, er átt hafa sæti á sömu þingum. (*Sigurður Sigurðsson:* Bezt að tala hér fæst um). Það er það sjálfsagt fyrir 1. þm. Árn. (S. S.), því hér í þessu máli kemur fram hið fornmælta, að frakkast svara menn öðrum um eigin syndir. Eg vil segja hér frá litlu atviki, sem fyrir mig kom fyrir nokkrum árum. Eg var farþegi á gufuskipi hér með ströndum fram. Þar var meðal annars flesk á borðum. Maður nokkur hérlendur meðal farþeganna, sem ekki þekti flesk, en át það þó með beztu lyst, talaði, meðan hann var að borða það, mikið um hvílíkur ósómi það væri, að eta flesk, og fór um það mörgum hörðum orðum. Það væru voðaleg svín, sem gætu fengið af sér að eta svín, sagði hann. Líkt fer þessum tveim þingm., sem bregða öðrum um eigingirni, en viðurkenna þó, að þeir sjálfir andmæli stjórnarfrv. vegna *eigin hagsmuna*, og taka ekki tillit til þess, að vetrarþing baka landssjóði aukin útgjöld um 10—15 þús. kr. (*Sigurður Sigurðsson:* Það á að hækka þingpeningana). Engin till. liggur fyrir í þá átt, og engin ástæða er til að hækka þingkaup, þó að þing sé háð að sumarlagi.

Gagnvart ungum þm. vil eg taka það fram, að þeim er betra að vera við því búnir að geta sýnt, að þeir hafi lagt eitthvað í sölurnar fyrir föðurlandið, áður en þeir fara að bregða öðrum sem lengur hafa í bardaganum staðið, um eigingirni. Slíkt atferli kámar þá sjálfa mest, sletturnar falla á þá, en ekki hina, sem þeir beina þeim til.

Meðan eg gegni því embætti, sem eg

nú hefi á hendi, er enginn tími mér óhentari til þingsetu heldur en en einmitt þessi tími, þegar síldveiðin stendur yfir fyrir Norðurlandi. En samt mun eg óhikað greiða stj.frv, atkv., af því að sumartíminn er heppilegastur tími fyrir landið í heild sinni.

Bændur verða að sætta sig við að fá menn í sinn stað til að gegna störfum fyrir sig heima fyrir meðan á þingi stendur. Það verða embættismenn að gera og er bændum engin vorkunn á því. Til þess er þeim líka goldið kaup. Eg vona, að um þingmensku sé ekki sótt í gróðaskyni, eins og sumir virðast þó nú orðið vera farnir að ímynda sér. Sá skoðunarháttur lýsir því, að af þeirra hálfu, er svo hugsa, er hér barizt fyrir eigin hagsmuna sakir gegn því er landinu í heild er hollast.

Sú reynsla, sem fengin er af vetrarþingunum, er heldur ekki svo glæsileg, að ástæða sé til að halda þeim áfram. Það má óhætt segja, að þessi tvö seinustu þing hafa verið afkastaminstu þing síðan 1875. Þingið 1909 var að vísu vel undirbúið, en árangurinn af störfum þess langtum minni en við mátti búast. Þingið 1911 var miður undirbúið, enda stendur það langt fyrir neðan öll önnur þing, sem háð hafa verið hér á landi.

Eg hefi oft verið að hugsa um, hvað valdi því að þessi tvö síðustu þing hafa orðið svo afkastalítil. Virðist mér nokkru um valda rifrildið um ráðherrastöðuna, sem mjög hefir sundrað kröftunum og dregið úr starfi þingsins. En það er, að eg held, myrkrið eða skammdegið, sem mestu veldur, því menn eru vanalega dugminni til framkvæmda í myrkri heldur en þegar bjart er. *(Sigurður Sigurðsson:* Þm. er skáld). Skáld! Væri mér borið slíkt á brýn af hálfu hins hv. þm. annarsstaðar en hér í þingsalnum, skyldi eg þegar höfða mál gegn honum fyrir illmælið.

Myrkrið eykur einnig úlfúð og ósamlyndi og spillir þannig samvinnu þingsins. Menn eru margir svo gerðir hér í þessu landi, að þeir eru geðstirðari og úfnari í skapi í skammdeginu heldur en þegar sólin skín, og hræddur er eg um, að þessi myrkraþing blessist aldrei hér á landi; hætt við að störf þeirra verði hálfgerð »myrkraverk«, svo sem raun ber vitni um, hvað þessi tvö vetrarþing snertir. Eg get því með engu móti hallast að þeim breytingartillögum, sem hér liggja fyrir.

Eg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en vona að háttv. þingdeild samþykki stjórnarfrv. eins og það liggur fyrir.

Valtýr Guðmundsson: Þó eg geti ekki fundið að ástæðurnar móti br.till. minni á þgskj. 31 sé á rökum bygðar, finn eg ástæðu til að taka till. aftur. Till. er fram komin vegna bænda, en fyrst hún mætir mótstöðu einmitt frá bændum, sé eg ekki ástæðu til að halda fast við hana.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgskj. 32 feld með 15 : 7 atkv.

Br.till. á þgskj. 31 feld með 17 : 2 atkv.

Frv.gr. samþ. með 14 : 6 atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 14 : 4 atkv.

Þriðja umr. (A. bls. 104, stj.frv.); 24. Júlí.

Enginn tók til máls.

Var þá gengið til atkv.

Frv. samþ. með 14 : 4 atkv. og afgr. til efri deildar.

Ritsíma- og talsíma-kerfið.

FRUMVARP til laga um ritsíma og talsíma kerfi á Íslandi (stj.frv. A. bls. 115 og á þgskj. n. 134, 143, 145, 150, 182, 201, 357, 358, 388); 1. u m r. 19. Júlí.

Ráðherrann (Kr. J.): Þegar stjórnin leggur þetta frv. fram, ætti ekki að þurfa að fara um það mörgum orðum. Það var hér í fyrra, að mestu leyti óbreytt, en dagaði þá uppi í háttv. Ed. og álítur nú stjórnin rétt að taka það upp aftur. Markmið þess er aðallega að gera fasta áætlun um lagningu síma og flokkun þeirra eftir því, hve mikils verðir þeir þykja. Þetta fyrirkomulag ætti að útiloka það, sem átt hefir sér stað áður, að einstakir þingmenn séu sí og æ að koma hver með sína tillögu um símaspotta þar og þar og troða þeim inn í fjárlögin. Þetta ætti því að vera til bóta. Fleira skal eg ekki segja nú um frv. sjálft, en að eins geta þess til leiðbeiningar væntanlegri nefnd, að mótmæli voru hafin gegn því ytra, eitthvað einni klukkustund áður en eg mætti með það á ríkisráðsfundi. Eg fékk þá sem sé boð frá forsætisráðherranum um að koma á fund með honum og samgöngumálaráðherranum. Það sem haft var á móti frumvarpinu var það, að 6. grein þess mundi koma í bága við gerða samninga. Þar (í 6. gr.) stendur svo: »Enn fremur er landstjórninni heimilt að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík, er hafi nægan kraft til sambands við útlönd, eftir nánari ákvörðun landsstjórnarinnar«. Þetta var sagt að riði í bága við samninginn við »Stóra Norræna ritsímafélagið«. Eg kannaðist að vísu við þetta, en vænti þess hins vegar, að það félag mundi gefa samþykki sitt til þessa ákvæðis, enda var mér það vitanlegt, að aðalhöfundur frumvarpsins, Forberg landssímstjóri, hafði átt tal við stjórn þess, áður en hann samdi frumvarpið. En svo var auk þess annað atriði, sem sé það, að enska stjórnin hafði átt bréfaskifti við samgöngumálaráðherrann og tjáð honum, að þar sem hún hefði umráð yfir nokkrum hluta símasambands þess, er tengir Ísland við Danmörku, ɔ: nokkur hluti síma þessa liggur yfir brezk lönd, þá mundi hún verða því mótfallin, að hér yrði sett á fót svo víðtækt loftskeytasamband. Í þriðja lagi var það tekið fram, að að því er tekur til loftskeytasambands við önnur lönd, þá bæri að skoða þetta mál sem eitt af sameiginlegu málunum.

Með því að tíminn til andsvara gegn þessum mótmælum var svo stuttur, sem áður er sagt, gat eg eigi sagt annað en það, að eg skyldi leggja það til við alþingi, að þessi grein frumvarpsins yrði feld úr því, eða að því yrði vikið við, á þá leið, að það kæmi eigi í bága við gerða samninga, en óskaði þess jafnframt, að skjöl öll og skilríki, er málið snerta, yrðu send hingað. En um bréfin frá Bretastjórn er það að segja, að þau hefi eg ekki fengið enn þá.

Eg skal svo ekki segja meira um þetta að sinni. Hefi aðeins viljað segja þetta til skýringar málinu. Sérstaklega vil eg biðja væntanlega nefnd að athuga þetta vel. Hún getur fengið öll skilríki, sem til eru þar að lútandi, hjá stjórnarráðinu.

Guðl. Guðmundsson: Eg vil stinga upp á 5 manna nefnd að lokinni 1. umræðu.

Bjarni Jónsson: Mér virðist ekki veita af 7 manna nefnd í málið.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Samþ. að setja nefnd með 20 samhlj. atkv.

5 manna nefnd samþ. með 14. samhlj. atkv. og í hana kosnir:

Einar Jónsson,
Jóh. Jóhannesson,
Halldór Steinsson,
Jón Magnússon,
Stefán Stefánsson.

Önnur umr.; 9. Ágúst.

Jón Magnússon: Eins og háttv. deild er kunnugt, er þetta mál ekki nýtt. Það lá fyrir þinginu 1909 og 1911, og var upphaflega ætlast til að veittar yrðu 240 þús. kr. til nýrra símalagninga, en sökum fjárhags-ástæðna landsins, kom aldrei nema nokkur hluti af þeirri fjárveitingu til greina. Á þinginu 1911 var tiltölulega ekki lagt svo mikið til símanna, sem landsímastjóri taldi nauðsynlegt. Þá kom fram frv. frá hv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem var bygt á till. landsímastjórans og samþykt hér við 3. umr., óbreytti aðalatriðunum, en kom ekki til umr. í efri deild, og nú hefir stjórnin tekið það upp, lítið eitt breytt, sömuleiðis eftir tillögum landssímastjóra. Nefndin leggur líka til að það verði sþ. hér um bil óbreytt, og tek eg alt þetta fram til að sýna, að frv. er vel hugsað og þar tekið tillit til alls, sem krafist verður með sanngirni. Eg vona því, að hv. deild fari ekki að gera á því miður vel hugsaðar breytingar, sem mundu verða málinu til tafar, eða til þess, að það næði alls ekki fram að ganga, því að til þess eru því minni líkur, sem frv. er meira breytt. Það þýðir lítið að vera að bæta inn í það miklu af nýjum símum, því að svo er til ætlast, að haldið verði áfram að leggja síma um landið svo fljótt sem auðið er með nokkurri skynsemd og eftir því sem starfsmenn eru til og efni. Hitt er engin skynsemi, að ætlast til of mikilla eða fljótra framkvæmda.

Nefndin leggur nú til, að á frv. verði gerðar tvær óverulegar breytingar. Hún hefir borið sig saman við landssímastj., og kemur ekki með aðrar br.till., en þær, sem hann hefir getað fallist á. Önnur br.till. er sú, að sími verði lagður til Hellissands um leið og til Ólafsvíkur. Að því mundi verða hagur, því að þetta er stórt þorp — íbúar á annað hundrað manns — og gott fiskiver og liggur skamt frá Ólafsvík, svo að kostnaðurinn yrði ekki mikill, líklega ekki nema 4 þús. kr., svo það er óhætt að segja að skynsamlegt væri að haga þessu þannig.

Nefndin hefir ekki fundið ástæðu til að hækka tillag Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir þetta. Það hérað hefir þegar lagt mikið til síma, eftir mannfjölda og efnum (8000 kr.) og enn er ætlast til, að það leggi 4 þús. kr. til Ólafsvíkursímans. Líka leggur nefndin til, að tekinn verði í 2. flokk sími til Hríseyjar. Hann mundi kosta lítið, og það er búið að ákveða að sveitin leggi fram tillag til hans, en Hrísey er veiðistöð góð og mundi nota símann mikið. Sama ætlaði nefndin að leggja til um síma frá Akureyri til Grenivíkur, en hvarf frá því aftur. Það kom til orða í nefndinni, hvort ekki væri rétt, áður en farið væri að verja arðinum af rekstri landssímans til nýrra síma af 3. flokki, að draga frá því fé vexti, en nefndin hefir þó ekki viljað seinka svo lagningu 3. flokks síma. Nefndinni þótti ekki ástæða til þess, þrátt fyrir ummæli hv. fyrv. ráðherra, að breyta 6. gr., því að hana vantaði skýrslur um það mál, heldur lét hún sér nægja, eftir samkomulagi við fyrv. og núv. ráðherra, að bæta við ákvæði á þgskj. 150, til þess að þetta ákvæði frv. fari ekki í bága við gerð-

an samning við Stóra Norræna ritsímafélagið, Um aðrar br.till. er þess að geta, að nefndin hefir borið sig saman við landsímastjórann um þær, og áleit hann ekki ástæðu til að taka þá síma, sem þar eru nefndir, upp í 2. fl. Um símann til Suðureyrar í Súgandafirði gat hann þess, að kostnaðurinn mundi verða 9—11 þús. kr. — hann hafði ekki skjölin hjá sér. Um þá síma, sem á þgskj. 182 er ætlast til að bætist í 2. fl., hafði hann það að segja, að ef það ætti að verða, þá væri ástæða til að taka alla þá síma, sem taldir eru í 3. flokki, upp í 2. flokk, að minsta kosti væri rétt að taka símann frá Borgarnesi vestur til Grundarfjarðar, Þingvallasímann o. fl. á undan þeim. Það er ekki mikið unnið við það, að flytja símana yfir í 2. flokk, því að ef frv. verður samþ., verður hvort sem er haldið áfram að leggja þá í þeirri röð, sem þar er gert ráð fyrir, eftir því sem kringumstæður leyfa. Og skyldi það sýna sig, að svo mikil nauðsyn sé á að leggja einhvern 3. fl. síma áður en 2. fl. er klár, þá geta hlutaðeigandi héruð gert það sjálf og landssjóður svo keypt þá síma á eftir, eins og svo oft hefir verið gert. 3. og 4. brt. á þgskj. 182 þykja nefndinni mjög varhugaverðar; raunar er ekki farið fram á svo fjarska mikið fé, sérstaklega í breyt.till. 3, en eftir á yrði þetta þó dýrt, því að eftir reikningi landsímastj. hafa sveitirnar þegar lagt fram 84 þús. kr. til síma, og ef þgskj. 182 yrði samþ., þá yrði að borga þessar 84 þús. til baka, því að það væri engin sanngirni, að þær sveitir, sem enn hafa ekki fengið síma, sæti svo miklu betri kjörum en hinar. Þótt ýmsar símalínur séu ekki hærra settar, en í 3. fl., þá koma þær þó að sjálfsögðu þegar 2. fl. er lokið, og afgangurinn af tekjum landsímans er ætlaður til þess að leggja þær. Sá afgangur var í fyrra 63 þús. kr., og var það talsvert meira en gert hafði verið ráð fyrir. Og í ár þykir landssímastjóranum sennilegt að tekjurnar verði 75 þús. fram yfir reksturskostnað, svo að alt útlit er fyrir að gott framhald verði á símalagningum, og menn ættu ekki að leggja kapp á að vera að flytja símana úr einum flokki í annan; þeir verða líklega hvort sem er lagðir eftir mati landsímastjórans og samkv. þessu frv. — Nefndin viðurkennir það, að töluvert mælir með brt. á þgskj. 143, sem fer fram á að setja línuna frá Ölfusárbrú að Garðsauka og þaðan til Vestmannaeyja í 1. fl. Sérstaklega er það órýmilegt, úr því að línan héðan að Ölfusárbrú er í 1. fl., að hafa þá ekki alla leiðina í sama fl. Þó hefir nefndin ekki viljað fallast á þetta, fyrst og fremst af því, að hún er hrædd við afleiðingarnar af því, að gefa Rangárvallasýslu eftir tillagið til símans frá Ölfusárbrú að Garðsauka. Það munar og miklu, hvort sveitirnar bera sinn hluta af starfrækslukostnaðinum eða ekki, og þá yrði kostnaður við stöðina í Vestmannaeyjum miklu meiri en ella.

Skúli Thoroddsen: Af því eg er riðinn við brt. við þetta frv., vil eg leyfa mér að fara um það nokkrum orðum.

Yfir höfuð er eg frv. þessu hlyntur, enda vakti eg máls á því, þegar á þinginu 1907, að rétt væri að semja lög um flokkun símanna, til þess að fá gleggra yfirlit yfir þá, í líkingu við það, sem gert er í vegalögunum. Enn fremur vakti eg þá og máls á því, að heppilegra væri, að taka lán til þess að leggja símana um landið, en að taka féð af árlegum tekjum landssjóðs. Eg benti og á það, bæði þá, og oft síðan, bæði á þingi, og í blaði mínu, hve illa mér félli misréttið, sem beitt hefir verið, að því er til símalagninganna kemur, þar sem sum héruð, þ. e. þau, sem aðallandlínan milli Seyðisfjarð-

ar, Reykjavíkur, Akureyrar og Ísafjarðar liggur um, hafa fengið símann sér alveg að kostnaðarlausu, en öðrum gert að skyldu, að leggja fram ákveðinn hluta af kostnaðinum. Þetta er ranglátt, og það því fremur, sem þau héruð, sem afskektari eru og fámennari, ættu þó sízt að gjalda þess. — Skyldan þess vegna einmitt enn ríkari, að láta þau þá þess síður verða öðrum harðara úti, — ætti þvert á móti fremur að vera vílnað í, en hinum, sem fjölmennari eru og betur í sveit komin.

Stefna þingsins, að gera það, sem er þveröfugt við það, sem siðferðislega rétt og skylt er, hefir þá og vakið óánægju víða um land, og þótt einstöku héruð hafi viljað vinna það til, að bjóða fram nokkurt fé, gegn landssjóðsframlaginu til símalagningarinnar, af því að þeim var það bráðnauðsynlegt vegna atvinnuveganna, einkum fiskveiðanna, að geta fengið símann sem fyrst, þá má ekkert á slíku byggja, enda hafa þinginu nú að þessu sinni borist umsóknir um eftirgjöf slíkra fjárframlaga, bæði úr Vestur-Ísafjarðar og Barðarstandarsýslu.

Hv. framsögumaður (J. M.) sagði út af br.till. minni, sem fer í þá átt, að ætlast ei til tillags frá héruðunum, að ef unna ætti öllum jafnréttis, þá yrði og að endurgreiða úr landssjóði alt það fé, sem héruðin hafa þegar lagt fram að sínum hluta til símanna. Það tel eg sjálfsagt, því að finni maður, að einhver hefir verið beittur ójöfnuði, þá á að bæta honum hann, enda býst eg og við því, að þinginu muni berast öðru hvoru umsóknir um slíkar endurgreiðslur. Eina slíka ræddum vér hér í deildinni nýskeð.

Hitt atriðið, sem hann vék að, hve símarnir borgi sig vel, var gamla sagan, sem oft hefir heyrst, og hefi eg í því skyni bent á það áður, að menn gleyma því þá, að reikna vextina af stofnkostnaðinum, og að telja það, sem borgað er »norræna ritsímafélaginu mikla«, svo að skýrslurnar verða þá í meira lagi villandi. — Mönnum er talin trú um, að símalagningar sé stórgróðafyrirtæki, og hefir það þau áhrif, að landsmenn verða miklu heimtufrekari, en ella, og getur því leitt til ills, og hefir óefað gert það. — Eins og háttv. framsm. (J. M.) veit, þá er föst regla hvers manns, er fé leggur í hitt eða þetta fyrirtækið, að telja og til útgjaldanna árlega vexti af því fé, sem hann hefir varið til þess í öndverðu, og fáist þeir ekki, auk annars kostnaðar, þá telur hann fyrirtækið ekki hafa borgað sig.

Að öðru leyti skal eg geta þess, að brt. á þgskj. 182 snertir og kjördæmi mitt, að því leyti, sem þar er gert ráð fyrir því, að bætt verði við síma til Snæfjalla, er væntanlega lægi þá um Æðey, að Snæfjöllum og þaðan að Höfða, Grunnavík, en síðan að Hesteyri og að Stað í Aðalvík. — Frá Hesteyri yrði þá og að leggja síma að Höfn á Hornströndum. Hér ræðir um afskektar og fámennar sveitir, en þær ættu ekki að gjalda þess, enda getur það oft haft mikla þýðingu, að því er atvinnuvegina snertir, fiskveiðarnar, síldargöngur o. fl., að hafa símasamband við norðurhreppana í Norður-Ísafjarðarsýslu. Svo vilja menn og þar, eins og annarstaðar, fá fregnir af því, sem gerist í heiminum, og þurfa þess þá og því fremur, sem þeir eru ver settir að ýmsu öðru leyti. Eg vona því, að þingið hafi ekki á móti því, að samþ. br.till. mína, og það því síður, sem hér er ekki verið að heimta að síminn verði lagður nú þegar, heldur að eins þegar landssjóður sér sér það fært, eða talið verður rétt að taka lán í því skyni. — En vitaskuld er þó hér um það að ræða, sem eigi má við una, að lengi verði dregið að framkvæma.

Eg vil sérstaklega taka það fram, hvað

Höfn á Hornströndum snertir, að þótt þar sé fáment, mundi þó sími þangað ekki að eins hafa þýðingu fyrir bæina, sem þar eru í grend, eða fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu, heldur og fyrir fleiri, því að Höfn er staður, sem fjöldi íslenzkra og útlendra skipa kemur til á ári hverju, þar sem hvergi er eins hæg innsigling inn á trygga höfn, er að fiskveiðunum er verið út undan Horni, eða þar í grendinni. Það mundi því koma sér vel, bæði fyrir Sunnlendinga og Norðlendinga, Norðmenn, Færeyinga o. fl., ef síminn lægi að Höfn. Þá er það og ekki þýðingarlaust, að vita, hvenær hafís kemur að Horni, eða er á reki út undan norðvestur-kjálkanum. Mætti og nefna fleira, er mælir með því, að sími sé lagður til Hafnar á Hornströndum, en að sinni finn eg ekki ástæðu til, að fara um það fleiri orðum.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), talaði mikið um það ranglæti, að sum héruð yrðu að borga tillag til símanna, en sýslurnar sem liggja i leiðinni frá Seyðisfirði til Reykjavíkur hefðu sloppið við það. Má vera að í skjótu bragði kunni að virðast svo, sem þetta sé misrétti, en ef betur er að gáð, munu menn ganga úr skugga um það, að þetta varð svo að vera. Það var ekki hugsan þingsins að hlynna að þessum héruðum öðrum fremur, en það var nauðsyn, að leggja símann um þessar sýslur, til þess að ná því lang-mesta tillagi, sem fram hefir verið lagt til landsímanna af öðrum en landssjóði, 300 þúsund króna tillaginu, sem Stóra Norræna ritsímafélagið lagði fram til þess að koma sæsímanum í samband við Reykjavík og aðra kaupstaði landsins. Þess vegna gat landið slept því, að heimta tillag frá þessum sýslum, enda hefði það ekki verið til neins að krefjast slíks. Þá var víða mótspyrna gegn símalagningunni og ómögulegt að fá sumar sýslurnar til að leggja neitt af mörkum til hennar fyrst í stað. Hinar línurnar, sem síðan hafa bætst við, hafa allar verið lagðar eftir eindreginni ósk héraðanna. Kröfurnar um nýjar símalagningar hafa verið miklu meiri og örari en svo, að unt hafi verið fyrir landsjóð að sinna þeim öllum í einu, og þar sem stjórn og þing verður að hafa einhver takmörk fyrir því, hverjar kröfur skuli taka fyrst til greina, þá liggur beinast við að fara eftir því, hvort menn vilja eitthvað á sig leggja til þess að þeim verði fullnægt. Sama er að segja um tillög sveitafélaga til starfrækslu á auka-stöðvum, þ. e. stöðvum, sem ekki eru nauðsynlegar vegna aðalsímans. Hefðu þau tillög ekki verið heimtuð, þá hefði ekki verið mögulegt að koma eins miklu í framkvæmd og gert hefir verið. Síðan 1906 hefir símastöðvum fjölgað úr 22 upp í 93 árið 1911. Verði brugðið frá þeirri reglu að láta sveitafélög leggja nokkuð til starfrækslustöðva, þá getur aukningin ekki með nokkru móti orðið tiltölulega jafn mikil eftirleiðis; landssj. getur ekki risið undir kostnaðinum, sem verða mundi við rekstur stöðvanna, ef landstjórnin ætti að annast hann.

Þá sagði hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th). að skýrslan um ágóða landsímans hefði alt af verið röng, vegna þess að gleymst hefði að reikna með rentur af fé því er búið væri að leggja í símalagningar, og í annan stað væri rangt að draga ekki frá tekjunum tillagið til Stóra Norræna félagsins til sæsímans. En hvorugt þetta er rétt athugað. Að því er snertir vexti af stofnkostnaði, má fyrst geta þess, að þegar um önnur opinber viðskiftatæki er að ræða, svo sem vegi, brýr eða önnur samgöngufæri, þá er ekki vant að telja til kostnaðar eða árlegra útgjalda við þau vexti af því, sem kostað hefir

að kom þessu upp, heldur er það látið mæta gagninu, sem landsmenn hafa af fyrirtækinu. En jafnvel þótt símarnir séu hafðir að olbogabarni í þessu efni, og annari reglu fylgt, þegar dæmt er um gagnsemi þeirra, þá sést, að þeir þola það. Jafnvel þótt árlegir vextir af stofnkostnaði séu reiknaðir með, þá sést það á skýrslum símans, að hann hefir gefið talsvert meiri tekjur umfram árlegan kostnað við starfrækslu, en vöxtum af stofnkostnaði nemur. Árið 1911 var landssjóður búinn að leggja rúmar 848 þús. kr. í kostnað við símalagningar alls. Það ár voru tekjur af símanum 124,347 kr. og tekjuafgangur var 61,148 kr. Þó nú fullar rentur væru reiknaðar af þessum stofnkostnaði, þá væru þær aldrei meir en ca. 34 þús. kr., og verður þá eftir hreinn arður auk vaxta ca. 27 þús. kr. og þó tillög sýslu- og hreppafélaga til símalagninga frá byrjun, sem nema ca. 84 þús. kr., séu talin með stofnkostnaði, er landið hefir fram lagt, þá verða vextir af honum ekki meira en ca. 37 þús. kr. — Að draga tillagið til sæsímans frá tekjum landssímans nær engri átt, því að það er tvent algerlega ólíkt og aðgreint, símakerfið innanlands og símasambandið við útlönd. Við leggjum til millilandasímans að sínu leyti alveg eins og til millilanda póstskipaferðanna, og kemur það ekkert landssímanum við. Enda er það framlag ekki svo mikið að við fáum það ekki fullkomlega endurborgað með því ómótmælanlega gagni, sem verzlun og viðskifti landsins hafa af símasambandinu við útlönd. Það væri blátt áfram villandi, ef þetta tillag væri tekið upp sem útgjaldaliður í reikning landssímans.

Þó að eg geti ekki verið hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) samþykkur að þessu leyti, get eg á hinn bóginn fallist á till. hans um síma norður á bóginn frá Ísafirði til Horns. Hann gæti haft mikla þýðingu fyrir veðurfræðina, ísfréttir, skipafréttir, fiskifréttir o. fl., og tel eg rétt, að hugsað sé til að koma því sambandi bráðlega í kring.

Mattías Ólafsson: Í frv. þessu er gert ráð fyrir 3 flokkum símalína. Símalinur 1. flokks eru allar þegar lagðar og eru það aðal-línurnar. Línur þær er settar hafa verið í 2. flokk, eru sumar þegar lagðar en aðrar ólagðar enn. Í 3. flokk eru settar ýmsar fyrirhugaðar símalínur, og er ætlast til að þær verði lagðar fyrir arðinn af 2 flokks línunum. Að vísu sagði hv. framsm. (J. M.), að komið gæti fyrir að 3. floks línur yrðu lagðar á undan 2. floks línum, en eg tel vafasamt að svo verði. Þegar gera á slíka flokkun, verður að gæta þess, að í efri flokk séu settar þær línur, sem meira útlit er fyrir að borgi sig eða meiri nauðsyn er á, en í lægra flokk þær sem minni líkindi eru til að beri sig og minni nauðsyn er á, ekki sízt þar sem þær á að byggja fyrir arðinn af hinum. Eg er hræddur um, að þessari reglu sé ekki alstaðar fylgt í frv. Það má benda á línur, sem settar hafa verið í 3. flokk, sem vissa er fyrir að muni gefa meiri arð en sumar þær er settar hafa verið í 2. flokk. Eg hefi komið með br.till. á þgskj. 145, í þá átt að hliðarsíminn til Suðureyrar í Súgandafirði verði settur upp í annan flokk. Eg verð að halda því fram, að sú lína muni gefa betri arð en sumar þær sem eru í 2. flokki, t. d. línan frá Borðeyri til Búðardals. Eg skal taka það fram, að eg vil ekki leggja fjöður í veg fyrir þann síma, en eg álít að Súgandafjarðarlínan ætti að ganga fyrir honum. Eftir því sem landsímastjóri hefir skýrt frá, borgar Vestfjarðasíminn sig einna bezt af öllum símum á landinu, og hann mundi borga sig enn betur ef þessi hliðarlína væri lögð. Suðureyri er áreiðan-

lega sú bezta veiðistöð, sem til er á landinu. Vestmanneyjar eru að vísu góð veiðistöð, en þó er fisklaust þar nokkurn hluta árs. Sama er að segja um Siglufjörð. En á Súgandafirði er aldrei fisklaust alt árið. Enda hefir þorpinu farið afar mikið fram á örstuttum tíma. Fyrir 18 árum var þar ekkert hús, en nú eru þar nálega 300 íbúar að staðaldri, og á 5. hundrað á sumrum. Þar kemur á land frá 100 til 120 þús. af fiski á hverju ári. Nú eru gerðir út þaðan 30 mótorbátar. Það er því sýnilegt, að þorpsbúum er stór þörf á síma, t. d. til að fá fréttir af síld, sem getur verið á öðrum fjörðum fyrir vestan, þegar hún er ekki á Súgandafirði, til að ná í lækni o. s. frv. Eg sé að nefndin hefir tekið í 2. flokk síma frá Ólafsvík til Hellisands, en sá sími liggur innan eins hrepps, Neshrepps, og skyldi maður því hugsa að hreppurinn ætti að leggja hann. Eg legg ekki í móti þessum síma, en finst að þeir símar ættu að ganga fyrir honum, sem meiri nauðsyn er á og meiri arðsvon af.

Hv. framsm.m. (J. M.) sagði, að Súgandafjarðarsíminn mundi kosta 11 þús. kr. En eg hefi lagt fram hér á lestrar salnum áætlun landssímastjóra um hann og er kostnaðurinn þar ekki áætlaður nema 9 þús. kr. Eg get hugsað mér að Súgfirðingar mundu jafnvel fúsir á að hækka tillagið um helming ef það gæti orðið til þess að þeir fengju símann í nánustu framtíð. Alllri sýslunni er nauðsyn á símanum. Sjómenn úr öðrum hlutum sýslunnar hleypa oft inn á Súgandafjörð í vondu veðri, og vita þá skyldmenni þeirra ekkert um þá. Það kom fyrir í vor að menn voru 5 daga í vafa um bát, sem hleypt hafði inn á Súgandafjörð í vondu veðri.

Þegar litið er á málið frá praktísku sjónarmiði, þá er það sýnilegt, að þar sem byggia á 3. flokks símana fyrir það sem græðist á 2. flokks símum, þá ber að setja þá í 2. flokk, sem útlit er fyrir að gefi meiri arð.

Bjarni Jónsson: Eg er meðflutningsmaður að till. á þgskj. 182 og er þar einkum ein, sem eg ber fyrir brjósti, en það er sú till, að sími frá Búðardal að Tjaldanesi um Ásgarð verði tekinn upp í tölu 2. flokks síma. Þessi till. kemur fram samkvæmt ósk kjósenda minna. Mér hefir láðst að koma fram með till. til vara um tiltekið tillag í samræmi við þá málsgrein 5. gr., sem við höfum lagt til að feld sé burtu, ef sú tillaga yrði ekki samþykt, en eg mun koma fram með hana til 3. umr. Aðalástæðan til þess að þessa síma er óskað, er sú, að mjög erfitt er að sækja lækni úr vesturhluta héraðsins. Að vísu hefi eg komið fram með frv. í þá átt, að læknishéraðinu verði skift í tvent, en eg hefi ekki sem allra bezta von um að það verði samþykt. Það munar helmingi fyrir íbúa í vesturhluta sýslunnar að geta símað til Búðardals eftir lækninum. Í Saurbænum dóu ekki alls fyrir löngu 5 eða 6 börn úr barnaveiki fyrir þá sök eina, að ekki varð náð nógu fljótt í lækni. Svínadalur liggur í milli og er mjög illur yfirferðar á vetrum. Þess má einnig geta, að við borð liggur að leiðin inn á Salthólmavík verði mæld. Verði það gert, þá mundi verzlun og kaupskapur í þessum hluta sýslunnar aukast mjög, svo að þörfin á símasambandi við aðra verzlunarstaði, og þá líka Reykjavík, mundi brátt gera vart við sig. En eins og eg benti á áðan, þá er aðalástæðan erfiðleikarnir að sækja lækni, og finst mér því rétt að héraðsbúum verði með þessum síma bætt upp að læknishéraðinn verður ekki tvískift.

Þá vildi eg minnast lítið eitt á till. um að fella burtu framlögin frá héruðum. Eg mun ekki taka neinn aðalþátt

í umræðunum um það atriði, því að hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mun tala þar fyrir okkur alla, en eg vil láta þess getið, að eg er enn á þeirri skoðun, sem eg hefi lýst á tveim undanförum þingum, að eg álít það hróplegt ranglæti við þau héruð, sem látin eru borga tillög til símalagninga innan héraðs á móts við hin sem ekkert borga. Hæstv. ráðherra (H. H.) sagði að aðalsíminn frá Reykjavík til Seyðisfjarðar hefði ekki verið lagður styrklaust, en það er ekki rétt, því að hann fékk engan styrk frá þeim héruðum sem hann var lagður um. *(Ráðh.:* Eg átti við framlagið frá Stóra Norræna félaginu). Það skilst mér hafi verið ekkert annað en milligjöf fyrir undanþágu frá því að leggja símann til Reykjavíkur í stað hinnar styttri leiðar til Seyðisfjarðar. Allar sýslur eiga að hafa jafnan rétt til þessa framlags, og er því tvöfalt ranglæti að láta sumar sýslur taka það alt, en aðrar ekkert af því fá, heldur í þess stað borga fé úr sínum vasa. Hinu vil eg trúa, sem hæstv. ráðherra sagði, að þingið hafi ekki hugsað þetta sem neitt misrétti, heldur hafi það hugsað sér, að hér væri tækifæri, að neyða menn til að leggja út peninga úr sínum eigin vasa. Það er yfirleitt meginregla að taka peninga hvar sem þeir fást og með hvaða móti sem þeir fást. Hitt hefir þingið átt bágt með að skilja, að allir menn eiga jafna kröfu til verndar þess og til aðstoðar landsjóðs. Auðvitað mundi af þessu leiða, að landsjóður yrði að borga aftur það, sem lagt hefir verið fram. En það getur ekki talist harður kostur; þar sem hér er um lán að ræða sem landsjóður hefir fengið vaxtalaust. Þeim gjaldauka yrði svo jafnað niður á landsmenn, og þá jafnaðist alt aftur. Það sem hæstv. ráðherra talaði um stöðvarnar og þeirra kostnað, kemur ekki okkar tillögu við. Við höfum ekki ætlast til að því yrði breytt.

Að öðru leyti ætla eg ekki að svara því sem til mín hefir verið talað. Eg hefi að eins viljað lýsa þessari skoðun minni á málinu, sem hefir valdið því, að eg hefi borið fram þessa breytingartillögu ásamt þeim tveimur hv. þm., er á þingskjalinu standa. Og þessu fylgjum við af því að við teljum það rétt, en ekki af því að það sé okkur til hagsmuna eða okkar kjördæmum.

Þorleifur Jónsson: Eg á ekki neina br.till. við frv., en vil þó lýsa skoðun minni á málinu. Álít eg mestu nauðsyn að frv., geti orðið að lögum. Eins og við vitum er mikill hluti af strandlengju landsins símalaus og verða símalausu kjálkarnir meir og meir útundan eftir því sem tímar líða. Væri nauðsynlegt að síminn næði til sem flestra verzlunarstaða, að öðrum kosti er hætt við að viðskiftalífið á þeim stöðum, sem síma vantar, verði dauft og erfitt. Tel eg að frv. fari í rétta átt, því að sjálfsagt er og réttlátt að landsmenn hafi sem jöfnust not af símanum og þeim gæðum, er hann hefir í för með sér. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, hvenær símalagningu 1. og 2. flokks eigi að vera lokið, og stoð eg aðallega upp til þess, að skjóta því til nefndarinnar að koma fram með br.till til 3. umr. í þá átt, að símalagningunni skuli lokið fyrir árslok 1915. Finst mér ólíklegt, ef taka á lán á annað borð, að lengra þurfi að líða en 3 ár frá því byrjað er á símalagningunni og þangað til henni er að fullu lokið. Sérstaklega vildi eg heyra álit hv. framsm. (J. M.) um þetta atriði. Þá vildi eg spyrja nefndina, hver meiningin sé með 9. gr. frv, að hve miklu leyti ætlast er til að hreppsfélögin greiði reksturskostnaðinn. Finst mér óréttlátt ef þau eiga að kosta reksturinn að mestu leyti, þar sem kaupstaðirnir munu engu kosta til. Um br.till. skal eg ekki fara mörgum orðum. Eg hallast yfirleitt að skoð-

un nefndarinnar, en heppilegast fyndist mér að landsjóður kostaði aukalínurnar eins og aðallínurnar. En eg býst ekki við að af því verði og þá verður maður að sætta sig við það. *(Bjarni Jónsson:* Það er hægt að mótmæla). Já það er hægt, en mun vera þýðingarlítið. Þetta var aðallega það sem eg vildi athuga, en einkanlega vildi eg heyra álit nefndarinnar um það, hvort hún myndi eigi fús að ákveða að símalagningum þeim er lán er tekið til verði lokið í lengsta lagi á 3 árum.

Eggert Pálsson: Br.till. mínar á þgskj. 143 knýja mig til að taka til máls og fara um þær nokkrum orðum þeim til stuðnings. Tillögurnar eru í 4 stafliðum, en eins og allir sjá eru þær í raun og veru ekki nema 2, því að 2. og 4. stafliðurinn er bein afleiðing af þeim fyrsta.

Háttv. framsm. (J. M.) fór nú mjúkum höndum um 1. br.till. mína, þó að nefndin í heild sinni hafi ekki viljað fallast á hana, og játaði að hún hefði við mikil rök að styðjast Enda held eg að allir hljóti að kannast við að svo sé. Br.till. fer fram á það, að allur síminn frá Reykjavík til Vestmanneyja verði 1. flokks sími. Held eg að allir hljóti að sjá, að það er í eðli sínu rétt. Þegar rætt var um Vestmannaeyjasímann á síðasta þingi, kom flestum saman um, að hann mundi verða einhver arðsamasta línan, og hefir nú reynslan fært fullar sönnur á, að þær getgátur hafa haft við rök að styðjast, enda ætlar nú landið, eða þingið fyrir landsins hönd, að kaupa þann síma fullu verði. Þegar litið er til þessa, er ekkert eðlilegra en að þessi arðsama lína verði 1. flokks lína. Mikið af línu þessari er nú þegar í 1. flokki, sem sé héðan úr Reykjavík og austur að Ölfusárbrú, og sama má segja um línuna frá Garðsauka og alla leið í Vestmannaeyjar að hún er í reyndinni 1. flokks lína, að því leyti, að ekkert er lagt til hennar frá hlutaðeigandi sveitarfélögunum. Er þá ekki um annað að ræða en kaflann frá Garðsauka og að Ölfusárbrú. Get eg ekki annað séð, en það sé hálf afkáralegt að skera þann part úr línunni og setja hann í 2. flokk, en hafa báða endana í 1. flokki eða sama sem 1. flokki. Að telja einugis hlutann úr Reykjavík að Ölfusá í 1. flokki tekur sig mjög svo einkennilega út. Mundi sá, er læsi lögin og ekki þekti til, álíta, að Ölfusá væri einhver stór staður, sem sérstaklega arðvænlegt væri að leggja síma til, en að það væri aftur á móti minni arðsvon að símanum þaðan út í Vestmannaeyjar.

Þegar frv. var í öndverðu samið fyrir alt að 2 árum, var eðlilegt að þessu væri þannig hagað, þar sem ætlast var til, að tilllag til línunnar allrar, ekki aðeins frá Ölvesá að Garðsauka, heldur og frá Garðsauka til Vestmanneyja, fengist frá viðkomandi héruðum. En nú hefir síminn frá Garðsauka til Vestmannaeyja verið lagður fyrir einstakra manna fé og síðan keyptur fullu verði af landsjóði. Eftir þeirri rás viðburðanna ætti því frv. nú að sniðast. Hygg eg því að hver sem vill líta hlutdrægnislaust á þetta mál, verði að álíta eðlilegast, að öll línan teljist til 1. flokks.

Að vísu er hér sá hængur á, skoðað frá landssjóðsins sjónarmiði, og sem eg býst við að sumir þingmenn kunni að blína nokkuð fast á, að tillagið sem Rangárvallasýsla hefir lagt fram, muni við slíka breytingu tapast. Það er býsna sennilegt að svo verði. Eg tel sennilegt og sjálfsagt, að farið verði fram á, að það sem Rangárvallasýsla hefir lagt til álmunnar, 4 þús. kr., verði eftir gefið og það fáist. En á hina hliðina geri eg ráð fyrir, að peningalegi hagnaðurinn fyrir Rangárvallasýslu verði ekki svo mikill fyrir það, sem nemi 4 þús. kr., heldur

komi sýslan til að svara út aftur af þessari upphæð til Víkur-símans, svo að tillagið til hans frá héruðunum gæti staðið eins og er í frv., 5 þús. kr., en þyrfti ekki að lækka, eins og nefndin leggur til, niður í 4. þús. kr. — Þessum 4 þús. kr., sem samkv. nefndarálitinu er ætlast til að komi frá kjördæmunum til Víkursímans, mundi Vestur-Skaftafellssýslu einni verða um megn að rísa undir. En hins vegar víst, að Rangárvallasýsla leggur ekkert til hans, ef hún verður ekki leyst frá tillaginu til símans austur að Garðsauka. En verði hún frá því leyst, mun hún ábyggilega taka á sig fullkomlega sinn hluta af tillagi til síma austur í Vík. Svo að ef þessi brt. mín nær fram að ganga, þá er það ekki síður Vestur-Skaftafellssýsla en Rangárvallalýsla, sem hefir af því not, og flýtir fyrir að Víkursíminn geti komist á, sem hætt er við að lengi gæti dregist að öðrum kosti vegna vantandi tillags. Eg vona nú, að eins og hv. frsm. (J. M.) tók mjúkum höndum á br.till. minni, svo geri einnig deildin hið sama, þegar hún hefir athugað málið, sem eg þykist vita, að hún muni þegar hafa gert.

Hvað snertir hina brt. mína, um að bæta inn símalinu frá Eystri-Garðsauka inn að Hlíðarenda, í upptalninguna í 4. gr., þá stafar hún af því, að eg lít svo á, að sú upptalning muni hafa nokkra þýðingu í framtíðinni, þó að háttv. frsm. neitaði því. Eg held að menn mundu telja sig bundna við upptalninguna og láta þá staði, sem þar eru nefndir, ganga fyrir öðrum, að öllu öðru jöfnu. Og ef það yrði tilfellið, þá væri það bæði ósanngjarnt og óeðlilegt, að Fljótshlíð yrði eini hreppurinn í sýslunni, sem ekki hefði símasamband, þegar búið væri að leggja síma þá, sem nefndir eru í 4. gr. Þaðan yrði þá að sækja símasamband út úr hreppnum alla leið út að Eystri-Garðsauka, þegar komið væri símasamband á í öllum öðrum hreppum sýslunnar. Væri það mikið misrétti milli hreppanna innbyrðis, og í mesta máta ósanngjarnt, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess, að Fljótshlíð er einhver þéttbygðasta og fegursta sveit þessa lands. Auk þess liggur hún illa við samgöngum, þar sem hún liggur öll á eina hlið. Frá instu bæjum í Fljótshlíð og að Eystri-Garðsauka er ca. 35—40 km., eða álíka leið og héðan upp að Kolviðarhól. Þá má og taka það fram, að Fljótshlíð er ekki eingöngu ein hin fegursta heldur og söguríkasta sveit þessa lands. Fyrir því er það títt, að útlendingar leggja þangað leiðir sínar, og kemur það oft fyrir að þeir leggja ekki minna kapp á að komast þangað heldur en til Þingvalla eða Geysis. Mundi útlendum ferðamönnum þykja einkar þægilegt, að hafa síma á Hlíðarenda, og geta sent þaðan skeyti hvert á land sem vera skyldi. En þó að eg telji það bæði sanngjarnt og á fullum rökum bygt, að þessi brt. mín verði samþykt, þá legg eg þó engan veginn aðaláherzluna á hana, heldur hina, sem eg áður nefndi, því hana tel eg enn þá meira um verða. En annars skal eg leyfa mér að vænta að báðar þessar brt. mínar fái sem beztan byr við atkvæðagreiðsluna í þessari hv. deild, sem eðlilegar og að öllu leyti sanngjarnar.

Halldór Steinsson: Það er aðallega út af ummælum hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) að eg vildi segja nokkur orð. Hann talaði mörg fögur orð um Suðureyri við Súgandafjörð, og er í sjálfu sér ekkert út á það setjandi, ef hann hefði ekki fegrað þann stað með því, að kasta skugga á aðra staði. Það sýndi sig líka bersýnilega, að hann var ekki fær um þennan samanburð, er hann myndaðist við að gera, með því að það kom glöggllega í ljós, að hann var allsendis ókunnugur þeim stöðum, er hann talaði um.

Hann hélt því fram, að krafan um að setja Hellissand úr 3. fl. í 2. fl., væri ekki á rökum bygð, þar sem Hellissandur og Ólafsvík væru í sama hreppi. En þetta er ekki rétt. Ólafsvík liggur í Ólafsvíkurhreppi, en Hellissandur í Neshreppi utan Ennis. Hefði hv. þm. fremur átt að þegja, en að sýna landfræðiskunnáttu sína á þennan hátt. Skal eg nú segja frá ástæðunum fyrir br.till. nefndarinnar.

Hellissandur er stórt kauptún og búa þar 450 manns. Auk þess sækja margir þangað á vetrum til sjóróðra úr öðrum hreppum Snæfellsnessýslu og Dalasýslu og jafnvel öðrum fjarliggjandi stöðum. Þar eru tvær verzlanir og kemur þangað fjöldi þilskipa, ýmist til þess að kaupa síld og ís, leggja af sér sjúka menn, o. s. frv. Þá er ekki óalgengt að sjá skip á veiðum útundan Jökli svo tugum og jafnvel hundruðum skiftir. Fyrir þau skip er Hellissandur einmitt mjög heppilegur staður, ef þau þurfa að hafa samband við land. Þá mundi og símastöðin á Hellissandi mikið notuð innan sýslunnar, til þess að ná sambandi við Ólafsvík, Stykkishólm og fleiri staði. Þegar litið er á það, hvað Snæfellsnessýsla hefir lagt mikið til síma, hljóta allir að kannast við, að hún hefir orðið hart úti, í samanburði við önnur héruð landsins. Öll línan í gegnum Snæfellsnessýslu kostar um 60,000 kr. og af því hefir sýslan lagt til 12,000 kr. Og auk þess, sem þegar er komið, er gert ráð fyrir línu til Grundarfjarðar, sem sýslan á að kosta. Eru því þyngslin af símalagningunni talsverð á sýslunni, eins og hver maður getur séð. Eg skal geta þess, að vegarlengdin milli Sands og Ólafsvíkur er ekki mikil 8—10 km. og hefir landsímastjórinn áætlað að sími þar á milli mundi kosta um 4000 kr., og er það smávægilegt í samanburði við þann arð, er hann mundi gefa. Enda hefir landsímastjórinn fallist á þessa till., eins og yfirleitt till. nefndarinnar. Frumv. í heild sinni tel eg þarfasta frv., sem komið hefir fram á þessu þingi. Þörfin er svo mikil, að það er ófullnægjandi, taka spotta og spotta á hverju fjárhagstímabili, og með því fyrirkomulagi er engin vissa fyrir því, að þeir staðir verði látnir sitja fyrir, þar sem þörfin er brýnust. Breyt.till., sem fram hafa komið, er eg yfirleitt hlyntur, þó að eg geti ekki greitt atkv. með þeim öllum. En það er ekki af því, að eg sé beinlínis á móti þeim. Margir þeir staðir, sem farið er fram á að leggja síma til, eiga mikinn rétt á sér. Reyndar eru nokkrar br.till. þýðingarlitlar, t. d. þær er fara fram á, að auka línum við 3. fl. Eg er hræddur um, að ef br.till. rignir niður, geti það orðið til þess, að svæfa málið á þessu þingi, og það væri illa farið.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Hv. þm. Snæf. (H. St.) hefir talað nokkur orð til mín, útaf því sem eg mintist á Hellissand. Það er langt frá því, að eg beri nokkurn kala til þeirrar línu, sem farið er fram á að leggja þangað. En eg tek ekki Hellissand fram yfir Súgandafjörð og tel minni von um tekjur af símalínu þangað, heldur en af línu til Súgandafjarðar. Þó að fleira fólk kunni að vera á Hellissandi, er þar margfalt minni umsetning. Verzlanirnar þar eru útibú frá Ólafsvík, og eg held Stykkishólmi líka. (*Halldór Steinsson:* Ekki rétt!) Sem sagt, eg vil ekki leggja fjöður í veginn fyrir það, að sími fáist til Hellissands, og það er langt frá því að eg vilji lofa Súgandafjörð með því að lasta Hellissand. En þó er eg á því, að Hellissandur hefði setið enn í 3. fl., ef hv. þm. Snæf. (H. St.) hefði ekki átt sæti í nefndinni. Það er mikið áhugamál hjá okkur heima fyrir, að fá

síma til Súgandafjarðar, og ef það verður ekki tekið til greina, þá neyðast héraðsbúar til að leggja sjálfir á sig kostnaðinn. Mun þá fara svo, að landið kaupi línurnar síðar meir, þegar það hefir komið í ljós að hún ber sig. Eg er hv. þm. Snæf. (H. St.) þakklátur fyrir landafræðis-kensluna. Það er langt síðan að eg las þá fræðigrein, en þá minnir mig, að Ólafsvík væri talin til þess hrepps, er eg sagði. Eg hefi aldrei lagt mig sérstaklega eftir landafræðinni þarna í kringum Jökul, eg hefi heldur reynt að rýna í sitthvað annað. En framvegis skal eg reyna að gera mér far um að fylgjast með ríkjaskipuninni á þessum stöðum, svo eg verði mér ekki til minkunar aftur.

Pétur Jónsson: Eg er þakklátur hv. stjórn fyrir að hafa komið með þetta frv. á þingið. Frv. er í öllum aðalatriðum það sama, sem eg og hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) fluttum inn á þing í fyrra eftir samráði við landsímastjórann. Eg er stjórninni þakklátur, ekki af því, að mínu kjördæmi sé nokkur hagur að frv., ef það verður að lögum, heldur af því að með frv. er fullnægt þeirri hugsjón, sem eg hefi barist fyrir, að komið sé á föstu skipulagi í aðal framkvæmdamálum landsins, atvinnumálum og samgöngumálum, líkt og gert hefir verið í vegamálum, og að girt sé fyrir sem mest má verða hreppapólitík og sundrung í þeim efnum. Með þessu frumv. er séð fyrir því, að þær símalagningar gangi á undan, sem þarfastar eru. Eftir því sem menn hafa talað hér í þessu máli, vakir það ekki fyrir mönnum að haga símalagningunum eftir þörfum, heldur vakir fyrir sumum nokkurs konar jafnréttiskrafa, án tilits til þess, hvernig símarnir borgi sig. Þar sem líkindi eru til að mest verði viðskifti við símann, þar er hans mest þörf. Þetta er líkt og með samgöngur á sjó; skipanna er engi þörf á þá viðkomustaði, þar sem þau geta engi viðskifti haft. Þetta sýnir, að það er ekki rétt að leggja jafnréttiskröfuna til grundvallar við símalagningar.

Það var hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), sem hélt fram þessari jafnréttiskröfu. Hann áleit, að fyrst sími væri komin í eina sveit, þá ætti hver sveit landsins réttlætiskröfu til hins sama. Ef fullnægja hefði átt þessari réttlætis-logik hans, þá hefði verið bezt að síminn hefði aldrei komið i nokkura sveit. Þá hefði verið rétt að fleygja í sjóinn þeim 300 þús. kr., er St. nordiske bauð fram til þess að sími væri lagður til Reykjavíkur, leggja þann síma fjallvegi og öræfi alla leið austan af Seyðisfirði, án þess við hefði komið í nokkurri sveit. Með því móti hefðu allar sveitir orðið jafnar. Það mun ókleift að leggja síma í hverja sveit á landinu, og því er valin sú leið, sem frv. fer, að síminn komist í sem flestar sveitir landsins, þannig að þeir staðir, sem standa jafnfætis þeim, sem þegar hafa fengið síma, standa fyrst í frv. Í öðrum flokki er skipað kauptúnum og helztu veiðistöðum, vitanlega til þess að þau dragist ekki aftur úr. Þetta hefir að nokkru verið tekið fram í framsögunni, svo að eg þarf ekki að fara nánara út í það. En ef svo miklu yrði hrúgað inn í 2. fl., að ekki yrði lokið við að leggja símana í þeim flokki á skömmum tíma, þá álít eg lítið unnið við frumv., og þá er útgert um það skipulag, sem frumv. miðar að. Þetta segi eg sérstaklega vegna þeirra brt., sem nú liggja fyrir, t. d. brt. um símalagning til Súgandafjarðar; eg er raunar ekki vel kunnugur þar, en þó hygg eg að sú lína standi ekki jafnfætis 2. fl. línum, og veit með vissu, að hún stendur ekki framar sumum línum í 3. fl. Enn freklegar á þetta sér stað um brt. hv. þm. Dal. (B. J.) um línu, sem liggi um Ás-

garð til Tjaldaness. Það er sanngjarnt, að sú lína sé í 3. fl., þótt ekki standi hún eins framarlega og flestar línur í þeim flokki. Það er sprottið af ókunnugleika hjá háttv. þm. Dal., að segja að þessi lína standi öðrum framar í þessum flokki. Mér er kunnugt um þetta og hefi margsinnis borið mig saman við landsímastjórann, sem er fyllilega samdóma, og er hann líklega fult eins fær að dæma um þetta og hv. þm. Dal. (B. J.). Það er ekki rétt að gera einum hærra undir höfði en öðrum, að öðru jöfnu. Að samþ. þessar 2 síðastnefndu brt., mundi draga þann dilk á eftir sér, að þær línur, sem framar standa, verða settar í 2. fl., t. d. 2 línur, sem eftir 3. umr. hér í fyrra voru í 2. fl. en samkv. þessu frv. eru í 3. fl., nfl. línan frá Akureyri að Höfða og línan frá Lækjamóti að Hvammstanga. Þeir mega skilja það, hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og Dal. (B. J.), að ef hlaupið er í kapp með að færa til línurnar, þá muni eg ekki sitja hjá, þar sem eg hefi miklu meiri líkur til að koma fram mínu máli, vegna þess að sanngirnin er mín megin. Við það að koma sem flestum símum í 2. fl., lengist að eins tíminn, og er þá lítið unnið.

Þá skal eg víkja að till. hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) og hv. þm. Dal. (B. J.) um að kippa burt tllaginu frá héruðunum. Það hefir verið ekki svo lítil ásókn að kippa burt héraðatillaginu frá hliðarlínunum og í sambandi við það verið sagt, að hér væri um jafnréttiskröfu að ræða. En ekki geta allir fengið símann samtímis, né heldur er þörfin alstaðar jafnbrýn. Ef til vill er engi mælikvarði öruggari en hvernig símarnir borgi sig, og fer þá mælikvarðinn eftir því, hve mikið símarnir eru notaðir. Nú er það víst, að sumir símar borga sig ekki, og er þar þörfin þá minst, og eðlilegt að landssjóður skirrist við að leggja fé fram til slíkra síma. En þar sem aftur er veruleg þörf á símum, hafa menn sýnt það og eiga að sýna með því að vilja eitthvað á sig leggja. Ef þessi mælikvarði væri tekinn burtu, yrði ekkert að miða við um þörfina, annað en sögusagnir og ímyndanir. Hér er dálítil veila í, ef á að samþykkja línur, áður en vitað verður, hvort þær borga sig. Þótt eg sé ekki beint á móti símalagningu til Hornstranda og viti ekki, hvað hann kostar né hve mikið hann muni gefa í aðra hönd, þá get eg samt ímyndað mér að hann beri sig ekki. Eg skal þó ekki bera á móti, að til kunni að vera aðrar ástæður til að leggja þennan síma, og því er eg ekki svo mjög á móti því að setja hann í 3. fl., þótt eg álíti vafa á, að landssjóður eigi um langan tíma ráð á að leggja fé í síma, sem ekki hefir meiri líkur til að bera sig en þessi.

Eg vildi óska, að menn skirðust við að koma ruglingi á það skipulag, sem frv. hefir í för með sér, eins og það kemur frá stjórninni, þótt það sé mínu kjördæmi í óhag, samanborið við það, hvernig frv. leit út eftir 3. umr. í fyrra. Þoki aðrir línum sinna kjördæma sinna upp nú, mun eg ekki gera mér grillu út af því að koma með brt. við 3. umr. um línur míns kjördæmis.

Skúli Thoroddsen: Háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir að vísu svarað hæstv. ráðherra (H. H.), en þó vildi eg bæta við nokkurum orðum, að því er snertir 2 til 3 atriði.

Hæstv. ráðherra (H H.) sagði, að tillaginu frá »Stóra Norræna félaginu hefði verið varið til símalagningarinnar. Það er hverju orði sannara. En þá er líka aðgætandi að »stóra norræna ritsímafélagið« fekk, gegn tillagi sínu, einkarétt hjá landinu, eða fult ígildi borgunar, — sama sem ákveðna borgun. Að réttu

lagi átti því eigi eitt hérað landsins öðru fremur réttt til tillagsins, sem landsjóði var goldið fyrir einkaleyfið, og sem varið var til aðal-símalínunnar, milli Seyðisfjarðar og Reykjavíkur.

Þar sem hæstv. ráðherra (H. H.) tók það fram, að það væri nauðsynlegur og réttur mælikvarði, að því er þörf símanna snerti, hvort héruðin vildu nokkuð á sig leggja til þess að fá þá eða ekki, þá vil eg benda á, að vitneskju um þörfina getur þingið fengið á margan annan hátt, bygt t. d. á þekkingu kunnugra þingmanna o. s. frv.

Hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, að ekki væri rétt að telja árgjaldið frá landsjóði til »Stóra Norræna«, 35 þús. kr., sem kostnað við rekstur landsímanna, en það er um þetta atriði, eins og um vexti af símalagningarkostnaðinum, að eg get ekki verið honum samdóma, þótt raunar skifti það ekki miklu; en aðgætandi er þó, að fé þetta er greitt, til þess að landsíminn geti komið að fullum notum.

Viðvíkjandi því, hvernig síminn beri sig, þá hygg eg og, að ef öll kurl koma til grafar, eins og eg drap á, þá sé reyndar of mikið gert úr arðinum, því að þótt nytsamt geti verið, og oft komið sér vel, að embættismenn og stjórnvöld noti símann, og skemtilegt sé að hafa veðurskýrslur, þá eru tekjurnar af því þó ekki peningar í vasann.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) þótti sanngjarnt, að héruðin greiddu tillag, og sýndu á þann hátt vilja sinn og sönnuðu þörfina. — En hann gætir þess þá eigi, að þetta felur í sér tvenns konar ranglæti gegn héruðunum, er utan aðal símalínunnar eru: 1) að þau fá símann seinna og 2) að þegar þau loks fá hann, verða þau að borga fyrir það.

Sami háttv. þm. áleit, að síminn að Höfn á Hornströndum mundi ekki borga sig. Þetta sprettur af ókunnugleika hans, og hefir þó verið bent á, að þangað sækir mesti fjöldi útlendra og innlendra fiskiskipa.

Fjölda héraða þeirra, sem tillög er ætlað að greiða, gerir fámennið erfiðara fyrir, og lega og staðhættir eru þannig, að þau eru ver sett; en við það, að símar koma í önnur héruð, virðist svo sem örðugleikarnir vaxi, og þau verði enn meiri útkjálkahéruð, en áður.

Það er undarlegt, að leggja á móti því, að afnema héraðatillögin, af því að landsjóður hafi þegar fengið 84 þús. kr. í héraðatillögum, því að ekki munar hann það miklu, að endurgreiða þá upphæð, og bæta þannig gerðan órétt, — verður það eigi að mun tilfinnanlegt, borið saman við sýslu- og hreppsfélögin.

Að öðru leyti er eg þakklátur hæstv. ráðherra (H. H.) fyrir það, hvernig hann tók í br.till. að því er snertir væntanlegar símalagningar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og vænti þess því, að hún fái góðan byr í deildinni.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg álít það alveg óþarft að vera að halda nú langa tölu. Aðal-br.till. um að fella burt tillögin frá héruðunum, hefir þegar verið svarað af hæstv. ráðherra (H. H.) og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og hefi eg engu þar við að bæta, en það vil eg taka skýrt fram, að nefndin er á móti br.till. á þgskj. 145, um að talsími til Súgandafjarðar sé færður í 2. flokk. Nefndin er sömuleiðis á móti br.till. 1 á þgskj. 182, um að hafa talsímalínu frá Búðardal að Tjaldanesi í 2. flokki. Oss, sem erum í nefndinni, liggur auðvitað í léttu rúmi, hvort það er beint tekið fram í frv. eða ekki, um línuna frá Snæfjöllum til Hafnar á Hornströndum, að hún skuli teljast í 3. flokki, annars er gert ráð fyrir þeirri línu á símakorti, sem liggur frammi á lestrarsalnum, og er hún þar talin í 3. flokki, þó ekki sé það beint nefnt í frv. Það sama er að segja um talsíma til Hlíð-

arenda, að báðar þessar línur geta falist í 4. gr. frv. þó þær séu ekki nefndar.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) fann að því, að landssjóður tæki tillög frá sýslunum og kallaði hann það, að taka fé hvar sem hann gæti klófest það; landssjóður leggur nú svo mikið af mörkum til sveitamála, sveitafélaganna, sem þó í raun réttri sveitarfélögin sjálf ættu að kosta, svo að hér verður þá ekki um neina klófesting af landsjóðs hálfu að tala.

Því hefir verið haldið fram hér í deildinni, að það mundi verða mikill gróði að síma til Súgandafjarðar, en eftir því sem landsímastjórinn segir, þá mun viðhald á þeim síma verða mjög svo dýrt; óhætt mun vera að treyst því að þetta sé rétt, því hann hefir sennilega athugað allar kringumstæður.

Annars hefi eg ekki, að svo stöddu, fleira að athuga.

Jóhannes Jóhannesson: Sem formaður nefndarinnar vil eg leyfa mér að taka það fram, að nefndin er sterklega mótfallin br.till. 1. á þgskj. 143, um að flytja talsímalínuna til Vestmannaeyja til 1 flokks, sakir þess að það mundi draga óþægilegan dilk á eftir sér, fyrst og fremst að enþurborga 4000 kr. til Rangárvallasýslu sem hún hefir þegar lagt til línunnar, og í öðru lagi eru endastöðvarnar á fyrsta flokks línum starfræktar að öllu leyti á landssjóðs kostnað. Nú leggja Vestmannaeyingar 400 kr. á ári til reksturs stöðvarinnar í Vestmannaeyjum, en sem mundu falla burt við samþykt þessarar br.till. Nefndin viðurkennir það, að Rangárvallasýsla hafi lagt fram talsvert mikið til þessa talsíma og sýnir nefndin það í verkinu með því, að hún leggur til að lækka til Víkursímans um 1000 krónur, sem annars mundu leggjast á Rangárvallasýslu. Eg vil því leggja til, að 1. br.till. og þar af leiðandi 2. br.till. á þingskj. 143 verði feldar.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg þóttist hafa tekið það nógu skýrt fram, fyr í dag, við umræðurnar, það sem hv. form. nefndarinnar sagði, en mér hefir þó gleymst að svara hv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) um það, hvenær símalagning 2. flokks línanna yrði lokið. Landsímastjóri sagði, að þeim mundi verða lokið svo fljótt, sem starfskraftar símans og ýmis atvik leyfðu. Til dæmis að leggja ekki mikið síma þau ár, sem efni er dýrt, af því að það eru oft áraskifti á verði efnisins. Landsímastjóri gerði ráð fyrir að lagning 2. flokks lína yrði lokið, í lengsta lagi, á þrem árum og að þá yrði byrjað að leggja 3. flokks línurnar. Stöðvarþjónustuna var gert ráð fyrir að sveitarfélögin kosti.

Eggert Pálsson: Eg vildi leyfa mér að gera að eins suttta athugasemd út af orðum háttv. formannns nefndarinnar. Hann sagði, að ef br.till. mín á þgskj. 143, við 2. gr. frv. yrði samþykt, þá yrði landssjóður að gefa eftir 4000 krónur. Það má nú að vísu segja, að svo yrði, 4 þús. kr. á pappírnum, en í reyndinni yrðu það þó aðeins 3000 kr. Eg ætlast nefnilega ekki til að br.till. nefndarinnar við 5. gr. frv. yrði samþykt, ef mín br.till. fengi fram að ganga, og fengi þá landsjóður 5000 króna tillag til Víkursímans, en ef tillaga nefndarinnar yrði samþykt, þá fengi landssjóður þar að eins 4000 kr., eða 1000 krónum minna, heldur en ef mín br.till. gengi fram. Eg kom með br.till. mína engu síður með tilliti til Vestur-Skaftafellssýslu, en Rangárvallasýslu, sem ekkert verður fáanleg að leggja og ekkert getur lagt til Víkursímans, ef br.till. mín verður feld. En þá er hætt við að dregist geti nokkuð lengi að Víkurlínan komist á, þar eð búast má við, að jafn-

fámennri og fátækri sýslu, eins og Vestur-Skaftafellssýsla er, verði þungbært að greiða ein út af fyrir sig það tillag til Víkursímans, sem landsstjórnin heimtar, og eins líklegt að hinir eystri hreppar sýslunar vildu ekki gefa samþykki sitt til að greiða svo mikið fé úr sýslusjóði þótt getuna ekki vantaði, þar sem Víkursíminn kæmi engum hluta sýslunnar að verulegum notum nema syðsta hreppunum eða Mýrdalnum, því að fyrir austan Vík tekur við langur örœfasandur, sem mjög hindrar allar samgöngur þar.

Háttv. formaður nefndarinnar fann það einnig athugavert, að ef till. mín yrði samþykt, þá yrði stöðin í Vestmannaeyjum 1. flokks stöð. En þau vandræði! Í reyndinni mun nú stöðin í Vestmannaeyjum vera 1. flokks stöð og haldið jafn-lengi opinni sem 1. fl. stöð, þótt talin sé í 2. flokki. Svo að þótt hún yrði talin 1. flokks stöð í stað 2. flokks, þá breytir það í raun og veru ekki neinu, nema landssjóðurr tapar þessum 400 kr., sem Vestmannaeyingar nú leggja til reksturs hennar. En að vera að horfa í jafn smávægilegt sem þetta 400 kr. árstillag frá Vestmanneyingum, finst mér ekki viðeigandi, síst þegar litið er á það, að þetta er sú línan, sem einna bezt borgar sig, og að minsta kosti er réttþærri til að teljast til 1. flokks en síminn frá Reykjavík til Ölfusár.

Jóhannes Jóhannesson: Eg vildi að eins geta þess, að þótt Vestur-Skaftfellingar eigi langt til stöðvar í Vík, þá er það þó tilfellið að þeim sparast mikið meira ómak við að leita þangað til símtala, heldur en að þurfa nú að fara alla leið til Garðsauka. Annars finst mér það ekki svo mjög geypilegt, þó að þeir legðu til 4000 kr. Mér finst það að vísu mjög óeðlilegt að lína frá Reykjavík til Ölfusár skuli vera í 1. flokki, það hefði hún aldrei átt að vera, enda ættu hvergi að vera 1. flokks línur nema þar sem nauðsyn krefur, og ættu þær þá að geta borið sig sjálfar. Eg vildi ítreka það, að ef br.till. háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) yrði samþykt, þá mundi það baka landssjóði svo mikil útgjöld fram yfir það sem nú er.

Benedikt Sveinsson: Eg er á sama máli og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) um það, að þær línur eigi að ganga á undan öðrum línum, sem leggja á þangað sem þörfin er mest. En eg er ekki á sama máli um það, að landsjóður eigi eingöngu að kosta þessar línur sem mest þörf er á, en hinar séu kostaðar af héruðunum að meira eða minna leyti. Því að það er hreinasta ranglæti, að það fari saman, að hinar síðarnefndu línur verði bæði látnar bíða lengst og síðan þurfi héruðin, sem útundan hafa orðið, að borga þær úr sínum vasa. Símakerfinu hefir verið líkt við vegakerfið, en það er alveg rangt. Reykvíkingar hafa til dæmis ekkert gagn af vegaspottum lengst norður á Hornströndum eða í öðrum fjarlægum héruðum landsins, en aftur geta þeir haft gaga af hverri einustu aukalínu sem er í sambandi við landsímann, hvar sem er á landinu og símað með þeim. Eg hygg því mjög sanngjarnt, að landið kosti alla síma. Menn hafa líka líkt símakerfinu við viðkomustaði skipa og plágu þá er því fylgi, að menn séu ávalt að biðja um nýja og nýja viðkomustaði; sem satt er, að það getur orðið mörgum skaði að viðkomustaðir skipa séu geypi margir, þótt það kunni að vera hagnaður einstökum mönnum. En þessi samlíking er líka gersamlega röng, því að *enginn* tapar þó á því, að hann eða aðrir komist í ný símasambönd og geti þá náð í samband við sem flestar stöðvar og er þessu því ekki rétt saman að jafna. Það er bersýnilegt, að það er því betra fyr-

ir landið í heild sinni og hvern einstakan símanotanda hvar sem er, sem símarnir eru fleiri; og sem sagt mér finst ranglátt að láta fátækustu héruðin verða þyngst úti. Menn verða að játa það, að síminn er jafnt fyrir alla. Símakerfi landsins er þeim mun meira virði á sérhverjum stað, því fleiri bygðir og héruð sem síminn kemst í, alveg á sama hátt, sem hverjum símanotanda hér í Reykjavík eru meiri þægindi að bæjarsímanum þegar hann er kominn í 300 hús, heldur en hverjum símanotanda var, meðan síminn var aðeins í 25 húsum.

Hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði, að aukalínurnar væri eins og ómagar, sem héngi á höfuðlínunni og að landssjóður ætti ekki að kosta aðrar línur en þær, sem gæti borið sig. Þessu verð eg hvorutveggju að mótmæla. Í fyrsta lagi er alveg óséð, hversu höfuðlínan borgaði sig, ef hún væri ekki notuð af aukalínunum, svo að það mætti víst engu síður með sanni segja, að hún lifði af þeim. Yrði að minsta kosti örðugt að gera þar upp á milli. Í annan stað vil eg benda á, að eg býst við, að mönnum þætti fara að skerðast um póstgöngur hér á landi, ef lagðir væri niður allir aukapóstar, sem ekki væri talið að hefði svo mikið að flytja af bréfum og öðrum sendingum, að frímerkin borguðu kostnaðinn. En eftir þessari kenning háttv. þm. o. fl. manna hér, þá ætti að demba kostnaðinum af aukapóstum á sýslufélög og hreppsfélög, að minsta kosti í strjálbygðari héruðum. Mundi það þykja sanngjarnt eða réttmætt? Nú fara aukapóstar út á hvern útskaga og inn í hvern afdal, að kalla má, og dettur engum annað í hug, en landið kosti þær ferðir. En nú verður símasamböndum bezt líkt við póstsambönd; því fleiri póststöðvar og því fleiri símastöðvar, því fullkomnara alt sambandið í heild og haghvæmara *öllum*. Þess vegna réttlátast að landssjóður kosti hvorttveggja að öllu leyti. Eg býst reyndar ekki við, að sú réttlætiskrafa verði viðurkend í þetta sinn, en hún getur orðið viðurkend seinna.

Eg vil lauslega minnast á heimild landsstjórnarinnar til að láta reisa loftskeytastöð í Reykjavík. Hún er mikið betur orðuð nú, en hún var í stjórnarfrumvarpinu, og hefir brt. mín þá að nokkru verið tekin til greina, en mér finst það undarleg viðbót, sem er á þgskj. 150 og er frá nefndinni, hún er svona: »og í samræmi við gildandi samninga«. Það er svo sem auðvitað að hér yrði ekki sett upp loftskeytastöð í bága við gildandi samninga. Þessi viðbót nefndarinnar er því alveg gagnslaus hortittur.

Ráðherrann (H. H.): Eg er því eiginlega samþykkur, að það ætti ekki að þurfa að taka þetta atriði sérstaklega fram í frumvarpinu. En það skaðar ekkert, og eftir atvikum er æskilegt að brt. verði samþ. fyrir glöggleika sakir. Það er átt við samningana við Stóra-Norræna og Bretland. Það er í samningum þessum, að ekki verði reistar í Danaveldi þráðlausar langskeytastöðvar, án þess að brezka stjórnin viti. Þessir samningar voru samþ. fyrir Íslands hönd, af þáverandi ráðherra. — Vér yrðum auðvitað að taka tillit til þessara samninga þó það ekki væri beint tekið fram í lögum þessum, en sé það beint nefnt, þarf engum að blandast hugur um það fyrirfram, að vér séum samninganna minnugir, og gæti það þannig ef til vill sparað óþarfa fyrirspurnir og bréfaskriftir.

Bjarni Jónsson: Hv. þm. S.-Þing. (P. J.) vék nokkrum orðum að okkur þremenningunum, sérstaklega að mér. (*Pétur Jónsson:* Er þm. Dal. framsögumaður minni hl.?) (*Forseti:* Hann hefir að eins einu sinni tekið til máls). Þm. dreymir. Hann hefir víst aldrei verið í

nefnd, þar sem hann hefir þorað að vera í minnihluta, og verður því svo minnistætt að eg þorði, að hann heldur að eg sé það æ síðan. — Hann þakkaði stjórninni mikið fyrir að hafa komið fram með þetta frv., en hvort fyrverandi stjórn eða núverandi átti þakkirnar, fekk enginn að vita. Hann hefði helzt átt að þakka sjálfum sér, því frv. mun að miklu leyti vera undan hans rifjum runnið. Það má vera leiðinlegt að fylgja þeirri stefnu, sem hann fylgir í síma- og vegamálum og fá ekki betri árangur, en þetta frumv. sýnir.

Hann hélt því fram að þeir staðir ættu að ganga fyrir, þar sem þörfin væri mest og sími kæmi að mestum notum. Það er nú gott og blessað, og ekki skal eg hafa á móti því, en það þarf þá að liggja undir dóm einhverra manna, hvar þörfin er mest. Ef þm. væri spurður hver ætti að dæma um það, efast eg ekki um að hann mundi benda á sjálfan sig. En fleiri hafa nasasjón af því, sem gera þarf hér á landi heldur en hann. Hvað sérstaklega viðvíkur brt. minni, sem hann lagist þungt á móti, þá held eg að hann hafi bygt þar á fremur lítilli þekkingu. Talsímalína frá Búðardal að Tjaldanesi mundi óefað verða stórt framfara og gróðaspor fyrir nærliggjandi sveitir. Þar að auki mundi það koma vel heima við grundvallarreglu hans, að láta kaupstaðina sitja í fyrirrúmi, því að nú þegar er vottur til kauptúns í Salthólmavík.

Eg vildi nú að kauptúnunum og sveitunum væri gert nokkuð jafnt undir höfði í þessu efni, og verður hann að fyrirgefa mér, þótt eg fylgi þessari jafnréttisstefnu.

Engum gæti dottið í hug að segja að línan frá Hofi í Vopnafirði út í Vopnafjarðarkaupstað sé nauðsynlegri heldur en þessi lína, sem eg fer fram á. (*Pétur Jónsson:* Hlutaðeigendur greiddu 40% af kostnaðinum). Og ekki er heldur línan frá Grund í Borgarnes svo mjög nauðsynleg. Eða þá línan frá Kalastaðakoti á Akranes, ekki er hún þarfari. En hann getur svarað því, að þessar línur hafi verið lagðar áður. Ekki veit eg heldur hvaðan honum kemur sú vizka að línan milli Eskifjarðar og Norðfjarðar sé svo merkileg. Sú lína getur ekki jafnast á við nokkra línu í þessum flokki.

Eg skal ekki telja fleiri línur til samanburðar. Eg vona að hinn hv. þm. S.-Þing. (P. J.) sjái að þessi lína, sem eg fer fram á, er fult eins nauðsynleg eins og þær, sem eg nú hefi nefnt, og ímynda mér að hann fallist á að leggja hana nú þegar.

Eg hefi hér fyrir mér kort af Íslandi, þar sem öll suðurströndin er merkt með rauðum punktastrikum. Hvernig á eg að skilja þetta? Á eg að bíða eftir síma í Búðardal, þangað til búið er að leggja símalínur austur alla ströndina? Eg skil ekki hvers vegna menn eru að metast um þetta, úr því að hvort sem er þarf að taka lán. Því ekki að taka dálítið stærra lán, til þess að hægt sé að verða við óskum og þörfum fleiri manna? (*Ráðherra:* Það þarf að borga lánið.) Þingmenn ættu þó ekki að vera hræddir um lánstraust landsins, þegar þeir eru nýbúnir að samþykkja lög, sem eg hefi list nokkuð hér í deildinni. Það sýnist vera aðal ásæðan, að menn vilja ekki koma neinum ruglingi á frv. En eg held að það sakaði ekki, þótt því væri eitthvað breytt, annað eins rugl og þetta frv. er.

Hv. frmsm. (J. M.) sagði, ef mér er rétt frá sagt, að sveitirnar væru ekki of góðar til að leggja eitthvað til símanna því þær fengju svo mikinn styrk af landssjóði. Eg skal geta þess, að á seinasta þingi var veittur 1500 kr. styrkur til skóla á Ísafirði og 1200 kr. styrkur

til skóla á Seyðisfirði, en samskonar skóli í sveit fekk engan styrk. Eg segi þetta til að benda á eitt dæmi um jöfnuðinn, sem sveitunum er sýndur á borð við kauptúnin.

Einn þm. sagði að aukalínurnar lifðu á aðallínunum og þess vegna ættu þær að borga eitthvað. Eg held það væri réttara að snúa setningunni við. Það er rétt, sem hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að því meira sem símakerfið stækkar, því betur mun það bera sig yfirleitt.

Það er merkilegt að þm. S.-Þing. (P. J.) skyldi leggja á móti br.till. 2. þm. Rang. (E. P.), eins rétt og sanngjörn eins og hún er. Það sem hann aðallega lagði áherzlu á var, að Vestmannaeyjastöðin yrði dýrari fyrir bragðið. En stöðin í Vestmannaeyjum er eins lengi opin eins og stöðin í Reykjavík. Eg ætla nú að hringja út í Vestmannaeyjar rétt fyrir kl. 9, þegar fundur er úti.

Það sem hæstv. ráðherra (H. H.) svaraði til fárra orða, sem þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, kom mér óvart. Ekki það, að hann nefndi samninginn við »Stóra Norræna«, heldur það, að hann talaði um einhverja samninga við Breta, sem eg hefi aldrei heyrt nefnda. Það væri nógu gaman að vita um þá samninga, hvort þeir hefta rétt okkar til að senda loftskeyti vestur um haf.

Ráðherrann (H. H.): Það er ef til vill ekki rétt, að kalla það »samning«, sem hér er um að ræða, ætti heldur að vera »samkomulag«. Það er samkomulag, milli stjórna ríkjanna, og á væntanlega eitthvað rót sína að rekja til hlutleysisumleitana, að láta hvor aðra vita, ef settar eru upp loftskeytastöðvar til langra fjarlægða. Annars er ekki hægt að hugsa til að setja upp hér á Íslandi loftskeytastöð, er hafi samband við útlönd, án þess að hafa samband við stöð í Bretlandi. Til þess þarf að sækja um leyfi til brezku stjórnarinnar, þótt ekkert sérstakt samkomulag væri.

Einar Jónsson: Eg skal lofa því hátíðlega, að tefja ekki umræðurnar.

Eg stend nú eiginlega ekki upp til að gera grein fyrir atkvæði mínu í þessu máli, þar sem eg, eins og eg get ætlast til að allir þingmenn aðrir, séu búnir að mynda sér ákveðna skoðun um málin, eftir að þau hafa legið fyrir í nefndum og á sérstökum þingskjölum við 1. og 2. umr. í alt sumar, heldur til að vita það, að menn eru farnir að leggja það í vana sinn að þreyta deildina með óþörfum umræðum dag eftir dag, og skal eg hreinskilnislega játa það, að eg beini þessum orðum sérstaklega til hv. þm. Dal. *(Bjarni Jónsson:* Eg þættist hafa unnið þarft verk, ef mér hefði tekist að fæla 1. þm. Rang. (E. J.) út úr þingsalnum, því þangað hefði hann aldrei átt að koma) get verið samþykkur því, en hygg að þá hefði Dalasýsla ekki átt að baka landinu kostnað með allri mælgi síns þingm., en landið sjálft einkum að spara laun þess sama manns sem viðskiftaráðunauts.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er hér sem oftar verið að toga skækilinn milli kjördæmanna. Eg stend nú ekki upp til að toga skækil míns kjördæmis, hvorki til né frá. Mér finst þetta frv. ekki verðskulda eins ómjúkar undirtektir eins og það hefir fengið. Tala eg það helzt til þeirra manna, sem eru að tala um misrétti. Þegar síminn var fyrst lagður hingað til lands, var sjálfsagt að leggja hann til höfuðstaðarins yfir þau héruð sem beinast lá við. Að sjálfsögðu var ekkert tillag heimtað af þessum héröðum, þó þar væru settar upp stöðvar, úr því að yfir þau þurfti að leggja símann hvort sem var. Síðan hafa nokkur héruð beðið um síma til sín og boðið framlag frá sér til lagning-

arinnar, og hefir það orðið til þess, að farið var að skattleggja hvert hérað, er síma fær. Við þetta hefir komið fram misrétti við þau héruð er fyrst fengu síma.

En nú mætti benda á ýmsa vegi til að jafna þetta misrétti. Það mætti t. d. nefna þann veg, að landssjóður endurborgi þeim sveitum, sem þegar hafa goldið tillag og heimtaði svo ekkert tillag framvegis. En eg býst við að það þætti tilfinnanlegt að snara þeirri upphæð út úr landssjóðnum nú. Það mun nú vera orðið um 80,000 kr. sem sveitirnar eru búnar að leggja fram til símalagningar. En það má benda á annan veg. Ef til vill mætti jafna misréttið með því, að leggja einu sinni fyrir alt gjald á þær sýslur, sem hafa fengið síma.

Eg geri þetta alls ekki að tillögu minni, heldur vildi eg að eins benda þm. á, að þetta væri vegur til að jafna misréttið milli héraðanna.

Pétur Jónsson: Eg ætla mér ekki að fara að yrðast við hv. þm. Dal. (B. J.), því eg tók ekki eftir því, að hann færði nokkur rök fyrir máli sínu.

Mér hefir aldrei dottið í hug að til mín yrði skírskotað um hvað réttast væri í þessu máli. Til þess brestur mig kunnugleik. En eg efast ekki um að óhætt sé að fara að ráðum símastjórans, sem ferðast hefir um alt landið, og er allra manna kunnugastur og hefir bezt vit á hvaða símar bera sig og hvar þörfin er mest. Þar sem landsstjórnin hefir þennan mann fyrir ráðunaut sinn í þessum efnum, hygg eg að vel megi hlíta aðgerðum hennar og treysta henni til að ráða sem bezt fram úr þessum símamálum. — Þó mikið vanti á að eg hafi fullkomna þekkingu í þessu efni, efast eg ekki um að eg er bæði sanngjarnari og betur að mér um símamál heldur en háttv. þm. Dal. *(Bjarni Jónsson:* Það er nú rangt.)

Viðvíkjandi því sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, skal eg geta þess, að ef framlag héraða til símalagningar væri afnumið og greitt til baka það sem héröðin hafa hingað til lagt fram, sem nú nemur um 120 þús. kr. með því sem nú er gerð áætlun um til 2. fl. síma, — þá yrði það ekki til annars en þess að auka misréttið gagnvart þeim héruðum, sem eftir eiga að fá síma. Þau yrðu þá að bíða, því ekki er hægt að taka ótakmarkað fé til láns til nýrra og nýrra símalagninga, en eg er viss um að héruðunum er miklu bagalegra að bíða lengi eftir síma, heldur en að leggja fram sinn skerf af kostnaðinum við lagninguna. Og það hefir sýnt sig hingað til að héruðin hafa heldur kosið að leggja til fé heldur en að bíða. Eg álít þessu máli bezt borgið með því að landssjóður, héruðin og einstakir menn legðust á eitt og styddu hver annan í að koma því áleiðis. Það er auðvitað sanngjarnt að hvert hérað og hver sveit fái svo fljótt síma sem hægt er og þörf er fyrir, en þau verða þá eitthvað á sig að leggja til þess.

En ef ætti að afnema héraðatillögin og borga til baka þeim héruðum, sem þegar hafa fengið síma, þá yrði það, eins og eg sagði áðan ekki til annars en að auka ranglætið við þau héruð, sem bíða og fyrst um sinn verða að bíða eftir símalagningu.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

1. brt. 143, feld með 12 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðl. Guðmundsson
Jón Jónsson Rvk.	Halldór Steinsson
Benedikt Sveinsson	Jóh. Jóhannesson
Bjarni Jónsson	Jón Magnússon
Einar Jónsson	Kristján Jónsson
Hannes Hafstein	Ólafur Briem
Jón Ólafsson	Pétur Jónsson
Lárus H. Bjarnason	Skúli Thoroddsen

Já:	*Nei:*
Matthías Ólafsson	Stefán Stefánsson
Sigurður Sigurðsson	Tryggvi Bjarnason
	Valtýr Guðmundss.
	Þorleifur Jónsson.

Björn Kristjánsson og Jón Jónsson 1. þm. S.-Múl. fjarstaddir.

2. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

2. brt. 143, sjálffallin.

1. brt. 134, sþ. með 14:3 atkv.

2. brt. 134, sþ. með 13:2 atkv.

1. brt. 145, feld með 13:9 atk., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Jónsson Rvk.
Benedikt Sveinsson	Guðl. Guðmundsson
Bjarni Jónsson	Halldór Steinsson
Einar Jónsson	Hannes Hafstein
Jón Ólafsson	Jóh. Jóhannesson
Matthías Ólafsson	Jón Magnússon
Sigurður Sigursson	Kristján Jónsson
Skúli Thoroddsen	Lárus H. Bjarnason
Þorleifur Jónsson.	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason
	Vatýr Guðmundss.

Björn Kristjánsson og Jón Jónsson S.-Múl. ekki við.

1. brt. 82, feld með 15:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Jónsson Rvk.
Benedikt Sveinsson	Guðl. Guðmundsson
Bjarni Jónsson	Halldór Steinsson
Einar Jónsson	Hannes Hafstein
Matthías Ólafsson	Jóh. Jóhannesson
Skúli Thoroddsen	Jón Magnússon
Þorleifur Jónsson.	Jón Ólafsson
	Kristján Jónsson
	Lárus H. Bjarnason
	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Sigurður Sigurðsson
	Stefán Stefánsson

Já:	*Nei:*
	Tryggvi Bjarnason
	Valtýr Guðmundss.

Björn Kristjánsson og Jón Jónsson S.-Múl. ekki við.

3. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 19 shlj. atkv.

Br.till. 182, 2 sþ. með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðl. Guðmundsson
Jón Jónsson Rvk.	Jóh. Jóhannesson
Benedikt Sveinsson	Jón Magnússon
Bjarni Jónsson	Jón Ólafsson
Einar Jónsson	Kristján Jónsson
Halldór Steinsson	Ólafur Briem
Hannes Hafstein	Pétur Jónsson
Lárus H. Bjarnason	Stefán Stefánsson.
Matth. Ólafsson	
Sig. Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	

Br.till. 145, 2 tekin aftur.

Br.till. 143, 3 sþ. með 13 atkv. shlj.

Br.till. 134, 3 sjálffallin.

4. gr. þannig breytt sþ. með 20 atkv. shlj.

Br.till. 182, 3 feld með 14:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Jón Jónsson Rvk.
Einar Jónsson	Guðl. Guðmundsson
Matth. Ólafsson	Halldór Steinsson
Sig. Sigurðsson	Hannes Hafstein
Skúli Thoroddsen	Jóh. Jóhannesson
Tryggvi Bjarnason	Jón Magnússon
Þorleifur Jónsson.	Jón Ólafsson
	Kristján Jónsson
	Lárus H. Bjarnason
	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Stefán Stefánsson

Já: *Nei:*

Valtýr Guðmundss.

Br.till. 134, 4 sþ. með 16 : 1 atkv.

Br.till. 134, 5 sþ. með 16 : 1 atkv.

Br.till. 143, 4 sjálffallin.

Br.till. 145, 3 tekin aftur.

5. gr. þannig breytt sþ. með 18 atkv. samhlj.

Br.till. 150 sþ. með 16 atkv. samhlj.

6. gr. þannig breytt sþ. með 20 atkv.

Br.till. 182, 4 tekin aftur.

7., 8. og 9. gr. sþ. með 21 atkv. samhlj.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 20 atkv. samhlj.

Þriðja umræða; 12. Águst.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Þar sem ekki liggja fyrir neinar br.till. við frv. eins og það var samþykt við 2. umræðu, sé eg ekki ástæðu til þess að fara neinum orðum um það og vil ráða hv. deild til þess að samþykkja það.

Bjarni Jónsson: Vegna þess að eg varð of seinn með br.till. sem eg hafði hugsað mér að koma fram með, vildi eg leyfa mér að bera hana undir álit nefndarinnar og spyrja hana, hvort hún hefði nokkuð á móti till., ef hún væri sett inn í E. d. Tillagan fer fram á það, að heimild sé gefin til þess að taka einnig lán til 3. flokks síma, í stað þess að eftir frv. er ætlast til þess, að til þeirra síma sé að eins varið tekjuafganginum af hinum símunum. Hitt yrði að mínu áliti mikið þægilegra fyrir stjórnina og mætti þá verja tekjuafganginum af 1. og 2. flokks símum til þess að borga vexti og afborganir af þessu láni til 3. flokks símanna.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Út af fyrirspurn hv. þm. Dal. (B. J.), skal eg geta þess, að nefndin mun ekki geta fallist á br.till. hans. Í 2. flokk eru teknir allir þeir símar, sem nokkur von er um að geti borgað sig — og til annara síma þykir okkur ekki fært að taka lán. Hinir verða að bíða þangað til afgangur verður af tekjunum af 1. og 2. flokks símunum.

Var þá gengið til atkv. og frv. sþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Frv. kom aftur frá Ed 21. Ágúst.

Ein umr., 23. Ágúst (357, 358, 388).

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg hefi engu sérlegu við að bæta það sem stendur í nefndarálitinu. Þar er gerð grein fyrir hverjar séu þær helztu breytingar, sem Ed. hefir gert á frv. Ástæðurnar til þess að Ed. hefir tekið símann frá Ölfusárbrú til Vestmannaeyja upp í 1. fl. eru þær sömu sem háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) hélt fram við 2. umr. þessa máls hér í deildinni. Er þá bygt á því, að Rangárvallasýsla fái endurgreitt tillag sitt til símans og Vestmannaeyjahreppur sé laus við tillag til starfrækslunnar. Öll sanngirni mælir með að sveitirnar leggi hvorki starfrækslukostnað né annað til þeirra síma, sem auðséð er að marg borga sig.

Eg hefi svo ekki fleira að segja að sinni. Eg vona að hv. deild samþykki frv. eins og það nú liggur fyrir. Annars gæti orðið dráttur á framkvæmdum, sem þjóðin óskar eftir og á heimting á að verði gerðar sem allra fyrst.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 14 atkv. shlj. og afgr. til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

Kaupin á Vestmanneyjasímanum.

FRUMVARP til laga um að landssjóður kaupi einkasímann til Vestmanneyja og símakerfið þar; (stj.frv. A. bls. 114). 1. umr. 19. Júlí.

Ráðherrann (Kr. J.): Í athugasemdunum við frv. þetta er þess getið að með leyfisbréfi dags. 9. Júní 1911 hafi félagi í Vesmanneyjum verið gefið leyfi til að stofna og starfrækja síma milli lands og eyja og símakerfi í eyjunum. Leyfi þetta var veitt til 1. Okt. 1912, en verði það endurnýjað, þá er skylt að endurnýja það til 9 ára, þ. e. a. s. landssjóður hefir rétt til að kaupa símann á þessu fyrsta ári, en verður að öðrum kosti að bíða næstu 9 ár með að kaupa hann. Stjórnarráðið álítur hagfelt að nota nú þegar þessa heimild. Annarsvegar lítur út fyrir að síminn muni verða mjög arðberandi og hinsvegar er þetta eini síminn hér á landi er nokkurs er um vert, sem ekki er eign landssjóðs, en réttast þykir vera, að landið eigi alla símana. Eftir skýrslu símastjóra er stofnkostnaðurinn um 45 þús. kr., en viðhaldskostnaðurinn enginn enn. Þetta er það verð sem stjórnin leggur til að síminn sé keyptur fyrir, og eru stofnendur hans samkvæmt samgingum skyldir að ganga að því. Eg veit ekki hvort álitið verður þörf á að athuga málið í nefnd, en ef hv. þingdm. sýnist svo, mætti vísa því til nefndarinnar er kosin var í málið næst á undan.

Björn Kristjánsson: Mig langar til að leita mér nokkurra upplýsinga hjá stjórninni þessu máli viðvíkjandi. Í fyrsta lagi um það, hvort fjárhagur landssjóðs sé þannig vaxinn nú, að hann sé fær um að ráðast í þessi kaup. Í öðru lagi, hvort landssjóði muni veita auðveldara að útvega lán nú, en þegar hann reyndi að útvega lán til veðdeildarbréfa kaupanna. Þá taldi stjórnin ómögulegt að útvega fé til láns. Í þriðja lagi vildi eg beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh. (Kr. J.) hvers vegna samningurinn við Vestmanneyinga hafi verið svo úr garði gerður, að landið verður að kaupa símann nú í ár, eða að bíða í 9 ár að öðrum kosti. — Það hefir verið sagt, að útlit sé fyrir að síminn verði arðberandi. Eg efast um að svo verði þegar til lengdar lætur. Þetta er eini síminn á landinu sem er í hættu, sem getur bilað þannig að viðgerðin kosti stórfé. Réttast er að félagið haldi símanum fyrst um sinn þangað til reynsla er fengin fyrir því að hann geti borið sig; það er ekki rétt að losa leyfishafa strax við ábyrgðina af honum, eftir því kappi sem þeir lögðu á það, að leggja símann fyrir eigið fé í staðinn fyrir að fá ókeypis loftskeyta samband.

Ráðherrann (Kr. J.): Hv. þm. G.-K. (B. Kr.) vil eg svara því, að líku er saman að jafna að útvega 45 þús. kr. lán eða 500 þús. kr. Auk þess er full ástæða til að búast við að þetta lán muni borga sig vel. ef dæma má eftir þeirri reynslu sem fengin er af síma þessum og eftir þeim vöxtum er hann þegar hefir gefið. Eg tel víst að auðvelt verði að fá þetta lán með sæmilegum kjörum; það hefir aldrei reynst örðugt fyrir okkur að fá lán til arðvænlegra fyrirtækja. T. d. fekst undir eins lán til að kaupa símakerfi Reykjavíkur og var það þó yfir 70 þús. kr. Eftir skýrslu landsimastjórans er sími þessi mjög tryggur og ekkert útlit fyrir að hann bili frekar en aðrir símar. — Eg get bætt því við, að það eru ekki hluthafar sem óska að selja símann, heldur landsstjórnin sem álítur hyggilegt, að

nota kaupheimildina að honum vegna hinna góðu tekna sem líklegt er að fáist af honum.

Þeirri spurningu, hvers vegna samningurinn við leyfishafa hafi verið þannig úr garði gerður að annað hvort yrði landið að kaupa símann eftir eitt ár — eða réttara sagt, væri hluthöfum skylt að láta hann af hendi eftir eitt ár —, eða ekki fyr en eftir 9 ár, get eg svarað þannig að stjórnin áleit að svo gæti farið, að þetta þing óskaði að eignast símann nú þegar, og var því landinu áskilinn þessi réttur. En hins vegar var 9 ára fresturinn settur eftir ósk hluthafa, ef svo skyldi fara að þetta þing keypti ei símann. Því eins og eg hefi sagt áður, held eg að hluthafar óski ekki að selja hann, en eru skyldir til þess ef þingið óskar nú að kaupa.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg get ekki að því gert, að mér sýnist einhver hræfuglasvipur á þessu frv. Síðasta þing neitaði Vestmanneyjingum um styrk til síma; þeir sýndu þá aðdáanlega framtakssemi og manndáð að leggja símann sjálfir. En nú er ætlast til að fyrsta þing á eftir taki af þeim símann af því að fram er komið að hann er arðvænlegt fyrirtæki. Auðvitað er eg því hlyntur að sími þessi sé keyptur þegar fjárhagur landssjóðs leyfir. En hann getur ekki talist verulega glæsilegur nú, og sýnist mér því nægilegt að athuga málið á næsta þingi og lofa Vestmanneyingum að halda símanum fyrst um sinn.

Jón Magnússon: Eg skil ekki að hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) skuli ekki vera orðinn þreyttur á að vera altaf öfugur við alla skynsemi í símamálinu. Eg get lýst því yfir fyrir hönd hluthafa að þeir mundu þakka fyrir ef þeir fengju að símanum; svo mikil fjarstæða er það að þeir óski að losna við hann. Þeir hefðu meira að segja sent mig með bænaskrá til þingsins um það, ef eg hefði ekki skýrt þeim frá því að eg gæti ekki sett mig í móti kaupunum ef ósk í þá átt kæmi fram á þinginu, af því áliti það hyggilegt af landssjóði að kaupa símann. Hluthafar eru ekkert hræddir við bilunarhættu, og eru þess fullvissir að síminn muni gefa góðan arð.

Mér var sagt — eg var ekki sjálfur inni — að hv. þm. hafi talað um styrk er Vestmanneyingar hafi fengið til símalagningarinnar. Því fer fjarri að þeir hafi fengið nokkurn styrk eða nokkur hlunnindi. Þvert á móti var alt sem landið gerði og lagði til, fært nákvæmlega til reiknings, og var landsímastjórinn enda fullharður.

Eg get tekið undir með háttv. 2. þm. S. Múl. (J. Ó.) að það væri ekki laust við óbilgirni, að taka símannn af Vestmanneyingum strax á fyrsta ári, eftir að þeir hafa haft alla fyrirhöfn við að koma honum upp, og það sem fram úr öllu hófi keyrir, að ætla að taka af þeim líka mest allan ágóðann þetta fyrsta ár!

Björn Kristjánsson: Það voru aðallega tvær viðbárur, sem eg bar fram. Önnur sú, að fjárhagur landsins væri vart svo góður nú að það gæti lagt út í þessi kaup — 45 þús. kr. er talsvert fé. Hitt var að eg álít réttara að það privatfélag er stofnað hefir símann, reki hann þangað til reynsla er fengin fyrir því hversu mikil bilunarhættan er. Eg skil ekki að orð mín hafi getað gefið hv. þm. Vestm. (J. M.) tilefni til að segja að eg sé jafnan »öfugur við alla skynsemi«. Eg vil þvert á móti fara að sem hygginn bóndi í þessu; kaupa ekki símann fyr en reynt er hvort hann getur haldið og borið sig ef slys skyldi að höndum bera. Mér finst rétt að landið bíði fyrst um sinn þessi 10 ár og athugi þá hvort tiltækilegt sé að kaupa símann. Þetta mundi hver hygginn maður hugsa eins og hér stendur á, og

er það því óréttmætt að skoða þessa stefnu mína »öfuga við alla skynsemi«.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og síðan vísað til nefndar þeirrar er kosin var í málið: Frv. til laga um ritsíma- og talsíma-kerfi á Íslandi.

Önnur umr. (Stj.frv. A. bls. 114 og þgskj. 59); 27. Júlí.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Nefndin er sammála um það, að ráða hv. deild til þess, að samþ. þetta frv. með þeim br.till., sem eru í nefndarálitinu. Hún álítur það rétt og sanngjart að landið kaupi símann fyrir það verð, sem hann hefir kostað, að frá dregnu álagi, og ekkert annað en þetta getur talist réttlátt. En um álagið sem símaeigendur eiga að greiða, er það að segja að þar er farið eftir framboðinni ábyrgð á sæsímanum, sem var 1000 kr. um árið, og svo hefir landsímastjóri verið spurður um álit sitt viðvíkjandi álagi á landsíma spottann, og áleit hann það hæfilega ákveðið 240 kr. Þá koma eiginlega út 1240 kr., en nefndin vildi hafa vaðið fyrir neðan sig og ákveða álagið 1500 kr. — Vona eg svo að hv. deild samþykki till. nefndarinnar að þessari 2. umr. lokinni.

ATKV.GR.:

Br.till. (59) við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. (59) við 2. gr. (orðabr.) sþ. án atkv.gr.

2. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. (óbreytt) sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr. (Þgskj. 94.); 30. Júlí.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg hefi ekkert frekara að segja um þetta frv. en það, sem eg sagði við 2. umr. og tekið er fram í nefndarálitinu. Eg vona að frumv. nái fram að ganga.

Bjarni Jónsson: Má eg spyrja, hvenig stendur á þessum verðmun í stj.frv. er sagt að síminn hafi kostað 45,000 kr., en hér stendur 46,550.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg skal svara þessu. Það stafar af því, að eftir að stjórnin samdi frv. var bætt við talsímasamböndum innan héraðs.

Björn Kristjánsson: Í sambandi við það sem eg sagði við 1. umr. þessa máls, skal eg leyfa mér að leita upplýsinga hjá hæstv. ráðherra um, hvort hagur landssjóðs sé svo góður, að hann geti lagt á sig þau útgjöld, sem af þessum kaupum stafa. Mér sýnist ekki rétt að aukaþing leggi þessa auknu byrði á landssjóðinn.

Ráðherrann (Kr. J.): Það er langt frá að hagur landssjóðs sé góður. En hér er ekki um útgjöld að ræða, heldur arðvænlegt fyrirtæki, sem gefur af sér um 20% í arð. Það hljóta allir að sjá, að kaup á þessum síma eru ekki til að auka gjaldabyrði landssjóðs, heldur þvert á móti.

ATKV.GR.:

Frv. sþ með 17:3 atkv. og afgreitt til Ed.

Einkaréttarsala á steinolíu.

FRUMVARP til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til þess að gera samning um einkaréttarsölu á steinolíu um um tiltekið árabil (stj.frv. A. bls. 129).

1. umr. 18. Júlí.

Ráðherrann (Kr. J.): Eins og kunnugt er komst síðasta alþingi að þeirri niðurstöðu, að auka þyrfti tekjur landssjóðs að miklum mun í næstu framtíð. Því var þá skipuð 5 manna nefnd til þess, að gera athuganir og tillögur um það, hvernig það mætti verða, og nefndi þingið sjálft 4 menn í nefndina, en stjórnarráðið einn. Hún hefir nú starfað mikinn hluta ársins sem leið, og auk þess nokkurn hluta þessa árs, og það eru tillögur hennar, sem hér liggja fyrir í frv. þeim, sem hér er útbýtt í dag. Úr því að nefndin var þann veg tilkomin, sem hún var, hefi eg talið mér skylt að leggja tillögur hennar fyrir þingið, svo að háttv. þm. geti séð og dæmt um verk hennar. Vænti eg þess, að frumvörp hennar verði lögð fyrir nefnd til athugunar. Engum vafa er það bundið, að mikið þarf að auka tekjur landssjóðs, og hvað þetta frumv. snertir sérstaklega, er eg samdóma nefndinni um það, að ekki sé svo mjög varhugavert að leita þar fyrir sér, sem steinolían er, einmitt vegna þess, að nú nú má svo heita, að einokun sé á henni hvort sem er. Nú mun vera flutt hingað til landsins um 30 þús. föt af henni á ári, og af þeim fáum vér um 25 þús., eða $^5/_6$ hluta hjá einstöku félagi. Það væri því ef til vill ekki svo fjarri, að landsstjórnin tæki sjálf að sér steinolíuverzlunina og leigði hana einhverju félagi, og ef það yrði gert, væntir nefndin 80 þús. kr. tekjuauka af því á ári.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á 7 manna nefnd í málið að lokinni 1. umræðu.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

7 manna nefnd sþ. með 19 shlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Hannes Hafstein,
Pétur Jónsson,
Lárus H. Bjarnason,
Eggert Pálsson,
Valtýr Guðmundsson,
Björn Kristjánsson,
Bjarni Jónsson.

Önnur umr., 21. Ágúst.

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Áður en eg fer að tala um einstök atriði þessa frv., þá skal eg taka það fram, að eg var í flokki þeirra manna, sem ekki vildu leyfa umræður í gær. Bar tvent til þess, fyrst og fremst það, að nefndarálitinu var ekki útbýtt fyr en í gær, enda er það eitt hið lengsta nefndarálit, sem samið hefir verið á þessu þingi og málið jafnframt eitthvert hið þýðingarmesta og stærsta, sem hér hefir komið fram nú. Eg vissi því að þingmenn höfðu alls eigi haft tækifæri til að lesa nefndarálitið. Hin ástæðan til þess að eg var andvígur því að málið væri á dagskrá í gær, var sú, að eg hafði símað til Hamborgar kl. 1 í fyrradag, og var ekki búinn að fá svar á fundinum í gær, fékk það fyrst í dag kl. um 5 e. h., eftir 28 stundir, og eftir að eg var búinn að síma á ný um mikilsverðar upplýsingar í málinu.

Eg bið háttv. forseta að afsaka þótt ekki verði 2. umr. blær á orðum mínum, enda liggja engar brt. fyrir. Nefndarálitið er á þgskj. 315; leggja þar 6 af nefndarmönnunum með því að fella frumv., en nefndinni er það að kenna, að sá 7. nefndarmanna gat ekki skrifað undir nefndarálitið, til hans varð sem

sé ekki náð, þegar nefndarálitið var látið í prentsmiðjuna, og er hann beðinn afsökunar á því.

Að svo mæltu skal eg snúa mér að frv. Meiri hluti nefndarinnar álítur að ekki beri samþykkja þetta frv., fyrst og fremst af því, að yfirleitt voru nefndarmenn ekki hlyntir einokun, sízt á nauðsynjavöru. Í annan stað telur nefdin nú nægilega séð fyrir tekjum í landssjóð, þar sem nýlega hefir verið afgreitt frá þinginu lotterifrv. og frv. til laga um síldartoll geri eg ráð fyrir að verði samþykt. Nefndin hefir athugað frv. rækilega og er andvíg því, eins og eg tók fram, og hefir því ekki viljað eyða dýrum tíma þingsins í að ræða frv. jafnvel í báðum deildum. Frv. er náskylt frv. um kolaeinokun, sem mestar umræður urðu um í vor. Þetta frv. hefir staðið í skugga fyrir kolafrv., svo að það hefir lítið verið rætt opinberlega, en er þó sannarlega vert þess að gefa þjóðinni kost á að kynna sér það, og engi skaði skeður þótt það bíði. Eg hefi orðið var við á síðustu dögum úlfaþyt út af því, að D. D. P. A. hafi sett upp verðið á steinolíu um 5 kr. tunnuna, er jafnvel eigi að hækka enn um 7 kr. Þetta er mér sagt að sé grikkur, því að slík hækkun sé ekki gerð á steinolíu í útlöndum, heldur sé sé þetta gert til að pína oss Íslendinga. Ef svo væri, kynnu að renna á menn tvær grímur, ef trygging væri fyrir að þetta frv. gæti verndað oss frá slíkri hækkun. En nú er það öðru nær, en að það verndi oss. Ef verðið hækkaði svona mikið annarstaðar, þá mundum vér engan hemil geta á því haft. Blaðið, sem fer með þessa kenning, hefir því rangt fyrir sér. En nú hefi eg heyrt, hvernið standi á þessari hækkun. Ameríska félagið hugsar sér til hreyfings út af því, hve mjög notkun dísilmótora fer í vöxt, og vill nú kúga sér til handa einkaleyfi félags þess á meginlandinu, sem hefir dísilmótora-einkaréttinn. Þetta er mér sagt af kunnugum manni, en líklegt er, að ekki muni sú hækkun standa lengi, því annaðhvort félagið verður þó að láta undan innan skamms.

Eg drap á, að samþykt þessa frumv. yrði ekki til verndar því, að verð steinolíunnar hækki ekki, þótt vér ættum við það að búa. Má í því efni benda á 4. gr. frv., sem greinir nákvæmlega frá því, hvernig miða skuli hækkun og lækkun við kauphallarverð í Hamborg. Eg hefi upplýsingar um, hve mikið kauphallarverðið var 2. Jan. 1912, sem sé Mk. 6,50 hver 50 kíló. Nú er verðið samkv. símskeyti frá Hamborg frá Mk. 8,85—9,15. Það mundi eftir reglum 4. gr. frv. og ástæðunum í nefndarálitinu svara til þess verðs, sem hér segir:

Kauphallarverðið í Hamborg var 20. Ágúst fyrir 150 kíló lægst	Mk.	25,65
En 1. Janúar 1912 . . .	—	19,15
Mismunur	Mk.	6,15

Grundvöllur fyrir útsöluverðinu í *kaupstöðum* er eftir frv. í heilum tunnum 12 aur. liter, eða tunnan . . kr. 24,00

þar við bætist þá verðhækkunin Mk. 6,15 (0,89 au.) .	—	5,48
	kr.	29,48

Ætti þá steinolían að kosta nú samkv. frumvarpinu um kr. 29,50, og er munurinn þá ekki svo mikill, er miðað er við það verð, sem olían er seld fyrir.

Eina ráðið, til þess að bjarga landinu frá því að lenda í klóm steinolíufélagsins er, að skapa keppinaut gegn því, t. d. ef þingið, stjórnin og bankarnir neyttu allra ráða til þess að gera samkepnina nógu sterka, og eigi lægi annað við borð en að danska félagið misti réttinn til að verzla hér, ef það beitti óeðlilegri samkepni.

Svo eg víki að sjálfu frv. sem liggur

fyrir, þá skal eg taka fram, að ef innleiða ætti einkasölu, þá væri ekki fulltryggilega um hnútana búið, nema frv. væri breytt frá rótum. Eg er mótfallinn allri einokun, bæði ríkiseinokun — að ríkið sjálft taki verzlun í sína hönd, og því, að ríkið selji réttinn til verzlunar með eina eða aðra vörutegund á leigu. Landið okkar er svo lítið og fáment að það þolir ekki þau einveldisáhrif er af einokun mundu leiða.

Eg skal ekki að svo stöddu fara að rekja einstöku atriði frumvarpsins, en skal gera það síðar ef ástæða verður til. Eg ætla fyrst að sjá hvort deildin muni vilja samþykkja þetta frumvarp, sem nú liggur fyrir. Og það er víst að þingtíminn endist ekki ef laga á frumvarpið svo, að það geti fullnægt kröfum jafnvel þeirra manna sem hlyntir eru einokun.

Ráðherrann (H. H.): Eg skal vera stuttorður. Eg álít tilgangslaust að fara að hefja hér almennar umræður um einokun og einkasölu, en ekki get eg látið sannfærast af almennum orðtækjum og slagorðum, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) varpaði fram. En á hitt vildi eg benda, að það væri rétt að olíuverð í Ameríku væri óbreytt, en það væri flutningsgjaldið yfir Atlantshafið sem hefði hækkað. Auk þess er það að eins Standard Oil og þau félög, sem þeim hring eru háð, sem hækkað hafa steinolíuna, en ekki önnur óháð félög. Vér í millibinganefndinni skrifuðumst á við 3 stór félög í Ameríku, sem óháð eru þeim hring, þar á meðal var Texas Compagny, frá því veit eg að kemur ágæt olía, sýnishorn af henni hafa verið rannsökuð. Verði stjórninni veitt heimild til að gera samning um einkasölu á steinolíu, er hún ekki bundin við að semja við þau félög, sem háð eru Standard Oil og Rochefeller. Eg ímynda mér að nú sé hægt að fá frá Ameríku olíu sem ekki er hækkuð í verði, og í Hamborg býst eg við að olían sé að eins hækkuð hjá þessu eina félagi. Auðsætt er að lögin gætu orðið til góðs fyrir landsfólkið, útvegsmenn, kaupmenn og fleiri þótt landssjóður ekki þyrfti þeirra til þess að afla sér tekna. Olían fengist með betri kjörum og kaupmenn losnuðu við bönd þau, er samningarnir við D. D. P. A leggja á þá, og eru þau þó ærið tilfinnanleg ef það er rétt, sem sagt var hér í deildinni áðan, að sumir þeirra væru bundnir til 1938. Móti slíkum heljar-samtökum, sem þeim er Rochefeller hefir myndað, er ekkert annað ráð en einokun, það er viðurkent af þjóðum, sem lengra eru komnar á menningarbrautinni en við.

Björn Kristjánsson: Eg verð að skýra frá, hvernig eg hefi fengið upplýsingar um verð á steinolíu í útlöndum. Eg sendi í fyrradag svohljóðandi símskeyti til Hamborgar:

Opgiv Kursen Petroleum Hamborgbörs, haster. Það er á íslenzku: Skýrið frá verði steinolíu kauphöll Hamborgar. Hraðið yður.

Svarið, sem var 28 tíma á leiðinni með símanum frá Hamborg til Reykjavíkur, hljóðar svo:

50 kilo 9,15—8,85.

Eg hefi líka upplýsingar um verð 1. Jan. 1912, 20. Des. 1911, 5. Júní 1912, 28. Júní 1912 og 29. Júní 1911. Þeir sem vilja fullvissa sig um að eg fari með rétt mál, geta fengið að sjá skeytið hjá mér. Eg hefi líka fengið lánað símskeyti hjá kaupmanni hér í bænum, er hann fékk í gær um verð á pensylvanianskri steinolíu, hún kostar komin hér á höfn kr. 30,50. Út af því sem verið var að tala um að kaupmenn væru svo mjög samningum bundnir við D. D. P. A., sumir jafnvel til 1938. Þá skal eg taka fram, að sumir eru bundnir um miklu skemri tíma, þar á meðal einn

að eins til 3. september næstk., og hann býðst til að útvega ódýrari olíu enn Steinolíufélagið danska hefir nú á boðstólum. Sú viðbára er æði þunn, að kaupmenn, sem nú verzla með steinolíu, séu bundnir samningum til svo og svo langs tíma. Þar með er gefið í skyn, að engir megi verzla með steinolíu nema þeir. En eg get fullvissað hv. þm. um að þeir hafa að lögum engan einokunarrétt hér á landi til steinolíusölu. Hver getur selt steinolíu, sem vill. Eg skal benda Ísleningum á, að ef þeir vilja fá ódýrt ljósmeti, þá þurfa þeir ekki annað en að setja flatbrennara í lampana sína, í staðinn fyrir hringbrennara, sem þeir brúka nú, því að þá má nota aðra olíu en ameríska olíu, sem er ódýrari. Með því móti gætu menn alveg komist hjá kaupum á ameríkskri olíu til ljósmatar og því engin óþægindi haft af verðhækkuninni á henni. »Parafín«, sem notað er til lýsingar á Skotlandi, er alveg eins góð olía, ef menn nota flatbrennara, og þar sjást ekki hringbrennarar í lömpum. Hvers vegna ættum við þá ekki að geta notað flatbrennara?

Tiltækilegasta ráðið til þess að vinna bug á einveldi steinolíufélagsins er að koma á fót til steinolíuverzlunar innlendu félagi, sem stjórn, þing og bankar að sjálfsögðu ættu að styrkja, en hitt er ekki rálegt, að innleiða eina einokunina, til þess að komast hjá annari. Það er að fara úr öskunni og í eldinn.

Viðvíkjandi Hamborgarskeytinu, sem eg las upp áðan, skal eg taka fram, að spurt var um verð á olíu yfirleitt og svarið ræðir líka um olíuverð yfirleitt, það sé 8,85 mörk til 9,15 mörk. Eg skal geta þess, að samanburðinn tók eg eftir lægra verðinu, því sem hagstæðast er frumvarpinu, sem hér er til umræðu. Eg ítreka, að ef menn vilja rengja það, er eg hér segi, þá geta þeir farið niður á símastöð og borið skeytið, sem eg held á hér, saman við frumritið á stöðinni.

Flutningsgjöld geta ekki haft svo mikil áhrif á steinolíuverðið að numið geti kr. 5,48 á hverri tunnu. Annars skiftir það engu í þessu sambandi, af hverju verðhækkuninn stafar. Um verðið í New-York veit eg ekki, en hitt veit eg, að það er ómögulegt að flutningsgjaldið á 150 kíló geti stigið um 6—7 mörk. Mér þykir mikið ef flutningsgjaldið frá New-Yourk til Hamborgar fyrir hverja tunnu af olíu yfirstígi t. d. 2 kr., svo um kr. 5,48 farmgjaldshækkun geti ekki verið að ræða.

Eins og eg hefi tekið fram, þá er rétta leiðin til þess að tryggja landsmönnum hagkvæma steinolíuverzlun, að þingið, stjórnin og bankarnir taki höndum saman um að styrkja innlent verzlunarfélag til þess að keppa við steinolíufélagið danska. Tillaga mín í þessu máli er, að samþykt verði dagskrá, það er orðið svo áliðið þingtímans, að engin tök eru á að laga frumvarpið svo, að viðlit væri að samþykkja það.

Eg skal, dagskránni til skýringar, taka fram, þar stendur í henni: »Ef á kynni að þurfa að halda«, þá er þar með meint ef verðhækkunin heldur áfram. Þar sem talað er um milligöngu bankanna, þá er svo til ætlast að það eigi að vera bönkunum hvöt, til þess að gera vilja þings og stjórnar þar sem í dagskránni stendur: »eftir atvikum með þátttöku landssjóðs eftir föngum«, þá er það sett inn í tillöguna — ekki af því eg viti ekki að stjórnin hefir ekkert fé til umráða í þessu skyni — heldur á það að vera bending um að til sé þingvilji sem segja vilji: Hingað og ekki lengra.

Skal eg svo leyfa mér að afhenda

hv. forseta dagskrána og óska þess að hún verði borin undir atkvæði að þessari umræðu lokinni.

Eggert Pálsson: Eins og nefndálitið ber með sér, þá hefi eg skrifað undir það með fyrirvara. — Eg get ekki verið hinum háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um að fordæma alla einkasölu — sérstaklega ekki ríkis- eða lands-einkasölu. Eg lít svo á sem allur samanburður við hina gömlu einokun eigi hér alls ekki við. Tímarnir eru nú breyttir frá því sem þá var. Einokunin gamla var lögð á af erlendu valdi og hagnaðurinn af henni rann til útlendinga, en ef hér væri nú í lög tekin ríkis-einokun í stærri eða smærri stíl, þá mundi hagnaðurinn af henni renna í landssjóð. Eg er ekki í vafa um, þótt einokunin gamla væri ill, að ef arðurinn af henni hefði runnið í vasa Íslendinga þá væru þeir vel efnum búnir nú. Ríkiseinokun getur oft verið heppileg, enda notuð bæði til þess að auka tekjur ríkjanna og bæta kjör þau er almenningur á við að búa. Það getur nefnilega vel farið saman að ríkið hafi tekjur af einokuninni og varan eða notkunin verði almenningi ódýrari. Skal eg t. d. nefna síma og póstgöngur, sem allir eru sammála um að vilja láta vera í ríkisins höndum. Líkt mætti fara með margt annað — margar verzlunarvörur — t. d. kol og steinolíu, að taka verzlunina í hendur landssjóði, á þann hátt, að hann hefði arð af því, án þess að landsmönnum yrði varan of dýr, heldur máske ódýrari. En til þess að reka slíka verzlun þarf á reglusömum og duglegum mönnum að halda og verður landsstjórnin að vanda vel valið á þeim mönnum, er hún felur slíkan starfa, og má á engan hátt gera slíkar stöður að bitlingum. En eg geri ráð fyrir, að stjórnin, ekki síður en einstakir menn, eigi völ á góðum mönnum. Hitt er talsvert annað mál, að selja réttinn til verzlunar með eina eða fleiri vörutegundir einstökum mönnum eða félögum. Það tel eg miklu varhugaverðari braut, þótt eg játi að einnig sú aðferð geti eftir atvikum komið til greina. Stjórnin verður því að semja við verzlunarfróða menn, sem hæpið er að stjórnin sjái við svo að hagsmunum landssjóðs og landsmanna sé borgið, þeir vilja auðvitað bera sem mest úr býtum, og eru þaulvanir að standa í slíkum samningum, en stjórnin aftur á móti því óvön. Það getur reyndar staðið svo á, að menn séu tilneyddir að ganga inn á þessa braut, þótt varhugverð sé, og þess vegna vil eg ekki fyrirdæma hana með öllu, en eg álít ekki ástæðu til þess að grípa til slíkra ráða nú sem stendur. Það sem orskaði að menn fóru að hugsa um að fara þessa leið var fjárþörf landssjóðs, en nú er sú ástæða fallin burt, þar sem þingið er búið að samþykkja tekjuaukalög, sem bæta fullkomlega úr fjárþörf landssjóðs í bráðina. Það er líka öllum kunnugt að tillögurnar — frá millilinganefndinni — um að selja einkarétt til verzlunar, að því er vissar vörutegundir snertir, á leigu, svo og sú stefna í heild sinni hafa mætt megnri mótspyrnu hjá þjóðinni. Og þótt eg álíti sumt af því óverðskuldað sem um þær tillögur hefir verið sagt, þá verð eg þó að halda því fram, að þjóðin þurfi að minsta kosti tíma til þess að melta slíkar uppástungur. Af framan töldum ástæðum get eg því ekki verið því samþykkur að samþykkja frv. það sem hér liggur fyrir að þessu sinni.

Það hefir orðið talsverður þytur út úr því að steinolía hefir hækkað í verði, og væri hægt að útvega landsmönnum ódýrari olíu vildi eg gjarnan stuðla að því, að svo gæti orðið, en sé það einn vegurinn að samþykkja þetta frv. óbreytt þá get eg þó ekki verið með því. Það

þarf ekki annað en að benda á 10. gr. frv. til þess að sýna að frv. er með öllu óaðgengilegt. Þar er ákveðið að ef stjórnin segir upp samningnum, þá sé landssjóður skyldur til þess að kaupa öll mannvirki, sem leyfishafi hefir gera látið til reksturs steinolíunni, án þess að ákveðið sé nokkurt eftirlit með að þau séu ekki miklu meiri og dýrari en þröf er fyrir.

Annað hvort er það sá vegurinn, sem hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) benti á, eða þá að landið sjálft ræki verzlun með olíu. En það álít eg einfaldasta veginn. Ef landið sýndi sig að geta ekki rekið verzlunina nema með tapi, en mér er óskiljanlegt að það gæti orðið svo gífurlegt, þá hefði maður gert tilraun. Og þótt nokkurt tap kynni að verða þá væri það þó aldrei einkisvert, að hafa reynsluna fyrir sér. Það mætti þá sjá nokkurn veginn glögt hvort arðvænlegra væri fyrir landið að selja verzlun á þeirri vöru sem hér um ræðir á leigu útlendu félagi eða að landið reki hana sjálft fyrir eigin reikning.

Eg þykist svo hafa gert grein fyrir fyrirvara mínum og skal því ekki orðlengja þetta að sinni, enda er tíminn naumur.

Pétur Jónsson: Ekki tími til að ræða mikið um þetta einkasölufrv. Eg skal aðeins geta þess til að sýna mína skoðun, að mér hafa virst flestar mótbárur við tillögur milliþinganefndarinnar hafa verið bygðar á miklum misskilningi og samanburði á einokuninni gömlu, og er sá samanburður als ekki viðeigandi og sprottin af vanþekkingu, ríkisskipulagið var þá alt öðruvísi en nú. Þó eg hafi verið nær tillögum milliþinganefndarinnar í »principinu«, þá hefi eg þó ekki getað fallist á að það væri heppileg aðferð til fjársöfnunar í landssjóð, að byrja á kolaeinkasölu. Öðru máli er að gegna þó menn vilji koma á einkasölu á steinolíu því að einokun á henni er fyrir í landinu. Þess vegna get eg fallist á þá heimild sem stjórninni er veitt með frv., til að ná þeim tilgangi að menn fái steinolíu jafn ódýra og áður. Og sá vinningur sem fengist við einkasöluna rynni í landssjóð. — Ef þessi tilgangur næst, þá álít eg, að vér höfum komið ár vorri vel fyrir borð, og trygt það, að steinolía fáist við viðunanlegu verði. Þessa heimild þarf stjórnin ekki endilega að nota, hún gæti samt orðið að gagni með því, að hún mundi gefa seljendum hita í haldið, og léti ekki þetta danska einokunarfélag bjóða landsmönnum afarkosti. Heimildin verður að byggjast á fullu trausti til núverandi ráðherra og stjórnarinnar. Þetta traust hefi eg. Eg treysti því að hann afli sér allra þeirra upplýsinga sem hægt er að fá um þetta mál, og að hann varist þá galla sem bent hefir verið á í »kritik« þessa máls.

Af því trausti sem eg hefi á hæstv. ráðherra (H. H.), þá vil eg ekki setja þær skorður sem 4. gr. gerir. Þær hindra als ekki klaufalegan samning, en þær geta hinsvegar hindrað gerðan samning. Mér finst óheppilegt að auglýsa hvaða skilmálum stjórnin á að ganga að, það á að vera leyndarmál, en ekki opinber auglýsing. Þessa breytingu vil eg gera að nema burt 4. gr. og fleiri breytingar sem þarf að gera í sambandi við hana mun eg koma með við 3. umr.

Skal eg svo ekki orðlengja þetta frekar, en vona að frv. gangi greitt fram í hv. deild.

Bjarni Jónsson: Eg vil geta þess að eg var svo heppinn að alt kjördæmi mitt er á sömu skoðun og eg um það, að aldrei skuli einokun á neinni vöru hér seld einstökum mönnum á leigu. Eg er á móti frumv., en með dagskrá þeirri sem fram hefir komið í málinu. Þó að frumvarpið sé felt, þá er als ekki

loku skotið fyrir það að stjórnin geti tekið í taumana á heppilegan veg.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Það verður aldrei ofsögum sagt, um þann mikla skaða sem einokunin hefir gert hér á landi, og því er von að menn séu hræddir og þeim skjóti skelk í bringu, þegar talað er um, að nú eigi að mynda hér einokun. Aftur á móti hafa ýmsir góðir menn og greindir séð það, að nota má einokun í þarfir þjóðarinnar — henni til hags — og veita landssjóði tekjur og láta menn fá vöruna sem einokuð er, við betra verði.

Einu sinni var mikið um það talað að eina verzlunarfyrirkomulagið sem viðunandi væri, væri frjáls verzlun, en nú hafa menn séð það, að einmitt með frjálsri verzlun er hægt fyrir auðuga kaupmenn eða verzlunarfélög að mynda einokun, og skal eg þar til nefna »trust« eða hringana svonefndu, sem öll Ameríka, þessi volduga þjóð, skelfur nú fyrir. Við þessum hringum (»trusts«) hefir ekki fundist annað ráð vænna en ríkiseinokun og skiftist þá hagurinn af verzluninni milli ríkisins og kaupendanna; en með frv. því, sem hér liggur fyrir, er ætlast til að ágóðanum verði skift í þrent, nefnilega fyrsti hlutinn í landssjóð, annar hluti til handa þjóðinni, en þriðji hlutinn til þess manns eða félags sem tekið hefir að sér einkasöluna. Þetta er ekkert neyðarúrræði. Þegar ríkis einokun er komin á, þá er auðvitað að bæta þarf við í þessu tilefni mörgum starfsmönnum í þjónustu þess og hafa margir látið það í ljósi að þeir óttuðust að stjórnin mundi með skipun þessara »funktionera« afla sér stjórnmálafylgis, svo að auðsætt er að mikið traust þarf að hafa á þeirri stjórn sem þetta er falið. Og í fullu trausti þess að stjórnin muni hlutdrægislaust ráða þessa starfmenn greiði eg frv. þessu atkv.

Dagskráin á þgskj. 349, held eg að geti ekki komið að neinu gagni og greiði henni því ekki atkvæði.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Út af dagskrá á þgskj. 349 vil eg geta þess að von er á frv. á morgun, sem vitanlegt er um að hægt er að koma í gegn og það jafnvel með þrem umr. á einum og sama degi, ef mönnum á annað borð er það áhugamál. Einnig mætti koma ýmsum atriðum úr því fram með br.till. við þetta frv.

Kapítalið til olíukaupa mun ekki fara fram úr 450 þús. krónum og mundu bankarnir hér hjálpa landssjóði með þetta fé, ef hann fengi leyfi til að verja því á þennan hátt, svo ekki verður hægt að hafa það sem grýlu á móti frv. að leita þurfi út úr landinu að þessu láni.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla að eins að segja örfá orð út af því sem sagt hefi verið hér í deildinni um að rangt væri að bera saman gömlu einokunina og þessa, sem nú er í ráði að demba á þjóðina. Einkum því sem hv. 2. þm. Rang. (E. P.) sagði að einokuninni hafi verið dembt á af útlendu valdi, en nú væri það ríkið, sem kæmi henni á. En ef að er gáð, þá er það líkt, því hvortveggja einokunin kemst á af hvötum stjórnar landsins. Af því að gamla einokunin reyndist illa, er sagt að hún hafi verið sett í illum tilgangi, en það er als ekki rétt. Það var gert í sama tilgangi og nú, að koma verzluninni í betra horf, og auka tekjur stjórnarinnar. Annað mál er það að menn kynnu að geta séð um að einokun þessi yrði ekki út af eins skaðleg, en aftur á móti er vafasamt að hún geti losað sig úr þeim böndum, sem hún bindur sig með þessu frv, svo fljótt sem ákjósanlegt kynni að vera. — Líti menn á alla þá starfsmenn sem stjórnin á að ráða, þá þarf ekki mikið að efa það að þessir menn gætu

orðið góðir agitatorar fyrir stjórnina og mundi þá komast á töluvert veðsjárverð »klikka«.

Eg nenni ekki að vera að eltast við einstök atriði, en æði þótti mér það undarlegt er hv. þm. S-Þing. (P. J.) vildi nema burt 4. gr. en það er einmitt bezta grein frv. Ef þingið gæti á nokkurn hátt farið að setja einokun á landsmenn, má ekki minna vera en 4. gr. fái að standa. Annars furðar mig stórlega á því að slík tillaga sem þessi skuli vera komin fram. — 11. gr. ákveður að leyfishafi setji 25000 kr. tryggingu fyrir því að samningurinn verði haldinn. En það er auðvitað, að þar sem um jafn stórkostlegan atvinnurekstur er að ræða, er þessi upphæð einskis virði sem trygging. Féð þyrfti að vera margfalt meira ef að nokkru gagni ætti að koma. — Eg tek það fram, að eg felli mig við þá rökstuddu dagskrá sem fram er komin. En ef nauðsynlega þarf að taka í strenginn á móti því einokunarfélagi sem nú er, þá ættu menn að samþykkja frumv. sem prentað er á þgskj. 349. Því er borið við að tími vinnist ekki til að koma því fram, með því að svo langt sé liðið á þingtímann. Enn menn skulu gæta að því að þetta stjórnarfrv. sem nú liggur fyrir, er ekki komið lengra en til 2. umræðu. Ómögulegt væri því að koma því í gegnum þingið nema með stórkostlegum afbrigðum frá þingsköpunum, eða með því að framlengja þingtímann. Enda hefir nú flogið fyrir að stjórnin hafi útvegað sér heimild til framlengingar einmitt til þess, að koma þessu frv. í gegn.

Ráðherrann (H. H.): Eg sé ekki til neins, að ræða einstakar greinar frv. En þó langar mig til að bera blak af 10. gr. Menn hafa sagt að það ákvæði væri hættulegt landinu. Engin tök væru á því fyrir landsstjórnina að koma í veg fyrir að settar yrðu á stofn dýrar innréttingar, margra miljóna króna virði, sagði einhver, sem landið yrði svo neytt til að kaupa. En þetta er ekki rétt. Þó að gerðir væru samningar um 10 ár, þá hefði landið heimild til að segja þeim upp á hverju ári. Ef landið segði upp yrði það að kaupa eignir félagsins en ef leyfishafi segði upp þá væri engin kvöð á landssjóði til þess. Og hálfbrosleg er sú mótbára, að leyfishafi mundi hafa mikla tilhneigingu til þess að kasta út þúsundum til að setja landið í vanda. Slíkt væri blátt áfram óhugsanlegt. Ef leyfishafi bygði ekki nema það sem nauðsynlegt væri, þá væri landsjóði hættulaust að taka þær byggingar að sér.

Mótbára hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) um að þingtíminn muni ekki hrökkva til að koma frv. fram, ættu menn ekki að setja fyrir sig. Því að eg hefi heimild frá hans hátign konunginum til að framlengja þingtímann til 30. þm. ef þörf gerist.

Eg hefi hér fyrir framan mig bréf til alþingis frá fiskiveiðafélagi Íslands. Ber það með sér að útgerðarmenn hafa mikinn áhuga á að eitthvað sé gert. Það lýsir yfir því, að forstjóri steinolíufélagsins hafi sagt að hækkunin á steinolíunni stafi ekki af aukinni notkun heldur aðallega af því að flutningsgjaldið hafi hækkað svo stórum.

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Eg skildi hæstv. ráðherra (H. H.) svo sem landið væri ekki skyldugt til að kaupa áhöld félagsins nema landið segði samningunum upp fyrir 1918. Eg bið hv. þm. að lesa 10. gr. til enda. Þá munu þeir sjá að landið á líka að kaupa þau ef samningurinn verður ekki framlengdur. Annars furðar mig á því hvílíkt kapp hann leggur á, að koma þessu frv. fram, þar sem hann hefir farið að útvega sér heimild til að framlengja þingtímann þess vegna. Mér er

það óskiljanlegt af því að búið er að sjá fyrir nægum tekjum í landssjóð til næsta þings. Hvað er þá um að vera? Ekki er fjárþröngin.

Eg hefi þegar tekið það fram, að þetta frumv. getur engin áhrif haft á alheimsmarkaðinn. Til þess eru nægar sannanir. Og nóg er mér boðið, þegar farið er að vefengja símskeyti sem eg hefi í höndunum. Hæstv. ráðherra (H. H.) ber háum flutningsgjöldum við hækkuninni á steinolíu. Það nær engri átt. Flutningsgjald frá New-York til Hamborgar getur ekki verið hærra en svo sem 2 kr. á hver 150 kíló. En flutningsgjöld frá Kaupmannahöfn til Íslands eru miklu dýrari en millí New-York og t. d. Danmerkur, og ætti þó hver maður að sjá, að verðhækkunin getur ekki stafað eingöngu af hækkun á flutningsgjaldi. Flutningskostnaður á steinolíu ætti þá að vera hærri en á allri annari vöru. Slíkt þarf enginn að ætla sér að telja neinum trú um.

Eggert Pálsson: Eg ætla ekki að leggja út í kappræðu við hæstv. ráðh. (H. H.) og því síður þar sem skoðanir okkar fara saman í aðalatriðunum. En hann hafði ekki öldungis rétt eftir mér ummæli mín um 10. gr. Eg nefndi ekki á nafn að landinu kynni að geta blætt svo mörgum miljónum króna skifti ef samningar yrðu rofnir eða félagsskapnum yrði slitið En hinu gerði eg ráð fyrir, að sú upphæð mundi geta orðið allstór og hættulega há, sem landið yrði að gefa fyrir lóðir og ýmisleg mannvirki sem félagið kynni að leggja fé í. Hv. ráðherra benti á að samningnum mætti segja upp og fría þannig landssjóðinn við óþörf lóða- og mannvirkjakaup En þetta er ekki rétt, að því er til fyrstu áranna kemur eða til 1. Júní 1918. Honum verður alls ekki sagt upp til þess tíma, en hins vegar getur leyfishafi lagt mikið fé í lóðir og húsakaup og það því fremur: sem hann á það víst að landssjóður kaupir alt af honum, hið óþarfa jafnt sem hið þarfa, eftir matsverði. En hvers virði þær lóðir og mannvirki yrðu fyrir landssjóðinn ef hann vildi ekki takast sjálfur söluna á hendur á eftir, hygg eg að flestir geti rent grun í. Hann yrði vitanlega að sitja með alt og hefði af því skaða, en engan arð. Þetta veit eg að hinum hæstv. ráðherra hlýtur að vera ljóst. En af því að þetta er nokkurs konar aukaatriði skal eg ekki þrátta um það frekar.

ATKV.GR:

Rökstudd dagskrá sem er prentuð á þgskj. 364 samþ. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Guðl. Guðmundsson
Jón Jónsson (Rvk.)	Hannes Hafstein
Ben. Sveinsson	Jóh. Jóhannesson
Bjarni Jónsson	Jón Magnússon
Björn Kristjánsson	Kristján Jónsson
Einar Jónsson	Matthías Ólafsson
Halldór Steinsson	Ólafur Briem
Jón Ólafsson	Pétur Jónsson
Lárus H. Bjarnason	Sig. Sigurðsson
Skúli Thoroddsen	Stefán Stefánsson
Valtýr Guðmundss.	Tryggvi Bjarnason
Þorleifur Jónsson.	

Hagfræðisskýrslur.

FRUMVARP til laga um hagfræðisskýrslur um tóbaksinnflutning árið 1913; (stj.frv. A bls. 136 og á þgskj. 315 og 364); 1. umr., 18. júlí.

Ráðherrann (Kr. J.): Um þetta frv. er sama að segja og hið fyrra. Það er sömuleiðis frá nefnd þeirri, er alþingi skipaði í fyrra til þess að athuga fjár-

málin og er lagt hér fram eins og hún gekk frá því. Það miðar að því, að útvega skýrslur, er komið gætu að haldi, hvort sem yrði ofan á, aukinn tollur á tóbaki eða hitt að landið tæki að sér alla tóbaksverzlum. Eg vona að háttv. deild sýni þessu frv. sama góðvilja og og hinu, og verður því þá væntanlega vísað til sömu nefndarinnar.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil leyfa mér að leggja það til, að kosin verði sérstök nefnd í þetta mál. Það eru allar líkur til þess, að nefnd sú, sem kosin var til þess að athuga 1. málið á dagskránni fái nóg að gera, þar sem henni verður að líkindum falið að fjalla um öll önnur frv., er beinlínis snerta tolla og skattálögur, en þetta frv. er dálitið annars eðlis, og því full ástæða til að létta því af nefndinni. Eg vil því stinga upp á 5 manna nefnd að lokinni 1. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

5 manna nefnd sþ. með 17 samhlj. atkv. og í hana kosnir með hlutfallskosningu:

Guðlaugur Guðmundsson,
Halldór Steinsson,
Þorleifur Jónsson,
Stefán Stefánsson,
Jóhannes Jóhannesson.

Önnur umr. 31. Júlí, (315, 364).

Framsögum. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg finn ekki ástæðu til, að halda langa ræðu um þetta mál. Eins og sjá má af nefndarálitinu telur nefndin ekki von um neinn árangur af frv. og getur því ekki lagt til að frv. gangi fram.

Að svo komnu máli er ekki útlit fyrir að þing eða stjórn leggi út í tóbakseinkasölu eða tóbakseinkarétt, meðan fjárhagur landssjóðs er svo erfiður, auk þess sem það er talið tvísýnt að það borgi sig, og ekki víst að það verði drýgra en tollarnir.

Hvað því viðvíkur að safna skýrslum um þetta mál, verð eg að álíta, að það sé ekki tímabært. Er eg hræddur um, að þær skýrslur verði orðnar of gamlar þegar á þeim þarf að halda. Eg finn ástæðu til að taka það fram, að milliþinganefndin hefir gert sér far um að upplýsa málið sem bezt, og útvega sem ábyggilegastar skýrslur. Það sést á athugasemdum nefndarinnar, að hún hefir ekki verið samdóma um, hversu haganlegt þetta einkaleyfi væri, en hún hefir talið sér skylt að halda í þá átt sem þingið 1911 benti á, því að það var það sem sló fastri hugmyndinni um einkaleyfið en ekki milliþinganefndin.

Ráðherrann (H. H.): Það var alveg rétt sem háttv. framsögum. (G. G.) sagði, nefndin áleit ekki hægt að útvega landssjóði bráðar tekjur með tóbakseinkasölu, en það sá hún að var nauðsynlegt að rannsaka hvernig ástatt væri í þeim löndum þar sem tóbaks-einkasala er fremst á dagskrá, t. d. Sviss, Svíþjóð og Þýzkalandi. Yfirleitt er það stefna tímans að nota einmitt þessa vörutegund til einkasölu. Nú sem stendur er ekki unt að segja, hvort þessi aðferð mundi verða arðvænlegri fyrir oss Íslendinga en tolla-aðferðin. Til þess þurfa menn að vita ýmislegt um notkun tóbaks. Það kostar ekki mikið að útvega þær skýrslur, og eg skil ekki að þær gætu orðið úreltar á nokkrum árum eins og nefndin gefur í skyn, því að það nægir ef þær ákveða hlutföllin á tóbaksinnflutningnum. Eg álít þess vegna heppilegra að þingið leyfði að skýrslunum væri safnað, því að það er einasti vegurinn

til þess, að skera úr vafanum ef aftur kemur fram spurningin um að nota þessa aðferð.

ATKV.GR.:

1. gr. feld með 11 : 8 atkv.

Alt frv. þar með úrskurðað fallið.

Viðauki við tolllögin.

FRUMVARP til laga um viðauka við tolllög fyrir Ísland 11. Júlí 1911; (stj.frv. A. bls. 133; n. 273). 1. umr.; 18. Júlí.

Ráðherrann (Kr. J.): Saga þessa frv. er hin sama og hinna tveggja; það stafar einnig frá nefndinni, sem síðasta þing skipaði til þess að athuga fjárhagsástandið, og tillögur hennar í því eru þær, að lagður verði tollur á allar aðfluttar vefnaðarvörur og tilbúin föt o. fl. Ætlast nefndin til að á þessu gæti landssjóður grætt alt að því 120 þús. kr. á ári. Frv. er hér eins og það kom frá nefndinni, og nánari ástæður fyrir því, eins og hinum, er að finna í hinu ítarlega nefndaráliti, sem útbýtt hefir verið og vænti eg þess, að það verði látið ganga til nefndar, eins og þau.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil leyfa mér að stinga upp á því, að þessu máli verði vísað til sömu nefndar og 1. málinu á dagskrá.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Málinu vísað til nefndar þeirrar er kosin var til að athuga: Frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til þess að gera samning um einkaréttarsölu á steinolíu um tiltekið árabil, með 15 atkv. shlj.

Málið varð ekki útrætt.

Útflutningsgjald.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. frá 4. nóvbr. 1881; (stj.frv. A. bls. 138 og á þgskj. 153, n. 275); 1. umr. 18. Júlí.

Ráðherrann (Kr. J.): Þetta frv. einnig samið af fjármálanefndinni, og tillögur hennar eru þær, að leggja skuli útflutningsgjald á síldarolíu o. fl. afurðir, er hingað til hafa verið ótollaðar. Áður hefi útflutningsgjald verið lagt smátt og smátt á allar fiskafurðir með ýmsum lögum, og álítur nú nefndin rétt, vegna samræmisins, að leggja það einnig á þessar afurðir, og virðist því eigi viðurhlutamikið að samþ. þetta frv. Stjórnin leggur það fram eins og það kom frá nefndinni, vísar til ástæðna hennar fyrir því, og væntir að það verði sett í sömu nefnd og hin frv.

Guðlaugur Guðmundsson: Þetta mál virðist ekki svo margbrotið, að nefnd þurfi að fjalla um það, og eg vil leyfa mér að benda á það, að hér getur verið nokkuð í húfi, ef málið dregst lengi hér í þinginu. Mér er sem sé kunnugt um það, að nú svo að segja næstu daga mun verða flutt út úr landinu ekki svo lítið af síldarolíu. Hér er um nýja atvinnugrein að ræða, og markmið hennar er að koma síldinni og afurðum hennar í peninga á annan veg, en áður hefir verið gert. Á þessu var fyrst byrjað í fyrra sumar, og síðan hefir verið flutt út allmikið af síldarolíu eða síldarlýsi, sem við köllum það oftast, og fram að þessu hefir útflutningsgjaldið af því verið talið hið sama og af algengu lýsi, sem sé 30 aurar á tunnuna. Enginn efi er á því, að útflutningur á þessum afurðum mun fara mjög í vöxt á þessu ári, því að síðan í fyrra vor, hafa risið upp þrjár stórar verksmiðjur og tvær minni, til þess að bræða síldarolíu og búa til fóðurmjöl

og áburðarefni. Eg má fullyrða, að til þess að stofna þessar verksmiðjur allar, muni hafa gengið um 800 þús. kr., og má af því sjá, að hér er um allstórskorinn atvinnuveg að ræða. Gjöra má ráð fyrir því, að þær versmiðjurnar, sem reistar voru í vor, muni ekki geta tekið til starfa fyr en eftir nokkra daga, en ein er þegar byrjuð, og ef mikill dráttur verður á málinu hér, þá verður búið að flytja út töluvert af þessum afurðum áður en hin væntanlegu lög ganga í gildi. Engin heimild er til þess áður, að taka nokkurt útflutningsgjald af fóðurmjöli því, er hér er um að ræða, og var þó nokkuð af því flutt héðan út í fyrra sumar. Um verð á því er mér ekki fyllilega kunnugt, en þó hygg eg að það fari ekki fjarri því, að vera 16 aurar pr. kíló. Um áburðarefnin skal eg geta þess, að eg vissi til þess í fyrra að af þeim voru sendir tveir stórir farmar til Suður-Ameríku. Þau skip afgreiddi eg sjálfur, og tek eg þetta fram til upplýsingar. Sem sagt tel eg að nefnd sé ónauðsynleg og gæti valdið drætti á málinu, sem ef til vill bakaði landinu skaða.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil styðja tillögu hæstv. ráðherra (Kr. J.) um það, að nefnd verði skipuð í þetta mál. Í fyrsta lagi vegna þess, að hér er verið að ræða um áframhald á stefnu í tollöggjöfinni, sem að vísu hefir verið fylgt hingað til, sem sé að leggja toll á innlendan iðnað en nokkur vafi getur leikið á um, hvort fylgja eigi framvegis. Ennfremur gæti komið til mála önnur verðhæð á tollinum en áður er í frv. Og loks er allsendis ómögulegt að sjá af skjölum þeim, sem fyrir hendi eru, hve mikill tekjuauki yrði að þessum lögum. Stjórnarráðið vitnar í frv., sem ekki hefir verið lagt fyrir þingið, frv. um einkasölu á kolum. Í athgr. stjórnarinnar er við fyrirliggjandi frv., er ekkert málinu til upplýsingar, athgr. einar 2 línur. Og í áliti fjármálanefndar eytt 7 línum til athgr. við frumvarpið Þetta eru allar upplýsingarnar, sem hv. þm. hafa. Eg verð því að álíta það mjög misráðið, ef frv. verður hleypt í gegnum þingið, án þess að nefnd athugi það frekara. Að dráttur verði á málinu þarf ekki að óttast. Nefndin ætti að geta lokið fljótt störfum sínum. Eg veit dæmi til þess, að stærra máli en þessu hefir verið lokið í nefnd á skömmum tíma — mig minnir á einum stundarfjórðungi. En er eitt ráð til þess að girða fyrir óheppilegar afleiðingar af drætti, og það er að láta lögin öðlast gildi fyrir sig fram. Það er raunar ekki heppileg aðferð, en hún hefir þó verið tekin upp áður, í tolllögunum frá 1911. Sem sagt sé eg enga ástæðu til að svo óundirbúið mál sé látið fara nefndarlaust gegnum þingið.

Valtýr Guðmundsson: Eg vil styðja till. hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) um að nefnd verði skipuð í þetta mál. Bæði er það vegna þess, sem hann tók og fram, að þingið getur enga hugmynd haft um það, hve mikill tekjuauki yrði að lögum þessum, en aðallega vegna þess, að frv. er að mínu áliti mjög athugavert og miðar algerlega í öfuga átt við þá stefnu, er algengust er í tollöggjöf allra annara landa. Hér er farið fram á að leggja útflutninggjald á afurðir, sem framleiddar eru í landinu sjálfu. Slíkt þekkist ekki í öðrum löndum, nema þá sem neyðarúrræði, eins og t. d. á Bretlandi meðan Búastríðið stóð yfir. Þá urðu Bretar að leggja á kolatoll, en hann stóð ekki nema stutta stund. Líka ber þess að gæta, að hér er um nýjan og óþektan iðnað hér á landi að ræða, þar sem verið er að reyna að gera arðberandi meðal annars fiskiúrgang, sem hingað til hefir verið fleygt og einskis

virði; og nú á strax að reyna að drepa hann í fæðingunni — eða að minsta kosti — þótt það tækist ekki — þá er hætt við, að þessi aðferð fæli marga framtakssama menn frá því að feta í hinna fótspor. Það er okkur til stórs gróða, að slíkur iðnaður komi upp, því að jafnvel þótt mestur arðurinn gangi ef til vill til útlendinga, þá höfum við og mikinn hag af honum — bæði veitir það mörgum manni atvinnu og einnig koma þessar verksmiðjur til að borga landinu háan skatt og landsmenn græða á að selja þeim afurðir sínar. Eg verð því að álíta það mjög varhugavert, að þjóta undir eins til að leggja toll á þennan iðnað, þegar hann er að fæðast. — Og að samþykkja þetta frv. algerlega óathugað, virðist mér alveg fráleitt. Það er þá ekki hundrað í hættunni, þótt einhver dráttur, sem aldrei yrði mikill, yrði af því, að málið væri sett í nefnd, og þeir, sem byrjað hafa á verkinu, slyppu fyrstu vikurnar. Eg vil því ákveðið ráða hv. deild til þess að skipa nefnd í málið.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla mér ekki að fara að þrátta mikið um þetta mál á þessu stigi þess, en þar sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um, að hér væri verið að taka upp skakka stefnu í tolllöggjöfinni, þá vil eg geta þess, að það er nokkuð seint að vakna nú, þar sem þessi stefna hefir ráðið í samfleytt 31 ár. Og eg get satt að segja ekki séð, hvaða ástæða sé til að hlífa frekara þessum afurðum en öðrum. Það gæti verið meining í því að tala um að afnema alt útflutningsgjald af innlendum vörum, en eftir því sem hagur landssjóðs er núna, þá er eg hræddur um að slík tillaga fengi ekki mikinn byr. En meðan þetta er gildandi regla, þá sé eg enga ástæðu til að bregða út af henni í þessu atriði fremur en öðrum, enda veit eg það með vissu, að hlutaðeigendur verða ekkert hissa á þessum tolli, og er eg hræddur um að það yrði jafnvel brosað að okkur, ef við vildum ekki gera okkur þessa atvinnugrein arðberandi eins og aðrar. Eg get heldur ekki séð, að þær upphæðir, sem stjórnarráðið stingur upp á, séu svo háar, að þær þurfi að fæla nokkurn frá þessum atvinnurekstri. Að vísu var síldarolía í nokkuð lægra verði síðasta vetur en áður, vegna innflutnings Norðmanna á hvallýsi seinasta vetur, en hvernig þetta verður í framtíðinni, er auðvitað ekki hægt að segja. Þess ber og að gæta, að enda þótt þeir menn, sem reka þessa atvinnu, séu búsettir hér á landi, þá stendur þó útlent fjármagn að baki þeim, bæði norskt og hollenzkt. Og eins og háir tollar voru áður fyr lagðir á hvalveiðarnar, eins virðist rétt að tolla og þessa atvinnugrein, einkum þar sem hvalveiðar hér á landi eru nú að hverfa úr sögunni og landið missir stórfé við það. Þá er ekki óheppilegt að fá eitthvað í skarðið.

Það er rangt að liggja stjórnarráðinu á hálsi fyrir það, að það hefir ekki gert áætlun um hve miklu tekjurnar af þessum tolli muni nema, því að enn er engin reynsla fengin fyrir, hve mikið þessar verksmiðjur geta framleitt, en ef afli ekki bregst og þær geta starfað, þá má búast við, að þessi útflutningur verði æði stórfengilegur. Eg hygg, að þá mætti reikna áburðinn og mjölið í þúsundum tonna og síldarolíuna í þúsundum fata — en nákvæmlega verður ekkert um þetta sagt, áður en reynslan er fengin. Nefnd í málið álít eg, eins og eg hefi sagt, alveg óþarfa, en vil þó ekki setja mig upp á móti henni, ef hv. deild virðist það heppilegra.

Lárus H. Bjarnason: Eg get verið skammorður eftir að eg hefi heyrt niðurlagið á ræðu hv. þm. Ak. (G. G.). Hann kvaðst ekki vera mótfallinn því,

að nefnd yrði sett í málið. Að eins skal eg benda honum á það, að hér er alls ekki verið að tala um, *hvort* rétt sé að bregða út af gildandi stefnu í tollmálunum, heldur hitt, hvort þinginu leyfist að athuga í nefnd mál, sem er lagt fyrir það af stjórnarráðinu gjörsamlega óathugað.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkvæðum.

Frv. vísað til nefndarinnar í frv. til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til þess að gera samning um einkaréttarsölu á steinolíu um tiltekið árabil, með 18 shlj. atkv.

Mál þetta var tekið út af dagskrá 19. Ágúst og varð síðan ekki útrætt.

Verzlun og veitingar áfengis.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 11. nóv. 1899, nr. 26, um verzlun og veitingar áfengra drykkja (A. 16); 1. umr. 20. Júlí.

Flutningsmaður (Jón Magnússon): Frumv. þetta er aðallega fram komið vegna klúbba þeirra, svo kallaðra, er hér risu upp 1910—1911 og kunnir eru orðnir. Þessir klúbbar voru hér stofnaðir tveir, aðallega eða jafnvel eingöngu í þeim tilgangi, að reglulaust að kalla, mætti veita áfengi, undir yfirskyni félagsskapar og í skjóli hans. Raunar var annar þeirra stofnaður í þeim tilgangi, að stofna og víkka umgengnislíf. Áttu þar að vera kúlukosningar, ef þess var óskað. Aðkomumenn máttu ekki takast inn nema einn með hverjum gesti. Félagagjald skyldi og vera 2 kr.; en aldrei var þessu fylgt. T. d. máttu allir skipverjar á Islandsfalk koma inn án gjalds. Auk þess reyndist svo, að aðkomumenn voru teknir fleiri inn í senn en reglurnar heimiluðu. Gefur það að skilja, að slíkt fyrirkomulag gat ekki helgað tilgang félagsins, enda fór svo, að klúbburinn var sektaður. Hinn klúbburinn var með meiri reglu, var sniðinn eftir útlendu fyrirkomulagi öllu fremur en hinn. En þó fór svo, að kært var yfir báðum og báðir dæmdir í sekt. Eftir að dómar féllu var breytt lögunum í báðum félögunum, og er mælt, að reglunum muni að mestu fylgt alveg í öðrum klúbbanna og nokkurn veginn í hinum.

Því hefir oft verið hreyft við mig, að tilgangur félaga þessara væri ekki eiginlega annar en sá, að veita áfengi, án þess að gjalda fyrirskrifað gjald, og væru því ekki samkvæmt lögum. Nú er það, að ekki er nein heimild til að loka þessum stofnunum, þótt sekta mætti, og væri því full ástæða til að finna ráð til að stemma stigu við þessu.

Eg skal ekki um það segja, hvort með frumv. þessu hefir tekist að finna heppileg ráð við þessu. Það kom til tals við hæstv. ráðherra, að eg flytti inn tillögu um þetta efni á þingið, en síðar skildist mér hæstv. ráðherra ekki hafa á móti því, að málið kæmi fram í þessu formi.

Eg býst við, að frumv. þetta snerti einkum Reykjavík, gæti að vísu komið við sum gistihús hér austur með vegum. Hér í Reykjavík liggur fullur grunur á því, að áfengi sé veitt í sumum kaffihúsum, og sama er sagt um sum gistihús fyrir austan heiðar. Örðugt er að komast fyrir hvað menn selja, ef ekki er beint tiltekið. Tilgangur frumv. er að fyrirbyggja þetta. Annars býst eg við, að mönnum þyki rangt að meina félögum yfirleitt, hvers konar sem eru, að hafa áfengi um hönd. En eg þykist ist vita, að ákvæði frumv. um leyfis-

heimild lögreglustjóra mundi ekki vera því til fyrirstöðu.

Eg hefi ekki ástæðu til að tala frekara um þetta mál. Eg vænti að því verði vel tekið, þar sem til þess liggja óskir margra bæjarbúa hér, og að það gangi greiðlega fram. Hins vegar býst eg við að henta þyki, að sett verði nefnd í málið til þess að athuga þau ákvæði frv., er þykja kunna að lúta að persónufrelsi manna, og vil eg því leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd

ATKV.GR:

Frumv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Samþ. till. um 3 manna nefnd með 21 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Jón Magnússon,
Matthías Ólafsson,
Sigurður Sigurðsson.

Önnur umr., 27. Júlí. (A. n. 56, 93, 121, 122, 245, n. 287).

Framsögumaður (Jón Magnússon); Mér þykir ekki ástæða til að fara mörgum orðum um frv. nú. Nefndin stingur ekki upp á neinum verulegum breytingum á frv.; að eins leggur hún til að sektir séu lækkaðar nokkuð, og er það einkum vegna þess að brot gegn 2. gr. geta verið mjög smávægileg. Þótti nefndinni því lágmark sektanna of hátt.

Lárus H. Bjarnason: Þó eg sé ókunnugur þessum marg um getnu klúbbum, þá er þó sú saga sögð af þeim, og er líklega sönn, að full ástæða er til að reyna að hnekkja þeim. En hinsvegar tel eg það vafasamt hvort eina úrræðið til þess séu aukin lög. Eg hygg að langt mætti komast með þeim lögum sem nú höfum vér. Eg tel víst að lögin frá 11. nóv. 1899 og aðflutningsbannslögin frá 30. Júlí 1909 mundi reynast einhlýt til að hnekkja þessum ósóma ef þeim væri öfluglega beitt og röggsamt eftirlit væri haft með því að þeim væri hlýtt. Nú en hinsvegar skaðar það ekki þó nýjum lögum sé bætt við. En þá er tvens að gæta. Annars vegar ber að gæta hófs að ekki sé gengið of nærri persónulegu frelsi einstaklinganna, og hins vegar er þess að gæta að svo sé um hnútana bundið að von sé um að því verði hnekt er flutningsm. (J. M.) vill hnekkja. Eg efast um, að í þessu frv. sé það tillit tekið til þessara tveggja atriða sem skyldi. Eg held ekki að ákvæði 1. gr. nægi til að koma í veg fyrir áfengissölu í klúbbum. Hún bannar að vísu *veitingar* í föstum félagsherbergjum. En hvað eru föst félagsherbergi? Eingöngu þau herbergi, sem félagið sjálft hefir á leigu, en önnur ekki. Einkaherbergi húsráðanda, gestastofa veitanda etc. geta ekki talist til þeirra, og þar gæti þá áfengisveiting farið fram. Sömuleiðis girðir 1. gr. ekki fyrir það að einhver einstakur félagi leigi herbergi nálægt hinum föstu félagsherbergjum og veitingar séu hafðar þar. Þá er annað ákvæði 1. gr. um að engin áfengisnautn megi fram fara í föstum félagsherbergjum, og er þar sami annmarki á, að hún getur farið fram annarsstaðar undir nafni félagsins. En auk þess er það of hart aðgöngu, að félagi í klúbb, sem á vín sjálfur heima hjá sér, og vill neyta hálfrar flösku af öli í herberjum klúbbsins, skuli þurfa leyfi lögreglustjóra til þess, og hann má einu sinni ekki sækja sjálfur um þetta leyfi, heldur verður hann að láta stjórn félagsins gera það fyrir sig!

Um viðurlögin við brotum gegn ákvæðum 1. gr. er það að segja, að þau gæta ekki hófs. Það er alt of mikið að maðgeti sætt 3 mánaða einföldu fangelsi fyrir að taka úr eigin vasa glas sem hann á sjálfur og súpa af því! Þessi

viðurlög eru heldur ekki í samræmi við þau viðurlög sem sett eru við brotum á aðflutningsbannslögunum frá 1909. Þar er ákveðið að óheimil veiting áfengis skuli varða sektum að upphæð 50—100 kr., en 100—1000 kr. ef brot er ítrekað. Sömuleiðis vantar hér inn í það ákvæði sem er í bannlögunum, að birgðir megi gera upptækar, ef brotið er. Þá virðist mér heimild sú sem lögreglustjóra er gefin til að banna samkomur félaga eigi vel samrýmanleg við 55. gr. stjórnarskrárinnar. Eftir henni má að eins banna félög *»um sinn«*. Eigi að banna félagið til fulls, þá þarf að höfða mál gegn því. En þar sem um svona lystifélög er að ræða, fellur það saman að banna samkomur þess og banna það yfir höfuð, þá finst mér það einnig of ósanngjarnt að gera veitandann einan refsiverðan. Úr því nautn er brot samkvæmt fyrstu gr., þá ætti líka að leggja viðurlög á neytandann. Loks skil eg ekki hvað átt er við með því að um ábyrgð fyrir brot gegn lögum þessum skuli fara eftir *»venjulegum reglum«*. Þetta var um veiting og nautn innan félagsskapar.

2. gr. er um áfengisnautn *utan* félagsskapar. Mér virðist hún fara nokkuð langt. Hingað til hafa menn oft komið saman í Iðnó, Bárunni etc. við brúðkaup, til að fagna góðum gestum svo sem Matthíasi Jochumssyni etc. etc. og fengið að neyta þar víns. Nú á það að vera bannað. Mér þykir gengið helzt til nærri mönnum með því. Sömuleiðis mundi leiða af þessari grein að maður sem á birgðir heima, og má flytja þær úr húsi sínu til loka ársins 1914, gæti ekki tekið upp vasapelann sinn t. d. á Kolviðarhól og drukkið af honum. Það væri tvímælalaust brot. Auk þess er bannið fortakslaust. Það má jafnvel ekki með leyfi lögreglustjóra neyta víns í Iðnó eða taka upp pelann sinn á Kolviðarhól, því hann hefir ekki heimild til að veita slíkt leyfi.

Mér þykir líka, fyrir annað eins brot og þetta, lágmark tektar, 50 kr., of hátt. Mér finst ekki geta komið til mála að leggja sekt á veitanda fyrir það, að einhver sýpur á eigin pela í herbergjum hans. Hins vegar ætti að refsa neytanda fyrir það, úr því að nautnin er bönnuð.

Auk þess vil eg benda á að orðalag frv. er ekki nærri eins vandað og vænta mátti af hv. flutningsm. (J. M.) Eg skal leyfa mér að nefna t. d. í 1. gr. »sín í milli« um félag. Í 2. gr. »öðrum slíkum« í niðurlagi greinarinnar, og í 3. gr. »ráðendur«.

Þetta eru þá helztu agnúarnir, sem eg get fundið í fljótu bragði, og væri æskilegt, að nefndin vildi á einhvern hátt bæta úr þeim. Eg legg ekki áherzlu á, hvernig það er gert, en álít heppilegast að nefndin tæki frv. til nýrrar yfirvegunar.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Mér þykir vænt um, að háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hefir lagt svo mikla rækt við þetta mál, en þess mátti reyndar vænta, því bæjarstjórn Reykjavíkur hefir lagt mikla áherzlu á að þetta frv. kæmi fram.

Það er satt sem hv. þm. segir, að með frv. sé gengið nærri persónulegu frelsi manna. En með þessu frv. er ekki gengið nær persónulegu frelsi, heldur en með aðflutningsbannslögunum frá 1909.

Það sem helzt er haft fyrir augum í 2. gr., er að koma í veg fyrir að veitingastaðir, sem fult er af hér austur um sveitir, geymi vínföng fyrir fólk. Mér fyrir mitt leyti er ekki svo fast í hendi með þetta atriði, en það sem eg aðallega vildi fá framgengt með þessu frv. er að loka áfengissölustöðum hér í bænum, sem ekki hafa vínveitingaleyfi en selja vín í félagsnafni, og ekki er hægt að

loka eftir núgildandi lögum. Með ákvæðum frv. sumum, er vitanlega gengið nokkuð nærri persónulegu frelsi manna, en þingið hefir undanfarið ekki verið hrætt við það, og sýna það bezt aðflutningsbannslögin, og ekki hefði eg vogað að koma fram með þetta frv., ef þau hefðu ekki verið til.

Þeir sem vilja, geta komið fram með brt., en nefndin þykist hafa íhugað málið svo rækilega að ekki sé ástæða til að taka það til yfirvegunar á ný.

Hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) þykir sektarákvæðin of rúm. Mig furðar á þeirri mótbáru frá aðallögfræðingi landsins, hann hlýtur þó að vita, að það er nú viðurkent, að rétt sé að hafa hegningarákvæði mjög rúm. Og eg verð að álíta að rétt sé, þegar um hegningu er að ræða, að láta dómarann alveg sjálfráðan um hvaða hegningu á að beita. Það er auðvitað, ef um meiri og minni brot er að ræða, þá verður að treysta dómstólunum til að beita ekki hæstu hegningu við lægsta broti. Eg skal nú ekki harma það mjög, þó ákvæði um einfalt fangelsi sé felt burt, eða sektarákvæðin að einhverju leyti milduð, ef 1. gr. fær að halda þeirri mynd, að þar með sé hindrað að vínveitingar geti farið fram undir yfirskyni félagsskapar. Eg hafði hugsað mér, að til þess að hafa vín um hönd í veizlum, gæti fengist sérstakt leyfi lögreglustjóra. Eg tel efasamt að vínveitingar í öllum veizlum eða fundum hér í bæ, séu lögum samkvæmar. En eg skal nú ekki fara frekar út í það atriði.

Þá hefir hv. þm. fundið að orðfærinu á frv. Má vel vera að því sé eitthvað ábótavant, en þó gat eg ekki sannfærst um að aðfinslur hans væru á rökum bygðar. Eg álít t. d. nauðsynlegt að það sé skýrt tekið fram, að félag megi ekki hafa um hönd áfengisveitingar »sín í milli«, því vel gæti verið að félagið veitti ekki einungis innan félagsskaparins, heldur og gestum. En auðvitað heyrir þetta undir það, sem bannað er með gildandi lögum. Eg get ekki séð að orðaskipunin sé svo mjög útlenzkuleg. Hún er oft lík í íslenzku og öðrum málum. Það getur verið að finna megi betra orð en »ráðendur«, en íslenzka er það.

Nákvæmar held eg að eg kæri mig ekki um að fara út í þetta. Eg hefi ekki heyrt aðrar mótbárur, sem eg get tekið til greina, en þá, að frv. skerði persónulegt frelsi manna, en það skerðir ekki persónulegt frelsi meira en aðflutningsbannslögin frá 1909, og þeim lögum greiddi hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) atkvæði.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal fyrst minnast á það, sem háttv. flutnm. (J. M.) sagði, að nefndin tæki ekki við frumv. aftur. Það er ekki komið undir nefndinni, heldur undir hv. d. Deildin getur vísað frv. aftur til nefndarinnar til frekari íhugunar.

Háttv. flutnm. vill færa sér það til afsökunar. að með aðflutningsbannslögunum 1909 sé gengið svo nærri persónulegu frelsi, að lengra verði ekki komist. Þetta er ekki rétt. Fyrri heldur en eftir 1. Janúar 1915 er það t. d. ekki óheimilt eftir þeim lögum, að ríða með pela upp á vasann.

Annars greiddi eg atkv. með bannlögunum af því, að því hafði verið skotið undir úrskurð þjóðarinnar, hvort hún vildi að bannaður yrði aðflutningur áfengra drykkja, og þjóðin nærri einróma játað því.

Háttv. flutnm. fór ekki út í þá mótbáru, sem eg hélt fram, að frv. kæmi í bág við 55. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir svo í niðurlagi greinarinnar:

»Ekkert félag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna félög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn félaginu, til þess það verði leyst upp«.

Nú segir háttv. flutnm. að það hafi verið tilgangur sinn að geta lokað klúbbunum. Hann hefði því þurft að bæta við að strax skyldi höfða mál.

Viðvíkjandi hegningunni sagði flutnm. að það væri orðin tízka um hinn mentaða heim, að hafa bilið milli hámarks og lágmarks sem *stærst*, en það er of mælt, enda hefði hv. flutningsm. þá átt að hafa það enn rýmra. Ef lögð er þriggja mánaða fangelsisvist við svo lítilfjörlegu broti sem því, að maður súpi á sínum eigin pela inni á kaffihúsi, veitti naumast af æfilöngu fangelsi eða líflláti fyrir stærri brotin. Flutnm. (J. M.) sagði, að eg vildi milda hegningarákvæðin, og það er satt, því að þau eru sum of hörð. En hann gleymdi að geta þess, að eg vil jafnframt láta búa þannig um lögin, að þau geti gert eitthvert gagn. Eins og gengið er frá þessu frv., má alstaðar fara í kring um það. Hvað eru t. d. »föst félagsherbergi«? Yfirleitt er að vísu erfitt að búa svo um lög, að ekki megi fara í kring um þau, en hér er mönnum bent til þess, hvernig menn eigi að fara kringum þau, og það er alveg óvanalegt.

Hv. flm. kveðst hafa hugsað sér, að hann sem lögreglustjóri gæti leyft að hafa vín um hönd í veizlum, en það er hvergi gert ráð fyrir slíkum undantekningum í frv. Hann yrði því að neita um þær þó hann hugsi sér nú að hann geti gert það.

Eg hefi ekki komið með þessar aðfinslur til að draga úr frv., heldur til að gera það nýtilegt í framkvæmd. Eg vildi gjarnan að lögin gætu orðið annað en kák.

Háttv. flm. óskaði þess, að eg gerði athugasemdir við frv., og vona eg að eg hafi ekki stygt hann með aðfinslum mínum. En sumt í frv. er þess eðlis, að miklu betur mætti gera, og leyfi eg mér því að gera það að tillögu minni, að frv. verði vísað aftur til nefndarinnar, til nánari athugunar.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg hygg, að nefndin muni ekki finna ástæðu til að taka frv. aftur til íhugunar, en ef háttv. deild vill það, þá verður svo að vera.

Eg gleymdi áðan að tala um »föst félagsherbergi«. Eg er ekki hræddur um að það atriði geti orðið misskilið. Félög hafa myndast og tekið á leigu herbergi og haft þar vínveitingar alveg eins og á opinberum veitingastöðum. Það getur ekki verið hætt við að félagsmenn reyni að fara í kringum þetta atriði.

Eg skal aftur taka það fram, að eg er alveg forviða á því, að háttv. þm. talar um hvað einfalt fangelsi sé voðalega hörð hegning. Ef háseti hleypur burt úr skipsvist, þá er minsta hegning, sem við því liggur, einfalt fangelsi. En eg verð að álíta það miklu meira brot, að spilla unglingum með því að leyfa setur við vindrykkju daga og nætur, helga daga jafnt og rúmhelga. Þegar háttv. þm. talar um lífsstraff fyrir brot á þessum lögum, þá sýnir það, að hann gætir ekki hófs í aðfinslum sínum.

Eg sagði áðan, að eg áliti ekki leyfilegt eftir aðflutningsbannslögunum, að ferðast með pela upp á vasann Lögin segja það beint og undantekningarlaust, minsta kosti get eg ekki skilið 9. gr. á annan hátt.

Eg get ekki álitið það neitt efamál, að frv. nái tilgangi sínum. Að minsta kosta er eg sannfærður um, að með frv. er náð aðaltilgangi mínum: að koma í veg fyrir klúbbana. Með því er algerlega fyrir þá gert.

Það er satt, að stjórnarskráin heimilar löglegan félagsskap manna, en hún stendur ekki í vegi fyrir því, að hindr-

aður sé félagsskapur, sem kominn er saman til að brjóta lögin. Eg held að það sé ekki rétt hjá háttv. þm., að frv. komi í bág við stjórnarskrána; eg hygg það bara tilfundið til að finna að. *(L. H. Bjarnason:* Og sei-sei, nei). Það er auðvitað, að félag, sem á móti lögum hefir að staðaldri um hönd vínveitingar í herbergjum sínum, er ekki samankomið í löglegum tilgangi.

Annars hirði eg ekki að deila mikið um þetta. Þeir, sem vilja að þetta frv. gangi fram, greiða því atkv. til 3. umr.

Forseti: Það er komin fram tillaga um að vísa frv. aftur til nefndarinnar til frekari íhugunar, og skal eg leyfa mér að bera undir atkv. háttv. deildar áður en umræðum heldur áfram.

ATKV.GR.:

Till. feld með 11 : 2 atkv.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg hafði ekki ætlað að blanda mér í deilur hinna hv. þm. um þetta mál, en úr því sem komið er, verð eg þó að tala fáein orð. Eg trúi því, sem hv. frsm. (J. M.) segir, að 1. gr. frumv. eigi rót sína að rekja til klúbbanna, sem svo eru kallaðir, hér í bæ, og taldir eru að hafa um hönd áfengisveitingar á miður löglegan hátt. En eins og gr. liggur fyrir, þá finst mér hún með orðunum: »Ekkert félag manna« ganga lengra, taka yfir meira en tilgangurinn er, leggja nýtt bann á ýmislegt fleira en »klúbbana«, og þess vegna »seilst um hurð til loku«. Það væri heppilegra, ef háttv. framsm. vildi bera sig saman við aðra um br.-till. við þetta til næstu umræðu og orða þessa grein skýrar. Það dugir ekki, að láta landið alt gjalda þess, þótt núgildandi lög séu svo úr garði gerð, að í skjóli þeirra geti hér í Reykjavík þrifist eitthvað það, sem er skaðlegt, og jafnframt er á takmörkunum milli þess að vera löglegt og ólöglegt. Annars legg eg fyrir mitt leyti mesta áherzluna á 2. gr. Væri hún betur orðuð og henni haldið innan réttra takmarka, ætti hún að geta haft mikla þýðingu í mínu kjördæmi. Ef húsráðendur á kaffihúsum og öðrum slíkum veitingastöðum væru skyldaðir til þess, að viðlagðri hegningu, að gera það sem í þeirra valdi stæði til þess að koma veg fyrir áfengisnautn á slíkum stöðum, eins og t. d. kaupmenn í sölubúðum, þá væri það stór réttarbót. Inn á slíka staði þar nyrðra koma oft á sumrin fjöldi útlendinga, og hafa með sér í vösunum svo sem eina eða tvær rommflöskur, sem þeir hafa keypt sér áður; þeir biðja svo um eina eða tvær flöskur af sódavatni eða öli og sitja svo yfir þessu klukkutímunum saman og koma út blindfullir. Þetta væri gott að yrði fyrirbygt, og það ætti að gerast með því, að skylda húseigendurna til þess að koma í veg fyrir það; sumir þeirra gera það reyndar nú, en sumir ekki, og það ef til vill af því, að þeir vilja nota þennan sið útlendinga til blóra, til þess að geta rekið ólöglega áfengissölu.

Eg vildi nú skjóta því að hv. flm., hvort hann vilji ekki fá málið tekið út af dagskrá nú, og verði svo gerðar br.till. við 1. og 2. gr. Úr hinu geri eg miklu minna, að frv. gangi nærri stj.skr. og að hegningin fyrir brot á því sé ekki rétt mæld. Þótt eg reyndar leggi mikið upp úr því, að hegningarramminn sé hafður sem víðastur. Afbrotamenn eru margskonar og ólíkir mjög og komast fáir undir sama hugtak, þótt brotin séu talin hin sömu. Þess vegna er nauðsynlegt að lögreglustjórinn hafi nóg svigrúm til þess að taka tillit til þess, sem sérkennilegt er hjá hverjum og einum, annars verður hann oft bundinn við að gjöra það sem hann álítur rangt.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Eg verð að segja það, að eg sé

ekki ástæðu til þess, að taka þetta mál út af dagskrá, því að það má láta líða hæfilega langan tíma milli 2. og 3. umr. og þá er nógur tími til þess fyrir nefndina, að taka til athugunar væntanlega br.till. Um orðin »Ekkert félag« o. s. frv., er það marg sagt, að þau ná að sjálfsögðu lengra en þau í raun og veru eiga að gera í framkvæmdinni, en það hefir líka verið tekið fram, að þau hafa verið látin ná það í því trausti, að það gerði ekkert til vegna takmörkunarinnar, sem felst í niðurlagsorðum greinarinnar um leyfi lögreglustjóra. Ef einhver hv. þm. vildi benda á annað orðalag, sem jafnframt væri svo, að ekki væri hægðarleikur að komast í kringum það, því að þann kost hefir þetta orðalag, að í kringum það verður ekki farið. (*Lárus H. Bjarnason*: Svo!). Nei, eg þykist þekkja svo vel til hér um slóðir. Ef sem sagt t. d. einhver lögfræðingur deildarinnar vildi gera þetta, þá yrði það auðvitað þakksamlega þegið, en eg hefi ekki orðið þess var hingað til, að aðrir háttv. þm. hafi fundið neitt slíkt orðalag. Það er satt, að þetta frv. er aðallega gert fyrir þennan bæ, en sjálfsagt er að taka til greina allar breytingar er að gagni mættu verða, hvort heldur hér eða annarsstaðar. Eg hygg að vísu að bæjarstjórnin hér hafi óskað þess, að þetta mál fengi sem fljótastan framgang, en þó vil eg ekki sækja það fast, að því sé flýtt svo til 3. umr., að ekki gefist kostur á að koma með brt., og mun nefndin taka þeim með þökkum, ef góðar eru, en hins vegar ekki staðlausum aðfinningum.

Einar Jónsson: Umræður eru nú þegar orðnar alllangar um þetta mál, og skal eg fám orðum við þær bæta.

Þó að þetta frv. beri það ekki sjálft með sér, að það sé stílað á móti klúbbunum, sem svo eru kallaðir, þá hefir það þó komið fram í umræðunum. En eftir því, sem eg veit frekast til, þá eru þeir ekki óheiðarlegri en önnur veitingahús, sem selja áfengi, leyfislaust eða með fullu leyfi, nema betri séu, að því leyti, að verðið kvað þó vera þar heldur rýmilegra en á föstum veitingahúsum. Og úr því að það er viðurkent, að þessi aðferð er ekki brot á núgildandi lögum — annars mætti auðvitað loka þeim, og annars væri þetta frv. ekki samið — þá er það undarlegt, að vera að elta uppi með nýjum lögum þá menn, sem sjálfir vilja selja sér áfengið þannig í félagi. — Eg veit að ef til vill færi bezt á því, að enginn maður færi nokkurntíma inn í veitingahús eða klúbba, en ef einhver endilega vill fá sér áfengi og meðan hann má það á nokkurn hátt, þá er honum sjálfum að minsta kosti bezt, og landinu enginn skaði, að hann fái það með sem sanngjörnustu verði. Eg kem ekki oft inn á »Hotel Reykjavík«, og aldrei á klúbba þessa, en svo mikið veit eg, að á »Hotel Reykjavík« er verð þess sem selt er, ekki til fyrirmyndar. Einn bjór, einn vindill o. s. frv., er að minsta kosti tvöfalt dýrara en annars staðar má fá það. Og það á ekki að skara þann eld að köku þessara fáu, rándýru veitingahúsa, að þau sitji ein að öllum gróðanum. Eg lít illum augum á það, að þau ein skuli hafa leyfi til þess, að taka af mönnum stórfé fyrir áfengi, en einstaklingarnir megi ekki vera í félagi um það, ef þá langar til að fá sér snaps út í kaffið sitt etc. og þess vegna verð eg að vera á móti þessu frv.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 15 : 1 atkv.

Br.till. á þgskj. 56, 1. sþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 14 : 1 atkv.

3. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 56, 2. sþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

6. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

7. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Þriðja umr., 2. Ágúst.

Framsögumaður (Jón Magnússon): Fyrir hönd nefndarinnar skal eg taka það fram, að hún sem heild, hefir ekki neitt að athuga við br.till. þær sem fram hafa komið, hefir einstakur nefndarmaður þar óbundnar hendur.

Eg skal leyfa mér að taka það fram, að br.till. ganga lengra en frumv., og verður að því leyti hægara að framfylgja því. Með br.till. er meira lagt á vald lögreglustjóra en í frv.; eg þorði ekki að fara svo langt. En líklegt er, að það fari vel, lögreglustjórarnir sýni sanngirni.

Um br.till. við 3. gr. vil eg taka það fram, að mér þykir hún lakari heldur en frv.gr., þótt eftir atvikum muni ef til vill ekki gera til.

Við 4. gr. er br.till. um að ákveða lágmarkið 10 kr. Gerir að vísu ekki til né frá, en það mun vera sjaldgæft að sektir séu lægri.

Guðlaugur Guðmundsson: Úr því að nefndin er ekki mótfallin br.till. þeim, sem eg hefi flutt fram, þá þarf eg ekki að mæla fyrir þeim mörg orð. Það hlýtur öllum að vera ljóst, hver nauðsyn er til þess, að ákvæði um efni slíkt sem hér er um að ræða, séu skýr og auðveld í framkvæmd. Eg hygg og að engum, sem les br.till. mínar, geti dulist, að þær gera frv. ljósara og skýrara.

Háttv. framsögum. (J. M.) sagði, að br.till. gengju lengra en frv. Um það skal eg ekki dæma, en mér finnast brt. miða að því sama sem frv.

Samkv. 1. gr. frv. mega félagsmenn hafa áfengi um hönd alstaðar nema í hinum föstu félagsherbergjum, og geta því haft það í borðstofu, svefnherbergi forstöðumanns eða því um líkt, því eg geri ráð fyrir að hann hafi áfasta íbúð við félagsherbergin. Þetta getur orðið bending um, hvernig fara megi í kringum ákvæði frv. og gerir þau næsta þýðingarlítil. Hér er br.till. skýrari.

Það má vera að brt. okkar við 2. gr. fari lengra en frv., en það var með vilja gert. Það vakti fyrir okkur, að banna með sem skýrustum orðum að áfengi sé haft um hönd á veitingastöðum sem hafa ekki veitingaleyfi, og ástæðan til þess er sú, að það mun ekki fátítt eins og eg áður hefi vikið að, að menn kaupi sér vín í búðum og fari með það inn á veitingahús eða kaffihús og drekki það þar. En í blóra við það getur veitingamaður selt áfengi án þess hægt sé að sanna hann að sök. Háttv. framsögum, (J. M.) hneykslaðist á orðunum »eftir atvikum« í brt. okkar við 3. gr. Það má vera, að þessi orð séu í lagatexta líkt og hortittur í vísu, en þau hafa samt sína þýðingu, því að það getur verið undir atvikum komið, hvort neytendur eru sekir eða sýknir. Orðin þýða bara: »ef neytendur bera ábyrgð á broti«. Um niðurlagið á 3. brt. skal eg benda á að þar stendur *má*; það er því ekki skylda lögreglustjóra að banna félögum samkomur, og er ráð fyrir gert að það verði eigi gert við fyrsta brot. Enda mundi það ekki gert nema um veruleg brot sé að ræða. Það er ekkert á móti

því að gefa lögreglustjóra þetta vald. Hann mun í flestum tilfellum fara eftir almennings álitinu í þessum efnum.

Brt. við 4. og 5. gr. eru smávægilegar. — Eg get endað á því sem eg tók fram áðan, að eigi að setja ítarlegri reglur um þetta mál, en eru í lögunum frá 1899, þá er rétt að taka sporið til fulls og setja ákvæði sem annars vegar er auðvelt að framkvæma, en hins vegar koma í veg fyrir þá misbrúkun sem menn vilja hnekkja.

Framögumaður (Jón Magnússon): Eg sagði ekki að orðin »eftir atvikum« væri hortittur, en að engin bending væri um hvað þau ættu að þýða. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Ak. (G. G), að brt. hans fari ekki lengra en frv. En hitt er rétt, að það tekur út yfir miklu meira. Dæmi hans um að áfengisnautn geti samkv. frumv. átt sér stað í prívatherbergjum forstöðumanns, var ekki heppilegt, því það er heldur ekki bannað eftir brt. hans. Ef hann væri formaður í slíku félagi, gæti hann vel tekið félaga inn til sín og veitt honum áfengi þar. En það sem tilgangurinn var með frumv., var að hnekkja því, að hægt væri að setja upp reglulegan veitingastað og reka þar veitingar undir félags nafni, en til þess þarf föst herbergi. Það er því ekki rétt að halda því fram að brt. fari ekki lengra en frv. Þær fara miklu, miklu lengra. En hitt má vera satt, að hægra verði að framfylgja lögunum ef frv. verður breytt þannig.

Vegna þess að fundið hefir verið að málinu á frv., að það væri ekki nægilega glögt, skal eg geta þess, að eg bar það undir íslenzkukennarann við mentaskólann og bað hann segja mér hvort kann findi nokkuð að því, og sagði hann að eg mætti hafa eftir sér, að hann gæti ekkert að því fundið. Það má vera að einhverjum finnist það stirt, en sennilega er sá galli á fleiri frv. en þessu. — Eg man ekki annað sem eg þyrfti að taka fram. Okkur ber ekki mikið í milli, en flutnm. br.till. hafa bara verið mikið hugaðri en eg, farið talsvert lengra og leggja fullmikið á vald lögreglustjóra.

ATKV.GR.:

1. brt. á þgskj. 121 sþ. með 13 atkv.
2. — — — — — — 13 —
3. — — — — fyrri málsgr. sþ. með 14 atkv.

Brt. á þgskj. 122 sþ. með 16 atkv.

3. brt. á þgskj. 121 síðari málsgr. þannig breytt, sþ. með 16 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Magnússon
Benedikt Sveinsson	Jón Ólafsson
Björn Kristjánsson	Sig. Sigurðsson
Guðl. Guðmundsson	
Halldór Steinsson	
Jóh. Jóhannesson	
Kristján Jónsson	
Lárus H. Bjarnason	
Matth. Ólafsson	
Ólafur Briem	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	

Einar Jónsson greiddi ekki atkv. og taldist því með meiri hlutanum.

4. br.till. við 4. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

5. br.till. við 4. gr. sþ. með 8 : 7 atkv.

6. br.till. við 5. gr. sþ. án atkv.gr.

Frv. með áorðnum breytingum sþ. með 15 atkv. shlj., og afgreitt til Ed.

Ein umr., 20. ágúst.
ATKV.GR.:
Frv. sþ. með 13 shlj. atkv. og afgreitt til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

Eftirlit með skipum.

FRUMVARP til laga um eftirlit með þilskipum og vélaskipum (A. 17, n. 75, 116, 119, 133); 1. umr. 20. júlí.

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Eg hygg, að allir fullorðnir menn séu mér sammála um það, að þeir, sem byggja þetta stóra land, séu bæði of fáir og fátækir, og þá býst eg líka við, að þeir hinir sömu menn séu mér samdóma um það, að rétt sé að taka höndum saman til þess að girða sem bezt fyrir þær mannhættur, sem viðráðanlegar eru. Það er til fróðleg skýrsla um manntjón af druknun hér á landi prentaður fyrirlestur eftir landlækni Guðm. Björnsson, og þó að þar kenni samkv. hlutarins eðli fárra eða engra nýmæla, þá er þar safnað saman í fróðlegu og læsilegu máli mörgu af því, sem áður var á víð og dreif og fáir því þektu. Það mun koma mörgum þeim, er skýrsluna lesa, á óvart, að manntjón hefir orðið mikið meira af þilskipum en opnum bátum, því flestir munu hafa álitið, að þilskipin væru miklu betri farkostur en opnu skipin. En eftir þessari og öðrum skýrslum, sem fyrir liggja, hefir manntjónið á þilskipum, á árunum 1904 til 1910 verið 15 %, en af fiskiskipum 12 %. Þetta er mikil blóðtaka, sérstaklega ef druknanir hér eru bornar saman við önnur lönd, t. d. Noreg, þar druknar ekki meira en 1 % á ári hverju. Eg býst ekki við að sjóhættan af náttúrunnar völdum sé mikið meiri hér en víða annarstaðar, og ekki hygg eg, að Íslendingar séu svo miklir eftirbátar annara þjóða í sjómensku, að þessi mikli munur geti stafað af því. En sé svo, að munurinn stafi hvorki af meiri hættum af náttúrunnar völdum, né af illri sjómensku, þá hlýtur hann að liggja í því, að okkar skip séu ótraustari eða lakar útbúin. En það er aftur sumpart lögunum að kenna og sumpart framkvæmd laganna.

Lögunum frá 3. okt. 1903 er ekki lítið áfátt. Að vísu skipa þau svo fyrir, að skoðunarmenn skuli rannsaka öll þilskip, er fiskiveiðar stunda eða vörur flytja, og lögreglustjóri hefir ekki leyfi til að lögskrá menn á þau, nema slík skoðun hafi farið fram. — En auk þess sem lögin ná hvorki til mannflutningaskipa né opinna vélaskipa, þá veita þau í fyrsta lagi enga tryggingu fyrir því að skoðunarmennn séu heppilega valdir og í öðru lagi er skoðunarmönnum lagt of lítið vald í hendur, enda ekki nægileg viðurlög fyrir vanrækslu útgerðarmanna eða skoðunarmanna. Að vísu á lögreglustjóri að útnefna skoðunarmennina, en það hefir ekki reynzt næg trygging. Til þess að tryggja það, að skoðunarmenn séu starfi sínu fullkomlega vaxnir, þyrfti að gefa sjómönnunum sjálfum einhver áhrif á valið. t. d. uppástungurétt. Skoðunarmenn geta hvorki krafist þess, að skipin séu tóm né þau dregin á þurt land. En það sjá allir, að liggi skipið á sjó úti, ef til vill full fermt af vörum, þá getur skoðunin ekki orðið annað en nafnið tómt, að eins til málamynda. Þetta er stór galli.

Ennfremur hafa lögin verið misjafnlega framkvæmd, og dæmi eru til þess, ekki ýkjagömul, að betur hefði mátt með þau fara. Það er því brýn nauðsyn að hér sé eitthvað bætt úr — jafnvel þó ekki sé litið öðru vísi á málið en frá peningalegu sjónarmiði. Því hefir

verið haldið fram, að hvert líf ungs, verkfærs karlmanns, sé 20 þús. króna virði. Sumir hafa sagt það alt að 30 þús. kr., aðrir 15 þús. kr. virði. En hvað sem réttast er um það, þá höfum vér ekki ráð á að missa menn í sjóinn fyrir handvömm.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er reynt að bæta úr helztu ágöllunum á gildandi lögum. Eftir því á skoðunin að ná til allra skipa, til hvers sem þau eru notuð — ekki að eins til fiski- og vöru-skipa, heldur einnig til mannflutningaskipa og ekki að eins til þilskipa heldur og til opinna vélaskipa. Einnig er svo fyrir skipað, að þeim, sem annast ætti að vera um að varðveita líf og heilbrigði skipshafna, sjálfum sjómönnunum, skipaábyrgðarfélögum eða sveitastjórnum, er fengið vald til þess að hafa áhrif á útnefningu skoðunarmanna.

Þá er og ætlast til að skoðunarmenn geti heimtað skip dregið á land upp og tómt á skip að vera sem skoða á. Að öðrum kosti verður skoðunin ekki eins ábyggileg og þörf er á. Það bar nýskeð til, að skip eitt, sem dæmt var í 1. flokk, var af tilefni frá sjómönnum, sem á því áttu að vera, dregið á land upp og skoðað af nýju og reyndist það, þegar það var tæmt, svo ormsmogið, að því var ekki hleypt á sjó. En slíkt verður ekki rannsakað úti á höfninni. Ennfremur eru viðurlög lögð bæði á útgerðarmenn og skoðunarmenn, ef þeir vanrækja skyldu sína, bæði skaðabætur til þeirra, er verða fyrir lífs- eða eigna-tjóni og refsing til handa skoðunarmönnum samkvæmt 13. kap. almennra hegningarlaga. Þá er það og nýmæli, að bæði helmingur sjómanna og útgerðarmaður getur heimtað skoðunargerðina eiðfesta.

Annars skal eg að lokum geta þess, að eg hafði upphaflega hugsað mér útnefning skoðunarmanna nokkuð öðruvísi fyrirkomið. Við höfum nú lög frá 9. júlí 1909 sem skipa fyrir, að hver fiskur, sem af landinu er fluttur til tiltekinna útlanda skuli skoðaður og eru til þess skipaðir fastir menn, svo nefndir fiskimatsmenn, með tilteknum umdæmum og ákveðnum launum, 8—16—18—20 hundruð krónum. Og hefði líkt fyrirkomulag átt að vera um skoðunarmenn skipa. En eftir atvikum, sérstaklega kostnaðarins vegna, áleit eg þó að fyrirkomulag frumvarpsins væri reynandi. En telji þingið heppilegra að hafa skoðunarmenn á föstum launum með ákveðnum umdæmum, þá má altaf breyta frv. á þann veg.

Eg þykist vita, að hv. deild sýni frv. þann sóma, að setja það í nefnd, enda geri eg það að tillögu minni, að því verði vísað til 5 manna nefndar.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 21 atkv.

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd í málið með 16 atkv.

Kosningu hlutu:

Lárus H. Bjarnason,
Tryggvi Bjarnason,
Jóhannes Jóhannesson,
Matthías Ólafsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umr., 31. Júlí.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Við 1. umr. þessa frv. leitaðist eg við að gera grein fyrir því, hver afbrigði það fæli í sér frá lögunum 1903, og er því eigi þörf að fara framar út í það.

Nefndin er sammála um það, að frv. sé gott, og þær breytingar, sem hún hefir lagt til að gera á því, eru mestmegnis orðabreytingar eða leiðréttingar á prentvillum. Orðabreytingar eru 1., 2., 3. og 6. br.till. á þgskj. 75, 4. br.till. er leiðrétting á prentvillu. 5. br.till. er

um að skeyta við 5. gr. þessum viðauka: »Sama sekt liggur við vanrækslu útgerðarmanns, þó að ekki hafi orðið af tjóni.« Þessa ákvæðis er er ekki stranglega þörf, en er tekið upp til þess að taka af allan vafa.

Við fyrirsögnina er lagt til að skeytt verði inn »opnum« eftir »og«. Kemur það til af því, að í 1. gr. frv. er greint á milli þilskipa og annara skipa. En þilskip eru öll þau skip, sem þiljur eru í, hvort heldur eru seglskip eða vélaskip.

Þessar breytingar eru allar óverulegar, og ræður nefndin deildinni til að samþykkja frv. með téðum breytingum.

Jón Magnússon: Það er að eins örstutt athugasemd, sem eiginlega kemur ekki málinu við á þessu stigi. Eg ætla að víkja lítið eitt að því, sem hv. flutnm. (L. H. B.) sagði við 1. umr. málsins, að frv. þetta væri nauðsynlegt vegna þess að útbúnaður á íslenzkum skipum væri yfirleitt verri en þeim útlendu skipum, sem stunduðu veiðar hér við land og gat hann þá helzt franskra og norskra skipa til samanburðar. Þessi orð sín bygði hv. þm. á skýrslu frá landlækni, er hann nefndi þá. Eg verð nú að segja, að þar sem eg þekki til, bæði hér við Faxaflóa og áður á Eyjafirði, eiga þessi orð hv. þm. als ekki við. Það þori eg að fullyrða. Eg segi þetta ekki til þess að mæla á móti frv., heldur af því að það er rétt. Eg skal nefna til dæmis, að þegar Englendingar seldu kúttera sína, þá fóru beztu skipin hingað til lands, en hin lökustu til Noregs.

Hv. þm. talaði þá og, sínu máli til stuðnings, um % muninn á tölu þeirra manna, er druknuðu hér og í Noregi — og bygði hann það á sömu skýrslunni. En það er ekki réttur samanburður. Ef á að fara að bera manntjónið á vetrarvertíðarskipum okkar saman við manntjónið á skipum annara þjóða, þá er réttast að bera það saman við druknanirnar á frönsku skútunum, og % talan verður hér um bil sú sama. Þó skal eg geta þess, að t. d. í vetur, að af 24 þilskipum hér við Faxaflóa, hefir aðeins farist 1 skip, auk skipsins, sem varð fyrir ásiglingunni í vetur, en af frönskum skipum hafa á sama tíma farist 8—11 þeirra með allri skipshöfn. Nokkuð getur þetta auðvitað stafað af því, að Frakkar leggja fyr út en við. Og mér er vel kunnugt um það, að margir útgerðarmenn hér leggja sem mesta stund á það að gera skip sín sem bezt út. Þess vegna held eg að þessi ummæli hv. flutnm. séu ekki rétt. En — eins og eg tók fram — þá er þetta að eins athugasemd, sem í raun og veru kemur málinu ekki við, en eg kunni betur við að láta þessa getið, vegna ummæla hv. flutnm. Hvað frv. sjálft snertir, þá hefi eg aðeins örfáar athugasemdir við það að gera. Mér virðast yfirleitt br.till. nefndarinnar vera öllu lakari en sjálft frv. Í frv. er talað um, að skoðunargerðin skuli fara fram á þeim stað, sem skipin eru gerð út frá. En eftir núgildandi lögum fer hún fram á þeim stað, sem skipin leggja út frá. Eg held að ákvæði gildandi laga séu öllu gleggri og heppilegri. Eg skal taka til dæmis, að flest skip, sem gerð eru út á Seltjarnarnesi leggja út héðan úr Reykjavík. Gæti það því orðið talsvert óhagræði að fara flytja skipin út á Seltjarnarnes til að skoða þau þar.

Þá vildi eg spyrja nefndina að því, hvers vegna hún er að amast við því, að Gullbringu- og Kjósarsýsla fái sérstaka skoðunarmenn. Það gæti orðið allmikill kostnaður af því, ef t. d. skip, sem gerð eru út í Keflavík, þyrftu að sækja skoðunarmenn sína hingað til Reykjavíkur. — Þá vil eg og skjóta því til nefndarinnar, hvort það sé ekki nokkuð strangt ákvæði, að skipin skuli altaf vera skoðuð svona. Það virðist vera

óþarfur kostnaðarauki og fyrirhöfn, ef er t. d. að ræða um nýtt botnvörpuskip frá útlöndum, eða skip sem nýkomin eru úr skoðun þaðan. Botnvörpungar frá Englandi, koma hingað venjulega með með mikið af ís og yrði það þeim talsvert kostnaðarsamt og óþægilegt að þurfa að flytja hann í land. Eg held því að þetta ákvæði sé helzt til strangt — réttara aðeins að heimila skoðun á skipinu tómu, ef þörf þykir.

Þessu vildi eg aðeins skjóta fram nefndinni til athugunar, og eins geta þess að eg álít það algerlega ástæðulaust að gera Gullbringu- og Kjósar-sýslu nokkuð lægra undir höfði, að því er skoðun skipa þar snertir, en öðrum sýslum landsins.

Ráðherrann (H. H.): Það eru að eins örfá orð. Eg vildi leyfa mér að beina þeirri spurningu til nefndarinnar, hvort hún hefir borið þetta frv. saman við skyld frumvörp, sem liggja fyrir Ed., frv. um eftirlit með þilskipum og frv. um öryggi skipa. Tilgangurinn er sá sami í þessum frv., en á nefndarálitinu verður það ekki séð, hvort nefndin hefir nokkuð tekið þau til greina.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eg vil þakka háttv. þm. Vestm. (J. M.) fyrir þær athugasemdir hans við frv., sem voru á rökum bygðar. Þær voru vitanlega sprotnar af hlýleik til frv. Hann skildi mig svo sem eg hefði sagt við 1. umr. frv., að útbúnaður skipa við Faxaflóa væri lakari en útbúnaður erlendra skipa. Eg hefði ef til vill getað sagt það með nokkrum rökum, en svo var nú samt ekki. Hitt sagði eg — og hafði það eftir skýrslu landlæknis — að útbúnaður á skipum hér við land væri yfirleitt verri en erlendis. Og þessi lög eru ekki eingöngu ætluð fyrir skip, sem gerð eru út hér við Faxaflóa, heldur fyrir öll íslenzk skip hér við land. Það var líka skoðun skoðunarmanns þess, er eg hafði tal af, að útbúnaður á íslenzkum skipum væri yfirleitt verri en erlendum, sérstaklega frönskum. Það sannar líka ósköp lítið mál hv. þm., þótt einhverntíma, fyrir mörgum árum hafi verið keyptir hér til lands, beztu kútterar Englendinga. Þeir geta verið orðnir fúnir og ónýtir nú. Eg er ekki viðbúinn að svara því, sem hann sagði um mannskaðamuninn, hvort það sé rétt hermt. Hann rökstuddi það heldur ekki neitt — sló því bara fram — en landlæknir rökstuddi sitt mál í skýrslunni, er eg hefi umgetið.

En hvað sem um það er, þá getum við allir verið sammála um það, að manntjónið hér við land er alt of mikið. Raunar er það talsvert af náttúrunnar völdum, en það er full ástæða til að ætla, án tillits til alls flokksfylgis, að það hafi miklu ráðið um mörg slys, að ekki hefir verið gætt eins útbúnaðs skipanna og mátti.

Þegar eg nú hefi svarað hinum almennu athugasemdum hv. þm., skal eg víkja að hinum sérstöku athugasemdum við frv. sjálft.

Hv. þm. áleit heppilegra að skoðun skipanna færi fram á þeim stað, sem þau legðu út frá. Þetta virtist nefndinni einmitt mikið lakara, vegna þess, að fremur væri hægt að fara í kringum slíkt ákvæði — eins og líka eru dæmi til að gert hefir verið. Í frv. er ákveðinn fastur staður — í kringum það verður ekki farið — en eftir núgildandi lögum er hægt að flytja skipin af einum stað á annan, þar sem ef til vill skoðunarmenn eru óprúttnari. Eg verð því að halda fast við tillögur nefndarinnar í þessu atriði.

Þá spurði hv. þm. að því, hvers vegna væri gerð undantekning með Gullbringu-

sýslu, þannig að hún fengi ekki sérstaka skoðunarmenn. Það er ekki rétt að hún fái ekki skoðunarmenn. Hún á að hafa sérstaka menn til að skoða báta en þilskip þaðan er skoðunarmönnum úr Reykjavík ætlað að skoða, vegna þess, að líkindi eru til að hér sé einmitt völ flestra og beztra skoðunarmanna. Það er náttúrinni, en ekki nefndinni að kenna, að Gullbringusýsla liggur næst Reykjavík, svo að hægast er fyrir skoðunarmenn að ná þangað. Við vildum helzt, að öll skip væru skoðuð í Reykjavík, en því verður nú ekki komið svo fyrir og þá er að sætta sig við það sem til næst.

Þá þótti hv. þm. það ókostur á frv., að þar er tekið fram, að skoðun skyldi fara fram á öllum skipum tómum. Hann vildi aðeins heimila það, að skipin yrðu tæmd, ef skoðunarmenn krefðust þess. En skoðunarmaðurinn, sem eg átti tal við taldi hitt heppilegra, vegna þess hætt væri við, að skoðunarmenn ef til vill kveinkuðu sér við að krefjast þess, að skipin yrðu tæmd, ef ekki væri til hrein lagafyrirskipun um að svo skyldi vera.

Viðvíkjandi fyrirspurn hæstv. ráðherra (H. H.), þá skal eg geta þess, að við höfum athugað frv. það, sem hann talaði um sérstaklega, en eg er hræddur um, að hæstv. ráðherra hafi ekki athugað það eins vel, því að annars mundi hann hafa séð, að það kemur þessu máli ekki við, enda haggar það í engu við núgildandi skipaskoðunarlögum, sem frv. vort á að koma í staðinn fyrir.

Þá þykist eg hafa svarað athugasemdum þeim við frv., sem fram hafa komið. Eg er hv. þm. Vestm. (J. M.) þakklátur fyrir þær og nefndin mun athuga þær til 3. umr. og gera brtill. þar að lútandi, ef henni virðist þörf á.

Jón Magnússon: Það er eðlilegt, að hv. 1. þm. Rvk. (L. B. H.) gæti ekki sagt mikið um manntjónsmuninn á frönsku skútunum og íslenzku skipunum. Það stendur ekkert um það í skýrslu landlæknis. Eg hefi átt tal við hann og hefir hann sagt mér, að hann hafi ekki getað komið þeim samanburði að, vegna þess að honum hafi ekki borist upplýsingar þar að lútandi fyr en skýrslan var komin á prent.

Eg gat ekki sannfærst af ræðu háttv. þm. um það, að rétt væri að gera undantekningu með Gullbringusýslu, að því er skoðunarmenn snertir. Það er mjög mikil útgerð í sýslunni og það virðist nokkuð hart að heimta það af skipum úr Hafnarfirði að þau sigli af ágætis höfn inn í miklu lakari höfn, til þess að skoðun fari þar fram. Þessi sýsla gæti líka ósköp vel, þótt hún hefði skoðunarmenn út af fyrir sig, valið þá úr Reykjavík, þar sem mest er völ á þeim — svo að eg get ekki séð að röksemdir hv. þm. í þessu efni séu mikils virði. Það gæti líka verið skoðað sem lítilsvirðingarmerki á þessari sýslu, ef hún yrði tekin undan.

Ekki get eg heldur kannast við að það sé rétt hjá háttv. þm. að heppilegra sé að skipin séu skoðuð þar sem þau eigi heima. Það gæti orðið talsverð óþægindi og kostnaðarauki að því, t. d. ef skipið liggur hér í Rvk, en er gert út frá alt öðrum stað af landinu. Líka vil eg geta þess, að ákvæðið er nokkuð óglögt. Skipið getur átt heima t. d. í Gullbringusýslu, þótt það sé gert út hér. Hvar á þá skoðunin að fara fram? Eg vildi, sem sagt, helzt að þetta ákvæði félli burtu. Þessar athugasemdir mínar eru, eins og hv. þm. tók fram, als ekki af því sprotnar, að eg vilji málinu illa. Þvert á móti. Eg vil einmitt að frv. gangi fljótt fram, og helzt áður en lokið er öðru máli, sem liggur fyrir háttv. Ed. — ekki samt frv. um öryggi skipa — heldur annað frv., sem fer mikið

lengra en þetta hér. Mér er ekki kunnugt um, hvernig því líður — hefi ekki spurst fyrir um það.

Loks skal eg geta þess, að þótt eg sé ekki kunnugur útgerðinni á Vestfjörðum, þekki eg talsvert til á Eyjafirði, en á þeim stöðvum er — auk Reykjavíkur — mesta skipaútgerð á landinu. Eg hefi því fullan rétt til að segja, að útbúnaður á íslenzkum þilskipum er fult eins góður og á erlendum — og eg byggi það ekki aðeins á minum eigin dómi. Eg hefi spurst fyrir það hjá manni, sem hlýtur að vera því mjög kunnugur og eg efast ekki um að hefir gott vit á þessu máli. Það er kaupmaður Geir Zoëga. Hann hefir sagt mér, að íslenzk þilskip standi erlendum skipum að engu leyti að baki. En þar með er ekki sagt, að betra eftirlit, en verið hefir, sé óþarft. Einmitt þegar þess er gætt, að hér er sjór mikið verri og veðurhættan meiri en annarsstaðar. Þess vegna er það bráð-nauðsynlegt að gera fyrirskipanir sem tryggja það, að allur útbúnaður sé sem bestur.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal ekki blanda mér í þessa deilu um hvort útbúnaður íslenzkra fiskiskipa sé yfirleitt verri en hjá öðrum þjóðum. Mér er óhætt að fullyrða, að þau skip, sem gerð eru út frá Eyjafirði, séu mun betur út búin heldur en þau skip, sem koma frá Noregi og Frakklandi og ganga fyrir Norðurlandi. Eg skal taka það fram, að eg á hér við seglskip. Eg hefi átt kost á að sjá ishafsskip Norðmanna, sem haldið er út til selveiða og annara veiða norður í höfum, og er útbúnaður á þeim mun betri heldur en á öðrum útlendum skipum, sem haldið er út hér við land, og verð eg að álíta, að útbúnaður íslenzkra skipa á Eyjafirði sé litlu eða engu lakari. Enda skal eg taka það fram, að mannskaðar hafa í seinni tíð verið miklu minni fyrir Norðurlandi heldur en fyrir Suðurlandi. Hættan þar, sérstaklega fyrir hákarlaskipin, er aðallega fólgin í því, að þau rekast á hafísjaka á siglingu í hríð eða myrkri, svo að gat komi á þau og þau sökkvi. Það er álit kunnugra manna að skip, sem algarlega hafa horfið og ekkert rekið af, hafi farist á þennan hátt. Eg held þess vegna hvað Eyjafjörð snertir, að útbúnaður skipa þar sé í góðu lagi, skoðunarmennirnir leysi verk sitt samvizkusamlega af hendi.

En eg stóð nú eiginlega ekki upp til að ræða um þetta, heldur til að spyrjast fyrir um eitt atriði í frumv. Í 4. gr. er ákveðin þreföld borgun móti því sem nú tíðkast fyrir skoðun skipa. Mér er ekki ljós átæðan til þessa.

Nú fær hver skoðunarmaður 3 kr. fyrir skoðun þilskips, og getur sú borgun verið heldur lág, þegar um gufuskip er að ræða, en hins vegar finst mér 10 kr. til hvers skoðunarmanns vera æði há borgun, sérstaklega fyrir skoðun einþiljaðra hákarlaskipa og minni þilskipa, og tilfinnanlegur skattur á útgerðarmönnum. Eg tel þessa borgun ekki of háa, þegar um er að ræða skoðun á gufskipum með vélum og miklum útbúnaði, en óhæfilega háa fyrir skoðun smærri seglskipa. Eg vil því skjóta því til hinnar hv. nefndar, hvort ekki sé gerlegt að breyta þessu og hafa gjaldið mismunandi hátt, eftir stærð skipanna og eftir því hvort það eru gufuskip eða seglskip sem skoðuð eru.

Framsm. (Lárus H. Bjarnason): Hv. þm. Vestm. (J. M.) tók það upp aftur, að skip mundu jafnaðarlega vera vel útbúin hér. En hversu vel sem skipin kunna að vera útbúin, má ekki láta skoðun falla niður. Það verður að ganga úr skugga um að svo sé, og gæta hagamuna þeirra, sem á skipunum eru

og eiga líf sitt að miklu leyti undir því að þau séu vel útbúin. Hér er ekki verið að bregða neinni sérstakri útgerð um vondan útbúnað.

Hann færði þá ástæðu fyrir, að hann vildi ekki láta skoðunarmenn hér skoða skip í Hafnarfirði og Gullbringu- og Kjósar-sýslu, að þeim þyrfti að greiða ferðakostnað. Eg hefi talað við annan skoðunarmanninn hér, og sagðist hann ekki ætlast til neins sérstaks ferðakostnaðar. Fyrst skoðunarmenn láta sér lynda að fá enga ferðapeninga, þá vænti eg þess, að hv. þm. Vestm. (J. M.) geri sig ánægðan með það fyrir þeirra hönd. Honum fanst það nokkurskonar lítilsvirðing fyrir Gullbringu- og Kjósar-sýslu, að skip þaðan væru skoðuð af skoðunarmönnunum hér. Það var alls ekki meining okkar flutningsmannanna, að kasta neinni rýrð á þetta kjördæmi, en vér lítum svo á, að hér mundi vera beztur kostur hæfra skoðunarmanna, og að æskilegt væri að skoðarmenn hér gætu náð til að skoða sem flest skip á landinu. Við vildum ekki gera sjómönnunum lægra undir höfði heldur enn þorskinum, sem er skoðaður af völdum vel launuðum mönnum af landssjóði.

Eg er hv. þm. Ak. (G. G.) þakklátur fyrir uppástunguna, þó hjá honum kenni nokkuð líks bragðs og hjá háttv. þm. Vestm. (J. M.), of mikils tillits til útgerðarmanna. Hv. þm. þótti skoðunargjaldið of hátt. Þetta er ekki svo mikið gjald, þegar litið er til þess, að skipin eru skoðuð að eins einu sinni á ári. Nú er líka ætlast til þess, að skoðunin verði miklu ítarlegri heldur en hingað til hefir verið, meiri tími og meiri þekking heimtuð af skoðunarmönnum og þess vegna sjálfsagt að greiða þeim hærra kaup. Til þessa hafa skip verið skoðuð úti á sjó, oft og tíðum með meiri eða minni varningi innanborðs, ekki skoðuð að neðan og ekki farið niður í þau. Með þessu frv. er ætlast til að skipin séu grandskoðuð tóm, dregin á land ef þurfa þykir, rifnar upp fóðurþiljur að innan ef eitthvað þykir grunsamt og grandskoðuð að utan frá skjólborði til kjalar. Auk þess er stjórninni heimilað að setja enn nákvæmari reglur um skoðunina. Þetta er alt öðru vísi skoðun, heldur en þessi kattarskoðun sem tíðkast hefir hingað til. *(Guðlaugur Guðmundsson*: Þekkist ekki á Akureyri). Það getur vel verið að skip séu jafnan vel og samviskusamlega skoðuð á Akureyri, en það á sér — því miður — ekki stað alstaðar.

Annars mætti ef til vill eins og hv. þm. Ak. (G. G.) sagði, hafa skoðunargjaldið mismunandi og miða það við stærð skipanna. Væri æskilegt að þm. kæmu sem fyrst fram með brt. sínar, ef þeir vilja breyta einhverju í frv., svo nefndin hafi tíma til athugana til 3. umr. og svara þeim.

Ráðherrann (H. H.): Hv. framsm. (L. H. B.) lýsti því yfir að hann hefði borið þetta frumv. undir nefnd í Ed., sem hefir til meðferðar frv. til laga um eftirlit með þilskipum, sem notuð eru til fiskiveiða og vöruflutninga, en sagði þó, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, væri óviðkomandi þeim frumvörpum, sem eru á ferðinni í Ed. Þetta hygg eg að sé ekki á sem beztum rökum bygt. Ýmislegt í frv. um öryggi skipa er alveg um sama efni og hér er um að ræða, og ættu þessi frv. helzt að renna saman í eitt. Það virðist hafa verið óþarfi, að vera að keppast við að koma þessu máli á dagskrá hér, áður en frv. kom frá Ed. Það getur meira að segja orðið hættulegt fyrir framgang góðs máls, að verið sé að streitast við það í báðum deildum í senn. Úr því sem komið er, væri æskilegt að nefndirnar í báðum deildum rynnu saman.

Framsm. (Lárus H. Bjarnason): Það er ánægjulegt að heyra hæstv. ráð-

herra (H. H.) og hv. þm. Vestm. (J. M.) segja að þeir vilji þessu frv. vel. Annars eru aðfinningar þær, sem hafa komið við frv. smámunir einir, eins og háttv. þm. Vestm. (J. M.) hefir kannast við. Fyrir mér er þetta ekkert kappsmál, eg get engan hagnað haft af því að frv. nái fram að ganga. En það leikur grunur á því að betur megi skoða heldur en hingað til hefir verið gert, og að slæm skoðun valdi því að margur á nú um sárt að binda.

ATKV.GR.:

1. brt. á þgskj. 75 við 1. gr. sþ. með 13 atkv.

1. gr. svo breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

2. brt. á þgskj. 75 við 2. gr. (orðabr.) sþ. án atkv.gr.

3. brt. á þgskj. 75 við 2. gr. (orðabr.) sþ. án atkv.gr.

2. gr. svo breytt sþ. með 19 shlj. atkv.

4. brt. á þgskj. 75 við 3 gr. (orðabr.) sþ. án atkv.gr.

3. gr. svo breytt sþ. með 18 shlj. atkv.

4. gr. óbreytt sþ. með 16 shlj. atkv.

5. brt. á þgskj. 75 við 5. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

5. gr. svo breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

6. gr. óbreytt sþ. með 16 shlj. atkv.

6. brt. á þgskj. 75 við 7. gr. (orðabr.) sþ. án atkv.gr.

7. gr. svo breytt sþ. með 17 shlj. atkv.

8. gr. óbreytt sþ. með 17 shlj. atkv.

7. brt. á þgskj. 75 við fyrirsögnina sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin svo br. sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Þriðja umr.; 3. Ágúst.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Hér liggja fyrir br.till. á 2 þskj., þgskj. 133 frá nefndinni og þskj. 119 frá hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.). Nefndin hefir athugað br.till. á þskj. 119 og getur að nokkuru leyti fallizt á þær. 1. brt. nefndarinnar á þgskj. 133 við 2. gr. eru að efni til samhljóða br.till. hv. 1. þm. G.-K. við þá gr., og er honnm væntanlega fullnægt með því, og vona eg því, að hann taki aftur 1. og 2. br.till. sína.

Með 3. br.till. sama hv. þm. getur nefndin ekki verið, eins og br.till. er orðuð, en í líka átt gengur 2. br.till. nefndarinnar, þar sem lagt er til að við sé bætt í 1. mgr. 3. gr. »eða hafa haft þar vetrarlegu, þótt gerð séu út frá öðrum stað«.

3. br.till. hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) girðir ekki fyrir það, að útgerðarmenn fari í kringum lögin, láti skoða skip í öðru umdæmi en þau eru gerð út í, kannske bara til þess að fá vægari skoðunarmenn, eins og sagt er að komið hafi fyrir.

4. br.till. sama hv. þm. getur nefndin ekki heldur mælt með, ekki þó svo að skilja, að nefndin vilji gera Gullbringu- og Kjósar-sýslu neina hneisu, langt í frá, en það er eðlilegast, að skoðunarmenn hér úr Reykjavík, sem ætla má að séu hæfastir til skoðunar, framkvæmi skoðun sem víðast við verður komið. Í Gullbringusýslu ætti skoðunarmönnum úr Reykjavík að vera auðvelt að framkvæma skoðun, vegna nálægðar. Aftur í móti ekki t. d. vestur í Stykkishólmi, hvað þá fjær.

Að 5. og 6. br.till. sama hv. þm. gengur nefndin. Það mun hafa verið hv. þm. Ak. (Guðl. G.), sem vakti máls á því, að réttast væri að skoðunarkaupið færi eftir stærð skipanna. Að því miða þessar br.till. Leggur nefndin því til að samþykkja téðar br.till., og þar sem 1.—3. br.till. hv. þm. eru teknar upp að efni til af nefndinni, þá er að eins 4. br.till, sem nefndin leggur á móti.

Björn Kristjánsson: Svo vil eg taka það fram til skýringar, að þegar um skoðun á þilskipi er að ræða, hvort það sé gallað, þá þarf sjaldnast að gæta

að göllunum í lestarrúminu innanborðs, heldur aðallega í barkanum eða í afturstafni eða rétt undir þilfari. Þetta gerir það að verkum, að eg kýs heldur að 1. málsgrein falli burt, en aðalefni hennar sé skeytt við 2. gr. frv. Eins er það með gufuskip, að þar er ekki aðalgallana að finna innanborðs í lestarrúminu, hvort sem það nú heldur er að nagla vantar eða plata er ryðguð. Að því er altaf leitað utanborðs og því óþarfi að vera að gera mönnum þá tímatöf og ómak að losa lestarrúmið að óþörfu.

Eg er þakklátur nefndinni fyrir undirtektir hennar undir 5. og 6. breytingartillöguna, til þess að mönnum sé ekki gerður mikill kostnaðarauki að óþörfu.

4 atriðið hefir því miður ekki fundið náð fyrir nefndarinnar augum. Hún kýs heldur að skoðunarmenn héðan úr Reykjavík þurfi að fara t. d. suður í Sandgerði til þess að skoða þar mótorbáta, því að flestir eru þeir þiljaðir, þótt þeir séu smáir. Yfirleitt virðist mér það mjög ranglátt að taka Gullbringusýslu eina undan að því er sérstaka skoðunarmenn snertir — staðnum er gert mikið óhagræði með þessu ákvæði, — og þar eð ekki er hægt að tryggja það, að skoðunarmenn úr Reykjavík, sem nefndin álítur muni vera þá beztu á öllu landinu, geti skoðað öll skip úr hvaða sýslu sem er, þá sé eg ekki neina ástæðu til þess að gera þessa einu undantekningu, sem líka er hætt við, að geti orðið misjafnlega liðin. Líf manna t. d. suður í Garði er þó ekki mætara en líf allra annara landsmanna. Eg vona því að hv. deild samþykki þessa br.till. mína, sem fer fram á það, að Gullbringusýsla fái sína eigin skoðunarmenn eins og aðrar sýslur. Og eg er viss um það, að ef hv. flutningsm. athugar málið, þá sér hann að þessum stað er bæði gert mikið óhagræði og kostnaður — auk þess, sem menn geta tafist frá fiskiveiðum við það að þurfa að sækja skoðunarmenn langar leiðir, og þeir þá kannske uppteknir af öðrum skoðunagerðum, sem verða látnar ganga fyrir. Þó að sagt hafi verið — sem eg ekkert skal dæma um — að ein skoðunargerð i Hafnarfirði hafi verið ófullkomin, þá virðist það bitna á allri sýslunni. Slíkt getur alstaðar komið fyrir. Það verður að taka fólkið eins og það er, upp og niður á öllu landinu — og eigi svík sér stað, þá að herða á ákvæðum almennra laga. Eg vona því að hv. framsögum. og hv. deild greiði þessari brt. minni atkvæði.

Bjarni Jónsson: Það eru að eins örfáar aths., því að hv þm. K.-G. hefir tekið af mér ómakið og sagt margt af því, sem eg vildi sagt hafa. Þó er eg ósammála honum um það atriði, að 1. gr. falli burt og orðunum »að jafnaði« verði skotið inn í frv. Eg er í því atriði sammála því sem hv. 1. þm. Rv. hélt fram við fyrstu umr. málsins, en er nú horfinn frá, nfl. það, að gera þar engar undantekningar, skipin skuli altaf, fortakslaust, vera skoðuð tóm. Menn geta átt líf sitt undir því, og þótt eitthvað aukaómak afhljótist, þá er það lítið að setja fyrir sig, þegar líf manna getur verið í veði.

Hinsvegar er eg sammála hv. 1. þm. K.-G. um 4 br.till. hans, að engin undantekning sé gerð viðvíkjandi skoðunarmönnum þar, í Kjósar- og Gullbringusýslu, frá því, sem ætlast er til að verði í öðrum lögsagnarumdæmum landsins. Eg gæti verið því samþykkur, ef tilætlunin væri sú, að öllu landinu skyldi skipt niður í sérstök skoðunarumdæmi, en fyrst svo er ekki, heldur farið eftir lögsagnarumdæmum, þá virðist mér ekki fremur ástæða til þess að taka Gullbringusýslu undan en önnur héruð, sem nálægt Reykjavík liggja, t. d. Akranes. Eg vil ekki geta þess til, að þetta ákvæði

frv. sé sprottið af því, að kvartað hefir verið undan einni skipskoðunargerð í Hafnarfirði. Það væri blátt áfram hlægilegt og leiddi til þess, ef nokkur samkvæmni væri, að í hvert skifti, sem skoðunarmenn einhvers umdæmis vanræktu skyldu sína, þá þyrfti að breyta lögunum og leggja umdæmið undir næstu skoðunarumdæmi. Niðurstaðan gæti orðið sú, að ekkert skoðunarumdæmi yrði að lokum í landi — en það veit eg að er ekki tilgangur hv. flutningsmanna.

Og jafnvel þótt þetta hérað fengi að hafa sína eigin skoðunarmenn, þá er alls ekki loku fyrir það skotið, að hægt sé að taka þá einmitt héðan úr Reykjavík, ef rétt er, að þeir muni beztir hér. Annars hygg eg, að því muni svo farið með þetta og fleira, að skoðunarmennirnir séu svona upp og ofan, jafnvitrir. Og eg hygg að menn í hinum ýmsu héruðum landsins viti yfirleitt jafnvel hve dýrt mannslífið sé og verði vandir að vali sínu á skoðunarmönnum. Hvernig sem eg velti málinu fyrir mér, þá get eg ekki annað séð en þetta ákvæði sé móðgandi fyrir viðkomandi héruð, einkum vegna þess, að nýlega hefir orðið mikið umtal bæði manna á meðal og í blöðunum út af skoðunargerð þeirri í Hafnarfirði, er eg áður nefndi — og hefir nú verið skipuð sakamálsrannsókn út af henni. En eg vona að hv. deild láti það ekki bitna á heilu héraði, þó einstaka menn hafi vanrækt skyldu sína, og samþykki br.till. hv. þm. K.-G. Samþykt ákvæðis frumvarpsins mundi óefað verða skoðað sem brennimark, er þingið setti á héraðið — og væri þá miður.

Framsm. (Lárus H. Bjarnason): Eg þarf ekki að deila við hv. þm. G.-K. (B. Kr.) um það, að honum hlýtur að vera fullnægt með þeim brtill., er nefndin hefir komið fram með. Með þeim er komið í veg fyrir þá agnúa á frv., sem hann og háttv. þm. Vestm. (J. M.) hafa fundið á því, þar að lútandi að oft sé bæði óþægindi og óþarfi að skipin séu skoðuð tóm. Eg er að vísu þeirrar skoðunar, að helst ætti það að vera skilyrðislaus skylda að skip væru altaf skoðuð tóm, en hefi þó komið með þessa brtill., að skjóta orðunum »að jafnaði« inn til þess að gera hv. þm. ánægða.

Þá er ekki eftir nema 4. brtill. hv. þm., sem við erum ósammála um. Eg vil vona það, að hv. þm. trúi þeim orðum nefndarinnar, að hún hefir alls ekki sett það ákvæði, sem þar um ræðir, inn í frv. í þeim tilgangi að »brennimerkja« þetta hérað á nokkra lund. Henni gekk það eitt til, að mestar líkur eru til þess, að skoðunarmenn séu beztir hér í Reykjavík — annað ekki. Helzt kysum við auðvitað að landinu væri skift í ákveðin skoðunarumdæmi — líkt og er um fiskimatsumdæmin — en það sáum við okkur ekki fært. Einnig var það ókleift að hafa landið eitt umdæmi undir skoðunarmönnum héðan úr Reykjavík, vegna þess hve stórt það er og skipin leggja út á misjöfnum tíma. En þá var það eitt fyrir hendi, fyrst ekki fékst það bezta, að taka hið næst bezta og láta skoðunarmenn úr Reykjavík skoða skipin úr þeim héruðum, sem þeir geta náð til — og það er einmitt Gullbringusýsla. Næsta hérað er Borgarfjörður, en þar er engin útgerð, að því er mér er kunnugt um. En verði svo með tímanum, þá er altaf hægt að leggja hana undir Rvík.

Út af þeim orðum hv. þm. (B. Kr.), að það væri óaðgætni og kostnaðarauki fyrir héraðið að þurfa að sækja skoðunarmenn úr Reykjavík suður í Sandgerði til þess að skoða þar þilvélaskip, þá skal eg minna hann á það, að útgerðarmönnum er ekki ætlað að borga fyrir

það einn einasta eyri — og þar með er sú mótbára hv. þm. einnig fallin.

Fleiri athugasemdum held eg ekki að sé að svara í þetta skifti.

Jón Magnússon: Háttv. 1. þm. Rvk (L. H. B.) gerði lítið úr því, að það gæti orðið óþægilegt fyrir Gullbringusýslu að þurfa að fá skoðunarmenn úr Reykjavík til þess að skoða báta sína og skip, því að eins og hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) tók fram, eru flestir mótorbátar sem þaðan ganga þiljaðir. Ef ekki stæði svo á, að flest skip legðu út á sama tíma úr þessum héruðum — og bátavertíðin byrjar vanalega á líkum tíma —, þá yrðu kannske ekki mikil vandkvæði á þessu ákvæði. En eg hygg, að talsvert hlé eða dráttur gæti orðið á, ef skoðunarmenn þyrftu fyrst að skoða öll skip sem héðan ganga, og halda síðan suður eftir. En þó að útnefna þyrfti fleiri skoðunarmenn — og þá væri að mínu áliti eins gott að bæjarfógetinn í Hafnarfirði útnefndi þá héðan.

Þá felli eg mig betur við brtill. hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um það, að 1. málsgr. falli burtu. Mér finst hún með öllu óþörf. Skoðunarmenn geta altaf heimtað, að skipin verði sett á land, ef þeim þykir þörf, eða neita að öðrum kosti að gefa skoðunarvottorð. Mér skilst líka það helst vera meining nefndarinnar með þessu ákvæði að hjálpa upp á einurð skoðunarmannanna, en þess held eg þurfi ekki við, ef það eru skylduræknir menn og öðru er ekki gerandi ráð fyrir.

Að svo mæltu hefi eg ekki frekara um málið að segja að sinni.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Það er oft ánægjulegt að heyra athugasemdir og spádóma háttv. þm. Vestm. (J. M.), en honum hefir oftast tekist betur en hér, enda mun hann ekki vera alskostar óviðriðinn.

Hann sagði, að erfitt væri að láta fara saman skoðun á skipum og vélabátum hér og syðra, vegna þess, að þeir legðu allir út á sama tíma. Þetta er alveg spánný uppfundning hjá hv. þm. Trollarar eru á veiðum hér árið í kring þilskipin leggja vanalega út fyrst í Febrúar en bátar talsvert seinna, nema ef vera skyldi í Vestmanneyjum — það er mér ókunnugt um — en skoðunarmönnum úr Reykjavík er heldur ekki ætlað að fara þangað. Hann sagði, að afleiðingin af þessu yrði sú, að skoðunarmönnum yrði að fjölga að mun og sé eg ekki að það væri nein frágangssök. Hitt er rangt, að bæjarfógetinn í Hafnarfirði geti skipað menn í Reykjavík til að skoða skip hjá sér. Annars hygg eg, að skoðunarmenn þeir, er nú eru hér í Reykjavík viti þetta fult eins vel og hv. þm. Vestm. (J. M.) og þeir treysta sér fullvel til þess að skoða skip í Gullbringusýslu.

Háttv. þm. sagði og að skoðunarmenn gætu eftir núgildandi lögum heimtað skipin tæmd og sett á land, eða að öðrum kosti neitað að gefa skoðunarvottorð, en þetta er ekki rétt og að minsta kosti telur sá skoðunarmaður, sem eg hefi átt tal við, sig skorta vald til þess. En hvað sem því líður, þá er miklu tryggara að fá skoðunarmönnunum þetta vald með beinum orðum. Við vitum það vel bóngóðum mönnum er hætt við að gefa eftir, þar sem ekki er skýlaus lagabókstafur fyrir. Eg veit mörg dæmi þess að gefið hafi verið eftir, jafn vel þar sem ekki mátti gefa eftir, og hv. þm. Vestm. (J. M.) mundi líklega líka finna einhver dæmi þess, vildi hann vel leita. Þess vega er hætt við, að verði skoðunarmönnum aðeins gefin heimild til þess að tæma skipin og draga þau á land, að það verði þá ekki annað en dauður bókstafur, en sé það skýlaust heimtað, þá er síður hætt við að þeir

verði of eftirgefanlegir. Þetta vakti fyrir nefndinni, en hún vildi samt gera það hv. þm. til þægðar að slaka dálítið til og tók því upp í frv. orðin »að jafnaði«.

Eg vona að það gangi eins með þetta frv. og frv. um áfengissöluna, sem lá hér fyrir um daginn. Hv. þm. Vestm. (J. M.) mælti fyrst á móti öllum athugasemdum mínum við það, en þær voru þó samþyktar síðar allar, eða allflestar.

Út af orðum hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) nægir væntanlega að vísa til heilbrigðrar skynsemi um það, að sjór getur gengið ekki síður í farmrúm skips en önnur rúm þess, og á sama má þeim, sem á skipinu eru, standa hvort þeir drukna af því að sjór gengur í skipið á einum stað eða öðrum.

Göt og gallar geta dottið á skip bæði utan og innan. Það hefir margsinnis komið fyrir að skip hafa skemst við það að losnað hefir eitthvað af farmi í þeim. *(Björn Kristjánsson:* Í lestarrúmunum?) Já, einmitt í lestarrúmunum. Sömuleiðis kvað það ekki ótítt, að viðir fúni af því að vatn næst ekki til fullnustu með pumpum. *(Björn Kristjánsson:* Nei.). Það mundi jafnvel slá í þm., ef hann lægi lengi í vatni.

Jón Magnússon: Það er ekki rétt að nefndin hafi tekið bendingunni um að rétt sé að skoða skip á þeim stað, sem þau leggja út frá. Eg sagði um daginn, að ákvæði laganna sem nú gilda, væri betra.

Eg skal ekki deila við hv. framsm. (L. H. B.) um það, hvað helzt veldur skemdum á skipum. Við erum hvorugur fróður í því efni, en þó er eg hræddur um að hann sé ófróðari, eftir því að dæma, hvernig hann talar. Eg veit ekki til að það hafi nokkurntíma komið fyrir að farmur hafi valdið skemdum á skipi.

Eg sagði áðan að skipa legðu vanalega út á sama tíma, og eg stend við það. Þegar fiskiganga kemur snemma vetrar, þá leggja mótorbátar út t. d. í Grindavík og hér suður með sjó, og svo mun víðar vera.

Það er nú búið að tala nokkuð mikið um þetta mál og eg sé ekki ástæðu til að orðlengja það frekar.

Framsm. (Lárus H. Bjarnason): Eg tek það aftur fram að nefndinni er það áhugamál að skoðunarmenn skoði skipin þar sem þau eru gerð út, því að þá er síður hætt við að gengið verði fram hjá góðum skoðunarmönnum og lakari menn teknir. Það er hægt að fara kringum lögin, með því móti, að láta skip sigla þangað, sem lakari eru skoðanarmenn, og síðan leggja þaðan út, og það hefir verið gert. Hv. þm. Vestm. (J. M.) þekti ekkert dæmi þess að skip hefði skemst af farmi. Það sýnir bezt, hve fróður hann er um þetta efni. Það kemur ósjaldan fyrir að hleðsla raskast í skipi, jafnvel svo að skip ferst af, og dæmi eru þess að kviknað hafi í farmi o. s. frv. Skal eg svo að lokum leyfa mér að skírskota til þeirra orða, sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði áðan, að mannslífin — ekki einungis líf sjómannanna sjálfra, heldur og líf vandamanna þeirra — væru dýrmætari heldur en hagsmunir einstakra útgerðarmanna. Þess vegna er það nauðsynlegt að tryggja sem bezt nákvæma og samvizkusamlega skoðun á skipunum.

Bjarni Jónsson: Það er að eins örstutt athugasemd út af því sem síðast var sagt. Maður á það engan veginn víst, hvort samvizkusemi er meiri þar sem skip er gert út eða þar sem það hefir vetrarlegu. Líklega er ekki hægara að hafa áhrif á menn, sem eiga heima í fjarlægð. Annars hygg eg að ekki þurfi að sníða lögin eftir samvizku-

semi skoðunarmanna. Ekki hægt að segja fyrirfram hvar samvizkusemi er að finna og hvar ekki.

Viðvíkjandi þessu ákvæði um Gullbringu- og Kjósar-sýslu skal eg geta þess, að það er ekki rétt að engin útgerð sé í Borgarfjarðarsýlu. Á Akranesi eru gerðir út vélarbátar, og gætu skoðunarmenn úr Reykjavík eins vel náð til að skoða þar eins og í Hafnarfirði. Auk þess eru vélarbátar gerðir út frá Borgarnesi, hafðir til fólksflutninga og annars, og ætla mætti að þessi útgerð á Akranesi og annarstaðar í Borgarfjarðarsýslu gæti aukist með tímanum.

ATKV.GR.:

1. brt. á þgskj. 119 feld með 12:6 atkv.

2. brt. á þgskj. 119 tekin aftur.

1. brt. á þgskj. 133 samþ. með 17:2 atkv.

3. brt. á þgskj. 119 feld með 10:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson	Eggert Pálsson
Guðl. Guðmundsson	Jón Jónsson Rvk.
Hannes Hafstein	Benedikt Sveinsson
Jón Magnússon	Bjarni Jónsson
Kristján Jónsson	Halldór Steinsson
Ólafur Briem	Jóh. Jóhannesson
Pétur Jónsson	Lárus H. Bjarnason
Sig. Sigurðsson	Matth. Ólafsson
Tryggvi Bjarnason	Skúli Thoroddsen
Þorleifur Jónsson.	Stefán Stefánsson.

Jón Ólafsson greiddi ekki atkv. Einar Jónsson og Valtýr Guðmundsson ekki við.

2. brt. á þgskj. 133 samþ. með 12:3 atkv.

4. brt. á þgskj. 119 samþ. með 11:10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson	Eggert Pálsson
Björn Kristjánsson	Jón Jónsson Rvk.
Guðl. Guðmundsson	Benedikt Sveinsson
Hannes Hafstein	Halldór Steinsson
Jón Magnússon	Jóh. Jóhannesson
Kristján Jónsson	Jón Ólafsson
Ólafur Briem	Lárus H. Bjarnason
Pétur Jónsson	Matthías Ólafsson
Skúli Thoroddsen	Stefán Stefánsson
Valtýr Guðmundss.	Tryggvi Bjarnason
Þorleifur Jónsson.	

Einar Jónsson og Sigurður Sigurðsson ekki viðstaddir.

5. brt. á þgskj. 119 samþ. með 19 shlj. atkv.

6. brt. á þgskj. 119 samþ. án atkv.gr.

Frv. með áorðnum breytingum samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Eftirlaun ráðherra.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 17 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands frá 3. okt. 1903; (A. 18, n. 103, 131); 1. umr. 20. Júlí.

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Þetta frv., sem eg og háttv. meðflutnm. mínir berum hér fram, er enginn nýr gestur hér í þinginu. Þegar árið 1902, er drög voru lögð til laga þeirra, er nú gilda um landsstjórn hér á landi, orðaði framsm. þeirra laga það, að ráðherra skyldi engin eftirlaun hafa, en Alberti vildi ekki svo vera láta. Þá voru tveir kostir, annaðhvort að taka við lögunum eins og þau voru, eða ekki og var þá ekki hætt á það að breyta frv., hvorki í þessu né öðru. Eftir þierri stjórnarskrá, sem vér eigum nú við að búa, á því ráðh. rétt til eftirlauna og verður hann ekki af honum tekinn, en hinu ræður löggjafarvaldið, hve há eða lág þau laun eru. Það getur fært þau upp eða niður eftir vild, þó þannig, að

ekki sé skertur réttur þeirra sem öðlast kunna að hafa tiltekinn rétt til eftirlauna. Nú þykir mér og fleirum tími til þess kominn, að leggja enn á ný út í viðleitni til þess, að fá þessu breytt. Bæði er það, að eftir allstuttan tíma — ekki nema 7 ár — verðum við nú að borga 8 þús. kr. á ári til tveggja ráðherra í eftirlaun. Menn hefðu að vísu getað búist við því, að sú upphæð hefði hvergi nærri orðið svo há, en það er nú einu sinni svona — og svo virðist vera því meiri ástæða til þess, að lækka ráðh.eftirlaunin, þar sem það liggur í loftinu hjá mörgum, að fjölga ráðherrunum. Á þingunum 1909 og 1911 voru líka borin fram frv. líks efnis og þetta af þáverandi meirihluta, en þau náðu í hvorugt skiftið fram að ganga. 1911 féll frv. eingöngu vegna ósamþykkis um fullkomið aukaatriði.

Því er nú svo farið, að maður, sem verður ráðherra — kemst upp í þann sess annaðhvort úr embætti eða embættisleysu, eða þá í þriðja lagi af eftirlaunum. Við, flutnm. þessa frv., viljum nú hafa ráðh.eftirlaunin 1000 kr., enda mundi sú fjárhæð yfirleitt verða nóg þeim sem sæktust ekki eftir ráðherradómi vegna eigin hagsmuna, og undir slíka menn væri ekki þörf að hlaða. Komi nú maður í ráðherrasess úr öðru eftirlaunaembætti, þá á hann, eftir þessu frv., að halda eftirlaunum eftir hið fyrra embætti sitt, og komi hann af eftirlaunum, þá á hann og að halda þeim — yfirleitt. Þessu héldum við fram í Ed. í fyrra, og á því strandaði málið þá, því að meiri hlutinn vildi taka af slíkum manni eftirlaunin frá fyrra embættinu, en það gæti löggjafinn ekki, þó að hann vildi, dómstólarnir mundu áreiðanlega dæma honum þau.

Eg hygg að nefndar ætti ekki að vera þörf, þar sem málið var rætt við ekki minna en 8 umr. í fyrra og oft 1909. Hins vegar er eg ekki beint mótfallinn nefnd, ef mönnum sýnist svo, og mundu þá þrír menn nægja. Vil eg svo enda með því, að mælast til þess að þingið taki þessu frv. eins vel og gert var í fyrra.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd að lokinni umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 18 samhlj. atkv.

5 manna nefnd samþ, með 13 samhlj. atkv. og í hana kosnir:

Lárus H. Bjarnason,
Jón Magnússon,
Tryggvi Bjarnason,
Sigurður Sigurðsson,
Ólafur Briem.

Önnur umr. 2. Ágúst.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Það var gerð grein fyrir því við 1. umr. af flutningsmönnum þessa máls, hvað fyrir þeim hefði vakað er þeir fluttu þetta mál inn í deildina.

Nefndin er öll á þeirri skoðun, að ráðh. eigi ekki að hafa nein lögákveðin eftirlaun. Það sem skilur meiri og minni hluta nefndarinnar er það, hvort breyta skuli ákvæðinu um ráðherraeftirlaun áður en stjórnarskránni er breytt. Minni hlutinn, háttv. form. nefndarinnar, þm. Vestm. (J. M.), ætlar að breytingin megi bíða þangað til stjórnarskr. er breytt, en meiri hlutanum sýnist svo sem brugðið geti til beggja vona hvenær það verði og býst auk þess ekki við að hægara verði að breyta þessu ákvæði þegar ráðherrar eru orðnir þrír, því að þrír menn hafa meiri tök á þinginu en einn maður. Allur er varinn

góður og því réttast að samþykkja frv. strax. Á þingunum 1909 og 1911 komu fram frumv., sem gengu í sömu átt og þetta, en náðu ekki fram að ganga vegna ómerkilegs atriðis, sem í milli bar.

Það liggur engin brtill. fyrir, svo eg býst ekki við að þurfa að halda langa ræðu. Að eins hefir nefndin sjálf komið með eina viðaukatill., þar sem hún leggur til að beint sé tekið fram, að ákvæðin í 1. gr. eigi ekki við þá, sem kunna að hafa unnið sér rétt til annarar eftirlaunaupphæðar.

Áður en andmæli verða hafin gegn frumv. þykist eg ekki þurfa að segja fleira.

Ráðherrann (H. H.): Eg vildi aðeins segja örfá orð um formatriði. Mér finst það óljóst í þessu frv. eins og í samskonar frv. áður hér í deildinni, hvort ráðherraeftirlaunin eiga að hlýta sömu reglum og almenn eftirlaun. Eg get t. d. ekki séð á frv. hvort ráðherra á að fá þessar 1000 kr. sem aukagetu, eða viðbót við laun sín ef hann tekur við öðru embætti eftir að hann hefir verið ráðherra. Þetta finst mér þurfa að koma skýrara fram, því að það gæti ella valdið vafa.

Jón Magnússon: Það er rétt, sem háttv. framsm. (L. H. B.) sagði, að eg vildi ekki vera með að samþykkja þetta frv., og eins hitt, að eg er ekki mótfallinn því að fella burt úr lögum ákvæðið um að ráðherra hafi ákveðin eftirlaun. Eg vil hafa það á þingsins valdi í hverju einstöku tilfelli, hvort ráðherra fái eftirlaun og hve há. En ef lág etirlaun væru ákveðin í lögum býst eg við að erfiðara yrði að fá viðbót af þinginu.

En svo er það annað, sem mér gengur til að eg get ekki felt mig við þetta frv. Ef embættislaus maður verður ráðherra, getur hann aldrei fengið hærri eftirlaun en 1000 kr., en ef embættismaður verður ráðherra, geta eftirlaun hans aldrei orðið minni 2000 kr.

Það er af þessum ástæðum, sem eg get ekki felt mig við frv. og álít ekki rétt að samþykkja það eins og það liggur fyrir. Annars geri eg þetta ekki að neinu kappsmáli, en vildi aðeins lýsa því hvers vegna eg eg er ekki frumv. fylgjandi. Eg álít nóg að breyta þessu þegar stjórnarskránni verður breytt og ráðherrar verða þrír.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Út af því, sem hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, skal eg geta þess, að samkvæmt gildandi lögum getur það ekki komið fyrir að maður, sem nýtur embættislauna hafi samtímis eftirlaun. Eg veit eitt dæmi til að maður, sem hafði embættiseftirlaun, var látinn gegna starfi — ekki embættisstarfi — með fullum launum. Hitt getur ekki komið til mála að maður njóti samtímis embættislauna og embættiseftirlauna.

Það er rétt, sem háttv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að eftir þessu frv. fengi embættislaus maður lægri eftirlaun eftir að hafa gengt ráðherrastöðu heldur en embættismaður. Það leiðir af því að embættismaðurinn hefir rétt, sem ekki verður af honum tekinn, til eftirlauna eftir fyrra embætti sitt. Hann býst ekki við að óttast þyrfti hættu af þremur ráðherrum fyrir framgang þessa frv., en það er augljós oftrú. Frv. mundi leiða til mikils sparnaðar fyrir landssjóð, jafnvel meðan ráðherrann er einn.

Annars má athuga þessar athugasemdir hæstv. ráðherra (H. H.) og hv. þm. Vestm. (J. M.) til 3. umr. Nú liggur að eins fyrir eitt af tvennu, að vísa frv. til 3. umr. eða fella það.

Ráðherrann (H. H.): Eg þurfti ekki þessa skýringu á hinum almennu eftirlaunalögum, að sami maður geti

ekki samtímis notið embættislauna og eftirlauna samkvæmt þeim. Það vissi eg vel.

Í núgildandi fyrirmælum um eftirlaun ráðherra, nefnilega lögum nr. 17, 3. Okt. 1903, er ákveðið að um ráðherra-eftirlaun skuli fara eftir hinum almennu eftirlaunalögum. En hér er verið að setja alveg nýjar og sérstæðar undantekningarreglur, sem ekki miðast að neinu leyti við gildandi eftirlaunalög Það verður að hafa nýmælin skýr.

Eg vil skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki athuga meðal annars 2. lið 1. gr. frv., sem er mjög ógreinilega orðaður: »Hafi ráðherra fluzt í ráðherraembættið úr öðru eftirlaunaembætti, þá nýtur hann og eftirlauna eftir hið fyrra embætti sitt«. Það er eins og hann eigi að hafa eftirlaun eftir fyrra embætti sitt í viðbót við ráðherralaunin, og mun það þó væntanlega ekki vera tilætlunin. Að minsta kosti væri það mjög fráleitt anda þeirra eftirlaunalaga, er hingað til hafa gilt.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason: Eg hygg að hæstv. ráðherra geti við nánari athugun orðið mér sammála um það, að þetta eigi ekki og megi ekki taka svo sem ráðherra eigi að hafa eftirlaun eftir fyrra embætti sitt sem viðbót við ráðherralaunin. Það liggur í orðinu »eftirlaun«.

Það getur ekki náð neinni átt að vísa til gildandi eftirlaunalaga, þegar hér er farið fram á nýtt princip. Þar er farið eftir embættistímalengd og launahæð 5 síðustu árin, tilsk. frá 1855 eða eftir tilteknu lágmarki, tiltekinni upphæð fyrir hvert embættisár, eftirl. frá 1904, en hér er farið fram á ákveðna eftirlaunahæð, hvort sem ráðherra hefir gegnt embættinu lengur eða skemur. Það er því algerlega rangt, að vísa til þeirra laga, sem á að útiloka. Satt að segja gat eg ekki búist við þessari athugasemd frá hæstv. ráðherra.

Annars held eg að það sé óþarfi að stæla meira um þetta. Ef menn vilja breyta einhverju í frv, þá er að koma fram með br.till. og mun nefndin gjarnan taka þær til athugunar.

Ráðherrann (H. H.): Hv. frsm. (L. H. B.) sagði áðan að það væri ómögulegt að maður, sem tæki aftur við embætti, eftir að hafa verið ráðherra, héldi jafnframt ráðherraeftirlaunum. En eftir því sem þetta nýja frv. er orðað, sýnist það einmitt liggja beint við, að skilja svo. Og það væri enganvegin óhugsanlegt, að það væri tilgangur hv. flutningsmanns. Það geta verið ýmsar ástæður til þess að maður sem verið hefir í ráðherrastöðu fengi sérstaka ívilnun í þessu efni. Það eykur honum kostnað eftir á að hafa gegnt ráðherraembættinu. Í Ameríku veit eg að til tals hefir komið að veita fyrverandi ráðherrum og forsetum há eftirlaun, einmitt af því fólk ætlast til alls annars og meira af þeim eftir að þeir hafa gegnt þeim embættum, og mætti láta sér detta í hug, að líkt kynni að hafa vakað fyrir formælendum þessa frumvarps.

Í öllu falli er það víst, að eftir því sem orðin liggja til í 2. lið 1. greinar frv., verða menn, sem flytjast úr eftirlaunaembætti yfir í ráðherraembætti, og gegna því stutta stund, miklu betur settir til eftirlauna eftir þessu nýja frv., er læst þó vera sparnaðarfrumvarp, heldur en þeir mundu vera í mörgum tilfellum eftir núgildandi lögum, því að þeir eiga að fá eftirlaun eftir tvö embætti, fyrst eftir sitt fyrra embætti og síðan í aukagetu 1000 kr. eftir ráðherraembættið. Það er ekki nokkur vegur til að skilja orð frumv. öðruvísi.

Það er ekki til neins að neita því, að frágangurinn á frumvarpinu er afleitur, og frv. yfir höfuð óþarft.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Út af því sem hæstv. ráðherra sagði, að maður þyrfti að hafa meiri tekjur eftir að hafa verið ráðh., þá er það undir því komið, hvort hann álítur sig fínni eftir en áður. Eg verð að álíta að maður sé ekki fínni, eða þurfi að halda uppi nokkurri risnu eftir að hafa verið ráðh., og svo mun víðar vera á litið. Það þarf ekki annað en benda til Noregs og minna á Lövland. Ekki þóttist hann fínni en það, eftir að hann hafði verið ráðh, að hann tók að sér Toldskriver-embætti, og þykir það ekki neitt sérlega fín staða.

En ef einhver maður hefir staðið sig svo vel í stöðu sinni sem ráðherra og unnið landinu svo mikið gagn að hann sé sérstakrar viðurkenningar verður, þá getur þingið veitt honum nokkurskonar gratiale eins og þegar það veitti Jóni Sigurðssyni 3200 kr. heiðurslaun, 1875 að mig minnir.

Skilningur hæstv. ráðh. (H. H.) á 2. málsgr. 1. gr. er gersamlega rangur, svo sem sýnt hefir verið, enda vona eg að hann verði nefndinni sammála við nánari athugun og hjálpi til að fleyta frv. til 3. umr.

Valtýr Guðmundsson: Eg verð að vera samdóma hæstv. ráðh. (H. H.) um að þetta frv. sé dálitið tvírætt og að það þyrfti lagfæringar. Annars held eg að heppilegast sé að láta það ekki fara lengra

Þetta frv. er auðsjáanlega gert fyrir háttv. kjósendur. Þessi jarmur um að afnema öll eftirlaun gerður til að þóknast kjósendum.

Það »princip« er nú sem óðast að ryðja sér til rúms í heiminum, að setja alla á eftirlaun, ekki einungis embættismenn, heldur alla, hverrar stéttar sem eru. Það er því gersamlega öfug stefna þessi jarmur um afnám eftirlauna, sprottin af vanþekkingu og öfund þeirra manna, sem ekki geta gert sér von um að njóta eftirlauna. Ef afnema ætti eftirlaun embættismanna, þá þyrfti um leið að hækka embættislaun þeirra að mun. Menn standa alment í þeirri trú, að embættismenn séu svo hátt launaðir, að þeir geti lagt upp til elliáranna. Þetta er algerlega röng skoðun. Embættismenn hér á landi eru þvert á móti svo lágt launaðir, að naumast er við unandi. Eg býst við að það verði ekki vel metið að segja þetta, en það er satt engu að síður.

Ráðherraeftirlaunin, sem þetta frv. fer fram á, eru líka altof lág. En það er, eins og háttv. þm. Vestm. (J. M.) tók fram, ekki svo hættulegt fyrir embættismann að taka að sér ráðherrastöðuna, af því að hann fær full eftirlaun fyrir fyrri embættisstöðu sína líka, eftir að hann hættir að vera ráðherra. En það er stórhættulegt fyrir embættislausan mann að komast í ráðherrastöðuna. Hugsum okkur t. d. ákaflega duglegan Forretningsmand, sem yðri að yfirgefa stóra verzlun eða iðnfyrirtæki til að taka að sér ráðherraembættið. Það er alls óvíst, að hann ætti aðgang að fyrri stöðu sinni, eftir að hann hætti að vera ráðherra, og yrði því að gera sér að góðu að lifa af þessum 1000 kr. eftirlaunum.

Svo er eitt annað, sem af þessu mundi leiða og vert er að taka til greina. Ráðherra mundi streitast við að hanga sem lengst í ráðherraembættinu, og það gæti orðið þjóðfélaginu til mikils óhagnaðar og kostað þjóðina miklu meira fé heldur en ráðherraeftirlaununum nemur.

Það er verið að tala um hvað ráðherraeftirlaunin séu há, þau hafi nú þegar kostað landssjóð um 21000 kr. Mér blöskrar það nú hreint ekki. Við viljum vera sjálfstæðir og verðum þá

að kosta einhverju til og taka afleiðingunum. En gætum að hinu, ef við höfum óheppilegan mann í ráðherrasætinu, þá getur hann á einum degi sóað miklu meira fé heldur en þessum samlögðu ráerraeftirlaunum nemur. Það er ekki langt að minnast að maður í ráðherraembætti hafi bakað þjóðinni stórtjón á einni klukkustund með undirskrift sinni. *(Bjarni Jónsson* og *Benedikt Sveinsson:* Hver var það?). Það eru ekki svo margir sem hafa verið ráðherrar, að ekki megi geta sér til við hvern er átt. Það þarf ekki annað en minna á silfurbergsmálið og fleira mætti eflaust tína til.

Eg held að það væri réttast að láta þetta frv. ekki fara lengra. Það er nægur tími að hugsa til að breyta þessu ef stjórnarskránni verður breytt.

Hv. þm. Vestm. (J. M.) vildi láta þingið ráða hvað há eftirlaun hver ráðherra fengi. Það mundi að eins verða til þess, að eftirlaunin yrðu miklu hærri, því það er vanalegt þegar svo hefir verið, að menn hafa verið látnir halda sínum fullu launum.

Eg leyfi mér að ráða hv. deild til að fella þetta frv. nú þegar.

Jón Magnússon: Það var ekki nema örlítið, sem eg vildi segja. Mér heyrðist hv. framsm. (L. H. B.) segja eitthvað í þá átt, að við, sem erum á móti þessu frv., séum eitthvað að líta á okkar hag í þessu. *(Lárus H. Bjarnason:* Það hefi eg aldrei sagt). — Jæja, það hefir þá verið misskilningur, en það ætti að vera ljóst, að við tveir t. d., hv. framsm. og eg, fengjum einmitt hærri eftirlaun samkv. þessu frv., ef við yrðum ráðherrar, en svo margir aðrir, því ef það yrði að lögum, þá fengi þeir menn, sem í embættum hafa setið, miklu hærri ráðherraeftirlaun en aðrir, og það þótt þeir hefðu ekki setið nema eitt ár í ráðherrasæti. Þetta frv. hefir því aðallega þýðingu fyrir embættislaus ráðherraefni. Eg bið sem sagt afsökunar á því, ef eg hefi skilið skakt orð eða anda hins hv. þm., en þar fyrir þori eg vel að vera á móti frv., og það nú þegar við 2. umr.

Bjarni Jónsson: Það er mælt að þetta frv. sé ilt vegna þess, að ef það nái fram að ganga megi ekki veita ráðherrum hærri eftirlaun framvegis, en þar eru til tekin, þótt þeir væru þess maklegir. Þetta er ástæðulaust, því að þingið gæti gert slíka undantekningu, hvenær sem það vildi, eins fyrir því, þótt þótt það hafi samþykt þessi lög. Aðrar mótbárur gegn þessu frv., sem vit er í, eru allar um formatriði, eins og t. d. sú, sem líka kom fram 1909, að þetta væri of nærgöngult stjórnarskránni. Eg skal nú ekki blanda mér í deilur lögfræðinganna um það efni, en verð þó að vera á þeirri skoðun, að rétt sé að minka ráðherraeftirlaunin nú — því að það er þó að minsta kosti leyfilegt, — þangað til unt verður að afnema þau, alveg, því að það álít eg rétt. Og það sem þó ekki var brot á stj.skr. 1909, það getur ekki heldur verið það nú, því að hún hefir ekki breyzt síðan.

Svo skal eg drepa lítið eitt á þær aðfinslurnar, sem ekkert vit er í, og komið hafa frá hv. þm. Sfjk. (V. G.) Hann vill nú skera þetta frv. niður af því að annars staðar vilji menn setja alla á eftirlaun. Það viljum við reyndar líka hérna, en hitt viljum við ekki, að nokkur sérstakur flokkur manna sé betur settur að þessu leyti, en allir aðrir. Réttlætistilfinning Íslendinga heimtar það, að þeir séu allir jafnt settir í því, að njóta ellistyrks, því að alþjóð manna er enn ekki farin að kannast við það, að hér séu til neinir tveir mismunandi flokkar manna. Hér eru annaðhvort all-

ir höfðingjar, eða enginn, og þessu fylgja þeir, sem á þingi berjast fyrir afnámi eftirlauna.

Þá var talað um að þetta mundi verða til þess, að ráðherrar mundu stritast við að sitja, og vinna þá tjón, ef þeir fengi eigi eftirlaunin, af því að einn ráðherra á að hafa gert mikið slíkt af sér á einni klukkustund. Til þessa liggur það svar, að það er ekki gott að vita hvar þessar dýru klukkustundir lenda á ráðherraæfinni, þær gætu eins vel orðið í byrjun hennar og endi. Hins er líka að geta, að vér eigum þess engi dæmi enn þá, að ráðherra hafi eigi hlýtt þingviljanum í því, að víkja úr völdum þegar þingið vildi, og eg vona að þess verði langt að bíða, að nokkur ráðherra þori það. Hina hliðina hefir hv. þm. ekki litið á, að meðan þessi eftirlaun haldast, þá gæti það verið ágætt gróðabragð að vera ráðherra, vera það svo sem hálfan mánuð og taka sér svo »frí«, og hafa þá dálítið til að bíta og brenna, og þessu er eg ekki meðmæltur. Ef t. d. háttv. þm. Sfjk. (V. G.) eða einhver annar færi á hausinn með stóra verzlun, þá gæti þetta verið notalegt fyrir hann. Annars má vel vera að það hafi vakað fyrir honum, að það væri leiðinlegt, ef jarlinn yrði eftirlaunalaus, þegar hann kemur.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eg tek mér það ekki nærri, þótt háttv. þm. Sfjk. (V. G.) segi, að þetta sé fyrir kjósendur, það er mér blátt áfram sama um. Þetta frv. er ekki í þeim tilgangi gert, og — enda þótt svo væri, þá væri slíkt þó ekki dæmalaust. Það mætti meira að segja benda á dæmi úr lífssögu hins háttv. þm. sjálfs því til sönnunar. Enda er oft ekki verra að fylgja fram skoðunum umbjóðenda sinna, en öðru, sem fylgt er. Hann var að tala um að það væri rangt að afnema eftirlaun. Eg hefi aldrei sagt það rétt vera, en það er sitt hvað, að vilja afnema öll eftirlaun, eða vilja lækka óþarflega há eftirlaun bráðabyrgðaþjónustumanns eins og ráðherra er í þingfrjálsu landi. Svo hélt hann að embættislausir menn, sem verða ráðherrar, mundu verða eitthvað *óútgengilegir*, þegar þeir kæmu úr þeirri stöðu. Já, ef þeir hefðu reynst ónytjungar, en annars ætti það heldur að vera meðmæli með þeim, til hvers sem væri, að hafa haft þá stöðu, enda mætti vafalaust oft halda stöðunni opinni, meðan maðurinn væri ráðherra.

Enn var hann hræddur við að ráðherra mundi streitast við að hanga sem lengst í embættinu, ef það væri eftirlaunalaust. Eg held að sumir ráðherrar mundu streitast við að hanga, hvort sem þeir eiga von á háum eftirlaunum eða ekki. En annars er eg ekkert hræddur við þetta, því að ráðherra skortir hér til þess það áhald, þann bakhjall, sem sem til slíks þarf, sem sé vopnað vald. Og mér er sem eg sjái þann ráðherra, sem þorir að sitja hér eftir, þvert ofan í vilja meiri hluta þings. *(Jón Ólafsson:* Og svo ábyrgðarlögin). Ojá, til eru þau, þótt betur mundu þau hafa bitið ef landsdómslögin hefðu ekki verðið skemd frá því sem hið upprunalega frv. var. Önnur eins hneixli og silfurbergsmálið geta hent hátteftirlaunaðan ráðherra ekki síður en lágteftirlaunaðan eða óeftirlaunaðan, svo sem dæmin hafa sannað.

Þm. sagði, að ef vér vildum vera sjálfstæðir, þá yrðum vér líka að taka afleiðingunum af því. Já, rétt er það, en aðeins þeim nauðsynlegu, en afleiðingarnar, sem hér er um að ræða, fara fram yfir það. Ráðherraeftirlaunin eru nú þegar orðin um 21 þús. kr. á rúmum 3 árum. Lang mest af þeirri upphæð hefði mátt og átt að spara, og eftlaun hins ráðh. eru 960 kr. hærri árlega heldur en þau hefðu þurft að vera.

Hann átti tilkall til 2040 kr., en skamtaði sér sjálfur 3000 kr.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) vildi gefa í skyn að frv. færi að óþörfu betur með þá ráðherra, er hefðu verið embættismenn, heldur en með þá, er orðið hefðu ráðherrar upp úr embættisleysi. Þetta er að nokkru leyti rétt, en að sumu leyti rangt og villandi. Báðir fá eftirlaun samkvæmt frv. fyrir að hafa verið ráðherrar, en fyrverandi embættismaður fær meir, af þeirri sára einföldu ástæðu, að lögin *gætu ekki* tekið af honum þann eftirlaunarétt sem hann kynni að hafa unnið sér áður, þó að svo væri beint áskilið í lögunum. Dómstólarnir mundu dæma honum þann rétt þrátt fyrir lögin. Hér er því ekki um misrétti að ræða, heldur um lagalega nauðsyn.

Ráðherrann (H. H.): Það er engum blöðum um það að fletta, að í þessu frv. er þolanlega séð fyrir hagsmunum þeirra ráðherraefna, sem í eftirlaunaembættum sitja, og sparnaðurinn kemur aðallega niður á þeim, sem ekki hafa eftirlaunarétt, þegar þeir verða ráðherrar. Það kveður svo ramt að þessu, að eiginlega ætti frv. að heita: »Frv. til laga um einkarétt eftirlaunamanna til ráðherraembættis». Eins og þetta frv. er orðað, er það eiginlega einokunarfrv ekki síður en frv. um einkasölu á kolum og steinolíu, sem háttv. flytjendur frv. þó ekki tjá sig mjög fylgjandi, einokun á ráðgjafastöðum embættismönnum til handa þó að slíkt muni síst vera tilgangurinn með frv. En það gæti þó hugsast, að slík einokun gæti einhverntíma þótt koma heldur óheppilega niður, og gæfi litlar tekjur fyrir landssjóðinn.

Benedikt Sveinsson: Eg vildi að eins segja örfá orð útaf ræðu háttv. þm. Sfjk. (V. G.). Hann talaði mörg orð og þung um siðspillingu og »jarm« út af eftirlaunum embættismanna og sagði, að þeir, sem vilja lækka eða afnema eftirlaun ráðherra eða embættismanna, geri það til þess að koma sér vel við kjósendur. — »Jarmur« er ilt orð og ómaklegt í þessu sambandi, því að eg veit ekki betur, en að þessi gremja almennings yfir því, hvernig farið er með landsfé, sé á fylstu rökum bygð. Þegar þessi fátæka þjóð fleygir árlega til þessara úgjalda, alt að 100 þús. kr., þá er það sannarlega ekki lítið fé og von að mönnum vaxi slíkt í augum. — Það verður að miða kjör embættismannanna nokkuð við kjör alþýðunnar, og ef það er gert, þá hygg eg að svo vel sé séð fyrir embættismönnum meðan þeir starfa, að þeim sé sannarlega ekki síður en öðrum kleift að tryggja sér eitthvað til að bíta og brenna í elli sinni. — Eða hvað á þá að segja um það, sem þrásækilega vill til, að menn hröklast úr embættum á miðjum aldri, rétt eins og þeir hefðu í þau farið bara til þess að komast á eftirlaun, fara síðan hingað til Reykjavíkur eða annara staða, og lifa þar á eftirlaununum heilir og hraustir að sjá, ef til vill heilan mannsaldur! Og eg vil segja að það, að bregða mönnum um óheiðarlegar hvatir þótt þeir vilji hrinda þessu eftirlauna-oki af þjóðinni, situr sízt á hv. þm. Sfjk. (V. G.). Þeir, sem lesa hans góða tímarit, Eimreiðina, þykjast stundum finna þar sitt hvað, sem mundi horfa til þess, að afla sér lýðhylli.

Þá mótbáru gegn frumv. þessu, að afnám ráðherraeftirlauna geti orðið til þess að ráðherra reyni að hanga við völd von úr viti, hygg eg hina mestu fjarstæða. Miklu fremur mætti segja hið gagnstæða, að eftirlaunin sjálf geti verið notuð sem ástæða til þess, að láta hann hanga. Þetta er ekki gripið úr lausu lofti, því að við hvorttveggju ráðherraskiftin á undanförnum þingum (1909

og 1911) var lögð mikil áherzla á það af ýmsum, að það gengi hneyxli næst, að taka mennina, svo að segja á bezta aldri og demba þeim á eftirlaun. Og úr því að nú þegar er farið að veifa þessu, hvað mun þá verða síðar þegar ráðherrar eru orðnir þrír, sem komið geta á eftirlaun í einu. Mörgum mundi sem vonlegt væri standa stuggur af því, ekki sízt ef svo sem einn tugur væri þá fyrir á eftirlaunum. Í þessu liggur mikil hætta, því að ef vér kveinkum oss við að velta stjórn, kostnaðarins vegna, þá getur það orðið oss þröskuldur í vegi fyrir framgangi mála vorra, þegar vér eigum í höggi við útlent vald; það getur gert oss deigari og latt oss í baráttunni, í stað þess að vér yrðum harðvítugri, ef engan slíkan kostnað væri að óttast, þótt málunum væri haldið til streitu. — Enga ástæðu sé eg til þess að óttast, að þetta frv. bægi embættislausum mönnum frá ráðherrastöðu, ef það eru (eða þótt það sé) dugandi menn. Launin eru full-sæmileg, og skrítið væri að hugsa sér það, að duglegur atvinnurekandi t. d., sem nú vinnur fyrir svo sem 10 þús. kr. á ári, og síðan verður ráðherra, yrði að því starfi loknu orðinn svo aumur og aflóa, að hann gæti ekki annað aðhafst, en taka við eftirlaunum! Það virðist liggja í augum uppi, að þótt einhver hafi verið starfsmaður hins opinbera í 3—4 ár, þá þarf hann ekki að hætta að vera starfsmaður í þjófélaginu fyrir því, heldur er hann að jafnaði eins vel hæfur eftir sem áður til þess að gegna hvaða starfi sem er. — Annars ættu slíkar umræður sem þessar frekar heima við 1. eða 3. umr., en við 2. umr., en úr því að aðrir hafa farið að ræða málið alment, þá hefi eg leyft mér hið sama.

Valtýr Guðmundsson: Eg skal ekki segja mikið, en eg verð að taka undir það með hæstv. ráðh. (H. H.), að þetta er að útiloka aðra en embættismenn frá því að verða ráðh. Þeir fá eftir þessu sæmilega góð kjör, sem í embættum hafa setið, en aðrir fá lítið. Og þótt hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) segi að duglegir menn geti komist úr ráðherrastöðunni að samskonar störfum og þeir hafa haft áður, þá nær þetta engri átt, þegar rosknir menn setjast í ráðherraembætti. Segjum t. d. að kaupmaður, sem hefir stóra verzlun, eigi í hlut. Hann verður þá að selja öðrum verzlunina, og á þá líklega alls ekki kost á að kaupa hana aftur, og mjög vafasamt hvort hann hefði hag af því, að byrja aftur á annari samskonar. *(Bjarni Jónsson:* Hann á þá andvirði þeirrar seldu). Mér skilst að menn álíti að embættismenn geti alment safnað fé, en þeir hafa ekki athugað hvað þeir segja. Mér er þvert á móti óskiljanlegt hvernig t. d. lægst launaði kennarinn við latínuskólann fer að *lifa* af 2 þús. kr. launum. Hitt er annað mál, þótt alþýðu kunni að vaxa í augum eftirlaunakostnaðurinn, þegar hann er allur talinn saman. Hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) nefndi 100 þús. kr., en það er of hátt. Hann er ekki nema rúm 60 þús. kr. á ári. *(Benedikt Sveinsson:* Hann er mikið meira, að minsta kosti 160 þús. kr. á fjárhagstímabili). Eg man að þegar eg skrifaði í Eimreiðina fyrir nokkrum árum og taldi hann 60 þús., þá fékk eg bylmingsgrein á móti, þar sem sagt var að þetta næði ekki nokkurri átt, hann væri mikið lægri.

En hitt er annað mál og því er eg samdóma, að það er ergilegt þegar menn á bezta aldri eru settir á eftirlaun, sem vel gætu gengt embætti áfram, eða menn sem hafa gert sig ómögulega fyrir eitthvert sjálfskaparvíti, eins og drykkjuskap. En á því eiga stjórnirnar sök en ekki lögin. Ekki skil eg hvernig hv. þm. Dal. (B. J.) gat komið jarlinum

að eða því, að eg mundi hafa áhyggjur út af eftirlaunum hans. Eg geri ráð fyrir að Danir mundu launa hann, eins og t. d. á sér stað hjá Bretum — en það mál liggur víst ekki við borð nú, enda liggur engin tillaga fyrir um það. En hitt er satt, að tillögur um jarlsfyrirkomulag hafa hér áður verið uppi með þjóðinni og verið samþyktar á mörgum löggjafarþingum. En svo eg víki aftur að því máli sem hér liggur fyrir, þá er eg sannfærður um að auk þess sem ráðherra — ef hann á eigi vissu fyrir eftirlaunum — mundi reyna til að sitja sem lengst, þá mundi líka þingið af brjóstgæðum hika við að kasta honum úr embættinu á kaldan klaka.

Hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði að þingræði væri komið á hér nú, og að enginn ráðherra mundi vilja né geta setið í trássi við það. Hann sagði að hér væri ekkert hervald; það er satt að nú er enginn her hér, en ekki er ómögulegt að sá tími komi, að til hervalds verði stofnað. Eg vil minna menn á það, að byggja ekki alt of mikið á þingræðinu. Ráðherra getur lengi setið í trássi við þingræði, ef hann hefir konungsvaldið með sér. Enda er þingræðið svo ungt hér, að engin trygging er enn fengin fyrir því að það haldist, einkum ef þingið fer að ráði sínu eins og raun varð á á síðasta þingi, þar sem það t. d. braut stjórnarskrána með því að hrifsa til sín umboðsvaldið og veita manni embætti á fjárlögunum. Í öðru lagi gerði þingið sig sekt í því að setja inn í stjórnarskr. það ákvæði, að bera skyldi sambandsmálið undir alþjóðaratkvæði; það liggur ekki undir þinginu að ákveða það, því vald þess nær eigi nema til sérmálanna. Eg gæti nefnt mörg fleiri dæmi til að sýna, að óvarlega var farið með þingræðið á síðasta þingi. Hefði stjórnin verið sterk, eða hefði sá maður er hana hafði á hendi viljað beita sér, þá gat stórhætta af því stafað fyrir þingræðið. Menn mega ekki halda að okkar unga þingræði þoli slík áföll jafnvel og þingræði sem er mörg hundruð ára. Eg vildi óska að frv. félli.

Eggert Pálsson: Það hefir blandast inn í umræður þessa máls umtal um eftirlaun alment, og hlýt eg því að telja mér leyfilegt að minnast lítið eitt á skoðun mína á því máli. Eg er sannfærður um það, að sú krafa er orðin svo sterk hjá þjóðinni, að eftirlaun embættismanna yfirleitt verði afnumin, að ekki verði til langframa á móti henni staðið. Eins og nú stendur heimilar stjórnarskráin ekki afnám eftirlauna, svo að henni þarf að breyta í þessu efni, ef þessari kröfu á að verða sint. Það hefir verið sagt, að stjórnarskrárbreyting standi ekki svo fast fyrir dyrum að vænta megi að henni verði hrundið fram á nálægum tíma. Eg skil nú ekki að það geti átt sér stað. Því þótt henni verði ekki komið fram á þessu þingi, þá getur aldrei farið svo, að hennar verði mjög langt að bíða úr þessu. Og þegar stjórnarskránni verður breytt, þá verður áreiðanlega sett inn í hana ákvæði er heimilar afnám eftirlaunanna. En hins vegar þykist eg vita að þjóðin muni þá fús á að hækka eitthvað laun embættismanna sinna, svo að þeir geti frekar lagt upp fé og séð sér þannig farborða í ellinni. En verði nú stjórnarskránni breytt innan skamms, þá sé eg ekki að þetta frv. hafi svo stórvægilega þýðingu, að það ekki geti beðið þangað til eftirlaunamálið í heildinni yrði tekið fyrir. Það er ekki sennilegt að margir ráðherrar komist á eftirlaun þangað til breyting í þeim efnum yrði um garð gengin. Og þó þeir yrðu einn eða tveir, þá græddi þjóðin ekkert stórvægilegt fé þótt frv. næði nú fram

að ganga, því til þess ráðherra sem nú er, nær frv. vitanlega ekki. Og auk þessa er þannig frá frumv. gengið, að lækkunin nær að eins til eða kemur að eins niður á þeim, sem ekki hafa verið embættismenn áður og af slíkum mönnum verða varla margir ráðherrar á þessu tímabili þangað til stjórnarskránni yrði breytt. Eg sé því eigi að það hafi verulega þýðingu að samþykkja þetta frv. En það vil eg taka fram, og ætti annars að vera öllum sýnilegt, að afstaða þingmanna til þessa frv. þarf ekki að standa í neinu sambandi við það, hvort þeir eru með eða móti afnámi eftirlauna embættismanna yfir höfuð. Eg fyrir mitt leyti er hiklaust meðmæltur afnámi eftirlauna yfirleitt, en er hinsvegar á móti þessu frv. Því auk þess, sem samþykt þess verður að teljast þýðingarlítið atriði fyrir landssjóðinn, þá hlýtur það að verða til að skapa misrétti. Þeir sem ekki eru embættismenn og kynnu að verða ráðherrar verða misrétti beittir gagnvart hinum sem væru embættismenn áður. Verði frv. samþ., er loku fyrir það skotið að efnilegur embættislaus maður geti tekið að sér ráðherrastöðuna, en fyrir embættismennina verður ráðherrastaðan jafn eftirsóknarvert hnoss eins og hún hefir verið að undanförnu.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Menn eru nú farnir að yrkja sig upp, eins og von er til eftir svo langa stælu. Af öllum þeim andmælum sem upprunalega komu fram, er að eins eitt orðið eftir: að lækkun eftirlaunanna muni fæla aðra en embættismenn frá því að taka að sér ráðherrastöðuna, vegna þess að hún (ɔ: lækkunin) nái bara til þeirra ráðherra, sem ekki hafa verið embættismenn. Eg get ekki skilið að margur maður sé þannig gerður, að hann sækist eftir ráðherrastöðunni að eins vegna eftirlaunanna. Sumir menn sækja róðurinn til að koma fram hugsjónum sínum, aðrir vegna valdanna eða vegsins, en fæstir vegna *eftir*launanna. Eg þykist vita að hv. þm. Seyðf. (V. G.) hefði tekið við ráðherradómi til að koma ritsímahugmynd sinni á hér um árið eða eimreiðinni á nú, jafnvel þó að engin eftirlaun hefðu fylgt ráðherraembættinu, og svo myndi um fleiri. Það er of mikið vantraust á mönnum að ætla að embættislausir menn muni ekki gefa kost á sér, þótt lækkuð verði eftirlaunin. Þeir sem annars eiga nokkuð erindi í ráðherrasætið, mundu taka það hvort sem nokkur eftirlaun fylgdu því eða engin. Enda skiftir það ekki miklu máli þótt eftirlaunin séu lækkuð um þetta lítilræði, úr $^1/_5$ launa + 20 kr. fyrir hvert embættisár, niður í 1000 kr. Dugandi menn eru jafn lifandi eða dauðir fyrir það. Þetta er að eins borið í vænginn af vandræðum.

Hv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði að þingræðið væri ekki traust hér ennþá. Þó hafa nú þrír ráðherrar fylgt því. Og það dæmi sem hann nefndi, að síðasti ráðherra gerði það ekki að »Kabinets«-spursmáli, er þingið þvert ofan í vilja hans veitti viðskiftaráðunautsstöðuna á fjárlögunum, sýnir einmitt það gagnstæða! Hann gat sagt og átti að segja: Eg læt mér ekki lynda að tekið sé fram fyrir hendurnar á mér; hafið þið þá heldur ráðherrastöðuna! En hann gerði það ekki, heldur beygði sig fyrir þinginu.

Hv. 2. þm. Rang. (E. P.) bar það sama fram, að frv. gengi út yfir þá sem ekki væru embættismenn, en því er þegar svarað. Þá sagði hann að ekki lægi á þessu frv., því þó að stjórnarskrárbreyting verði ekki samþykt nú, þá yrði þess varla langt að bíða. En hvorki hann né nokkur annar getur spáð í þær eyður. Því að ef ekki á að samþykkja frv. frá 1911 nú, þá þarf að fitja upp á nýj-

an leik 1913, og enginn veit hvernig fer um breytinguna þá. Mér virðist alt mæla í móti því að fresta samþykt frv. Ef það hefði verið samþykt 1909, þá hefðum við ekki þurft að borga Birni Jónssyni nema 1000 kr. eftirlaun í stað 3000 kr. Hv. þm. getur ekkert sagt um það hvernig kann að fara þangað til stjórnarskrárbreyting verður samþ., enda allur varinn góður.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Aldrei þessu vanur stend eg upp til að gera grein fyrir atkvæði mínu. En það kemur til af því, að afstaða mín í þessu máli er nokkuð einkennileg. Eg er á þeirri skoðun að rétt sé að embættismenn hafi eftirlaun, og álít óhyggilegt að svifta þá þeim. Það hefir verið sagt, að það megi launa þeim svo hátt, að þeir geti lagt upp, það er nú hvorttveggja, að þetta er ekki alment gert, heldur er embættismönnum vorum *flestum* launað miklu frekar of lágt, og þótt þeim væri launað hærra, þá væri það engin *trygging* fyrir því að þeir legðu upp, og þá er altaf hætt við að bænir um eftirlaun kæmu til þingsins, en þá mundu menn reka sig á að gróðinn færi að verða lítill. Við verðum að líta á hvernig ástandið er annarstaðar í þessu efni. Í Bandaríkjunum eru engir embættismenn eða starfsmenn ríkisins með eftirlaunarétti, nema þeir hermenn, sem barist hafa í stríði fyrir ættjörð sína, en það er orðin svo sterk alda með því að taka upp eftirlaun, að það er að eins tímspursmál hvenær það verður gert. Þjóðin þar hefir nefnilega komist að þeirri niðurstöðu, að það muni verða miklu ódýrara að eftirlauna embættismönnum sínum. Menn hafa þar komist að raun um, að það, að embættismönnum sem eru skammlífir í embætti, hættir við, eins og sagt er, »að gera sér vin af þeim rangláta mammon«, að gera sér embættið að féþúfu. En eins og menn vita, þá eru flestir embættismenn í Bandaríkjunum kosnir til ákveðins árafjölda í senn og sumir hinna æðri fara frá við hver stjórnarskifti. Það er freisting fyrir menn, þó að ráðvandir séu að upplagi, að nota sér stöðu sína sér til hagsmuna, er þeir geta átt á hættu að verða fleygt úr henni allslausum, eftir að búið er að nota starfskrafta þeirra í henni um nokkurn tíma. Af þessari ástæðu er eg nú með eftirlaunum embættismanna, þó eg hafi áður verið á móti þeim. Það er engin ástæða á móti eftirlaunum yfir höfuð, þó það hafi komið fyrir að ungir menn hafi verið settir á eftirlaun sakir þess að þeir hafa ekki getað staðið í stöðu sinni fyrir eitthvert sjáifskaparvíti. Það er ekki laganna galli. — En þó eg sé nú meðmæltur eftirlaunum embættismanna yfirleitt, þá er eg þó algerlega mótfallinn eftirlaunum ráðherra. Ef embættismaður verður ráðherra, þá getur hann haldið embætti sínu opnu fyrir sig. Og ef embættislaus maður tekur ráðherrastöðu, þá fæ eg eigi séð að hann sé ver settur en áður, þá er hann sleppir henni; ef hann hefir gegnt embættinu vel, þá er hann þvert á móti betur settur til allrar atvinnu eftir en áður. En einmitt af því að eg er á móti eftirlaunum ráðherra, þá álít eg þetta frv. tómt kák, sem tjaldar að eins til einnar nætur og get eg því eigi verið með því. Það er hvorki heilt né hálft. Hafi sá andi átt að koma fram í frv., að ráðherra eigi að vera eftirlaunalaus, þá hefði flutningsm. átt að ákveða eftirlaunin t. d. 50 aura en ekki 1000 kr. því hefði eg getað greitt atkvæði.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 12 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Guðl. Guðmundsson
Björn Kristjánsson	Hannes Hafstein

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Jóh. Jóhannesson
Halldór Steinsson	Jón Magnússon
Lárus H. Bjarnason	Jón Ólafsson
Ólafur Briem	Kristján Jónsson
Sig. Sigurðsson	Matthías Ólafsson
Skúli Thoroddsen	Valtýr Guðmundss.
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Þorleifur Jónsson.	

Viðaukatill. við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 : 6. atkv.

Þriðja umr.: 8. Ágúst.

Sigurður Sigurðsson: Ein af aðal-mótbárunum gegn þessu frv. við 1. umr. þess hér í deildinni, var sú, að lækkun ráðherraeftirlauna, sem farið er fram á í því, komi að eins niður á þeim, sem verði ráðherrar úr embættisleysu. Þessa skoðun sína bygðu mótmælendur frumv. á niðurlagi 1. gr. Auk þess er það skoðun lögfræðinganna, að embættismenn, er verði ráðherrar, eigi rétt til eftirlauna samkv. hinum almennu eftirlaunalögum og að eftirlaunin miðist þá við ráðherralaunin. Fyrir mitt leyti efast eg nú um, að þessi skilningur sé réttur. Það er útaf fyrir sig enginn galli á frv. þó að eftirlaun þeirra, sem yrðu ráðherrar og ekki hafa verið embættismenn áður, séu ekki hærri en þetta — einar 1000 kr. Og eg á bágt með að skilja þessa umhyggjusemi sumra embættismanna í deildinni fyrir þeim, sem kunna að verða ráðharrar og ekki hafa verið áður í embætti. Hitt er óneitanlega stór ókostur, *ef* þessi niðurfærsla á ráðherraeftirlaununum sem frv. ráðgerir, ekki geta náð til þeirra, sem eru embættismenn áður en þeir verða ráðherrar. En mér er ekki ljóst, hvernig þeim skilningi verður komið að í sambandi við frv.

Skilningur minn í þessu máli er sá, að eftir að frv. þetta er orðið að lögum, þá séu ráðherraeftirlaunin að eins 1000 kr. og að það gildi gagnvart *öllum*, með þeim undantekningum, sem getur um í 1. gr. Eftir almennum lögfræðisskýringum er ekki hægt að svifta embættismann, sem verður ráðherra, eftirlaunarétti þeim, sem hann hefir unnið til *áður* en hann verður ráðherra. En eftir frv. er hverjum óheimilt, sem verður ráðherra, að reikna sér eftirlaun fyrir þann tíma, sem hann gegnir þeirri stöðu, eftir hinum almennu eftirlaunalögum. Og mér heyrðist og skildist ekki betur en að hv. framsm. (L. H. B.) héldi fram sama skilningi við 2. umr. frv. Sé það ekki rétt hjá mér, þá leiðréttir hann það. Sé það réttur skilningur, að ráðherrastöðuna beri í þessu sambandi að skoða sem embætti, með rétti til eftirlauna, ófrávíkjanlegum samkvæmt eftirlaunalögunum — en það er $^1/_5$ af embættistekjunum og 20 kr. fyrir hvert þjónustuár —, þá skilst mér eigi betur en að sá réttur gildi þá alveg eins gagnvart þeim, sem yrðu ráðherrar úr embættisleysu. Hafi embættismaður, sem verður ráðherra þennan rétt, þá gildir það vitanlega alla, sem komast í þá stöðu, hvort sem þeir hafa áður verið í embætti eða ekki. Við það að verða ráðherra, er þá maðurinn orðinn embættismaður, þótt hann hafi ekki verið það áður og á þá sama rétt til eftirlauna og allir aðrir embættismenn. Þetta er alveg rökrétt útfærsla á þeim skilningi, að embættismaðurinn, sem verður ráðherra, eigi rétt til þess að reikna eftirlaun sín eftir launaupphæð þeirri, sem fylgir ráðherrastöðunni.

Eg býst við nú að lögfræðingarnir vilji ekki skrifa undir þetta. Afleiðingin af því er þá sú, að skoða verður ráðherra-

stöðuna sérstaka í sinni röð, og að ákvæði eftirlaunalaganna um það, hvernig beri að reikna út eftirlaun embættismanna, gildi ekki um ráðherra, sem slíka. Mér virðist og ákvæði 2. gr. stjórnarskr. benda á þetta. Þar segir að eins:

»Landssjóður greiðir laun og eftirlaun ráðherrans«.

En í 3. gr. laga 17. okt. 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands segir, að eftirlaun ráðherra skuli ákveðin samkv. hinum alm. eftirlaunalögum. En þess er að gæta, að sú grein á að vera úr lögum numin með þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Eg get því ekki séð, að þessi aðal aðfinsla gegn frv., sem eg gat um í byrjun, hafi við minstu rök að styðjast.

Eg hefi heyrt menn vera að stinga saman nefjum um það, sín á milli, að þetta frv. eigi að vera tilraun til þess að útiloka samkeppni embættislausra manna um ráðherrastöðuna. Ekki vil eg væna okkur flutningsmenn frv. þessa, að svo hafi verið í garðinn búið, — en hins vil eg geta til, að *ólærðir* menn yfir höfuð muni ekki sækja það fast að verða ráðherrar og sízt menn úr framleiðslustéttum landsins. Hingað til hafa ekki farið neinar sögur af því, að þeir gengju með ráðherra í maganum. Þeir, sem að undanförnu og fram að þessu hafa verið haldnir af *þeim* sjúkleik eru embættismennirnir — og þá fyrst og fremst lögfræðingarnir og svo nokkrir aðrir, lærðir, en embættislausir náungar.

Við 2. umr. þessa máls, sagði háttv. þm. Sfjk. (V. G.) að það væri rangt að afnema eftirlaun embættismanna, þar sem nú væri alstaðar verið að gera ráðstafanir til þess, að allir menn fengju eftirlaun. En hér er ólíku saman að jafna. Eftirlaun embættismanna eru ranglát og skapa misrétti milli stétta landsins. Og það er af þessari ástæðu, að almenningur er óánægður með þau og vill fá þau afnumin, eða breytt. Eftirlaun embættismanna eru öll tekin úr hinum almenna sjóði þjóðarinnar — landssjóði — og þau eru veitt, svo að segja, undantekningarlaust öllum embættismönnum, hvort sem þeir hafa verið lengur eða skemur í embætti og hvort sem þeir hafa staðið vel eða illa í stöðu sinni. Ellistyrktar sjóðir almennings, þar sem unnið er að koma þeim á fót, en þar á móti bygðir á framlögum þeirra manna, er góðs eiga af þeim að njóta. Eg skal raunar kannast við að þeir einnig njóta styrks, þessir sjóðir, af fjárhirzlu ríkisins og er það ekki nema sanngjarnt og réttmætt í alla staði.

Það hefir verið sagt, að verði eftirlaun embættismanna afnumin, þá þurfi um leið að hækka laun þeirra, til þess að þeir geti lagt eitthvað upp til elliáranna. Um það geta verið skiftar skoðanir. Eg skal reyndar kannast við það, að t. d. laun lægstlaunuðu kennaranna við mentaskólann muni vera of lág, en eg hygg samt, að yfirleitt líti almenningur svo á, að laun embættismanna séu sæmilega há. Hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) benti líka fyrir skömmu hér í deildinni á vangann á sér og hv. þm. Sfjk. (V. G.) sem vott þess að þeir hafi nóg að bíta og brenna. Og eg held að það mætti benda á vangann á fleirum embættismönnum því til sönnunar, að þeir hafi nóg fyrir sig að leggja. Það er auðvitað ekki nema tilhlýðilegt og verðugt, að þeir líti sómasamlega út, hvað hold og ham snertir. En þegar menn gerast framsettir af ofáti svo engu er líkara en konum komnum á steypirinn, þá er mér nóg boðið, og því heldur sem margir hér á landi hafa ekki einu sinni til hnífs eða skeiðar sem kallað er. Og meðan svo er ástatt þá virðist mér ástæðulaust að hækka laun embættismanna.

Bjarni Jónsson: Eg vildi að eins

leyfa mér að gera stutta fyrirspurn til hv. þm. Sfjk. (V. G.). Hann sagði við 2. umr. þessa máls, að stjórnarskráin hefði verið brotin á seinasta þingi með fjárveitingu til embættis nokkurs sem veitt var af þinginu ákveðnum manni. Eg vil gefa honum tækifæri til þess að leiðrétta þessi orð sín nú. Það er fyrirgefanlegt, þar sem hann er danskur embættismaður, þótt hann þekki ekki til embætta hér á landi.

Valtýr Guðmundsson: Þótt að það sé ekki tíðkanlegt, að fyrirspurnir séu bornar fram á þingi á þennan hátt þá skal eg samt verða við tilmælum háttv. þm. Dal. (B. J.) og svara fyrirspurn hans nokkrum orðum.

Eins og honum mun kunnugt, þá eru í hverju því landi, sem þingbundna konungsstjórn hafa, þrjú völd, sem eru aðskilin hvort frá öðru. Það er löggjafarvaldið, umboðsvaldið og dómsvaldið. Þessari reglu er einnig fylgt í okkar stjórnarskrá. Þar er ákveðið, að löggjafarvaldið skuli vera hjá konungi og alþingi í sameiningu, umboðsvaldið hjá konungi einum og dómsvaldið hjá dómstólunum. Undir umboðsvaldið heyrir meðal annars að skipa menn í allar opinberar stöður. Alþingi hefir því ekkert vald til að gera slíkt. Því er það, þegar þingið fer að skipa í slík embætti og gefa reglu um þau, þá er það skýlaust brot á meginreglunni í vorri stjórnarskrá. Þar sem nú seinasta þing tók upp á því að skipa ákveðinn mann í opinbera og afar þýðingarmikla stöðu — aðallega gagnvart útlöndum — þá reið á því að stjórnin eða umboðsvaldið hefði eftirlit með því. En alþingi hefir ekki aðeins tekið valdið af stjórninni til þess að skipa mann í stöðuna, heldur einnig eftirlitið, með því að skipa honum að fara eftir erindisbréfi, sem gefið var út af stjórn, er als ekki sat að völdum. Þetta er skýlaust brot á stjórnarskránni og eg er hissa á því að nokkur stjórn skuli hafa látið bjóða sér slíkt — hafi ekki neitað að hlýta þessu. *(Bjarni Jónsson:* Hvaða grein stjórnarskrárinnar er brotin?). 1. gr. ef háttv. þm. vil lesa hana og í sambandi við hana 2. og 3. gr. og eg álít hverja stjórn hafa haft heimild til þess að neita slíkum fjárlögum staðfestingar. Annars er þetta aukaatriði, sem ekki kemur því máli við, sem nú er á dagskrá og skal eg því ekki fara fleirum orðum um það.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að taka það fram, að eg er alveg sömu skoðunar í þessu eftirlaunamáli og eg var á þinginu 1909, þegar eg ásamt öðrum hv. þm. bar fram frv. um afnám eftirlauna ráðherra og eg held fast við það, að það er ekkert stjórnarskrárbrot, þótt öll eftirlaun verði tekin af honum. Í stjórnarskránni stendur að eins að laun og eftirlaun ráðh. skuli goldin úr landssjóði og það, að eftirlaunalögin hafa alls ekki náð til ráðherra sést á því, að þingið sá sig knúð til þegar það vildi veita ráðherra eftirlaun, að setja inn í lögin frá 1903 um æðstu umboðsstjórn á Íslandi, sérstaka gr., sem ákvað að eftirlaun ráðh. skyldu vera reiknuð eftir hinum almennu eftirlaunalögum. Þess vegna þarf ekki annað en fella þessa gr. laganna frá 1903 burtu til þess að taka öll eftirlaun af ráðh. Það er því jafnhlægilegt að vera að tala hér um stjórnarskrárbrot og þegar hv. þm. Sfjk. (V-G.) var að tala um stjórnarskrárbrot á seinasta þingi. Hann nefndi það dæmi, að ákveðinn maður hefði af þinginu verið útnefndur viðskiftaráðunautur. Veit hv. þm., sem setið hefir á mörgum þingum, að það er mjög algengt að þingið bindi fjárveitingar við nöfn, bæði mentaskólakennurum o. fl. Eg efast alls ekki um það. En svona er það,

þegar eitthvað er gert, sem þessum háu herrum mislíkar þá er hrópað upp um stjórnarskrárbrot og aðrar firrur. Þessi sundurliðun þessa útlenda manns á löggjafarvaldi, umboðsvaldi og dómsvaldi var alveg rétt, en hún kemur þessu máli alls ekkert við.

Að lokum skal eg lýsa yfir því, að eg greiði þessu frv. atkvæði mitt og hverju öðru er í sömu átt fer. Réttast þykir mér að taka öll eftirlaun af embættismönnum og láta þá sjá um sig eins og aðra menn. Fáist enginn í embætti þá er ekki annað fyrir en að hækka launin. En fyrst held eg að sé bezt að sjá til. Eg býst við að margir mundu sækja þótt þeir ættu víst að fá engin eftirlaun og við þyrftum ekki að fara að leita út fyrir landsteinana að dönskum embættismönnum. Annars skal eg ekki lengja meir umræðurnar, en vænti þess að þetta frv. verði samþykt.

Valtýr Guðmundsson: Út af þeirri athugasemd hv. þm. Dal. (B. J.) að fást myndu nógu margir menn til að sækja um ráðherraembættið, þó engin væru eftirlaun, vildi eg leyfa mér að segja fáein orð Eg get nú hugsað mér að þeir menn fyndust, en hvort það væri hagur fyrir landið, er annað mál. Það eru til dæmi þess, að menn hafa sótt um embætti og fengið, þó þeir væru gersamlega óhæfir til að gegna stöðunni, og má því til sönnunar benda á viðskiftaráðunautsstöðuna. *(Bjarni Jónsson:* Það er líka öllum vitanlegt, að kennarinn í Íslandssögu við Kaupmannahafnarháskóla er alveg ófær um að gegna þeirri stöðu.) Hann hefir hvað eftir annað kallað mig útlending. Eg vildi nú leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hæstv. ráðh. (H. H.), hvort það sé samkvæmt erindisbréfi hans, að hann sitji hér uppi á Íslandi, eða hvort hann eigi ekki að láta vita hvar hann er að hitta, þegar hann er erlendis. *(Forseti:* Þetta er ekki til umr. og eg get ekki leyft frekari umræður um það). Í vetur sat hann í Kaupmannahöfn í fleiri mánuði án þess að auglýsa hvar hann væri að finna.

Ráðherrann: Fyrirspurnin kemur ekki við því máli, sem er til umr. og get eg því ekki svarað henni nú. En mér skal vera ánægja að svara henni ef fyrirspyrjandi kemur með hana í réttu formi.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 15 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson (Rvk.)	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Guðl. Guðmundsson
Bjarni Jónsson	Hannes Hafstein
Björn Kristjánsson	Jóh. Jóhannesson
Einar Jónsson	Jón Magnússon
Halldór Steinsson	Kristján Jónsson
Lárus H. Bjarnason	Vatýr Guðmundss.
Matthías Ólafsson	
Ólafur Briem	
Pétur Jónsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Þorleifur Jónsson.	

Jón Ólafsson og Jón Jónsson S.-M. voru fjarverandi.

Frv. afgr. til Ed.

Verðtollur.

FRUMVARP til tala um vörugjald; 1. umr. 23. Júlí. (A. 19, 187, 188, 202, 221, 229, 237).

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Vegna þess að eg og margir

fleiri munu telja það vafasamt, að tillögur milliþinganefndarinnar í fjármálum nái fram að ganga, hefi eg leyft mér að koma fram með þetta frv. Og jafnvel þótt sumar tillögur þeirrar nefndar næðu samþykki alþingis, þá munu þær ekki nægja til að útvega landssjóði þann tekjuauka er nefndin telur þurfa, sízt nú er stærsta frv. nefndarinnar, kolafrumvarpið, er áreiðanlega úr sögunni. Eg var sá sem einna fyrst lagðist á móti kolaeinokunarfrv. nefndarinnar, og áleit eg mér því skylt, að benda á einhverja leið til tekjuauka.

Sú leið sem hér er valin er ekki ný og eg er ekki uppfyndingamaðurinn að henni. Hugmyndin var rædd í milliþinganefndinni frá 1908 og milliþinganefndin frá 1911 hefir að nokkru leyti tekið hana upp, nfl. með tillögunni um svonefndan manufacturtoll. Ef þingið tekur upp það ráð, sem frv. leggur til, að leggja almennt gjald á *allar* aðfluttar vörur, þá mundi það afla landssjóði mikilla tekna, jafnvel töluvert meiri en eg tel hann þurfa.

Eg hefi stungið upp á 3% gjaldi af verðhæð allra aðfluttra vara. Eftir skýrslum þeim, er liggja fyrir frá árinu 1909, þá hefir innkaupsverð allrar innfluttrar vöru numið um $10^1/_8$ miljón kr., það ár. Það er leitt, að skýrslur um innkaupsverð aðfluttrar vöru liggja ekki fyrir, nema frá árinu 1909. En þá fyrst var ákveðið, að innkaupsverðið skyldi birt í verzlunarskýrslunum. Skýrslan frá árinu 1910 er víst ekki tilbúin eða óbirt enn og a. m. k. er hún ekki komin í mínar hendur. En þegar þess er gætt, að árið 1909, þegar þó var mjög erfitt um peninga, nam innkaupsverðið svo miklu, þá hygg eg, að búast megi við, að vörumagnið hafi aukist talsvert og muni aukast með ári hverju. Vitaskuld er það ekki annað en ágizkun, en þó hygg eg að gera megi ráð fyrir að innkaupsverð muni innan skamms nema 12—13 milj. kr. En ef svo verður, og séu 3% lögð á alla innflutta vöru, þá mundi frv. þetta, ef það yrði að lögum, auka tekjur landssjóðs um 360—400 þús. kr. árlega. Til þessa svaraði 720—800 þús. kr. tekjuauki á fjárhagstímabilinu og væri sú upphæð jafnvel hærri en milliþinganefndin í fjárlögum telur óumflýjanlegan um næsta fjárhagstímabil.

Það er og þessari tillögu til mikilla meðmæla, að hún kemur réttlátara niður en tollur á kolum, steinolíu og vefnaðarvöru. Með henni er veizt jafnt að *sveita*mönnum og þeim, er við *sjó* búa. Mælikvarðinn, hundraðsgjaldið, er líka hinn sanngjarnasti. Skattgjaldið fer eftir því, hve miklu er eytt af útlendri vöru, og lendir þannig þyngst á þeim, sem kaupa mikið og dýrt, eða með öðrum orðum á *efnamönnunum*.

Það hefir þótt helzti gallinn á hundraðsgjaldi, að hætt væri við, að innheimta yrði erfið, eða jafnvel lítt möguleg og hefir það einkum verið talið »manufactur«-tolli til foráttu. En eg hygg að innheimtuaðferð sú, er þetta frv. leggur til að höfð verði, tryggi sæmilega góða innheimtu á gjöldunum. Að minsta kosti er verðtollur sem allsherjargjald auðveldari til innheimtu en verðtollur á einstökum vörutegundum. Ef til vill þykja sum ákvæðin nokkuð hörð, t. d. ákvæðin um kyrrsetningu, en eg vona, að hv. þm. séu mér sammála um það, að nauðsynlegt sé að hafa ákvæðin nokkuð ströng á pappírnum, það er ekki hætt við því að ekki verði vikið frá bókstaf laganna í framkvæmdinni. Eg vildi fyrir hvern mun komast hjá því, að stofna til sérstakrar embættisstéttar, tolliðs, og eg er þess fullviss, að 1. þm. Árn. (S. S.) og 1. þm. Rang. (E. J.) eru mér sammála um það, að eigi beri að auka það fríða lið, nema nauður reki til — enda býst eg og við því, að slíkt

lið yrði til lítils gagns — gerði lítið annað en hirða launin.

Þá vil eg geta þess, að það er ekki meining okkar flutningsmanna, að þetta gjald verði tekið upp sem framtíðargjald. Því er ekki ætlaður lengri aldur en 3 ár. Þar með er ekki sagt, að ekki megi halda því áfram, ef það reynist vel.

Það hefir verið rætt svo mikið um faktúrugjald undanfarin ár, að reynsla á því um tiltekið árabil er út af fyrir sig æskileg, enda mikill gjaldauki sagður nauðsynlegur og ekkert gjald tilnefnt tiltækilegra í svipinn.

Eg sé svo ekki ástæðu til að eyða frekari orðum að frumv. á þessu stigi. Að eins vil eg biðja hv. forseta að athuga, að prentvillur hafa slæðst inn í það, sem þurfa leiðréttingar. Eg býst við að þessari viðleitni til að auka tekjur landsins verði sá sómi sýndur, að nefnd verði látin athuga málið, og væri þá, að eg hygg, æskilegast að því yrði vísað til steinolíunefndarinnar, enda hefir hún á fundi í morgun rætt frumvarpið lítillega.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er svo með mig, að eg er tollafjandi mikill. En þegar svo sérstaklega stendur á, að það er ekki einungis þörf heldur brýn nauðsyn að fylla landssjóðinn, verður að gera fleira en gott þykir. Sjálfsagt er að vísa frv. til skattamálanefndar. Eg heyrði að hv. flutnm. (L. H. B.) gerði ráð fyrir að lög þessi giltu ekki lengur en þrjú ár — til ársloka 1915. Slíkt má setja á pappírinn, en eg tel engan vafa á því, að þeim verði lengra aldurs auðið, því að án gjalda í landssjóð getur maður ekki verið. Svo illa sem mér er við þetta frv. og önnur lík, sem leiða til þess að setja þarf fjölment tolllið um land alt, tel eg það þó betra en frv. skattamálanefndarinnar. Sú rekistefna er þó útilokuð, að skoða niður í töksur ferðamanna, hverja skrínu og hvern pinkil sem þeir hafa meðferðis.

Af því að eg býst við að lög þessi verði eldri en hér er gert ráð fyrir, hefi eg hugsað mér önnur ákvæði um gjaldið. Frv. tiltekur 3 af hundraði. Eg vildi að stjórninni væri heimilað að færa gjaldið til eftir þörfum landssjóðs.

Það sem verst er við þetta frv. er það, að mjög er hætt við því, að menn freistist til að svíkja reikningana, setja verðið lægra en það í raun og veru er, og yrði þá gjaldið nokkurs konar verðlaun handa þeim sem óráðvandastir eru að gera úr garði faktúruseðla. En vonandi er að takast megi að varna því að talsverðu leyti.

Allri 3. greininni verður að breyta. Það er óhæfilegt að kyrsetja vörur þó að faktúru vanti. Mér er vel kunnugt, þar sem eg hefi rekið verzlun um mörg ár, að það er alvanalegt, að vörur koma með einu skipi en faktúra með öðru. Komi það tvisvar fyrir sama manninn, að faktúra fylgi ekki vörum hans, á hann auk þess sem vörurnar eru kyrsettar, að sæta sektum, og hendi það þrisvar eru vörurnar auk þess gerðar upptækar. Með þessu er eignarréttinum herfiega misboðið. Setjum svo að eg fái kassa með eplum, perum eða öðrum ávöxtum og dregist hafi að senda mér reikninginn eða hann misborist í pósti, sem títt er. Þegar öll rekistefnan er um garð gengin, eru ávextirnir ónýtir Margar aðrar vörur skemmast á stuttum tíma.

Þá er 4. greinin athugaverð. Vel getur staðið svo á að maður hafi komist að góðum kaupum á einhverri vöru erlendis t. d. á uppboði. Þegar reikningurinn kemur, þykir verðið ótrúlega lágt. Varan er kyrsett og fyrirspurn gerð um markaðsverð á þeim stað, sem varan var keypt. Það reynist talsvert hærra,

og fyrir það verður manninum að blæða. Þá var betra ákvæði Frakka, meðan þeir höfðu þetta í lögum. Ef verð á einhverri vöru þótti ótrúlega lágt, hafði landssjóður heimild til að taka vöruna fyrir það verð, er á faktúrunni stóð, og selja hana fyrir landssjóðs reikning. Eg vildi sérstaklega benda á þessa aðferð.

Flutnm. (Lárus H. Bjarnason): Eg er hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) þakklátur fyrir góðar undirtektir yfirleitt. Það er sjálfsagt ýmislegt sem að frv. má finna, en þó vildi eg leyfa mér að bera í bætifláka fyrir kyrsetninguna. Lögin eiga ekki að ganga í gildi fyr en 1913. Menn hafa því góðan tíma til að átta sig á þeim. Hver maður skrifar væntanlega viðskiftamanni sínum, að eins mikið liggi á að fá sölureikninginn í hvert skifti, eins og vöruna, og verður þá ekki svo hætt við, að dráttur á því að senda reikninginn gefi tilefni til kyrsetningar. Það er og engan veginn meining mín að farið sé eftir markaðsverði ef maðurinn getur sannað að hann hafi fengið vöruna með lægra verði. Hafi varan verið keypt á uppboði, er innanhandar að sýna reikning uppboðshaldara. Hitt vil eg, að reynt sé að reisa skorður við því að verðið sé tilfært lægra en það er í raun og veru. Eg býst við, að bæði þetta, sem háttv. þm. lagði til málsins og aðrar athugasemdir verði athugaðar í nefndinni. Þætti mér vænt um að athugasemdirnar yrðu sem flestar.

ATKV.GR.:

Samþ. að málið gangi til 2. umræðu með 18 shlj. atkv.

Vísað til steinolíunefndarinnar með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 12. Ágúst.

Ráðherrann (H. H.): Eg vil leyfa mér að leggja það til, að 4. og 5. mál á dagskrá (Frv. um vörugjald og frv. um verzlunargjald) verði rædd samtímis. Þau eru svo náskyld hvort öðru, að erfitt er að ræða annað, án þess að snerta hitt og bera frumsagnir saman.

Leyfð voru þessi afbrigði frá þingsköpunum, með nægilegum atkv.fjölda og voru þá rædd í einu þessi tvö frv.: Frv. til laga um vörugjald, og frv. til laga um almennt vezlunargjald af aðfluttum vörum.

Framsm. meirihl. (Pétur Jónsson): Þegar eins er háttað og nú, að málum er ekki skotið til nefndar fyr en um leið og þeim er vísað til 2. umr., komast almennar athugasemdir ekki að við 1. umr. Vil eg þess vegna nú gera nokkrar almennar athugasemdir við þetta mál, þar sem þess hefir ekki fyr verið kostur af nefndarinnar hálfu og vona eg að forseti leyfi mér það. *(Forseti:* Eg sé ekkert á móti því). Það var að eins fyrir atvik að eg var kosinn skrifari nefndarinnar og tók að mér að skrifa þetta stutta nefndarálit, og framsm. er eg einungis að nafninu. Þær athugasemdir er eg vildi gera, snerta ekki einungis frumvörpin er fyrir liggja heldur og fjárhagsástand landsins yfir höfuð, enda stendur það í mjög nánu sambandi hvað við annað. Nefndin hefir reynt að fá sér sem beztar upplýsingar bæði gegnum stjórnarráðið og annarsstaðar frá, og hefir hún varið eigi litlum tíma til að komast að sem réttastri niðurstöðu. Mun hún gera grein fyrir þessu innan skamms. — Það verður að eins örstutt yfirlit er eg kem hér með. Vil eg fyrst benda á fjárhagsástandið eins og það er, eða réttara sagt niðurstöðu landsreikninganna fyrir árin 1910—'11. Tekjurnar voru árið 1910, 1692,186 kr. og árið 1911 1879,151 kr., og verður það samtals 3571,337 kr.

Gjöldin á þessu sama tímabili voru árið 1910, 1777,901 kr. og 1911, 1754,451 kr. eða samtals 3532,352 kr. Tekjuafgangur verður því samkvæmt þessu — ef tölurnar eru réttar, sem eg hygg að þær séu, því að nefndin hefir mikið gert til þess, að fá þær sem nákvæmastar — 38985 kr. við árslok 1911. En svo er á það að líta, að á árinu 1911 var keypt efni til síma, sem fé var veitt til á núgildandi fjárlögum, fyrir 52500 kr. Ef það hefði ekki verið gert, hefði tekjuafgangurinn orðið hér um bil 91½ þúsund kr., og er það miklu betri niðurstaða en við hefði mátt búast. Því að fyrst og fremst var áætlaður tekjuhalli 1911 ca. 64 þús. kr. og miklar umframgreiðslur, bæði sérstakar greiðslur og ýmsar óhjákvæmilegar hækkanir á gjaldliðum fjárlaganna. Fer eg svo ekki lengra út í það. — Þá kem eg að fjárhagsáætluninni fyrir árin 1912—'13. Hygg eg að áætlun nefndarinnar sé þar ekki fjarri lagi. Gerir hún sér vonir um, að tekjurnar verði ekki minni en á næstliðnu fjárhagstímabili, að því leyti sem tekjustofnarnir eru ekkert breyttir. Á þessu hefi eg gert eftirfarandi yfirlit. Tekjurnar á árunum 1910—'11 voru samkvæmt því sem áður er sagt um 3571 þús. krónur. Gerum ráð fyrir að þær verði jafnmiklar á þessu tímabili að frádregnum fyrst og fremst mismuninum á vínfangatollinum. Á síðasta fjárhagstímabili nam hann 550 þús. kr. En um síðastliðið nýár voru í tollgeymslu vörur fyrir alt að 400 þús. kr. Hefi eg það eftir skrifstofustjóranum á fjármálaskrifstofunni. Þar að auki má búast við tolli af öli og öðrum drykkjarvörum, sem enn er heimilt að flytja til landsins.

Mismunurinn er því 150 þús. kr sem tekjurnar verða minni af vínfangatollinum þetta yfirstandandi tímabil. Auk þess dreg eg 60 þús. kr. frá af útflutningsgjaldi og óvissum tekjum, af því þetta eru stopulustu tekjurnar. En svo bætist við tekjuauki af hækkuðum kaffi- og sykur-tolli, vitagjaldi, aukatekjum og erfðafjárskatti, samkvæmt lögum frá Alþingi 1911. Gerum við þá hækkun 175 þús. kr. Tekjurnar eiga þá að geta orðið 3,536 þús. kr. Gjöldin eru samkvæmt fjárlögunum áætluð 3,333 þús. kr. Þar af hafa þegar verið greidd ar 52 þús. eins og eg gat um áðan. Eru þá eftir 3,281 þús. kr. En við þá upphæð bætist ýmislegt samkvæmt ýmsum lögum og þar á meðal lögunum viðvíkjandi Reykjavíkurhöfninni. En nefndin gerir ráð fyrir að því tillagi landsins verði skift niður á 10 ár, því að hún sér enga ástæðu til að skella þessum 400 þús. kr. á eitt tímabil. Verða það þá 80 þús. kr. sem koma á þessi tvö ár 1912—'13. Fyrir því höfum við áætlað viðbótina 150 þús. kr. Svo hefir nefndin gert ráð fyrir, að það mundi kosta landssjóð allmikið að hafa að láni alt það veltufé er hann þarf til þess, að standast dagleg útgjöld. Nú hefir hann 600 þús. kr. að láni, eða sama sem ætlar nefndin 30 þús. kr. á ári til þess að standast vexti af slíkum lánum.

Þá er eins og venjulega á sér stað, að ýms ófyrirsjáanleg útgjöld geta komið fyrir, bæði umframgreiðslur á fjárlagapóstum og svo aukafjárlög á næsta þingi, og hefir nefndin áætlað til þeirra 75 þús. kr., en lítur þó svo á, að þar verði að spara svo sem hægt er. Þessi útgjaldaáætlun verður því samtals 2566 þús. kr., eða um 30 þús. kr. hærri en áætlaðar tekjur, og þó hefir hér ekki verið tekið tillit til konungskomunnar. Það er undir hverjum einum komið hvað hann gerir með þessar tölur, menn geta farið með þær eins og þeir vilja. Eg tel ekki líkur til, að útgjöldin verði minni en hér er gert ráð fyrir, en hins

vegar tel eg ekki *nauðsynlegt* að þau fari fram úr áætlun þessari. Ef til vill líta sumir svo á, að samkv. þessu verði þó fjárþröngin ekki svo geysimikil, að þörf sé á að rembast við að semja tekjuaukalög á þessu þingi. En hér er ýmislegt á að líta, sem stendur utan við þessa áætlun og þar á meðal það, er eg benti á, að landssjóður verður að taka að láni alt það veltufé, er hann þarf á að halda, og það er ekki minna en 600 þús. kr. Með öðrum orðum, eign landssjóðs í handbærum peningum á hverjum tíma sem er þyrfti að vera 600—700 þús. kr. En meðan svo mikið fé er ekki laust verður stjórnin neydd til að taka það að láni og gerir oss því á ýmsan hátt háða. Er nauðsynlegt að bæta úr þessu ástandi svo fljótt sem auðið er, og það verður ekki hægt með öðru móti en því, að tekjuafgangur verði og það strax 1913. Þetta hefir nefndin haft fyrir augum, og því leggur hún með því að vörugjaldsfrv. eða verðtollurinn, sem henni kom saman um að kalla það, nái fram að ganga á þessu þingi.

Þá má og gera sér von um hagræði fyrir landssjóð, ef lotteríið kæmist á, en þó ekki mikið á það treystandi.

Um fjárhag landsins lengra fram eða fyrir árin 1914—'15 hefir nefndin enn þá ekki komist að neinni niðurstöðu. En ef ráða má af líkum mætti geta þess til, að hægt væri að komast af með 250 þús. kr. tekjuauka á ári. Annað mál er það, hvort næsta þing verður svo sparsamt og gætið að láta sér það nægja. En á því ríður samt, að spenna ekki bogann of hátt.

Nefndin hefir áætlað að verðtollurinn, 3% at innkaupsverði af innfluttum vörum, sem munu nema um 8—9 milj. kr. á ári, nægi til þess að gefa þenna 250 þús. kr. tekjuauka árlega.

Eg vil benda á það, að flutningsmenn þessa frv. hafa ekki hugsað sér að lögin giltu nema til ársloka 1915. Er nefndin því samþykk, að þau skuli reynd þann tíma, og þá numin úr gildi ef þau þykja ekki reynast vel. Eins og eg hefi drepið á, er nokkuð séð fyrir fjárhagnum í bráð með þessu frv. En auk þess liggja fyrir tillögur frá skattamálanefndinni 1908, um að afnema úrelt skattafyrirkomulag, og koma á öðru í þess stað, sem betur er í samræmi við kröfur tímans og líkt því er nú tíðkast með menningarþjóðunum. Ættu þær tillögur að takast til meðferðar á næsta þingi. Ef þetta nýja fyrirkomulag kæmist á, má gera sér vonir um yfir 100 þús. kr. tekjuauka á ári og lengra vildi eg ekki fara að sinni í kröfunum til þjóðarinnar, og það þó að eg ætti þar fult vald á.

Þá vil eg víkja máli mínu að sjálfu frv. um verðtollinn. Það sem eg tel honum mest til gildis er það, að þó að hann sé óbeinn skattur nálgast hann mest beinu skattana allra óbeinna skatta og einkum hér á Íslandi, þar sem mestur hlutinn af innfluttum vörum eru neyzluvörur, sem hver maður þarfnast. Þess vegna kemur skatturinn svo jafnt niður og samræmið verður svo mikið. Það er alveg furðanlegt hvað tollurinn í raun og veru fer nálægt því að hitta gjaldþol manna. Það er undir öllum kringumstæðum framkvæmanlegt fyrir mann, sem þarf eitthvað að kaupa og getur borgað það, að borga 3 aura af krónunni að auki og af öllum gjaldstofnum hafa aðfluttu vörurnar breiðasta bakið. Í stuttu máli álít eg að verðtollurinn, ásamt munaðarvörutollum og beinum sköttum, sé heppilegasti tollurinn. Það fyllir svo vel hvað annað upp, einkum ef beinu skattarnir fara í þá átt, er við lögðum til í milliþinganefndinni 1908. Eg skal taka það fram frá mínu eigin brjósti, að eg er

ekki með háum verðtolli, og hann verður einmitt ósanngjarn ef hann er hár. Einnig tapar hann miklu af kostum sínum ef vörunum er skift í flokka. Beri menn þetta gjald saman við iðnaðarvörutolla, sem mér finst liggja næst, þá skal eg geta þess fyrir nefndarinnar hönd, að hún getur alls ekki felt sig við þá fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að tollgæzlan yrði afardýr með fjölmennu tollgæzluliði, og svo er hitt, sem mér að minsta kosti þykir miklu máli skifta, að með því að hallast að þeim, væri verndartolla stefnunni komið hér inn.

Aðalmótbáran við verðgjaldið er sú hvað framtalið verði örðugt, ilt að ná í ábyggileg gögn og því verði innheimta gjaldsins ómöguleg. Þessu hefir nú verið haldið svo stíft fram af sumum að hlýtur að vera, að þeir hafa eigi athugað nógu vel málið, annars gætu þeir ekki litið svo einsýnt á það. Margir mér skynsamari menn hafa sagt að frv. væri ágætt og aðrir að það væri ómögulegt, þá verður það eins og menn vita að 2 skynsamir menn geta þrætt til hins óendanlega þegar hvor heldur fram gagnstæðum málstað og verður þá sannleikurinn mitt á milli eða einhversstaðar á milli. En eitt er þó öllum ljóst að enginn sá tollstofn eða skattstofn er til í öllum heiminum sem ekki er hægt að víkja undan meira eða minna. Til dæmis er um tekjuskattinn á Englandi, hann er nú álitinn einn merkilegastur skattur þar; því er þannig varið með þann skatt, að þar eru margir vegir til að víkja sér undan, ýmist með því beinlínis að fara kringum sjálf lögin eða þá viðhafa brögð, sem, ef uppkæmust væru beint lagabrot.

Annars er það að segja um þetta frv. að eg vil láta reynsluna skera úr með það, og láta málið ryðja sér til rúms sjálft og reyna í því þolrifin. Reynist þetta ekki vel þá er hægt staðar að nema um það eftir þessi 3 ár. Það er alls ekki ráðgert í frumvarpinu að reisa hér upp tollgæzlu eða neitt annað nýtt sem þarf að rífa niður þegar lögin eru úr gildi.

Ein mótbáran er sú, að kaupmenn verði einráðir að jafna niður þessum skatti á þjóðina og það sé ekki heppilegt né ráðlegt að leggja þetta á þeirra vald. Um þessa mótbáru hefi eg hugsað vel og vandlega og hefi komist að þeirri niðurstöðu að það muni engir heppilegri til þessa en einmitt kaupmennirnir; eg fyrir mitt leyti, hefi reynslu fyrir því hvernig kaupmenn leggja á vörur sínar, eg hefi fjölda mörg undanfarin ár verið fyrir kaupfélagi en þar eru vörurnar með kostnaðarverði, og samanburður á því við kaupmannaverði, sýnir álagningu þeirra glögt. Eg hefi því margra ára reynslu um það að kaupmenn leggja æfinlega mest á þær vörur sem ekki teljast til lífsnauðsynja. Kaupmannaráðið hér í Reykjavík hefir líka látið það sama í ljósi við nefndina, er hún spurði það að þessu. Með þeirri aðferð er þeim sem veikara hafa gjaldþolið hlýft við gjaldinu, frekar en hitt, því þeir kaupa mest af lífsnauðsynjum að tiltölu. Menn ættu því að geta séð, að það er einmitt kostur að kaupmenn leggi á vörurnar, en alls ekki ókostur.

Loks vildi eg óska þess að háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), sem var skrifari nefndarinnar og hefir átt einna mestan þátt í frv. vildi gera svo vel að skýra frv. og br.till. í einstökum atriðum af því hann er lögfræðingur; ætti það að verða að mun til skýringar á frv. síðar meir, heldur en ef eg gerði það.

Framsm. minni hlutans (Björn Kristjánsson): Eg er eiginlega ekki vel tilbúinn að tala nú, eg hafði búist við að háttv. flutningsmaður færi nákvæmar út í málið og færði rök fyrir br.till.

Eins og háttv. deild hefir séð, þá er nefndin skift í 2 mjög svo misjafna parta, eg einn í minni hluta en 6 í meiri hl., en þar fyrir hefir als ekki verið vont samkomulag í nefndinni. Nefndin hefir rætt þessi mál í bróðerni og eru bæði frv. komin fram eftir samkomulagi til þess að háttv. deild geti skorið úr hvoru þeirra hún vill hafna.

Eins og eg gat um við 1. umr. þessa máls, þá er það aðallega þrent sem menn þurfa að hafa fyrir augum, þegar á að leggja á mikla tolla, eins og hér er gert ráð fyrir. Í fyrsta lagi að tollarnir komi áreiðanlega í landssjóð. Í öðru lagi að tollheimtumennirnir hafi sem minst fyrir að innheimta tollinn, af því að þar sem lagður er tollur á alla vöru, þá hlýtur fyrirhöfnin að vera misjöfn eftir því hvernig tollinum er fyrirkomið í lögunum. Í þriðja lagi, að þegar hér eru lagðir á tollar, að ekki séu eltar útlendar hugmyndir og ekki farið eftir útlendu tollfyrirkomulagi, því að landið er stórt og fáment og hér höfum vér enga tollgæzlu. Hér mætti raunar bæta við fjórða atriðinu, sem sé því, að taka tillit til þess hve auðvelt yrði að *endurskoða* tollreikningana; það finst mér eg hafa tekið nægilega vel fram áður og vil eg í því efni leyfa mér að vísa til nefndarálits míns á þgskj. 174. Báðir partar nefndarinnar hafa stefnt að sama marki, með það að búa til lög, sem miðuðu að því að taka þessi höfuðatriði til greina, en niðurstaðan hefir þó orðið ólík með því að annar hlutinn vill leggja tollinn á eftir þunga vörunnar, en hinn hlutinn vill leggja tollinn á eftir verðmæti vörunnar. Hefi eg bent á í nefnaráliti mínu hversu auðvelt yrði að fara í kring um þessa síðarnefndu aðferð, sem háttv. meiri hluti fer fram á í frv. sínu. Bæti eg því við það, sem stendur í þessu áliti mínu, að sé kaupmaður hygginn, sem gera má ráð fyrir, og sé hann vanur tolleftirliti annarstaðar, þá telur hann það enga óguðlega synd þó hann steli undan tolli, eins og almennt tíðkast hjá erlendum kaupmönnum. Þeim þykir sumum hverjum jafnvel syndlaus leikur að fara í kringum tollgæzluna þar sem hún er. Og það eru þegar dæmi þess, að útlendir kaupmenn hér steli undan tolli. Þó að nú t. d. tollheimtumaður skoði faktúru hjá kaupmanni, þá er þó engin sönnun fyrir því að það sé sú rétta faktúra sem honum er sýnd, sakir þess, að kaupmaður getur auðveldlega fengið 2 innkaupareikninga, annan með dýru verði, en hinn með ódýru verði, síðan gntur hann auðveldlega sýnt þann reikninginn sem minna verð er á og er ómögulegt að véfengja réttmæti hans þegar tollgæzlumanni er ekki ætlað að opna umbúðir varanna og bera þær saman við reikninginn. Nefndin tók það fram í áliti sínu, að það væri helzt á móti þungagjaldinu, að gjaldið kæmi mest á nauðsynjavörur, en þetta er als ekki rétt. Gjaldið, eða tollurinn, kæmi, eftir báðum frv., jafnt niður á nauðsynjavörur, það yrði, hvort frv. sem samþykt yrði her um bil $^1/_5$ af öllum tollinum, sem legðist á kornvörurnar, ef 25 aura tollur er lagður á hver 50 kilo, en minna ef gjaldið á kornvörum yrði lækkað. Nefndarálit meiri hlutans segir, að falsa megi farmskrá, og véfengir að hún sé ábyggileg, þrátt fyrir þau rök í gagnstæða átt sem eg hefi komið fram með og þrátt fyrir það þótt kaupmannaráðið hér, hafi tvímælalaust sagt farmskrár ábyggilegar. En það getur að eins komið fyrir í Leith, þegar skip eru mjög full, að þar verði eitthvað lítilsháttar eftir sem á farmskrá hefir verið sett, en þetta kemur þó mjög sjaldan fyrir, en vilji það til, þá er tafarlaust símað hingað um það, og vita menn þá, *áður* en flutningsskipið kemur, hvaða mikið af vörum hefir orðið eftir; þetta

er til að sanna það, hve ant mönnum er um það að farmskráin sé rétt og að afgreiðslumaðurinn telur það ekki ábyrgðarlaust að hún sé röng. Það hefir verið talið ástæðulaust af mér, að segja að tollsvik kæmu fyrir, en þess eru þó mörg dæmi, ef menn vilja renna augunum yfir fyrirfarandi ár.

Háttv. meiri hluti segir að keppinautar geti orðið hvor öðrum skeinuhættir með að koma upp tollsvikum hvor um annan. Þetta er langt frá því að vera rétt, því að allir vita að það er ekki vani kaupmanna að vera að bekkjast þannig til hver við annan og elta hvern annan þannig uppi.

Eg hefi líka tekið það fram í nefndaráliti mínu, að ef kapmaður hefir náð í sambönd við útlönd og það oftast með mikilli fyrirhöfn, að þá er það mjög áríðandi fyrir hann að geta haldið sínum samböndum leyndum, en eftir fyrirkomulagi háttv. meiri hluta er kaupmaður skyldur að sýna reikninga sína lögreglustjóra, eða ef lögreglustjóri er ekki við, þá umboðsmanni hans eða skrifara. En þetta er þvert ofan í viðurkend réttindi einstaklinga að geta haldið samböndum sínum heimulegum. T. d. er það álitin helgasta skylda allra pósthúsa erlendis, að þegja um það hvaðan maður fær bréf og við hvern menn eiga bréfaskifti; eins er með banka, þeir þegja vandlega um öll viðskifti sem fram fara gegn um þá. Eg benti á í nefndarálitinu um farmtoll, að erfitt mundi verða að heimta inn tollinn eftir verðmætisfyrirkomulaginu; til dæmis innheimta þetta gjald frá ca. 130 mönnum, sem fá vörur með einu og sama skipi, og allir eru búsettir í Reykjavík; það yrði afar mikil fyrirhöfn að þurfa að *fara til hvers eins* og heimta að sjá hjá honum reikninga hans, sem geta verið margir, því reikningarnir eru venjulega miklu fleiri en viðtakendurnir. Síðan á að fara að meta tollinn eftir þessum margbrotnu gögnum, sem ekki er þó einu sinni víst að séu áreiðanleg. En eftir þungavörufrv. er tollheimtumaður alveg laus við alt þetta vastur; þá er ekki annað en að skrifa þegar í stað reikninginn til kaupmannsins eftir farmskránni og er starfið þá þar með búið. Það hlýtur að vera öllum ljóst hve óbrotin og fljótleg síðarnefnd aðferð er. Háttv. meiri hluti nefndarinnar talar um að leggja verðtollinn á innkaupsverð vörunnar. Frá verzlunar sjónarmiði þá geta verðin verið tvö. Annað verð umboðsmanns, sem pantar vöruna fyrir kaupmann, hitt verðið kaupmannsins sem við vörunni tekur. Eftir hvoru innkaupsverðinu á að greiða verðtollinn? Að br.till. við verðgjaldsfrv. séu til bóta vil eg ekki hafa á móti, en af því að *grundvöllurinn* er óábyggilegur þá verður frv. þó alt að einu óábyggilegt. Það er t. d. hvergi gert ráð fyrir því í frv. að vörur geti skemst. Oft kemur það líka fyrir að ákafir agentar senda vörur hingað óbeðið og sá sem við á að taka neitar að taka við. Á þá, eftir frv. hv. meiri hluta, að greiða toll af vörunni? Það kemur og fyrir að bankar endursenda vörur, þær sem þeim er falið að innheimta borgun fyrir, af því að viðtakandi getur ekki greitt þær. Þessu er hvergi gert ráð fyrir hjá háttvirtum meiri hluta, en minni hlutinn hefir aftur á móti gert ráð fyrir því.

Yfir höfuð verður innheimta mjög erfið eftir þessu frv. (verðtollsfrumv.). Það er altítt, að reikningar koma ekki með vörunum, koma ef til vill ekki fyr en fleiri mánuðum seinna en vörurnar; þá er ekki annars kostur fyrir innheimtumennina en meta vörurnar og láta setja veð fyrir, eins og hv. meiri hluti hefir hefir lagt til í brt. sínum. Þetta er tölu-

vert ómak, sem hjá mætti komast, ef tekinn væri þungatollur.

Mig furðar á því að í 7. brt. á þgskj. 188 er kveðið svo á: »Nú þykir verð á vöru óeðlilega lágt, og skal þá meta vöruna á sama hátt sem segir í 3. gr.« Hvernig á nú innheimtumaður að fá réttmæta ástæðu til að láta mat fram fara þegar hann hefir enga hugmynd um hvers virði varan er? Eg fæ ekki séð annað, en að þetta sé óhafandi ákvæði. Sama er að segja um síðara ákvæðið í sömu brt., »nú sýnist verð í kaupreikningi sett of lágt«. *(Lárus H. Bjarnason:* »Sýnist« er prentvilla fyrir »reynist«). Ef það er prentvilla, þá fell eg frá að gera athugasemd um það.

Enn fremur er ætlast til þess eftir frv., að pósthúsið annist tollheimtuna; það gerir kostnaðinn margfalt meiri en farmgjaldsfrv. mundi gera hann, auk þess ómaks og kostnaðar, sem stafar af mati og tryggingu sem setja á.

Hv. framsögum. (P. J.) var með skýrslu sem átti að sýna, að tollur eftir vigt væri ranglátari en verðtollur. Eg verð að telja þær tölur mjög óábyggilegar. Hann fann að því, að of hátt gjald yrði á sápu og sóda eftir farmgjaldsfrv. En það er athugandi, að enginn verzlar eingöngu með þær vörur. Eg bið að athuga það, að aftan af áætlun minni hefir fallið áætlun um farfavörutollinn; af þeim mundi tollurinn nema um 2500 kr., sem mundi svara til ca. $3^1/_2$ %.

Eftir mínu frv. er gjaldið yfirleitt heldur lægra en verðtollsfrv. á matvöru, kr. 2,50 100 kíló eftir þungatollinum, ef meðaltal er tekið, en kr. 2,88 eftir verðmætisleiðinni. Viðvíkjandi kartöflum er það að segja, að prentvilla er í áætluninni, 1 kr. fyrir 25 a. hver 50 kíló, enda er auðséð á útkomunni, að svo er til ætlast, að þar standi 25 aurar.

Það er yfirleitt of mikið gert úr því, hvað mitt frv. komi verr niður heldur en hitt, og sagt, að einkum komi það ver niður á nauðsynjavörum. En halda menn þá, að kaupmaður, sem er að leggja verð á vörur sínar, fari eftir því, í hvaða flokki þær eru eftir lögunum og jafni tollálaginu niður eftir því? Ef menn halda það, er það alger misskilningur. Hver kaupmaður mundi jafna niður á vörurnar gjaldinu yfirleitt. Þannig fellur alt hjal í burtu um það, að frv. mitt komi verr niður en hitt.

Það hefir nú verið talað um bæði frv. samtímis. Eg vil taka það fram, að mér er mitt frv. ekki neitt kappsmál, en vegna þess að um það frv. hefir verið þráttað allmikið á undanförnum þingum, hefi eg viljað, að það kæmi fram fyrir þingið með nánari skýringu á því, hverning slíkt fyrirkomulag mundi reynast í framkvæmdinni.

Eg hefi komið með nokkrar br.till. á þgskj. 174. Fyrst og fremst, að fyrirsögninni sé breytt og því samhljóða alstaðar þar sem kemur fyrir »alment verzlunargjald«, komi »farmtollur«. Þar næst er við 1. gr. lagt til að hækka úr 50 a. upp í 1 kr. toll af öllum öðrum vörum en nauðsynjavörum: kornvörum o. s. frv. Járnvörur hefi eg lagt til að taka í 25 aura flokkinn, það er vegna járnsmiðanna; þeir kaupa svo lítið af öðrum vörum en járni, og kæmi því hið upphaflega gjald of þungt niður á þeim. Það var fundið að því í nefndinni, að of lágt gjald væri á vefnaðarvörum. Eg hefi ekki á móti, að það sé hækkað úr 1 kr. upp í 3 kr. hver 50 kíló, og mætti koma með br.till. um það. Eins væri rétt að létta á útgerðarmönnum, sem borga toll bæði af kolum og salti, svo að þeir t. d. losnuðu við toll af salti. Yfirleitt er eg fús til allra breytinga, sem eru til bóta.

Eg vona, að menn sjái að þungatollsfrv. er tryggara. Gjaldið kemur fremur til skila og endurskoðun er ábyggi-

legri. Eg skal að endingu geta þess, að þyngdin á vefnaðarvörunni er ekki rétt tilfærð í áætlun minni, á að vera rúm 400 þús. kíló, í stað 281020, og tollurinn af þeim því á níunda þúsund, ef miðað er við 1 kr. gjald.

Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson): Eg vil fyrst benda á það, að í 7. brt. á þgskj. 188 er prentvilla: »Nú sýnist« fyrir »nú reynist«.

Eg sé ekki til neins að ræða útreikning þann, sem gerður hefir verið til að sýna, hvernig farmgjaldið komi niður á einstakar vörur. Það er að eins til að lengja þingtíðindin og trufla menn mjög sem á heyra að vera að þvæla um mjög margar tölur. Eg ætla að eins að drepa á einstök atriði.

Mér heyrðist hv. 1. þm. G.-K (B. Kr.) halda því fram, að kaupmenn mundu fremur geta beitt brögðum eða svikið eftir verðtollsfrv. en eftir farmgjaldsfrv. Það getur verið, að sá hugsunarháttur sé kominn inn sumstaðar, að ekki sé synd að svíkja tolla. En eins og tekið er fram í nefndaráliti meiri hl. hefir það hingað til ekki verið alment, að menn hafi viljað vita svik í fari sínu. Innan kaupmannastéttarinnar eru það að eins stöku menn, helzt þeir sem ekki hafa mikla verzlun og ýms aðskotadýr í verzluninni. Eg held að treysta megi kaupmannastéttinni eins framvegis og hingað til. Enda er að líta á það, að þótt lögreglustjóri geti ekki séð í bili, hvort faktúrur eru réttar eða ekki, þá mundu svikin með góðu eftirliti jafnaðarlega komast upp ef þau næmi miklu og menn mundu ekki þora að hafa sverðið hangandi yfir höfði sér vegna þess að hegningin er svo þung. Eg skal kannast við það, að hægara er að fyrirbyggja fals, ef þungagjald er, en möguleikar eru þó til þess að draga undan á ýmsan hátt, þótt ekki kunni það að vera í stórum stíl.

Þá hélt hv. framsm. minnihl. (B. Kr.) því fram, að það væri ekki rétt, að farmgjaldið hvíldi þyngra á nauðsynjavörum en ónauðsynlegum vörum. Eg hygg, að honum veitist torvelt að sannfæra nokkurn skýran og skynsaman mann um það, því að það er vitanlegt að flestar nauðsynjavörur eru þungavörur, en þær ónauðsynlegu og miður nauðsynlegu léttavörur, svo sem »galanteri« vörur o. fl. Sé vörum skift í tvo flokka eftir því, hvort þær eru nauðsynlegar og óhjákvæmilegar eða ekki, þá er það ljóst, að farmgjaldið legst þyngra á þann flokkinn, sem nauðsynjavörurnar eru í.

Eg þarf ekki að fara út í neinar tölur þessu viðvíkjandi, það er öllum þeim ljóst, sem verða t. d. að flytja vörur sínar á hestum — og ekki ætti kaupmönnum síður að vera kunnugt um það.

Það ber ekki svo mikið á þessu í skýrslu þeirri, er fylgir áliti hv. minni hl., vegna þess að þar er svo mörgum misjafnlega þungum vörum safnað saman í hverjum flokki, og það jafnar svo upp, að fargjaldið fer hvergi yfir 770. En séu einstakar vörur teknar út úr flokknum, þá verður mismunurinn strax auðsær. Odýrar leirvörur koma til að bera 25—27% og er það hinum miklu umbúðum að kenna. Eg mundi samt ekki fást mikið um það þótt slíkt skakkafall yrði um eina einstaka vörutegund, en eg er hræddur um að skakkinn hitti þær fleiri. Til þess að komast hjá því, yrðu flokkarnir að vera miklu fleiri — eins og þeir voru líka á seinasta þingi. En því hefir háttv. þingm. G.-K. viljað komast hjá, vegna þess að honum hefir verið það ljóst, að ætti að flokka niður þannig að þolanlegur mismunur milli vörutegunda í hverjum flokki ætti sér

stað, þá þyrfti að setja á stofn sérstakt tolleftirlit. Hann hefir því kosið að fækka flokkunum eins og rétt var og afleiðingin af því þess vegna eðlilega orðið sú, að gjaldið kemur ranglátlega niður á ýmsum vörutegundum.

Hv. framsm. minni hl. (B. Kr.) sagði, að þessar ójöfnur mundu lagast, þegar kaupmennirnir færu að leggja á vörurnar. Það getur verið mikið rétt, að kaupmenn mundu leggja farmgjaldið á vörurnar nokkurn veginn eftir verði, eins og verðtollinn sjálfan, ef allir verzluðu hlutfallslega jafnt með allar vörur. En því er nú svo farið, að verzlun hér á landi er altaf að greinast meir og meir; ýmsir verzla aðallega með sérstaka vörutegund, eða þá mjög fáar, og yrði þá afleiðingin sú, að þær verzlanir, sem aðallega verzluðu með nauðsynjavörurnar, þungavörurnar, yrðu harðast úti og þyrftu að leggja hæst gjald á, en hinar, sem verzluðu með glysvarning og aðra léttavöru, hefðu lítið af gjaldinu að segja. Þeir, sem með nauðsynjavöruna verzla aðallega, geta ekki dreyft gjaldinu yfir á aðrar vörur. Eg skal játa það, að hefðu lík lög verið gefin út á einokunartímanum, eða fyrir 50—60 árum, þegar vanalega var ekki nema einn kaupmaður í hverjum kaupstað og verzlað með allar vörur, sem almenningur þurfti að kaupa, þá hefði það komið í sama stað niður, hvort lögin hefðu fyrirskipað farmgjald eða verðgjald, en nú er komin alt önnur skipun á alla verzlun og því hlýtur að fara svo, að hjá því verður ekki komist að leggja á allar vörur eftir því sem flokkarnir, eða álagningshlutföllin benda til.

Að lokum skal eg geta þess, að þótt eg sé sannfærður um, að verðtollsfrv. okkar er bæði réttmætara og betra mál en farmgjaldið, þá lít eg svo á, að ef okkur tekst ekki að sannfæra hv. þm. um það, þá kýs eg samt heldur að farmgjalsfrv. gangi fram, en að engin ráðstöfun verði gerð til að afla landssjóði tekna. Þess vegna alít eg það mjög óheppilegt, að bæði þessi frv. eru á dagskrá í dag og rædd jafnhliða. Eg hefði heldur kosið að farmgjaldsfrv. hefði verið geymt til seinni tíma og haft til vara.

Framsögum. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það er að eins örstutt athugasemd. Hv. þm. sagði, að verzlunin væri altaf að greinast, það getur verið mikið rétt, en enn þá er engin sérverzlun komin upp, og komi það seinna, þá má altaf sníða lögin um. Hann sagði og að tollurinn mundi koma til að hvíla mjög þungt á stórkaupaverzlun, sem verzlaði með einstaka vörutegund, en eg get fullvissað hv. þm. um það, að slíkar verzlanir komast aldrei á fót hér á landi, fyr en tollfrjáls vörugeymsla er stofnuð í landinu. Annað var það ekki, sem eg þurfti að taka fram að sinni.

Guðlaugur Guðmundsson: Það er sannkallaður neyðarkostur að þurfa að tala og greiða atkvæði um svona löguð stórmál eins og þetta, þegar þeim er dembt inn á þingið undirbúningslaust. Og það liggur hneyxli næst að ætla þingi, sem situr einar sex vikur að starfi sínu að undirbúa, semja, ræða og afgreiða slík stórmál. Þetta er auðvitað afleiðing af því, að undanfarin ár hefir alt verið á ringulreið í fjármálum vorum, og þau eru enn óhugsuð og óundirbúin. Það er enginn efi á því — það er lýðum ljóst — að þessi botnlausu fjárhagsvandræði, sem við erum komnir í, eru að miklu leyti, — þótt ekki sé það að öllu leyti, — að kenna samþykt aðflutningsbannslaganna á þinginu 1909 og það er vafalaust að sú stjórn og sá flokkur, sem dembdi þessum lögum á þjóðina lítt undirbúna, var siðferðislega skyldugur til þess að sjá fjárhagnum einhvern farborða um leið. En það hefir

ekki verið gert og því erum við komnir í þessar ógöngur. Þingið 1911 setti raunar nefnd til þess að athuga og koma með tillögu í skattamálum vorum, en batt hendur þeirrar nefndar um leið. Tillögur þessarar nefndar hafa ekki fundið náð fyrir augum þingsins — eg skal ekkert dæma um það, hvort þær hafa átt það skilið eða ekki — en aðal sökin til þeirra fordóma, sem þessar tillögur hafa átt að sæta, er hjá þinginu. Eg vil enn þá einu sinni slá því föstu, að ástandið eins og það er, er glapræði, fljótfærni og úrræðaleysi undanfarinna þinga að kenna.

Þetta aukaþing, sem nú situr að störfum sínum, hefir sett nýja skattamálanefnd, »ílátið«, sem svo hefir verið kölluð, en sú nefnd virðist mér ekki hafa fundið neina verulega heppilegri leið, en »kolanefndin«, sem hefir sætt svo hörðum dómum.

Nú liggja fyrir 2 frv. Um annað þeirra er játað af flutningsmanni, að það sé ranglátt, og um hitt er það játað, að það ali upp svik í landinu. Þegar því er svo farið með bæði þessi frv., þá gerir hvert það þing, sem fer að burðast með þau, sig að viðundri og angurgapa.

Hvað verðtollinn snertir, sem allir geta svikið, skal eg taka það fram, að jafnvel þótt »principið« sé í sjálfu sér ekki óheilbrigt, þá er allur umbúnaður þess svo vaxinn, að ekki er hægt að hafa neitt eftirlit með, að réttar skýrslur komi fram. Það er játað, að áreiðanlegt sé, að ekki komi öll kurl til grafar. Þeir, sem heiðarlegir eru borga, hinir svíkja. Undir þann leka er ekki sett, þrátt fyrir það, þótt þessi skattamálanefnd, »ílátið«, sem alt er látið í, en engu er skilað úr, hafi farið um það höndum og loksins borið það fram.

Annars lái eg ekki nefndinni, þótt verkið sé ekki betra en þetta, því að málið er alls ekki meðfæri þingnefndar, sem hefir mikið að gera á stuttum tíma. Um einstaka atriði þessa frv. skal eg geta þess, hvað verðtollinn snertir, að það hefir alls ekki verið nefndinni ljóst, að innheimtumaður verður að hafa vald til þess að fá öll skjöl og skýrslur um það, hverjir flytji inn og þau skjöl verður hann að fá áður en byrjað er að flytja vörur úr skipi. Það vantar í frv. grein, sem samsvari 4. gr. í farmgjaldsfrv. um skyldu skipstjóra til þess að afhenda strax öll skjöl, — þar á meðal manifest — og forboðið sé að opna lest áður en þau skjöl séu fengin. Nefndin virðist byggja þetta á því, að hún heldur að lögreglustjóri geti altaf heimtað »manifest«. Hvað viðvíkur skipum frá Danmörku, Englandi og Hamborg, þá hafa þau altaf sérstakar tollskrár, sem eru vottaðar af dönskum konsúlum og ekki rannsakaðar frekar. Þau skip afhenda aldrei »manifest«. Hafi þau afgreiðslu hér á landi, þá fá þær raunar »manifestin«, en afhenda þau ekki fyr en í hver árslok og þá sem fylgiskjöl með hagfræðisskýrslunum. Norsk skip hafa með sér »Toldpas», vottuð af dönskum konsúl, en eru ekki skyldug til þess að afhenda þau. Það er því auðsætt, að þesskonar ákvæði vantar í verðtollsfrv., sem skyldi skipstjóra að afhenda strax á á höfninni »manifest« ásamt æru og samvizkuvottorði um, að aðrir flytji ekki inn en þeir, sem til greindir eru. Með því einu er hægt að hafa einhvern hemil á því, að minna verði svikið og dregið undan. Þetta er í mínum augum höfuðgalli frv., sem eg vona að verði leiðréttur.

Annað atriði er það, að enginn frestur er ákveðinn um það, innan hve langs tíma innflytjandi sé skyldur að hafa afhent reikninga sína. Í tollögunum er fresturinn bundinn við 4 daga frá því, að varan kemur til landsins. Slíkt ákvæði

þarf í þetta frv. Annars mundi það kosta botnlausa rekistefnu fyrir innheimtumann að ná í þessar skýrslur, og svo er það jafnvel nú, enda þótt ákvæði tolllaganna sé svona skýrt.

Þá er það eitt atriði, sem nefndin getur alls ekki bætt úr, nfl. það, að hafður sé nokkur hemill á eða eftirlit með því, að »faktúrur séu ófalsaðar. Mér er kunnugt um það, að oft hefir það komið fyrir, að gefnar hafa verið út fleiri en ein faktúra, og eg hefi það fyrir satt, að sumir agentar séu þegar farnir að gylla sig og sinn avinnurekstur með því, að viðskiftamenn þeirra þurfi ekkert að óttast það, þótt vörugjaldið komist á — þá muni ekki mikið um að »typewrighta« 2—3 faktúrur. Það er hvergi í frumv. bent á, að nokkuð eftirlit sé haft með þessu. Innheimtumenn taka við faktúrunum án frekari eftirlits og svik geta þrifist óhindruð. Hvaða áhrif þetta hefir á hinn svonefnda »Handelsmoral«, getur hver maður séð og þar er þó ekki sérlega miklu fyrir að fara, þó að löggjafarvaldið fari ekki að gera sitt til að spilla honum.

En er það aðgætandi að vörur, sem nema hundruðum þúsunda króna, eru fluttar hingað til landsins, án þess að nokkrir sölureikningar fylgi með. Tugir þúsunda af salti og tómum tunnum, sem innflytjendur hafa sjálfir látið búa til, eru fluttar hingað til landsins, þannig að innflytjandi tekur það úr eigin geymsluhúsum og flytur á sínum eigin skipum hingað upp. Mér er kunnugt um, að þessir innflytjendur hafa keypt salt í Trapani, flutt til Noregs og Svíþjóðar, látið búa til tunnurnar og sent svo alt á eigin skipum, óveiðsett, til Íslands. Þannig eru innfluttar hingað ca. 100—120 þús. tómar tunnur og ca. 2000 tonn af salti. Hvaðan á að fá kaup- eða sölureikninga yfir slíkt! Auðvitað hafa skipin «Toldpas« vottað af dönskum konsúl, en kaup- og sölu-reikninga vantar alveg, því að þeir hafa ekki farið að selja og kaupa við sjálfa sig. Hvernig vill nú nefndin leggja verðtoll á þessar vörur eftir kaupreikningi?

Eg hefi því miður að eins lauslega getað athugað frv., af því eg hefi haft mikið að gera og verið lasinn síðustu dagana og því haft lítið tækifæri til þess að athuga það vandlega, og þó hefi eg rekist á þessar stórvitleysur í frv. Ennfremur skal eg benda á, að 5. gr. brt. er bæði óljós og óheppileg.

Skilyrðið um það að umboðsmenn megi ekki vera verzlunarmenn er ótækt. Í smærri kauptúnum mun vera afarörðugt að fá aðra umboðsmenn en einmitt kaupmenn. Þá þykir mér einnig óljóst ákvæðið um þennan 1. p. c., hvort lögreglustjóri á að borga hann, eða hann á að dragast frá tollinum. Þætti mér nauðsynlegt að skýring kæmi fram á þessu frá nefndinni.

Ráðherrann (H. H.): Mér er vegna stöðu minnar dálítið vandfarið að taka þátt í þessum umræðum, fyrir þá sök, að hag landssjóðisns er nú þannig komið, að stjórnin verður eiginlega nauðug viljug að sætta sig við hvern þann sæmilegan tekjuauka sem fæst hjá þinginu, hvort sem henni líkar vegurinn til þess betur eða verr. Það er óhjákvæmileg nauðsyn að auka tekjurnar þegar á þessu þingi, og það er nú orðið auðsætt öllum, að þær leiðir, sem eg eftir atvikum hefði talið hepplegastar, verða ekki farnar í þetta sinn, heldur er eina vonin sú, eftir því sem komið er, að það lánist að fá samþykt annað hvort af þessum frumvörpum, sem hin háttv. skattanefnd loks hefir klofnað um, og nú eru hér til umræðu. — Þó að eg sé persónulega óánægður með þau bæði og telji tollafargan það á allan aðfluttan varning, sem bæði frv. fara fram á, varhugaverðan afveg í toll-löggjöf vorri,

þá verð eg þó fyrir landssjóðsins hönd, að sætta mig við það frv., sem betri fær byrinn, og get að svo stöddu hvorugu hafnað, þótt mér þyki þeirra talsverður munur, eins og eg síðar mun víkja að.

Háttv. framsögumaður meiri hlutans (P. J.), formælandi verðtollsins, vildi nú að vísu draga það í efa, að fjárþörf landssjóðs færi eins mikil eins og af er látið, og leiddi ýms rök að því, að tekjur mundu verða svo miklar á yfirstandandi fjárhagstímabili 1912—1913, að ekki bæri brýna nauðsyn til að »rembast við« að drífa fram tekjuaukalög á þessu aukaþingi. Eg efast ekki um að hann hafi samvizkusamlega aflað sér þeirra upplýsinga, sem hann gat, en þó er mér ómögulegt að sannfærast af tölum þeim sem hann nefndi, og mun hann ekki geta neitað því, að bæði geta tekjurnar orðið miklu lægri og gjöldin miklu meiri, en hann gizkaði á. Hann, sem áður hefir talið það sjálfsagða varfærnisskyldu að áætla tekjur landssjóðs eftir meðaltali undanfarandi 5 og 3 ára, áætla nú eftir að eins síðasta árs tekjum, og gjöldin jafnvel lægri, en þau reyndust á síðasta landsreikningi. Þó að eg heyrði ekki vel tölu hans, má eg þó fullyrða, að þar vantaði ýmislegt í útgjöldin. Hann tók ekkert tillit til þeirra miklu afborgana af lánum landssjóðs, sem inna þarf af hendi bæði þetta ár og næstu ár, og ekki skil eg, hvernig hann hugsar sér að skifta tillaginu til Reykjavíkurhafnarinnar niður á 10 ár. Fleira virtist mér alt of lágt áætlað, og ekkert tillit var tekið til þeirrar reynzlu undanfarandi 20 ára, að gjöldin hækka ár frá ári umfram fjárlagaveitingar, svo að numið hafa á síðari árum alt að því 18% umfram fjárlagaáætlanir. En þó að nú svo væri, sem öll ástæða er til að rengja, að hægt væri að slampast einhvernveginn af þetta fjárhagstímabil án mjög mikils tekjuhalla, þá þarf alt um það bráðnauðsylega að fá tekjuaukalög þegar á þessu þingi, því að ella væri, eins og oft hefir verið sýnt, ómögulegt að koma fram með fjárlagafrv. á næsta þingi fyrir árin 1914—1915. — Að háttv. þm. hafi áætlað tekjuaukaþörfina að loknu yfirstandandi fjárhagstímabili alt of lágt, álít eg full sannað og sýnt í álitsskjali milliþinganefndarinnar síðustu, sem eg skírskota til. Hygg eg að þar skakki hjá honum hundruðum þúsunda.

Auk þessa er nauðsyn á að safna fé umfram útgjöldin, bæði til þess að hafa veltufé, eins og hann sagði, og af öðrum ástæðum, til þess að standast útgjöldin hefir landssjóður selt erlendis $^1/_2$ miljón af bankavaxtabréfum Landsbankans, sem hann átti að liggja með og ekki mátti hreyfa. Það var aldrei tilætlun alþingis, þegar það veitti heimild til 2 miljóna lántöku til þess að kaupa bankavaxtabréf Landsbankans, að það yrði að eyðslufé, heldur átti með því að útvega veðdeildinni starfsfé, og áttu vextir og afborganir lánsins að greiðast af bankavaxtabréfunum, landssjóði útgjaldalaust. En nú er ekki nóg með það, að þessar vaxtagreiðlur kastast yfir á landssjóðsins bak af þeirri hálfu miljón sem seld hefir verið, heldur er og markaðurinn erlendis fyrir íslenzk verðbréf fyltur með þessum bréfum, sem búist var við að landssjóður geymdi, og hlýtur það að hafa haft spillandi áhrif á sölu annara veðdeildarbréfa Landsbankans þar og þar með á lánskjör almennings hér. Eg hygg því ekki úr vegi að reyna sem fyrst að spara saman fé til þess að kaupa aftur veðdeildarbréf fyrir sömu upphæð og selt hefir verið fyrir, auk þess sem nauðsynlegt er að borga aftur þær 200 þús. króna víxilskuldir, sem landsjóður hefir orðið að setja sig í til daglegra útgjalda, þó ekki væri til annars en þess, að draga

ekki þetta fé frá starfsafla bankanna og viðskiftalífinu.

Nei, þess verður vissulega ekki dulist, að það er bráðnauðsynlegt að fylla skörð þau, sem höggvin hafa verið í landssjóðstekjurnar, sem allra fyrst, ef stjórnin á ekki að standa með tvær hendur tómar og peninga landssjóðs fastbundna. Eg er þakklátur öllum þeim háttv. þm., er hafa sýnt sig í því að vilja stuðla að því að bæta úr skák, þar á meðal formælendum beggja þessara frv., sem hér standa andvíg, og keppa hvort á móti öðru. En þó að eg fyrir landssjóðsins hönd vilji njóta fylgis og fulltingis aðstandenda frumvarpanna og hvoruga styggja, þá verð eg þó að láta uppi álit mitt um það, hvort frv. heldur beri að aðhyllast, og það jafnvel þótt það álit gangi á móti því frv., sem að svo stöddu sýnist hafa miklu fjölmennara fylgi hér í deildinni, og hefir fyldi 6 sjöundu hluta af háttv. skattanefnd.

Eftir þeim skýrslum og upplýsingum sem fyrir liggja, verður að álíta, að bæði frv. mundu gefa landssjóði hér um bil jafn miklar tekur. Að minsta kosti á það ekki að muna mjög miklu. Einnig í öðru meginatriði legg eg þau að jöfnu: þau koma bæði jafn réttlátlega eða réttara sagt: jafn ranglátlega niður á gjaldendur.

Í snöggu bragði virðist að vísu svo, að verðtollurinn sé miklu réttlátari heldur en þungatollurinn. Það er mjög svo ígengilegt í svipinn, að þar sem gjaldið sé miðað við verðið, og þannig sé því hærra, sem varan er dýrari, þá komi skatturinn þyngst niður á þeim, sem kaupa dýru vörurnar, en léttast á þeim sem kaupa ódýrustu vörurnar, leggist þannig meir á þá ríku, sem gjaldþolið hafi, en komi létt við þá fátæku. Þegar um einstakar eyðsluvörur er að ræða, sem hverjum er sjálfrátt hvort hann kaupir, þá hefir þetta og mikið til síns máls. En þegar til nauðsynjavörunnar kemur, sem allir þurfa að kaupa, þá hverfur þessi gyllingin, og þá kemur fram annar eiginlegleiki við verðtollinn, miður glæsilegur. Hann er sá, að því dýrari, sem varan verður á útlendum markaði, því hærra verður gjaldið. Hækki kornvaran afarmikið í verði fyrir óáran, eða komist kol, járn, salt eða aðrar nauðsynjar í geypiverð fyrir verkföll eða önnur afbrot, þá hækkar skattgjaldið af þessum vörum hér á landi að sama skapi. Því meiri dýrtíð, því meiri og þyngri verður skattabyrðin. Þetta er nú hliðin sem að almenningi snýr. En að því er kaupmennina snertir víkur þannig við, að því lélegri, rírari og þar af leiðandi ódýrari vöru sem þeir kaupa, því betur sleppa þeir frá gjaldinu, án þess að þessi gjaldsparnaður komi almenningi til góða, því í útsölu fylgja þeir auðvitað hinu almenna verði hér á landi, þó að þeir af einhverjum ástæðum hafi komist að lágu verði á uppboði eða þvílíku. Margt fleira mætti til þess telja, að verðtollur, sérstaklega almennur verðtollur eða prósentugjald á allan varning, er enganvegin eins réttlátt í eðli sínu, sem skattur, eins og í snöggu bragði sýnist.

Að því er snertir farmtollinn eða þungatoll af öllum aðfluttum vörum með engri eða mjög lítilli flokkun, stingur það þegar í augun, að þar getur ekki verið um neinn jöfnuð eða réttlæti að ræða að því er snertir samanburð á tollgjaldi einstakra vörutegunda. Pund af silki tollað jafnt og pund af striga, pund af gullstássi jafnt og lítil blýsakka, gullúrið jafnt og jafnþyngd af kartöflum! En þegar að er gætt, kemur það í ljós, að þessar dýrindisvörur, sem sleppa með svo hlægilega lágt gjald í samanburði við aðrar vörur, nema svo lítilli upphæð í vöruumsetning landsins, að þessa mis-

réttis gætir tiltölulega lítið í heildinni. Flestir kaupa eitthvað af svo mörgum tegundum, að þetta jafnast nokkuð upp. Aðalmisréttið við farmtollinn hefir hann sameiginlegt við almenna verðtollinn, og það er það, hversu ójafnt báðir þessir tollar í heild sinni koma niður á landsbúa yfirleitt.

Það þarf ekki að liggja lengi yfir verzlunarskýrslunum til þess að sjá það, að meginið af báðum þessum tollum kemur niður á þungavöruna, nauðsynjavöruna. Þeir vöruflokkar, sem nema mestu verði í verzlunarskýrslunum gefa auðvitað hæst prósentugjald, og sömu flokkarnir nema langmestum þunga, og gefa því hæst farmgjaldið í landssjóðinn. En þesssar vörur eru ekki keyptar jafnt um land alt, né heldur tiltölulega meir af hinum efnuðu, heldur en þeim fátækari. Landssjóðurinn fær tekjurnar af báðum þessum tollum án alls manngreinarálits um gjaldþol og frjálsan vilja til að kaupa. Báðir tollarnir koma lang þyngst niður á þeim mönnum og þeim landshlutum, sem mest neyðast til að kaupa af aðfluttri vöru yfirleitt, en það eru kaupstaðirnir og sjávar-plássin. Sjávarútvegurinn verður í báðum tilfellum lang harðast úti. Þaðan fær landssjóðurinn bróðurpartinn af tekjufúlgunni, hvort þessara frumv. sem valið er. — Að því er snertir réttlæti gjaldanna frá almennu sjónarmiði finst mér þannig enginn munur gerandi á þessum frumv.

En það er fleira sem taka verður tillit til í praktískri löggjöf, og það er fyrst og fremst framkvæmd laganna. Fátt er meira siðspillandi en löggjöf, sem ekki er unt að framfylgja, og leiðir menn til undanbragða og svika. Eg sé ekki betur, en að verðtollslögin séu þess eðlis, að mjög væri hætt við einhverju slíku. Innheimtan yrði erfið, eftirlitið meir en erfitt, reikningaendurskoðunin eftirá, nafnið eitt. Það þarf engum blöðum um það að fletta, hve örðugt er að koma í veg fyrir, að innkaupsverð sé rangt upp gefið; eg legg ekkert upp úr vottorðum frá þeim, sem svíkja vilja á annað borð, og innkaupsreikningunum má ýmislega fyrirkoma. Oft yrði í meira lagi erfitt að ná þeim. Eg vil að eins til dæmis nefna innkaupsreikninga fyrir vörum, sem koma í póstböglum. Að meðaltali koma um 1000 póstböglar með hverju póstskipi hingað til Reykjavíkur, stundum jafnvel alt að 25 tons af pakkapósti með einu skipi, er svarar til 5000 póstpakka með fullri þyngd (10 pd. hver). Mér er spurn: Hvernig á lögreglustjórinn að geta elt uppi, hvað verið hefir í hverjum þessara bögla, og hve mikið það hefir kostað? Eg hygg, að hér sé reistur hurðarás langsamlega um öxl. Eftirlitið með því að ekki flyttist meira inn en til er sagt, skilst mér að yrði alómögulegt eftir verðtollsfrumv., nema með afarmiklu tollgæzluliði. Í sama kassanum geta verið margskonar vörur með mjög mismunandi verði; skipsskjöl sýna ekkert um það, sem tollheimtumaður þarf að vita, ekkert eftir að fara nema það vottorð, sem viðtakanda þóknast gefa eftir á. — Endurskoðunin á reikningum tollheimtumanna yrði ekkert annað en samlagningarendurskoðun, athugun á því, hvort rétt er goldið af því sem til er sagt. En endurskoðarinn hefir engin tæki í höndum til þess að rannsaka jafnvel hvort tollheimtumenn skila því, sem þeir hafa tekið á móti, hvað þá hitt, hvort þeir hafa heimt gjaldið af öllu sem fluttist. Hingað til hefir endurskoðunin haft opinberar tollskrár og manifestar skipanna fylgja sem gefið hafa fullnægjandi grundvöll í þessu efni. Um verðtoll eru engin samskonar skilríki fáanleg. Ekkert nema

faktúrur, eða reikningar, sem mönnum hefir þóknast að afhenda, eftir því sem hverjum býður við að horfa.

Með farmgjalds-fyrirkomulaginu yrði þetta alt framkvæmanlegt og tiltölulega auðvelt. Á *manifestunum* á að mega sjá alt, sem innflutt er og þyngd þess; á þeim má því byggja innheimtuna og sjá um, að gjald sé heimt af öllu því, sem með skipinu hefir fluzt. Eftir *manifesti* og öðrum skipaskjölum getur endurskoðunin eftirá sannfært sig um, að öllu sé til skila haldið, þegar ekki þarf að hugsa um annað en þyngd þess, sem innflutt er.

Að þessu athuguðu verð eg að hallast að því, að réttara sé að samþykkja tillögu minni hluta skattanefndarinnar, farmtollsfrumvarpið, sem bráðabirgðafyrirkomulag, þrátt fyrir gallana að öðru leyti. Þó verður auðvitað í bráðina að sætta sig við verðtollinn, ef ekki fæst annað skárra.

Lárus H. Bjarnason: Þó eg sé nú illa undir það búinn að tala um þetta mál, þar sem eg hefi verið lasinn síðustu daga og er það enn, þá álít eg mér þó skylt að bera hönd fyrir höfuð mér og háttv. framsögumanni.

Hæstv. ráðherra (H. H.) sagði fjárhagsástandið mjög bágt, en honum láðist að sanna það, gerði meira að segja enga tilraun til þess. Hins vegar höfum við, hv. framsm. (P. J.) og eg, hvor í sínu lagi athugað fjárhaginn svo nákvæmlega sem kostur var á, að miklu leyti samkv. skýrslum úr sjálfu stjórnarráðinu, og báðir komist að sömu niðurstöðu. Fjárhagstímabilið 1910—11 gaf í rauninni 90,000 kr. tekjuafgang, og 1911—12 er líklegt til að bera sig. Hv. framsögum. telur þó tekjuhalla af því um 30,000 kr., en þó svo yrði, er það ekki teljandi, enda býst eg ekki við þeim halla, komi ekkert óvænt fyrir. Eg býst líka við, að hæstv. ráðherra álíti ástandið ekki eins geigvænlegt og hann lét uppi, hann hefði þá ekki tekið við ráðherraembættinu nauðungarlaust.

Fjárhagstímabilið 1914—15 hlýtur aftur á móti að vanta töluvert á að tekjur hrökkvi fyrir gjöldum. Þá má gera tekjurnar um 420 þús. kr. lægri en 1912—13 vegna áfengisbannsins. Gangi lotterífrv. fram í hv. Ed., mundi það hér um bil fylla skarðið. En fyrir því er engin vissa, því rétt að gera ráð fyrir öðrum tekjum, enda þó ekki sé bráðnauðsynlegt að skapa þær á þessu þingi, þar sem alþingi kemur saman 1913, en næsta fjárhagstímabil byrjar ekki fyr en með árinu 1914.

Nefndin hefir athugað ýmsar leiðir og 6 af 7 orðið sammála um að tollur eftir verðhæð aðfluttrar vöru mundi eftir atvikum vera aðgengilegastur, en þó að eins sem *bráðabirgðahjálp*, nokkurs konar »Hjálp í viðlögum«, því að frambúðarskattalög verður vitanlega stjórnin að semja.

Slíkur verðtollur kemur *miklu réttlátar* niður en t. d. þungatollur. Hann leggur minna gjald á nauðsynjavörur, matvöru, salt og kol, það eru ódýrar vörur, en þungar, og hann kemur harðast niður á þeim sem, dýrast kaupa.

Geri maður ráð fyrir að vörur flytjist hingað til lands fyrir 11 milj. króna á ári, mundi 3% verðtollur *einn* rúmlega fullnægja þörf landssjóðs.

Og við vonum að svo sé um hnútana búið, að tollurinn verði viðunanlegur til innheimtu, en innheimtu-örðugleikinn hefir hingað til verið talinn aðal agnúi verðtolls, enda þeirri aðfinningu haldið mest fram af hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og eftir honum af hæstv. ráðherra (H. H.) og hv. þm. Ak. (G. G.).

Því er haldið fram, að tollinn eigi eingöngu að innheimta eftir kaupreikningi (factúru), en slíkur reikningur sé óábyggilegt heimildarskjal, hann megi hafa rangan og hann komi oft ekki fyr

en eftir dúk og disk, en þetta er rangt. Það á aðallega að ákveða tollinn eftir kaupreikningi, en þó ekki nema öðrum þræði, því að mat getur komið í hans stað, en ásamt reikningnum hefir tollheimtumaður hliðsjón af vöruskrá skips (manifesti), tilvísunarbréfum og öðrum skipsskjölum, verzlunarbókum viðtakanda og æru- og samvizku-vottorðum hans og skipstjóra. Það dugar því ekki að falsa reikninginn einan til þess að komast undan tolli, heldur verða allir hlutaðeigendur að vera samtaka um að ljúga og svíkja til þess, og væri gaman að vita undan hvaða lögum ekki mætti komast með slíkum samtökum, það því fremur, sem þung refsing liggur við fölsun verzlunarbóka og vísvitandi röngum æru- og samvizku-vottorðum. Sérstaklega er það kynlegt að hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) skuli gera sama sem ekkert úr manifestunum, sem hann annars trúir svo mjög á. Hv. þm. lánaði nefndinni stórt safn af manifestum, heft saman í bók. Samkv. bók þessari nefna manifestin ekki einungis nafn viðtakanda, heldur og hvaða vara flutt er, stykkjatölu og þunga. Og factúrur þær, sem eg hefi séð, geta, auk verðsins, hins sama. Þessi gögn til samans eru sannarlega ekki lakari heimildir en manifestið eitt til innheimtu farmgjaldsins, enda ekki síður hægt að falsa það en önnur skjöl. Hvaða trygging er fyrir því, að maður sem notar sitt eigið skip t. d. Tulinius eða Ásgeir Ásgeirsson geti ekki flutt meiri vörur eða aðrar vörur með skipum sínum en þær, sem standa á manifesti, vilji hann hafa sig til þess.

Hv. framsm. minni hl. (B. Kr.) sagði, að það vantaði í frv. ákvæði um, hvernig fara ætti að ef vara skemdist eða væri endursend, en horugt er rétt. Í 5. gr. frv. er vísað til gildandi tolllaga og í 10. og 14. gr. þeirra eru lögð ráð við þessum meinbugum.

Hann sagði að það væri mikill ágalli á frv., að ekki ætti að skilja eftir manifest á skrifstofu tollheimtumanns, en úr honum er ofurhægt að bæta með brt., og mun það verða gert við 3. umr.

Hann sagði, að pósthús ættu að sjá um innheimtu á tolli af póstsendingum. Það er ekki rétt. Það er einungis sagt að stjórnarráðið *megi* fela póstmönuum innheimtuna.

Þá sagði hv. þm. að factúran ætti að vera hulinn leyndardómur kaupmanna. En bæði er þetta rangt, því að samkv. 5. gr. gildandi tolllaga eru kaupmenn skyldir að sýna factúrur. Og í annan stað getur leyndardómur factúrunnar haldist þó að sýnd sé, því að innheimtumaður á að þegja yfir henni, að viðlagðri þungri ábyrgð.

Þá sagði hv. þm., að skýrslan, sem við létum prenta um samanburð á vörugjaldi og farmgjaldi, væri óábyggileg, en þeim orðum getur hann ekki fundið stað. Það stendur fast að t. d. á einn poka rúgmjöls, sem vegur 200 pd., mundi falla eftir hans frv. 50 aurar, en eftir verðtollsfrv. ekki nema 42 aurar. Á hvert tonn af kolum koma eftir hans frv. 1 kr. en ekki nema 24 aur. eftir verðtollsfrumv. Á 200 pd. af jarðeplum kæmi eftir hans frv. 2 kr. en ekki nema 15 aur. eftir okkar frv. Svona mætti rekja nærri því endalaust. Eg skal að eins benda á nokkur dæmi af handahófi á bls. 6—7 í nefndaráliti þm. samkvæmt því kemur:

Á skipsbrauð . . $5^2/_{10}$%
— jarðepli 6%
(á að vera 40%)
— nýlenduvörur 4%
— kol og kóks 5%
— hafra og bygg $3^1/_2$%

Á sápu og sóda 7%
— leir og glerilát 6½%

A eina vörutegund aftur á móti koma ekki nema ⅛% og það er vefnaðarvara, sú vara, sem »Verzlunin Björn Kristjánsson« verzlar með. Það nær því engri átt að farmgjaldið komi ekki harðara við menn.

Það nær heldur engri átt, að kaupm. leggi farmgjaldið á holt og bolt. Það verður auðvitað gjald eftir flokkum, enda mér svo sagt af kaupmönnum Hins vegar sagði kaupmannaráðið nefndinni, að hundraðsgjaldið mundi ekki verða lagt á matvöru eða kaffi og sykur, því að þar héldi samkepni í. *(Björn Kristjánsson:* Eg hefi komið fram með brt.).

Því meira sem farmgjaldið er flokkað í sundur, því meira missist í innheimtuhægð. Það er nú komið niður í 7 fl., og er að því leyti betra en á seinasta þingi, en þó eru flokkarnir altof margir til þess að gjaldið verði hægt til innheimtu, enda mjög auðvelt að fela vöru úr hærra flokki í lægra flokki.

Þá ætla eg að víkja nokkurum orðum að háttv. þm. Ak. (G. G.) þessum hávaðasamasta sleggjudómara ekki einungis deildarinnar heldur alls þingsins. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Heyr!) Það má segja um hann, að umbúðirnar eru meira en vætt og innihaldið minna en lóð. Hávaðinn er svo mikill, að þess gætir ekki þó eitthvað kynni að slæðast með af rökum í ræðum hans.

Hann var að mæla kolanefndinni sælu bót, en gleymir því, að þeirri nefnd var ekki falið annað en að rannsaka, *hvort* einokunarleið væri tiltækileg, en alls ekki að negla sig á einokunarlagasmíði. Þm. ætti að skilja, að það er alt annað heldur en hann sagði. Hið einasta af því sem á rökum var bygt í ræðu hv. þm., var það, að í rauninni væri til alt of mikils mælst, að ætla þingi, einkum aukaþingi, að ganga sæmilega frá jafn vandasömu máli og allsendis óundirbúnu af stjórninni. Þetta er laukrétt, og einmitt þess vegna hefði háttv. þm. ekki átt að vera svo harðorður í garð nefndar og flutn.m. sem hann var.

Háttv. þm. sagði, að enginn hemill mundi verða á tollsvikum, þar sem engu væri eftir að fara nema factúrunum, og þær mundu sumpart reynast falsaðar og sumpart vanta. Fyrri aðfinningunni er þegar svarað, fölsun factúru, enda ómögulegt að komast hjá tollsvikum. Það hefir verið flutt inn brennivín í steinolíutunnum, tóbak og vindlar í klæðisströngum o. s. frv. Jafn vel þar, sem eftirlitið er bezt, svo sem það mun vera kringum háttv. þm. Ak. (G. G.), býst eg við að tollar séu sviknir meira og minna. Hin aðfinningin er og rakalaus, að oft sé ekki hægt að láta factúru fylgja sendingu. Eða hví skyldi ekki vera jafn auðvelt að senda kaupreikninga yfir tunnur og tunnustafi og salt eins og yfir hvað annað sem er? Og komi ekki factúra fram, á að meta vörurnar til verðtolls.

Háttv. frams.m. minni hlutans (B. Kr.) hélt að þetta mat mundi verða örðugt eða jafn vel ókleyft, en það skil eg ekki. Tökum til dæmis verzlun hans — eða verzlun þá sem ber hans nafn — þangað er aðallega flutt vefnaðarvara. *(Björn Kristjánsson:* Og krít). Mundi ekki vera hægt að meta þá vöru, ef til kæmi. Þyrfti ekki annað en spyrja kaupmenn hér, hvaða verð sé á þeim vörum hjá þeim, og ef þeir gætu ekki gefið fullnægjandi svar, þá mætti spyrjast fyrir í útlöndum, þar sem varan var keypt.

Þá kvartaði hv. þm. yfir því að heimild vantaði til að heimta manifest áður en affermt væri, en úr þessu er hægt að bæta, sé ekki þegar heimild til þess samkv. 4. gr. gildandi tolllaga.

Háttv. þm. Ak. (G. G.) sagði, að það væri ógreinilegt hvort taka ætti 1% í

innheimtulaun aukreitis af þeim sem innheimtumaður tæki gjaldið hjá eða af innheimtulaunum sýslumanna, en þetta er ekki rétt. Og hvað sem því líður, þá þótti flestum eða öllum nefndarmönnum svo miklu hlaðið á sýslumenn og bæjarfógeta, að ekki væri sanngjarnt að leggja nefnd umboðslaun á þá, heldur skyldu þau greiðast úr landssjóði.

Eg skyldi vel upphaf ræðu hæstv. ráðherra (H. H.) að hann taldi sér vandfarið í þessu efni. En mér fanst hann ekki vera eins varkár í niðurlagi ræðu sinnar, eins og í upphafinu, og hefði þó átt að mega vænta þess, því að það ætti ekki að skifta miklu máli fyrir hann hvaðan féð er tekið eða með hverju móti.

Eg hefi í upphafi ræðu minnar leitast við að sýna fram á, að fjárþörfin er ekki jafn mikil og af er látið, og vísa til þess Skal að eins bæta því við, að stjórnin verður að fara varlegar en hingað til í útgjaldatillögum sínum 1914—1915, ef svo skyldi reynast, að við, hv. framsm. og eg, hefðum gert of lítið úr fjárþörfinni. Ráðsmaður þjóðarinnar verður að fara að eins og skynsamir einstaklingar gera, sníða sér stakk eftir vexti og spara, þegar tekjurnar eru litlar.

Hæstv. ráðherra (H. H.) má ekki taka það illa upp, þó að þingið kynni að kynoka sér við að leggja fram mikið fé fyrst um sinn, áður en það sér áætlanir stjórnarinnar svart á hvítu. Stjórnin hefði átt að segja til þurftar sinnar.

Það var rétt hjá háttv. þm. Ak. (G. G.) í hinni háværu ræðu hans, að þetta væri verk stjórnarinnar, en ekki þingsins; var eitt af því fáa, sem hann sagði rétt og hefði hann þá átt að setjast niður. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Og sei-sei). En það er svo langt frá að stjórnin hafi gert það, að hæstv. fráfarinn ráðherra (Kr. J.) hefir tjáð mér, að hann sæi *ekki þörf* á nýjum tekjum í bráðina.

Hæstv. ráðherra (H. H.) fann það helst að verðtollsfrv., að innheimta og endurskoðun yrði erfiðari eftir því heldur en eftir farmgjaldsfrv., en úr þessu er alt of mikið gert, enda að miklu leyti bætt úr því með því að gera skipstjóra að skyldu að láta manifest fylgja til tollheimtumanns. En hæstv. ráðherra (H. H.) lét sér ekki nægja þær aðfinningar. Hann taldi nú verðtollinn jafn ósanngjarnan og þungatollinn og lauk máli sínu með því að hann vildi heldur þungatoll en verðtoll, en kvaðst þó taka við verðtollinum, fengi hann ekkert betra. Þetta hól hæstv. ráðherra um farmgjaldið má vera mjög svo ánægjulegt fyrir háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), því að hann átti því ekki að fagna úr þeirri átt á þingunum 1909 og 1911. En það er jafnframt eftirtektarvert að heyra hv. ráðherra, sem haldið hefir verðtolli fram á vefnaðarvöru í fjármálanefndinni, og marglýst hann réttlátari en farmgjaldið bæði innan þings og utan, nú fordæma verðtollinn bæði í eðli sínu og framkvæmd, og enda er ekkert hægara en að leysa hann af öllum ótta út af verðtollinum. Það er síður en svo að mér sé nokkuð kappsmál að neyða 600,000 kr. tekjum upp á ráðherrann, þó að eg hafi borið fram þetta frv. með háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) og háttv. framsögum. meiri hlutans (P. J.), sem fyrstur manna mun hafa haldið þessari hugmynd fram hér á landi. En af því að eg var á móti kolamálinu, áleit eg mér skylt að sýna viðleitni á því að setja eitthvað í í staðinn og það þykist eg hafa gert með lotterífrv. og þessu. *(Ráðherrann:* Var lotteríhugmyndin sprottin frá þm.?) Nei, hugmyndin er ekki frá mér, og ekki verðtollshugmyndin heldur, en eg vona að það sé ekki ofmælt, þó eg segi

að þessum málum báðum hafi verið nokkur styrkur að fylgi minu, enda ekki nýlunda að maður — jafnvel hæstv. ráðherra sjálfur — beri fram hugmyndir annara.

Viðvíkjandi því, hvernig kaupmenn líta á málið, skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa nokkur orð. Nefndin leitaði álits kaupmannaráðsins og er það bókað svo í gjörðabók nefndarinnar:

»Kaupmannaráðið var spurt um það hvort principið mundi verða aðgengilegra, verðtolls- eða þungatolls-principið. Kaupmannaráðið er samhuga um það að verðtollur sé sanngjarnari, og álítur meiri hluti kaupmannaráðsins, 4 af 5, viðunanlega tryggingu mögulega með verðtolli, en 1 — einn — álítur þungatollsprincipið með fáum flokkum öruggara«.

Og í dag hefir nefndin fengið bréf, sem tekur í sama strenginn, frá formanni og skrifara kaupmannaráðsins. *(Ráðherrann:* Hver er formaður?) Kaupmaður Jes Zimsen er formaður og skrifari er kaupmaður B. H. Bjarnason. *(Valtýr Guðmundsson:* Það er rétt að lesa bréfið). Já, það má gjarnan sjást í þingtíðindunum. Með leyfi hæstv. forseta? Það hljóðar svo:

»Samkvæmt tilmælum hv. skattamálanefndar neðri deildar alþingis 1912 hefir kaupmannaráðið nánara athugað frumvörp nefndarinnar, þgskj. nr. 19 um vörugjald ásamt br.till. við sama nr. 188, og flgskj. nr. 201. Ennfremur frumv. minni hlutans nr. 40, ásamt nefndaráliti, þgskj. nr. 173 og br.till. nr. 174.

Þótt meiri hluti kaupmannaráðsins að því er eftirlitið snertir, telji þungagjaldið tryggara, þá hefir það þó svo mikla ókosti, sérstaklega þá, hve illa og ójafnt þetta gjald myndi koma niður á hinum ýmsu vörutegundum, og er þar nóg að benda til skýrslu meiri hlutans á þgskj. nr. 201 og samanburðartöflu minni hlutans, þgskj. nr. 173, bls. 7, þar sem minni hlutanum telst svo til, að þungagjaldið fyrir vefnaðarvöru, fatnað og leður myndi samsvara $^1/_8$% af verðmæti varanna. Að áliti kaupmannaráðsins eru nýnefndar vörutegundir þó einmitt þær vörur, sem eru bezt færar um að bera nokkrar álögur. Gjalds af þilskipum og bátum telur kaupmannaráðið að sjálfsögðu, að meiri hluti skattamálanefndarinnar ætlist ekki til.

Með skírskotun til þess, sem nú hefir verið tekið fram, verður kaupmannaráðið fremur að hallast að vörugjaldsfrumvarpi meiri hlutans, með þeim breytingum, sem greinir á þgskj. 188.

Að því er br.till. meiri hl. snertir, þá vildi kaupmannaráðið mega leyfa sér að leggja það til, að í br.till. á á þgskj. nr 188, lið 3, yrði skotið inn orðinu: »innkaupsreikninga« á undan »verzlunarbækur« og á undan »við takanda«: »á heimili eða skrifstofu«.

Virðingarfylst

Jes Zimsen,
p. t. form.

B. H. Bjarnason.

Til
skattamálanefndar Nd. alþingis 1912.«

Þannig lítur þá kaupmannaráðið á málið. Eg heyrði hæstv. ráðherra kasta því fram, að meiri hluti þess væri með farmgjaldinu. En það er ekki rétt haft eftir kaupmannaráðinu, eins og allir sjá, hvort heldur litið er á framburð þess fyrir nefndinni eða bréf þess, að kaupmannaráðið er samhuga um að verðtollurinn sé réttlátari og muni geta orðið viðunanlega tryggur til innheimtu.

Það er síður en svo, að mér sé það nokkuð kappsmál að þetta frv. gangi fram. Mér má það í léttu rúmi liggja

og eg sé ekki að það sé svo strangnauðsynlegt að úvega nýjar tekjur á þessu þingi, þó að eg hins vegar játi að það væri skemtilegt fyrir hæstvirtan ráðherra að hafa sem mest milli handanna.

Farmgjaldsfrv. með 7 flokkum er mér gersamlega óaðgengilegt.

Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson): Eg get sagt nokkur orð, en ekki alt, sem eg þarf, nema hæstv. ráðherra sé viðstaddur.

Háttv. þm. Ak. (G. G.) talaði nokkur stór orð, meðal annars um meðferð nefndarinnar á þessu máli, og hefir nú háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) svarað því eins og þörf er á, og skal eg leyfa mér að vísa til orða hans. Þó er eitt atriði, sem eg vildi minnast dálítið nánar á, og það er sá dómur um frv., að það, eins og það nú liggur fyrir, sé til þess að ala upp sviksemi í landinu. Eg mótmæli því, að það sé sérstakt einkenni þess. En þessi lög hafa það sameiginlegt við þau skatta- og tolla-lög, sem gilda hér og annarsstaðar, að auðvitað má fara í kring um þau, því að það gildir um öll skatta- og tolla lög. Hér hefir verið talað mikið um tollsvik, og víst er um það, að hægt hefir verið að fremja þau, og gert mun það hafa verið, þótt lítið sé, og víst er það líka, að ætti að leggja á þau lög sama mælikvarðann og gert hefir verið við þetta frv., þá ættu þau líka að vera til þess að ala upp svik í landinu. Alkunnugt er það um tíundarlögin, sem hér hafa gilt alla tíð, að þau hafa þann galla, að hætt er við að svikist sé undan ákvæðum þeirra og hefir jafnvel verið gert í miklu stærri stýl, en hér má búast við að gert verði og hefir þó tíund verið í lögum síðan 1096. Í öðrum löndum er það vitanlegt, að oft er farið í kringum skattalög og tollög, þó tollgæzlan sé betri annarsstaðar en hér, svo að það eru engin sérstök mótmæli gegn frv., þótt það kunni að verða hægt hér. Annars ætla eg að láta tollheimtumennina hér í deildinni leiða saman hesta sína um þetta, þeir eru hvort sem er þeim hnútum kunnugastir. — Ef eitthvað þykir vanta í frv., þá er nefndin fús á að taka góðum bendingum, því hefir hún aldrei haft á móti, séu þær ekki fram settar af þjósti, heldur með lempni, og bent á að þær geti gert eitthvert gagn. Svo beit eg mig fastan í annað, sem hann sagði, sem sé að hér sé ekki gert ráð fyrir neinu eftirliti. Þetta skil eg ekki. Það er gert ráð fyrir nákvæmlega sama tolleftirliti, sem nú er, og meira að segja auknu, eða er hægt að segja að nú sé ekkert eftirlit? Eg ímynda mér hv. þm. Ak (G. G.), sem er lögreglustjóri, líti ekki þannig á stöðu sína, heldur hafi hann framfylgt þessum lögum, eins og öðrum með samvizkusemi og að þótt hann hafi ekki snuðrað eins og tollþjónn, þá muni þó sýslumönnum yfirleitt bæði vera trúandi til þess að hafa nokkurt eftirlit,, enda skylda þeirra, úr því að þeir hafa launin fyrir það. Séu þau of lág, þá er ekki annað fyrir, en að hækka þau. Mér fanst hálft í hvoru það koma fram hjá háttv. þm., að tollheimtumenn með svo litlum launum hefðu ekki annað að gera, en að taka við þeim litla tolli, sem þeim bærist og skila honum svo aftur eftir því sem reikningar til vísa, en láta sig engu skifta hvort hann heimtist allur eða ekki. Þetta væri ekki að rækja starfa sinn eins og vera ber.

Þá skal eg víkja að því, að hæstv. ráðherra (H. H.) tók nokkuð hvast í litla bendingu út af ástæðum landssjóðs og skil eg ekki að þess hafi þurft. Það var nærri því á honum að skilja, eins og eg vildi leiða menn í villu um það mál. Eg hafði ekki gert annað, en að gefa stutt yfirlit yfir fjárhaginn 1910 og

1911, bygt á tölum frá stjórnarráðinu, enda fann eg ekki að hann hefði neitt út á það að setja. Eg álít að þetta mál eigi að ræða með ró og stillingu, því við verðum að athuga það, að ef nú er hver höndin upp á móti annari, þá kemst ekkert fram til gagns. Eg fann ekki annað, en að okkur greindi lítið á, hæstv. ráðherra og mig, okkur kom saman um að þörf væri á því, að fá talsverðan tekjuauka í landssjóð, og það er ekki heppilegt fyrir úrslit þessa máls, ef þeir, sem eru sammála, fara að rífast um það. Það er aðeins orðamunur hjá okkur. Honum þótti eg fara of mildum orðum um fjárþörfina. Eg hafði haft fyrir mér ýmislegt, þegar eg bjó mig undir að tala um þetta, þar á meðal áætlun milliþinganefndarinnar, og eg sagði ekki það, að ef tekjum landsins 1910 og 1911 væri mælikvarðinn fyrir áætluðum tekjum 1912—1913, þá stæði hagurinn svo eða svo, og eg held að eg hafi tekið það fram, að eg seldi þetta ekki dýrara en eg keypti, það getur hver og einn átt við sjálfan sig hvað hann vill leggja upp úr tölunum. Eg vil, og nefndin líka, fara sem allra varlegast, en ekki vil eg þó gera ráð fyrir minni tolltekjum framvegis, en á næstliðnum árum. Meira að segja geta þær líka aukist, því að nú hefir verið dýrtíð undanfarið og hún náði hámarki sínu um síðastliðin áramót, og mín reynsla er það, að þá aukast vörukaup oftast og þá tolltekjur með, þá flyzt meira inn. Þetta er nú það sem okkur bar á milli, hvernig hagurinn muni standa í árslok 1913. Um gjöldin er nú ákveðið með fjárlögum og öðrum lögum, og þau tilgreindi eg rétt. Honum þótti gert of lítið fyrir gjöldum til hafnarinnar hér. Það getur verið, en það er bygt á því, að hafnargerðin fari fram á ekki skemri tíma en 8—10 árum. Á því var bygt, þegar verið var á næstl. þingi að fá þetta tillag úr landssjóði. Hafi annað búið undir er blekking í málinu. — Eg hafði það líka fyrir augum, að það væri hagkvæmara að fjárframlagið úr landssjóði til þessa stórfyrirtækis skyldi ekki skella á einu eða tveim fjárhagstímabilum og rugla allan fjárhag landsins. Sé nú miðað við 8 ár munar hér um 20 þús. kr., það er því ekki mjög ofsagt þótt eg segi að ekki ætti að verða stór halli 1913. Eg tók ekki á áætlun neitt til kostnaðar við konungskomuna næsta ár, og játa, að fyrir henni virðist ekki neitt standa enn.

Hæstv. ráðherra brýndi raustina og spurði hvort stjórnin ætti að standa með tvær hendur tómar og peninga landssjóðs fasta. Eg hefi margsinnis tekið það fram, bæði í fyrra og nú hvílík væri þörf landssjóðs á peningum, svo að þessi áminning getur ekki verið til mín, þótt útvega þurfi peningaforða á ný sem svarar 600—700 þús. kr. þá er ekki sanngjarnt að ætlast til að fá það inn á tveim árum. Það verður þá fyrst um sinn að bjargast á víxlum, meðan þetta er að safnast fyrir, enda hefir stjórnin heimild frá því í fyrra til að taka alt að hálfrar miljón króna lán, og þótt það sé aumt úrræði, þá er hún í gildi enn þá.

Það var ekki rétt hjá hæstv. ráðh., að bera saman aðferðina við fjárhagsáætlanir síðustu þinga og þá sem eg hafði nú um árin 1912—13. Þegar búin er til fjárhagsáætlun á fjárlagafrumvörpum, þá eru ekki öll útgjöldin tekin þar til greina. Fjáraukalög og önnur lög sem samþykt eru á þinginu gera umframgreiðslur sjálfsagðar, og svo eru aukafjárlög, sem ekki koma fram fyr en á næsta þingi á eftir, og loks geta altaf einhver óhöpp viljað til. Þess vegna hefir það reynst vel, að gera tekjuáætlunina svo varlega úr garði, að þær

hrökkvi móti þessu öllu, eins og reynzlan hefir sýnt, og eg er hæstv. ráðherra þakklátur fyrir það, hvernig hann hagaði þessu á sinni tíð. En ætlun sú sem eg kom með, tekur upp gjöldin nálega öll, eins og þau eru eftir fjárlögunum og öðrum lögum og geri ráð fyrir venjulegum fjáraukalögum, og er það munur. Þess utan er nú hægara að spá rétt um tekjur fjárhagstímabilsins, en ári fyr.

Hæstv. ráðherra benti á það, sem galla á verðtollinum, að hann yrði harður þegar dýrtíð er. Það er satt, að þungagjaldið hefir það fram yfir, að tollurinn er jafn t. d. á hverja korntunnu, hvort sem hún er dýr eða ódýr. En þá er að gæta að hinu, hvort gjaldþol manna er yfirleitt minna í dýrtíð, en ella, og það hygg eg að vanalega sé einmitt öfugt. Það er líka algengt, að skattar hækka í dýrtíð og verður við það að sitja.

Þá er að minnast á póstböglana. Það er satt, að ef þetta frv. yrði að lögum, þá mundi þurfa að stækka pósthúsið, en þess þarf hvort sem er, og þegar lag er komið á pósthúsið, þá skil eg ekki að örðugra verði að innheimta þetta en annað, ef faktúra fylgir hverjum póstbögli. Það má haga þessu svo, að hver maður, sem fær sendingu, vitji hennar þarna, og ef þar er vel til hagað, þá ætti ekki að vera örðugra um afhendingu þar en annars staðar. Það er mjög algengt, að að póstkrafa fylgi póstsendingu, og verða póstmennirnir að sjá um þetta, þótt það sé nokkuð örðugt, og þar sem mikið er um þær, þá er gjaldheimtan vegna landssjóðs lítil viðbót og aðferðin hin sama. Þá skal eg stuttlega minnast á eitt, sem bæði kemur fram í nefndaráliti minni hlutans og í ræðu háttv. framsögum. Það er oft sagt, að endurskoðunin muni verða miklu erfiðari með þessu móti, og jafnvel ókleif. Eg skil nú ekki að gögnin verði flóknari, eða erfiðari viðfangs um þennan toll en þann sem fyrir er. Þessi tollstofn er í einu lagi og tollhæðin ein og ákveðin og plöggin sem tollreikningi fylgja óbrotin; aðallega vottorð upp á æru og samvizku um að þessu hafi maður tekið á móti, og svo vottorð landsstjórnarinnar þar á um að þetta sé samhljóða sér sýndri factúru. Og sé eitthvað vitlaust í þessu, þá verður enginn rekstur út úr því á endurskoðunarskrifstofunni, hún hefir ekkert með það að gera. Endurskoðunarskrifstofan hefir hvort sem er ekki nein tök á, að rannsaka undandrátt frá núverandi tollgjöldum.

Framsögum. minni hl. (Björn Kristjánsson): Það er að eins sárfátt, sem eg þarf að taka fram út af ræðum þeim, er haldnar hafa verið, því að svo fátt í þeim hefir snert það sem eg hefi sagt um frumvörpin.

Hv. framsm. meiri hl. (P. J.) lagði mikið upp úr því að tollur á leirvörum mundi samkvæmt þungagjaldinu verða ca. 26%; eg held nú ekki að hann verði svo hár eftir frumv. En við þurfum ekki að rífast um það, því að nú hefi eg með brt. á þgskj. 215 flutt þennan flokk undir 25 aura flokkinn, og yrði því tollur á honum lægri en upprunalega var ætlast til með frumv.

Eg skil ekki að hv. þm. skuli staðhæfa, að hærra gjald verði á nauðsynjavöru eftir þungagjaldinu en verðtollinum. Eg hefi einmitt bent á það, að 3% gjaldið legst þyngra á matvöru þegar meðaltal er tekið. Taki menn 100 kíló af hvorri af þessum fimm korntegundum, rúgmjöl, hveiti, bankabygg, matbaunir og haframjöl, þá verður gjaldið af þessum 500 kíló til samans 250 au. samkv. þungagj., en 288 au. samkv. verðtollinum. Þetta má sjá á skýrslunni á þgskj. 202. Auk þess vil eg benda á, að í minni skýrslu eru tekjur af farm-

tollinum áætlaðar um kr. 250 þús. kr., en þar af hvílir ekki meir en kr. 47,849, eða tæpur 5. hluti, á kornvöru.

Hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) hélt því fram að þegar leggja á verðtoll á vöru eftir factúru þá megi hafa stuðning af farmskránni og sjá af því, hvort ekkert sé dregið undan á reikningunum, því að á báðum standi merki, númer og vigt vörunnar. Það er mikið rétt hjá honum að ef svo væri að *vigt* vörunnar stæði líka á kaupreikningnum þá mætti hafa stuðning af farmskránni, en að öðrum kosti heldur ekki, og að því er eg veit bezt, þá stendur vigtin nálega aldrei á kaupreikningnum. Eg hefi hér í höndum reikning frá Englandi að upphæð 216 pd. sterl. og á honum er að eins *númer* og *merki* vörunnar. Annan reikning frá Þýzkalandi, 9000 mörk. Þar er engin vigt viðsett. Og loksins einn reikning frá Danmörk, og er þar engin vigt til tekin. Eg veit að vigt á sumum vörum eins og t. d. kaffi og sykri stendur venjulega á reikningunum, en hitt er hið vanalegasta, og þá veitir farmskráin engan stuðning.

Þá er hitt atriðið, sem háttv. þm. er altaf að halda fram, að farmskránar sjálfar séu óábyggilegar, eða að ekki sé hægt að treysta því að þau segi rétt til um farm skipsins og þunga hans. Eg hefi kynt mér lítið eitt hvernig aðrar þjóðir líta á farmskrárnar. Í »Das Buch des Kaufmanns«, sem er kenslubók í verzlunarvísindum fyrir kaupmenn, iðnaðarmenn og lögfræðinga, segir svo, ef eg má lesa það upp með leyfi hæstv. forseta: »Das Manifest bildet die Grundlage für die Zollbehandlung«, það er á íslenzku: »Farmskráin myndar grundvöllinn fyrir meðferð tollsins«. Hvernig Englendingar líta á þetta, má sjá í M. Cullshc's Commercial Dictionary, þar sem segir á bls. 656, ef hæstv. forseti leyfir að eg lesi það upp: »Enga vöru má flytja inn í hið sameinaða konungsríki eða inn í eyna Mön frá stöðum hinum megin hafs í nokkru brezku skipi (né nokkurt tóbak í nokkru skipi) án þess skipstjórinn hafi meðferðis farmskrá yfir vörurnar eða tóbakið, er sé undirskrifuð af honum á þeim stað þar sem vörurnar voru fermdar. Taka skal fram á farmskránni nafn og smálestatal skipsins, nafn skipstjóra, heimilisnafnið og nöfn þess staðar, þar sem skipið tók við vörunum og nafn affermingarstaðarins, og skal á henni sundurliða hvern pakka sem fer um borð með merki, númeri og tegund vörunnar eftir beztu vitund skipstjórans«. — Þetta væri ekki sett í lög, ef farmskrárnar ættu að vera þýðingarlausar, og í annari málsgrein segir, að skipstjóri eigi að afhenda tollstjórninni samrit af farmskránni að viðlagðri 100 sterlingspunda sekt. Í brezka ríkinu er því farmskráin álitin ábyggilegt sönnunargagn þess, hve mikið er í skipinu af vörum, og er notuð sem grundvöllur fyrir meðferð tollsins. Sömuleiðis get eg bent á ákvæði í siglingalögum þeim er fyrir þinginu liggja nú, er miða að þessu sama. Í 38. gr. segir: »Skipstjóri skal kynna sér ákvæði og fyrirmæli um siglingar, er honum ber að gæta á viðkomustöðum á för sinni«. Hann á þá að vita hvað eru lög í landi þar sem hann kemur með farm. Í 42. gr. er sagt, að bóka skuli í leiðarbók hverju skipið er fermt og ásigkomulag farmsins; skipstjóri lætur því bóka allar þær vörur er í skipið fara. Samkvæmt þessari bók eru svo gefnir út »Losse«-seðlar, þegar affermt er, og eiga þeir að vera rétt afrit af henni. Í 67. gr. segir að skipstjóri geti sagt upp þjónustu sinni, þegar skipið kemur í innlenda höfn, ef hann hefir ekki verið ráðinn til tiltekins tíma, en hann má ekki hverfa frá skipinu *fyr en lokið er að afferma það*. Hann ber ábyrgð á því

að farminum sé skilað í land lögum samkvæmt.

Það rétt hjá hæstv. ráðherra (H. H.) að það mundi reynast erfitt fyrir pósthúsið ef það ætti að krefja inn reikninga fyrir og toll af þeim vörum sem sendar eru með pósti, einnig þeim er sendar eru sem gjafir, en þær sendingar eru ekki fáar, því að flestar gjafir frá útlöndum eru sendar hingað með pósti; en þeim fylgir vitanlega enginn reikningur, og ekki getur viðtakandi heldur altaf vitað hve mikils virði gjöfin er. Og hverjum eiga menn að sýna reikningana? Sennilega ekki póstmeistara sjálfum, heldur þjóninum á pósthúsinu. Og hvaða trygging er þá fyrir því að öll kurl komi til grafar? Því ekki getur hin umboðslega endurskoðun annað gert en tekið við þeim vottorðum sem henni eru afhent, hvort sem þau eru rétt eða röng. Póstkröfusendingar eru auðvitað auðveldar viðfangs, að því undanskildu að póstkrafan felur ekki að eins í sér innkaupsverð vörunnar heldur og allan kostnað við sendinguna, og hvernig á að sundurgreina það? En póstkröfusendingar eru auk þess sjaldgæfar vegna þess, að þær eru að eins sendar til manna hér sem eru óþektir í útlöndum, eða þá miður skilvísra manna.

Eg vil biðja hæstv. forseta að skifta 1. brt. á þgskj. 215 tvent í atvæðagreiðslunni, þannig að síðasta línan, frá »og af hverjum 50 kílógr.«, eða sé borið sérstaklega undir atkvæði. Eg býst við að meiri ágreiningur sé um þennan síðasta flokk en hina.

Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson): Mér skildist hv. frams.m. minni hl. (B. Kr.) vilja sanna með skýrlunum að ekki væri hærra gjald á nauðsynjavöru samkvæmt farmtolli en verðtolli. Eg hygg að hið gagnstæða liggi í augum uppi. Hann hefir reiknað út að tekjur af þungagjaldinu muni nema árlega ca. 250 þús. kr., og nokkuð líkt álít eg að muni fást með verðtolli. Og þar sem nú búist er við að því sem næst jafn miklar tekjur verði af þungagjaldinu og verðgjaldinu, þá er það sýnilegt að þungagjaldið hlýtur að verða hærra á þungavöru en verðgjaldið sem legst jafnt á allar vörur eftir verðmæti þeirra hvort sem þær eru þungar eða léttar. Af þessu leiðir að þungagjaldið verður hærra á nauðsynjavöru, því að hún er þyngri en flest önnur vara. Þungagjaldið getur ekki orðið neðan við 3% af nauðsynjavöru, nema þá að það gefi minni tekjur í sjálfu sér en verðgjaldið. Enda má líka sýna þetta með dæmi. Rúgur er hin mest brúkaða matartegund. Á hver 200 pd. af rúgi legst samkvæmt þungagjaldinu 50 aurar. Síðan rúgur hækkaði í verði hefir hann kostað 5—6 kr. hver 100 pd. Eftir verðtollinum leggjast því á hver 200 pd., 3% af 10—12 kr. = 30—36 aurar. A dýrustu korntegundnm verður aftur líkt um þungagjaldið og verðtollinn.

Þá eru leirvörurnar. Háttv. framsm. minni hl. (B. Kr.) hefir nú flutt þær ofan í 25 au. flokkinn, en það álít eg galla á frv. frekar en bót. Eg hefði frekar kosið að halda þessu háa gjaldi á leirvörum en að setja þær í ódýrasta flokkinn, vegna þess að þær eru alt af fluttar í umbúðum, í hálmi í kössum eða kláfum og er því auðvelt að smygla annari vöru inn sem leirvöru, en til þess verður vitanlega meiri freisting ef leirvara er í ódýrasta flokknum. Eg taldi það einmitt kost á frv. hv. minni hl. nú, að það aðgreinir vörurnar ekki eins mikið í flokka eins og eldri frumv. hafa gert, því að það verður því aðgengilegra því einfaldari sem flokkaskipunin er.

Að endingu vil eg geta þess, að eg

kysi helst að farmgjaldið kæmi ekki til atkvæða nú, vegna þess að þá gæti eg ekki greitt atkvæði með því; en hins vegar kysi eg, ef verðtollsfrv. félli, farmgjaldið miklu fremur en margt annað sem til máls hefir komið.

Skúli Thoroddsen: Eg hefi leyft mér ásamt tveim öðrum þingmönnum, að koma með br.till. við frv. Það er aðallega þrent sem hún fer fram á. Í fyrsta lagi fer hún fram á, að verðtollurinn sé hækkaður upp í 4—6%, úr 3%. Við vitum hve örðugur fjárhagur landsins er, og hve þarfir landsins hljóta æ að vaxa, þ. e. þörfin á fjárframlögum úr landssjóði. Eg hefi því talið heppilegt, að heimild sé gefin til þess í lögunum að færa tollinn jafn vel upp í 6%, hafa hann hreifanlegan, 4—6%, eftir því hvað þarfir landssjóðs heimta, og er þá gert ráð fyrir því, að þingið ákveði í hvert skifti, eftir þörfum landssjóðs og gjaldþoli landsmanna, hversu hátt gjaldið skuli vera á næsta fjárhagstímabili. Gjaldið verður því svo kallað hreyfanlegt gjald.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ráð fyrir því, að innfluttar vörur muni á næstu árum nema ca. 11 miljónum á ári og ættu þá árlegar tekjur af verðtollinum, að geta numið 444—666 þús. kr. á ári. En nú má búast við, að vöruinnflutningur vaxi fremur en minki, einkum ef botnvörpuútgerðin vex, eður og önnur meiri háttar fyrirtæki komast á fót og gæti gjaldið þá orðið en hærra. En auk þess fer breytingartillaga vor fram á það, að hækka verðtollinn, og hafa hann hreyfanlegan, þá fer hún og fram á það nýmæli, að sveitar- bæjar- og sýslu-félögum sé ætlaður nokkur hluti af tollinum, og vænti eg, að þeirri nýung verði vel tekið.

Eg er sannfærður um, að í hvaða sveitar- eða bæjar-félagi sem er, fær maður sama svarið, spyrji maður einslega að því, hver gjöldin kreppi mest að, — það svarið, að það séu beinu gjöldin, sem lang tilfinnanlegust séu. Tel eg því víst, að því yrði vel tekið, ef beinu gjöldunum yrði að nokkru létt af almenningi á þann hátt, að ætla sveita- bæja- og sýslu-félögum dálitinn hluta af tollgjöldunum. En vildu menn á sumum stöðum engu að síður leggja á sig sömu gjöldin, sem verið hefir yrðu auknar tekjur til þess að knýja fram framfarir í ýmsum greinum.

Sé miðað við það, að inn séu fluttar vörur fyrir 11 miljónir, þá er $^1/_2$% af því 55,000 kr., sem — eftir tillögu vorri — ganga til hreppa- og bæjarsjóða, eða geta mest gengið til þeirra, en til sýslusjóðanna gengi þá $^1/_4$%, eða 27,500 kr. Samtals yrðu þetta þá $82^1/_2$ þús. króna, sem geta vaxið, eftir því sem innflutningur fer vaxandi.

Eftir síðustu landhagsskýrslum hafa hér á landi alls gengið til fátækraframfæris 173,503 kr. og væri því fyr greindur léttir sízt um of.

Sumum kann að virðast of hátt farið, er gjaldið er ákveðið 4—6% af því, er útlenda varan kostar, er hún er komin hingað til landsins; en tæpast mun landssjóðnum af veita, og sízt veitir sveitar-, bæja- og sýslu-félögum reyndar af því, að þeim væri ætlað enn meira, en gert er í tillögu vorri, og mætti þá hækka þann hlutann, ef svo sýnist.

Að því er það snertir, á hvaða vörutegundir tollurinn komi þyngst niður, þá er örðugt, að spá nokkru áreiðanlegu um það, en þó sennilegast, að verzlunarsamkepnin yrði þess valdandi, að tollurinn kæmi yfirleitt þyngra niður á aðrar vörur, en á nauðsynjavörurnar.

Þá skal eg að lokum víkja fám orðum, að tillögu vorri, að því er skiftingu gjaldsins milli sveita-, bæja og sýslufélaga snertir. — Eins og menn sjá, þá er gert ráð fyrir skiftingu gjaldsins eft-

ir íbúatölu, en þó svo, að fámennari sveita- eða bæja- og sýslu-félögin fái sinn hluta hluta reiknaðan á þann hátt, að miðað sé æ við þriðjungi fleiri íbúa en þar eru. — Þetta er bygt á því, að hjálparskyldan er æ ríkari, er í hlut eiga þeir, sem öðrum eru ver settir, og þarf eigi að rökstyðja það frekar.

Að svo mæltu vil eg mælast til, að deildin taki br.till. vorri vel, enda má þá og breyta henni við 3. umr. málsins, þyki þess þörf.

Ráðherra (H. H.): Mér þykir þessi tillaga háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) æði nýstárleg. Eg hefi heyrt talað um það á þessum síðustu tímum, að landssjóðurinn sé að fara á hreppinn, en aldrei hefi eg heyrt talað um það, fyr en nú, að hrepparnir eigi að komast á landssjóðinn.

Í þessu tilfelli verð eg að álíta slíka nýbreytni sérstaklega óheppilega. Einn aðalókosturinn á þessum gjöldum, sem hér er um að ræða, er eins og eg hefi tekið fram, einmitt sá, að þau koma svo misjafnt niður á landshlutana, lang mest á kaupstaðina og þá er búa við sjáfarsíðuna. Ef nú á að fara að taka þetta gjald, sem kaupstaðirnir og sjáfarútvegurinn aðallega bera, og skifta því upp milli hreppanna til sveita, þá finst mér skörin vera farin að færast of mjög upp í bekkinn. Sjáfarsíðumenn ættu því ekki að eins að greiða landssjóðsgjöld fyrir landhreppana, heldur líka tillag til sveitargjaldanna þeirra til að hækka hjá þeim útsvörin. Það virðist mér óþarfa viðbót við misréttið. Enda veitir landssjóðnum sannarlega ekki af þeim gjöldum, sem hann kann að fá af lögum þessum hvort frv. sem verður ofan á.

Eg álít alveg tilgangslaust og óþarft fyrir mig að lýsa afstöðu minni til þessa máls frekar en eg þegar hefi gert, og til einkis að eyða orðum að fjárhagsgyllingum sumra háttv. þm., sem talað hafa. Það eitt vil eg segja háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), að það er óvarlegt af honum, að láta bera svona mikið á því, að hinar öflugu tilraunir hans til þess að auka tekjur landssjóðs með lotterílögunum, sem hann eignar sér, og og með frv. um factúrutollinn, séu aðallega til þess gerðar að *gleðja ráðherrann*. Einhver kynni að leggja trúnað á þetta, og því ekki meta að verðleikum umhyggju þá fyrir landi og lýð, sem hann hefir sýnt með sínum alkunna dugnaði í flutningi frumvarpa þessara. Ekki er heldur enn útséð um það, hver ráðherrann verður, sem gleðina hefði af fénu, og skal eg ekki útlista það frekar. En hver sem hann verður, sýnist hættulaust að landssjóðurinn fengi dálítið meiri tekjur en brúka þyrfti í svipinn, því að þingið hefir tök á því, að láta ráðherrann ekki að ósekju sólunda meiru fé, en lög heimla.

Háttv. framsögum. meiri hlutans (P. J.) vildi ekki gera mikið úr erfiðleikunum á tolleftirliti og endurskoðun tollreikninga eftir verðtollsfrv., og nefndi til farmskrána, sem ágætt skilríki. En svo góð sem hún getur verið til þess að framfylgja farmgjaldsfrv., eins gersamlega ónýt er hún til þess að sanna verðmæti þess, er flutst hefir í hinum ýmsu vörucolli, sem farmskrá greinir þyngd eða rúmmál á. Þetta þarf enga frekari skýring, að því er mér virðist. Mér virðist auðsætt, að hvorki mundi tollheimtumaðurinn hafa tök á að vita, hvort hann fær gjald af helmingi þess verðmætis sem innfluzt hefir, né landsstjórnin til þess að hafa eftirlit með því, hvort tollheimtumennirnir skila í landssjóð því, sem þeir innheimta.

Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson): Eg get ekki, fyrir nefndarinnar hönd, talað um breytingartill. á þgskj. 221, en eg, fyrir mitt leyti, vildi óska þess, að br.till. yrði tekin

aftur að þessu sinni og látin bíða 3. umr., til þess að nefndin geti þangað til athugað hana og þá sagt álit sitt á henni. Þó eg hafi ekki haft tækifæri til þess að athuga þessa breyt.till. sem þarf, þá vil eg þó geta þess, að aldrei hefi eg hugsað mér svona hátt vörugjald — 6 p. c., eg fyrir mitt leyti álít að vörugjaldið eigi að vera lágt, og sé því að eins réttmætt og sanngjarn skattur. Eg vil einnig geta þess að af nefndarinnar hálfu er þetta frv. til laga um verðtoll að eins hugsað sem bráðabirgðarlög fyrir næstu 3 ár, sem megi hafa áfram ef vel reynist. Því sýnist ekki rétt að taka upp þau ákvæði er ráðgera langa framtíð þessa gjalds, að svo komnu. Eg legg það til að vörugjaldið verði haft lágt, því þegar það fyrirkomulag er komið á, t. d. um beina skatta, sem eg óska að verði einhverntíma bráðum, þá er gott að hafa lágt aðflutningsgjald eftir verðmæti, sem »supleringsgjald«. Legg eg það til að breytingartillagan verði tekin aftur, að öðrum kosti get eg ekki annað en greitt atkv. á móti henni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þegar um þetta gjald er að ræða, þá er þrent að athuga.

Í fyrsta lagi, hvort gjaldið sé sanngjarnt.

Í öðru lagi, hvort gjaldið sé nægilegt.

Í þriðja lagi, hvort gjaldið sé framkvæmanlegt.

Hvað 1. atriðið snertir, þá tel eg enga ástæðu til þess að álíta gjaldið ósanngjarnt; því er að eins um hin atriðin að ræða.

Mig kynjar á því að hæstv. ráðherra (H. H.) gerir svo mikið úr örðugleikunum á innheimtu gjaldsins, því innheimtuna tel eg fremur auðvelda.

Það verður heldur ekki með sanni sagt, að eftirlitið eftir þessu frumvarpi verði ekki jafn auðvelt og eftir hinu, því jafn-illmögulegt er að endurskoða farmskrár sem reikninga og jafn-erfitt að hafa eftirlit með því, hvort lögreglustjóri steli, eða ekki. Engin bein trygging er fyrir því í hvorugu tilfellinu, að tollheimtumenn skili öllum tollinum, því að þeir geta skilað því sem þeir vilja.

Þar sem farið er fram á að allur verðtollur sé bygður á faktúrunni, þá er hér ekki um neinn eðlismismun að ræða milli hans og farmtollsins. Hvað erfiðleikana á innheimtunni snertir, þá sé eg enga ástæðu til þess að álíta hana ógerning, því að sjálfsagt hefir vakað fyrir nefndinni, að tollheimtumennirnir hefðu eitthvað að gera.

Eg ætla að leyfa mér að víkja snöggvast að breytingartill. hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) á þgskj. 221, um það, að verðgjaldið yrði hækkað upp í 4—6% og $^1/_4$—$^1/_2$% rynni í sveitar- og bæjar-sjóði og $^1/_8$—$^1/_4$% af verðhæð vörunnar rynni í sýslusjóði. Þó eg telji talsvert vit í þessari tillögu, þá álít eg samt enga nauðsyn bera til þess að samþykkja hana, vegna þess, að þetta frv. er ekki ætlað til frambúðar, heldur að eins tjaldað til einnar nætur, ef svo má segja, og því óþarfi að vera að gera frumv. flóknara, en það þarf að vera lög um lengri tíma.

Hæstv. ráðh. (H. H.) sagði, að það tíðkaðist hvergi í heiminum, að hreppar fengju hluta af tollum, sem rynnu í ríkissjóð. Eg vil leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á, að það tíðkast í Canada, að nokkur hluti af tolli, sem rennur í sambandssjóðinn, gengur til fylkjanna. *(Ráðherrann:* Eg leyfi mér að efast um það, hygg að hv. þm. blandi saman). Ónei, og hæstv. ráðh. getur líka sjálfur gengið úr skugga um það, ef hann vill.

Háttv. frsm. minni hlutans (B. K.) talaði um meðaltal af vöruflokkunum í

farmgjaldsfrv., sem reyndar er nú ekki til umræðu. Það er eg hræddur um að geti verið villandi. T. d. að taka meðaltal af kornmat, því að eins og kunnugt er, er rúgmjöl langmest notað, þar næst hveiti og svo koll af kolli. En mikill verðmunur er á pundi af ólíkum kornvörum, t. d. höfrum og sagógrjónum. Svo finst mér það undarlegt á þessari áætlun, að fyrst er talin kornvara, þá bygg, maís o. s. frv. út af fyrir sig, alveg eins og það séu ekki kornvörur. *(Björn Kristjánsson:* Það er tekið eftir landhagsskýrslunum) Sé svo, þá eru þær mjög vitlausar. Litlu og engu betra er að taka meðaltal af vefnaðarvöru, því að til hennar teljast mjög svo ólíkar tegundir svo sem klæði, sirz, strigi, silki o. s. frv.

Því getur enginn neitað með sanngirni, að í sjálfu sér er verðtollurinn miklu sanngjarnari.

Það vita allir háttv. þingmenn að eg er enginn verndartollavinur. En eg geng þó ekki svo langt í öfuga átt, að eg vilji verðlauna útlenda vinnu með því að íþyngja innlendri vinnu. Því að eg kalla það að verðlauna útlenda vinnu þegar óunnin vara er tolluð en unnin vara ótolluð, t. d. þegar tollur er lagður á pappír, en bækur undanskildar. *(Björn Kristjánsson:* Þetta er svo í báðum frumvörpunum). Það held eg ekki, en ef svo er, þá á að breyta því, því að þetta er augsýnilegt ranglæti. — Þá hefir verið gert lítið úr því ákvæði í verðtollafrv. að tollheimtumönnum er heimilað að skoða bækur kaupmanna. Minnir mig að einhver hafi tekið það fram, að eins mætti falsa verzlunarbækur og sölureikninga. En þá vil eg minna á það, að betrunarhúshegning liggur við að færa falskar bækur og munu fáir kaupmenn vilja eiga mannorð sitt undir því. Annars er eg ekki hræddur um undandrátt hjá stærri verzlunum. Það væri helzt hjá smákaupmönnum og einstökum mönnum er vanta vörur. Stærri verzlanir okkar hafa reynzt mjög heiðarlegar og ekki gert sig sekar um tollsvik.

Ef verðtollsfrv. yrði að lögum, ættum við kost á að reyna þau í 3 ár. Og reynslan hefir orðið sú, að tilhneigingin til að brjóta lög, vex eftir því sem lögin verða eldri. Því ætti okkur ekki að standa mikill háski af þessum lögum jafn-stuttan tíma. En þegar þau hafa gilt í 3 ár, hafa þau náð tilgangi sínum, að afla landssjóði þeirra tekna er hann þarfnast í bráðina.

Meira ætla eg ekki að segja um þetta að sinni.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi skrifað undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara, og finn því ástæðu til að segja nokkur orð. Eg ætla þó ekki að ræða málið í heild sinni vegna þess, að búið er að taka það helzta fram á báðar hliðar, og sé eg enga þörf á að taka það upp. Eg vildi að eins gera grein fyrir hvað fyrir mér vakti, er eg skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara, og það var blátt áfram það, að eg var í miklum vafa um, hvoru frv. eg ætti að fylgja. Hvorttveggja hefir sína kosti og ókosti. Verðtollurinn kemur réttlátar niður en eftirlitið er miklu erfiðara. Farmgjaldið er óréttlátara en eftirlitið tryggara. Eg tók það fram í nefndinni að eg áskildi mér frjálsar hendur í þessu máli, því að eg bjóst við, að þegar það kæmi til umræðu, fengi eg svo miklar og góðar upplýsingar um það, að eg gæti fullkomlega áttað mig á, hvoru frv. eg skyldi greiða atkvæði. En það hefir ekki farið eins og eg bjóst við, því að eg hefi fengið mjög litlar leiðbeiningar hjá deildinni. Umræðurnar hafa mest snúist milli nefndarmannanna sjálfra, auk þeirra hafa þeir að eins talað hæstv. ráðh. (H. H.) og hv.

þm. Ak. (G. G.). Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) tala eg ekki um, því að hann talaði að eins um brtill. sína. Einkum bjóst eg við leiðbeiningum frá ráðherrastólnum. Mér finst sjálfsagt að þingið taki mikið tillit til tillagna hæstv. ráðh. því að hann ber ábyrgðina gagnvart þjóðinni og heill landsins. Þess vegna bjóst eg við að fá leiðbeiningar þaðan. Og þess vegna áskildi eg mér að hafa frjálsar hendur, að eg vildi geta stutt þá tillögu, er hann teldi svo góða, að hann vildi taka ábyrgð á henni. Svona haga ráðherrar sér í útlöndum. Þeir taka ekki hverju því sem að þeim er rétt, en segja sem svo: Þessu vil eg taka ábyrgð á, en þessu ekki. Hæstv. ráðh. (H. H.) gat um aðrar heppilegri leiðir, er hér lægju ekki fyrir. Mér er forvitni á að vita hverjar þessar leiðir eru, og svo býst eg við að sé um fleiri hér í deildinni. (*Jón Ólafsson:* Við fáum að heyra það á næsta þingi. *Bjarni Jónsson:* Hann gat um það áðan). Nei hann sagði ekki hverjar leiðirnar væru, en einungis það, að hann vildi fremur aðrar leiðir. Hann taldi mikla örðugleika á eftirlitinu með verðtollinum og fanst mér það er hann sagði hafa við mikil rök að styðjast. En þó var hann fús til að taka ábyrgð á honum ef hann yrði ofan á. Yfirleitt heyrðist mér að hann gæti tekið móti hverju sem væri, bara að svanginn væri fyltur, þá væri hann ánægður.

Eg mun við þessa umræðu greiða atkv. bæði með verðtollinum og farmtollinum til 3. umr. Ef til vill tekur hæstvirtur ráðherra þá skarpari afstöðu til einhvers frv. Stjórnin verður um fram alt að vera ákveðin í hverju hún vill taka ábyrgð á, og er þá ekki nema sjálfsagt að þeir þingm. er stjórnina vilja styðja fylgi henni að málum þar sem hún ber alla ábyrgðina. Sem sagt eg mun greiða báðum frv. atkv. mitt til 3. umr.

Skúli Thoroddsen: Út af því að hv. þm. S.-Þing. (P. J.) hreyfði því, að við flutnm. brtill. tækjum hana aftur að þessu sinni, og kæmum ekki með hana fyr en við 3. umr., skal eg taka það fram, að við getum ekki orðið við þeim tilmælum hans. Það er hægra að átta sig á málinu, ef atkvæðagreiðsla fer fram nú, og breyta þá til við 3. umr. ef þurfa þykir.

Að því er snertir ummæli hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) þess efnis, að hér væri ekki hugsað til annars en að tjalda til stutts tíma, lögunum að eins ætlað að gilda í þrjú ár, þá get eg ekki bygt mikið á því, því að komist faktúrutollurinn einu sinni á, býst eg ekki við öðru, en að hann verði fast gjald. Þekkjast og dæmi þess frá fyrri þingum, að svo hefir farið, að tolla-álögur hafa orðið að föstum gjöldum, þó að til þess hafi ekki verið ætlast í fyrstu. Nægir í því efni að benda á hækkunina á sykur- og tóbaks-tollinum fyrir fám árum.

Þá kem eg að ræðu hæstv. ráðh. (H. H.). Hann sagði að með tillögunni væri farið fram á það, að setja hreppana á landssjóðinn. En það er misskilningur. Hér er ekki verið að tala um neina fjárveitingu úr landssjóði, heldur á hann einungis að annast innheimtu á gjaldi, sem lögin tiltaka að hrepparnir og sýslurnar eigi að fá.

Hvað það snertir, að gjaldið komi harðast niður á sjávarsíðuna, þá hygg eg það rétt vera, að meira muni notað þar en til sveita af erlendum varningi. (*Sigurður Sigurðsson:* Það er mikið spursmál). En þess er að gæta, að einmitt við sjávarsíðuna er og mest fjölmennið, svo að sá hlutinn af tollinum sem sveitar- bæjar- og sýslu-félögum er

ætlaður, rynni þá og mest þangað, og kæmi það því í réttan stað. — En teldu menn sjávarsveitirnar engu að síður borga tiltölulega meira, en sveitirnar, og styrkja þær þannig að nokkru leyti, þá má benda á það, að í fiskileysisárum kemur það oft fyrir, að landsveitirnar verða fyrir allmiklum skellum frá sjávarsveitunum. Þá eru menn, sem í góðum árum hafa fluzt að sjónum, sendir hópum saman á hreppa sína, — til landsveitanna.

Hvað það snertir að tillagan sé nýstárleg, þá getur það vel verið; en þó þekti hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tilsvarandi löggjöf í Kanada, og svo getur víðar verið. Annars kemur það Alþingi Íslendinga ekkert við, hvort þetta þekkist annarsstaðar eða ekki. Æskilegast væri, að íslenzkt löggjafarvald þyrfti ekki altaf að sækja til annara, en gæti og sjálft fundið upp heppilegar nýjungar, er öðrum gætu orðið að gagni eða enda til fyrirmyndar.

Annars furðar mig stórlega á því, að hæstv. ráðherra (H. H.) skyldi ekki taka tillögunni betur, en hann gerði. En það er líklega af því, að hann þekkir ekki til erfiðleikanna, sem sveitarútsvörin baka mönnum, enda maður, sem vanur er að lifa við föst laun. — Svo sem dæmi upp á það, hvað peningar eru dýrir hér á landi, má minna á það, að til sveita þykir það tilvinnandi, til þess að þurfa eigi að greiða útsvörin í peningum, að selja þurfamanni fæði, húsnæði og alt, er hann þarfnast, fyrir 60—70 kr. um árið, eða þar um.

Eg skal að lokum geta þess, að hvernig sem tillaga okkar fer í þetta sinn, þá er eg viss um, að hún verður vakin upp aftur, og, nær þá fyr eða síðar fram að ganga, enda er hún þess eðlis, að segja má, að hún taki hvern mann í landinu tali. Að öðru leyti er hér og annað að ræða en tilfærslu, — verzlunin látin greiða gjöldin til þess að gera mönnum hægara fyrir. —

Eggert Pálsson: Það hafa heyrst raddir um það, bæði utan þings og innan að skattanefndin hafi þurft á löngum tíma að halda til gerða sinna og jafnvel um það líka, að árangurinn af starfi hennar sé næsta lítill. Og ekki varð skilin öðru vísi rödd sú er kom frá hv. þm. Ak. (G. G.), en að hún kvæði við sama tón. Það má að vísu segja að mikið sé nú liðið af þingtímanum, en árangurinn af starfinu er líka farinn að sjást og hann alls ekki svo ýkja lítill eftir kringumstæðum. Það var engan veginn óeðlilegt að skattanefndin þyrfti að verja miklum tíma til starfa.

Hv. þm. Ak. (G. G.) tók það fram sem satt var, að undirbúningurinn frá stjórnarinnar hálfu var næsta lítill. Þær tillögur er nefndin hafði frá henni voru þannig lagaðar að hún gat ekki aðhylst þær.

Á hinum svokallaða manifactúrtolli var sá annmarki, að ef hann hefði komist á, hefði orðið að setja á stofn svo öflugt tolleftirlit, að það mátti teljast frágangssök kostnaðarins vegna að ráðast í slíkt.

Hitt, steinolíufrv. svo nefnda, gat ekki gefið landssjóði áreiðanlegar tekjur, því að í því lá að eins heimild til stjórnarinnar, sem óvíst var að nokkurntíma yrði notuð. Það kom því til að velta á þessum tveimur frv., frv. um vörugjaldið og frv. um farmgjaldið.

Eins og menn hafa séð, klofnaði nefndin um þetta tvent. Meiri hlutinn 6 af 7 aðhyltist vörugjaldið, en minni hlutinn 1 af 7 farmgjaldið.

Mér finst þegar um skatta er að ræða, þá séu það aðallega tvö atriði sem

framar öllu öðru verði að taka tillit til. Fyrst það, hvort skatturinn er í eðli sínu ósanngjarn og óvinsæll eða getur talist vinsæll og sanngjarn eftir hætti. Hitt atriðið er það, hvort líklegt er, að mikil eða lítil undanbrögð verði höfð í frammi, þegar skatturinn er intur af hendi.

Eg er nú í engum vafa um það, að vörugjaldið verður margfalt vinsælla en farmgjaldið, og það finst mér vega svo mikið, að eg tel sjálfsagt með tilliti til þess að taka vörugjaldið fram yfir farmgjald.

Svo mikið tillit ætti að taka til almennings vilja þegar um skattaálögur er að ræða, að sá skatturinn væri tekinn, sem honum geðjist betur að. Að mönnum falli skár, að gjalda factúrutoll en annan toll er mjög svo eðlilegt, því að í eðli sínu kemur hann margfalt réttlátar niður en nokkur annar tollur. Það er ekki nema eðlilegt, enda öll skattalöggjöf okkar bygð á þeirri reglu, að sá sem talinn er fyrir miklu borgi mikið, og í fullu samræmi við þetta, er það sem hér er ætlast til, að sá sem mikið verzlar borgi hærri toll en sá sem litla verzlun eða umsetningu gerir.

Hvað sanngirnina snertir má líka benda á það, að kaupmannaráðið mælir eindregið með vörugjaldinu af þessari ástæðu, og það eru einmitt mennirnir sem vita bezt hvað alþýðunni geðjast og hagar bezt í þessum efnum.

Hvað hitt meginatriðið snertir, að undanbrögð verði viðhöfð, þá getur það að sjálfsögðu viljað til um hvorn tollinn sem er. *(Björn Kristjánsson:* Nei) Ekki getur mér annað virst. En það má sjálfsagt, hér sem annarstaðar, setja einhverjar varúðarreglur gegn því að menn svíkizt undan tollgreiðslunni, og hefir það verið reynt með brt. sem fram hafa komið frá nefndinni. Eg er í engum vafa um, að ef tollheimtumennirnir gæta skyldu sinnar samkvæmt þeim reglum sem settar eru í frv. og br.till., geta þeir hæglega komist eftir því hvort tollurinn er svikinn eða ekki. Þeir hafa mörg meðöl til þess, og þar á meðal, og eigi hvað síst, beinan aðgang að öllum verzlunarbókunum, eins og tekið hefir verið fram. En gangi tollheimtumennirnir aftur á móti með bindi fyrir augum eða hirði ekkert um að rækja skyldu sína, þá má vitanlega fara í kringum lögin og svíkja tollinn að meira eður minna leyti, eftir því sem hver og einn hefir lyndisfar til. En þetta gildir ekki að eins þennan toll heldur hvern toll sem vera skal. Einhverjum undanbrögðum má jafnan við koma, ef menn á annað borð vilja hafa sig til þess. Hjá því verður ekki komist nema með sterkri tollstjórn eða tolleftirliti, sem flestir eru sammála um að ekkert viðlit sé fyrir okkur að setja á fót. Við verðum því af tvennu illu frekar að sætta oss við það að einhver lítilsháttar undanbrögð verði brúkuð heldur en fleygja svo svo miklu fé til tolleftirlits, sem vitanlega getur aldrei orðið nema kák. Og eg fyrir mitt leyti óttast ekki fyrir að undanbrögðin undan þeirri tollgreiðslu sem hér um ræðir verði svo mikil að nokkru verulegu nemi. Skorðurnar sem við því eru reistar eru svo sterkar, ef br.till. verða samþyktar að eigi þarf að gera svo mjög ráð fyrir þeim, enda um lítinn vinning fyrir hvern einstakan kaupmann að ræða, og refsingin svo ýkja hörð, ef upp kynni að komast, að fáum mun sýnast árennilegt að leggja út í slíkt.

Að hvorutveggju þessu athuguðu, að verðtollurinn er margfalt vinsælli en farmgjaldið og örðugleikarnir á innheimtu hans engu meiri en á innheimtu farmgjaldsins, blandast mér ekki hugur um að vér eigum að taka hann

fremur en farmgjaldið, og vænti þess, að þeir verði fleiri, sem hallist að þeirri skoðun.

Hvað brt. á þgskj. 221 áhrærir, þá get eg fyrir mitt leyti viðurkent að hún hafi við mikil rök að styðjast, og góðra gjalda vert að reyna að afla sýslu- og sveitar-sjóðum einhverra annara tekna en hins afar óvinsæla niðurjöfnunargjalds, sem nú má segja að séu hinar einu tekjur þeirra. En þar sem lögum þessum er að eins ætlað að gilda til stutts og ákveðins tíma, eða með öðrum orðum vera nokkurskonar bráðabyrgðarlög, þá þykir mér varhugavert að binda hag sýslu- og sveita-sjóða við þau. En komi þau til að standa áfram má alt af koma þessari breytingu við þau að, og þá mundi eg, ef til mín kæmi, ljá því fylgi. En í þetta sinn býst eg ekki við, samkvæmt áðursögðu að geta gefið brt. atkvæði, þótt eg telji hana í eðli sínu sanngjarna og á miklum rökum bygða.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) þótti eg vera óákveðinn í þessu máli. Eg verð nú að segja það, að mér þótti hann ekki heldur sem ákveðnastur í sínum tillögum um það. Hann vildi fá að vita hvað eg hefði átt við, er eg sagði að eg teldi aðrar leiðir heppilegri til þess að bæta úr fjárþröginni, heldur en þær, sem nefndarklofningarnir stinga upp á. Því er auðsvarað, og er mér engin launung á því, að eg álít langheppilegast að nema burtu orsökina til fjárskorts landssjóðs, sem allir vita að er aðflutningsbannið. Vínfangatollur með núgildandi tollgjöldum mundi gefa landssjóði um 750 þúsund krónur á fjárhagstímabili, meir en að hálfu frá útlendingum tekið. En tíminn er ekki kominn enn, til þess að nema bannlögin úr gildi og er ekki til þess hugsandi nú, hvað sem síðar kann að verða. Næst þeim gjaldstofni, áfengistollinum, tel eg árgjöld af einkasölu á kolum og steinolíu, sem heldur ekki hefir komist til atkvæða á þessu þingi, hið fyrnefnda af því að háttv. fráfarandi ráðherra tók til greina mótmæli sendiherra frá öðrum löndum, sem töldu sér og sínum fiskveiðum óhag búinn með þessu, hið síðara af því að hv. skattanefnd hefir setið á frv. til þessa.

Mér skildist á hv. þm. að hann vildi láta mig standa og falla með öðruhvoru þessara frumvarpa. En í svipinn tel eg mig eiga annað, sérstakt erindi að reka, sem eg fremur vil standa og falla með, svo að eg nenni ekki að gera það fyrir hann, að gera þetta mál að »cabinets-spursmáli«, og það því fremur, sem eg á ekki neinn þátt í þessum frumvörpum sem nú liggja fyrir. Mér þykir ekki frágangssök að ráða H. hátign konunginum til að samþykkja hvort þeirra sem væri, án þess að eg telji þau neitt afbragð að neinu leyti.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) var að herma eftir mér nokkur orð, sem eg hefði sagt á fundi norður á Sveinsstöðum um árið. Hann hafði þar skakt eftir mér að eg hefði líkt hreppunum hér í fornöld við ríki. Það voru goðorðin fornu, sem eg talaði um, og hygg eg að það hafi rétt verið, að landið var þá fremur ríkjasamband en lýðveldi. En hrepparnir okkar nú eru engin ríki, er líkt verði við fylkin í Canada.

Valtýr Guðmundsson: Hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, að eg hefði ekki verið ákveðinn í orðum mínum um þetta frv. Eg skal kannast við það, að eg finn sömu gallana á frumv. sem hann, en þó minni á þessu en hinu (farmgjaldsfrv.). Eg get verið þakklátur hæstv. ráðherra fyrir svör hans um aðflutningsbannið, og er eg honum fyllilega samþykkur í því, að réttast sé að afnema

þau lög. Aftur á móti um kolaeinokunina er eg honum ósamþykkur, eins og flestir vita.

Viðvíkjandi brt. á þgskj. 201, þá verð eg að taka undir með hv. 2. þm. Rang. (E. P.) um það, að þar sem þetta frv. er að eins til bráðabirgða, er óheppilegt að ætla sýslusjóðum og sveita nokkurt slíkt gjald til tekna.

Gagnvart hv. þm. Dal. (B. J.) verð eg að taka það fram, að það er alger misskilningur hjá honum að líkja saman goðorðum og Bandaríkjafylkjum og hreppum hér. Það er tvent ólíkt, og get eg þar talað sem ekki ófróðari maður en hann. Goðorðin voru smáríki, nokkurskonar furstadæmi, og goðarnir einskonar fylkiskonungar, þótt ekki bæru þeir konungsnafn, þar sem hrepparnir aftur á móti eru háðir æðri stjórnarvöldum.

Út af orðum hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) get eg þess, að ókunnugt er mér um það, að sveitarsjóðir í Canada fái styrk úr ríkissjóði. Aftur í móti veit eg til þess, að fylkin þar fá tillag úr aðalríkissjóði.

Lárus H. Bjarnason: Hv. framsögum. (P. J.) og eg höfum leitt sennileg rök að því, að ekki muni vanta nema jafngildi áfengisteknanna 1912—13 til þess að tekjurnar 1914—15 hrökkvi fyrir líkum gjöldum og nú, og er þó ótalið alt sem spara mætti og ætti. Og allir vita að alþingi verður háð fyrir næsta fjárhagstímabil. Sé þetta rétt, þá er ekki nauðsynlegt að vera að setja lög *nú* til þess að auka tekjurnar, enda er ekki ólíklegt, að lotteríið muni þegar á næsta ári gefa af sér 100 þús. kr. og komist það á, gefur það landssjóði a. m. k. 400,000 kr. fjárhagstímabilið 1914—15. Þar að auki er enn þá ónotuð lántökuheimild fyrir 500 þús. kr. Það er þannig engin ástæða til að neyða frv. upp á hæstv. ráðherra.

Hæstv. ráðherra hélt því mjög fram, svo sem hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hafði gert, að endurskoðun yrði mjög erfið eftir frv. okkar, og væri endurskoðunin þó afarnauðsynleg, ekki að eins vegna gjaldendanna, heldur og vegna lögreglustjóranna, en eg get ekki lagt mikið upp úr henni, ef hún reynist ekki betri en hingað til hefir verið, enda getur engin endurskoðun tekið yfir alt og alla. Það er t. d. ekki hægt að girða fyrir það nú að lögreglustjóri steli undan tollseðli. Hvaða endurskoðun getur fyrirbygt það? »Quis custodiat custodes ipsos?«.

Hver á að passa sjálfan endurskoðanda og stjórnarráðið? Það getur engin endurskoðun hindrað svik, hversu góð sem væri, sízt jafn léleg og endurskoðunin hefir stundum verið hér. Endurskoðunin á útgjaldaliðum landsreikningsins 1910 var ekki betri en það, að flestir þeir liðir voru óendurskoðaðir í Febrúarlokin 1912, og landsreikningurinn 1910 þó saminn í árslok 1911. Sumar athugasemdir líktust auk þess meira skáldskap en reikningsaðfinningum. Eg hefi meira að segja heyrt það sagt, að einn stór útgjaldapóstur í landsreikningunum hafi alls ekki verið endurskoðaður, og það með samþykki ráðandi manns í stjórnarráðinu, frá ársbyrjun 1907 og fram á þennan dag. Þetta held eg að sé sannanlegt. Og þegar reynsla okkar í þeirri grein er svona, þá held eg að ekki sé mikið leggjandi upp úr þessari margumtöluðu endurskoðun. Auk þess er það ekki annað en bábilja að endurskoðun verði þýðingarlaus eftir verðtollsfrv. Þar verður nægum blöðum að fletta fyrir endurskoðunina, er hvert styrkir annað: Manifest, skipstjóravottorð, vottorð viðtakanda, lögreglustjóra, matsskýrsla o. s. frv.

Eg skil það vel að hæstv. ráðherra, tekur því frv., sem verður ofan á. En fyrst hann álítur bæði slæm, þá hefði hann átt að finna hvöt hjá sér til þess

að bera fram eitthvað betra sjálfur. Annars hefir hæstv. ráðherra, eins og kunnugt er, setið í nefnd, er átti að bæta fjárhag landsins, en sú nefnd var sannarlega ekki fundvísari á góð úrræði en Nd. nefndin sem flestir skamma, og hafði þó milliþinganefndin bæði betri tíma og tækifæri til þess að hugsa málið, því að það er alveg rétt hjá háttv. þm. Ak. (G. G.), að það er ekki hægt að ætlast til þess að ein þingnefnd, sem hefir mörgu að sinna, geti fengist við slík stórmál, svo í lagi fari. Eg skal fúslega kannast við, að frv. er ábótavant, það er nokkurskonar »neyðarúrræði«, enda hefir nefndin líka skapað því stuttan aldur. En eitthvað varð að gera, úr því að stjórnin þykist ekki geta lifað án nýrra tekna og kolafrv. sæla varð úti á svo eftirminnilegan hátt. Sé það rétt um verðtollinn, að hann komi hart niður á sjávarsíðumönnum, þá á það enn frekar við kolaeinokun, eða kolatoll, því að svo má nærri að orði komast, að ekki sé brúkaður moli af kolum til sveita.

Það er auðvitað, að hvert gjald á útlendum vörum, hlýtur að koma harðar niður á kaupstaðarbúum, því að þeir kaupa meira af þeim vörum en sveitamenn. En í hlutfalli við eyðsluna kemur verðtollurinn jafnt niður á sjávarmenn og sveitamenn. Og verðtollurinn hefir það fram yfir aðra tolla, að hann kemur *harðar* niður á *efna*mönnum en *fátæk*lingum.

Annars hefi eg ekki alveg orðið við tilmælum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), þegar hann gaf ávísun á mig að tala, því að hann mun aðallega hafa ætlað mér að forsvara br.till. Skal eg nú fara um þær nokkrum orðum. Þær miða allar að því að sverfa af frv. þá hnífla sem menn höfðu sérstaklega rekið sig á, miða til þess að gera frv. aðgengilegra, án þess að stofna aðalinntaki þess í hættu.

T. d. hefir ákvæðinu um kyrsetningu, sem er áhrifamikið meðal til þess að knýja fram kaupreikning, verið breytt svo, að kyrsetning á sér ekki fortakslaust stað. Br.till. heimilar nfl. að setja veð fyrir greiðslunni. Þeir sem álíta, að sér verði tjón að kyrsetningu, geta sett veð — og landssjóður tapar engu, því að hann heldur veðinu. Sömuleiðis er það viðtakanda til hagnaðar, að honum er ekki fortaklaust gert það að skyldu að afhenda kaupreikning. Hann er sýkn saka þó að kaupareikningar komi ekki fram, honum verður ekki um það kent og skal þá tollheimtumaður, eða ef viðtakandi kýs það heldur, dómkvaddir menn meta vörur til verðs. Og þetta mat er alls ekki óframkvæmanlegt, svo sem háttv. þm. G.-K. (B. Kr.) hefir haldið fram, því að þótt ekki verði sagt, hvað viðtakandi hefir gefið fyrir vöruna, þá má alt af fá að vita alment gangverð hennar. Ef viðtakanda virðist matið of hátt og geti hann sýnt skilríki fyrir því að svo sé, þá fær hann mismuninn á tollinum endurgoldinn. Alt þetta horfir til bóta á frv. Sömuleiðis 8. br.till. Það getur oft verið erfitt aðstöðu fyrir tollheimtumenn og fyrirhafnar mikið verk þeirra og gefur tillagan því stjórnarráðinu heimild til þess, að fela póstmönnum að hafa á hendi tollheimtu og reikningsskil fyrir tolli af vörum þeim, sem sendar eru sem póstsendingar. Ennfremur heimilar tillagan stjórnarráðinu að setja reglugerð fyrir umboðsmenn tollheimumanna. Og svo mikið held eg að megi segja um allar br.till., að hættulaust sé að greiða þeim atkvæði til 3. umr. Komi fram aðrar br.till. til 3. umr., þá er sjálfsagt að nefndin athugi þær. Mér þykir það óheppilegt að br.till. háttv. þm. N.-Ísf.

(Sk. Th.) hefir komið svona óforvarandi inn í deildina og vil styðja þau tilmæli háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), að hann taki hana aftur við þessa umr. og beri hana fram til 3. umr., svo að nefndinni gefist kostur á að athuga hana. Verði hún borin upp nú, get eg ekki annað en greitt atkvæði á móti henni, en ekki er alveg víst að svo færi, ef nefndinni gæfist kostur á að athuga hana betur, þó að óneytanlega virðist talsvert nýjabragð að henni.

Eg vænti þess að hæstv. forseti láti ganga til atkvæða um hvort málið fyrir sig, enda þótt umræðunum um þau hafi verið slengt saman.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg hefði getað sparað mér að taka til máls, því að mótbárur þær, sem fram hafa komið eru fremur veigalitlar og í raun og veru hefir nefndin orðið að kannast við, að athugasemdir mínar hafi allar verið á rökum bygðar.

Það sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði skárst í ræðu sinni, var það, að eg væri »hinn háværasti sleggjudómari« hér í deildinni, en þó hefi eg aldrei neinn slíkan »sleggjudóm« upp kveðið eins og í þessum orðum þm. felst, því nú hefir hann orðið að viðurkenna það, að eg hafi haft rétt fyrir mér í öllum þeim mótbárum, sem hann nefndi »sleggjudóma« Annars skal eg ekki fara frekar út í ummæli hans, því að hann er nú dauður. *(Lárus H. Bjarnason:* Eg rís upp aftur).

Það, sem eg í fyrri ræðu minni benti á, var það, að það vantaði inn í 1. gr. frv. ákvæði sem væri í samræmi við 3. gr. núgildani tolllaga, að ekki mætti flytja vörur úr skipi fyr en allar skýrslur væru afhentar tollheimtumanni. Eg er þess fullviss, að þótt 5. gr. frv. vísi til tolllaganna, þá verðnr hún ekki skilin svo, að hún vísi til hinna sérstöku hegningarákvæða, sem beita skal, ef út af er brotið. Þetta er líka viðurkent af nefndinni, enda auðsætt að slíkt ákvæði í frv. sjálfu er mikið skýrara og tekur af allan vafa, sem kannske gæti orðið banamein þessa frv. Líka vil eg benda á, að nauðsynlegt er að orða skýrara 2. lið 5. br.till., svo að þar undir geti fallið þau tilfelli, að eigandi sjálfur flytur vöruna á sínu eigin skipi hingað til lands. Og í þriðja lagi þyrfti að breyta dálítið orðalagi 2. liðs í 8. br.till., svo að greinin verði skýrari. Eg vona að nefndin skilji það, þótt eg gefi þessar bendingar, að eg tel mér ekki skylt að koma fram með br.till. við frv., sem eg ætla mér að greiða atkv. á móti. Eg hefi slegið því föstu — og það verður ekki hrakið — að verðtollur er réttlæti, sem ekki er framkvæmanlegt, en farmtollur er ranglæti, sem hægt er að framkvæma. Og þá rekur að því, sem eg sagði, að bæði frv. hafa þá galla, sem gera það að verkum, að þau eru ekki frambærileg á þingi síðaðrar þjóðar. Ástæðan til þess, að ekki er rétt að samþykkja verðtoll, er skortur á nauðsynlegu eftirliti.

Háttv. framsögumaður sagði, að það væru hörð orð að segja að þetta frv., ef það yrði að lögum, æli upp svik í landinu. Eg staðhæfi að þetta er rétt og enginn hefir fært skýrari rök að því en háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) þegar hann var að tala um tíundarlögin. Þau hafa verið brotin fram á seinustu tíma og eru brotin enn í sumum héruðum. Það er varla til svo heiðarlegur bóndi, að hann hafi ekki verið vændur um tíundasvik. Og það er einkennilegt, en samt satt, að hér áður fyrri hafa menn, sem öllum er kunnugt um að ekki vildu vamm sitt vita, talið sér enga skömm að því að telja rangt fram. Og það brennur víst við víða enn þá, þó að það hafi mikla áhættu í för með sér. Verkahringur hreppstjóra er ekki stærri en

svo að hann á hægt með að vita, hvort rétt eða rangt er framtalið. Og þetta er ekki stærri upphæð en 2—3 álnir, sem menn eru að svikjast undan. Hv. þm. sagði, að það væri engin mótbára á móti lögum, að hægt væri að fara kring um þau Það þykir mér skrítin kenning.

En beri maður nú saman við tíundalögin, sem svo mikið eru svikin og þar sem um svo lítla upphæð er að ræða, þessi verðtollslög, sem miklu hægra er að fara í kring um og þar sem veltur á svo geypiháum upphæðum, sem hægt er að draga sér með einföldum undanbrögðum, hvernig ætli raunin verði þá á? Og þegar það er auðsætt að lögin eru svo óframkvæmanleg, að lítil von er um að þau nái tilgangi sínum, því er Alþingi þá að samþykkja þau? Það er ljóst að þau ala upp svik og hagnaðurinn í aðra hönd verður miklu minni en til er ætlast.

Eg ætla mér ekki að fara út í neinn samanburð á ærlegum hugsunarhætti bænda og kaupmanna. Bændurnir eru náttúrlega breizkir líka — en mér finst eins og eg tók fram í fyrri ræðu minni, að »Handelsmoralen« eigi ekki svo miklu fyrir að fara, að löggjafarvaldið ætti að gera tilraun til þess að gera hann ennþá verri.

Eg geri ekki mikið úr mótbáru hæstv. ráðh. (H. H.) að erfitt verði að hafa eftirlit með umboðsmönnum tollheimtumanna. Eg býst við að stjórnarráðið, eins og lagt er til í 8. brtill. meiri hl, gefi út reglugerð um starf umboðsmanna og innheimtuna, hvaða skjöl eigi að fylgja með og heimtaðar séu fulltryggar upplýsingar um skipsfarma. Alment held eg að verði ekki erfitt að hafa »Kontrol« með umboðsmönnum. Það getur verið erfitt á einstaka stað, svo sem t. d. á Siglufirði, þar sem skipin koma beina leið frá útlöndum og fara beina leið út aftur, án þess að koma á nokkra aðra höfn. Þar geta heilir skipsfarmar horfið án þess að nokkur hafi hugmynd um.

Háttvirtum framsögumanni fanst það vera ofmælt hjá mér að segja að eftir þessum lögum væri ekki trygt neitt tolleftirlit, en eg staðhæfi það enn, að þau tryggja alls ekki tolleftirlit og að því er til manifesta kemur, þá eru þau allsendis ófullnægjandi. Það er ómögulegt að bera þessi lög saman við núgildandi tolllög, af því að hvergi er tvímælalaust tekið fram að skipstjóri sé skyldur að sýna manifest, og þar sem að tollur er nú að eins á örfáum vörutegundum. Tollstjórnin danska lætur tollskrásetja hjá sér allar tollskyldar vörur, en hér á landi er ekkert slíkt fyrirkomulag, sem hægt væri að byggja á tolleftirlitið. Það væri því ástæða til að setja hér sérstök ákvæði inn í lögin um tollskrár. Hér á landi hafa að eins örfáar vörutegundir verið tollaðar og verður naumast sagt að eftirlitið hafi verið nokkuð eða sé nokkuð. Þegar nú búið væri að setja þetta ákvæði um tollskrár inn í lögin, þá má heimta æru- og drengskapar-vottorð af þeim, sem inn hafa flutt, og bera svo vottorð þeirra saman við tollskrána og ættu þá fiestöll kurl að koma til grafar, og ætti þetta eftirlit því ekki að þurfa að vera margbrotið. Vitaskuld fyrirbyggir það eigi falsaða kaupreikninga, en þau svikin hafa alstaðar reynst hættulegust. En þar sem nú lög þessi, eins og þau liggja nú fyrir deildinni, tryggja alls ekki eftirlitið, þá álít eg þau viðsjárverð og eftir þeim hætt við að tollarnir tapist meira en vera þarf. Í öllu falli þarf að koma inn tvímælalaust ákvæði um að skipstjóri sé skyldur að láta af hendi við lögreglustjóra skilríki fyrir því, hvað

skip hans hafi að flytja og leggi drengskap sinn og æru við að allir innflytjendur séu þar tilgreindir.

Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson): Af því tíminn er nú orðinn svo naumur þá skal eg ekki tefja hann nema örstutta stund. Eg get ekki verið hv. þm. Ak. (G. G.) samdóma um að tolleftirlitið sé framkvæmanlegra á þann hátt sem hann hélt fram. Honum fundust ákvæðin um vörumat og löggilding umboðsmanna ófullnægjandi; eg get ekki sagt um fyrir nefndarinnar hönd, hvernig hún tekur þessum og ýmsum bendingum sem fram hafa komið, en eg vil geta þess, að nefndin er þakklát fyrir allar bendingar og tillögur sem miða að því að bæta frumvarpið. Ekki get eg heldur sagt fyrir nefndarinnar hönd, hvað hún gerir úr brtill. þeim, sem fram hafa komið við þessa umr.

Tryggvi Bjarnason: Eg býst við því að ýmsir muni halda, að þeir þingmenn, sem ekki hafa staðið upp til að gera grein fyrir atkvæði sínu, muni með ánægju greiða hvoru frv. sem er atkv. sitt. Eg býst við að greiða öðru frumvarpinu atkvæði mitt, en geri það þó sáróánægður. Mér finst það vera neyðarúrræði að tolla allar innfluttar vörur er menn þarfnast, bæði til fæðu og klæða. Eg fyrir mitt leyti hefði orðið margfalt ánægðari með frv. milliþinganefndarinnar um einkasölu á kolum. En af því að það liggur ekki fyrir til umræðu hér, þá skal eg sleppa að fara nákvæmlega út í það. Það má um það mál segja, að ekki hafi verið sparað að sparka í það og reyna að spilla því á allan hátt eftir að nefndin skildi við það; hún hefði auðvitað getað skilið betur við það og svo hefði mátt gera á því ýmsar nauðsynlegar breytingar, og hefði þetta mál verið framkvæmt á réttan hátt, þá má segja að það, að þær tekjur, sem fengist hefðu á þennan hátt, með einkasölufrumvarpi á kolum væru fundnir peningar fyrir landssjóð, en sama verður ekki sagt um tekjur þær, sem fást með þessum frv.

En sem sagt þá mun eg, með von um betri leið síðar, greiða öðru frv. atkv.

Um brtill. hv. þm, N.-Ísf. (Sk. Th.) skildist mér sem honum findist þetta fundnir peningar fyrir sveita- og bæjafélög. En eg efa að þessi leið til að ná tekjum í sveitasjóði og sýslusjóði verði hagkvæm, því að hreppsnefndir, sem yfirleitt eru mjög vandvirkar og gagnkunnugar innanhrepps skifta gjöldunum niður í samræmi við efni og ástæður hlutaðeigenda, en eg efast um að fátæklingum fyndist skórinn rýmri þó peningum verði á þennan hátt náð í sveita- og bæja-sjóði, því að hreppsnefndir hlífa fátæklingum betur við þessum gjöldum til sveitarinnar heldur en verður með þessum beinu sköttum með % gjaldi af allri innfluttri vöru, því að fátæklingarnir þurfa vitaskuld að verzla jafnt bæði eftir sem áður og verzla alt af tiltölulega meira í hlutfalli við efni en hinir ríkari, t. d. fátækir fjölskyldumenn, sem alloft eru búnir að skulda upp á allan sinn verzlunareyri þegar kemur að skuldadögunum, og geta því sama sem enkis notið af því sem þeir framleiða. Með þessari tillögu hv. þm. N.-Ísf. finst mér því væri stigið mjög varhugavert spor ef hún væri samþykt og mun eg því greiða atkvæði á móti henni.

Var þá gengið til atkvæða um einstakar greinar frumvarpsins til laga um vörugjald.

ATKV.GR.:

Brt. á þgskj. 221 feld með 18 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson	Jón Jónsson Rvk.
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson

Já:	*Nei:*
Halldór Steinsson	Guðl. Guðmundsson
Skúli Thoroddsen	Hannes Hafstein
	Jóh. Jóhannesson
	Jón Magnússon
	Kristján Jónsson
	Lárus H. Bjarnason
	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Sig. Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason
	Valtýr Guðmundss.
	Þorleifur Jónsson.

Þrír greiddu eigi atkv. og töldust til meiri hlutans.

Br.till. á þgskj. 188, 2 samþ. með 18 atkv.

1. gr. frumv. samþ. með 15 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Jón Jónsson (Rvk.)	Björn Kristjánsson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Halldór Steinsson	Guðl. Guðmundsson
Jóh. Jóhannesson	Ólafur Briem
Jón Magnússon	Sigurður Sigurðsson
Kristján Jónsson	Þorleifur Jónsson.
Lárus H. Bjarnason	
Matthías Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Vatýr Guðmundss.	

Br.till. á þgskj. 188, 3 samþ. með 15 atkv.

2. gr. frv. þar með fallin.

Br.till. á þgskj. 188, 4 samþ. án atkv.gr.

Br.till. á þgskj. 188, 5 samþ. með 14 atkv.

Br.till. á þgskj. 188, 6 samþ. með 15 atkv.

3. gr. með áorðnum breytingum var samþ. með 14 atkv.

Br.till á þgskj. 188, 7 samþ. með 13 atkv.

4. gr. þar með fallin.

Br.till. á þgskj. 188, 8 samþ. með 14 atkv.

Br.till. á þgskj. 188, 9 samþ. af sjálfu sér.

5. gr. sem verður 6. gr. samþ. með 14 atkv.

Br.till. á þgskj. 188, 10 samþ. með 14 atkv. shlj.

Br.till. á þgskj. 188, 11—12 samþ. án atkv.gr.

Br.till. á þgskj. 188, 1 (við fyrirsögnina) sþ. með 14 atkv. shlj.

Frumv. vísað til 3, umr. með 15 : 1 atkv.

Atkvæðagreiðslu um frv. til laga um alment verzlunargjald af aðfluttum vörum, var samkv. ósk nokkurra þingm. frestað um óákveðinn tíma.

Þriðja umr., 14. Ágúst.

Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson): Eg vil geta þess, að þó eg nú standi upp, þá tala eg ekki sem framsögumaður, af því að eg hefi sagt af mér framsögunni. Ekki er það samt af því að meiri hluti nefndarinnar hafi brugðið skoðun í þessu máli, heldur af ástæðum sem eg ekki hirði að nefna.

Eg er öllum breytingum nefndarinnar eindregið meðmæltur, þær hafa flestar komið fram við 2. umr. málsins aðrar hafa komið síðar. Eg álít brt. á þgskj. 221 til bóta. Vil eg svo mælast til að háttv. deild leyfi frv. að ganga til Ed.

Eggert Pálsson: Þar sem framsögumaður hefir sagt af sér framsög-

unni og eg þekki engin ráð til þess að þvinga hann til að halda framsögunni áfram á móti vilja hans, en þykir á hina hliðina illa viðeigandi að jafn merkilegt mál sem þetta er, sé flutt framsögulaust þá vil eg sem formaður nefndarinnar leyfa mér að skora á 1. þm. Rvk. (L. H. B) að taka að sér framsöguna. Auk þess sem hann er til þess manna færastur, þá hefir hann verið skrifari nefndarinnar og flutningsmaður málsins, svo að honum er því málið vel kunnugt. Vænti eg þess að hann verði við þessum tilmælum mínum, en sé að öðru leyti ekki ástæðu til að tala frekar um málið en eg þegar hefi gert við 2. umræðu þess.

Lárus H. Bjarnason: Háttv. framsögum. (P. J.) segist hafa sagt af sér framsögunni, en eg sé að eins einn veg til þess, að losna við framsögumannsstarfið, og hann er sá að segja af sér þingmensku. En eg vona að það komi nú ekki til þess hér, því að mjög mikið mundi eg sjá eftir háttv. þm. S.-Þing.

Vil eg nú stuttlega gera grein fyrir því sem fyrir nefndinni vakti með brt., enda þótt þess þurfi naumast, því að þær eru flestar fram komnar fyrir athugasemdir og bendingar sem komu fram við 2. umr. Fyrsta br.till. er til orðin af því að okkur þótti réttara að taka það fram beint að tollurinn skyldi takast af hreinu innkaupsverði varanna, enda ætlaðist nefndin alt af til þess. Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) hélt því raunar fram að tolla vöruna eftir verðhæð hennar á móttökustaðnum og það liggur við að eg sé orðinn honum samdóma, en hann féll frá því að halda því fram til streitu. Önnur br.till. er sömuleiðis til skýringar, það var ekki meining nefndarinnar að tolla skip sem siglt er hingað til landsins, enda geta þau tæpast talist vörur. Raunar getur þetta orðið til þess að skip, t. d. vélabátur, verði í einu falli gjaldfrjáls, en í öðru gjaldskyldur, eftir því hvort hann flýtur undir sjálfum sér eða er fluttur á öðru skipi, en við gátum ekki fundið ákveðnari markalínu en þetta. Þriðja br.till. þarf ekki skýringar. Fjórða brt. er tekin upp eftir bendingum frá háttv. þm. K.-G. (B. Kr.) og hv. þm. Ak. (G. G.). Það hafa komið fram br.till. við þessa fjórðu br.till. og get eg sagt fyrir mitt leyti, — eg get ekki sagt um það fyrir nefndarinnar hönd, af því að nefndin hefir hekki haft tækifæri til að athuga hana — að eg er ekki móti því að 1. br.till. á þgskj. 241 verði samþykt, þó hennar sé raunar ekki þörf. Það hefði vafalaust verið tekið fram í reglugerðinni, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. frv., að skipstjóri skyldi láta tollheimtumanni í té eftirritið af vöruskrá skipsins, *áður en* vörurnar væru fluttar í land, enda skylt eftir núgildandi tollögum, 4. gr. Þá leyfi eg mér að mæla með 5. og 6. br.till. nefndarinnar af því að það má búast við að gjald þetta verði erfiðara til innheimtu en vanaleg tollgjöld, eg legg þá jafnframt til að 2. og 3. br.till. háttv. þm. Ak. (G. G.) á þgskj. 241 verði feldar, enda heldur hann, hafi eg skilið hann rétt, tæplega fast við þær.

Vegna þess að málið er til 3. og seinustu umræðu í þessari deild, þá virðist ekki óviðeigandi að tala dálítið um frv. almennt og mætti þá líklega víkja ögn að farmtollsfrv., þar sem atkvæðagreiðslan fer óbeinlínis fram um bæði verðtollsfrv. og farmtollsfrv. Er það þá sérstaklega afstaða hv. ráðh. (H. H.) til beggja frv., sem eg vildi minnast á. Hæstv. ráðherra sagði við 2. umr. þessa máls, að verðtollurinn væri engu sanngjarnari og engu réttlátari en farmtollurinn og jafnframt sagði hann að farmtollurinn hefði þá yfirburði yfir verðtollinn, að

hann væri framkvæmanlegri. Eg get ekki verið sammála þessari nýju skoðun hæstv. ráðherra, en er honum þar á móti öldungis sammála sem milliþinganefndarmanni 1911 og 1912 og sem framsögumanni minni hluta tollanefndarinnar á alþingi 1911 og leyfi mér jafnframt að færa honum beztu þakkir mínar fyrir meðmæli hans í milliþinganefndinni með verðtollinum og fyrir fordæmingu hans á farmgjaldinu á alþ. 1911. Skal eg svo með leyfi hæstv. forseta lesa viðeigandi kafla úr áliti milliþinganefndarinnar og alþ.tíð. 1911. Get eg þess að eins áður, að 3.—15. gr. eru nálega orði til orðs eins í báðum frumvörpunum. Aðal munurinn sá, að í fyrirliggjandi frv. er öllum undirflokkum slept, en aðal flokkatalan, að póstsendingum meðtöldum, hin sama og í frv. frá 1911, sem sé 7.

Í *álitsskjali milliþinganefndarinnar frá 1911* er komist svo að orði um vörugjald eða *verðtoll*, bls. 109:

». . . með því að ákveða tollgjaldið sem hundraðsgjald af verðmæti vörunnar næst það markmið, að dýrasta varan ber hæsta tollinn, en gjaldið verður því lægra, því ódýrari sem varan er . . . . . sé tollgjaldið gert svo einfalt og óbrotið, sem unt er virðist þó með nokkru eftirliti og samanburði á vörunni við það, sem upp er gefið, mega vera unt að komast hjá verulegum undanbrögðum, er nokkuð kveði að«.

Á bls. 110:

». . . Hundraðsgjald af verðmæti vörunnar verður að miða við *innkaupsverð* hennar, því sannvirði er ekki unt að ákveða og útsöluverð er of misjafnt og breytilegt til þess að hægt sé að miða við það«.

Á bls. 119:

». . . hann *(verðtollurinn)* hefir þann kost fram yfir *vörumagnstoll* að koma **réttar** niður eftir *gjaldþoli*, mest á þá er keypt geta hið bezta og dýrasta . . .«.

En á alþingi fórust hæstv. ráðherra orð á þessa leið, *Alþ.tíð. 1911 A nr. 650*:

»Sem bráðabyrgðar fyrirkomulag eru flestir vegir til muna álitlegri en sá er hér er valinn . . . . miklu aðgengilegra væri að leggja á reglulegt farmgjald — lestagjald —«.

Alþ.tíð. 1911. B. bls. 1497:

»Það er gamla tollrófan sem Evrópulöndin flest enn þá frá gamalli tíð, mega dragast með og stynja undir með sínum óheyrilega kostnaði til tolleftirlits og öllum þeim óeðlilegu höftum á *frjálsri* verzlun og vernd fyrir innlent fúsk, sem það alstaðar hefir í för með sér«.

Á bls. 1498:

»Þessi *ónauðsynlegi* gjaldþungi legst ætið tiltölulega *þyngst á fátækari stéttirnar* . . . . . kemur langt um ranglátar niður en hækkun á kaffi- og sykur-tolli, *jafn vel þótt hér séu undanskyldar ýmsar nauðsynjavörur*, svo sem korn kol og steinolía«, sem ekki eru undanskyldar í fyrirliggjandi frv.

»Dýrir málmar tollast jafnvel helmingi *lægra* en eldspýtur og hampur . . . gullúrin eins og skófatnaður og tvinni, gullstáss eins og blikkfötur, dýrasta silki og pell eins og stumpasirs og strigi . . . yfir höfuð er ekki hið minsta tillit tekið til þeirra *meginregla* í allri tolllöggjöf, að reyna að láta gjaldið koma sem réttlátast niður«.

Á bls. 1499:

». . . meginþorri (gjaldsins) fellur auðvitað á þær vörutegundir, sem mest er keypt af, en það eru *þær vörur sem alþýðan og fátæklingarnir* neyðast til að kaupa. . . . . þessi

tollur hlýtur að koma eigi að eins tiltölulega þyngst heldur með *mestri fjðrhæð* niður á fjölskylduheimilunum, sem sízt er rétt að láta blæða . . . . við minni hluta menn getum því með engu móti léð hönd til þessu að kasta þessu óhentuga og óréttláta gjaldi á þjóðina . . . þetta er alófært sem bráðabyrgðafyrirkomulag.

Á bls. 1500:

». . . hlýtur að verða mikill vanbrestur á því að útlend vöruflutningaskip . . fullnægi fyrirmælunum um *vöruskrá og því um líkt* . . . . . Vanti vöruskrá verður hið opinbera að láta rannsaka nákvæmlega allan farminn . . . landið yrði að launa tolllið til þess«.

Á bls. 1523:

». . . ein af sterkari ástæðunum *móti* frumvarpinu, að *alómögulegt* er að framfylgja því, nema með sérstaklega fjölmennu tollgæzluliði«.

Á bls. 1524:

». . . sérstakar skrár frá tollastjórnum annara landa yfir *allar* vörur, sem hér er um að ræða, er *alls ekki unt að fá*«. . . . . Lögin myndu verða til háðungar og athlægis ella (án tollgæztuliðs)«.

Á bls. 1525:

». . . það (frv.) er eins og *kjaftshögg* á öll princip í gildandi lögum um þetta efni«.

Eg er hæstv. ráðherra (H. H.) enn þá þakklátari fyrir ummæli hans á þingi 1911 um farmgjaldið, heldur en ummæli hans um verðtollinn í álitsskjali milliþinganefndar. Eg hefi lesið þau upp, vegna þess að eg treysti mér ekki til að kveða upp réttlátari og skorinorðari dóm um farmtollinn, en hæstv. ráðherra hefir gert á þingi 1911. Og læt eg því úttalað um málið að sinni.

Ráðherrann (H. H): Eg held mér beri nú fyrst að þakka hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) fyrir alt þetta þakklæti hans til mín, sem hann hefir látið í ljósi, og alt hrósið sem hann hefir á mig borið. Mér þykir mjög vænt um að eg hefi getað gert þessum hv. þm. þann greiða og orðið honum að liði með því að tala þessi orð, sem hann, að eigin sögn, alveg óviðbúinn til framsögu þessa máls, hefir getað gripið til sem hálmstrás í neyðinni og undirbúningsbyrinn. En það sem hann las eftir mig úr milliþingan.álitinu um vefnaðarvörutollinn, kemur raunar ekki þessu máli við.

Í álitsskjali milliþinganefndarinnar eru færð full rök fyrir því, að þó að þungatollur eða vörumagnstollur sé yfirleitt miklu heppilegri en verðtollur, þá verði honum ekki komið við, að því er vefnaðarvöru snertir, með þeim tekjum og kröftum, sem vér höfum hér á að skipa til tolleftirlits. Setningarnar sem hann las, eru rifnar út úr réttu sambandi, og því slept, sem áherzla er á lögð að því er snertir vefnaðarvöruna. En það er auðsætt, að þurfi, eins og milliþinganefndin áleit, sérstakt tolleftirlit til þess að geta komið við verðtolli á einni sérstakri vörutegund, sem er tiltölulega auðvelt að festa fingur á, þá er ekki síður þörf á tolleftirliti til þess að framfylgja verðtolli á öllum varningi, stórum og smáum. Og það má geta því nærri, hvort minna erfiði og öruggara sé að fá innkaupsreikninga kaupmanna og annara innflytjenda, af því að verðtollur verði nú á öllum vörum, heldur en á einni, allaugsýnilegri vörutegund.

Það, sem hinn háttvirti, en óviðbúni, framsögum. las upp úr mótmælaræðu minni gegn farmtollsfrv. 1911 er mikið til sama sem eg hefi enn á móti farmtollinum að athuga, að því er snertir hina almennu réttlæting þessa handahófsgjalds, og eins og eg tók fram við 2. umræðu málsins snerta þær mótbár-

ur ekki síður factúrugjaldið. En form frumvarpsins var þá alt annað en nú, og alt öðru máli að gegna um framkvæmanlegleikann. Þá var mikil og margbrotin vöruflokkun, sem nú er slept eða gerð miklu einfaldari, svo nú er hægra við að eiga innheimtu og eftirlit, heldur en eftir frv. 1911.

Annars ætla eg mér ekki að elta ólar við 1. þm. Rv. (L. H. B.) um einstök atriði, það hefir svo lítið upp á sig. Aðalatriðið er að fá eitthvað til að bjarga landssjóði úr sárri neyð og álít eg frv. hv. þm. G.-K. (B. K.) skárst til þess fallið af því sem nú liggur fyrir þingi; það sem bezt hefði verið er ekki fáanlegt nú.

Viðvíkjandi þeim brt., sem fram eru komnar frá nefndinni á þgskj. 237, vildi eg leyfa mér að spyrja hver sé meiningin með 1. brt. Er meiningin sú, að tollinn eigi að reikna eftir factúrunni, eins og hún kemur fyrir, eða á að draga frá umboðslaun, delkradere, fragt o. s. frv., ef það er þar talið? Eg álít þessa brt. fremur vera til ruglings, skárst að tollurinn sé reiknaður af vörunni eins og hún kostar hingað komin, enda skilst mér, að allar áætlanir um það hvað tollurinn gefur af sér, byggist á skýrslum um það, hvað varan kosti hingað komin, með öllum kostnaði, assurance og fragt. Ef ætti að draga kostnaðinn frá og leggja að eins toll á það, sem kaupmaður segir að sé sitt hreina innkaupsverð, er hætt við að ágóðinn lækkaði, svo að landið gæti ekki búist við meiru en ca. 200 þús. kr. tekjum af verðtollinum í stað 300 þús., sem hefir verið látið í veðri vaka. Eg leyfi mér því að leggja til að fyrra atriðið í brt. sé *ekki* tekin til greina, en seinni liðurinn, að umbúðirnar séu teknar með, álít eg að sé til bóta.

Eg get ekki felt mig við orðalagið í 2. brt., að þau skip, sem siglt er hingað til lands, skuli vera undanþegin tollinum. Það getur vel komið fyrir, að af tveimur mótorbátum jafnstórum og af sömu gerð, sé öðrum siglt hingað til lands, en hinn hafður á þilfari stærra skips. Og það getur þó naumast verið meiningin, að af tveimur samkynja bátum, sem inn eru fluttir, skuli annar tollskyldur en hinn ekki, eftir því hve áræðnir sjómenn eiga í hlut.

Í 6. brt. er stungið upp á því, að gera tollheimtumönnum að skyldu að greiða innheimtumönnum sínum ómakslaun eftir nánari ákvæðum stjórnarráðsins. Þetta álít eg fyrir mitt leyti alt of handahófslega ákvörðun. Þarna er ekkert takmark sett; tollheimtumenn eru blátt áfram skyldaðir til að greiða það fé til tollgæzlu, sem stjórnarráðið á hverjum tíma álítur við þurfa, til þess að borga nægilegt eftirlit af hálfu hins opinbera.

Það má *hugsa* sér stjórnarráðið svo skipað, að það léti sér ekki fyrir brjósti brenna að heimta að lögreglustjórarnir borguðu að fullu þessa 3%, sem þeim eru ætlaðir í innheimtulaun eða jafnvel meira og fæ eg ekki séð betur, en að þetta ákvæði komi í bága við allar grundvallarreglur laga. Ef þessu væri breytt þannig, að stjórnarráðið mætti gera tollheimtumönnum að skyldu að borga innheimtumönnum einhvern takmarkaðan hluta af þessum 3%, væri það dálítil bót. En þessi innheimtulaun, 3%, eru naumast til skiftanna. Ef nokkurt viðunanlegt eftirlit ætti að vera, myndi ekki veita af að hafa til þess alt að 12%, af þessum tolli eða meira ef tollheimtumönnum er lögð sú skylda á herðar að greiða viðunanlegan part til umboðsmanna sinna.

Því meira sem eg hugsa um almenna factúrutollinn því fleiri annmarka sé eg á framkvæmd hans. Eg er viss um, að þó frv. þetta verði samþykt nú, getur það ekki staðið til lengdar. Það

er árangurslaust að setja takmarkið til 1915, svo lengi getur það ekki haldist vansalaust.

Guðlaugur Guðmundsson: Úr því að nefndin gengur að 1. brt. minni, þarf eg ekki að eyða orðum að henni. Eg skal taka það fram, að hún er alveg nauðsynleg, því annars gat tollheimtumaður átt á hætttu að vörurnar væri komnar í hendur óreiðumönnum áður en hann vissi af.

Hvað hinar tvær seinni brt. mínar snertir, þá verð eg að halda þeim fast fram.

Hæstv. ráðh. (H. H.) hefir bent á út í hvaða ófæru 6. brt. nefndarinnar muni leiða gagnvart tollheimtumönnunum. Eg leyfi mér því að leggja til að 5. brt. nefndarinnar sé feld og skilst mér að þar með falli niðurlag 6. brt. En jafnvel þó 5. brt. verði samþykt, verður þó að fella aftan af þeirri 6. þessi orð: »enda gjaldi hann« og til loka greinarinnar.

Eg vona, að menn séu ekki svo ófróðir, að þeir ekki sjái og skilji, að eftirlit og innheimta á þessum tolli yrði margfalt verri viðfangs og erfiðari heldur en eftir núgildandi lögum. Það munu flestir vita, að nú gera innheimtulaunin ekki betur en hrökkva fyrir þeim kostnaði og ábyrgð, er af innheimtunni leiðir. Fyrir ábyrgðinni má gera $^1/_2$%—$^3/_4$% og kostnaður verður $1^1/_2$% þó innheimtumönnum sé ekkert borgað. Eg er þó ekki frá því að í minni umdæmum geti hlutfallið verið annað. Þá reynslu hafði eg í Skaftafells-sýslu að þar borgaði minni upphæðin sig betur.

Hvað útflutningsgjaldið snertir, þá er það misjafnt í hinum ýmsu umdæmum, og það borgar sig yfirleitt betur heldur en tollarnir. Þetta er mín reynsla og eg vona, að menn trúi því sem eg segi í þessari grein; annars gæti eg fært skjallegar sannanir fyrir því. Eg verð að segja að þessir umtöluðu 3% eru miklu verri borgun fyrir innheimtu í þessum tolli heldur en þeir 2% sem nú eru greiddir.

Það er þó líklega ekki vísvitandi eða viljandi tilgangur þingsins, að níðast á þessari stétt embættismanna með því að taka af þeim laun og ætlast þó til að þessi störf séu samvizkusamlega unnin. Það er blátt áfram barnaskapur og vitleysa. Þessvegna álít eg rétt að láta orðalag 5. gr. halda sér, en bæta inn í 6. gr. 3% innheimtulaunum. Það var ekki eg sem upphaflega hreyfði þessu.

Það er eins og menn haldi að það sé léttir fyrir tollheimtumann að hafa umboðsmenn; að innheimtumenn hafi ekki annað að gera heldur en taka á móti peningum frá umboðsmönnum. Það sýnir hvað menn eru ófróðir í þessu efni. Innheimtumenn hafa sannarlega miklu meira að gera. Að vísu geta sumir umboðsmenn haft eftirlitið að miklu leyti sjálfir og gert glögga og góða skilagrein fyrir starfi sínu, svo að innheimtumaður þurfi ekki annað en að líta lauslega yfir það, til að sannfærast um að alt sé rétt. En þeir geta líka skilað öllu í molum og brotum, svo að innheimtumaður þurfi að fara sjálfur vandlega í gegnum alt saman og þverfóti ekki fyrir vitleysum. Og ef það er meiningin að leggja á innheimtumenn alla ábyrgð á því er umboðsmennirnir gera, þá er sú ábyrgð engu minni heldur en gagnvart gjaldendunum.

Mér finst það ekki rétt, að demba þessum störfum á embættismenn, sem eru öðrum störfum hlaðnir, þegar það verður þeim að fjárhagslegu tjóni. Eg get ekki séð að þingið hafi vald til að fara þannig ofan í vasa manna. Yfir höfuð er sú stefna ramvitlaus, að demba allri skrifstofulegri moldarvinnu á sýslu-

menn, í stað þess að það ætti að losa þau embætti við sem flest af því, sem truflað getur aðalstarfið, dómarastarfið. En þessi embætti eru nú brúkuð eins og nokkurskonar ruslakista fyrir allskonar sóðaverk, sem aðrir ekki nenna að vinna eða fást til að vinna, og svo eru þau launuð með eftirtölum, vanþakklæti og sleggjudómum.

Jóhannes Jóhannesson: Eg hefi nú hlýtt á mál manna um frumv. það, sem hér liggur fyrir og um farmtollinn og er ekki í neinum vafa um það, að báðir þessir tollar, farmtollurinn og vörutollurinn eru það neyðarúrræði, sem ekki gæti komið til mála að samþykkja, ef ekki væri svo brýn nauðsyn að útvega landssjóði tekna nú þegar sem er. Farmtollurinn af því, að hann er ósanngjarn í eðli sínu, verðtollurinn af því, að hann er svo erfiður í framkvæmd inni, í landi, sem enga sérstaka tollgæzlu hefir, að hætt er við að landssjóður fengi ekki það sem honum bæri að lögum. Þessir erfiðleikar á innheimtunni eru svo miklir, sérstaklega þegar um smásendingar og þá einkum póstsendingar er að ræða í samanburði við það sem landssjóður fær í aðra hönd, að mér finst með öllu ógerlegt að gera frv. það sem hér liggur fyrir að lögum. Hingað til Reykjavíkur koma póstsendingar í þúsundatali með einni póstskipsferð. Flestar eru þær mjög lítils verðar. Sumar ekki meira en krónu virði. Hversu mikið starf útheimtist ekki til að taka verðtoll af öllum þessum smásendingum, og hversu lítið er það ekki sem landssjóður ber úr býtum. Eða þá það ómak, sem það bakar móttakandanum, að verða að fara á pósthúsið og bíða þar tímum saman til þess að borga ef til vill ekki nema 3 aura. Þótt verðtollur væri yfirleitt á vörum, sem sendar eru með verðskrá, gæti að mínu áliti ekki komið til mála að hafa hann á póstsendingum, heldur yrði að vera á þeim sérstakur tollur eins og sá, sem gert er ráð fyrir í farmtollsfrumv.

Hins vegar er farmtollur — sá sem stungið er upp á í farmtollsfrumvarpinu — svo lágur, að hann verður ekki mjög tilfinnanlegur og bætir það stórum úr göllum þeim, sem á honum eru. Þar við bætist að kaupmönnum mun ekki detta annað í hug en að jafna honum þannig niður á vöruna að hann komi öðruvísi niður á kaupendunum.

Eg álít því miklu gerlegra að lögleiða hann og vona að hægt verði að ganga þannig frá honum á þessu þingi, að ekki sé frágangssök að greiða honum atkv. og lögleiða hann.

Lárus H. Bjarnason: Eg tek við þakklæti hæstv. ráðherra. En til þess að hann þurfi ekki að vera að spandera þakklæti til mín, skal eg leyfa mér að ráðleggja honum að fara að dæmi mínu og lesa þingtíðindin, kynna sér fyrst og fremst vandlega það, sem hann hefir sjálfur sagt, og þar næst það sem frsm. meiri og minni hluta nefnda hafa sagt. Eg hefi lengi gert þetta og þess vegna svo fljótur að átta mig á ummælum hæstv. ráðh 1911 og hrifsa þau niður í morgun. Deildarmenn munu lengi muna dóma hæstv. ráðherra um farmtollinn nú er þeir hafa verið mintir á þá, enda verður ekki annað sagt en að þeir séu fyllilega réttmætir.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði út af tilvitnunum mínum í álitsskjal milliþinganefndarinnar, skal eg geta þess, að verðtollur er miklu hægari til innheimtu sem allsherjartollur en sem tollur á einstökum vörum.

Hæstv. ráðherra þarf ekki að hrista höfuðið út af því og mun ekki gera það þegar hann íhugar það betur. Í factúrunum ægir öllu saman: striga, kaffi, silki, brennivíni o. s. frv., hverju innan um annað, og ætti því hver heilvita

maður að sjá, að það er hægara að líta á *eina* samlagða upphæð, samlagningarupphæð factúrunnar, heldur en að leita uppi einstakar vörutegundir og tolla þær. Þetta hljóta allir að sjá og ekki síst hæstv. ráðherra, jafn skýr maður og hann er. Svo að úr því að verðtollur er tiltækilegur tollur á einstaka vöru, manufaktúrvöru, hlýtur hann að vera enn tækilegri sem allsherjartollur.

Allir nema hæstv. ráðh. hafa tekið undir það, að verðtollurinn sé miklu sanngjarnari heldur en farmtollurinn. Sumir hafa aftur á móti fundið honum það til foráttu, að hann sé svo erfiður til innheimtu, en þó að nokkuð sé til í því, þá er hann þó léttari til innheimtu sem allsherjartollur heldur en tollur á einstökum vörutegundum.

Út af athugasemdum hæstv. ráðh. við brt. nefndarinnar skal eg geta þess, að það hefir aldrei verið meiningin að láta reikna toll af verði vörunnar eins og hún kostar hingað komin með öllum kostnaði. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra, að nefndin hafi miðað verðtollsupphæðina við það verð. Nefndin lét Georg Ólafsson cand. polyt. reikna út verð á innfluttum vörum bæði eftir útsöluverði og hreinu innkaupsverði, og niðurstaðan varð sú, að 1906—1910 að báðum árum meðt. hafa aðfluttar vörur numið að meðaltali 10,675,000 kr. eftir hreinu innkaupsverði.

Annað mál er það, að vel má vera að fult eins rétt væri, að leggja toll á vöruna eins og hún kostar hingað komin með umbúðum. Eg fyrir mitt leyti mundi geta sætt mig við það, og við það mundi tollurinn hækka um hérumbil 40,000 kr.

Eg hugsa sem sé að viðbótarkostnaður á allri útlendri vöru sem hingað flyzt, frá því að hún er keypt í útlöndum og þangað til hún er komin hér á land, muni nema um eða yfir 1,400,000 kr. —

Út af athugasemd hæstv. ráðh. við 2. brt. skal eg geta þess, að það var ekki tilætlun nefndarinnar að undanþiggja öll þau skip, sem keypt eru erlendis, heldur þau ein, sem siglt er *sjálfum* hingað til lands, þannig að t. d. ef einhver kaupir mótorbát ytra og kemur á honum hingað að sumri til, þá er báturinn tollfrjáls, en láti hann flytja bátinn hingað á skipi að vetrinum, þá er á honum tollur. Þetta er eg búinn að skýra og hæstv. ráðh. mundi ekki hafa farið að fetta fingur út í það, ef hann hefði hlustað á mig, en hann var víst ekki viðstaddur.

Aths. hans um 6. brtill. nefndarinnar held eg að hafi verið gerð svona til gamans, til þess að sýna hve ágætur »advocat« hann getur verið. Hann bjóst við einhverju stjórnarr., sem mundi heimta meira af tollheimtumönnum til launa handa umboðsmönnum þeirra, en þá 3 af hundraði, sem ætlaðir eru til tollheimtunnar allrar. Þetta hefir víst engum dottið í hug nema honum; hitt virðist sanngjarnt, samanborið við kaup tollheimtumanna, að umboðsmenn fái einhvern hluta af innheimtulaununum, og bjóst nefndin við því að það færi ekki fram úr 1%. Hitt hlýtur að vera gaman hjá honum, að tollheimtugjaldið ætti að vera 12—13%, enda hefir mér skilist á 2 lögreglustjórum hér í deildinni að 3% mundi nægja.

Hann endaði ræðu sína á því, að eftir því sem hann athugaði þetta frv. betur, eftir því sæi hann á því fleiri galla. Það má vel vera, enda höfum við aldrei ætlast til þess, að þetta yrði neitt fyrirmyndar frv., heldur að eins bráðabirgðahjálp til þess að auka tekjur landssjóðs. Eg held því nú reyndar fram, að landssjóði bráðliggi ekki á neinum auknum tekjum, og get eg þar skýrskotað til

orða hv. fyrv. ráðh. (hann ber á móti, ef eg fer rangt með), en af því að eg lagðist á móti kolafrv. skattanefndarinnar, þóttist eg skyldugur til að benda á eitthvað annað, sem komið gæti í staðinn. Það hefi eg gert. Þingið ræður hvort það vill taka þeirri bendingu, og eg mundi ekki taka mér það nærri þó að það gerði það ekki, en fari svo, þá get eg hugsað að torsótt verði að finna annnað, sem samþykt verði með ljúfara geði hér í deildinni.

Vinur minn, hv. þm. Ak. (G. G.) var að sanna, að minsta kosti fyrri hlutann af lýsingu minni á honum á dögunum, sem sé að hann geti verið nokkuð hávær stundum. Eftir því sem honum sagðist frá, hefir honum reynst tollheimtan all-örðug öðrum fremur. Að minsta kosti varð hún mér ekki jafnörðug, og átti eg þó því láni að fagna að verða sjaldan fyrir því, að verulegar athugasemdir væru gerðar við starf mitt. Eg hafði það svo, að eg tók við tollseðlunum sjálfur í Stykkishólmi og vottorði skipstjóra um að ekki væru afhentar fleiri tollskyldar vörur, en þar var greint. Síðan lét eg kaupmenn gefa vottorð um hvað þeir hefðu fengið, og bar svo saman við tollskrá. Bæri nokkuð á milli, fór eg aftur til kaupmanns skoðaði factúru hans og bar hana saman við vottorðið, og skrifaði svo upp á þau að þau væru rétt, ef svo var, og að þessu var aldrei fundið. Utan Stykkishólms lét eg hreppstjóra safna tollskjölum og senda mér. Þetta var ofboð hægt, og þessi nýja innheimta, sem frumv. gerir ráð fyrir, verður ekki svo fjarska miklu örðugri — dálítið örðugri auðvitað, en í notum þess eiga líka tollheimtumenn að fá 1% hærri innheimtulaun en nú gerist, launin með öðrum orðum þriðjungi hærri fyrir þetta.

Eg er þakklátur hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.). Hann kannaðist við það, eins og allir hljóta að gera, sem sannsýnir vilja vera, að verðtollurinn væri sanngjarnari en farmgjaldið. Hins vegar er eg honum ekki samdóma um það, að farmgjaldið sé jafn auðvelt til innheimtu og hann vildi vera láta. Hvað verður úr innheimtuhægðinni ef farmskrá vantar eða reynist röng. Farmgjaldið hefir enn alla sömu aðalgalla, sem það hafði 1911. Þá get eg verið þakklátur hv. þm. fyrir það, að hann vill þó að verðtollurinn komist héðan úr deildinni. *(Jóhannes Jóhannesson:* Það vil eg ekki, eg er á móti frumvarpinu). Þá tek eg þær þakkir aftur. Eg hafði skilið hv. þm. á hinn veginn og bið forláts, að eg hefi ætlað hann betri en hann er.

Ekki er það fyllilega rétt, sem hv. þm. fann frumv. til foráttu út af póstsendingunum. Eg hefi nýlega talað við einn af kaupmönnum þessa bæjar, sem skiftir mikið bæði við öll Norðurlönd, Þýzkaland, England, Frakkland o. fl. Hann sagði mér að víðast hvar gilti sama reglan, sú, að við sjálft fylgibréfið með póstsendingunni væri fest annað fylgibréf, sem skýrði frá því, hver varan væri, hve þung og hvað hún kostaði. Eg hefi hér í höndum tvö slík bréf, annað sænskt og hitt þýzkt, og og maðurinn sem lánaði mér þau, fullyrti að sama væri aðferðin í Frakklandi og Englandi *(Bjarni Jónsson:* Menn fá ekki að senda póstsendingar frá Þýzkalandi nema svona). Það er rétt, og svona er það alstaðar. Maðurinn fann ekki fleiri af þessum bréfum í svipinn, en nú geta menn séð þessi tvö og sannfærst af þeim um það, að eftir þessu verður ekki eins örðugt að eiga við póstsendingarnar, eins og hv. þm. vildi hálda fram. Ekki er það rétt heldur, að það sé oftast lítils virði af vörum, sem sent er í póstinum. Það eru til kaupmenn, sem aldrei fá

neinar vörur nema gegnum póstinn. Þannig flyzt t. d. mest af skófatnaði hingað. Jafnvel ein af stærstu verzlunum þessa bæjar fær allar sínar vörur sendar þannig.

Eg býst nú við að hv. þm. hafi fengið nóg. Þeir hafa nú ekki annað að gera, en að átta sig á því, hvort frv. er ekki þess vert, að hv. Ed. fái að sjá það. Þótt það sé ekki neitt fyrirmyndarfrv., þá gerir það ekki svo mikið til. Hún er viss með að bæta það, lengi getur gott batnað, og svo fáum við að sjá hvað úr því verður.

Framsögum. meiri hl. (Pétur Jónsson): Eg hefi athugað br.till. á þgskj. 241, og get eg ekki felt mig við tvær hinar síðari. Eg skal ekki segja hvort þessi 3%, sem nefndin hefir stungið upp á að gjaldið verði, muni hrökkva eða vera sanngjarnt í samanburði við þau innheimtulaun, sem nú gerast, en eg verð þó að álíta þau sæmileg, og skil ekki hví þau geta ekki verið það eins fyrir því, hvort sem lögreglustjórinn hefir fyrir sig löggiltan umboðsmann, eða ekki. En eftir þessum till. fer út á það, að umboðsmennirnir verða að fá sérstök laun, þrátt fyrir það, þótt innheimtulaun lögreglustjóra hafi verið hækkað úr 2% upp í 3%. Þetta get eg ekki felt mig við. Og að þessir umboðsmenn fái ekki annað fyrir starfa sinn en 1%, en lögreglustjórar stingi hinu í vasa sinn, er bersýnilega ranglátt. Sú fyrirhöfn sem eykst á, fram yfir það sem nú er, kemur nær eingöngu niður á umboðsmönnunum einum, og það er ekki erfiðara fyrir lögreglustjóra að hafa eftirlit með og endurskoðun á þessu, en nú er. Eg get ekki séð betur, en að þetta sé ljóst, þar sem umboðsmennirnir framkvæma starfið og lögreglustjóri verður sjálfur í fæstum tilfellum viðstaddur. Eg hugsa nú reyndar að það megi fá einhverja til þess að framkvæma þessi umboðsstörf, þótt það sé ranglátt að þeir fái svo lítinn hluta af þessum háu launum, því að menn eru löngum lítilþægir á aurana, en þá gerir það líka enginn maður nema með hangandi hendi. Samvizkusamir menn taka það ekki að sér. Þetta er nú það sem eg hefi á móti þessum brt. Svo vildi eg, áður en málið fer úr deildinni, geta þess, að eins og áður hefir verið á minst, greindi mig á um það við háttv. meðnefndarmenn mína um það, að eg vildi miða við verð vörunnar, þegar hún er komin hingað á höfn. Eg varð nú í minni hluta með þetta og kaupmannaráðið réð líka til hins gagnstæða, og hefi eg þá ekki sett mig upp á móti þessu, eða komið með br.till. Nú er annað frv. á ferðinni, þar sem gert er ráð fyrir því, sem eg vildi miða við, og þess vegna hefi eg þann fyrirvara, að eg verð með því ákvæði þess, ef það gengur fram, þótt eg hafi ekki viljað gera glundroða í þessu frv. með br.till.

Enn vildi eg víkja dálítið að umræðunum um skattamál, bæði hér í deildunum og utan þings. Alstaðar er fárast um það, hve hagur landssjóðs sé bágur, og það er ekki ofsögum sagt af því, að hann þarf að bæta, bæði með tilliti til vínfangatollsins, sem nú hverf- og enda hvort sem er. En mér blöskrar alt þetta vandræða tal. Allar uppástungur, sem fram hafa komið til þess að bæta fjárhaginn, hafa fengið þann dóm, að þær séu óhafandi. Yfirgnæfandi meiri hl. virðist vera á móti þeim, hverri um sig, að minsta kosti í orði kveðnu. Eins og kunnugt er hitta menn á það, að tolla munaðarvörur, og því hefir verið haldið áfram og þeir tollar síauknir, þangað til komið er að takmarkinu. Þá eru beinir skattar. Jú, bæði eg og margir aðrir mundum vilja þá, en þeir eru lágir, og afla því ekki landinu sérlega mikilla tekna. Að færa

skattamálin í líkt horf og annarstaðar gerist meðal mentaþjóðanna hefir stjórnin aldrei treyst sér til, og tillögur um það hafa átt formælendur svo fáa, að að enginn hefir einu sinni þorað að bera þær fram á þinginu, svo langt er frá því, að þær hafi haft byr. Svo kom farmgjaldið í fyrra, og flestir voru á því, að það væri hreint óhafandi, enda hygg eg fullsannað að það fullnægi ekki neinum þeim kröfum, sem gerðar verða til gjalds, sem á að vera aðalstoð landssjóðs. Og svo er þessi verðtollur. — Jú, hann fekk 14 atkv. hér í deildinni síðast og eg vona að hann fái það aftur nú, en með samvizkunnar mótmælum held eg að það sé hjá mörgum, og það sem aðallega heldur verndarhendi yfir honum, hygg eg sé það, að honum er ekki ætlað að vera nema rétt til bráðabirgða. Svo er nú á ferðinni kolatollur í efri deild, og held eg að flestum þyki hann afskaplega ósanngjarn. Reyndar legðist hann nokkuð á útlendinga, en svo auk þess nær eingöngu á fáa útgerðarmenn, og undarlegt mætti það heita, ef kolin ein ættu að geta hjálpað, og það hygg eg að varla komi heim og saman við nokkra skatta-»theóríu« í öllum heimi.

Þá kem eg enn að einu, og það er einkasala. Allir eru víst sammála um það, að landið sjálft sé ekki fært um að taka hana að sér, og það gerir það að verkum, að flestir eru mótfallnir þeirri leið, því að ef marka má það sem menn hafa látið til sín heyra í blöðum og annars staðar um þær till., sem fram hafa komið í þessa átt, þá telja menn alment að það, að selja einkasöluleyfi á leigu, mundi verða hér um bil sama sem einokunin gamla. Þetta hefir fengið lítinn byr, sjálfsagt miklu minni en rétt væri, en það gerir þó það að verkum, að ekki getur komið til mála að fara þá leið. — Nú bið eg menn að athuga það, hve margar leiðir enn muni vera ótaldar. Allar — nema sú, sem þegar hefir verið farin til fulls — hafa verið taldar ófærar, *nema ef* þessi, sem nú er hér til umræðu, kynni nú að geta flotið til Ed., og það er undarlegt, ef engin af þeim leiðum sem veröldin notar, og minst hefir verið á, ætti að vera brúkleg. Alt á að vera ómögulegt, eða neyðarúrræði, og eg skil ekki í því, að mönnum skuli ekki þykja skömm að því hreint og beint, að láta alt af þennan hljóm klingja. Eitthvað af þessu hlýtur að vera þvogl, og einhverja leið verður að fara.

Matthías Ólafsson: Eg skal ekki fara langt út í fjárhag landsins alment, hversu bágur hann sé. En flestum kemur saman um að hann sé mjög lélegur og eg hefi fyrir satt að ekki sé til fé til að standast allra nauðsynlegustu útgjöldin. Enda var það í þingbyrjun nú talið eitt aðalstarf þessa þings að ráða bót á fjárhagsvandræðunum. Nú hefir á undanförnum árum hver millilþinganefndin eftir aðra verið skipuð til að koma með tillögur um það hvernig auka skuli tekjur landssjóðs, en þær hafa engu komið fram, þjóðin hefir ekki viljað fallast á uppástungur þeirra; og þó hafa í þeim setið okkar beztu menn. Þetta hlýtur því að enda með því að eitthvað örþrifaráð verður tekið, enda eru bæði þessi frv., sem hér er milli að velja, hreinustu örþrifaráð. Samt sem áður verð eg að telja verðtollinn margfalt betri en farmtollinn. Að vísu er sá galli á honum, að hann hækkar því hærra sem verð er á vöru í útlöndum, en það er líka eini gallinn á honum, að því er mér virðist. Mér virðist ekki mikið gerandi úr erfiðleikunum á að innheimta hann. Það mundi verða fremur auðvelt og ekki miklu erfiðara en

tollinnheimta er nú. Tollheimtumennirnir þurfa ekki annað en líta á þær upphæðir sem á reikningunum standa og reikna tollinn út eftir þeim. Ef til vill væri haganlegra að reikna tollinn af bráttóverði vörunnar (cif), það er að segja og innkaupsverði að meðtöldum kostnaði og fragt, því þá þarf ekki að líta nema á eina upphæð, en þá yrði líka að lækka tollinn, því að það munar mikið um kostnað og fragt, en með því móti yrði hins vegar eftirlitið og innheimtan auðveldara. Eg get ekki skoðað það fé tapað landsmönnum eða á glæ kastað sem í landssjóð fer, jafn vel þó það sé tekið frá fátæku fólki. Því að með því fé á landssjóður að hlaupa undir bagga með mönnum þegar þess þarf og styðja atvinnuvegi landsmanna.

Ekki álít eg heldur mikið gerandi úr þeirri mótbáru að erfitt sé að heimta inn toll af póstsendingum. Bæði er það að þeim fylgja svo mörg skilríki sem styðjast má við, og auk þess er mest af því sem sent er með pósti, sent með eftirkröfu, er sjá má verð vörunnar af. Mér blandast ekki hugur um það, að verðtollinn beri að taka fram yfir þungatollinn; eg þykist geta dæmt um það af margra ára reynslu við verzlunarstörf, að hann muni koma miklu réttlátar niður. Tollheimta hefir undanfarið um alt land verið eins og hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) lýsti henni, og eg hygg að ekki hafi verið mikil vanhöld á tolli hingað til, og býst eg við að sama muni verða reynslan framvegis. Það getur hugsast að einhverir, einkum þeir sem eru bæði sendarar í útlöndum og móttökumenn hér, muni reyna ýmsar brellur til að draga vörur undan tolli, en hins ber og að gæta að þeir eiga á hættu að fara í hegningarhúsið ef slíkt sannast um þá, og munu þeir, sem einhvers meta mannorð sitt, kynoka sér við að leggja í þá hættu. Eg held því að ekki sé ástæða til að óttast mikil vanhöld á þessum verðtolli. Auk þess er ekki ætlast til að þessi tollur standi nema um stundarsakir, til reynslu fyrst um sinn. Af öllum þessum ástæðum mun eg greiða atkvæði með verðtollsfrv., en falli það, þá mun eg þó greiða farmgjaldsfrumv. atkv. mitt. Því að það mundi eg álíta hörmulegt ef við færum nú aftur heim í sveitir án þess að hafa samið og samþykt neitt skattafrv., eftir að við höfum komið saman hér með þeim aðalásetningi að ráða bót á fjárhag landsins.

Framsm. minni hlutans (Björn Kristjánsson): Eg hafði ekki hugsað mér að standa upp við þessa umr., en eg neyðist þó til þess vegna tveggja atriða sem komið hafa fram í ræðum háttv. þm. í dag.

Annað atriðið var í ræðu hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.). Hann benti á það hvernig farmgjaldsfrv. mínum hefði verið tekið á undanförnum þingum, meðal annara af hæstv. núv. ráðherra (H. H.). Eg get að nokkru leyti kent sjálfum mér um það hvernig viðtökur hin fyrri frv. mín hafa fengið, því að eg hefi aldrei skýrt þetta mál eins ítarlega og nú. Í annan stað ber þess að gæta, að nýmælum er venjulega illa tekið í fyrstu, jafnvel þó þau séu góð; menn þurfa allflestir langan tíma til að átta sig á þeim. Nú fyrst, eftir svo langan tíma og svo mikla fyrirhöfn af minni hálfu, er eins og sumir þingmenn séu farnir að sjá *kjarna* þessa máls. Eg get því ómögulega áfelst hæstv. ráðherra eða aðra sem voru í byrjun á móti því, en eru nú að snúast á sveif með því.

Hitt atriðið var að háttv. 1. þm. Rvk vitnaði í, og sýndi fylgibréf frá Þýzkalandi sem sönnun þess, að á þeim stæði ávalt tiltekið verðmæti vörunnar, er mætti heimta tollinn eftir. Þetta er misskilningur. Það er engin trygging

fyrir fyrir því að þó verð sé gefið upp á bréfinu, þá sé það hið sanna verð vörunnar, heldur heimtar pósthúsið að *eitthvað* verðmæti sé tiltekið, ef sendingin er send sem ábyrgðarsending, sem hægt sé að miða skaðabæturnar við ef böggullinn týnist. Að öðrum kosti væri ekkert til að halda sér við; eigandi, bögguls sem týnist, kynni að heimta alt of háar skaðabætur. Pósthúsið borgar þá tilteknu upphæð, án þess nokkur sönnun sé fyrir því að hún sýni hið sanna verðmæti vörunnar. Eins er með peningabréf. Innheimtan gæti því orðið pósthúsinu afar erfið eins og margoft hefir verið tekið fram. Það væri mikil fyrirhöfn að láta meta mikinn hluta af póstsendingum, en það er hætt við að ekki verði hjá því komist vegna þess að oft fylgja engir reikningar með sendingunum, sem kemur til af því meðal annars, að flestar gjafir hingað til landsins eru sendar gegnum póstinn.

Háttv. þm V.-Ísf. (M. Ó.) vil eg benda á það, að hann mundi vera kominn að annari niðurstöðu nú ef hann hefði fylgst með meðferð þessa máls á undanförnum þingum. Hann hefir ekki haft nægan tíma til að átta sig á því ennþá. En þó vorkenni eg honum minna að skilja þetta mál en þingmönnum á undanförnum þingum, því að nú er málið miklu betur skýrt en nokkru sinni áður. Hann vildi taka verðtollinn af brúttóverði vörunnar. En hversu mikið ómak hefði það ekki í för með sér fyrir tollheimtumenn? Þá vil eg taka það fram að vigt með umbúðum stendur sjaldan á innkaupsreikningum, nema hún sé borguð fyrirfram, sem sjaldnast er. Þar sem svo er, á smástöðum eins og t. d. Dýrafirði, þar er auðvitað vandalaust að sjá fragtina. En það er heldur ekki nema á smástöðum sem fragtin er tekin fyrirfram. Hér í Reykjavík er hún *aldrei* borguð fyr en eftir á, og hér yrði afar mikið erfiði fyrir bæjarfógeta að heimta inn tollinn, ekki síst þar sem ætlast er til að hann fari heim til kaupmanna til að sækja reikningana. Hann mundi sennilega verða að fara minst tvær ferðir og oft fleiri til þeirra, því að fragtreikningurinn kemur aldrei strax eftir að skipið er komið, heldur nokkru seinna. — Hversu margar póstsendingar eru sendar með eftirkröfu má fá upplýsingar um á pósthúsinu. Eg veit að þær eru sárfáar. Og enda er líka annar ókostur á þeim; þær gefa ekki upp *innkaupsverð* sendingarinnar heldur eina upphæð þar sem reiknaður er með allur kostnaður. Eg er þakklátur hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) að hann vill greiða þungagjaldsfrv. atkv. upp í Ed. Það er rétt að hún fái bæði frv. til athugunar þar sem svo stendur á að hér er því sem næst helmingur deildarinnar með hvoru.

Matthías Ólafsson: Að eins örfá orð til að leiðrétta það sem hv. frsm. minni hl. (B. Kr.) sagði. Hann sagði að póstsendingum fylgdi ekki uppgjöf um hið nákvæma verð vörunnar, heldur væri gefið upp það verð sem póststjórnin á að borga ef sendingin tapast. Það er rétt, en það verð sem gefið er upp, mun í flestum tilfellum vera hærra en verðmæti vörunnar, svo að ekki er það verra. Það er ekki rétt að lítið sé sent gegn eftirkröfu í pósti; mér er kunnugt að það er mjög mikið.

Hv. þm. hélt að fragt stæði ekki á factúru nema yfir vörusendingar til smástaða eins og Dýrafjarðar. Eg ímynda mér að fraktin standi á öllum factúrum frá Danmörku. Hitt er aftur rétt að fraktreikningur fyrir vörur frá Leith kemur oft ekki fyr en eftir á. Þá verða menn að eiga það undir ráðvendni manna að þeir segi rétt til. Annars má oft reikna út hversu mikil fraktin muni vera t. d. af svo og svo mikilli sendingu af járni, en auðvitað er réttara að

biða eftir reikningnum. Það verður að minu áliti handhægra í flestum tilfellum að reikna tollinn af brúttóverðinu, því að oftast mun, eins og eg sagði, frakt og kostnaður standa á factúrum og þá þarf bara að líta á eina aðalupphæð; hitt tekur altaf dálítinn tíma að draga umboðslaun og allan kostnað frá, til að fá út innkaupsverðið.

Eg get vel hugsað mér að verðgjaldið verði ekki svo mjög óvinsælt, og að það geti staðið lengur en til 1915. Þetta frv. yrði ekki verra í framkvæmdinni en núgildandi tollög. Og látum vera að eitthvað hafi hingað til tapast fyrir tollsvik, þá er hitt þó víst, að landssjóður hefir með tollum fengið afarmikið fé með lítilli fyrirhöfn og litlum tilkostnaði.

Guðlaugur Guðmundsson: Hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hefði ekki þurft að lesa upp fyrir mér þetta fyrsta barnastafrof allrar tollheimtu. Hann hefði heldur átt að tala um vafaatriðin og erfiðleikana við tollheimtuna, einkum hvernig hægt sé að forðast þá áhættu og ábyrgð sem á tollheimtumönnum hvílir í stórum umdæmum.

Nú eru 6 ár síðan hinn hv. þm. var sýslumaður og á þeim 6 árum hefir tollheimtan aukist afar mikið og breyzt, einkum fyrir þá sök að innflytjendum á tollskyldum vörum hefir fjölgað mjög mikið. Áður fluttu engir inn vörur, jafnvel í fjölmennum umdæmum, nema stærri verzlanir og einstöku efnamenn, sem engin hætta var á að tollur tapaðist. En á síðari árum hefir þotið upp sægur af smáverzlunum sem panta tollvörur, og auk þess eru hinir og þessir, ef til vill sumir miður ráðvandir menn, farnir að panta fyrir sjálfa sig og aðra og hefir þetta gert tollheimtuna ógreiðari og áhættumeiri en hún var áður. Þegar eg var sýslumaður í Skaftafellssýslu fyrir 8 árum, þá nægði mér sú aðferð sem hv. 1. þm. Rv. lýsti, og var innheimtan þar áhættulítil og borgaði sig. En alt öðru máli gegnir um umdæmi þar sem mörg kauptún eru auk aðsetursstaðar sýslumanns, eins og er í stærri umdæmunum, Ísafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Norður-Múlasýslu. Sennilega er tollheimtan viðsjálust í Eyjafjarðarsýslu; sérstaklega eykur Siglufjörður erfiðleikana því að umsetningin þar er afarmikil, og hann er mjög erfiður viðfangs að því er snertir tollgæslu. Á þessum stöðum kæmist sýslumaður ekki langt ef hann kynni ekki meir en stafrofið sem hv. 1. þm. Rv. þuldi upp. En það hefir nægt honum fyrir 6 árum í Snæfellsnessýslu, því þar og þá var tollheimtan miklu auðveldari.

Út af orðum hv. þm. S.-Þing. (P. J.) vil eg taka það fram, að ekki er rétt að gera ráð fyrir að rannsókn lögreglustjóra lendi á umboðsmönnunum. Eg er sannfærður um að svo mun ekki reynast í framkvæmdinni. Reyndin mun verða sú, að umboðsmennirnir taka á móti því sem að þeim er rétt; þeir geta ekki annað gert. Í stórum umdæmum verður aðferðin sú, að skip sem flytur tollskyldar vörur skilar þeim skjölum sem tollinn snerta fyrir alt umdæmið á aðsetursstað sýslumanns. Þess vegna fá umboðsmenn ekki í hendur þá lista sem fyrst verður að byggja á, þá lista sem sýna hverjir fái sendar vörur. Ef skipið hefir fasta ferðaáætlun, og einkanlega ef símasamband er við aðsetursstaði umboðsmannanna, þá getur lögreglustjóri gert þeim aðvart undir eins og hann hefir fengið listana frá skipstjóra, hverjir eigi vörur með skipinu í hverju kauptúni og geta þá umboðsmennirnir gengið eftir factúrunum. En mjög oft verður þessu ekki við komið. Það kemur oft fyrir að skip koma bara á einn stað í umdæminu, senda skrá eftir manifesti í land og fara svo frá landi. Þá legst

ábyrgðin á aðalinnheimtumanninn en ekki á umboðsmennina. Það er því skakt að umboðsmennirnir létti svo verulega miklu erfiði af lögreglustjórum og ábyrgð hans er sú sama. Eg álít því eins og eg hefi bent á fyr, að 2% borgun af núverandi tolli er betra en 3% af þessum tolli.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði að ekki þyrfti annað en að »líta á reikningana«. Það er skakt. Fyrst er að fá upplýsingar um það, hvar eigi að leita reikninana uppi; svo er að smala þeim saman, ganga til hvers manns, því fæstir munu koma með þá ótilkvaddir. Síðan er að bera saman skrána og reikningana, því að margir kaupmenn fá fleiri factúrur en eina með sama skipi, og er því nauðsynlegt að tryggja sér að engri sé stolið undan. *(Matthías Ólafsson:* En vottorðin). Sá sem stelur undan horfir ekki í æru og samvizku.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla að eins að svara hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) nokkrum orðum. Hann sagði að frumv. sitt hefði ekki fengið eins góðar undirtektir á fyrri þingum og nú og mundi það vera vegna þess, að hann hefði aldrei skýrt málið eins vel og nú. Þetta finst mér nú ekki vera neitt sérlega sannfærandi, því hér sannast að eins hið fornkveðna, að »hverjum þykir sinn fugl fagur«.

Hvað snertir breytingu frv. er það að segja, að 13 greinar eru óbreyttar af 15; aðalbreytingin er sú, að undirflokkunum er slept.

Annars stóð eg aðallega upp til að mótmæla því, að lítið eða ekkert væri byggjandi á verði því, er skráð væri í fylgibréfum með póstsendingum frá útlöndum. Póstfylgibréfinu fylgir sérstakt bréf. Eg hefi hér eitt bréf í höndum frá háttv. þingm. á þýzku. Það er fest við póstfylgibréfið og kallar sig *Zollinhaltserklärung* og á því stendur meðal annars stuðull bæði fyrir *verð* og *þyngd*. Til viðvörunar er prentað með feitu letri í athugasemd á fylgibréfinu: *Die aus mangelhafter oder unrichtiger Abfassung der Zollinhaltserklärungen entstehenden Folgen fallen dem Absender zur Last*, á íslenzku: »*Sendandi verður að taka þeim afleiðingum sem leiða af því, að tollskýrslan er röng eða henni áfátt í einhverju*«. Verðið, sem í bréfið er sett er því ekkert handahófsverð, heldur miklu fremur nokkurs konar ábyggingarverð, en það verð samsvarar aftur á móti hjá flestum sannverði. Svona eru eigi að eins þýzkar póstsendingar heldur allra þjóða póstsendingar útbúnar, og sér hver maður að verðtilsögnin á bréfinu mundi í flestum ef ekki öllum tilfellum jafngilda kaupreikningi.

Hv. þingm. Ak. (G. G.) þarf ekki að svara mörgum orðum. Þó vil eg út af lýsingu þm. á erfiðleikum á innheimtu þessa gjalds og áhættu lögreglustjóra, leyfa mér að benda á, hvernig eg hefi hugsað mér að gjaldheimtunni mætti koma fyrir. Eg hefi hugsað mér, að tollheimtumenn hefðu eyðublöð undir vottorð, sem þeir afhentu til undirsrkiftar áður en þeir skoðuðu kaupreikninginn, bæru síðan vottorðin saman við kaupreikninginn og bættu loks við á vottorðin þeim athugasemdum, sem skoðun reikningsins kynni að hafa gefið tilefni til. Þetta yrði hvorki erfitt fyrir tollheimtumenn, né áhættusamt.

Framsm. minni hlutans (Björn Kristjánsson): Vegna þess að háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) var svo kurteis að lesa upp áritunarbréf sem eg lánaði honum, þá vil eg leyfa mér að lesa það upp á íslenzku:

»*Til athugunar.*

1. Það er í öllu falli sök þess er sendir, að kynna sér nákvæmlega hvort hinir sendu hlutir megi innflytjast á viðtökulandinu og hvort þeir

megi láta þá ganga til millimanna. Það hvíla á sendandanum *allar afleiðingar af því ef tollvottorðið er ónákvæm lega eða rangt til búið.*

2. Tollvottorðið verður að vera í *tvennu lagi* fyrir pakka og kassa *þegar er tiltekið* og má skrifa þau á *grænan pappír* ef verð er ekki ákveðið á pökkunum«.

Allir sjá hvað meint er með þessu. Ríkið vill enga ábyrgð hafa á því, hvað sendandi gefur upp að sé í pökkunum. Sendandi verður sjálfur að bera ábyrgð á því sem hann segir að sé í þeim. Og þar sem ráð er gert fyrir því, að ekkert verð sé gefið upp, þá getur vottorðið ekki verið til leiðbeiningar tollheimtumönnum. Svo vil eg bera það undir háttv. þingmenn, hvort ekki sé rétt þýtt.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal ekki deila við þingmanninn, en að eins geta þess að hann hefir ekki séð það sem stenur letrað á bréfið með feita letrinu leyfi eg mér að eins að skora á háttv. þm. að hann gefi þinginu þetta fylgibréf, svo að það geti fylgt ræðum okkar sem sönnargagn. Að vorum lögum er hegningarvert að gefa ranga skýrslu um málefni sem varða hið opinbera, hvort heldur um tollheimtu er að ræða eða annað, og svo er það og að allra þjóða lögum, sem eg þekki, enda er auðsjáanlega bent til þess í athgr. á þýzka fylgibréfinu sem eg las upp.

Ráðherrann (H. H.): Mér virðist það liggja í augum uppi, að verð það, sem tilgreint er í þessum svonefndu tollyfirlýsingum er að eins vátryggingarverð það, sem sendanda þóknast að fá endurgoldið af póststjórninni, ef sendingin týnist. Alveg á sama hátt og vér hér á landi getum sett á bögla það verð er oss sýnist. Vér verðum að eins að greiða burðargjald og tryggingargjald að því skapi. Það er því alveg óheimilt eftir frumv., að byggja á því verði gagnvart öðrum upplýsingum um, hvað sendingin í raun og veru hafi kostað í innkaupi. Hér getur vel verið að eins um svo nefnt »affections«-verð að ræða.

Það er alveg villandi sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði, að farmgjaldsfrv. 1911 hefði verið eins og frv. um farmtoll er nú, þó að toga megi svo og teygja, að flokkarnir séu hér um bil jafn margir. Nú er flokkunin mjög einföld, einn aðal flokkur, sem flestallar vörur falla undir, og fáeinar undantekningar. En þá var kirfilega raðað niður fjölda af vörutegundum í hvern flokk og þeim ekki sem skyldustum sín í milli. Flokkarnir voru sjö. Í 1. flokki voru 17 tegundir, í 2. fl. voru 30 teg., í 4. fl. voru 27 teg., í 5. fl. 15 teg. og svo auk þessara aðalflokka voru margir undirflokkar. Það leiðir af sjálfu sér, að slíkt var miklu umsvifameira, erfiðara viðfangs og óviðfeldnara í alla staði, heldur en frv. er nú, eins og það liggur fyrir þingdeildinni.

Lárus H. Bjarnason: Að eins fáein orð til svars hæstv. ráðherra, þó þess sé í rauninni engin þörf, því, eins og allir vita, þá hættir honum oft við að tala óhugsað þegar um kappsmál hans er að ræða, eins og líka sýnir sig, þar sem hann hefir ekki einu sinni séð fylgibréfið, sem við hv. þm. G.-K. (B. Kr.) höfum verið að karpa um. Á fylgibréfinu stendur ekki að eins þyngd vörunnar heldur einnig verð hennar og það er sannverð eins og hæstv. ráðherra og kannaðist óbeinlínis við, þar sem hann sagði að verðið væri sett á bréfið, til upplýsingar því sem póststjórnin ætti að greiða ef sendingin færist, með öðrum nokkurskonar vátryggingarverð, eins og allir vita fer það og sannverð hjá flestum saman.

Ekki hefi eg sagt að farmgjaldsfrumv. nú væri eins og það í fyrra, heldur það, að af 15 greinum væru 13 eins; aðal-

flokkarnir væru 7, en undirflokkunum slept og þetta er laukrétt. Eg ætla að leyfa mér að telja flokkana upp:

1. flokkurinn, 1 kr. fl., nær til allrar vöru, sem ekki er sérstaklega nefnd. *2.* fl., 25 aura fl., er kornvara, jarðepli m. fl. *3.* fl., 10 aura fl., er steinolía m. fl. *4.* fl. er kol. *5.* fl. er salt. *6.* fl. er trjáviður m. fl. *7.* fl. er póstsendingar og *8.* fl. mætti jafnvel telja þær vörur, sem undanþegnar eru öllu gjaldi.

Þó að hæstv. ráðherra áliti nú þessa flokkaskiftingu nægilega trygga, þá hugsa eg nú samt að hægt væri að stinga vörum úr krónu flokknum innan í vörur úr ódýrari flokkum, eða í tollfrjálsar vörur, ekki því að gleyma að vöruskrá getur vantað eða hún verið röng og hvar stendur landssjóður þá? *(Björn Kristjánsson:* Það mundi ekki borga sig). Nei, auðvitað ekki, það borgar sig ekki, rétt á litið, að brjóta lögin, en þeir sem hafa tilhneigingunu til þess, gera það nú samt, og reiðir sumum hverjum full vel af. Eg verð þess vegna að halda því fram, að tollsvik mundu verða auðveld þó að farmgjaldið kæmist á, og að verðtollurinn mundi ekki verða að mun óhægari til innheimtu. Eg skal játa, að farmgjaldið yrði hægt til innheimtu, ef vörurnar væru algerlega óflokkaðar, en þá yrði það um leið óheyrilega ranglátt. Verði farmgjaldsfrumv. þetta að lögum, hlýtur það að stranda á báðum skerjunum, mundi bæði verða ranglátt og erfitt til innheimtu. Annars liggur ekki þetta frv. fyrir, heldur verðtollsfrv.

Jóhannes Jóhannesson: Hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) hefir ekki fullyrt, og er hann þó óspar á fullyrðingar, að upphæðin sem tiltekin er á seðlunum sem fylgja póstsendingum sé innkaupsverð. En eftir frv. sem liggur fyrir má ekki innheimta toll af öðru en innkaupsverðinu. Sá sem innheimtar toll, má því ekki byggja á þessu tollskírteini eða hvað maður á að kalla það, hv. þm. kallaði það ýmist vátryggingarskírteini. Þess vegna hefir hann enn ekki velt þeirri mótbáru er eg kom fram með viðvíkjandi póstsendingum.

Lárus H. Bjarnason: Má eg strax fá að raða ofan í háttv. síðasta ræðumann þessum misskilningi. Hann segir að tollurinn verði ekki innheimtur eftir þeim skírteinum er fylgja póstsendingum, af því að þar sé ekki tiltekið factúruverð. Lesi sá góði mann 3. gr. frv. 2. málsgr. Þar stendur svo: Nú kemur kaupreikningur ekki fram, enda viðtakanda ekki sök á því gefandi og metur tollheimtumaður þá vöruna til verðs, nema viðtakandi æski mats á venjulegan hátt. *(Jóhannes Jóhannesson:* Er þetta ekki fyrirhöfn?) Nei, því að matið á póstsendingunum yrði auðvitað bygt á verðhæð þeirri, sem stæði á fylgibréfinu. Það var annars ekki eg sem kallaði verðið á fylgiskj. vátryggingarverð heldur hæstv. ráðh. (H. H.), en það má vafalaust til sannsvegar færa, því að vátryggingarverðið jafngildir a. m. k. oftast um kaupverðinu. *(Björn Kristjánsson:* Nei) Það getur skeð að hv. þm. G.-K. (B. K.) fari svo sérstaklega að, að vátryggja eignir sínar fyrir lægra verð en þær kosta. *(Björn Kristjánsson:* Vátryggingarverðið er oftast 10% hærra). Því betra fyrir landssjóðinn, ekki skaðast hann á því. *(Jóhannes Jóhannesson:* Viðtakandi er ekki skyldur til að greiða það). Hann er skyldur til að greiða matsverðið, þó að það væri bygt á hinu uppgefna verði, en gæti fengið endurgreiðslu ef hann sannaði að það hefði orðið of hátt.

ATKV.GR.:

Brtill. við 1. gr. þgskj. 237, 1. Fyrri málsgr. sþ. 13 : 2 atkv.

Brtill. við 1. gr. þgskj. 237, 1. Síðari málsgr. sþ. 16 shlj. atkv.

Brtill. við 1. gr. þgskj. 237, 2. sþ. 13 shlj. atkv.

Br.till. við 2. gr. þgskj. 237, 3. sþ. 16 shlj. atkv.

Brtill. (þgskj. 241) við brtill. þgskj. 237, 4. sþ. 22 shlj. atkv.

Brtill. við 2. gr. þgskj. 237, 4. þannig breytt, sþ. 18 shlj. atkv.

Brtill. við 5. gr. þgskj. 237, 5. feld með 14 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Björn Kristjánsson
Jón Jónsson Rvk.	Einar Jónsson
Bjarni Jónsson	Guðl. Guðmundsson
Jón Ólafsson	Halldór Steinsson
Kristján Jónsson	Hannes Hafstein
Lárus H. Bjarnason	Jóh. Jóhannesson
Pétur Jónsson	Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen	Matthías Ólafsson
Valtýr Guðmundss.	Ólafur Briem
	Sigurður Sigursson
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason
	Þorleifur Jónsson.

Benedikt Sveinsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hlutanum.

Brtill. við 6 gr. þgskj. 237, 6. Fyrri málsgr. sþ. 14 : 1 atkv.

Brtill. við 6. gr. þgskj. 237, 6. Síðari málsgr. sjálffallin.

Brtill. við 6. gr. þgskj. 237, 7. sþ. án atkv.gr.

Þá var frv. með áorðnum breytingum sþ. með 16 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Jón Jónsson Rvk.	Björn Kristjánsson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Halldór Steinsson	Jóh. Jóhannesson
Jón Magnússon	Ólafur Briem
Jón Ólafsson	Sig. Sigurðsson
Kristján Jónsson	Þorleifur Jónsson.
Lárus H. Bjarnason	
Matth. Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	

Guðlaugur Guðmundsson og Hannes Hafstein greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Frv. var afgr. til Ed.

Hafnarlög Reykjavikur.

FRUMVARP til laga um breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurkaupstað frá 11. Júlí 1911; A. 22, 124; 1. umr. 22. Júlí.

Flutningsm. (Jón Jónsson 2. þm. Rv.): Það er óþarft að skrafa langt um frumv. þetta. Það fer að eins fram á breyting 6. gr. laga frá síðasta ári nr. 19. Í þeirri grein stendur, að sæti skuli eiga í hafnarnefnd 5 menn, 3 bæjarfulltrúar og 2 menn utan bæjarstjórnar. Með þessu frv. er að eins farið fram á það, að lögákveðið verði að borgarstjóri sé sjálfkjörinn í nefndina og jafnframt formaður hennar. Var tillaga um þetta samþykt á bæjarstjórnarfundi 4. Júlí nú.

Eg býst ekki við að ástæða þyki til þess, að nefnd sé skipuð í þetta mál, heldur nái það viðstöðulaust fram að ganga.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Önnur umr., 30. Júlí.

Flutningsm. (Jón Jónsson þm. Rv.); Engin mótmæli hafa komið fram gegn þessu frv., svo að eg leyfi mér að mælast til að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi að eins gera litla aths., sem sé vekja athygli hv. samþm. míns á því, að orðið »þeir« í síðustu málsgr. í frv. getur orkað tvímælis, sem sé hvort með því sé átt við alla fjóra, bæði bæjarfulltrúana tvo og hina tvo utan bæjarstjórnar, eða þá einungis við hina síðartöldu svo sem rétt er.

Flutningsm. (Jón Jónsson þm. Rv.): Eg felst fyrir mitt leyti á þessa aths. hv. samþm. míns.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgr. sjálf sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvgr.

Málinu vísað til 3. umræðu með 16 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 3. Ágúst.

Flutningsm. (Jón Jónsson þm. Rv.): Herra forseti! Eg þarf ekki að eyða orðum að þessari brtill. Það er nærri því sjálfsagt að samþykkja hana, því að öðrum kosti er frv. ekki svo orðað, að það nái þeim tilgangi, sem í því liggur. Vona eg að frumv. í heild sinni valdi ekki neinum ágreiningi, og að það verði afgreitt til Ed.

Valtýr Guðmundsson: Eg vildi einungis vekja athygli hv. flutnm. (J. J.) á því, að með þessari breytingu á frv. verður orðinu »þeir« ofaukið og þarf það að falla burt. *(Jón Jónsson* Rv.: Það er svo augljóst, að það verður lagfært á skrifstofunni þegar prófarkir verða lesnar).

ATKV.GR.:

Brtill. (þskj. 124) sþ. í einu hlj.

Frv. svo breytt sþ. í einu hljóði og afgreitt til Ed.

Veiði í Drangey.

FRUMVARP til laga um samþykt um veiði í Drangey; 1. umr. 22. Júlí. (A. 23, n. 60, 83, 92).

Flutnm. (Ólafur Briem): Frv. þetta er fram komið að tilhlutun sýslunefndar Skagafjarðarsýslu.

Drangey liggur í miðjum firði eins og kunnugt er, og er óbygð. Var hún fyrrum eign Hólastóls, en seld um næst síðustu aldamót. Var hún síðan í eign einstakra manna til þess um 1880, er sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu keypti hana fyrir sýsluna, og hefir hún síðan verið höfð til afnota fyrir almenning fyrir tiltölulega lítið eftirgjald. Um veiði þar hafa frá ómunatíð verið fastar venjur. Þar hefir jafnan verið eggjataka, fuglveiði á flekum og fiskveiði, og vertíðin að jafnaði staðið yfir 6 til 8 vikur að vorinu, frá því í Maí þangað til seint í Júní.

Eftir að sýslan var orðin eigandi eyjarinnar, voru samþyktar reglur um veiðiskap þar, en sá hængur var á, að þeim ákvæðum var ekki hægt fram að fylgja til fulls sakir þess, að lagaákvæði hefir vantað til þess að leggja sektir við þeim, og þótt slík brot hafi að undanförnu ekki verið mjög tíð, þá hafa þau þó heldur farið vaxandi í seinni tíð.

Frumv. kemur ekki í bága við nein gildandi lagaákvæði, miðar að eins að því, að tryggja sem mest almenn not að veiðinni. Hér væri því ekki í sjálfu sér þörf á nefnd, en vegna þess að á leið-

inni eru fleiri samþyktalög er ef til vill rétt að kjósa nefnd í þetta mál og vísa hinum samskonar frumvörpum til sömu nefndar. Þess vegna leyfi eg mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Till. um 5 manna nefnd samþ. með 11:4 atkv.

Kosnir í nefndina:

Ólafur Briem,
Guðlaugur Guðmundsson,
Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson.

Önnur umr., 27. Júlí.

Bjarni Jónsson: Eg hefi komið fram með samskonar brt. við þetta frv. sem við frv. um samþyktir um mótak; hún fer fram á það, að þeir sem veiðirétt eigi í Drangey, skuli hafa atkvæðisrétt um samþyktina, þótt þeir hafi ekki atkvæðisrétt í sveitamálum. En lögspekingarnir hér í deildinni sjá sennilega sama galla á þessari tillögu og hinni, að ekki sé tekið fram, hvernig fara skuli að ef ófullveðja menn eða ung börn eigi réttinn. Eg fyrir mitt leyti er eigi hræddur við þennan galla. Eg hafði hugsað mér, að þegar svo stæði á, mundi fjárráðamaður fara með atkvæðið fyrir eigandann. En nú ætla eg að taka brt. aftur, svo að lögspekin losnar við ábyrgðina af að greiða atkvæði um hana. Ekki geri eg það þó vegna lögspekinnar, heldur vegna þess að eg hefi nú fengið upplýsingar um að eyjan er almennings eign, þar sem hún er eign sýslufélagsins, og hverfur þá nauðsynin á slíkri breytingu; þegar eg samdi till. var eg ekki viss um hvort eyjan væri einstakra manna eign eða almennings. En hina tillöguna mun eg bera fram til 3. umr., og getur lögspekin safnað vindi þangað til.

Framsögum. (Ólafur Briem): Eg gerði við 1. umr. grein fyrir nauðsyn þessa frv., og skal eigi fara frekar út í það nú, en að eins færa ástæður fyrir brt. þeim sem nefndin hefir komið með; að öðru leyti felst nefndin á frv.

Í 2. gr. er óskýrt orðað þar sem segir að oddviti skuli kveðja til fundar alla þá er atkvæði eigi um samþyktina, en ekki nákvæmar tiltekið hverjir hafi atkvæðisrétt um hana. Nefndinni þótti réttast að binda hann við atkvæðisrétt í sveitamálum; það er eðlilegast, þar sem eyjan er eign sýslufélagsins og er almennings eign.

Við 3. gr. stingur nefndin upp á tveim breytingum. Sú fyrri er bara orðabreyting, það breytir engu efni, þó orðinu »löggildingar« sé slept. Hin síðari er efnisbreyting. Hún fer fram á það, að atkvæðafjöldi sá er þarf til að samþykkja frumvarp sýslunefndar skuli færður úr $^3/_5$ upp í $^2/_3$ fundarmanna. Í sumum eldri samþyktarlögum hefir atkvæðafjöldinn um frumv. verið settur hærri nefnilega $^4/_5$ fundarmanna, en í samþyktarlögum frá síðasta þingi er hann $^2/_3$ og virðist það vera fulltryggilegt.

Þá er viðaukatillaga við 4. gr. Sumum í nefndinni þótti réttast að taka það beint fram, sem reyndar segir sig sjálft að breyta mætti samþyktinni, og þótti þá sá máti sjálfsagður, að breytingin fengi sömu meðferð og undirbúning sem hin upphaflega samþykt.

Nefndin leggur til að frumv. verði samþykt með þessum breytingum.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. samþ. með 16 atkv. shlj.

Breyt.till. við 2. gr. samþ. með 15 atkv. shlj.

2. gr. þannig breytt samþ. með 13 atkv. shlj.

1. breyt.till. við 3. gr. samþ. án atkv.gr.

2. breyt.till. við 3. gr. samþ. með 14 atkv. shlj.

3. gr. þannig breytt samþ. með 15 atkv. shlj.

Viðaukatill. við 4. gr. samþ. með 15 atkv. shlj.

4. gr. þannig breytt samþ. með 15 atkv. shlj.

5 gr. samþ. með 15 atkv. shlj.

Fyrirsögn frv. sþ. án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15 atkv. shlj.

Þriðja umr., 30. Júlí.

Flutn.m. (Ólafur Briem): Engin breyt.till. liggur fyrir í þessu máli, og af því að það hefir hingað til mætt góðum undirtektum, vænti eg þess, að það það verði samþykt.

ATKV.GR:

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Stjórnarskrármálið.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3 Okt. 1903. (A. 24, 216, 236); 1. umr. 25. Júlí.

Flutn.m. (Bjarni Jónsson): Eg hafði hugsað mér að Hans Hátign konungurinn og landsstjórnin mundu telja sér skylt, samkv. stjórnarskránni, að bera þetta frv. fram fyrir þetta aukaþing, sem eingöngu er samankomið vegna þessa máls, og það jafnvel, þótt konungur ætlaði ekki að samþykkja frv. óbreytt. Mér skilst, að þetta hefði verið skylda, því að annars gæti farið svo, að einmitt þetta þing fengi alls ekkert tækifæri til þess að ræða frv. Og eg hygg jafnvel, eftir þeim atburðum, sem hér hafa orðið nú að undanförnu, og eftir orðum hins nýja ráðherra vors áðan, að hér hafi skollið hurð nærri hælum, legið nærri, að enginn tæki frv. upp, svo að það yrði rætt.

Annars skal eg ekki tala margt um þetta né víta þá stjórn, sem nú er að fara frá völdum. Að eins vil eg geta þess, að þetta er einn liður í ástæðunum til þess, að eg ber þetta frv. fram, ásamt háttv. meðflutningsmanni mínum, þm N.-Ísf. (Sk. Th.), að mér þótti það ósvinna, ef það yrði ekki rætt á þessu þingi. En ekki var það þó aðalástæðan.

Aðalástæðurnar eru þær tvær, er nú skulu taldar:

Sú fyrst, að eg mundi enn skoðun alþjóðar og þingheims í fyrra um það, hve bráða nauðsyn bæri til endurbóta á ýmsum greinum stjórnarskrárinnar, og vilja manna um þær umbætur. Þá var það ljóst orðið, af svörum Dana, að samningaumleitanir við þá voru strandaðar, og þá var næsta nauðsynin að koma fram þeim stjórnarskrárbreytingum, sem ekki mátti án vera, og gera mátti ráð fyrir, að ekki yrðu deiluatriði við Dani. Um þetta kom báðum þingflokkum þá saman, enda varð það að ráði.

Og hin aðalástæða mín var sú, að þessi nauðsyn er enn algerlega óbreytt. Konungkjör þingmanna er jafnóeðlilegt nú sem þá, kosningarréttur til alþingis er bundinn jafnóeðlilegum böndum nú sem þá, og ríkisráðsákvæðið er jafnfjarstætt öllum sanni nú sem þá.

Eg vil biðja háttv. þm. að taka eftir því, að eg ber engan veginn þetta frv. upp til málamynda, heldur hefi eg þegar gert mér ákveðna hugmynd um það, hvernig þingið eigi með það að fara, og eg skal geta þess nú þegar, að eg er

enn á sömu skoðun, sem eg og allir aðrir höfðu á síðasta þingi, sem sé þeirri, að þetta mál eigi að ganga fram sem allra fyrst. En þá er að athuga það, hvort betra sé að samþykkja það óbreytt, eða gera á því einstöku breytingar og leiða það svo til lykta á næsta reglulega alþingi.

Eg skal nú geta þess, að frá mínu sjónarmiði eru talsverðir gallar á frv., eins og það er, og kunnugt er það hv. þm., að eg barðist móti ýmsum greinum þess á síðasta þingi, en var með öðrum tillögum ásamt öðrum hv. þm., sem nú á ekki sæti hér. T. d. vildi eg helzt hafa óskift þing og stuttan kjörtíma, og þar næst skifti á alþjóðarkjöri og konungkjöri, og að kjördæmaskipun héldist annars óbreytt, svo að ekki yrði óþarfa rask, þar eð þetta átti eingöngu að vera bráðabyrgðabreyting. Illþolandi þótti mér og fyrirkomulag efri deildar, t. d. 10 ára tíminn og það an af verra, að þingrof nái ekki til þessara tímenninga. Enn fremur að kosningarrétturinn skuli vera bundinn við 25 ára aldur í stað lögaldurs, sem ætti að vera trygging fyrir nægum þroska kjósandans. En verra er þó að hafa tvennan kosningarrétt, annan til efri en hinn til neðri deildar. Þessir gallar þykja mér á vera, og fleiri, sem eg hirði eigi að telja, en þrátt fyrir það eru og margir kostir á því, sem eru svo mikils virði, að mér væri nauðugt að sjá það, ef frv. næði eigi fram að ganga, svo að þær réttarbætur kæmust eigi á.

Fjölgun ráðherra er t. d. mikil réttarbót, þó því að eins, að ráðherraeftirlaun séu afnumin, því að annars má gjaldþol landsmanna ekki við þeirri breytingu, og mundu menn þá jafnvel skirrast við að skifta um stjórn, þó nauðsynlegt væri. En ef þetta frumv. yrði samþykt, þá yrði stjórnarskráin ekki lengur þröskuldur í vegi fyrir því, að taka mætti eftirlaun af þeim og öðrum með einföldum lögum.

Annar kostur er sá, að landsvist er gerð að skilyrði fyrir kjörgengi, svo sem sjálfsagt er. Það er ekki rétt sem sagt hefir verið, að þetta ákvæði sé sprottið af andróðri gegn einstökum manni, hv. þm. Sfjk. (V. G.), heldur af hinu, að embættismaður annars ríkis á ekki að geta setið á þingi voru, hversu góður þingmaður sem hann er, og hversu vandfylt sem sæti hans kann að vera. Því að þjóðernið eitt ætti ekki að gefa dönskum embættismanni eða þegni frekari rétt til slíks, en t. d. löndum vorum í Vesturheimi, og er þeim þó að lögum meinuð þingseta hér. En standi við það, sem nú eru lög um þetta, þá gæti hver embættismaður í Danmörku, sem kann að tala og rita íslenzku, orðið þm. hér. T. d. gætum vér þá ekki eingöngu átt von á því, eftir næstu kosningar, að hv. þm. Sfjk. yrði endurkosinn, heldur og við hlið hans gæti setið Knútur Berlín, sem fulltrúi Suður-Múlasýslu. *(Guðlaugur Guðmundsson:* Það væri ekkert á móti því!). Það getur verið að hv. þm. Ak. (G. G.) hefði ekkert á móti því, en eg fer nú með mína eigin skraddarþanka um málið og get ekki hugsað fyrir allra sann.

Þá er rýmkun kosningarréttarins svo mikil réttarbót, að hún ein mundi nægja til þess, að menn rendu niður mörgum af göllum frv. með henni.

Eg skil ekki, hvernig réttlætiskend manna þolir það, að sá réttur sé bundinn við krónu eða kyn, því að þeir, sem krónuna eiga, eru ekki færari til þess að kjósa en hinir, upp og niður. Og um kynferðið er það að segja, að það er nú öllum ljóst, að hér er um gamlar ófrelsisleifar að ræða, og tel eg það ósæmilegt svo mentuðum mönnum, sem Íslendingar eru, að sýna þann hroka, að álíta sig sjálfkjörna til þessa réttar, en

vilja gera mæður sínar að hornkerlingum.

Önnur mikilsverð rýmkun á kosningarréttinum er afnám konungkjörs, sem reyndar er ekki annað en ráðherrakjör. Það þykir ekki gott, að menn séu *tvöfaldir*, en verra er þó að þeir séu sjöfaldir, en það er ráðherrann eftir núgildandi stj.skrá. Og hann er það ekki einungis meðan hann situr í ráðherrasessi, heldur getur hann haldið áfram að vera það eftir að ráðherraskifti verða, ef sá tími fer ekki saman við endi kjörtímabilsins. Þetta vildi til þegar nýi ráðherrann, sem nú er, valdi síðast kgk. þm. Þá gerði hann það þvert ofan í vilja og skoðanir þáverandi meiri hluta og ráðherra, sem við tók. Og þótt sá ráðherra, sem nú lét af stjórn hegðaði sér öðru vísi, þá er engin trygging fyrir því, að svo verði jafnan. Það er og öllum ljóst, hve sjálfsögð þessi breyting er, og hve mikla áherzlu allur landslýður hefir á það lagt, að kgk. sveitin hverfi. Þá er enn eftir einn kostur þessa frv., er eg fyrir mitt leyti met nálega mest af öllum. En hann er sá, að ef samþyktir yrðu samningar um samband Íslands við annað ríki, þá verði þeir bornir undir alþjóðaratkvæði með leynilegri atkv.gr. Eg sé ekki, hvernig menn ættu að fara að því, að verja það fyrir samvizku sinni að fresta því, að þetta ákvæði komist inn í stjórnarskrána. Að minsta kosti vil eg ekki eiga framtíð landsins undir trú á einstakan mann eða flokk og orðheldni þeirra. Og fari það nú t. d. fram, sem eg heyrði hæstv. ráðherra, sem nú er að verða, æskja eftir, nefnilega að tekið verði upp hér á þingi uppkastið sæla frá 1908, eða annað þaðan af verra og samþykt, undir hverju er það þá komið hvort það ekki verður gert að lögum, þegar í haust, öðru en eingöngu orðheldni þessa manns og flokks hans. Og þótt hann væri allra manna orðheldnastur, þá væri það ekki nóg trygging, því að hann gæti dáið og annar komið í staðinn, sem engu hefir lofað, og er því við ekkert bundinn. Eg skil ekki hví menn gerast svo djarfir, að taka upp sambandsmálið af nýju án þess að þetta ákvæði sé áður komið inn í stjórnarskrána. Annars var þetta svo lífandi í meðvitund manna á síðasta þingi, að eg skil ekki í því, að menn séu svo sljóvir, að á það þurfi að minna.

Þá má ekki gleyma ríkisráðsákvæðinu. Það er alkunna, að alt frá því er það var samþykt hafa allir Íslendingar verði á einu máli um það, að það væri eingöngu íslenzkt mál, og gæti ekki orðið deilumál við Dani. Þetta liggur líka í augum uppi, því að hvorki felst í því viðurkenning á stöðulögunum, þar sem ráðherra, sem þá varð og nú tekur við aftur, og flokur hans lýsti yfir því einmitt á því þingi, að þeir skildu það eigi svo, heldur sem sérmál, — né heldur kom það fram sem samningur sem sjá má á því, að þar var ekki við neinn samningsaðilja um að eiga, enda sýna áður nefndar yfirlýsingar þm. að þeir þóttust ekki vera að gera neinn samning, — þær hefðu verið alger hugsunarvilla, ef svo hefði verið. Ekki ræður íslenzkt löggjafarvald heldur yfir því hverjir í þeirri samkundu (danska ríkisráðinu) sitja. Ákvæðið er því ekkert annað en meinloka, sem á að hverfa sem allra fyrst. Og samkvæmt þessu öllu, sem nú er talið, trúi eg því ekki, að nokkur ætti að láta sér það í augu vaxa, að samþykkja þetta frv. óbreytt, svo miklar umbætur veitir það frá því, sem nú er. Eg trúi ekki heldur öðru, en að nýi ráðherrann fái þetta frumv. samþykt og staðfest í haust, því að vonandi er að hann sé konungi velþóknanlegur, og að hann skirrist við að reka þann mann úr ráðherrasæti, er hann hefir nýkjörið þangað, og það því frem-

ur, sem eg hefi heyrt það frá skilgóðum manni, að hann hafi ekki veitt því máli skilyrðislaus afsvör, heldur þvert á móti sagt að hann þyrfti að kynna sér betur Íslandsmál, og gæti afleiðingin af því vel orðið sú, að hann sæi þá hve tvímælalaust þetta er íslenzk sérmál og neitaði því ekki lengur samþykkis. Hitt gæti verið hættuspil, að láta frv. rekast milli þinga og flokka nokkur ár enn, og það er ekki sagt, að menn yrðu ánægðari með þær breytingar, sem þá kynnu að verða á því gerðar, og líklega yrðu til verra eins. — En að því frágengnu, að frv. fáist samþykt óbreytt, vildi eg óska að það yrði afgreitt héðan í einhverju formi, heldur en ekkert, til þess að ekki detti niður viðleitnin í þá átt að gera nauðsynlegar umbætur á stjórnarskránni, án þess þó að deila við hina þjóðina, sem vér nú erum í sambandi við.

Ein ástæða til frestunar væri hugsanleg, sú að bráðlega gengi fram samningar um sambandsmálið. En mér er spurn, getur þess verið nokkur von? Það hygg eg að örvænt sé um það. Þótt bræðingurinn, sem svo er nefndur, sé nú talinn lostætur meðal þingmanna, þá hygg eg að kjósendum bragðist hann miður. »Engin etur bræðinginn brauðlausan«, segir máltækið, en skjótt mundi verða brauðþurð, ef allur almenningur ætti að fá með honum. Af þessari einni ástæðu, tregðu kjósanda, sem öllum er vituð, mun ekkert samningsfrv. koma fram á þessu þingi. Kjósendatregðan vituð, af því að enn er óbreyttur vilji kjósanda frá 1908, en var sá að gera aldrei samning nema hvor aðili um sig mætti segja honum upp. Uppsögnin var jafnan aðalatriðið og annað bar ekki á milli flokka 1909. Hafa því þeir menn, sem þá voru í meiri hluta, en ganga nú frá þessu atriði, lagst á sveif með hinum fyrri mótstöðumönnum sínum. Auk þess hétu menn því, er síðast var kosið, að hreyfa ekki því máli. — En þótt bræðingsmenn væri svo djarfir, að þeir þyrði að bjóða umbjóðöndum sínum kjósöndum, þessa fæðu, þá munu þeir ekki gína yfir. Og þótt þeir yrði svo gleymnir á loforð sín, að þeir vildu hafa málið fram nú, og þótt þeir geri föst samtök (sumum þykir þó þau fastatök eiga að vera lausatök), þá mun mál þeirra engan framgang hafa, heldur munu þeir fá enn verri *bakskell*, sem svo er nefndur, en þeir fengu 1908. Samningar munu því eigi komast á fyr en þessir menn snúast yfir á mína stefnu, þ. e. konungssamband, það eina samband sem getur rúmað fullveldi Íslands, og Danir viðurkenna það. Raunar eru menn orðnir hringförulir á þessum síðustu og verstu dögum, en þó munu þeir trauðla snúast í svip til hins rétta málstaðar vors. Því að menn eru snúðharðari til vitleysu en til vits, svo sem ráða má af orðinu *hringavitleysu*.

Ekki mun heldur friðarspjall hins nýja ráðherra bæta hér úr skák eða flýta fyrir, og munu honum illa bregðast þær friðarvonir, sem hann byggir á hinum *föstu* samtökum, er hann lýsti.

Eg er sannfærður um, að allir vita það og viðurkenna, að slíkar tilraunir geta ekki leitt til friðar í landinu. Það er einmitt það versta ófriðarefni, ef á að fara að reyna að hnekkja þeim þjóðarvilja, sem kom svo ótvírætt í ljós við kosningarnar 1908, nú eftir 3—4 ár. Og þess er eg fullviss, að sé úlfúðin og ófriðurinn innanlands þess valdandi, að lánstraust landsins er ekki eins mikið og æskilegt væri, þá batnar það ekki við slíkar tilraunir — og ef deilur okkar við Dani sem svo eru kallaðar, en er í raun og veru ekki annað en kurteist samtal, eru hins sama valdandi, þá er það víst, að þær batna heldur ekki ef á að fara að gera tilraun til að hafa

yfirlýstan vilja þjóðarinnar að engu, heldur mun slík tilraun miklu fremur verða upphaf að deilu við Dani. En annars hygg eg að hægt sé að finna ástæðurnar fyrir því, hve lánstraustið er lítið á ýmsu öðru en þessu.

Eg get nú ekki eftir þessu öllu séð annað en sá sé einn kostur Alþingis að ræða þetta mál til úrslita og samþykkja það — helst óbreytt — eða þá með lítilsverðum breytingum, sem ekki mega ná til neinna aðalatriða, t. d. ríkisráðssetunnar — og eg hygg að flestir háttv. þm. séu mér sammála um þetta. Annað væri ólíklegt, eftir umtali þeirra á síðasta þingi.

En þótt einhverjir, móti von minni, kunni að vera á móti þessu, þá er eg samt fullviss um það, að allir séu mér sammála í því að vísa málinu til 2. umr. og kjósa síðan 7 manna nefnd til að athuga það. Og geri eg það að tillögu minni.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Samþ. í einu hlj. að kjósa 7 manna nefnd í málið.

Þessir voru kosnir með hlutfallskosningu:

Lárus H. Bjarnason,
Guðlaugur Guðmundsson,
Jón Ólafsson,
Skúli Thoroddsen,
Jón Jónsson Rv.,
Kristján Jónsson,
Valtýr Guðmundsson.

Önnur umr.; 21. Ágúst.

Forseti las upp svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár frá Guðlaugi Guðmundssyni:

»Með því að til stendur að leita samkomulags við Dani um sambandsmálið á grundvelli frumvarps millilandanefndarinnar 1908 með þeim breytingum er samkomulag fæst um, bæði inn á við og út á við, en það mundi að sjálfsögðu leiða til stjórnarskrárbreytingar, þá telur deildin ekki rétt að gera samþykt um stjórnarskrármálið að þessu sinni og tekur því fyrir næsta mál á dagskránni«.

Gat hann þess að hún mundi verða borin undir atkvæði að umræðunni lokinni.

Framsögum. mesta hl. (Guðlaugur Guðmundsson): Málið liggur svo ljóst fyrir af báðum nefndarálitunum og svo sjálfu frv. að ekki mun þurfa að fara mörgum orðum um það. Að eins skal eg geta þess, að þessa rökstuddu dagskrá sem forseti las upp hefi eg borið fram í samráði við mesta hl. nefndarinnar. Eg sé enga ástæðu til að hafa langar umr. um málið nú. Það hefir litla þýðingu en hins vegar er það nokkur ábyrgðarhluti að tefja tíma þingsins nú með löngum og þýðingarlitlum umræðum.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla ekki að ræða þetta mál nú. En hart þykir mér að þola þá aðferð sem höfð er í þessu máli. Það er dregið þangað til kl. 8 að kveldi að ræða þetta mál, sem þingið er komið saman til að fjalla um. Nú eru menn orðnir dauðuppgefnir eftir alt þrefið og þjarkið í dag og þó á nú að hespa málið af þegar á einu síðkveldi. Hefði þó ekki veitt af, að menn væru óþreyttir þegar svo mikilsvert mál liggur fyrir. Nú eru mörg smá mál eftir á dagskrá og væri nær að taka þau fyrir en fresta þessu til morguns. Geri eg það að tillögu minni að málinu verði frestað og tekið fremst á dagskrá einhvern næsta daginn.

Forseti: Eg bjóst ekki við að svo langar umr. yrðu um þau mál sem á

undan eru á dagskránni. En þar sem kl. er nú orðin 8, og fundurinn hefir staðið svo lengi, geri eg fundarhlé til kl. 9.

Framsögum. minsta hl. (Skúli Thoroddsen): Eg hafði vænst þess, að hv. frsm. miðhl. (V. G.) mundi tala á undan mér, og því bað eg ekki fyr um orðið.

Eins og kunnugt er, er þetta aukaþing til þess samankallað, að leiða til lykta stj.skrárfrv. síðasta þings. Þegar árið 1907 var mönnum orðið það ljóst, að breyta þyrfti stjórnarskránni, og kom báðum flokkum þingsins saman um það, að nauðsyn væri á því, að það yrði sem fyrst gert. Síðan hefir það mál ætíð verið meira og minna vakandi, og loks fór svo á þingi 1911, að stj.skrárbreyting var samþ. Þótt menn greindi á um einstök atriði, þá sættust þó báðir flokkar á að afgreiða málið, og dró það til þess, að halda varð þetta aukaþing. En þá varð það tíðinda þegar í þingbyrjun, að málið var ekki lagt fyrir þingið af hálfu stjórnarinnar, og þess vegna tókum við, eg og hv. þm. Dal. (B. J.) frv. upp og fluttum það í okkar nafni. Það var sett í nefnd, og var eg einn í henni. Eg get nú ekki borið henni annan vitnisburð en þann, að störf hennar hafa gengið seint og orðið að lokum verri en engin. Hún hefir þríklofnað, og leggur mesti hl. það til, að málinu verði eytt að þessu sinni, með því að sþ. þingsál.till. um það, en miðhl. vill fara líka leið, dagskrárleiðina, með dálitið annari rökstuðningu, og loks legg eg til að frv. verði samþ. óbreytt.

Það tafði fyrir störfum nefndarinnar, að sumir vildu ekkert gera í þessu máli fyr en séð væru örlög bræðingsins á þinginu, með því að réttast væri að hreyfa því í sambandi við sambandsmálið, en fyrri ekki, ef von væri nokkurra framkvæmda í því máli. En þegar nú er að því gáð, hvað þetta þýðir fyrir stj.skrárfrv., þá er það sama sem að draga það um ófyrirsjáanlegan tíma.

Setjum nú svo, að bræðingsmenn kæmu sér niður á eitthvað, sem þeir fengi Dani til að ganga inn á, og sem leiddi til þess, að sambandslagafrv. yrði sþ. á næsta þingi, þá yrði það lagt fyrir þjóðina við nýjar kosningar, og þá yrði í bezta falli, ef þjóðin féllist á það frv., stj.skrárbreyting sþ. 1914 og leidd til lykta 1915, því að eg geri ráð fyrir að á næsta þingi verði ekki lagt út í slíkt, á meðan enginn veit hvernig þjóðin muni snúast við samninga-tilraununum. Í sömu átt virðist það og benda, að mesti hl. er nú að snúast frá þingsál.-till.-leiðinni og yfir á dagskrárleiðina, eins og miðhl., því að í þingsál.till. stóð áskorun til stjórnarinnar að leggja málið fyrir næsta þing, ef von væri um framgang sambandsmálsins, en í dagskránni er fallið frá því, að það skuli gert á næsta þingi. Með þessu er málinu þannig teflt í algerða óvissu, því að hvernig þjóðin kann að snúast við sambandsmálinu, getur enginn sagt. Nú hefir verið deyfð yfir því máli víðast á þingmálafundum, en hún mun koma mest af því, að menn þykjast vita það, og treysta því, að því máli verði ekki ráðið til lykta án þess að fyrst fari fram um það nýjar kosningar, enda kom það þjóðinni á óvart, að stj.skrármálið mundi verða sett í samband við það mál nú, þar sem mönnum hafði skilist svo á flestum frambjóðendum úr Heimastjórnarflokknum, að það ætti ekki að liggja fyrir, og Sjálfst.menn buðu sig fram upp á sömu stefnuskrá og áður, svo að frá þeirra hálfu kom ekki til mála að fara neitt að ýfa það mál upp.

Bræðingurinn er verk þeirra manna, sem sumir voru með stefnuskránni, sem Sjálfstæðismenn fylgdu á þingunum

1909 og 1911, en hinir létu sem þeir ætluðu ekkert við sambandsmálið að eiga, og þetta, að láta nú málið bíða, er sannarlega ekki gert vegna kjósenda. Að vísu er það eðlilegt, ef sambandslög kæmust á, að þá verði stj.skráin umsköpuð um leið, en þótt þetta frv. væri nú samþ. og til lykta leitt, þá fæ eg ekki séð að menn þurfi að telja á sig það ómak, að breyta stj.skránni aftur, einkum þar sem það yrði þá gert í sambandi við sambandsmálið, sem kostar nýjar kosningar hvort sem er, enda eru þær nú ekki orðnar svo erfiðar, síðan farið er að há þær í hverjum hreppi. Þess vegna getur sambandsmálið ekki verið næg ástæða til þess að eyða þessu frv., þótt það sé látið í veðri vaka, heldur er hitt, að hv. meiri hl. er svo íhaldssamur, að hann sér eftir kosningarréttinum, sem þar er ætlaður konum og vinnuhjúum o. s. frv. Hann ber núverandi kjósendur svo mjög fyrir brjósti, að hann má ekki til þess hugsa, að fleiri verði jafn réttháir þeim.

Nú held eg að hver maður verði að játa með sér, að kvenfólkinu og þeim öðrum, sem hér er um að ræða, sé gerður óréttur, eins og nú er, og það batnar ekki, þótt því sé haldið lengur áfram, heldur versnar, svo að frá því sjónarmiði er þjóðinni ekki heldur unnið þarft verk. Tilfinningin fyrir þessum órétti er að verða æ ríkari, og eins og menn vita, hafa margsinnis heyrst raddir um þetta frá kvenfólkinu. Vinnuhjúin eru ekki eins vel vöknuð til meðvitundar um þetta ennþá, en það er ekki fallegra, að menn séu rændir rétti fyrir það, þótt þeim sé ekki sjálfum ljóst að þeir eigi þann rétt. Það er einmitt ennþá ljótara. Það er eins og eg hefi sagt, það er ekki sambandsmálið sem veldur, heldur liggur hér alt annað bak við.

Því hefir verið hreyft, að vænta mætti fyrirstöðu frá hálfu Hans Hátignar konungs vors á því, að þetta frv. nái staðfestingu, vegna burtfellingar ríkisráðsákvæðisins, en eg þykist í nefndaráliti mínu hafa fært ítarleg rök að því, að ekki þurfi að óttast það, ef málinu er haldið fram með alvöru og frv. samþykt aftur.

Eg hygg að ekki þurfi annað en að benda konungi á það, sem Danir hafa sjálfir sagt, bæði í stöðulögunum og stjórnarskránni, þar sem þeir hafa viðurkent að hér sé um íslenzkt sérmál að ræða, en það er það ekki í reyndinni, svo lengi sem ráðh. vor á að vera bundinn við að bera upp mál vor fyrir konungi í ríkisráði Dana, eða meðan Danir yfirleitt hafa nokkurt eftirlit með því, hvernig það er gert. Og auk þess, sem rýmkun sú á kosningarréttinum, sem eg gat um áðan, þolir enga bið, þá er og hið sama að segja um afnám konungkj. þm. og fleiri réttarbætur, sem þetta stj.skrárfrv. hefir í sér fólgnar. Þess utan fer illa á því, að þingið kasti frá sér því verki, sem það var kallað saman til að vinna.

Eg hefi í nefndarál. gert svo ítarlega grein fyrir því, sem mælir með því að frv. verði samþ., að eg álít óþarft að endurtaka það hér, enda mun hvort sem er ekki tjá að fjölyrða um það, þar sem örlög þess munu fyrir fram vera ákveðin.

Það er í þágu hv. meiri hl. að þetta mál nái ekki fram að ganga, og síðan hinn nýi bræðingsflokkur hófst, er nú sumum mönnum svo vikið, — eins og bezt má sjá á Ísafold — að þeir hafa fyrirlitningu og viðbjóð á því, sem þeir hafa barist fyrir og álitið rétt til skamms tíma, og sem er rétt enn.

Eg legg það til, samkvæmt því, sem eg hefi sagt, bæði hér og í nefndarál. mínu, að frv. verði samþ. óbreytt.

Lárus H. Bjarnason: Eg skildi

hæstv. fors. svo, sem hann ætlaði fyrst að bera upp dagskrá frá. hv. þm. Ak. (G. G.), og ef hún félli, þá d.skr. hv. þm. Borgf. (K. J.) og hv. þm. Sfjk. (V. G.), og falli þær, þá loks frv. sjálft, en teldi hinsvegar tillöguna fallna, ef önnur hvor dagskráin yrði samþykt, en þetta er tæpast rétt. Það getur prýðilega farið saman, að samþykkja rökst. dagskr. hv. þm. Ak. (G. G.) og skora þó á stjórnina, að leggja stj.skrárfrv. fyrir næsta þing, verði þá ekki fengin vís von um góðar undirtektir Dana undir sambandsmálið. Því lít eg ekki svo á, sem okkar till. sé fallin, þótt dagskráin verði samþykt.

Það er ekki rétt, að þetta þing sé kallað saman til þess endilega að binda enda á stj.skrármálið. Af því að gerð var stj.skrárbreyting á síðasta þingi, þá var skylda að stefna þessu þingi saman, hvort sem nokkur líkindi voru til þess eða engin að það mál yrði þar til lykta leitt.

Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mintist á stj.skrárbreytinguna í sambandi við sambandsmálið. Það er gefinn hlutur, að við, sem setjum það mál efst á okkar stefnuskrá, hljótum að vera á móti breytingu á stj.skránni, meðan von er um framgang þess máls, því að framgangur þess hlyti að leiða til stj.skrárbreytingar jafnframt, og væri þá til einskis að hafa samþykt stjórnarskrárbreytingu nú. Hann sagði að þetta væri sama sem að draga málið um ófyrirsjáanlegan tíma, það er ekki, ef mín þingsál.till. verður samþ., því að það er meining mín með henni, að ef ekki verður fengin sú von með framgang sambandsmálsins — og þar með meina eg ekkert annað, en frv. frá 1908 —, þá skuli leggja stj.skrárfrv. fyrir næsta þing. Eg vil ekki draga málið frekar en þörf er á, því margar breytingar kalla eftir, og réttlátt að taka tillit til sumra af þeim er orðaðar hafa verið, þegar svo er komið.

Þá sagði hv. þm. að Heimastjórnarmenn hefðu ekki ætlast til að sambandsmálið kæmi hér til umræðu. En þetta er ekki rétt. Miðstjórn flokksins hefir þvert á móti auglýst á prenti að flokkurinn hefði það mál efst á dagskrá sinni. Að minsta kosti erum við þm. Rv. svo heppnir, að við vorum kosnir uppá það, og höfum auk þess fyrir okkur samþyktir þingmálafunda, því til styrktar.

Það er satt, sem sagt hefir verið, að mestur hluti þm. hafi verið óánægður með stj.skrána, eins og frá henni var gengið í fyrra. Eg fyrir mitt leyti mundi ekki vilja samþ. hana óbreytta, enda þótt enga fyrirstöðu þyrfti að óttast af hálfu Hans Hátignar konungsins, og gerir það bæði fjölgun ráðh. og sérstaklega hin stórum aukna kjósendatala, svona alt í einu, sem beinlínis getur stofnað landinu í hættu. Aftur er það misskilningur, ef hv. þm. heldur að allir, sem nú styðja þingsál.till. séu á móti kosningarrétti kvenna. Eg er því fylgjandi að konur fái kosningarrétt með sömu skilyrðum, og karlmenn hafa hann nú, en frekari rýmkun vil eg ekki að svo stöddu.

Eg var heldur ekki ánægður með skipun efri deildar í frv. frá 1911. Og loks álít eg alþýðuatkvæðið óþarft og jafnvel ótækt í flestum málum. Það þykir nú ef til vil vænlegt til kosningafylgis að gala mikið um frelsi, en hins verður þó að minnast, að heill lands og lýðs er dýrmætari en slagorð. Það er tími til þess kominn, að einhver þori að kannast við það hér á þingi, að of mikið getur verið af þessu svokallaða frelsi!

Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði að sambandsmálið mundi ekki vera aðalatriðið fyrir öllum sambandsmönnunum, heldur lægi annar fiskur undir steini.

Eg veit það, að fyrir frumvarpsmönnum. bæði heimastjórnarmönnum og öðrum gömlum frumvarpsmönnum er sambandsmálið aðalmálið; einmitt vegna þess máls hafa margir nú teygt sig svo langt sem þeir hafa gert, og vonandi gegnir líku máli um hina nýju sambandsvini.

Eg vona að hæstv. forseti álíti ekki þingsál.till. fallna þó að dagskrá mesta hl. verði samþykt.

Þeim hv. þm. Borgf. (Kr. J.) og Sfjk. (V. G.) get eg ekki fylgt af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi leggja þeir ekki áherzlu á það á hvaða grundvelli sambandsmálið verði leitt til lykta. Þeir geta vel hugsað sér annað fyrirkomulag en millilandanefndarfrumvarpið fór fram á; sennilega landstjórafyrirkomulagið. En eg get ekki með nokkru móti vikið frá frumvarpinu frá 1908. Í öðru lagi vilja þeir bíða með að breyta stjórnarskránni unz útséð er um það, hvort viðunanlegir samningar náist við Dani um sambandsmálið, hversu langur sem dráttur inn kann að verða, en eg get ekki fallist á að fresta nauðsynlegum breytingum á stjórnarskránni alveg út í bláinn bara meðan einhver og einhver tel ur ekki vonlaust um samninga.

Eg vil vara hv. þingm. við að greiða atkvæði með dagskrá þessara tveggja hv. þm. Eg fyrir mitt leyti geng ekki óneyddur skemmra en frumvarpið frá 1908.

Bjarni Jónsson: Mér þykir ástæður meiri hl. gegn því að afgreiða fyrir stjórnarskrárbreytinguna undarlegar. Einkum er eg hissa á þeim ummælum hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) að þessu þingi sé ekki stefnt saman til að binda enda á þetta mál, því sá er einmitt tilgangur þess. Annars væru ákvæði stjórnarskrárinnar um að altaf skuli framfara nýjar kosningar og aukaþing haldið þegar samþ. hefir verið breyting á stjórnarsránni, óskynsamleg ef það væri ekki einmitt til að ræða það frv., sem samþ. hefir verið og binda enda á það. Auðvitað geta meirihlutamenn sagt, að það að fella málið með dagskrá sé að binda enda á það, en þá hefði þeir ekki átt að draga það svona lengi fram eftir þinginu. Menn hefðu getað betur fest hugann við önnur mál, ef þetta aðalmál hefði fyr verið útrætt. Þeir segjast ekki vilja samþ. stjórnarskrárbreytingu meðan von sé um að samkomulag náist við Dani, bygt á grundvelli frumvarpsins frá 1908. Eg á bágt með að skilja þetta. Það er öllum ljóst að mörg ár hljóta að líða áður en slíkir samningar eru komnir í kring, bæði þingin verða að ræða þá og gera sennilegar breytingar hvort á annars frumv. áður en endanlegt samkomulag næst, og hlýtur því að verða talsverður dráttur á málinu.

Eins og allir voru sammála um á síðasta þingi, er sjálfsagt að gera þær bráðabirgða umbætur á stjórnarskránni sem nauðsynlegar þykja og ekki eru deilumál við Dani. Sá meiri hluti sem þá var fékk ámæli fyrir það, að hann ætlaði sér ekki að sinna stjórnarskrármálinu, en reyndin var sú, að undir eins og samningarnir við Dani strönduðu, þá tók hann aftur upp stjórnarskrármálið. Þá var enginn Heimastj.-maður því mótfallinn að stjórnarskrármálið væri tekið til umræðu af þessum ástæðum. Þetta er því einkennilegur snúningur. Eg býst nú ekki við því, að Íslendingar vilji gera nokkra samninga við aðra þjóð, um annað en jafnréttissamband. Hverjar tegundir jafnréttissambands eru til, og hver þeirra er líklegust til að ná samþykki beggja þjóða? Þá er fyrst til að telja konungssamband. Því er þannig farið að bæði ríkin eru jafn rétthá og hvort um sig hefir umráð yfir öllum sínum málum, t.

d. gæti annað átt í stríði þótt hitt væri ekki með. Þá er ríkjasamband. Það er nú hvergi til en var áður á Þýzkalandi. Það hygg eg að komi ekki til greina, en þó hefir það sama einkenni og hitt, að báðar þjóðirnar eru fullvalda og jafn réttháar. Þá er sambandsríki, eins og t. d. Sviss og Bandaríkin. Þar eru ríkin jafn rétthá innbyrðis, en ekkert þeirra fullvalda, en aftur er alt sambandið fullvalda út á við. Þetta fyrirkomulag gæti hugsast með Dönum og Íslendingum. Fjórði mátinn til sambands jafnrétthárra þjóða er málefnasamband, og heyrst hefir að það sé á stefnuskrá bræðingsmanna. Þar er grundvallarreglan, að fullveldið er hjá sambandinu, en ekki hjá hverju einstöku ríki og varðar önnur ríki ekkert um innbyrðis sambandið. Neðar en málefnasamband vilja Íslendingar ekki fara og þarf því ekki að telja til fleiri leiðir. — En þá er á það að líta, hvort það er framkvæmanlegt. En það er skoðun mín að slíkt samband sé óframkvæmanlegt milli svo misstórra þjóða sem Danir og Íslendingar eru. Danir þyrftu um leið og þeir gengju inn í slíkt samband, að afneita fullveldi sínu og selja það í hendur sambandinu — Ísland-Danmörk eða Danmörk-Ísland, en það mundu þeir ekki vilja gera. Fyr gengju þeir að konungssambandi. Með svo misstórum þjóðum er erfitt að koma sambandsstjórninni þannig fyrir, að réttur hvorugrar þjóðar sé fyrir borð borinn. Ef báðar þjóðir hefðu jafna hlutdeild í sambandsstjórninni, þá væri réttur Dana fyrir borð borinn. En ef við ættum að hafa atkvæði um stjórn sambandsmálanna að tiltölu við fólksfjölda, þá væri réttur vor fyrir borð borinn; við erum þrjátíu sinnum færri.

Af þessum ástæðum er samband það, sem skemst fer, málefnasambandið, ómögulegt. Það eina sem eftir er, er sú stefna sem haldið var fyrst fram á Þingvallafundinum og eg hefi síðan fylgt, nefnilega konungssambandið. En eg hygg að ef þær konur og karlmenn sem nú eru því misrétti beittir, að haldið er fyrir þeim eðlilegum rétti þeirra til hlutdeildar í stjórn landsins eiga að bíða eftir réttindum sínum þangað til slíkir samningar eru garð gengnir, sem okkur nægja, þá muni margir þeirra fara að gerast langeygðir. Það er því ekki rétt að eyða sjálfsögðum umbótum á stjórnarskránni vegna staðlausra vona um samninga. Annað væri það, ef allir menn vildu taka höndum saman við mig og þá menn sem fylgja sömu stefnu og eg, um að hrinda sambandsmálinu fram og fá Dani til að fallast á konungssamband. Þá mundi það sennilega takast fljótt. Danir hafa í raun og veru enga ástæðu til að neita okkur um það, þótt þeir þyrftu að brjóta dálítið odd af oflæti sínu, því þetta samband er fullsómasamlegt báðum þjóðum. En því er ekki að fagna, að við séum allir sammála, og þess verður sennilega langt að bíða að við verðum það.

Þetta er ástæðan til þess, að eg álít ekki sé rétt að fresta stjórnarskrárbreytingunni. Sjálfsögðustu breytinguna tel eg þá að innleiða almennan kosningarrétt, og veita landsmönnum þau réttindi sem þingið hefir engan siðferðislegan rétt til að halda fyrir þeim.

Hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) lagðist á móti alþýðuatkvæði, og taldi það hættulegt landi og þjóð. Hann sagði, að eg og aðrir hefðum ekki haft hug til að vera á móti því, hefðum talið það óvænlegt til kosningafylgis. Það má vera að hann sé hugaðri maður en eg, en engin þarf þó að bera mér þau bleyðiorð að eg hafi ekki hingað til þorað að láta uppi skoðun mína, hvernig sem aðrir hafa á málin litið. Enda var eg ekki með alþýðuatkv. til að afla mér

lýðhylli, heldur af því að eg áleit það bezta mátann til að fá að vita vilja þjóðarinnar um sambandsmálið, að bera það beint undir atkvæði hennar.

Eg lýsi yfir því, að eg tel meiri hlutann gera þjóðinni rangt til, með því að svæfa þetta mál, enda voru fyrir 2 árum öll blöð, allir þingmenn og yfirleitt allir sem til sín létu heyra, sammála um það, að stjórnarskrána þyrfti að laga.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg tók það fram í upphafi, að ekki væri ástæða til að halda langa ræðu um þetta mál. Það hefir verið sagt af hálfu minsta hlutans að aðalverk þingsins væri að leiða stjórnarskrármálið til lykta. Sennilega meint með því að samþykkja frv. óbreytt. Háttv. þm. Dal. (B. J.) skýrði þetta þó nokkuð á annan veg, því að hann talaði um að binda enda á málið, þó líklega ekki um alla eilífð. Hér er blandað saman tilefni og tilgangi þess, sem skeður. Tilefnið til þess, að þessu þingi er stefnt saman, er auðvitað það, að samþykt var stjórnarskrárbreyting á síðasta þingi, en þar með er ekki sagt, að tilgangur þessa þings sé sá einn, að samþykkja frv. síðasta þings óbreytt. En auðvitað er sjálfsagt að það mál sé tekið til meðferðar. Það var vitnað til þess, að vilji þjóðarinnar væri eindreginn í þessu máli. En það er ekki rétt. Eftir því sem mér telst til, eru 25 kjördæmi á landinu. Frá 5 þeirra hefi eg ekki séð fundargerðir, nefnilega Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Borgarfjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað og Norður-Þingeyjarsýslu. Úr hinum kjördæmunum er mér kunnugt um 47 þingmálafundi. Í 3 af þeim var samþykt að skora á Alþingi að fylgja fram frv. síðasta þings óbreyttu. Þau voru Gullbringu- og Kjósar-sýslu, Dalasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Í 3 kjördæmum voru skiftar skoðanir um það. Á sumum fundum vildu menn fresta þessu máli eða breyta því. Það voru Austur-Skaftafellssýsla og Barðarstrandarsýsla. Í 14 kjördæmum, var í flestum samþykt að fresta málinu, en í hinum að breyta frv. Samþykt hefir því verið á 34 fundum, að fresta eða breyta stjórnarskrárfrumvarpinu (24 að fresta 10 að breyta). Á 4 fundum hefir engin ályktun verið gerð. Og að eins 9 fundir hafa samþykt að skora á þingið að samþykkja frumv. óbreytt. Mikill meiri hluti þingmálafundanna er því með því að breyta eða fresta frv. Það er því augljóst að vilji þjóðarinnar er ekki sá að samþykkja frumv. óbreytt. Af þessu má sjá í hve lausu lofti fullyrðingar háttv. þm. Dal. (B. J.) eru bygðar.

Mér hefir verið bent á, að rangfæra megi á einum stað orðfæri tillögunnar er eg bar upp, eða leggja í orðin aðra þýðingu en rétt er. Það eru orðin »er samkomulag fæst um«. Til þess að fyrirbyggja að þetta verði miskilið, hefi eg, með leyfi hæstv. forseta, skotið inn orðunum »inn á við og út á við«. — Það mætti máske með hæfilegri rangfærslu og útúrsnúningum leggja þá meining í hið upphaflega orðalag, að vér værum tilbúnir til að ganga að hverjum þeim breytingum, er samkomulag fæst um *við Dani*, en það liggur ekki í orðum tillögunnar, enda taka innskotsorðin þar af allan vafa.

Eins og öllum er kunnugt leggjum við aðaláherzluna á það, að samkomulag náist fyrst og fremst innanlands, og því næst að samkomuleg náist innanlands um tillögur, sem líklegar séu til samkomulags við Dani. Menn verða nefnilega að hafa það hugfast í þessu máli, ef við hreyfum því aftur, að til þess að við getum haft nokkra von um að koma nokkru fram gagnvart okkar viðsemjendum, verðum við allir, sem viljum málefnasamband — en ekki persónu-

samband eða skilnað — að vera samhuga og samtaka um tillögurnar og við vitum, að viðsemjendur okkar fást trauðlega til viðtals um þetta mál, meðan þing og þjóð er sundrað í flokka um málið.

Við, sem í raun og sannleika fylgjumst að um efni málsins, verðum þá fyrst og fremst að geta orðið sammála og samtaka. Og þegar við erum allir á einu máli um efnið í tillögum vorum, þá fyrst er vit í að fara að leita samkomulags um þær við Dani. Þetta er það, sem í orðum tillögunnar liggur og til þess að ekki sé hægt að rangfæra þetta, hefi eg skotið inn orðunum, eins og eg gat um. — Vitaskuld þýða hin upphaflegu orð það sama, en það er kominn slíkur orðhengilsháttur inn í þetta mál, að dæmi slíks þekki eg ekki, og tel eg það mjög illa farið.

Eg ætla ekki að fara út einstök atriði stjórnarskrárfrumvarpsins. Það er tekið skýrt fram í nefndaráliti okkar fjögra, hverjar breytingar við álítum nauðsynlegar.

Þó vil eg að lokum benda á, að það er textagalli á frv., svo minkun væri að láta það frá sér fara, án þess að bæta úr honum. Það er í ákvæðunum um samkomudag alþingis.

Svo fjölyrði eg ekki frekar um þetta. Eg hefi gert grein fyrir aðstöðu minni, og hvernig litið er á málið alment í landinu.

Benedikt Sveinsson: Eg var einn þeirra fáu, sem greiddi atkvæði móti þessu frv. á síðasta þingi. Mér þótti það slíkur gallagripur, að ekki væri vert að kosta til þess aukaþingi.

Meðal þess, er mér líkaði ekki, og taldi sjálfsagt að þyrfti að breyta nú, var skipun efri deildar.

Breytingin, sem á henni var gerð, gekk í öfuga átt við það, sem átti að vera, því að skilsmunur deildanna verður samkv. frumv. jafnvel meiri en er, og þó er ósamræmið nú fullkomlega nóg.

Eg sá ekki, að vit sé í að hafa svo að segja tvö þing í landinu, hvort öðru óháð, nóg er sundrungin samt — að flestra máli. Og ekki getur slíkt greitt fyrir löggjafarstarfinu. Það getur vel komið fyrir, að sinn meiri hlutinn sé ráðandi í hvorri deild, samkvæmt þessu nýja fyrirkomulagi og sjá allir, hversu slíkt hlýtur að hamla framgangi mála. Hvernig verður þá þingræðið? Hvora deildina á stjórnin að meta meira?

Nær hefði verið að haga svo til, að fjölmennustu kjördæmi landsins, Rvík o. fl., hefðu fengið að kjósa fleiri fulltrúa og fá á þann hátt menn í stað hinna konungkjörnu. Að öðrum kosti mætti hafa alþjóðarkosning á þessum 6 mönnum í stað hinna kgkj., en fleirum ekki. Væri þá komist hjá að raska kjördæmaskipun landsins. Eg er andvígur því, að kjördæmaskipuninni sé raskað nokkuð verulega og veit að kjördæmi þau, sem hlut eiga að máli, vilja ekki að breyting sé á þeim gerð. Fámennari héruðunum þykir brotinn réttur á sér, ef þau eru bútuð sundur eða lögð undir önnur kjördæmi. — Nú er kjördæmaskiftingin samkvæm sýsluskiftingunum, svo að hver sýsla er kjördæmi um sig. Er það og réttast og eðlilegast, þar sem hver sýsla er heild fyrir sig og hefir sitt eigið héraðsvald og fjárstjórn í sínum málum. Hitt nær engri átt eftir staðháttum landsins, að skifta landinn í kjördæmi að eins eftir mannfjölda, enda þyrfti þá sífeldlega að breyta til fram og aftur, því að fólksfjöldinn breytist margvíslega á ýmsum stöðum,

Stjórnin hefir samið frumv. um nýja kjördæmaskipun og látið fylgja stjórnarskránni, ef til þess kæmi að hún yrði samþ. Frumvarp þetta er mesti galla-

gripur og breytir kjördæmaskipun miklu meira en nauðsyn er til, slengir t. d. tveim einmennings-kjördæmum saman í eitt tveggja manna kjördæmi. Slíkt er spor í öfuga átt. Nær væri að skifta tveggjamanna-kjördæmum í eins manns kjördæmi.

Hv. þm. Dal. (B. J.) hefir breytt þessu frv. um kjördæmaskipun til mikilla bóta, frá því sem stjórnarfrv. var og líkar mér það þó ekki allskostar.

Ákvæðið um alþýðuatkv. er einn gallinn á stjórnarskrárfrv.

Það yrði að eins til þess að minka ábyrgðartilfinningu þingsins og vekja æsingar með þjóðinni að óþörfu. Það er því með öllu ótímabært að koma slíku inn í grundvallarlög vor.

Það sem »mesti hlutinn« setur út á frv., er gagnstætt því, sem eg hefi við það að athuga. Honum finst skipun E. d. ekki *nógu* frábrugðin skipun N. d. Vill hafa skilsmun deildanna enn meiri. En það skil eg ekki, að þeir herrar, sem enga annmarka fundu á frv. í fyrra, og samþyktu það þá, skuli ekki vera með því nú. *(Lárus H. Bjarnason:* Við samþyktum frv. til að fá nýjar kosningar) Ekki þurfti að samþ. frv. til að fá nýjar kosningar, því að fyr verandi ráðh., hv. þm. Borgf. (K. J.) lýsti yfir því, hér í þingdeildinni í fyrra, að hann mundi rjúfa þing, *hvort sem frv. yrði samþ. eða ekki.* Nei, til *þess* var leikurinn ekki gerður, heldur hins af hálfu Heimastjórnarmanna, að hafa stjórnarskrárbreytinguna til þess að »flagga« með frammi fyrir landsbúum, svo að þeir þyrftu ekki í annað sinn að ganga til kosninga með sambandsmálið í fyrirrúmi.

Sjálfstæðismenn þóttust ætla að samþykka frv. óbreytt og hétu kjósendum sínum að gera það, að mér einum undanteknum. Eg lét það ótvírætt í ljós við kjósendur, að eg vildi fá breytingar á frv. ef kostur væri. Nú er annað orðið efst á baugi hjá Sjálfstæðismönnum; þeir virðast flestir vera búnir að gleyma loforðum sínum frá kjörfundunum í haust.

Heimastjórnarmenn þóttust vilja samþykkja frv., sumir óbreytt með öllu, aðrir »með breytingum eða án þeirra«, — þar á meðal hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.). Nú eru þeir einnig horfnir frá þessu.

Til að sýna, hversu lítið bólaði á sambandslagafrv. frá 1908 við síðustu kosningar, mætti benda á, að í 5 kjördæmum, þar sem um 6 þingsæti var að tefla, buðu alls engir frumvarpsmenn sig fram. Þessi kjördæmi voru:

Austur-Skaftafells-sýsla (2 frambjóðendur).

Vestur-Skaftafells-sýsla (2 frambjóðendur).

Árnes-sýsla (4 frambjóðendur).

Borgarfjarðar-sýsla (2 frambjóðendur).

Norður-Ísafjarðar-sýsla (2 frambjóðendur).

Engu að síður varð sú raunin á, að 20 þeirra manna, er náðu kosningu, voru gamlir frumvarpsmenn og hafa ýmsir þeirra vafalaust komist að, af því að þeir drógu dul á, að sambandsmálið yrði tekið fyrir fyrst um sinn og kjósendur bjuggust ekki við, að það kæmi í þeirra gerð.

Góður Húnvetningur og gegn sagði mér, að þeir heimastjórnarmenn, sem þar náðu kosningu hefðu með öllu afsagt, að sambandsmálið kæmi til umr. á þessu þingi. Og sá háttvirti heimastjórnarmaður, sem bauð sig fram á móti mér í Norður-Þingeyjarsýslu, taldi það ekki koma til neinna mála, að sambandsmálið yrði tekið upp á næstu árum, kvaðst álíta það skaðlegt málinu sjálfu og mundi því, ef hann næði kosningu,

gera sitt ítrasta til þess að afstýra því, að sambanasmálið yrði tekið upp að svo stöddu. Svona mun það víðast hafa verið — eða alstaðar.

En það sem undarlegast er af öllum undrum þessa máls, er athæfi fyrv. ráðherra (Kr. J.), þegar hann valdi kgk. þingmennina.

Honum var bent á það í vetur, hvernig þingið væri skipað með tilliti til sambandsmálsins. En hann gerði lítið úr hættu þeirri, sem af því gæti stafað, að frumvarpsmenn væru í yfirgnæfandi meiri hluta í þinginu, þeir mundu ekki hreyfa við málinu, sagði hann, og gaf bendingunum engan gaum.

Og hvað gerir hann? Hann gerir konungkjörna 5 eiðsvarna frumvarpsmenn og einn svo vafasaman, að vafalaust má telja hann í flokki þeirra nú og samsekan. Frumvarpsandstæðingurinn, Kristján Jónsson, hefir því notað vald sitt til að bæta 5 eða 6 mönnum við fylgdarlið frumvarpsins á þingi. Þessi frammistaða ráðherra er vægast sagt *sorgleg!* Hvernig á nú þjóðin að vara sig, þegar svona er að henni farið? Það er fyrst þegar svona er orðið í pottinn búið, að frumvarpsmönnunum og liðhlaupunum þótti tími til kominn að kasta grímunni og hefja uppkastsfánann á stöngina opinberlega!

Svo er undanhaldið magnað, að ráðherra leggur ekki einu sinni stjórnarfrumvarpið fyrir þingið, þetta frumvarp, sem þingið var kosið til að fjalla um, og auk þess hafði bjargað honum sjálfum frá vantraustsyfirlýsingu í fyrravetur, eins og öllum hlýtur að vera í fersku minni.

Þó að menn segi, að þingmálafundirnir hafi verið hlyntir bræðingnum og látið í ljós að þeir hirtu ekki um, að stjórnarskrármálið væri tekið til alvarlegrar meðferðar nú, þá eru það veikar ástæður. Bræðingstilraunirnar slógu óhug á allan lýð, svo þingmálafundir voru óvanalega illa sóttir og ómerkir í vor. Sem dæmi þessa má nefna, að á þingmálafundi í fjölmennum kaupstað á Vesturlandi var bræðingstillaga samþykt með 3:2 atkv. Minna gat það varla verið.

Öll meðferð þessa máls, aðferðin til þess að eyða stjórnarskrármálinu en demba innlimunar-uppkastinu yfir þjóðina óviðbúna, er í frammi höfð með meiri *þjóðsvikum,* en dæmi finnist til hér á landi, — og líklegast að áframhaldið og endirinn verði þá eftir því!

Kristján Jónsson: Að vísu er eg ekki framsögum. litla hlutans í nefndinni, en þó leyfi eg mér að mæla hér fyrir hönd okkar tveggja sem í honum eru.

Við höfum lagt það til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Ástæðan til þess er sú, að eg ber kvíðboga fyrir því, að frv. verði ekki staðfest, þótt það nái samþykt á þessu þingi.

Án þess að leitast við að færa frekari sannanir í því efni, fullyrði eg það, að eg hefi gert alt, sem í mínu valdi hefir staðið, til þess að tryggja það að frv. næði konungsstaðfestingu, en þessa tryggingu hefir mér eigi tekist að fá. Það verður að segja hverja sögu eins og hún er, hér sem annarstaðar. Og saga þessa máls er sú, að mér var ótvírætt gefið það í skyn af þeim, sem um það máttu bezt vita, að frv. mundi eigi verða staðfest, eins og það fór frá síðasta þingi.

Orsökin til þessara vandkvæða er burtfelling ríkisráðsákvæðisins úr stjórnarskránni. Og þar sem það hvorki er tiltækilegt að taka ríkisráðsákvæðið upp í frumvarpið aftur, né heldur að etja kappi við konunsvaldið um atriði, sem ekki er mikilvægara í mínum augum en þetta er, þá leggjum við það til, að

frv. sé ekki afgreitt nú frá þinginu sem lög.

Jafnframt vil eg taka það fram, að eg var óánægður með ýmisleg ákvæði í frv. á síðasta þingi, sérstaklega með hina gegndarlausu útfærslu kosningar réttarins, og svo einnig með skipun efri deildar.

Að fjölga kjósendum í landinu um meira en helming, alt í einu, er mjög athugavert, þó margir álíti það hið mesta hnoss. Það er meira en lagabreyting; það er bylting »revolution« og alls eigi hægt að sjá fyrir, hverjar afleiðingar hennar mundu verða.

Ennfremur ber að gæta þess, að hvernig sem annars er litið á sambandsmálstilraunir þær, sem þingið nú hefir með höndum, þá er rétt að bíða eftir úrslitunum. Að þessu leyti er eg fyllilega samdóma háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), þó eg sé engan veginn ánægður með afstöðu og horfur sambandsmálsins nú frekar en áður.

Þegar búið er enn að reyna fyrir sér í sambandsmálinu, þá er fyrst ástæða til að fara að breyta stjórnarskránni á ný, hvort sem úrslitin verða ill eða góð í sambandsmálinu.

Dagskrá mín og hins háttv. þm sem með mér er um hana, er að því leyti frábrugðin dagskrá meiri hlutans, að í henni er slept tilvitnun i uppkastið frá 1908. Þessa tilvitnun get eg ekki samþ. því að enn er eg jafnt sem áður alveg mótfallinn uppkastinu frá 1908.

Út af ræðu háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefi eg aðeins ástæðu til að taka það fram, að útnefning hinna kgk. þm. var als ekki gerð með tilliti til sambandsmálsins. Eg veit með vissu, að það mál verður ekki til lykta leytt, fyr en það hefir verið borið undir atkvæði þjóðarinnar, og þá skiftir litlu um þessa 5 kgk. þm., hvort þeir eru með eða móti uppkastinu frá 1908.

Annars þykir mér ekki ástæða til að lengja umræður um þetta frekar.

Framsögum. minsta hlutans (Skúli Thoroddsen): Háttv. þm. Ak. (G. G.) var í ræðu sinni að tala um vilja þjóðarinnar í þessu máli og leit svo á, að það væri ekki vilji þjóðarinnar að stjórnarskrármálið yrði ekki samþykt á þessu þingi. En gagnvart þessu vil eg taka það fram, að maður getur ekkert bygt á þingmálafundargerðum í þessu efni. Þeir þingmálafundir, sem haldnir hafa verið á undan þessu þingi eru gersamlega ólíkir fyrri þingmálafundum. Það gerir deyfðin sem hefir hertekið hugi manna, þegar fregnirnar um bræðinginn hafa borist út um landið, svo að menn sitja heima og sinna ekki fundahöldum. Það hafa að vísu verið samþ. margar shlj. till. á fámennum þingmálafundum, auðsjáanlega til þóknanlegrar eftirbreytni eftir miðstjórn heimastjórnarflokksins í Rvk. En yfirleitt er deyfðin að því er fundarsókn snertir mjög mikil um land alt.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L H. B.) fór fögrum orðum um það, að hann væri hlyntur því að kvenfólk fengi atkvæðisrétt, en hann snýst á móti því máli ef hann greiðir atkvæði með þessari rökstuddu dagskrá, sem hér er fram komin, eða verður þess á annan hátt valdandi með atkvæði sínu, að stjórnarskrárfrv. verði ekki samþykt. En ræður sumra manna, sem sjást í þingtíðindunum, eru þvert á móti atkv.gr. þeirra hér í deildinni. Og eg finn ástæðu til að taka það fram gagnvart háttv. kjósendum, að það er oft og tíðum ekki mikið byggjandi á því, sem í þingtíðindunum stendur, því að þar geta sést ræður, sem aðeins eru haldnar til að blekkja kjósendur.

Háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) sagði, að hann hefði ekki talið ráðlegt að leggja út í baráttu gagnvart konungsvaldinu. Það er ekkert hægt að fullyrða um það, hvort nokkurrar baráttu hefði þurft. Það liggur ekki fyrir neitt fullnaðar svar í því efni, og maður veit ekki að hverri niðurstöðu konungur hefði komist ef frv. hefði verið samþykt óbreytt. Það má telja harla ólíklegt, að konungur hefði synjað staðfestingar nú, rétt áður en hann ætlar að heimsækja íslenzku þjóðina. Það mælir þvert á móti ýmislegt með því, að hann hefði staðfest lögin. Það veltur ekki alt á því hvernig málið er borið fram fyrir konung. Eða hafa sjálfstæðiskröfur Íslendinga að því er sérmál þeirra snertir verið skýrðar nokkuð fyrir Dönum?

Þá tók sami háttv. þm það fram, að sér virtist ekki rétt, að kjósendum sé fjölgað um helming í einni svipan. Háttv. þm. Dal. (B. J.) er búinn að benda á siðferðisréttinn, sem kvenfólk hefir til kosningarréttar eins og karlmenn. Þetta vita allir. Þegar talað er um siðferðisrétt, þá er eins og menn haldi alment að það sé orð sem hafi enga þýðingu. En það er nú eitthvað annað en svo sé. Hið siðferðislega ranga verður ekki rétt, þó að lög séu sett um um það. *(Lárus H. Bjarnason:* Það er taktiskt spursmál). Ef sett eru lög um lygi, verður þá lygin siðferðislegur réttur? Frá því sjónarmiði er það hættulegt og slæmt að kvennfólki og öðrum sé varnað að fá rétt sinn.

Svo hefi eg ekki öðru að svara en því, að mig furðaði stórlega á að heyra ræðu háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) þegar hann tók það fram gagnvart háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) að það væri skoðun sín, að uppkastið ætti ekki að samþykkja. Þetta segir hann eftir að hafa trygt uppkastsmönnum meiri hluta í þinginu með skipun konungkjörinna þingmanna. En að háttv. fyrverandi ráðherra (Kr. J.) geti borið fyrir sig að hann hafi útnefnt konungkjörnu þingmenniaa án tillits til uppkastsins, það nær ekki nokkurri átt. Og að lítið muni um 5 konungkjörna þingmenn af því að málið eigi að bera undir þjóðina, sér hver maður að er fjarstæða, því að vitanlega þarf ekki nema eitt atkvæði til að ríða baggamuninn.

Yfir höfuð sýnist mér þetta eins og annað, sem nú er að koma fram, benda á það að sumum þeim mönnum, sem töldust til Sjálfstæðisflokksins hafi ekki verið mikil alvara. Það sýnir framkoma háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) og bræðingurinn, sem nú er kominn á dagskrá. Eg minnist þess, að þegar eg lá sjúkur á St. Jósefsspítala í Kaupmannahöfn, barst mér í hendur Ísafold með ræðum þeirra þm. Barð. (B. J.) og þm. Borgf. (Kr. J.) er þeir héldu á fundinum í barnaskólaportinu, þegar frézt hafði hingað heim um uppkastið. Eg held að eg muni það rétt að þeir byrjuðu báðir með þakklæti og skjalli til millilandanefndarinnar, meiri hlutans ekki síður en hins minni. Það var auðséð að mennirnir voru á báðum áttum og vissu ekki hvernig þeir áttu að snúa sér. Svo hófst baráttan. Þá kallaði Ísafold meiri hluta mennina landráðamenn. En nú, síðan bræðingurinn kom til sögunnar, eru þetta einu mennirnir, sem treystandi er til að leiða sambandsmálið til farsællegra lykta. Þetta verður ansi skemtilegur kapituli í sögu Íslands fyrir seinni tíma menn.

Tryggvi Bjarnason: Eg ætlaði mér ekki að standa upp og skal heldur ekki halda langa ræðu. Eg vildi að eins leyfa mér að leiðrétta nokkur orð, sem féllu hjá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) í sambandi við sambandsmálið.

Hann blandaði okkur þingmönnum Húnvetninga inn í ræðu sína og sagði

að við hefðum lofað á þingmálafundum að gera okkar til að sambandsmálið yrði ekki tekið fyrir á þessu þingi. Það er satt, að það átti að knýja fram loforð af okkur til þess, og meira að segja, það átti að fá okkur til á einum fundi að lofa því, að sambandsmálið yrði ekki tekið fyrir á þessu þingi, en við bentum á, hvað það væri barnalegt að ætla okkur að lofa slíku. Það eina sem við lofuðum var, að stuðla að því með atkvæði okkar, að það yrði ekki afgreitt fyr en búið væri að bera það undir atkvæði þjóðarinnar. Öðru eða meiru lofuðum við ekki.

Það var að eins þetta, sem eg vildi leiðrétta.

Einar Jónsson: Eg hefði satt að segja gjarnan viljað losa deildina við meiri umræður um þetta mál heldur en komnar eru. En eg er ekki skyldugur að þegja fremur en aðrir.

Mig furðar sannarlega á þessum löngu umr. dag eftir dag um mál, sem legið hafa fyrir þinginu í alt sumar; þingið ætti heldur að spara sér umræðurnar sem mest og afgreiða málin með einfaldri atkvæðagreiðslu. Að minsta kosti er algerlega ónauðsynlegt að vera að eyða tíma í langar umræður um þessa till. sem hér liggur fyrir. Mig furðar á æfðum þm., eins og hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.), að hann skuli segja að það sé þýðingarlaust að vera að tala um stjórnarskrármálið af því hann viti fyrirfram, hvernig afdrif það fái. Það er kveikt ljós yfir okkur fram á miðja nótt yfir þessum nauðsynjalausu umr., rétt eins og þingmenn séu hér saman komnir til að leika sér eins og Olympíuleikafararnir, nema hvað þessir leikar eru ekki eins heiðarlegir, að eyða dýrum tíma þingsins í algerlega ónauðsynlegar umræður.

Fyrst hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) segir í upphafi ræðu sinnar, að það þýði ekkert að tala um þetta mál, hvers vegna heldur hann þá langa ræðu í málinu sjálfur? Eg býst við að hann ætti að geta gert sig ánægðan með að bíða með stjórnarskrármálið, þangað til séð verður hvað um sambandsmálið verður.

Þótt hv. þm. Dal. (B. J.) glotti framan í mig, ímynda eg mér að hann sjái að þetta er rétt. Hann er nú altaf svo kátur og skemtilegur.

Eg ætla nú ekki að fara út í einstök atriði stjórnarskrármálsins, eg sé ekki neina ástæðu til að fara að lengja umræður um það. Það er vitanlega rétt, sem menn segja, að þetta aukaþing er aðallega saman komið vegna þess máls. En það er ekki alt sannleikur sem haft er eftir þingmönnum af þingmálafundum. Eg hefi t. d. sagt, að eg vildi að stjórnarskrármálið gengi fram á þessu þingi. En þegar sambandsmálið er nú á döfinni, þá er eg svo hygginn að sjá, að það á að ganga fyrst og svo stjórnarskrármálið á eftir.

Til þess að þreyta deildina ekki lengur, skal eg láta tali mínu lokið í þeirri von, að ekki verði haldið áfram umr. í alla nótt. Annars gæti eg tekið það fyrir, þótt eg tali ekki vel, að tala svo lengi, að allir þingmenn væru farnir út áður en eg hætti, en eg vil helst forða landssjóði frá þess háttar kostnaði.

ATKV.GR:

Rökstudd dagskrá samþ. með 15 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Jón Jónsson Rvk.	Bjarni Jónsson
Einar Jónsson	Björn Kristjánsson
Guðl. Guðmundsson	Kristján Jónsson
Halldór Steinsson	Skúli Thoroddsen
Hannes Hafstein	Valtýr Guðmundss.
Jóh. Jóhannesson	Þorleifur Jónsson.
Jón Magnússon	
Lárus H. Bjarnason	
Matth. Ólafsson	

Já:	*Nei:*
Ólafur Briem	
Pétur Jónsson	
Sig. Sigurðsson	
Stefán Stefánsson.	
Tryggvi Bjarnason	

Fjarverandi voru Jón Jónsson S.-M. og Jón Ólafsson.

Um Landsbanka.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 18. Sept. 1885, um stofnun Landsbanka (A. 25, 68, 89, 90, 356, 386, 402); 1. umr. 23. Júlí.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eins og mönnum er kunnugt er það tekið fram í lögum um stofnun Landsbanka 18. Sept. 1885, að bankinn eigi að setja á stofn útbú á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði. Landsbankinn hefir nú sett á stofn útbú á Akureyri og Ísafirði, en ekki á Seyðisfirði. Þar á móti hefir Íslandsbanki þar útbú. Þetta frv. fer fram á, að *þegar* Landsbankinn sér sér fært að stofna útbú á Austfjörðum, verði það gert einhversstaðar í Suður-Múlasýslu, en ekki á Seyðisfirði. Yrði það þá annaðhvort á Eskifirði eða Reyðarfirði. Orsökin til þess, að þetta frv. er komið fram, er sú, að eins og nú hagar til með útbúið á Seyðisfirði, hafa Sunnmýlingar svo sem engin not af því. Það er gamall rígur á milli sýslnanna, sérílagi kaupstaðanna, sem veldur því; og sá rígur er svo gamall sem eg man langt eftir mér. Seyðfirðingar halda í það sem þeir hafa og bola hinum frá. Mér er jafnvel kunnugt um, að efnaðir Sunnmýlingar hafa sótt um lán í útbúinu á Seyðisfirði, og verið synjað um það, en fengið það aftur á móti viðstöðulaust í útbúinu á Akureyri, er þeir leituðu þangað. Eins veit eg til þess, að er Sunnmýlingar hafa sótt um lán til mótorbátakaupa, hafa þeir fengið vilyrði, ef þeir vildu skuldbinda sig til að kaupa bátana hjá kaupmanni á Seyðisfirði. Enginn óhagur ætti það að vera fyrir Landsbankann að setja á stofn útbú í Suður-Múlasýslu, þegar honum er það fært, því að þar er í raun og veru miklu meiri markaður fyrir banka nú, en á Seyðisfirði.

Þetta frv. er borið fram eftir einróma áskorun sýslubúa, ekki eins árs áskorun, heldur margra ára.

Vona eg að hin háttv. deild leyfi þessu frv. að ganga til 2. umr.

Valtýr Guðmundsson: Eg get ósköp vel skilið, að einróma áskoranir hafi komið frá kjósendanum í Suður-Múlasýslu um að fá útbú. Því hvert hérað vill hafa útbú hjá sér. Það sannar því ekkert. Mér finst það harla undarlegt, ef nú á að fara að taka þessa von frá Seyðfirðingum um útbúið, sem þeim var gefin með bankalögunum, þar sem engin ástæða er til þess. Seyðisfjörður er stærsti bærinn á Austfjörðum og liggur bezt við öllum samgöngum. Þess vegna er nægast fyrir menn að ná til útbúsins þar. Fullnægi útbúð sem nú er á Seyðisfirði ekki þörfum Sunnmýlinga, er fjárskorti um að kenna, en alls ekki því að þeir eru Sunnmýlingar. Norðmýlingar fara þangað ónýtisferðir engu síður.

Eg tel því hollara, ekki einungis fyrir Seyðisfjörð heldur og Austfirði yfirleitt, að útbúið verði sett á stofn þar sem því hefir hingað til verið ætlaður staður. Þá gæti og samkepni átt sér stað milli bankanna, og það er það sem þarf að vera.

Eg vil þess vegna mælast til þess við hina háttv. deild, að hún láti sitja við

þau lög sem hingað til hafa gilt, og að málið verði hvorki sett í nefnd né látið ganga lengra.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Mig furðar og furðar ekki ókunnugleiki háttv. þm. Sfjk. (V. G.) í kjördæmi sínu, þar sem hann heldur að Austfirðingum sé greiðast að hafa viðskifti við Seyðisfjörð. Öllum Sunnmýlingum, nema ef til vill Mjófirðingum, er léttara að sækja til Reyðarfjarðar og jafn vel nokkrum hreppum í Norður-Múlasýslunni er þangað auðsóttara, alténd síðan Fagradalsbrautin kom Vegir til Seyðisfjarðar eru oft ófærir lengi vetrar og fram eftir sumri, og sjóleiðir þangað frá mestum hluta sýslnanna öllu ógreiðari. Þá ótalið, hvað Skaftfellingum er greiðara að ná til Reyðarfjarðar en Seyðisfjarðar. Verzlunin fer nú og þverrandi á Seyðisfirði ár frá ári og færist til Reyðarfjarðar. Sézt bezt á því að hann muni ekki liggja ver við viðskiftunum, enda hefir alþingi viðurkent það með Fagradalsbrautinni.

Eins og nú er ástatt með útbúið á Seyðisfirði er fyrirkomulagið meingallað. Sunnmýlingar eru útilokaðir frá því að fá þar lán, og féleysi útbúsins er als ekki eingöngu eða ætíð um að kenna. Þessu er óhætt að trúa. Eg gæti nefnt fjölda dæma að mönnum úr Suður-Múlasýslu hefir verið hiklaust veitt lán í Reykjavík eða á Akureyri þó að þeim hafi verið þverneitað um það á Seyðisfirði með sömu tryggingum. Margir trúverðugir menn gætu borið vitni um þetta. Meðal annara hefir mikilsvirtur kaupmaður átt í slíkum málaleitunum. Eg hefi átt tal við bankastjóra Landsbankans um þetta mál og sjá þeir ekkert því til fyrirstöðu að útbúið verði fremur sett á stofn í Suður-Múlasýslunni á Eskifirði eða Reyðarfirði en á Seyðisfirði. Og þeir ættu að geta bezt dæmt um hvor staðurinn er heppilegri fyrir bankann. Eg sé enga ástæðu til að hv. þm. sé að amast við því að Seyðfirðingar séu sviftir þessari *von* um Landsbankaútbúið, því að þeir *hafa þegar* fengið útbú sem þeir áttu *enga von á*. Vona eg að frv. fái góðan byr hjá hinni háttv. deild og að það nái fram að ganga.

Bjarni Jónsson: Eg tek ekki til máls af því, að eg vilji blanda mér í ófriðinn milli hinna tveggja stórvelda þar eystra. Eg verð nú samt að játa að í þessu efni hallast eg heldur að skoðun hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) í því, að réttara væri að hafa útbú á Reyðarfirði, en á Seyðisfirði. Því að síðan Fagradalsbrautin var fullger hefir verzlun Héraðsmanna færst til Reyðarfjarðar, enda er svo að segja ófært yfir heiðina ofan í Seyðisfjörð, nema rétt um hásumarið.

En það er annað í þessu máli, sem eg vildi benda á. Mér finst vafamál hvort nokkur þörf er á þessu frv., því að í bankalögunum frá 18. sept. 1885, 9. gr. stendur svo:

»Bankinn skal, með samþykki landshöfðingja, svo fljótt sem auðið er, setja á stofn aukabanka eða framkvæmdarstofur fyrir utan Reykjavík, einkum á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði«.

Mér skilst svo, sem hér sé leyft að setja útbú alstaðar, og því þurfi ekki annað en samþykki ráðherrans til þess að breyta til um staðina, ef vill, því að orðið: »einkum« getur ekki verið bindandi með breyttum kringumstæðum. Eg hygg því að öllu þessu megi koma í kring án nokkurra lagabreytinga.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg þakka hv. þm. Dal. (B. J.) fyrir undirtektir hans undir þetta mál, en vil um leið geta þess, að ef engin lög væru til um þetta, þá mætti að sjálfsögðu stofna útbú hvar sem hentast þætti, en þar sem nú lögin einmitt

nefna þessa þrjá staði, þá virðist með því ætlast til þess, að fyrst verði fullnægt því heitorði. Svo hefir bankastjórnin að minsta kosti skilið þetta og, að því er eg ætla, landsstjórnin líka.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 3 atkv.

Önnur umr. 27. Júlí.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Aðalástæðan til þessa frv. er sú, að á Seyðisfirði er þegar numið land fyrir bankaviðskifti, en í Suður-Múlasýslu algerlega ónumið land. Því er sjálfsagt miklu meiri von viðskifta þar eins og nú standa sakir.

Viðaukatillagan á þgskj. 68 er þess efnis að stjórn Landsbankans sé heimilt að setja á stofn útbú erlendis á þeim stað sem henni þykir hent. Slíkt útbú gæti orðið heppilegur afgreiðslustaður fyrir bankann, og sömuleiðis ætti það að geta bætt úr þeim örðugleikum sem nú eru á, að selja verðbréf hans. Í annan stað má og segja það, að með þessum lögum á bak við sig, getur Landsbankinn betur haldið í skák þeim bönkum erlendis sem hann á viðskifti við.

Ráðherrann (H. H.): Mig langar til að beiðast frekari skýringar á því, hvernig menn hugsa sér þetta útbú erlendis og hvaða verk því er ætlað að inna af hendi.

Björn Kristjánsson: Bankastjórnin hefir enn ekki ákveðið að setja á stofn neitt útbú eða skrifstofu utanlands, þó heimild fengist til þess. Hún hefir miklu fremur hugsað sér, svona fyrst um sinn, að geta haldið erlendum bönkum í skák — eins og hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) komst að orði — með þessum lögum á bak við sig. Ef bankinn sæi sér hag í því, að reka sín eigin störf erlendis eins og hér, ætti bankastjórnin að hafa opnar dyr til þess. Nú sem stendur er það talsverðum örðugleikum bundið að koma út verðbréfum bankans, enda verður að gera það gegnum danska umboðsmenn. Eg veit ekki hvort viljaleysi þeirra er um að kenna, en því yrði alls ekki kent um ef bankinn annaðist sjálfur söluna.

Ef til þess kæmi að stofnað yrði útbú á Austurlandi — sem stendur hefir bankinn ekki veltufé til þess — ætti bankastjórnin að fá að ráða hvar það yrði sett á stofn. Hún ætti bezt að geta séð hvar bankanum væri mestur hagur að hafa það, en hagur bankans er líka hagur fólksins.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg veit að hæstv. ráðherra, sem hefir verið bankastjóri þangað til fyrir einum eða tveimur dögum, getur gert sér hugmynd um störf er slíkt útbú erlendis gæti int af hendi. Það eru ekki lítil viðskifti sem landsbankinn hefir við erlenda banka, nær öll fyrir meðalgöngu Landmandsbankans; það er svo mikið af útl. víxlum og ávísunum, sem Landsbankanum er sent til innheimtu árlega, og svo mikið af víxlum og ávísunum héðan upp á útlönd, sem Landsb. þarf að láta krefja inn, að provision sú er Landmandsbankinn fær af því, væri eins næg til að kosta afgreiðslustofu erlendis.

Störf umboðsmannanna tæki útbúið að sér og hefði þær tekjur er þeim störfum fylgja. Það er ekki tilgangurinn eins og h. 1. þm. G.-K. (B.K.) tók fram, að setja á stofn útbúið þetta ár eða þau næstu. En ef bankinn sæi sér hag í því, að gera það síðar, er betra að hafa lögin að baki sér.

Ráðherrann (H. H.): Eg verð að játa að mér er ekki fullkomlega ljóst hvaða gagn *útbú* erlendis gæti gert fyrir Landsbankann, þrátt fyrir

upplýsingar hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.).

Bankaútbú fá veltufé sitt frá aðalbankanum, og eru sett til þess að reka bankastörf fyrir aðalbankans hönd. Hefir Landsbankinn svo mikið fé aflögu, að hann þurfi að koma því í útlán eða veltu erlendis?

Að því er snertir innheimtu gerði það ekki mikla breytingu þó að útbú væri t. d. í Kaupmannahöfn.

Flestir viðskiftamenn á Englandi og á Þýzkalandi sendu innheimtur sínar beint til bankanna hér, eða mundu snúa sér til Kaupmannahafnar-bankanna fyrst eftir sem áður, þótt útbú væri. Það er ómögulegt að fyrirskipa þeim að láta útbúið njóta viðskifta sinna.

En ef hv. þingdeild sýnist að setja þessa nýju útbúsheimild inn í lögin, virðist í öllu falli sjálfsagt að binda hana við samþykki ráðherra, eins og útbússtofnanir á Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði eru bundnar við samþykki landshöfðingja í lögunum um stofnun Landsbanka 1885.

Jóhannes Jóhannesson: Við fyrri umr. þessa máls, lagði hv. flutningsm. (J. Ó.) áherzlu á það, að útbú Íslandsbanka á Seyðisfirði kæmi ekki Sunnmýlingum að notum, og gaf í skyn, að beitt væri hlutdrægni að því er til lánveitinga kæmi. Eg vil leyfa mér að mótmæla þessu. Eg er persónulega kunnugur bankastjóranum, og veit, að hann er vandaður og valinkunnur maður, sem hefir hag bankans og hag fólksins fyrir augum. Hafi Sunnmýlingar ekki fengið þau lán, er þeir hafa gert sér vonir um og haft nægilega tryggingu fyrir, hefir það stafað af fjárþröng útbúsins, en alls ekki því því að hlutdrægni væri beitt. Hinsvegar veit eg, að það er ósatt mál að Sunnmýlingar hafi ekki fengið lán í útbúinu. Eg hefi afsagt nægilega marga víxla úr Suður-Múla-sýslu til þess, að geta borið það til baka. Söguna þá, að Sunnmýlingar hafi ekki fengið lán til mótorbátakaupa, nema með því móti að þeir keyptu þá hjá kaupmanni á Seyðisfirði, vil eg ekki ætla að hv. þm. hafi smíðað sjálfur, heldur hafi einhver skrökvað þessu að honum og hann trúi því sjálfur. En það veit eg að sagan er öldungis tilhæfulaus. Eg vildi biðja hann að tilnefna heimildarmanninn, svo útbússtjórinn gæti hrundið þessum óhróðri af sér.

Eg skal geta þess, að eg sé enga ástæðu er mælir með þessu frv., 1. þm. G.-K. (B. K.) mælti líka svo eindregið á móti því sem hægt var. Hann sagði að bankastjórnin ætti að ráða hvar útbúið stæði ef það yrði sett á stofn. En ef frv. verður samþ. verður henni einmitt fyrirmunað að ráða því.

Reyðarfjörður er eini staðurinn á Austurlandi, auk Seyðisfjarðar, sem nokkrar samgöngur eru við. En það veit sá, er nokkuð þekkir til þar eystra að um Fagradal eru alls ekki neinar samgöngur nema fáeina mánuði að sumrinu. Reyndar hefir kaupfélag Héraðsbúa aðsetur sitt á Reyðarfirði, en það er mér kunnugt, að það er ekki til sá bóndi á Héraði, sem ekki hefir viðskifti við eina eða fleiri verzlanir á Seyðisfirði.

Hvað viðvíkur stofnun útbús erlendis, finst mér að bankinn ætti fyrst að inna af hendi skyldu sína við bankalögin frá 1885, að því er stofnun útbúa innanlands snertir, áður en hann fer að seilast út fyrir landið, Eg leyfi mér því að leggja til að hvorutveggja frv. og viðaukatillagan verði feld.

Björn Kristjánsson: Hæstv. ráðherra var ekki ljóst, hvaða gagn útbú erlendis gæti gert. Eg gat þess þó áð-

ur og flutningsmaður frv. (J. Ól.), að bankinn gæti haft gagn af heimildinni, þó hann ekki notaði hana. Vitaskuld mundi bankastjórnin enga slíka skrifstofu setja upp ytra, nema bankanum yrði hagur að. Og treysti þingið ekki bankastjórninni til þess að sjá um þetta og annað bankanum viðvíkjandi, þá er vitanlega ráðið það, að styrkja bankastjórnina svo, að henni þyki treystandi.

Hæstv. ráðherra sagði, að innheimta kæmi að mestu beint til bankanna hér, en ekki gegnum aðra banka. Hann mun hafa alt aðra reynslu en eg. Landsbankinn hefir sama umboðsmann sem hann hefir jafnan haft áður og frá honum koma mestar innheimturnar, enda nýtur hann hálfs arðsins af innheimtunni.

Eg tel till. holla og rétta og enga ástæðu til þess að leggja heimildina á vald stjórnarinnar. Því meiri afskifti sem stjórnin, og jafnvel þingið líka, hefir af bankanum, því verr álít eg farið, enda hefir stjórnarráðið eðlilega enga þekkingu á bankamálum á við mig.

Út af orðum hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) skal eg geta þess, að það er misskilningur hjá hv. þm., að þessi skrifstofa sé ætluð til þess að veita lán. Tilgangurinn er sá, að hún útvegi starfsfé til handa Landsbankanum, selji verðbréf o. s. frv.

Eg vona, að allir þeir, sem unna hag Landsbankans, sýni það með því að samþykkja þessa tillögu.

Að öðru leyti skal eg geta þess, að mér stendur öldungis á sama um það, hvort heimild er veitt til þess að stofna útbú með því orðalagi, að það sé »á Austfjörðum« eða »í Suður-Múlasýslu«; aðalatriðið er þetta, að bankastjórninni sé veitt heimild til að setja útbúið á þeim stað, sem hún telur hagkvæmast, þegar bankinn verður gerður þess megnugur, að setja slíkt útbú á stofn.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg stend að eins upp til þess að svara hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.). Hann vildi rengja skýrslu mína um mótorbátakaup eystra og skoraði á mig að tilgreina heimildarmann minn. Eg get gert honum það til þægðar; það er sannorður maður, sem hv. þm. mun kannast við, Sigfús Daníelsson fyr verzlunarstjóri á Eskifirði, nú verzlunarstjóri Ásgeirssons-verzlunar á Ísafirði. Um útbússtjórann á Seyðisfirði hefir mér aldrei til hugar komið að segja neitt misjafnt um, því að eg þekki hann að góðu einu.

Rígur hefir frá fornu verið milli Seyðisfjarðar og Suður-Múlasýslu-kauptúnanna og kennir hans enn í ræðu hv. þm.

Hv. þm. sagði, að mér kæmi til skortur á kunnugleika á Suður Múlasýslu; eg skal ekki við hann þræta um það, hvor okkar sé kunnugri þar, þótt eg sé þar bæði fæddur og uppalinn, en líklega ætti þó Sunnmýlingum að vera sjálfum kunnugast um hagi sína og vita bezt, hvar skórinn kreppir. En þar hafa í hverjum einasta hreppi á árlegum fundum alt síðan 1908 verið samþyktar einróma ályktanir um málið. Eg tók svo milt til orða, að numið land væri í Seyðisfirði, en ónumið í Suður-Múlasýslu, til að vekja ekki kapp.

Hv. þingm. var með sögusagnir um Fagradalsbrautina. Eg býst við, að þær séu viðlíka ábyggilegar og allar aðrar sögusagnir annara Seyðfirðinga um þetta, alla tíð frá því að fyrst var talað um að leggja þennan veg; en þær hafa, sem betur fer, reynst árangurslausar. Reynslan hefir þegar skorið úr því, hve mikið hefir orðið úr spádómum þeirra. Og enn framar munu ferðirnar aukast um Fagradal þegar sláturhús er komið á í Reyðarfirði, sem væntanlegt er.

Í annan stað er þess að geta, að ekki liggur Suður-Múlasýsla eingöngu í Fljóts-

dalshéraði; hún nær einnig suður um alla firði alla leið suður að Lónsheiði.

Ráðherrann (H. H.): Hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), sem jafnframt er bankastjóri Landsbankans, hefir lýst yfir því einu sinni eða jafnvel tvisvar, að það væri ekki tilgangurinn með till. á þskj. 68, að stofnað yrði útbú erlendis nú þegar, heldur einhverntíma í framtíðinni. En fyrst svo er, hví á þá endilega að keyra þetta áfram nú, hví má ekki lofa mönnum, sem þetta kemur á óvart, að hugsa málið? Eg hefi litið svo á, að útbú bankanna væru til þess ætluð, að gera mönnum út um land hægara fyrir bæði til að fá lán og greiða þau, auk þess vitaskuld að koma út peningum bankanna. En þetta útbú er sagt til þess ætlað, samkvæmt orðum hv. þm., að útvega erlendis starfsfé til þess að Landsbankinn hafi efni á að koma á fót útbúi á Austurlandi. Þessu útbúi erlendis hlýtur þannig að vera ætlað alt annað fyrirkomulag en það, sem þekst hefir á útbúum bankanna hingað til. Eg get ekki hugsað mér, að útlendingar verði fremur bráðsólgnir í að lána fé sitt á þennan hátt en á þann hátt sem gengið hefir til þessa. Eg hygg, að ekki væri mikið í húfi, þótt beðið væri með þessa löggjöf, án þess að aftaka nokkuð um það, að þetta kunni að geta tekist til greina að einhverju leyti síðar.

Ummæli bankastjórans um stjórnarráðið leiði eg hjá mér að svo stöddu.

Lárus H. Bjarnason: Eg er meðmæltur frv. á þskj. 25, sérstaklega vegna þess, að Seyðisfjörður hefir þegar útbú en Suður-Múlasýsla ekki, enda mundu ekki einungis Sunnmýlingar hafa gagn af því, heldur og Austur-Skaftfellingar hafa meira gagn af útbúi þar en á Seyðisfirði.

Eg er sömuleiðis meðmæltur till. á þskj. 68, um heimild til þess að stofna útbú eða afgreiðslustofu fyrir Landsbankann í Khöfn. Eg fæ ekki betur séð en að töluvert gagn gæti leitt af slíkri stofu. Þar með mundi greiðast fyrir viðskiftum Landsbankans við útlönd, t. d. með sölu verðbréfa, afgreiðslu arðmiða o. fl.

Eg trúi því ekki, að hæstv. ráðh. (H. H.) leggist á móti till., þegar hann hugsar sig um. Eg man það, að þegar um var að ræða á þingi fyr meir að veita Íslandsbanka heimild til að koma á fót svipaðri stofnun, þá var hæstv. ráðh. hvatamaður þess. *(Ráðherra:* Nei!) Jú, eg man það, en eg hefi ekki þingtíðindin við hendina til þess að sanna mál mitt. Till. miðar til góðs fyrir Landsbankann, en ef til vill til miður góðs fyrir aðrar stofnanir. Víst er það, að Landsbankanum getur ekki orðið till. til ils. *(Ráðherra:* Kostnaður). Ef kostnaðurinn yrði meiri en góðu hófi gegnir, mætti kippa að sér hendinni.

Annað mál er það, hvort bankastjórnin skuli vera einráð um þetta, eða stjórnarráðið hafa hönd í bagga með. Líklega fult eins heppilegt að stjórnarráð og bankastjórn ráði því í sameiningu, enda þarf samtök beggja til stofnunar innlendum útbúum.

Eg er, sem sagt, meðmæltur báðum tillögunum og vona, að þær hafi framgang.

Jón Jónsson Rv.: Eg vildi skjóta því til hv. flutnm. (J. Ó.), hvort ekki mætti setja inn Austfirði við 3. umr. í stað Suður-Múlasýslu. Það er ekki víst að sú bankastjórn, sem við bankann verður, er heimildin kemur til framkvæmda, þyki Suður-Múlasýsla betur til fallin til að taka við útbúi en aðrir staðir á Austfjörðum, en eg vil, að sú bankastjórn, sem við bankann er þegar þar að kemur, að heimildarinnar verður neytt, hafi óbundnar hendur og megi

velja þann stað, er þá þykir hagkvæmastur.

Geri eg þessa breytingu beint að skilyrði fyrir atkvæði mínu með frv.

Bjarni Jónsson: Eg tek í sama streng og háttv. 2. þm. Rv. (J. J.), að heppilegra er að setja inn Austfirði í stað Suður-Múlasýslu. En eins og eg hefi áður fram tekið við 1. umr., er lagabreyting ónauðsynleg til þess, að bankastjórn megi setja útibúið þar sem henni sýnist. Hún hefir heimild til þess. En nú er viðbótartill. komin fram við frv. svo löguð, að eg mun greiða frv. atkv., í því trausti, að til 3. umr. verði sett inn á Austfjörðum í stað í Suður-Múlasýslu.

Um viðbótartill. tek eg undir með hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), að hæstv. ráðh. hefir auðsýnilega ekki veitt því athygli að hér er að eins um afgreiðslustofu að ræða, til þess ætlaða meðal annars að selja verðbréf, en þau er lítt kleift að selja erlendis vegna ókunnugleika útlendra manna á oss. Þar í móti ef afgreiðslustofa slík væri sett upp t. d. í Lundúnum eða annarsstaðar, þar sem fjármagn er, þá mundu þau seljast, með því að maður væri jafnan við hendina, til að koma þeim út. Það dugir ekki að ætla þann starfa mönnum, sem eru á snöggri ferð; um það get eg borið. Eftir fyrirmælum Landsbankastjórnarinnar hafði eg verðbréf Landsbankans á boðstólum um tíma í vetur og hafði góða von um sölu á þeim. En þá fór að kvisast um rannsókn og málaferli út af bankanum, og gengu þá kaupin aftur. Mér er sagt, að nú séu verðbréf Landsbankans seld fyrir 93—94 af hundraði. Eg er viss um, að ef slík föst stofnum væri sett á laggirnar, mundu fást 96—98 af 100 fyrir verðbréfin á þeim stöðum, þar sem fé er fyrir hendi. Eg á ekki við Kaupmannahöfn; þar er góður umboðsmaður; afgreiðslustofan þyrfti að vera annarsstaðar en í Danmörku. Eg tel víst, að það borgi sig fyrir bankann að setja upp þessa afgreiðslustofu nú þegar, en ilt að bíða næsta þings og óþarft með öllu.

Eg skil og ekki, hví landstjórnin treystir ekki bankastjórninni til að setja upp slíka stofu. Annaðhvort er bankastjórnin fær um að standa fyrir bankanum eða hún er ófær um það, og ætti þá að hypja sig.

Hitt, sem hæstv. ráðh. (H. H.) gat um að það heyrði undir stjórnarráðið að úrskurða um þetta, þá er þar um að segja, að hann finnur ef til vill »hitann í sjálfum sér og sjálfs sín kraft til að standa mót«. En það er ekki víst, að jafnan sé bankastjóri ráðherra, þótt stundum sé svo, og er þá tryggara að bankastjórnin ráði.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) misminnir, að eg hafi nýlega verið hvatamaður að því, að Íslandsbanki fengi það sama sem nú er farið fram á í þgskj. 68 til handa Landsbankanum. Íslandsbanki hefir frá upphafi haft þessa heimild, eða nú í 9 ár og vísast um það til 3. gr. í reglugerð bankans 25. nóv.br. 1903, sem hljóðar þannig:

». . . . . Hann (ɔ: bankinn) skal hafa útbú í hinum stærri kauptúnum Íslands, einkum á Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði. Eftir ályktun fulltrúaráðsins, er samþykt sé með 5 atkvæðum að minsta kosti, má stofna útbú annarstaðar á Íslandi svo og í Færeyjum, verði hægt að fá því framgengt. Í Kaupmannahöfn má bankinn hafa erindrekastofu, en eigi má hún hafa sjálfstæð bankastörf á hendi.«

Þessi heimild Íslandsbanka um að stofna útbú utan Íslands eða erindrekastofu í Kaupmannahöfn, sem er alveg sitt hvað, hefir alt af verið látin ónotuð.

Það hefir þótt ótiltækilegt, með því að engi arðs von mundi að því verða að nota heimildina að þessu leyti, og hefir Íslandsbanki þó mjög miklu meiri viðskifti við útlönd en Landsbankinn. En fyrst ekki á að nota þessa heimild nú þegar, hver knýandi nauðsyn er þá til þess að koma henni í gegn nú, þrátt fyrir það að að fæstir hér í deildinni munu hafa haft tækifæri til að hugsa málið?

Háttv. þm. Dal. (B. J.) þótti heppilegt og og rétt, að stjórnarráðið hefði hér um ekkert að segja. En það að stjórnarráðið hafi úrskurðarvald um slíkt mál, er ekki að eins í fullu samræmi við gildandi lög Landsbankans, eins og eg gat um, heldur og í samræmi við tilsvarandi ákvæði í reglugerð Íslandsbanka; þar kemur bankaráð í stað stjórnarráðs. Athugasemd mína um þetta efni þarf ekki að skoða sem neina vantraustsyfirlýsing til stjórnar Landsbankans, en þar sem hér er um að ræða landsins eign, þykir mér ekki til mikils mælst þótt stjórnarráðið fái að minsta kosti að hafa hönd í bagga með þeim starfsmönnum, sem það sjálft skipar til þess að hafa á hendi framkvæmdastjórn Landsbankans, á slíkum efnum, sem snerta stjórn og framkomu bankans út á við.

Lárus H. Bjarnason: Eg sagði áðan að hæstv. ráðherra (H. H.) hefði lagt áherslu á það að Íslandsbanki fengi heimild til að hafa útbú í Höfn. Nú hefir hæstv. ráðherra sýnt að bankinn hefir þessa heimild samkvæmt reglugerð sinni, svo að þetta hefir því líklega ekki komið til mála á þingi, en eg veit að það hefir verið til umræðu annarsstaðar, eg á við í fulltrúaráði bankans og þar hefir ráðherra lagt áherzlu á þetta atriði. *(Ráðherrann:* Nei, ákvæðið er komið í reglugerðina frá upphafi, áður en fulltrúaráð komst á laggirnar). En úr því Íslandsbanki hefir þessa heimild, því má þá Landsbankinn ekki fá hana líka? Það getur engu spilt að gefa þessa lagaheimild. Verði afgreiðlustofan ekki stofnuð þá verður hún bara dauður bókstafur, eins og svo mörg önnur af lögum okkar. En það vinst, að þá er Landsbankanum af löggjafarinnar hálfu gert jafn hátt undir höfði og Íslandsbanka. En eins og eg tók fram áðan getur það mjög vel komið til mála að láta landsstjórnina hafa hönd í bagga með um stofnun stofunnar. Það mætti laga til 3. umr.

Björn Kristjánsson: Mér finst hæstv. ráðherra (H. H.) ganga fram hjá því sem er aðalatriði í þessu máli, en en það er, að Landsbankinn fái þessa lagaheimild eins og Íslandsbanki hefir hana nú. Það gæti verið bankanum styrkur, að hafa heimildina, þó útbúið verði ekki stofnað fyrst um sinn. Og hvað ætti að vera á móti því, að gera Landsbankann jafn réttháan og Íslandsbanka í þessu efni?

ATKV.GR.:

Viðaukatill. við frv. sþ. með 14 shlj. atkv.

Frv.gr. breytt sþ. með 10:4 atkv.

Fyrirsögin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:4 atkv.

Þriðja umr., 8. Ágúst.

Flutn.m (Jón Ólafsson): Herra forseti! Hér liggur fyrir sú br.till., að í stað orðanna: »í Suður Múlasýslu« komi: »á Austurlandi«. — Að mínu áliti er þetta mjög óheppileg br.till. Að vísu skal eg játa að nú sem stendur gerir þetta ákvæði hvorki til né frá, en í framtíðinni gæti það orðið hættulegt, því að þá er ekki útilokað að bæði útibúin lendi á sama stað, t. d. ef banka-

stj. væri nú Seyðfirðingar, en það má ekki verða. Engum dettur í hug að útbúið verði haft norðar en á Seyðisfirði, og að sjálfsögðu ætti það að vera fyrir sunnan hann. Að þessu athuguðu vona eg að háttv. deild sjái það, að meiningarlaust væri að samþykkja þessa br.till.

Aðrar br.till eru ekki fram komnar, svo að eg vona að frv. fái sama byr og síðast.

Jón Jónsson Rvk.: Eg hefi átt þátt í br.till. þeirri, sem hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) gat um áðan, en eftir nánari upplýsingar, sem eg hefi fengið um málið, fell eg frá henni fyrir mitt leyti og mun greiða atkv. með frv.

Bjarni Jónsson: Eg get ekki verið jafn fljótur í snúningunum og hv. þm. (J. J.), sem var meðhjálpari minn við þessa br.till., eða þá eg hans. Eg get ekki séð neina ástæðu til þess, að takmarka þetta nánar en við einhvern stað í landsfjórðunginum. En hitt er rétt, að fela bankastjórninni það, að setja þetta væntanlega útbú þar sem hún álítur heppilegast. Hún má bezt vita hvar þægast er að koma því fyrir og gróðavænlegast, og jafnvel þótt bankastjórnin væri frá Seyðisfirði, þá mundi eg ekki óttast það, því að hvaðan sem bankastjórnin er af landinu, þá verður að ætla henni að hafa vit á þessu fyrir bankans hönd. Það er rétt sem rétt er, að nefna bara Austfirði, því að þótt háttv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) segi það ómáttulegt, að útbúið yrði sett norðar en í Seyðisfjörð, þá skal eg þó benda á þann máttuleika, að það það gæti orðið sett þar. Þær breytingar gætu orðið, að öllum þætti jafn sjálfsagt að hafa það einmitt þar. T. d. gæti verið risið þar upp »lotteri« sem kallað er, eða t. d. snjóflóð fallin á Eskifjörð og Reyðarfjörð. *(Jón Olafsson:* Þau koma nú ekki þar, heldur einmitt á Seyðisfirði). Það getur verið, en alt þess konar verður bankastjórninni kunnugt um, og þingið á ekki að fara að binda hendur hennar, hvorki við Seyðisfjörð né Suður-Múlasýslu, heldur láta henni vera frjálst að velja um staði. — Eg verð því að halda fram br.till. og greiða henni atkv. mitt.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg skal svara þessu stuttlega. Hræðsla hv. þm. við snjóflóð á Eskifirði og Reyðarfirði er á engu öðru bygð, en hinu auðuga ímyndunarafli hans. Þau koma þar aldrei, svo að menn viti, síðan landið bygðist, heldur einmitt á Seyðisfirði.

Hitt, að það sé sama hvort til er tekin Suður-Múla-sýsla eða alt Austurland, nær engri átt. Það er einmitt ástæðan til frumvarpsins, að koma í veg fyrir það, að útbúin verði höfð bæði á sama stað, með því að það væri að bera í bakkafullan lækinn, að hafa þau tvö á ekki stærra svæði, en þá gæti notið þeirra, og sem þegar er að miklu leyti uppurið, sem von er á, en hin sýslan aftur á móti ónumið land í þessum skilningi. Hver einasti kunnugur maður veit líka að það er satt, sem eg sagði, að verði útbúið ekki haft á Seyðisfirði, þá er ekki að tala um að hafa það norðar, ekki að tala um Loðmundarfjörð, Víkur, Borgarfjörð, Vopnafjörð né Strandir. Aftur á móti liggur beinast við að setja það annað hvort á Eskifjörð eða Reyðarfjörð, þar liggur það bezt við fyrir allan suðurhluta Austfirðingafjórðungs.

Bjarni Jónsson: Eg vil að eins gera þá athugasemd, að ef hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hyggur að hann hafi sannfært mig með þessum rökum, eða aðra, þá er það hans auðuga ímyndunarafli að kenna. Aðalatriðið er að taka burt það ákvæði, sem segir að útbúið skuli vera á Seyðisfirði, en það er

líka nóg, og það vil eg láta eftir höfundi frumvarpsins, en ekki hitt, að skipa þá í staðinn að það skuli vera í Suður-Múlasýslu, því á bankastjórnin að ráða, og eg vil að þess sé gætt, að hún hafi óbundnar hendur. Það hefir hún ekki nú, og ekki heldur eftir till. hans, en hún hefir það eftir minni till. Þetta er svo einfalt mál, að ekki þýðir að reyna að flækja það.

ATKV.GR.:

Br.till. 90 feld með 14 : 7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Bjarni Jónsson	Eggert Pálsson
Jóh. Jóhannesson	Ben. Sveinsson
Kristján Jónsson	Björn Kristjánsson
Ólafur Briem	Einar Jónsson
Pétur Jónsson	Guðl. Guðmundsson
Skúli Thoroddsen	Halldór Steinsson
Valtýr Guðmundss.	Jón Ólafsson
	Lárus H. Bjarnason
	Matthías Ólafsson
	Sigurður Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason
	Þorleifur Jónsson.

Jón Jónsson Rvk. greiddi eigi atkv og taldist með meiri hlutanum.

Frv. samþ. með 15 : 4 atkv. og afgr. til E. d.

Mótak.

FRUMVARP til laga um samþyktir um mótak (A. 33, n. 61, 84, 87, 88, 244, n. 267); 1. umr. 23. Júlí.

Flutn.m. (Sigurður Sigurðsson): Ástæðan til þess að þetta frv. er komið fram og flutt hér, er sú, að stjórnarráðinu barst á sínum tíma málaleitun frá sýslunefnd Borgarfjarðar-sýslu um að gera tilraun til ráðstafana gegn skemdum á mólandi, er geta hlotist af mótaki.

Stjórnarráðið vísaði þessari málaleitun til Búnaðarfélagsins, og hefir Búnaðarfélagið búið til þetta frv. í tilefni af því. Félaginu gat ekki hugsast annað ráð vænna en að heimila sýslunefndum með lögum að gera ráðstafanir þessu viðvíkjandi. Dylst mér ekki að þetta gæti komið að góðu liði, og mundu margir, þar á meðal Borgfirðingar, er fyrst hreyfðu þessu, eflaust nota sér slíka heimild til samþyktar, er fengin eru lög þar að lútandi.

Skal eg svo ekki eyða fleiri orðum um málið en legg til að því verði vísað til 2. umr. og síðan til nefndar þeirrar er kosin var í gær, um veiði í Drangey.

Bjarni Jónsson: Að eins ofurlítil athugasemd. Eg ætla ekki að hefja nein mótmæli, því að eg tel slíkar samþyktir réttmætar þegar þeir sem hlut eiga að máli óska þeirra. Eg vildi einungis beina því til nefndarinnar fyrir hönd hlutaðeigandi, að mér finst ósanngjarnt að allir aðrir en kjósendur til Alþingis séu útilokaðir frá að eiga hönd í bagga með þessu og því líku.

ATKV.GR.:

Samþ. að málið gangi til 2. umr. með 15 samhlj. atkv.

Vísað til nefndar um veiði í Drangey með 12 samhlj. atkv.

Önnur umr., 27. Júlí.

Framsögum. (Ólafur Briem): Það er alment viðurkent að samþyktarlöggjöf er haganlegt fyrirkomulag þegar um er að ræða mál, sem snerta að eins einstök héruð, eða þarf að sníða sérstaklega fyrir hvert hérað mismunandi eftir staðhátttum. Enda hefir þessi leið gefist vel hingað til. Einn kostur á þessari aðferð er sá, að auðvelt er að breyta

samþyktum þegar reynslan sýnir að þess þurfi við, eins og oft á sér stað, þegar um nýja lagasetning er að ræða. Þannig komst nefndin að þeirri niðurstöðu að það mundi hentugt fyrirkomulag að heimila sýslunefndum að gera samþykt ir um mótak, til að koma í veg fyrir landsspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mótaks og hættu af mógröfum. Að öðru leyti er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um frv. Eg skal aðeins minnast lítið eitt á br.till. þær er við höfum komið með. Sumar þeirra eru að eins orðabreytingar, t. d. 1. br.till., er fer fram á, að fyrir orðið »ódrjúga« komi: »óhagkvæma«. 2. br.till. við 2. gr. fer aftur fram á efnisbreyting. Í frv. er gert ráð fyrir að þeir einir hafi atkvæðisrétt um samþyktir er kosningarrétt hafa til alþingis, en nefndinni fanst réttara að miða atkvæðisrétt um samþyktir við atkvæðisrétt í sveitamálum. Aðalmunurinn sem felst í br.till. er að konur hafi atkvæðisrétt jafnt og karlmenn. Á þgskj. 84 er viðaukatill. við br.till. okkar um að allir þeir er mótak eiga eða eru landsetar á mótaksjörð skuli hafa atkvæðisrétt um samþ. þó þeir hafi ekki atkvæðisrétt í sveitamálum fyrir æsku sakir. Nefndin felst á þessa till., því það er ekki rétt að slíkir menn séu útilokaðir þó þeir séu ekki orðnir 25 ára að aldri, en það aldurstakmark er skilyrði fyrir atkvæðisrétt í sveitamálum. Þá leggur nefndin til að síðasta málsgreim 2. gr. falli burt; henni þykir ákvæðið óþarft. Þá vill nefndin fella burt orðin »og löggildingar« í 2. málsgr. 3. gr. Þetta orð er haft í öllum samþyktalögum, en nefndin áleit það óþarft, þar sem það er bara endurtekning, það nægir að segja að stjórnarráðið skuli staðfesta samþyktina enda er það einmitt sú staðfesting, sem veitir þeim lagagildi. 5. br.till. við 4. gr. er að eins orðabreyting; þó er »réttindi« ef til vill víðtækara orð en »réttur«, og þykir í þessu sambandi betur viðeigandi.

Bjarni Jónsson: Eg stend að eins upp til þess að þakka nefndinni fyrir, hve rækilega hún hefir tekið breytingartillögu mína til greina. Ástæður mínar hefir hv. framsögum. tekið fram og þarf eg því ekki að hafa þær yfir aftur,

Ráðherrann (H. H.): Eg vildi einungis spyrja hv. framsögum. (Ó. B.) hvort ætlast er til með þessari viðaukatillögu við 2. gr. að jafnvel ómálga börn megi eiga hlutdeild í slíkum málum er hér ræðir um. Tillagan gefur fullkomlega ástæðu til að álíta það, þar sem ekkert aldurstakmark er sett. Svo sem hún er, virðist gersamlega ómögulegt að samþykkja hana.

Bjarni Jónsson: Ef börn ættu hér hlut að, geri eg ráð fyrir að fjárráðamaður þeirra réði fyrir þeirra hönd í þessu máli sem öðrum. Annars væri hægt að lagfæra þetta við 3. umr. ef þurfa þætti.

ATKV.GR.:

Br.till. við 1. gr. sþ. án atkv.greiðslu.

1. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrri breyt.till. við 2. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

Viðaukatill. við 2. gr. feld með 13 : 7 atkv.

Síðari br.till. við 2. gr. sþ. með 11 : 7 atkv.

2. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 14 shlj. atkv.

Br.till. við 3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 14 shlj. atkv.

Br.till. við 4. gr. sþ. án atkv.greiðslu.

4. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 14 shlj. atkv.

5. gr. óbreytt sþ. með 14 shlj. atkv.

6. gr. óbreytt sþ. með 14 shlj. atkv.

7. gr. óbreytt sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv. greiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Þriðja umr., 30. Júlí.

Framsögum. (Ólafur Briem): Við þetta frv. er komin fram brtill. á þskj. 88 frá hv. þm. Dal. (B. J.) og er nú með henni bætt úr þeim aðfinningum við frv. sem fram komu við 2 umr. Nefndin er honum samdóma um það, að rétt sé, að ófullveðja menn, sem mótak eiga, og landsetar á mótaksjörðum, þótt eigi hafi þeir atkvæðisrétt í sveitamálum, skuli eiga atkvæði um þessar samþyktir, og fari þá auðvitað fjárráðamenn þeirra, sem ófullveðja eru, með atkvæðið fyrir þeirra hönd.

Nefndin vonar því að frv. verði samþykt með brtill.

Bjarni Jónsson: Eg vil geta þess, að í brt. (88) er ein prentvilla. Orðinu »eru« framan við orðið »landsetar« er ofaukið.

ATKV.GR.:

Brtill. á þskj. 88 við 2. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

frv. sjálft sþ. með 14 shlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Ein umr., 17. Ágúst.

Framsögum. (Ólafur Briem): Þetta frv. hefir komið frá efri deild, og voru þar gerðar á því tvær breytingar og eru þær í framhaldsáliti nefndarinnar á þgskj. 272. Báðar breytingarnar hefir nefndin aðhylst og álitið þær fremur til bóta. Vonar hún að frv. verði þamþ. eins og það liggur nú fyrir.

ATKV.GR.:

Frv. sþamþ. með 15 : 2 atkv. og afgreitt til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

Eyðing sels.

FRUMVARP til laga um samþyktir um ófriðun og eyðing sels í veiðiám (A. 34, n. 97, 117, 146); 1. umr. 23. Júlí.

Flutn.m. (Sigurður Sigurðsson: Frumvarp þetta er flutt hér samkvæmt tillögu er kom fram á þingmálafundi við Ölfusárbrú 3. þ. m. Annars er málið ekki nýtt. Það hefir oft verið til umr. á Alþingi áður fyr, og síðast 1901; en þá var málið sótt eða flutt í öðru formi en nú. Þá var farið fram á, að selir skyldu vera réttdræpir í laxveiðiám. En hér er önnur leið valin sem miðar þó að sama takmarki, sem sé sú, að veita sýslunefndum heimild til að gera samþyktir um eyðing eða útrýming sels úr veiðiám, án þess þó, að selveiðendur eða eggverseigendur verði beittir nokkrum órétti.

Eg vona að frumvarpið fái góðar undirtektir. Legg eg til að málinu verði vísað til 2. umr. og síðan til sömu nefndar og frumvarpinu um mótak.

ATKV.GR.:

Samþ. að málið gangi til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Vísað til nefndar um veiði í Drangey með 16 shlj. atkv.

Önnur umr., 31. Júlí.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Það er víst af því að eg er landkrabbi,

að eg hefi gleymt að eg er framsögum. í þessu máli.

Eg hefi annars enga framsögu að flytja. Þetta er að einföld samþyktarheimild fyrir sýslunefndir til að eyða sel úr veiðiám og eru í frv. settar allar venjulegar tryggingar.

Þetta frv. er fram komið samkvæmt ósk búenda, er veiðirétt eiga í Ölfusá, og er helzt miðað við það svæði. Það er ekki hægt að benda á neina hættu, er stafað geti af þessu, en álíta má að selir geri meiri skaða en gagn. Eg vil því leyfa mér að mæla með að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 13:1 atkv.

1. br.till. á þgskj. 97 við 2. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt sþ. með 13 shlj. atkv.

2. br.till. á þgskj. 97 við 3. gr. sþ. án atkv.gr.

3. gr. svo breytt sþ. með 13 shlj. atkv.

3. br.till. á þgskj. 97 við 4. gr. sþ. án atkv.gr.

4. gr. svo breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

4. br.till. á þgskj. 97 við 5. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

5. br.till. á þgskj. 97 við 5. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr. svo breytt sþ. með 14. shlj. atkv.

6. gr. óbreytt sþ. með 14 shlj. atkv.

7. gr. óbreytt sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Þriðja umr., 2. Ágúst.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ein umr., 17. Ágúst.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Nefndin hefir ekki fundið ástæðu til að skrifa neitt framhaldsnefndarálit. Breytingar efri deildar hefir hún ekkert að athuga við, og óskar að frv. verði sþ. eins og það liggur fyrir.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 15:1 atkv. og afgreitt til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

Merking kjöts.

FRUMVARP til laga um merking á kjöti. (A. 35, n. 67, 85, 280); 1. umr. 24. Júlí.

Flutn.m. (Stefán Stefánsson): Eg flyt þetta mál inn á þingið samkv. ósk þingmálafunda í Eyjafjarðarsýslu. Málið lá fyrir síðasta þingi, borið fram af landbúnaðarnefndinni, og var þá stutt aðallega af 2. þm. Hún. (B. S.) og þm. S.-Þing. (P. J.). Hin helstu mótmæli er komu fram á móti því, voru aðallega frá þm. Dal. (B. J.) að mig minnir. Eigi að síður var það þó samþykt hér í Nd. og komst til Ed., en þar var það lagt á svæfilinn. Það sem aðallega var haft á móti frv. var, að sú trygging, sem íslenzkt kjöt þegar væri búið að fá með merking dýralæknis sem verulega góð verzlunarvara, mundi hverfa ef alólærðum mönnum yrði leyft að brúka merki dýralæknis, þó þeir fengju dálitla tilsögn hjá honum. Með þessu frv. hefir verið reynt að bæta úr þessum annmarka, á þann hátt að ákveða að aðeins dýralæknum og lögskipuðum læknum sé leyft að nota stimpilinn. Þessi hugmynd, eða veruleg efnisbreyting, er ekki frá okkur komin, heldur hefir dýralæknirinn á Akureyri bent á hana. Hann

álítur þetta eina úrræðið og vel tiltækilega leið, enda fáum við flutningsmenn ekki séð neitt varhugavert að fara að hans tillögum að þessu leyti. Það mun öllum ljóst hversu mikilsvert mál þetta er fyrir kjötmarkað vorn, þegar þess er gætt að merking hækkar verðið á kjöttunnu um alt að 8 kr. En nú er að eins tveim mönnum á landinu, sem sé dýralæknunum, leyft að nota stimpilinn og merkja kjöt, svo að auðvitað er að aðeins lítill hluti af kjöti því, sem til útlanda er sent, er merkt dýralæknismerki. Þetta ástand er mjög sennilegt að hafi leitt til þess, að óstimplað kjöt sé nú selt lægra verði, en vera mundi ef ekkert kjöt væri stimplað. Nú hafa Danir gert ráðstafanir til þess að framvegis verði ekkert óskoðað kjöt og þó merkt dýralæknismerki selt í Danmörku. Það er því ljóst að þá kemst íslenzkt kjöt ekki lengur inn á danskan markað nema samskonar ráðstafanir séu gerðar hvað snertir útflutt kjöt. Það er beinlínis brýn nauðsyn á að hrinda þessu máli áfram og finst okkur þá hyggilegast að taka það ráðið sem dýralæknirinn hefir bent á, enda hafa læknar undirbúningsmentun til slíkra hluta; sjúkdómsfræðilega þekkingu munu þeir hafa á þekka dýralæknum, og verða því einkum að kynna sér það sem frábrugðið er að þessu leyti, og eins hið verklega við skoðunina.

Mál þetta er svo óbrotið að eg sé ekki ástæðu til að stinga upp á nefnd, þó eg hins vegar setji mig ekki verulega á móti nefndarskipun, verði hún álitin nauðsynleg, en þó í því trausti, að ekki verði um of dráttur á málinu, því það verður að komast fram á þessu þingi. Annars mun eg ef til vill koma fram með smá breytingar við frumv. við 2. umr.

Guðlaugur Guðmundsson: Vegna þess að umræður hafa orðið um þetta mál áður á þingi og ágreiningur töluverður, þá leyfi eg mér að stinga upp á að kosin verði 3. manna nefnd að lokinni þessari umr.

ATKV.GR.:

Samþ. að vísa málinu til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

3. manna nefnd samþ. með 16 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Stefán Stefánsson
Pétur Jónsson
Sigurður Sigurðsson.

Önnur umr., 27. Júlí.

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Eg get verið stuttorður um þetta frv., þar eð engin mótmæli hafa komið fram gegn því. Aðalbreytingin, sem gerð hefir verið frá frv. því, sem lá fyrir síðasta þingi, er sú, að nú er eigi öllum ólærðum mönnum leyft að skoða og merkja kjöt eftir að hafa tekið próf hjá dýralækni, heldur að eins lögskipuðum læknum. En svo urðu líka nokkrar smábreytingar, t. d. sú, að þeir læknar er vilja verða kjötskoðunarmenn verða að taka próf hja dýralækninum í Reykjavík eða á Akureyri; engir aðrir geta útskrifað þá til þess að stimpla kjötið. Áður var þetta látið laust og óbundið, hjá hvaða dýralækni slíkt próf var tekið. Í fyrra var t. d. á Húsavík fenginn dýralæknir frá útlöndum til að skoða og merkja kjöt, en það mundi ekki geta álitist nægileg trygging að slíkum læknum yrði leyft að útskrifa kjötskoðunarmenn.

Þá er sú breyting, að í hinu fyrra frv. var aðeins talað um borgun 5 aura fyrir stimplun kjötsins; þetta var ekki nægilega ljóst ákvæði og höfum við flutningsmenn því álitið sjálfsagt að taka

það fram, að borgunin 5 aurar skul vera fyrir hvortveggja, bæði skoðun og stimplun kjötsins. Er því komið í veg fyrir að læknar geti tekið sérstaka borgun fyrir skoðunina. Í 2. gr. er það tekið fram að kjöt, sem merkt er dýralækismerki skuli ekki einungis vera heilnæmt eða með öllu ósaknæmt, heldur og slátrun og ölll meðferð þess sé hreinleg og er því óleyfilegt að merkja skitna eða rifna kroppa til útflutnings. Í 3. gr. er öllum öðrum en þeim sem nefndir eru í 1. gr. gert óheimilt að nota dýralæknismerkið; þar hefir nefndin komið með þá viðaukatillögu, að öðrum skuli óheimilt að nota merki á kjöt er svo eru lík dýralæknismerkinu að lit og lögun, að um megi villast. Eg hefi heyrt að merki Ditlevs Thomsens sé svo líkt merki dýralæknis, að vafasamt sé hvort ekki geti orðið misgrip á þeim. Merki Thomsens er þríhyrningur með innrituðu A-i. Þegar kjötið liggur lengi í tunnunum máist merkið og aflagast og væri þá vel hugsanlegt að ekki mætti sjá mun á slíkum merkjum. Þessa skoðun hefir jafn vel dýralæknirnn hér í Reykjavík látið í ljósi og álitið æskilegt að svo líkt merki yrði ekki notað. Nefndinni fanst því ástæða til að setja þetta viðaukaákvæði, því hugsanlegt er að einhver óski að nota kjötstimpil, sem jafn vel væri enn líkari. Loks leizt nefndinni rétt að lögin gengi í gildi þegar í stað, svo að þau gætu komið til framkvæmda á næsta hausti, og kom því með br.till. í þá átt.

Skal eg svo eigi orðlenga frekar um málið.

Bjarni Jónsson: Á síðasta þingi var það aðallega eg, sem mælti móti þessu frv. Eg vil lýsa yfir því að þar sem eg álít nú full tryggilega um hnútana búið og það á þann hátt sem eg lagði til þá, þá mun eg nú greiða atkv. með þessu frv.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Viðaukatill. við 3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Viðaukatill. um nýja grein er verður 5. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. í einu hlj.

Þriðja umr., 30. Júlí.

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Þetta frv. hefir ekki mætt neinni mótspyrnu hér í deildinni, og finn eg því ekki ástæðu til að vekja um það umræður.

Frv. sþ. með 14 shlj. atkv. og afgr til Ed.

Ein umr., 20. Ágúst.

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Okkur nefndarmönnum, sem kosnir vorum hér í deildinni til þess að athuga þetta mál, fanst ekki ástæða til að semja sérstakt nefndarálit, þar sem efri deild hefir að eins gert tvær örlitlar breytingar við frv. Þessar breytingar eru þær, að eftir frv. eins og það er nú, er öllum lögskipuðum dýralæknum heimilt að kenna læknum kjötskoðun. Efri deild leit svo á, að það væri að eins tímaspursmál að dýralæknum yrði fjölgað, og fanst því ekki ástæða til að binda heimildina einungis við þessa tvo dýralækna sem nú eru. Hin breytingin fer fram á það, að stjórnarráðið semji reglugerð fyrir þessi kjötskoðunarpróf.

Báðar þessar breytingar telur nefndin heldur til bóta og ræður því deildinni

til að samþykkja frv. eins og það liggur nú fyrir.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til ráðherra sem lög frá Alþingi.

Land Garðakirkju.

FRUMVARP til laga um sölu á nokkrum hluta af kaupstaðarstæði Hafnarfjarðar og af öðru landi Garðakirkju, (A. 39, n. 76, 139, 279, 297): 1. umr. 24. Júlí.

Flutn.m. (Björn Kristjánsson): Eins og hv. deildarmönnum mun kunnugt fékk Hafnarfjörður kaupstaðarréttindi fyrir nokkrum árum, og átti kaupstaðurinn þá enga lóð. Hún var öll eign Brydes og Garðaprestakalls. Nú hefir bærinn verið svo heppinn að fá keyptan þann hluta sem Brydesverzlun átti, en þó vantar mikið á að hann eigi alla lóðina undir kaupstaðnum, og hann á lítið land fyrir utan takmörk hans. Því er það, að bærinn hefir nú sótt um að fá keypta spildu af Garðaprestakalli. Land þetta er nálega eingöngu hraun og melar eins og sjá má af korti því er fylgir til athugunar fyrir hv. þingmenn. Eg skal geta þess að prófasturinn í Görðum hefir lagt eindregið með þessari sölu. Hann og bæjarstjórnin hafa komið sér saman um söluverðið. Sömuleiðis hefir málið verið borið undir biskup, og skal eg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkrar línur úr bréfi hans.

Þær eru svohljóðandi:

»Prófasturinn í Görðum hefir um all-langan undanfarinn tíma skýrt mér rækilega frá öllum málavöxtum við þessa sölu, og hefi eg munnlega látið uppi við hann að eg væri alveg samþ. kröfum hans fyrir hönd prestakallsins og síðar meir prestalaunasjóðs«.

Eins og sjá má, leggur biskup líka eindregið með sölunni. Allir aðilar hafa komið sér saman um að hæfilegt kaupverð á spildunni væri 52 þús. kr.

Auðvitað þarf þetta mál íhugunar, þar sem svo mörg skjöl fylgja, og verður tæplega afgreitt nefndarlaust. Vil eg því leyfa mér að stinga upp á að kosin verði 5 manna nefnd að umræðum loknum.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Sþ. að kjósa 5 manna nefnd með 16 shlj. atkv.

Kosningu hlutu:

Björn Kristjánsson.
Valtýr Guðmundsson.
Jón Jónsson Rv.
Matthías Ólafsson.
Tryggvi Bjarnason.

Önnur umr., 3. Ágúst.

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Eg vona að þingmenn hafi áttað sig á skjölum þeim, sem frammi hafa legið síðan um daginn. Landið sem hér er um að ræða, er eins og innilokað milli Hafnarfjarðar og jarðanna þar í kring, en svo tekur við land Hvaleyrar. Að mestu er þetta hraun, einungis grasblettir á stöku stað, er gæti hugsast hagbeit fyrir hesta. Aðalgraslendi í Hafnarfirði er undanskilið og ætlað presti ef hann sezt þar að. Land þetta er notalegt fyrir Hafnarfjörð en gagnslítið fyrir Garðakirkju og rýrir jörðina sáralítið sem bújörð. Söluverðið er hæfilegt, 52000 kr., og er það nálægt því 50% hærra verð en það rentar sig nú fyrir.

Eg sé ekki nauðsynlegt að taka annað fram, því að skjölin eru svo greinileg. Þar sem þessi sala fer fram milli opinberra stofnana, álít eg ástæðulaust að þingið fari að setja sig upp á móti frv. og vona að háttv. þingm. fallist á það eins og nefndin gerði í einu hljóði með þeim breytingum er eg gat um við síðustu umræðu.

Pétur Jónsson: Af því að eg við fyrri umr. þessa máls gerði athugasemd ir við það, skal eg geta þess, að nú er eg hefi athugað það nánar, hefi eg fyrir mitt leyti ekkert á móti sölunni.

Eg hefi fengið að vita, að í þessu landi eru engin býli, og eg fæ ekki séð að sneitt sé að þeim býlum er nærri liggja. Sumt af þessu landi er reyndar ekki nauðsynlegt fyrir þorp eins og Hafnarfjörð, en þó mundi ekki hugsanlegt að selja að eins hluta af því, því þá er hætt við, að það sem eftir væri skilið yrði einskis virði.

Eg get þess vegna mælt með frumv. eins og það liggur fyrir.

Jóhannes Jóhannesson: Mér þykir það skorta á undirbúning þessa máls, að það hefir ekki verið lagt fyrir stjórnarráðið. Landritari hefir sagt mér að það hafi alls ekki verið gert. Þar sem hér er um allmikið land að ræða, sem landið á, finst mér ekki rétt að gengið sé á bak við stjórnina.

Eg vil þess vegna skjóta því til nefndarinnar, að hún leiti álits stjórnarráðsins um málið. Verði það ekki gert get eg ekki greitt því atkvæði.

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Út af því sem hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði um skort á samþykki stjórnarinnar, skal eg geta þess, að það liggur í því að stjórnarráðið, hvað svo sem landritari segir, kvað það ekki sitt að fjalla um þetta mál heldur kirkjustjórnarinnar og þingsins. Eg get reyndar ekki sannað þetta. Það voru þeir prófasturinn í Görðum og bæjarfógetinn í Hafnarfirði sem áttu í þessum málaleitunum, og hefi eg orð prófastsins fyrir mér. Það verður ef til vill hægt að upplýsa það við 3. umr. hvort þau eru rétt. En mér finst, að þegar salan fer fram milli tveggja opinberra stofnana, eigi þingið að geta gert út um þetta án þess að bera það undir stjórnina.

Jóhannes Jóhannesson: Eg vil að eins geta þess, að mér þykir það óviðkunnanleg aðferð, sem hér er höfð, að ganga fram hjá stjórnarráðinu í máli eins og þessu. Eg veit að þingið getur að vísu samþykt frv. án þess að bera málið undir stjórnarráðið. En eg fyrir mitt leyti get ekki verið með til að samþykkja frv. fyr en yfirlýsingar stjórnarráðsins eru fyrir hendi.

Landritari hefir tjáð mér og leyft mér að bera sig fyrir því, að engin skrifleg málaleitan í þessu máli hafi komið til stjórnarráðsins og sér sé heldur eigi kunnugt um, að það hafi verið borið á annan hátt undir nokkurn mann í stjórnarráðinu. Ekkert mat útnefndra manna hefir farið fram og er þó hér um mikla eign landssjóðs að ræða.

Bjarni Jónsson: Eftir því sem enn er komið fram í þessu máli, þá er eg ekki viðbúinn að greiða atkvæði sökum ókunnugleika. Uppdráttur sá, sem fyrir mér liggur þykir mér óljós. Eg sé hér ýms nöfn, sem sýnast vera bæjanöfn. Þó hefir engin upplýsing um það komið, hvort þær jarðir séu bygðar eður eigi. Hitt veit og enginn, hvort eða hve mikið af landi þessu er beitiland. Enginn veit heldur hversu stór landspilda það er, sem menn vilja nú að bærinn nái kaupum á. Mætti þó ekki minna vera en að flutningsm. léti þingm. slíkar upplýsingar í té. Er hætt við að menn vilji þá heldur greiða atkvæði á móti, en leyfa það, sem þeir vita ekki um til neinnar hlítar.

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Eg fyrir mitt leyti get ekki sagt, hvað stórt landið er, sem hér er farið fram á að selt sé, og efast um að nokkur geti sagt það; það hefir verið skoðað svo verðlítið, að það hefir ekki verið mælt. Það mætti ef til vill mæla það út eftir kortinu til 3. umr. Hvert graslendið er, sést á kortinu, og eru það að eins blettir hér og þar.

Annars er undarlegt að koma nú með mótmæli gegn frumv., þar sem nefndin hefir athugað það, og er öll á einu máli. Það er líka undarlegt að vera að appellera til stjórnarráðsins, þegar ráðherra er hér viðstaddur og getur gefið upplýsingar um málið.

Hér er um enga bygða jörð að ræða, að eins ein eyðijörð er á þessu svæði, nfl. Kaldársel, sem ekki hefir verið bygt í mörg ár.

Annars er óþarft að orðlengja um þetta. Eg vona að hv. þingd. verði við frv., þar sem nefnd 5 manna leggur eindregið með og ráðherra hefir ekki haft neitt á móti því ennþá.

Ráðherrann (H. H.): Eg er samdóma hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) um, að það er óviðurkvæmilegt að ganga fram hjá stjórnarráðinu í slíku máli sem þessu. Hér er um talsvert verðmæti að ræða og ætti að vera sjálfsagt, að stjórninni gæfist færi á að rannsaka, hvort forsvaranlegt er að láta landið af hendi fyrir verð það, sem frá greinir, áður ákvörðun er tekin.

Hafi þetta mál verið borið undir ráðherra, þá hefir það í öllu falli ekki verið gert skriflega í embættisbréfi, eftir því sem landritari hefir tjáð mér. Það getur verið að munnlegar málaleitanir hafi um það verið við fyrverandi ráðherra. Eg hefi engin tök né færi haft til að kynna mér málavöxtu, og er því þýðingarlaust að vitna til mín. Mér finst að þurft hefði að virða þetta land, eins og vant er, þegar seldar eru opinberar jarðeignir. En engar slíkar virðingargerðir eru til. Því hefði verið réttast að útkljá ekki málið, heldur vísa því til stjórnarráðsins til venjulegrar meðferðar. En eg fyrir mitt leyti get þó látið mér lynda, að málið gangi til Ed. úr því svo er komið, sem komið er, því að eg hefi heyrt vel kunnuga og fulltrúandi menn fullyrða, að landspildan mundi ekki, þótt virðingargjald færi fram, verða metin hærra og naumast eins hátt, eins og frv. greinir, en hinsvegar bæjarstjórn Hafnarfjarðar áríðandi að fá landið kaupstaðnum til handa.

ATKV.GR.:

1. brt. á þgskj. 76 við 1. gr. talin sþ. án atkv.greiðslu.

2. brt. á þgskj. 76 við 1. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

3. brt. á þgskj. 76 við 1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 14 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sökum óljósrar atkv.greiðslu, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Bjarni Jónsson
Jón Jónsson Rvk.	
Benedikt Sveinsson	
Björn Kristjánsson	
Halldór Steinsson	
Kristján Jónsson	
Lárus H. Bjarnason	
Matthías Ólafsson	
Ólafur Briem	
Pétur Jónsson	
Skúli Thoroddsen	
Tryggvi Bjarnason	
Vatýr Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	

Þessir greiddu ekki atkv. og voru ástæður þeirra metnar gildar:

Guðl. Guðmundsson, Hannes Hafstein, Jóh. Jóhannesson, Jón Magnússon, Jón Ólafsson, og Stefán Stefánsson.

Fjarverandi voru: Björn Jónsson, Einar Jónsson og Sigurður Sigurðsson.

2. gr. frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 76 við fyrirsögn frv. sþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögnin að öðru leyti talin sþ. án atkv.greiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 5. Ágúst.

Frams.m. (Björn Kristjánsson]: Eins og háttv. deild man var dálítill ágreiningur við síðustu umr. þessa máls um það, hvort það væri formlega lagt fyrir þingið, og voru sumir þingmenn deigir að greiða því atkvæði fyrir þá sök, að það væri ekki undirbúið eins og venja er til um slík mál, hefði ekki gengið í gegn um hreinsunareld stjórnarinnar.

Eg hélt því fram um daginn. að þetta mál hefði verið borið undir landritara. En eg hefi síðan fengið upplýsingar um að þetta er ekki rétt, heldur var það borið undir þáverandi ráðherra sjálfan. Prófastur bar málið undir ráðherra, en hann vísaði til kirkjustjórnarinnar, áleit hana kunnugri málavöxtum og réttara að hún undirbyggi málið. Eg verð því að álíta, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, hafi farið laukrétt að. Þeir snúa sér til ráðherra; hann vísar til kirkjustjórnar; hún segir sitt álit og síðan er farið með málið til þingsins. Fyrverandi ráðherra er hér í deildinni og mun hann leiðrétta ef eg skýri ekki rétt frá.

Eg sé svo ekki ástæðu til að tala mikið meira um þetta mál. Það hefir verið rækilega upplýst fyrir nefndinni og við fyrri umr. hér í deildinni hvað selt er. Aðeins skal eg geta þess að það sem Hafnarfjarðarkaupstaður á af landi, er jörðin Akurgerði sem nær frá Fiskakletti suður undir lækinn, og sem er megnið af kaupstaðarstæðinu. Sunnarlega í þessari skák eru býli, sem hafa töluvert af fénaði og beita þessa tungu upp að Grindaskörðum. Garðakirkja hefir því engin not af þessu landi og er það því bundið fé fyrir henni að sitja með það.

Eg tel óþarft að mæla frekar með þessari sölu en gert hefir verið, en vona að deildin samþykki frv.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ein umr., 20. Ágúst.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

Verzlunargjald.

FRUMVARP til laga um alment verzlunargjald af aðfluttum vörum (A. 40, 173, 174, 215, 294, 307, 308, 309, 310, 311, 313, 316, 319, 321); 1. umr., 25. Júlí.

Flutningsm. (Björn Kristjánsson): Eg og 2 aðrir hv. þm. höfum leyft okkur að koma fram með þetta frv. Það hefir áður legið fyrir þinginu, bæði 1909 og 1911. Þetta frv., sem nú liggur fyrir, er meira sniðið eftir frv., sem eg bar fram 1909 — vegna þess hljóðs, sem eg varð var við hér í deildinni á seinasta þingi. Það varð talsverður ágreiningur um málið hér í Nd., þó var það samþykt hér í deildinni á báðum þingum, en hv. Ed. hefir í fyrra skiftið drepið það, en í hið síðara vísað

því burtu með rökstuddri dagskrá Eg hefi bent á það áður, að þegar rætt væri um að leggja á mikla tolla, riði aðallega á því að gæta þrenns:

Í fyrsta lagi að loka augunum fyrir tolllöggjöf annara landa, sem væru fólksmörg í samanburði við stærðina og tollgæzlan væri fullkomin.

Í öðru lagi að gæta sérstaklega að því, að tollurinn kæmi óskertur í landssjóð og tryggja leið til þess, að koma í veg fyrir, að menn steli undan tolli.

Og í þriðja lagi að sjá um það, að innheimtan á tollunum sé kostnaðarlítil.

Þessi 3 aðalatriði verður að hafa fyrir augunum, til þess að hag þjóðarinnar verði bezt gætt — og það hefi eg haft þegar eg flutti það frv., sem áður var alment nefnt farmgjaldsfrumvarpið og lá fyrir á seinasta þingi.

Tvær aðrar leiðir væri og hugsanlegt að fara í þessu efni. Önnur er sú, að leggja ákveðið hundraðsgjald á alt flutningsgjald af aðfluttum vörum. Það tryggir litla fyrirhöfn við innheimtu, kemur vel niður og rennur áreiðanlega óskert í landssjóð.

Hin leiðin er lestargjald, og er hún að mínu áliti langlökust. En allar miða þær að því sama, að gjaldið kemur óskert í landssjóð. Hundraðsgjaldið af aðflutningsgjaldinu tel eg heppilegustu leiðina — en vegna þess að eg hefi haft nauman tíma, hefi eg ekki borið það frv. fram nú. Eg hefi ekki getað samið skýrslu yfir hvað hundraðsgjaldið þyrfti að vera hátt eftir núgildandi frakttöxtum, en væntanlega rannsakar nefnd, sú er eg vona að fái þetta mál til athugunar, það atriði. Þetta frumv., sem nú liggur fyrir, hefi eg því kosið að bera fram, vegna þess, að það er að mínu áliti næstbezt.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um frv. að sinni, en vil að eins gera það að tillögu minni að málinu verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og fengið tollmálanefndinni til íhugunar.

ATKV.GR.:

Samþykt að vísa málinu til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Málinu vísað til tollmálanefndarinnar með 16 shlj. atkv.

Önnur umr., 17. Ágúst.

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Eg ætla að eins að gera ofurlitla athugasemd, áður en gengið verður til atkvæða. Eg tek aftur breytingartill. mína á þgskj. 215, við þessa umræðu, en mun koma með breytingartillögu síðar í samkomulagi við aðra, í sömu átt, og svo líka 1., 4. og 5. brt. á þgskj. 174. Um leið vildi eg mælast til þess, að þeir hv. þingmenn, sem fylgjandi eru frumvarpinu, greiði því atkv. sitt til 3. umr., en láti mig vita sem fyrst, ef þeir hafa einhverjar athugasemdir að gera.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil mælast til þess, að nafnakall verði viðhaft við brtill. á þgskj. 174 og brtill. á þgskj. 215, vil eg leyfa mér að taka upp.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 215 tekin aftur og tekin upp aftur.

Brtill. á þgskj. 174, 1., 4. og 5. teknar aftur.

Brtill. á þgskj. 174, 2. sþ. með 18 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson Rvk.	Bjarni Jónsson
Benedikt Sveinsson	Jón Ólafsson
Björn Kristjánsson	Lárus H. Bjarnason
Einar Jónsson	Pétur Jónsson
Guðl. Guðmundsson	Skúli Thoroddsen

Já:	*Nei:*
Hannes Hafstein	
Jóh. Jóhannesson	
Jón Magnússon	
Kristján Jónsson	
Matth. Ólafsson	
Ólafur Briem	
Sig. Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson og Halldór Steinsson greiddu eigi atkv. og töldust því með meiri hlutanum.

1. gr. þar með fallin og brt. á þgskj. 215 sömuleiðis.

Brtill. á þgskj. 174, 3. sþ. með 16 : 1 atkv.

2. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 16 : 1 atkv.

3. gr. sþ. með 15 : 1 atkv.

4. gr. sþ. með 15 : 1 atkv.

5. gr. sþ. með 14 : 1 atkv.

6. gr. sþ. með 14 : 1 atkv.

Brtill. á þgskj. 174, 6. sþ. með 13 : 1 atkv.

7. gr. sþ. með 15 : 1 atkv.

8.—15. gr. sþ. með 15 : 1 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 : 5 atkv.

Umræður við 2. umr. eru sameiginlegar við umræður um verðtoll 2. umr. 12. Ágúst.

Þriðja umr., 19. Ágúst.

Framsögum. (Björn Kristjánsson): Eg á enga brt. sjálfur við frv. En nokkrar brtill. hafa komið frá öðrum hv. þm.

Á þgskj. 309 eru brt. frá hv. 1. þm. Skg. (Ó. Br.) og voru þær bornar undir mig og get eg á þær fallist að mestu leyti.

Það er viðkunnanlegra og aðgengilegra að flokka vörurnar. Þá er og lagt til að færa toll af kornvörum úr 25 aurum niður í 10 aura, það er í samræmi við frv. eins og það var í fyrra og líka samhljóða óskum Ed., eftir því sem formaður tollnefndarinnar þar hefir skýrt mér frá. Aðrar breytingar eru sáralitlar á þgskj. 309. Húsapappa er lagt til að fella burt af því, að vafasamt þykir, hvort innheimtumenn gætu greint hann frá öðrum pappa. Eg fellst líka á brt. um nafn frv., það er til bóta. Eg er þar á móti ekki samþykkur því að færa upp kolatoll úr kr. 1,00 upp í kr. 1,50. Hér er um framleiðsluvöru að ræða og fer illa á að tolla þær, einkanlega þar sem salt er líka tollað, enda hefir hv. þm. sett til vara 1 kr. eins og í frv.

Undir 4. lið hafa verið færðir tunnustafir, sem ekki voru áður tollskyldir eftir frv. Þetta er eftir samráði við mig. Sama er að segja um 5. lið. Vafasamara er um þann lið brtill. er ræðir um að kippa burt tolli af prentuðum blöðum og bókum. Eg er þó heldur hlyntur henni vegna þess að tollheimtumönnum mun veita örðugt að vita um innflutning á þessum vörum, enda dregur tollurinn lítið.

Loks er brtill. á þgskj. 313, líka í samráði við mig, en flutningsmaður tók hana aftur, svo að eg þarf ekki að ræða um hana.

Þá er br.till. á þgskj. 307 frá 1. þm. Eyf. (St. St.) um að hækka kolatollinn úr 1 kr. upp í 1,50 kr., og er sama að segja um hana og hina tillöguna, sem í sömu átt fer og eg talaði um áðan. Síðari till. á þessu þgskj. er sama efnis og till. háttv. 1. þm. Skagf. (Ól. Br.), og er sjálfsagt að samþykkja hana. Fyrsta

till. á þgskj. 310, að bæta við »skipsbrauði« á eftir »kornvörum« spillir að mínu áliti, því ekki er hægt fyrir tollheimtumann að aðgreina skipsbrauð og annað brauð í kössum.

Þá er næsta till. á sama þgskj. að jarðeplum sé slept úr matvöruflokknum, en þar er sá galli á, að eg finn hvergi að jarðeplum sé ætlað rúm annars staðar.

Þá er þriðja br.till. að bæta »gaddavír og hrátjöru« á eftir »smíðajárni«. Gaddavír er þegar tekinn upp í till. háttv. þm. Skagf., (Ó. Br.) og er hann ekki erfiður viðureignar fyrir tollheimtumann, því hann er vanalega nefndur sérstöku nafni á manifestum. Af tjöru er lítið flutt hingað til landsins, svo að tiltölulega er þýðingarlítið, hvort hún er tekin með eða ekki, en þó getur verið örðugt fyrir tollheimtumann að vita hvort í tunnu er hrátjara eða t. d. asfalt.

Með fjórðu, sjöttu og sjöundu br.till. er farið fram á að slept sé undan gjaldi steinolíu, cement, kalki og salti. Eg er á móti þeirri till.; það verður lítið úr tekjunum af lögunum, ef mikið er tínt úr af vörum, og mætti lengi halda áfram ef byrjað er á því.

Í fimtu br.till. er farið fram á að lækka kolatollinn úr 1 kr. niður í 50 aura af smálestinni. Sú till verður aldrei samþykt; hér í deildinni hefir enginn hingað til kvartað yfir krónutolli, og Ed. vill hafa hann enn þá hærri. Það er því óþarfi að bera þá till. upp, en hitt er rétt, að verði samþyktur 1,50 kr. tollur á kolum, eins og br.till. á þgskj. 307 fer fram á, þá væri rétt að samþykkja 6. br.till. á þgskj. 310. Eg vil segja að eg er í vafa um hvort eg greiði mínu eigin frumvarpi atkvæði, ef kolatollurinn verður 1,50 kr., og hins vegar verður líka tollur á salti.

Þá er líka í 6. br.till. að 3 kr. tollur sé lagður á hver 50 kilogr. á vefnaðarvöru. Hún er því í samræmi við till. hv. þm. Skagf., (Ó.Br.) sem eg talaði um, og þó eg sé í hjarta mínu með henni, þá get eg ekki greitt atkvæði með henni, vegna þess hversu erfitt er að innheimta slíkan toll. Það er ekki hægt að leggja verulegan toll á vefnaðarvöru fram yfir aðrar vörur, án mjög aukins tollseftirlits.

Um 8. br.till. á þgskj. 310 er það að segja, að örðugt er að dæma um hvað eru listaverk, af því sem flutt er í kössum frá útlöndum. Sumar till. virðast þannig gerðar, að þær annars vegar eru óþarfar, en gera hins vegar frumvarpið óaðgengilegt vegna þess, að þær heimta aukið eftirlit. Í 9. br.till. er farið fram á að eftir »heyi« í 2. málsgr. 1. gr. komi: »maís, byggi, höfrum, melasse«. Þessar vörur eiga þá að vera undanþegnar tolli. En eg sé enga ástæðu til að undantaka þær ef gjald á kornvöru yfirleitt verði fært niður í 10 aura.

Þá er síðasta br.till. á þgskj. 310 að lögin skuli ekki ganga í gildi fyr en 1914. Eg er mótfallinn henni, því það er einmitt nú, sem við þurfum á tekjum að halda. Næsta þing sér fyrir fjárhagstímabilinu 1914—1915.

Ólafur Briem: Þó að br.till. mínar á þgskj. 309 séu nokkuð fyrirferðarmiklar, eru þær meira í orði en á borði. Aðal tilgangur þeirra er að breyta orðalagi 1. gr. svo að flokkaskipunin verði hreinlegri og skilmerkilegri. Þó fara þær fram á nokkrar efnisbreytingar, og er sú helzta þeirra að lækka toll á kornvöru niður í 10 aura úr 25 aur. á hverjum 50 kílógr. Það má ef til vill segja, að 25 aur. sé ekki ýkja hár tollur á dýrustu kornvörum t. d. hveiti. En hann er óhæfilega hár á ódýrustu kornvörunni, rúgi og er það sú kornvaran, sem mest er brúkað af hér, og mundi

hann því leggjast þyngst á efnaminni hluta þjóðarinnar, einkum fátækt fjölskyldufólk, ekki síst í kauptúnum og við sjávarsíðu. Önnur till. sem miðar að því að létta tolli af vörum er sú, að flytja gaddavír í 2. flokk, svo aðeins séu borgaðir 25 aurar af hverjum 50 kílógr. í stað 1 kr. eftir frumvarpinu. Ástæðan til þessarar till. er sú, að nú er orðinn afar mikill áhugi meðal bænda í þá átt, að girða lönd sín, ekki að eins tún og engi, heldur einnig beitilönd og jafnvel afrétti Fátækir menn kljúfa þrítugan hamarinn til að koma girðingum á hjá sér og kemur það því í góðan stað niður að lágt gjald sé á þessu girðingarefni. Enda verður ekki örðugt að greina gaddavír frá annari vöru.

Þá er ein vörutegund, sem ekkert gjald á að vera á samkv. frumvarpinu, en eg legg til að sé sett í 2. flokk. Það er hey. Það er ekki mikið flutt inn af heyi, en hins vegar virðist svo sem útlent hey sé ekki sú nauðsynjavara að ástæða sé til að hafa það gjaldfrjálst.

Þá legg eg til að kolatollurinn sé hækkaður upp í 1,50 kr. af hverri smálest. Ástæðan til þessarar till. er sú að alt að helmingi af þeim kolum, sem til landsins er flutt, er brúkað af útlendingum. Þetta gjald er engin áníðsla á þeim útlendingum, sem það legst á, því þeir leggja að öðru leyti ekkert til landsins þarfa. En það kemur þyngst niður á innlendum mönnum, aðallega á botnvörpuútgerðarmönnum, en þeim mætti bæta gjaldið upp á einhvern hátt, t. d. með auknum fjárframlögum til eflingar sjávarútvegsins.

Þá er á þgskj. 313 viðaukatill. við 2. lið 1. gr. um hærri toll á alskonar vefnaðarvöru, nefnilega 3 kr. af hverjum 50 kílógr. Að vísu er þessi vara óþjál í meðförum til tollálagningar, en afar mikil sanngirni mælir með því að hækka tollinn á henni, því að eftir skýrslu sem fylgdi nefndaráliti minni hluta tollnefndarinnar hér í deildinni, þá yrði tollur á vefnaðarvöru með 1 kr. gjaldinu aðeins $^1/_8$% eða langt fyrir neðan alt annað hundraðsgjald. Þó gjaldið sé hækkað upp í 3 kr. af hverjum 50 kílógr., þá yrði hundraðsgjaldið þó ekki nem 1% og er því samt sem áður lægra en á nokkurri annari vöru samkvæmt þessu frv., og enn hefi eg ekki heyrt neina fullnægjandi ástæðu fyrir því, að innheimta gjaldsins sá óframkvæmanleg.

Þá er br.till. við 2. gr. um að prentuð blöð og bækur skuli ekki undanþegin gjaldi Þetta munar ekki miklu, en væru þær tollfrjálsar, þá væru það verðlaun til þeirra sem láta prenta bækur sínar annarsstaðar, því að frv. leggur toll á vanalegan pappír, gjaldið yrði það gagnstæða við verndartoll á innlendum iðnaði, þar sem það mundi vernda útlenda bókaprentun, en gera innlendri bókagerð örðugra fyrir.

Lárus H. Bjarnason: Það var sagt hér á dögunum og rökstutt af mér og hv. þm. S.-Þing. (P. J.), að landssjóður hefði í árslok 1911 átt tekjuafgang að upphæð 38.965 krónur og í rauninni mætti þar við bæta 52.497 kr. og er það samtals 91 462 kr. Svona byrjaði þá árið 1912. Þetta er ómótmælanlegt, enda bygt á skýrslum stjórnarráðsins. Þessar 52 þús. kr. er í raun og veru afgangur, því með þeim var borgað verk, sem ekki mátti gera fyr en árið 1912. Á fjárhagstímabilinu 1912—1913 má a. m. k. gera ráð fyrir sömu tekjum og 1910—1911, en þá urðu tekjurnar eftir skýrslu stjórnarráðsins 3,571.000 kr. En tekjurnar hljóta jafnvel að verða meiri á yfirstandandi tímabili vegna þess, að á síðasta þingi voru búin til ekki fá tekjulög. T. d. aukinn tollur á kaffi og sykri, hækkað vitagjald, erfðagjald og aukatekjur. Peningamálanefndin í Nd. á síðasta þingi, Ed. nefndirnar þá, og

skattamálanefndin nú hafa áætlað að tekjuaukinn af þessum frumv. verði um 170 þús. kr. á öllu tímabilinu. Eftir því eiga tekjurnar á yfirstandandi fjárhagstímabili að verða 3,741.000 krónur. Frá þessu verður þó aftur að draga nokkuð, vegna þess að sumar tekjurnar ganga til rýrnunar. Áfengistollurinn lækkar líklega um 150 þús. kr. og silfurbergstekjurnar um 17000 kr. og yrðu tekjurnar þá um 3,570,000 kr. Gjöldin á yfirstandandi tímabili eru áætluð 3,337-000. En þar við má bæta talsverðu, máske framundir 300 þús. kr., nefnilega 30 þús. kr. til aukaþingshalds, 24 þús. kr. til prestslaunasjóðs, 100 þús. kr. til Reykjavíkurhafnar, 50 þús. kr. til borgunar á vöxtum af veltufé landssjóðs, og loks 75 þús. kr. til aukafjárlaga. Eftir þessu má ætla að gjöldin verði samtals 3,612.000 kr. Láti nú þessi útreikningur minn og hv. þm. S.-Þing. (P. J.), sem er gerður eftir skjölum frá stjórnarráði, nærri sanni, þá ætti tekjuhallinn eftir fjárhagstímabilið ekki að fara fram úr 40.000 kr., enda kemur það vel heim við það sem fyrv. ráðherra hefir sagt mér, að *ekki* væri brýn þörf á nýjum tekjuaukalögum. Hinsvegar getum við ekki vitað neitt með vissu hvernig tekjur og gjöld muni verða á tímabilinu 1914—1915, en spár um það, verðum við að byggja á reynslu undanfarinna ára. Gerum ráð fyrir að gjöldin verði lík sem á yfirstandandi tímabili, nefnilega um 3.600.000 kr. og er þá ekki tekið tillit til þess sparnaðar, sem af því hlýtur að leiða að símar verða framvegis lagðir með lánum, en ekki kostaðir af árlegum tekjum. Og gerum ennfremur ráð fyrir, að tekjurnar verði líkar og á yfirstandandi tímabili að frádregnum áfengistollinum, ca. 400.000 kr. og gjöldum fyrir vínsölu- og veitingaleyfi ca. 18 þús. Tekjurnar yrðu þá um 3,300.000 kr. og vantaði þá ekki nema um 300 000 kr. á að tekjur hrykki fyrir gjöldum.

Nú í dag er hv. Ed. að samþykkja lotterífrumv., en það á að gefa landssjóði a. m. k. 200.000 kr. á ári eða 400-000 kr. á fjárhagstímabili, og mundi það þannig eitt út af fyrir sig nægja til þess að tekjur og gjöld stæðust á 1914—15. Ed. nefndin segir, að það sé sama sem víst að lotteríið komist á og sé eg því, þegar af þeirri ástæðu, enga þörf á því að þingið úngi út nýjum skattalögum nú, og ekki hygg eg að kjósendur okkar, eða þjóðin í heild sinni, taki sér það neitt nærri þótt við ekki dembum yfir hana þessu rangláta gjaldi.

Eg hefi heyrt sagt, að landið ætti talsverðar eignir í mjög auðseldri vöru, nefnilega gömlum frímerkjum, og mætti þá nota þau ef nauðsyn bæri til.

Þá er enn ónotuð heimild til þess að taka 500.000 kr. lán.

Og þó að alt um þryti, þá væri þó enginn voði fyrir dyrum. Viðlagasjóður gæti tekið við skattinum.

Það er þannig engin þörf á að skella þessu gjaldi á þjóðina, enda vona eg að hv. deild minnist orða hv. núverandi ráðherra á Alþingi 1911. Hann áleit það þá ómögulegt, vegna þess að bæði væri það ranglátt og innheimtan afarerfið. Hæstv. ráðh. (H. H.) taldi það þá ógerning, að skylda útlendinga til þess, að láta fylgja farmskrár með öllum vörum, sem þeir sendu hingað og þekki eg ekki, að það sé orðið auðveldara nú.

En eigi að koma til mála að sleppa frv. út úr deildinni þarf það a. m. k. mikilla umbóta við. Að því miða br.-till. mínar á þskj. 310 og vil eg víkja að þeim í nokkrum orðum.

2. brtill. tek eg þó aftur.

Breytingartillögur mínar miða allar að því, að tollurinn komi réttlátlega niður. Um jarðeplatollinn er það að segja, að hann kemur langharðast niður á fátæk-

lingum og fjölskyldumönnum og helzt þeim, sem við sjó búa og eiga enga garðholu sjálfir.

Gjaldið af skipsstrandi yrði eftir frv. án umbúða 9% og með umbúðum 12%. Þetta mundi auka kostnað skipsútgerðarmanna mjög tilfinnanlega og aukinn kostnaður útgerðarmanna er sama sem lækkun á kaupi sjómanna.

Eg vil gera skipsstrandinu sömu skil og kornvörunni.

Þá hefi eg lagt til, að sama gjald komi á gaddavír og hrátjöru sem á smíðajárn. Allir vita, hve afarnauðsynlegt það er að girða lönd, og þar sem mikið er undir því komið að landið sé ræktað, þá tel eg að gjaldið á gaddavír eigi að vera lágt. Líku máli og um gaddavírinn gegnir um hrátjöru fyrir sjómenn. Hún er þeim jafn ómissandi og gaddavírinn sveitamönnum, til þess að verja skip og báta, og yrði 14% gjald á henni skipa- og báta-eigendum mjög tilfinnanlegt.

Eg tel sjálfsagt að ekkert gjald komi á sement, kalk og asfalt. Vörur þessar eru nauðsynlegar til steinbygginga, en þær byggingar aftur í alla staði æskilegri en timburhús, og ætti því að hvetja menn sem bezt til að byggja úr steini. Asfalt kvað vera alveg ómissandi til að gera kjallara vatnshelda. Því álít eg sjálfsagt að hafa engan toll á þessum vörum og síst má hann vera jafnhár og ætlast er til í frumv., 25% t. d. á asfalti.

Sama er að segja um steinolíuna, eg álít að engan toll eigi að leggja á hana. Steinolían er ekki að eins nauðsynleg til ljósmetis, heldur er hún líka hreyfiafl allra mótorbáta og kemur kannske von bráðar að miklu leyti í stað kola, ef farið verður að nota svokölluð Dieselmótorskip, sem nú er farið að smíða og hafa reynst mjög vel. Steinolían er þar að auki stigin svo í verði, að tolli er varla viðbætandi. Þótt nú tollurinn sé ekki meir en 10 aurar á 100 pd., þá eru það þó 37 aurar á fatið, ef mér er rétt sagt, að fatið sé 370 pd. og sjálfsagt munu seljendur steinolíunnar nota sér tollinn til þess að hækka verðið enn meir, ef til vill um 1 kr. enn.

Kolin vildi eg helst að væru tollfrjáls, en vegna þess að eg býst ekki við að það fáist, þá legg eg til að gjaldið af smálest hverri verði 50 aurar í stað 1 krónu.

Af líkri ástæðu að eg vil að kol og steinolía séu tollfrjáls, legg eg til að salt verði tollfrjálst. Yfir höfuð álít eg *mjög óhyggilegt að tolla vörur sem aðallega auka framleiðslu í landinu.* Tel betra fyrir sjómenn að kaffi- og sykur-tollur væri hækkaður, en tollur lagður hvort heldur á kol, salt eða steinolíu.

Eg hefi lagt til, að í staðinn fyrir salttollinn komi tollur á vefnaðarvöru. Eftir tillögum háttv. 1. þm. G.-K (B. Kr.) verða þær vörur altof vægt úti. Hann leggur t. d. á silki að eins $^1/_8$ %, á ullarvefnað $^1/_9$% og á baðmullarvefnað $^1/_{10}$%. Eg álít sjálfsagt að þessar vörur beri sitt.

Eins og eg vil undanskilja steinolíu tolli, eins vil eg undanþiggja carbid, sem menn eru nú farnir að nota mikið bæði á sjó og landi. Er það bæði ódýrt og gott og líklega enginn vafi á ~~því, að~~ það verður enn meir notað ef steinolían heldur áfram að vera svona dýr.

Eg vil líka leyfa mér að mæla með því að endursent íslenzkt saltkjöt verði tollfrjálst. Eg hefi heyrt sagt, að sláturfélagið hér fái árlega endursendar 2—300 tn., og ein verzlunin hérna yfir 100 tn. af saltkjöti. Kjöt þetta kvað svo vera selt innlendum fátæklingum, aðallega sjómönnum.

Af sömu ástæðum, eða til þess að létta undir með sjávarbúum, leyfi eg

mér að leggja til, að heldur enginn tollur sé lagður á endursendar fiskumbúðir og kork.

Mig furðar á að hv. þm. G.-K. (B. K.), sem er þingm. einna stærstu sjávarþorpa á landinu, skuli ekki hafa hugsað meira um hag kjördæmis síns en frv. hans ber vott um.

Undanskilin tollinum vil eg líka að séu blöð, pappír og hverskonar listaverk, hvort heldur eru standmyndir, málverk, teikningar eða annað. Eg vil ekki að sé neinn tollur á þessu, hvort sem þetta er flutt til landsins með pósti eða á venjulegan hátt. Hygg eg að mönnum myndi hafa þótt hart, ef borga hefði þurft háan toll af standmyndinni af Jóni Sigurðssyni.

Hv. þm. G.-K. (B. K.) sagðist ekki skilja hvers vegna engan toll ætti að leggja á hey, mais, bygg, hafra og melasse. Hafi hv. þm. einhverntíma heyrt talað um fóðurskort, þarf ekki að skýra það nánar, og hafi hann ekki heyrt hans getið, mundi engin skýring nægja.

Hvað snertir síðustu breytingartillöguna, að lögin gangi í gildi 1914 og gildi til ársloka 1915, þá er hún framkomin vegna þess, að eg álít að landið geti vel bjargað sér á árunum 1912—'13 og því engin ástæða til þess, að lögin gangi í gildi fyr. Annars er þetta skuldabasl sem altaf er verið að stynja undir, ekki svo mjög að kenna fjárskorti, sem því, hvernig farið er með viðlagasjóð. Áður var viðlagasjóður að miklu leyti í reiðupeningum, en nú er hann aðallega brúkaður til þess að lána úr honum til fyrirtækja, sem enginn vitheill maður fæst til að lána út á. Það er ekki langt síðan 1 sparnaðarþingmaðurinn píndi út úr þinginu heimild til stórláns út á verksmiðjuskrokk, sem hann kannaðist við, að ekki væri lánandi út á, og maður í stjórnarráðinu sagði að væri sama sem einskis virði, en lánið fékkst nú samt. Þingið er altof skeytingarlaust um viðlagasjóð, og stjórnin ekki nógu þrekmikil til þess að neita um hin leyfðu lán.

Falli tillögur mínar mun eg með ánægju greiða atkvæði móti frv., því það er í raun og veru með engu móti boðlegt, að skella því óundirbúnu á þjóðina og það á aukaþingi. Efri deild sker niður frv. vandlega undirbúið, sem farið hafði héðan úr deildinni með 16 atkvæðum, með þeim fyrirslætti að hér sé á leiðinni frv. sem ráðherra muni ætla efri deild að samþykkja. Þá hafði þetta frv. að eins flotið til 2. umræðu án þess að nokkuð hefði verið um það rætt.

Eg vona að hæstv. forseti hafi nafnakall um frv.

Ráðherrann (H. H.): Mér getur ekki annað en komið það hálf-undarlega fyrir að heyra hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) tala af svo miklum fjálgleik um það, að engin ástæða sé til að samþykkja nein tekjuaukalög á þessu þingi og engin þörf sé á auknum tekjum 1913, þar sem sami hv. þm. hefir fylgt af kappi öðru frv. um hærri toll og meiri tekjur, sem einmitt átti að öðlast gildi í ársbyrjun 1913. Var hann þá vísvitandi að vinna að því að leggja þung gjöld á þjóðina algerlega að nauðsynjalausu? Eða barðist hann þá fyrir því, sem hann áleit réttast? Þá getur þessi hv. þm. ekki hafa verið í neinum vafa um að peninga þyrfti. *(Lárus H. Bjarnason:* Hvernig getur maðurinn sagt þetta? Eg hefi altaf sagt, að ekki væri brýn þörf á peningum).

Eg hefi ekki tök á því nú, að rekja tölur þær út í æsar, er hann taldi upp, enda heyrði eg ekki nema part af þeim, og virtist mér eg hafa heyrt eitthvað svipað áður hjá hv. þm. S.-Þing. (P. J.) En það get eg fullvissað menn um, að sum gjöldin áætlaði hann mikils til of

lágt. Hann sagði meðal annars að fjáraukalög á næsta þingi mundu ekki fara fram úr 75 þús. kr. En eg get sagt hv. þm. að þetta nær engri átt. Eg get bent þar á einn einasta gjaldlið sem nemur 60 þús. krónum. Það er fyrir bráðnauðsynlega viðbót við pósthúsið og ritsímastöðina hér. Og margt annað, sem talsvert háum upphæðum nemur, steðjar að auk þess, sem nauðsynlegt verður að greiða fyrir þing upp á væntanlega eftirveiting, þar á meðal talsverður kostnaður til háskólans og annara skóla.

Það er engin ástæða til þess að búast nú við betri afkomu en vant er. En eins og sýnt er í álitsskjali millilandanefndarinnar, er það meðaltal síðan á síðastliðnum aldamótum, að gjöldin fari alt að 18% fram úr fjárlagaveitingum, en það svarar til þess, að útgjöldin eftir fjáraukalögum og nýjum lögum yrði á yfirstandandi fjárhagstímabili, 1912—1913 meira en hálf miljón fram yfir fjárlagaveitinguna, sem nemur 3,333,000 krónur. Hvar standa bollaleggingar hv. þm. þá?

Hv. þm. má trúa því að engin breyting hefir orðið á tekjuþörf landssjóðs síðan frumvarpið um factúrutollinn var hér á ferðinni. Hún er söm og jöfn sem þá. Enda skil eg ekki í öðru en þingmaðurinn átti sig á þessu þegar hann gefur sér tóm til að hugsa betur um það. Hv. þm. sagði að enn væri ónotuð heimild til að taka $^1/_2$ milj. króna lán, sem altaf væri hægt að nota ef í harðbakka slægi. Mér getur nú ekki annað en fundist það svakalegur útvegur, að gefa ávísun á að éta upp lán, sem ætlað var til hafnarinnar í Reykjavík, þó að vel megi vera, að ekki verði hjá því komið að nota það fé í bráðina, svo framarlega sem lánið fæst. En þá þarf þó að borga peningana von bráðar aftur, og meira að segja $^1/_{15}$ hluta af hálfri miljón eða 33,333 kr. í afborgun þegar á næsta ári, 1913, eftir því sem láns ádrátturinn liggur fyrir.

Ekki hefir hv. þm. tekið þá greiðslu með í reikning sinn fremur en svo margt annað, t. d. afborgunina af þeirri hálfu miljón, sem búið er að éta upp af bankavaxtabréfafúlgunni frá 1909, víxlana, sem landssjóður vísar o. fl. o. fl. Nei, hv. þm. tjáir ekki að reyna nú að sálga þessu frumv. með því að gylla fjárhaginn, hvort sem gyllingin er af ókunnugleik sprottin eða ekki.

Eg treysti því, að deildin vilji koma landssjóði úr fjárþrönginni, og skora á hana að sjá um að þetta frv. komist í gegn sem síðasta úrræði.

Breytingartillögur hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) virðast mér allar stefna að því, að draga úr tekjunum af frv. og gera lögin örðugri til framkvæmda. Þegar hann var að mæla með verðtolli, mátti engin vara vera undanskilin tolli. Þá var ekkert carbid til fyrirstöðu, þá var ekki hugsað um kol né steinolíu né neinar þessar vörur sem hann vill undanskilja nú, heldur alt tollað að undanteknum heimilismunum manna er fluttu til landsins og farangri ferðamanna. En nú, þegar verðtollurinn hans er fallinn, þá á það að vera brot á móti heilögum anda að leggja nokkurt gjald, hve lágt sem það er, á hinar og þessar vörur, sem hjálparandinn í kaupmannaráðinu hefir gefið honum uppskrift yfir. (*Lárus H. Bjarnason:* Þetta er alt óhugsað).

Eg álít að eftir atvikum sé frv. því betra því færri sem undantekningarnar og þar með flokkarnir eru, þótt segja megi að þá verði það ranglátara með tilliti til verðmætis hinna ýmsu tegunda varnings. Ekki má við öllu sjá, og fyr má sætta sig við það, en synt sé fyrir öll sker.

Aðaláherzluna verður að leggja á það,

í slíkri bráðabirgðaráðstöfun, að gjaldið sé sem auðveldast í innheimtu. En ef nú ætti að fara að gera ótal undantekningar mundi fyrirhöfnin við innheimtu gjaldsins vaxa margfaldlega. Þó að eg verði að fallast á það, að það hafi nokkuð til síns máls að hækka farmtollinn á vefnaðarvöru, því að hún er dýr, álít eg það þó ekki heppilegt, þar sem það mundi valda afarmiklum umsvifum fyrir innheimtumenn að sigta hana úr og taka annað gjald af henni heldur en öðrum varningi er flyzt sem »stykkjagóss«.

Af öðrum breytingartillögum felli eg mig bezt við tillögur hv. 1. þm. Skg. (Ó. Br.) á þgskj. 309, sem höfundur frv. hefir tjáð sig fylgjandi. Aðeins verð eg að vera á móti 1,50 kr. tolli af hverri kolasmálest. 1 kr. toll álít eg viðunandi og mæli því með því að varatillagan á sama þingskjali verði fremur tekin.

Leyfi eg mér svo aftur að mæla hið bezta með frv. og treysti hv. deild að sjá um, að það komist fram svo landið verði ekki eftirskilið fjárvana.

Eg orðlengi þetta svo ekki frekar að sinni, en legg til að breytingartillögurnar á þgskj. 310 verði feldar.

Framsögum. minni hl. (Björn Kristjánsson): Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hefir þegar verið svarað að mestu leyti. Það var að eins ofur lítið viðvíkjandi því, sem háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) sagði um hækkunina á kolatollinum. Hann verður að gæta þess, að sá tollur kemur að eins niður á nokkrum hluta þjóðarinnar og ekki á ríkasta hlutanum. Hann kemur harðast niður á bláfæklingunum í kaupstöðunum sem láta það sitja í fyrirrúmi fyrir matnum handa sér að borða, að kaupa sér kol í ofninn. Þess vegna er eg eindregið á móti því, að hækka tollinn á kolunum úr 1 kr. upp í 1,50 kr.

Það sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sagði, snerti svo lítið frv. eða þá bæði frv. jafnt, hans frv. um verðtollinn engu síður, og man eg ekki að það hafi komið fyrir, síðan 1901 er eg kom fyrst á þing, að nokkur þm. hafi haldið $^1/_2$ tíma ræðu til að hnýta í sjálfan sig. Hann flutti frv. um 3% gjald af öllum vörum, nema heimilismunum manna er flytja búferlum og farangri ferðamanna, og þegar þess er gætt, að eftir frv. er nú liggur fyrir, fara sárfáar vörutegundir yfir þessi 3%, þá skil eg ekki hvernig hann getur verið á móti því af þeirri ástæðu að gjaldið sé of hátt.

Viðvíkjandi asfaltinu, þá getur það vel verið að það verði nokkuð dýrt þegar legst á það 25%. Það er eins og með krítina um daginn. En hvað þarf að nota mikið af þessu við byggingar? Menn verða að gæta að því að það er alveg hverfandi. Til byggingar sem kostar margar þúsundir króna þarf kannske að nota krít fyrir 25—30 aura! Það ætti því að vera auðséð að tollurinn á þessum vörutegundum gerir hvorki til né frá.

Eg finn ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði. Þó vil eg geta þess, að mér finst tollurinn á fóðrinu óeðlilegur. Legg eg svo til að frv. verði samþykt með þeim breytingum sem hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) hefir stungið upp á, að undantekinni hækkuninni á kolatollinum.

Pétur Jónsson: Eg býst við, að ekki verði hjá því komist að gefa þessu frv. atkvæði, í einhverri mynd, sakir þess, að það eru ekki forsvaranleg viðskil ef ekki verða gerðar frekari ráðstafanir til tekjuauka fyrir landsjóð en nú er orðið. Eg skal ekki fara mörg-

um orðum um, hvað mér er ógeðfeldara þetta frv. en verðtollsfrv. sem felt var í Ed. Það álít eg að hafi verið vanhugsað af Ed. og segir mér svo hugur um, að ekki sé búið að bíta úr nálinni með þá vanhugsun. Það er ekki sagt til hvers það leiðir ef þetta farmgjaldsfrv. verður samþykt. Þegar það er skoðað svo að það sé einungis samþykt til bráðabirgða þá getur það talist þolandi, þó að það komi ósanngjarnlega við. En sé það látið gilda um óákveðinn tíma er eg hræddur um að af þessu leiði stefna, sem er skaðleg fyrir okkar tollmálalöggjöf. Eg skal ekki fara út í theoríur, því að hér hefir öllum theoríum verið afneitað. Þetta frv. er það eina sem eftir er, og það kemur ekki heim við neina skatta- eða toll-theoríu.

Eg hefi leyft mér að koma fram með nokkrar br.till. á þgskj. 311. Þær eru við br.till. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) á þgskj. 309. Gerði eg ráð fyrir að þær till. yrðu samþyktar, því að þær miða til bóta á formi frv., og þess vegna miðaði eg mínar br.till. við þær.

Fyrsta br.till. mín fer fram á bæta inn í 1. lið tjöru meðal þeirra tegunda sem taldar eru í 5. flokki. Eg meina þar allskonar tjöru. Eg sé eftir að hafa ekki tekið asfalt með, en eg vona að það geti heimfærst undir tjöruna, því að það er henni svo náskylt. Eg vil ekki fæla menn frá að nota nytsama vöru með því að leggja háan toll á hana, þó lítið sé keypt af henni, og það getur ekki dregið landssjóð neitt.

Þá þótti mér 2. liðurinn óskýr, þar sem talað er um járnvörur, gaddavír og þess háttar. Vil eg að þar sé skýrt tekið fram, að járnstólpar til girðinga skuli heyra þar undir og fer eg fram á það með 2. br.till. minni. Geri eg það sömuleiðis til þess, að fæla menn ekki frá að kaupa þetta efni.

3. br.till. mín er um það sem stendur í 3. lið br.till. við 1. gr. Þar er gert ráð fyrir, í stafliðunum a og b, að 50 aura tollur sé af hverri smálest af salti og 1,50 kr. af hverri kolasmálest. Fer eg fram á, að báðir stafliðirnir falli burt, en í stað þeirra komi: »1 kr. af hverri smálest«, þ. e. jafnt af hvorutveggja, salti og kolum. Með þessu vildi eg jafna úr og láta gjaldið dreifast víðar. Fyrir botnvörpunga er þetta nokkurnveginn það sama, en hins vegar er það hagur fyrir iðnaðarfyrirtæki sem brúka kol til hreyfiafls. Það má reyndar segja, að með því að hækka tollinn á saltinu, sé sjávarútveginum íþyngt, en þó er gjaldinu dreift víðar með því en með kolatollinum, því að kaup á salti eru miklu almennari en kolakaupin. Þar sem 1 krónu tollur af hverri kolasmálest er tiltekinn í frv. sjálfu hefði reyndar verið óþarfi fyrir mig að koma með þessa breytingu. En úr því að eg stíla br.till. mínar við br.till. hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) vildi eg breyta þessu um leið.

Þá kem eg að síðustu og stærstu brt. minni. Í 5. lið brt. háttv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) er ákveðið 1 krónu gjald af hverjum 50 kg. af þeim vörum sem ekki eru taldar í neinum flokki. Þar þykir mér of hátt farið. Farmgjald þarf að vera lágt, til þess að það sé þolandi á ýmsum sérstökum vörum, sem ekki verða aðgreindar frá þessum almenna flokki, nema til þess, að gera gjaldheimtuna afarörðuga og tollsvik hæg.

Þeir sem hafa fengist við byggingar eða verzlun þekkja þetta og hirði eg ei að telja upp mörg dæmi þar að lútandi. Eg vil því lækka þetta almenna gjald, því að þótt það geri lítið til, að það er gríðarhátt »prosentvis« á krít eða þess konar vöru sem lítið er keypt, þá er það afartilfinnanlegt á mikið keyptri vöru, svo sem t. d. leirvöru, því að allmikið er keypt t. d. af leirpípum og

ódýru leirtaui til heimilisþarfa. Þessi vara flyzt í svo þungum umbúðum að tiltölulega er meira gjald á þeim. Sumar þurfavörur, svo sem til bygginga og iðnaðarfyrirtækja, sem í þessum flokki lenda, útilokast frá innflutningi með svo háu gjaldi. En með því að lækka gjaldið um helming eins og eg benti á, þá er það ekki eins óviðunandi, og eg get því að eins verið með farmgjaldi að það sé gert.

Eg skal geta þess, að eg hefi sent í prentið brtill. við brtill. þgskj. 310, þess efnis, að lögin skuli gilda frá ársbyrjun 1913 til ársloka 1915. Eg er á móti því, að frv. komi ekki strax í gildi. En hins vegar greiði eg atkvæði með þessu frv. með því skilyrði að það, eins og við settum um verðtollinn, sé reynt einungis til bráðabirgða, til þess að bæta fjárhaginn á næsta tímabili og hins vegar til að prófa sig fram. En eg vil ekki slá því föstu að þetta sé rétt princip til frambúðar. Þess vegna vil eg að frv. gangi í gildi frá ársbyrjun 1913, en gildi fyrst um sinn ekki lengur en til ársloka 1915.

Þótt eg hafi komist að svipaðri niðurstöðu um fjárhaginn og háttv. 1. þm. Rv. (L. H. B.), þá álít eg samt að við þurfum fé á næsta ári, því að margt annað er á að líta en fjárhaginn eftir fjárlögunum. Við þyrftum helzt að safna fyrir fé í landssjóði, svo að ekki þyrfti að taka að láni alt það veltufé sem landssjóður þarf að hafa. Gæti það náðst með þessu frv. þá kæmi það fullkomlega að góðum notum. Eg hygg að nægar tekjur fáist með frv., þó gjaldið sé lækkað, til að fleyta okkur fram yfir yfirstandandi fjárhagstímabil, og það geti gefið fjárhagsgrundvöll fyrir 1914—15 og næsta þing eigi þá auðveldara með að bæta úr skák.

Þá eru tillögur milliþinganefndarinnar í skattamálum 1908. Ef stjórnin vill ekki flytja þær, þá vona eg að eg geti fengið einhvern til að flytja þær með mér inn á þingið.

Framsögum. minni hlutans (Björn Kristjánsson): Út af till. um að leggja gjald á tjöru á þskj. 3 11 skal eg benda á það, að þegar sagt er í daglegu máli tjara, þá er alt af átt við hrátjöru. Sé svo hér, þá er það dýr vara, og því ef til vill ekki ástæða til að taka hana undan; en sé hér átt við koltjöru o. s. frv., þá er eg ekki á móti till.

Eg get ekki fallist á till. um að setja girðingastólpa úr járni í sérstakan flokk; það yrði erfitt fyrir innheimtumann að greina þá frá almennum járnvörum. Þeir eru líka að leggjast niður og nokkurskonar sívalar trérenglur að koma í staðinn. Gaddavír vil eg aftur láta halda sér.

Eg er á móti 3. brtill. um að hækka gjald af salti upp í 1 kr. af ástæðum sem eg nefndi áðan. Mér finst yfirleitt brtill. frá þingm. úr sveitum miða að því að koma öllu gjaldinu yfir á sjávarútveginn, og kann eg ekki við það. Sá siður verður að leggjast niður að einn hreppur reyni að ýta gjöldunum af sér yfir á annan og einn landsfjórðungur á annan. Í tollmálum verða þingmenn að skoða sig sem þingmenn alls landsins.

Eggert Pálsson: Þetta frv. var ekki mikið rætt við 2. umræðu, tal manna snerist þá miklu meir að verðtollinum, enda getur engum dulist að eins og mikill meiri hluti nefndarinnar félst á verðtollinn frekar farmgjaldinu, svo hefir og meginþorri deildarinnar hneigst að sömu skoðun. Flutningsmaður þessa frv. hefir líka játað, að hann hafi ekki búist við að það fengi mikinn byr. Nú er hitt frv. felt í Ed., og vita

allir að það var fyrir kapp og undirróður einstakra manna; það á sem sé að neyða okkur, hina sem vorum með verðtollinum, til að greiða nú þessu frv. atkvæði, með því að fjárþörf landssjóðsins kalli svo ríkt á eftir. Eg lít nú að vísu svo á að nauðsyn sé á því að auka tekjur landssjóðs innan skamms. En hins vegar ætla eg að einhvern veginn megi bjargast enn um sinn án þess að auka tekjurnar; og í annan stað er ekki sagt að engin önnur ráð séu til en að samþykkja þetta frv. Enn er t. d. lifandi kolatolls frv. í Ed., sem margir mundu frekar kjósa heldur en þennan vandræðagrip, sem hér er að oss haldið. Þótt því þetta frv. félli, þá er ekki með öllu loku skotið fyrir að útvega megi landssjóði tekna á annan hátt. En eins og eg sagði áðan, þá álít eg að ekki séu eða verði þau vandkvæði á að ekki megi bjargast til næsta þings þótt ekkert frv. um auknar tekjur yrði samþykt frekar en orðið er. Við erum þegar búnir að samþykkja lotterífrv., sem fylt ætti að geta einhverja holuna og að því leyti sem það ekki dygði, mætti bjargast við lántöku til næsta þings. En þessu frumv. greiði eg ekki atkvæði mitt fyr en í ítrustu nauðsyn. Og sú ítrasta nauðsyn er vitanlega ekki komin enn. Eg læt ekki fyr en í síðustu lög neyða mig með undirferli og brögðum til að greiða atkvæði móti sannfæring minni. Þetta vildi eg taka fram, áður en gengið væri til atkvæða, svo að sérhver geti skilið hvers vegna eg greiði atkvæði á móti þessu frumvarpi.

Framsögum. meiri hlutans (Lárus H. Bjarnason): Eg stend upp út af hinni vingjarnlegu ræðu hæstv. ráðherra (H. H) og ræðu háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.). Hæstv. ráðherra þóttist ekki skilja að eg hefði verið flutningsmaður verðtollsfrv., þar sem eg áliti nú enga þörf á að auka tekjur landssjóðs, það væri engu líkara en að eg hefði þá vísvitandi og að óþörfu verið að leggja þunga skatta á þjóðina.

Eg hefi þó tekið það fram hvað eftir annað, að í rauninni væri engin þörf á að auka tekjurnar. *Allra síst er nú* þörf á slíku, þegar samþykt er frv, lotterífrumvarpið, sem eitt út af fyrir sig fullnægir þörfum landssjóðs, án þess að almenningur verði nokkuð við það var. En eg hefi sagt, að ef á annað borð ætti að samþykkja frv. um nýja skatta, þá bæri að samþykkja það sem væri réttlátara, og því hefir enginn mótmælt að verðtollurinn sé réttlátari en farmgjaldið. Það sýnist vera nokkur munur á því, að halda fram sæmilega réttlátum tolli og að berjast fyrir ranglátum tolli, eftir að landssjóði eru útvegaðar miklar tekjur með lotterílögunum. Annars má enn minna á það, að jafnvel hæstv. ráðh. lagði til í skattamálanefndinni að leggja verðtoll á manufacturvörur. Hann og hv. þm. G.-K. (B. K.) sögðu að verðtollur kæmi ranglátar og harðar á þjóðina en farmgjaldið. Út af því leyfi eg mér með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp töflu til samanburðar. Eftir verðtollsfrv. átti tollurinn að nema 3%. Farmgjaldið verður aftur eins og hér segir á nokkrum nauðsynjavörum:

Rúgur og rúgmjöl	4%
Jarðepli	10%
Skipsbrauð	12%
Saltkjöt	7%
Alls konar saumur	8%
Tjörupappi	4%
Asfalt	25%
Eldfastur leir	75%
Gaddavír	10%
Trjáviður	4%
Karbolineum	20%
Salt	10%
Kaðlar	3½%
Carbid	10%

Kork	11%
Kítti	12%
Krít	50%
Stagavír	8%
Blý	7%
Blackwarnish	15%
Vélaolía	6%
Hrátjara	14%
Baggings	6%
Maís, bygg og hafrar	4%
Melasse	6%

Eg vona að flestir aðrir en hæstv. ráðh. (H. H.) og hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sjái það, að þungagjaldið er mun hærra, að minsta kosti á þessum vörum, en okkar gjald.

Hæstv. ráðh. (H. H.) sagði að eg hefði ekki gert nema 75 þús. kr. til fjáraukalaga og annara aukagjalda. Þetta er fjarri öllum sanni. Eg liðaði það í sundur sem borga þyrfti og var það: 30 þús. kr. til aukaþings, 24 þús. kr. í prestlaunasjóð, 50 þús. kr. vextir af veltufé landssjóðs, 75 þús. kr. til fjáraukalaga og 100 þús. kr. til hafnarinnar. Ráðherra hefir altaf haldið því fram að tillagið til hafnarinnar sé 500 þús. kr. en í lögunum stendur bara 400 þús. kr. Eg gerði þannig ráð fyrir 279,000 kr. aukagjöldum. Það er sagt að fáir skrökvi meir en helming, hér er þó miklu meiru skrökvað. Hæstv. ráðh. sagðist þyrfa fjarskamikið fé en nefndi þó ekki önnur ný gjöld en 60,000 kr. virði til pósthússins. Eg býst við að ráðh. fari ekki að borga út fé til þess, án heimildar frá þingi, og þó kemur sú útborgun ekki til fyr en eftir Alþingi 1913. Eg sé heldur ekki að okkur þurfi að vaxa svo ákaflega í augum þótt aukaþarfirnar yrðu eitthvað um eða yfir 300,000 kr. Á timabilinu 1910—'11 var borgað umfram fjárveitingu 500 þús. kr., en varð tekjuafgangur. Það er ekki hægt að álykta, að tekjuhalli þurfi endilega að verða, þó að töluverðar greiðslur falli til, fram yfir veitingu, enda hefir það altaf slampast nokkurnveginn af hingað til. Og að minsta kosti er þarflaust og jafnvel ekki forsvaranlegt að grípa til ranglátra skatta af tómri hræðslu fyrir aukagjöldum.

Hitt skil eg vel að ráðherra, slíkur rausnarmaður sem hann er, vill hafa sem mest fé milli handa en nauðsyn er engin til þess. Og þó áhættulaust kunni að vera að fá honum mikið fé í hendur, þá er það sannarlega ekki altaf áhættulaust, því brúkunin fer iðulega eftir því, hversu mikið ráðsmaðurinn eða ráðskonan hefir milli handa.

Þá vil eg víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) út af póstsendingagjaldinu hans, sem hann ætlast til að verði 15 au. af hverri sendingu, hvað sem sent er. Nú vita allir, að það er leyfilegt að flytja 10 pd. í böggli. Og það sem sent er með pósti kvað sérstaklega vera skófatnaður, dýrari vefnaðarvara og vindlar. Kunnugur maður hefir sagt mér, að af svokölluðum fínum skófatnaði, sem kostar 10—15 kr. parið, fari 10 pr. í 10 pd. að jafnaði. Er nú nokkur meining í því, að einn kaupmaður geti byrgt upp alla verzlun sína með því að borga aðeins 15 au. af hverjum 100—150 kr. Mér er ennfremur sagt að pundið af silki kosti að meðaltali 30 kr. Eftir því má senda silki fyrir 300 kr. í einni sendingu, og sjá væntanlega allir, að það er lítið réttlæti í því, að tollur af því skuli ekki vera nema *15 aurar*, en af 300 kr. virði í eldföstum leir skuli tollurinn nema *225 krónum*.

Áður en eg sezt niður langar mig til að beina þeirri spurningu til h. þm. (B. K.), hve mikið hann hugsar sér að farmgjaldið gefi í landssjóðinn. Getur hann gefið mér ábyggilega skýrslu um það?

Svo vil eg víkja mér að hv. 2. þm. Rv. (J. J.). Hann kastaði fram hugsun,

sem eg hafði líka ætlað mér að minnast á, það var um kolatoll hv. efri deildar. Auðvitað er mér það mjög á móti skapi, að leggja toll á jafnmikla nauðsynjavöru og kolin eru, en ætti eg að velja um það tvent, að tolla kolin og þar að auki margar aðrar vörur og það mjög hátt, eða þá kolin ein, þá mundi eg óhikað velja hið síðara, og það jafnvel þótt tollurinn yrði 1,50 kr. á tonnið, eins og Ed. vill hafa hann. Nú er sagt að hingað flytjist 90 þús. tonn af kolum á ári, sumir segja 80 þús. Gerum ráð fyrir að hið síðara sé rétt, og skilst mér þá að ef lagður væri krónu og fimmtíu aura tollur á tonnið, þá mundi það nema 120 þús. kr. á ári, eða 240 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. En ef reikna má 90 þús. tonn, þá 270 þús. kr. á fjárhagstímabilinu. Þetta eitt út af fyrir sig mundi gera betur, en að jafnast á við þær tekjur, sem þetta frv. mundi útvega, ef það yrði samþykt.

Loks vil eg endurtaka það, að eg er samdóma framsögum. minni hl. á þingi 1911, herra Hannesi Hafstein, um það, að þetta frv. »er eins og kjaptshögg á öll »princip« í gildandi lögum um þetta efni, og þenna gagngerða umsteyping, alt þetta nýja, erfiða og umsvifamikla bákn á að setja á stofn, að eins til bráðabirgða«.

Eg mun auðvitað greiða atkv. með mínum brtill., en svo mun eg, eins og hv. 2. þm. Rang. (E. P.), greiða atkv. móti frv. sjálfu, þegar þar að kemur, og vildi eg óska að haft yrði nafnakall um það.

Ráðherrann (H. H.): Eg ætla ekki að fara í orðakast við hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.), en það vil eg enn ryfja upp fyrir honum, fyrst hann þykist ekki muna það, að þetta frv. er alls ekki hið sama eins og farmgjaldsfrv. frá 1911, sem talað hefir verið um. Það er stórum öðruvísi. Í frv. 1911 var nákvæm flokkaskifting, með ýtarlegum upptalningum, sem ekki er í þessu. Hinn hv. þm. las langan lestur, sem átti að sanna það, að þessi tollur væri hærri en factúrutollurinn. Því hefir enginn neitað, að það er hærra á nokkrum einstökum vörutegundum, en á það er ekki að líta, heldur hitt, hvort frv. taki meira gjald af mönnum alls. Hann játar að hingað til lands flytjist árlega vörur fyrir c. 10 milj. kr., að frádregnu flutningsgjaldi og kostnaði, og tekjurnar af því yrðu, eftir verðtollsfrv. um 300 þús. kr. En sú eina áætlun um farmtollinn, sem eg hefi séð, frá hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), gerir ráð fyrir 250 þús. kr. árstekjum af honum. Hér er þá 50 þús. kr. munur, þetta frv. leggur 50 þús. kr. lægra gjald á þjóðina á ári, en hitt, svo að allur þessi langi upplestur á óábyggilegum tölum sannar ekki neitt af því, sem þingmaðurinn vildi sanna með honum. Hér er að ræða um það hvort þetta frv. eða hitt leggi meiri álögur á þjóðina, en ekki um það, hvort kritin sé hærra tolluð eftir þessu frv. en hinu, eða aðrar einstakar vörutegundir, sem aðstoðarmaður hins hv. þm. í verzlunarsökum hefir skrifað upp fyrir hann. Svo held eg að eg þurfi ekki að svara honum frekar. En mig furðar á því, að jafnstiltur maður og gætinn og hv. 2. þm. Rang. (E. P.) skyldi tala eins og hann gerði. Hann var eitthvað að tala um að hér væri verið að neyða menn eða fleka með undirferli til að samþykkja þetta frv. Eg hefi ekki orðið var við neitt slíkt, eða hverjir ættu að vera að því? *(Eggert Pálsson:* Það er sannleikur. *Lárus H. Bjarnason:* Eg skal upplýsa það). Eg álít það gersamlega óforsvaranlagt, að kasta sliku fram hér í deildinni. *(Eggert Pálsson:* Sannleikurinn er aldrei óforsvaranlegur).

Þetta er lokleysan einber hjá þessum hv. þingmönnum, að eg ekki viðhafi

harðari orð, og virðist þeim mál til komið að fara að hætta umræðum um þetta mál.

Matthías Ólafsson: Það er að vísu varla gjörandi að lengja umræðurnar, en þó finst mér eg verða að gera grein fyrir atkvæði mínu sérstaklega. Eg var einn af þeim, sem studdu verðtollsfrv., af því að eg hafði þá skoðun, að það hefði mikla yfirburði fram yfir hitt, og er enn á þeirri skoðun. Það var þá á sínum tíma farið hér hörðum orðum um meðferð hv. Ed. á því frv., en eg skal ekki fara að endurtaka þau nú, því að eg álít það heimskulegt að sakast um orðinn hlut, og vanheiður ef deildirnar fara að berast á banaspjótum og láta málin gjalda þess ósamþykkis. Eg get ekki sannfærst um það, þrátt fyrir ræður ýmsra hv. þm., að eigi sé þörf á tekjuauka, enda skýtur það eitthvað skökku við, ef þeir sem héldu fram verðtollinum með dugnaði og þá álitu þörf á fé, álíta það ekki eins nú. Eg er því fráhverfur, að haldið sé lengur áfram á lánsbrautinni. Það heyrist altaf klingja hjá sumum mönnum, að hægt sé að lána — lána, en eg álít að réttara sé hjá sjálfum sér að taka, en sinn bróður að biðja, og þótt komast megi hjá nýjum skattaálögum með því að taka lán, það er að segja meðan ekkert er borgað, þá sé það hættulegur vegur og líkast því, að vilja ekki byrgja brunninn fyr en barnið er dottið ofan í hann. Þess vegna verð eg að vera með þessu frv., þótt mér þyki það verra en verðtollsfrumv., og var það þó að vísu ekki gallalaust heldur.

Að tala um hvers vegna efri deild hafi felt það frv., hygg eg að hafi lítið að þýða, því að um það verður ekkert sannað, en það get eg vottað, að h. flutningsm. minni hl. (B. Kr.) sagði við mig, að ef sitt frumv. félli, þá mundi hann greiða atkvæði með verðtollinum, alveg eins og eg og fleiri, sem nú greiðum atkvæði með þessu frv., til þess að útvega tekjur, en ekki fyrir það, að við séum ánægðir með það.

Það hefir verið bent á, að þótt þetta frv. næði ekki fram að ganga, þá væri enn til önnur leið, sem sé kolatollurinn. Eg þori nú ekki að viðhafa þau orð, sem eg vildi helst um þá uppástungu, en það vil eg segja, að ef á að fara að demba á því þyngsta gjaldi, sem unt er að leggja á útveg allan og stærri iðnað, þá fara að verða merkilegar athafnir þessa þings. Eg álít það einmitt einhvern versta gallann á þessu farmgjaldsfrumv., að kolin eru ekki undanskilin.

Eg skal svo snúa mér að brt. þeim, sem fyrir liggja, og felli eg mig þá, úr því sem komið er, bezt við varatill. hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.), en ekki við till. hv. þm. S.-Þing. (P. J.) um að hækka tollinn á salti úr 50 aurum upp í 1 kr. á smálestinni, en lækka aftur kolin. Þetta yrði ekki nema að gera ilt verra, því að enn fleiri smálestir flytjasi hingað af salti en kolum, og þótt það skiftist á fleiri menn, þá er það hverfandi, sem menn nota af því út um landið. Eg trúi því ekki, að hv. deild sé svo innrætt, að hún vilji með þessum tolllögum ama þeim atvinnuveginum, sem mesta peninga greiðir í landssjóðinn. En það er sorglega satt, að sveitabúum hefir oft hætt til þess, að taka ekki tillit til sjómannastéttarinnar, heldur láta þingið lyfta undir sig á þeirra kostnað. Eg segi þetta ekki af því, að eg vilji láta ama landbúnaðinum heldur, enda eru hér ekki svo margir fulltrúar sjómannastéttarinnar, að hætta sé á því, heldur vil eg að þessar atvinnugreinar hjálpi hvor annari. Eg vil, að úr því ekki er hægt að afnema tollinn með

öllu af kolum, þá sé hann látinn halda sér, og tollurinn á salti þá líka sitja við 50 aura.

Eg er samdóma hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) um það, að 2. gr. frumvarpsins sé óheppileg, og þykir merkilegt að ekki skuli hafa komið fram brtill. við þetta 15 aura gjald af hverjum póstböggli, hvort sem hann hefir inni að halda vasaklút eða dýrasta silki. En í þessari hv. deild verður nú að ganga til atkv. um frv. eins og það er, og er enginn tími til að breyta þessu nú, en eg vona að hv. efri deild geri það, því að þess er áreiðanlega þörf.

Því var kastað fram áðan, að ekki væri furða þótt hæstv. ráðh. (H. H.) kæmi vel tekjuaukinn. — Nei, það er sannarlega ekki furða, ef hann ætlar sér að gera eitthvað, og það situr illa á þeim, sem fyrir skemstu studdu hann til valda, að vilja nú skilja við hann peningalausan og getulausan, nema gripið sé til örþrifaráða.

Eg skal svo ekki lengja umr. meira, þær eru þegar orðnar mjög langar.

Framsögum. meiri hlutans (Lárus H. Bjarnason): Út af því sem hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, skal eg fyrst geta þess, að honum ber ekki vel saman við sjálfan sig í þessu máli fyr og nú. Það er eins og nú sé önnur þörf, en áður. En engin rök hefir hann fært fyrir sínu máli, þar sem aftur á móti eg og háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) höfum sýnt hve styrkar stoðir renna undir skoðun okkar.

Hæstv. ráðherra sagði, að eg miðaði verðtollinn við 10 milj. kr. innflutning á ári. Hann hefir þarna haft jafn rétt eftir mér og hann er vanur. Eg hafði sagt 11 og gert ráð fyrir 330 þús. kr. tekjum. Eg get þessa til þess að sýna, hve bágt hæstv. ráðherra á með það að fara rétt með, jafn vel það, sem honum þó ekki væri í óhag, hvað þá heldur hitt. Annars tjáir eðlilega ekki að miða við samanlagða upphæð gjaldsins eina, þegar meta á hvort gjaldið muni verða tilfinnanlegra, síst þegar enginn hefir hugmynd um hvað annað gjaldið, farmgjaldið, mun verða. Það verður miklu fremur að líta á hitt, hvort það komi hlutfallslega jafn réttlátlega niður á landsmenn og sjávarmenn og hvernig það kemur niður á helztu nauðsynjavörur. Og það stendur fast, að verðtollurinn er miklu réttlátari að þessu leyti og kemur auk þess miklu meira niður á þeim sem ríkir eru. Eg sé að hæstv. ráðherra hristir höfuðið, en hann ætti að munda hvað hann sagði um þetta í fyrra. Farmgjaldið kemur harðast niður á fátæklinga, sem því nær eingöngu kaupa nauðsynjavörur, því að þær eru flestar þungar. Gullstássi og öðru slíku prjáli fer aftur á móti ekki mikið fyrir, og það kaupa ekki aðrir en ráðherrar og prófessorar og þess háttar fólk, en það á líka sannarlega að borga fyrir það. Það verður varla betur talað á móti þessu frumv. en hæstv. ráðherra gerði í fyrra, og það hlýtur að horfa eins við honum nú, nema að því leyti, að nú á *hann* að fara með tekjurnar, sem með því nást, þótt eg vilji ekki geta þess til, að það eitt ráði afstöðu hans nú. Þetta er ranglætisfrv., sem ekki verður varið.

Það kemur að vísu ekki mér við hvað hæstv. ráðherra (H. H.) og hv. 2. þm. Rang. (E. P.) eigast við. Sá háttv. þm. getur svarað fyrir sig sjálfur. En af því að eg greip fram í áðan, skal eg geta þess, að eg hefi það eftir einum háttv. þm., sem ekki situr svo fjarri mér, að hæstv. ráðherra hafi sagt við hann að hann ætti vís 16 atkv. fyrir farmgjaldinu hér í deildinni þegar hv. Ed. væri búin að drepa verðtollinn. *(Ráðherrann:* Þetta hefi eg aldrei sagt). Eg segi ekkert um það, en maðurinn

var háttv. 1. þm. K.-G. (B. Kr.) og þeir um það, hvor þeirra segir satt, en eg get þessa af því, að vera mætti að hv. 2. þm. Rang. (E. P.) hefði heyrt eitthvað líkt, og því sagt það sem hann sagði.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) virðist ekki hafa tekið eftir því, að þetta frv. hefir í för með sér 1 kr. toll á hverja smálest af kolum, svo að mér skilst að við losnum ekki við kolatoll, þótt það yrði sþ. Hann var að tala um að hér væru orðnar langar umr. Já, það væri líka skrítið, ef ekki mætti ræða frv. nokkuð ítarlega nú. Hér er um frv. að ræða, sem ætlast er til að veiti landinu tekjur til frambúðar, og þar sem það gekk umræðulaust til nefndar við 1. umr. og var sömuleiðis lítt eða ekki rætt við 2. umr. — má vera að því hafi verið slegið á frest til þess að fram gæti komið þetta »trick«, sem allir vita undan hvers rifjum er runnið —, þá virðist ekki alveg ónauðsynlegt að ræða það nú, jafn mikið »kjaptshögg« og það er á öll »princip« gildandi laga og jafnframt á suma, þá sem áður börðust móti því, enda get eg engu lofað um það, að taka ekki oftar til máls, þó að margir þykist þess fullvissir, hvernig þessu máli muni lykta.

Matthías Ólafsson: Mér virtist svo sem mér væri borið það á brýn, að eg hefði gert mig sekan í hugsunarvillu, með því að þetta frv. felur líka í sér toll á kolum, en það er munur, hvort alt er tollað, eins og hér er gert, eða þá kolin ein. Þess utan liggja hér fyrir br.till. við frv., þar á meðal ein frá hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), sem mundu gera enn minna úr þessum tolli á kolum, ef þær yrðu samþ., og er eg því þeim auðvitað meðmæltur.

Út af því sem talað hefir verið um langar umr., skal eg taka það fram, að eg álít það litlar upplýsingar fyrir þetta mál, hvað einhver maður hefir sagt einhvern tíma, fyrir löngu, um annað mál, það lengir þingtímannn og er öldungis óþarft.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg skal ekki vera að bera í bakkafullan lækinn, með því að lengja mikið umræðurnar. Eg vil geta þess, að bæði þessi tollafrumvörp hafa verið sem eitur í mínum beinum. Hitt frumvarpið kaus eg þó mikið heldur af því að mér fanst það vera réttlátara. En í þessu frumvarpi virðist að eins vera litið á það tvent að gefa landssjóði gnægð en valdsmönnum hægð og ekkert litið á hvort þetta komi réttlátlega niður á alþýðu. Úr því sem komið er og af því að eg veit að það muni vera fyrirfram ákveðið að frumvarp þetta skuli verða að lögum — það er prædestinerað — þá vil eg greiða atkvæði mitt með þeim breytingartillögum sem eg álít að vera muni til bóta og á eg þá við brtill. á þskj. 310 og þá sérstaklega tillöguna undir tölulið 5, þar er minstur tollur lagður á kolin og bið eg menn að athuga það vel og vona fastlega að hún verði samþykt.

Eg get ekki séð að það sé rétt sem hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, að það væri til að tefja fyrir málinu, að menn koma með breytingartillögur og vilja lagfæra frumvarpið. *(H. Hafstein:* Tefja fyrir innheimtunni). Það er heldur ekki rétt, því að tollflokkarnir verða ekki fleiri en áður og ekki margbrotnari en áður innheimtan því ekki verri né tafsamari en áður. Einnig er mér sérstaklega vel við 9. brtill. á þskj. 310, að í frumv. standi eftir »heyi«: »*mais, byggi, höfrum* og *melasse*«. Vegna þess að í ísa-ári getur það verið lífsnauðsyn að kaupa jafnvel heila skipsfarma af skepnufóðri.

Það var ekki rétt hjá hv. 1. þm. Rv.

(L. H. B.) að seinast hefði verið flutt inn geysi mikið af fóðri handa skepnum árið 1880, það er ekki lengra síðan en á árunum 1906—'07 að þetta var gert — fluttur heill skipsfarmur eða tveir.

Svo skal eg ekki fara fleirum orðum um þetta að svo stöddu, en eg mun greiða atkvæði með öllum þeim breytingartillögum sem eg álít að séu frumv. til bóta.

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi leyft mér að koma með 2 breytingartillögur við þetta frumv., á þskj. 308 og fer önnur fram á að færa kornvörur í lægri tollflokk en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. En úr því að eg sé að hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) hefir tekið þessa brtill. mína upp í brtill. sínar, þá tek eg hér með aftur þessa mína breytingartillögu.

Eg vil geta þess viðvíkjandi korninu, að það er sú vara sem enginn landsmanna getur verið án og síst allra fátæklingar. Eg hygg að segja megi um marga aðra vöru, að takmarkað gætu menn kaup sín á þeim, en það er alls ekki hægt að segja það um kornvörurnar, og vil eg því að tollurinn á þeim sé sem lægstur.

Að öðru leyti er það að segja um þetta frv., að þegar búið er að samþ. þær brtill. sem eru til bóta, þá verður það ekki sagt með réttu, að það komi eins óréttlátlega niður eins og hér hefir verið orð á gert.

Eg álít að tollar, þeir er frumvarpið gerir ráð fyrir, komi niður á mönnum í samræmi við efni þeirra og ástæður. Þeir verzla að jafnaði mest og kaupa dýrast, er beztar hafa ástæðurnar, og borga um leið mest í landssjóðinn, og er það í sjálfu sér eðlilegt,

Að staðhæfa það, að verðtollur eða farmtollur komi mest niður á kaupstaðarbúum og sjómönnum, er mjög hæpið, og ekki nema hálfur sannleikur. Allir sem til þekkja, vita það, að nú eru sveitamenn farnir að verzla mjög mikið. Þeir verzla nú orðið »*of mikið*« eins og Torfi í Ólafsdal hefir minst á og varað við. Sveitamenn kaupa alskonar vefnaðarvöru og fatnað, þar á meðal skófatnað og ótal margt annað af alskonar vörutegundum. Það verður því ekki með sanni sagt, að mínu áliti, að tollur þessi komi eingöngu eða aðallega niður á sjómönnum og kaupstaðarbúum; langt í frá.

Því næst vildi eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um brtill. á þgskj. 316. Hún miðar að því að færa til eina vörutegund, sem sé jarðepli, í 2. lið í sömu grein á eftir heyi, og hækkar þá tollur á þeim úr 10 aurum upp í 25 aura. Ástæðan til þessarar hækkunar er sú, að enginn vafi getur á því leikið, að mönnum ætti að vera í lófa lagið hér á landi að rækta allar þær kartöflur sem vér þurfum að nota, og meir en það. Þessi tollur ætti þá að verða óbeinlínis til uppörfunar að rækta sem mest af kartöflum, án þess þó að hann geti talist að vera reglulegur verndartollur. Það er hreinasta hneyksli að vér skulum flytja hér inn kartöflur. Það vita flestir að vöxtur þeirra bregst nærri aldrei, og að kartöflu-uppskeran er mjög árviss í mörgum héruðum þessa lands, t. d. í Reykjavík, Akranesi, Hafnarfirði, Akureyri og víðar.

Hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) sagði að innflutningur á heyi gæti komið sér mjög vel í misæri. En eg álít útlent hey mjög illa fallið til notkunar hér á landi í harðindum og fóðurskorti, vegna þess, að allur flutningur þess verður svo erfiður og kostnaðarsamur. (*Lárus H. Bjarnason:* Það var mais, bygg og melasse sem eg átti við). Hvað viðvíkur þeim fóðurtegundum, þá eru þær hlutfallslega dýrari en aðrar fóðurteg-

undir, miðað við efna-innihald þeirra, t. d. olíukökur og fóðurmjöl, þar á meðal hvalkjötsmjöl, síldarmjöl og síldarkökur. Og þessar fóðurtegundir eru búnar til hér á landi, og ættu menn því fremur að nota þetta til fóðurs þegar heyskort ber að höndum.

Það var sagt að þjóðin óskaði ekki eftir nýjum álögum, og má það rétt vera. En þjóðin óskar heldur ekki eftir því að alveg verði tekið fyrir alla menningar- og framkvæmda-starfsemi hér á landi, og eg er þess fullviss, að þjóðin kýs heldur að taka að sér að greiða nokkrar álögur en að lagðar verði árar í bát með alla vegagerð, símalagningu og aðrar framfarir í landinu. Það er auðvitað gott að spara og vona eg að þær raddir, sem heyrst hafa í þá átt, láti þá til sín taka á næsta þingi og reyni til að hefta ögn þann bitlingaaustur og aðra óþarfa fjáreyðslu, sem átt hefir sér stað á undanförnum þingum.

Fjármálanefndin sem skipuð var á þinginu 1911, gerði ráð fyrir, að landssjóð mundi vanta 700 þús. kr., ef halda ætti líkri stefnu í framkvæmdum hér á landi og verið hefir síðustu árin.

En þó nú farmtollurinn komist á, þá nemur hann ekki nema 500 þús. kr. yfir fjárhagstímabilið, og vantar þá um 200 þús. kr. til þess að fullnægja því, er fjármálanefndin taldi að mundi þurfa.

Það hefir verið bent á, að af væntanlegu »lotteríi« mundi fást álitlegur gróði. En honum vildi eg helzt verja til einhvers sérstaks fyrirtækis, eða til sérstakra þjóðstofnana, eins og áður er búið að taka fram, og ætti þá ekki að reikna með þeim tekjuauka þegar verið er að bollaleggja árlegar tekjur og útgjöld landsins.

Jón Jónsson Rv.: Herra forseti! Eg hefi heitið því, að lengja ekki mikið umræðurnar á þessu þingi, enda þykist eg hafa staðið við það. Það er álit mitt að miklar umræður á þingfundum séu þýðingarlitlar, því að eg þykist vita að menn eru oftast búnir að mynda sér skoðun um málin áður en fundir byrja. Eg vildi þó taka undir með hv. samþingismanni mínum að eg álít að breytingartill. á þgskj. 310 séu málinu til mikilla bóta. Eg var í hjarta mínu mjög fylgjandi verðtolli og álít að í honum felist það réttasta tolla-princip sem eg get hugsað mér, og eg get ekki verið því samdóma að sá tollur sé eins óframkvæmanlegur eins og sumir hv. þm. héldu svo fast fram; nú hefir hv. Ed. stútað honum, og er þá þess að gæta hvort vér neyðumst til að samþykkja þetta frv. sem nú liggur fyrir, til þess að bæta úr fjárþörf landssjóðs, sem eg álít að sé nú, þrátt fyrir tilraunir til að sýna fram á hið gagnstæða.

Háttv. Ed. þykist víst hafa bætt úr því, að hún feldi verðtollinn, með því að samþykkja toll á kolum. Eg get ekki undir neinum kringumstæðum verið með þeim tolli. Eg vildi helzt samþykkja þá eina tolla, sem koma jafnt niður á menn, hvort heldur þeir búa uppi í afdölum eða niður við sjó. En eg get ekki verið með svona einhliða sköttum, sem ekki aðeins koma nærri eingöngu niður á einstakar stéttir, heldur einnig á einstöku atvinnuvegi og hefta með því framgang eins atvinnuvegarins, sem er lang arðvænlegastur til frambúðar, og sem er nýlega stofnaður og er að byrja.

Eins og eg tók fram áðan þá er eg yfirleitt samþykkur og felli mig vel við brt. á þgskj. 310 og mun eg greiða þeim atkvæði; svo framarlega sem þær verða samþyktar, þá mun eg máske greiða frumv. atkvæði, en falli breytingartillögur þessar, þá get eg ekki að

svo komnu sagt um hvað eg muni gera.

Benedikt Sveinsson: Það er sagt að botnvörpuveiðaútgerðirnar þoli að bera mikil álög, og það er víst um það að þær gera það ósvikið. En það dugar ekki að leggja sífelt á þær ný gjöld, það þarf þó að hafa einhverja takmarkalínu, og óvíst er, hvort sá útvegur þolir altaf ný og ný álög, flestar útgerðirnar eru með skuldum og svo ef veiðar bregðast eða eitthvað slíkt bjátar á, þá er tapið stórkostlegt og ekki rétt að auka það með því að íþyngja útgerðunum með sífeldum sköttum. Það væri heldur rétt að ýta undir botnvörpuveiðarnar.

Kolatollurinn legst einnig mjög þungt á fátæklingana og aðallega á þá, sem í lélegustu húsunum búa, og er landssjóður með honum að gera sér mat úr því erfiði og kostnaði, sem fátæklingar leggja í sölurnar til þess að verjast frostinu og kuldanum.

Menn hafa gert sér von um að græða á útlendingum með þessum tolli, en það verður þá ekki nema rétt í bráðina. Því að eins og flestir vita, hafa nú útlendingar, þó einkum Englendingar, verið nú á síðustu tímum að taka upp nýtt snið á botnvörpuskipum sínum og er það þannig, að skipin eru svo stór, að þau geta flutt með sér alt er þau þurfa með í hverri ferð og eru því ekki háð viðskiftum annara þjóða. Einnig sést nú í öllum útlendum blöðum að altaf er að færast í vöxt notkun hinna svonefndu »Diesilmótora«, og munu þeir bráðlega koma í stað gömlu vélanna á skipum.

Eg geri því ráð fyrir því, að þótt kolatollurinn komist á, þá verður hann aldrei frambúðartollur.

Ekki verður því heldur neitað, að því er til útgerða og sjómanna kemur, að þeir séu fullhlaðnir gjöldum. Til dæmis segja menn að þorkkindin sé fjórtolluð: 1. tollur á útfl. fiski, 2. tollur á útfl. fisklýsi, 3. tollur á útfl. hrognum, 4. tollur á útfl. sundmaga, og svo bætist nú ofan á þetta salttollurinn, auk þess að síðasta Alþingi hefir nú hækkað nokkuð tilfinnanlega bæði vitagjald og hafnargjald.

Eg sé að það er komin fram br.till. í þá átt, að lækka toll á kolum niður í 50 aura og afnema toll af salti. Mun eg að sjálfsögðu greiða þessum till. atkv. á sínum tíma.

Eg get ekki fallist á að nauðsynlegt sé að leggja innflutningsgjald á hey. Það er hverfandi lítið, sem flutt er inn af útlendu heyi í vanalegum árum. Þess er helzt þörf í hallærum og gæti þá komið sér vel að fá frá útlöndum nokkra skipsfarma af heyi og fóðurkorni, en það virðist harla óeðlilegt að hið opinbera noti sér hallæri og neyð almennings til þess að fá fé í landssjóðinn.

Hitt get eg fallist á, með hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að ekkert sé á móti því að leggja toll á innfluttar kartöflur. Þær eru töluvert ræktaðar hér á Suðurlandi og þrífast eins vel og grasið á jörðunni. Þó er ekki lögð eins mikil stund á ræktun þeirra eins og vera mætti og ætti.

Það má vera gleðilegt fyrir flytjanda þessa frv., að sjá og heyra, að þeir, sem áður hafa lagst einna þyngst á móti því, hafa nú tekið sinnaskiftum og gerst helztu formælendur þess. Mér fundust rök þau, sem hæstv. ráðherra (H. H.) færði á móti flutnm. frv. á þinginu í fyrra, vera heldur léttvæg. En það er gott, þegar menn taka þannig sinnaskiftum og sannfærast um villu síns vegar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem kemur mér til að standa upp. Mig stórfurðar á því, að heyra hann segja að það sé óþarfi að flytja hey og fóðurbæti til landsins. Eg hefi nú í mörg ár keypt

hey frá útlöndum til að gefa kúm, og eg er viss um að það má bjarga tugum þúsunda fénaðar frá felli með korngjöf.

Mig furðaði að heyra háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), sem annars talaði mjög skynsamlega um þetta mál, segja að ekkert væri á móti því að tolla innfluttar kartöflur af því að þær mætti rækta hér. Eg hefi nú verið lengi hér í Rvk. og mér er kunnugt um að það hefir oft og tíðum alls ekki verið hægt að fá kartöflur fyrir nokkurt verð og stundum hafa þær komist upp í 32 kr. tunnan. Hvað dugar það, að hafa á móti innflutningi á kartöflum af því hægt sé að rækta þær hér, *þegar það er ekki gert?* Það er eins og ef ætti að leggja haft á innflutning peninga í landið af því að hér sé gull í jörðu. En hvað hjálpar gull í jörðu þegar það næst ekki? Svo lengi sem við verðum að kaupa kartöflur með geysiverði, held eg að ekki sé vert að íþyngja okkur með tolli. En það myndi líklega koma harðast niður á kaupstaðabúum, og það er ekki verið að hugsa um að gera þeim hátt undir höfði.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) talaði um að hægt væri að leggja toll á innflutt hey og kaupa fóðurmjöl í verksmiðjunum, sem nú væri verið að stofna hér til að vinna fóðurmjöl úr síld og fiskúrgangi. En þessar verksmiðjur verða fyrst að komast á stofn. Stærstu verksmiðjuna átti að setja upp í Vestmannaeyjum í haust og var búið að ráða forstöðumann og verkafólk til hennar. En í dag barst hingað bréf frá Vestmannaeyjum, og er sagt í því, að ef samþykt verði að leggja útflutningstoll á fóðurmjöl, þá verði hætt við alt saman.

Hvað viðvíkur kolatollinum, þá má segja að hann komi eingöngu niður á þeim sem búa við sjávarsíðuna, því að kol eru mjög lítið notuð til sveita En lang harðast kemur hann niður á botnvörpuskipaútgerðinni, og er það illa farið að íþyngja þessum aðalatvinnuvegi landsins með háum tolli á þeirri vöru, sem honum er lífsskilyrði.

Vér Íslendingar erum nú nærfelt 85,000 og flytjum út árlega um 50 milj. pd. af fiski. Til samanburðar má geta þess, að Norðmenn, sem eru hátt á þriðju miljón, flytja ekki út nema 150 milj. pd. Af þessu má sjá hve stórfeldum framförum við höfum tekið í þessari atvinnugrein. Það er ekki ýkja langt síðan við kunnum ekki að verka fisk. Eg man eftir því, að þegar eg var unglingur hér í skóla, var mikið talað um það í blöðunum, að við þyrftum að læra að verka fisk af Norðmönnum. Þá voru sendir til Noregs í þeim erindum, þeir, Kristinn Magnússon í Engey, Guðmundur í Landakoti og Hafliði Eyjólfsson í Svefneyjum og, að mig minnir, einhver fjórði maður, sem eg man ekki í svipinn, hver var. Nú er svo komið, að Norðmenn eru farnir að panta menn frá okkur til að kenna sér.

Þessi atvinnuvegur ber allar framfarir landsins á herðum sér. Við getum verið stoltir af honum og megum ekki íþyngja honum með háum tollum. Þess vegna vil eg biðja menn, hvað sem öðru líður, að greiða atkvæði með 5. br.till. á þgskj. 310, þar sem farið er fram á lægsta toll á kolum. Það er skylda okkar að fara svo vel sel sem unt er með þennan atvinnuveg.

ATKV.GR:

Till. um að hætta umr. sp. með 11:6 atkv.

Br.till. á þgskj. 308 tekin aftur.

Br.till. á þgskj. 310, 2 tekin aftur.

Br.till. á þgskj. 307 tekin aftur.

Br.till. á þgskj. 310, 1 feld með 11:7 atkv.

Br.till. á þgskj. 310, 3 tekin aftur.

Br.till. á þgskj. 316, 1—2 feld með 13:7 atkv.

Br.till. á þgskj. 310, 4 feld með 11 : 6 atkv.

Br.till. á þgskj. 311, 1 sþ. með 17 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 311, 2 sþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 310, 5 feld með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson Rvk.	Eggert Pálsson
Ben. Sveinsson	Björn Kristjánsson
Bjarni Jónsson	Hannes Hafstein
Guðl. Guðmundsson	Jóh. Jóhannesson
Halldór Steinsson	Jón Magnússon
Jón Ólafsson	Kristján Jónsson
Lárus H. Bjarnason	Ólafur Briem
Matthías Ólafsson	Pétur Jónsson
Skúli Thoroddsen	Sigurður Sigurðsson
Valtýr Guðmundss.	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason
	Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson og Jón Jónsson S.-Múl. ekki viðstaddir.

Br.till. á þgskj. 311, 3 feld með 18 : 2 atkv.

Br.till. á þgskj. 310, 6, fyrri liður, feldur með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson Rvk.	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Guðl. Guðmundsson
Bjarni Jónsson	Halldór Steinsson
Jón Ólafsson	Hannes Hafstein
Lárus H. Bjarnason	Jóh. Jóhannesson
Matthías Ólafsson	Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen	Kristján Jónsson
Vatýr Guðmundss.	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Sig. Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason
	Þorleifur Jónsson.

Björn Kristjánsson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Br.till. á þgskj. 309, 2 til 3 a sþ. með 14 shlj. atkv.

Br till. á þgskj. 309, 2 a sþ. með 13 : 2 atkv.

Br.till. á þgskj. 309, 2 b feld með 13 : 4 atkv.

Varatill. á þgskj. 309 sþ. með 15 : 2 atkv.

Br.till. á þgskj. 313, 2 sþ. með 11 : 7 atkv.

Br.till. á þgskj. 311, 5 feld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Björn Kristjánsson
Jón Jónsson Rvk.	Guðl. Guðmundsson
Benedikt Sveinsson	Hannes Hafstein
Bjarni Jónsson	Jóh. Jóhannesson
Halldór Steinsson	Jón Magnússon
Jón Ólafsson	Matthías Ólafsson
Kristján Jónsson	Ólafur Briem
Lárus H. Bjarnason	Sig. Sigurðsson
Pétur Jónsson	Stefán Stefánsson
Skúli Thoroddsen	Tryggvi Bjarnason
Valtýr Guðmundss.	Þorleifur Jónsson.

Br.till. á þgskj. 310, 7 feld með 12 : 6 atkv.

Br.till. á þgsj. 321 sþ. með 12 : 4 atkv.

Br.till. á þgskj. 310, 8 og 9 komst ekki að.

Br.till. á þgskj. 309, 2 þannig breytt sþ. með 13 : 1 atkv.

Br.till. á þgskj. 309, 3 þar með fallin.

Br.till. á þgskj. 309, 4 talin sþ. án atkv.gr.

Br.till. á þgskj. 309, 9 talin sþ. án atkv.gr.

Br.till. á þgskj. 309, 6 talin sþ. án atkv.gr.

Br.till. á þgskj. 309, 7 talin sþ. án atkv gr.

Br.till. á þgskj. 309, 8 sþ. með 13 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 319 sþ. með 12 : 4 atkv.

Br.till. á þgskj. 310, 10 (í stað 1913 komi 1914) feld með 15 : 3 atkv.

15. gr. þannig breytt sþ. með 15 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 313, 1 sþ. með 11 : 2 atkv.

Br.till. á þgskj. 309, 1 talin sþ. án atkv.gr.

Frv. sþ. með 17 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson Rvk.	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Bjarni Jónsson
Björn Kristjánsson	Jón Ólafsson
Guðl. Guðmundsson	Lárus H. Bjarnason
Halldór Steinsson	Skúli Thoroddsen
Hannes Hafstein	
Jóh. Jóhannesson	
Jón Magnússon	
Kristján Jónsson	
Matthías Ólafsson	
Ólafur Briem	
Sigurður Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	

Pétur Jónsson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Frv. var síðan afgr. til Ed.

Skipun læknahéraða.

I.

Hnappdæla-hérað.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. Nóv. 1907, um skipun læknahéraða o. fl. (Hnappdælahérað) (42); 1. umr., 24. Júlí.

Flutningsm. (Halldór Steinsson): Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ekki nýtt; fyrir seinasta þingi lá frumv., sem fór í svipaða átt, og náði það samþykki Nd. en var felt í Ed.

Í því héraði, sem hér er ætlast til að sé myndað, eru 4 hreppar: Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Miklaholtshreppur og Staðarsveit. Ástæðurnar til þess að þetta frv. er komið fram, eru þær, að með lögum 16. Nóv. 1907 um skipun læknahéraða, var lækninum í Mýrahéraði gert að skyldu að sitja í Borgarnesi, eða með öðrum orðum, hann var fluttur á héraðsenda.

Af þessu leiddi að vestustu hrepparnir í héraðinu neyddust til að vitja læknis til Stykkishólms yfir erfiðan fjallveg. Það er og afar óheppilegt í lögunum frá 1907, að Miklaholtshreppur er látinn tilheyra Stykkishólms-héraði. Og um Staðarsveit má segja, að miklu hægra sé að vitja læknis þaðan í hið nýja hérað heldur en til Ólafsvíkur yfir Fróðárheiði, erfiðan fjallveg og hættulegan að minsta kosti á vetrum.

Öll sanngirni mælir því með, að hér sé stofnað nýtt læknishérað, því ekki mun þykja tiltækilegt að flytja læknirinn úr Borgarnesi vestar í héraðið, því auk íbúanna, sem nú munu vera hátt á annað hundrað, er þar mikill straumur ferðamanna, og í seinni tíð hefir aðsókn aukist mikið vegna sláturhússins. Af þessum ástæðum mun ekki þykja rétt að flytja læknissetrið, en sé það ekki gert, er fylsta nauðsyn á að stofna þetta nýja hérað. Það verður að vísu ekki mjög fjölment; íbúar í þessu fyrirhugaða héraði eru, eftir því sem eg hefi komist næst, hátt á níunda hundrað, og er það meiri fólksfjöldi heldur en í mörgum læknishéruðum, sem þegar eru stofnuð og læknum skipuð.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv., vona að hv. deild taki því vel, og leyfi mér að fara fram á að því verði vísað til 2. umr. Mér finst ekki ástæða til að kjósa nefnd í þetta mál útaf fyrir sig, en með því að fleiri slík mál munu vera á leiðinni, væri ef

til vill rétt að setja 5 manna nefnd, sem síðar tæki öll svipuð mál til íhugunar.

Bjarni Jónsson: Eg skal leyfa mér að styðja nefndarkosningu. Eg hefi látið útbýta frv., sem fer í svipaða átt og býst við að von sé fleiri slíkra frv. Leyfi eg mér að stinga upp á 5 manna nefnd, sem öll þesshættar frv. verði látin ganga til.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

5 manna nefnd samþ. með 16 shlj. atkv.

Kosningu hlutu:

Benedikt Sveinsson,
Halldór Steinsson,
Jón Ólafsson,
Jón Jónsson Rv.
Einar Jónsson.

Önnur umr., (n. 223) 16. Ágúst.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Síðan lögin um skipun læknahéraða voru samþ. 1907, hefir það komið í ljós, að enn vantar lækna á ýmsum svæðum, og að landið er hvergi nærri læknum skipað til hlítar, heldur þarf að bæta fleirum við, enda hafa 4 ný læknahéruð verið stofnuð síðan og nú liggja enn fyrir þinginu margar beiðnir um enn fleiri. Nefndin, sem skipuð var í þetta mál, hefir ekki séð sér fært að leggja með nema einni af þessum beiðnum í þetta sinn, og skal eg leyfa mér að vísa til nefndarál. um ástæðurnar fyrir því. En þar sem hún hefir metið Hnappdælahérað mest, þá vil eg benda á það, að það var samþ. í Nd. í fyrra, að stofna það hérað, en í Ed. var það felt burtu, og kemur það nú hér fram aftur. Málið er því öllum kunnugt, og þarf eg ekki að fara nákvæmlega út í það hér, að lýsa staðháttum þar vestra. Þeir sem farið hafa yfir Fróðárheiði, vita að það er örðugur vegur og ilt að þurfa að vitja læknis yfir hana úr Staðarsveit til Ólafsvíkur. Sama er að segja um Kerlingarskarð, að um þann fjallveg er erfitt að vitja læknis í Stykkishólm. Í þriðja lagi er langsótt til læknis í Borgarnes.

Við viljum því ráða háttv. deild til þess að samþykkja að þetta læknishérað verði stofnað. Eg álít ekki að það liggi fyrir hér, að ræða um hin héruðin, og skal því ekki fjölyrða um þau, en þar sem þetta eina fékk góðar undirtektir í fyrra, þá vænti eg hins sama nú

Eggert Pálsson: Eg stend ekki upp til að mótmæla því, að þetta læknishérað verði stofnað, en það er nefndarálitið sem eg finn ástæðu til að athuga. Nefndarál. grípur auðvitað yfir alt það, sem vísað var til þeirrar sömu nefndar, og meðal annars inniheldur það all-langan kafla hljóðandi um það læknishérað, sem eg og hv. samþingismaður minn höfðum lagt til að stofnað yrði milli Jökulsár og Þverár. En þar er svo herfilega rangt skýrt frá, að eg get ekki komist hjá að leiðrétta það.

Eg gat þess þegar í upphafi, þegar eg bar þetta mál fram, að milli Jökulsár og Þverár ættu heima um 1600 manns, en nú sé eg að það er orðið að 900 í nefndarálitinu, og er það engu líkara en að hér sé verið að lýsa mig ósannindamann í þessu efni. Til þess að taka af öll tvímæli hefi eg nú leitað upplýsinga hjá manntalsskrifstofunni, og kemur það þá í ljós, að í Hólsprestakalli einu saman eru 900 manns. Svo bætist við í Landeyjapr.k. 620 og eru það þá orðið 1520 manns, og loks komu til nokkrir bæir úr Breiðabólsstaðar- og Odda-pr.k., sem liggja fyrir framan Þverá er nálægt 100 manns búa á, svo að fólksfjöldinn á þessu umrædda svæði

mundi verða eins og eg sagði, full 1600 alls, í staðinn fyrir um 900 eins og stendur í nefndarálitinu. En þegar svona skakt er farið með, þá er engin furða þótt það hafi áhrif á niðurstöðu þá sem nefndin komst að, og að henni þyki ekki brýn þörf á að stofna hér nýtt læknishérað. Það munur um minna, en að draga 700 frá 1600.

Það er ennfremur skakt í nefndarálitinu, að þótt sérstakur læknir fengist í þetta hérað, þá gæti mörgum verið jafn ómögulegt, vatnanna vegna, að vitja hans eins og þeim er að vitja þeirra lækna, sem nú eru.

Að þetta sé rangt getum við gert oss ljóst með einföldu dæmi. Setjum svo að læknissetrið væri austanvert við Markarfljótið. Þegar nú vatnið lægi í Markarfljótsfarvegnum, þá hindraði það eigi á neinn hátt þá sem milli Jökulsár og Markarfljóts búa, frá að ná til þessa síns læknis. Hinir aftur á móti, sem vestan Markarfljóts byggja, ættu þá á hina hliðina fyrir sér greiða og torfærulausa leið vestur yfir Þverárfarveginn, sem lítið sem ekkert vatn væri í, til læknisins í Rangárhéraðinu. Lægi aftur á hinn bóginn vatnsmagnið í Þverárfarveginum ættu íbúar þess héraðs, Eyjafjallahéraðs, bæði að austan og að vestan, jafn greiða og torfærulausa leið til síns eigin læknis.

Það er nú að vísu bent á dragferju sem eigi að koma á Þverá, sem geti bjargað öllu við, en hún er nú ókomin ennþá og af landsverkfræðingnum talin mikil tormerki á að koma henni á, svo að hennar getur þannig orðið langt að bíða. *(Sigurður Sigurðsson:* Það er meðan lítið er í Þverá). Það getur verið. En þó að í henni vaxi, þá er ekki dragferja komin þegar í stað. Að minsta kosti var mikill vöxtur í Þverá þegar eg fór til þings, og hún því sem næst ófær eins og vant er um það leyti, og var ekki til neinnar dragferju hægt að grípa, og svo býzt eg við að verða muni í framtíðinni. Annars skal eg ekki þreyta hv. deild með lengri ræðu í þetta sinn og læt því hér með staðar numið. En þetta vildi eg taka fram, og það því fremur sem eg býzt við, að mér gefist ekki kostur á að ræða meira um okkar eigið frv., stofnun Eyjafjallahéraðs, með því að engar líkur eru fyrir að það hafi nokkra þýðingu að halda því frekar fram að þessu sinni.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Það var ekki ætlun mín að rengja hv. 2. þm. Rang. (E. P.). Hann hefir auðvitað sagt þetta, en okkur hefir gleymst það í nefndinni og ekki ratað á réttar tölur. Okkur kom saman um að fólksfjöldinn mundi vera eitthvað um þetta bil, 900, og fórum við þar, að mig minnir, eftir því, sem hv. samþingismaður hans, 1 þm. Rang. (E. J.) sagði á einum nefndarfundinum. En það var annað, en mannfjöldinn, sem var ástæðan til þess, að við tókum ekki þetta hérað fram yfir Hnappdælahérað. Við studdumst líka við nefndarál. frá því í fyrra, sem hv. 2. þm. Rang. (E. P.) hafði skrifað undir athugasemdalaust, og þar var ekki lögð eins mikil áherzla á að stofna þetta hérað, vegna þess að Jökulsá á Sólheimasandi mundi verða brúuð, og að það mundi draga mjög úr annmörkunum, ef líka kæmi dragferja á Þverá. Og þótt dragferjan sé ekki komin ennþá, þá mun það einmitt mest stafa af því, að Þverá er nú með vatnsminsta móti.

Annars er mér það ekki kappsmál, hverjir hlutskarpastir verða í þessum bardaga um læknahéruðin.

Eggert Pálsson: Hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) vitnaði í það, að eg hefði skrifað undir nefndarál. í fyrra, sem hefði

gengið í líka átt og þetta nefndarálit. Jú, eg kannast við það að hafa undirskrifað þá skoðun, að ef komin væri brú á Jökulsá og dragferja á Þverá, þá væri þörfin til þessa nýja læknishéraðs horfin að mestu. Og hefi meira að segja sama álit enn. En gallinn er sá, að bæði brúna og dragferjuna vantar og líkindi til að hvortveggja komi til að vanta um ófyrirsjáanlega langan tíma. Á síðasta þingi voru samþykt lög um brú á Jökulsá og veitt dálitil fjárupphæð til að setja dragferju á Þverá. Þetta hvortveggja gaf dálitla von í svipinn, en nú er miklu daufari orðin. Það er lítt mögulegt með efnahag landssjóðs fyrir augum, annað en hugsa sér að dráttur muni alllangur verða á því, að brú yfir Jökulsá verði bygð, og hvað dragferjuna á Þverá snertir, þá telur landsverkfræðingur nú öll tormerki á þeim framkvæmdum, svo að kringumstæðurnar eru þannig töluvert breyttar frá því sem var á síðasta þingi. Eg get ekki annað álitið en að stofnun umræddS læknishéraðs væri eftir kringumstæðunum nauðsynleg, að minsta kosti á meðan hvorttveggja, Jökulsárbrúna og dragferjuna á Þverá, vantar. En þótt eg verði að halda fast við þá skoðun að fullkomin nauðsyn hefði verið á að stofna þetta læknishérað, þá má enginn skilja orð. mín svo að eg vilji spilla fyrir frv. á þgskj. 42 eða stofnun Hnappdælahéraðs.

Bjarni Jónsson: Menn eru nú víst orðnir þreyttir á að hlusta á ræður í dag, en eg get þó ekki látið vera að kasta nokkrum orðum á hv. nefnd, sem hefir virt að vettugi breytingartillöguna frá mér. Í nefndinni í fyrra sátu engir vinir mínir, en þó lagði hún til að 2 læknahéruð yrðu stofnuð, Norðfjarðarhérað og Hnappdælahérað. Neðri deild samþykti það, en efri deild feldi niður Hnappdælahérað. Skil eg ekki í háttv. þm. Snæf. (H, St.) (form. nefndarinnar), að hann skuli láta sig henda þessa fásinnu, því hann gat þó haft góðar vonir um að frv. fengi fram að ganga ef hann hefði ekki haft Hnappdælahéraðið einsamalt, því einsamalt kemst það ekki í gegn. Vil eg spyrja nefndina, hvort hún vilji ekki taka málið út af dagskrá og taka á móti breytingartillögum mínum.

Þótt eg nú gjarnan vildi segja meira þessu frv. til stuðnings, þá vil eg þó láta hér staðar numið, því menn eru nú farnir að gerast þreyttir af að hlusta á ræður.

Einar Jónsson: Þótt allir séu nú orðnir þreyttir af öllum þessum ræðum og ekki nema annarhver maður í sæti sínu, þá vil eg nú samt gera grein fyrir því, hvers vegna eg skrifaði undir nefndarál. með fyrirvara.

Eg er ekki samþykkur nefndinni í því að stofnuð verði fleiri læknahéruð. Sum héruðin, sem beðið er um, eru of smá til þess að fá lækna í þau. Í sumum héruðunum eru læknar alveg ónýtir og væri meiri þörf að setja nýja lækna í þeirra stað, en að stofna ný læknahéruð, sem eru svo smá, að varla yrði hægt fyrir lækni að lifa þar.

Eg álít enga þörf á því að þingið stofni fleiri læknahéruð, þau eru orðin svo mörg og ef altaf yrði bætt einu eða fleirum við á hverju þingi, þá mundi það enda með því, að læknir verður á öðrum hvorum bæ.

Eg er því samþykkur því, að háttv. framsögum. taki frv. aftur og og vil eg biðja hæstv. forseta að minnast þess.

Hvað það snertir, sem landlæknir segir, að ekki geti komið til mála, að læknirinn sé fluttur úr Borgarnesi, þá hefir nú landlæknirinn orð fyrir að vilja sínum læknum vel og vilji ekki gera þeim lífið erfiðara en þörf gerist. Annars álít eg það góða reglu að landssjóð-

ur greiði læknum einhverja aukaborgun fyrir að gegna nábúahéraði, sem er of lítið til þess að einn læknir geti lifað þar. Ekki tala eg þannig af því að mínu læknishéraði sé betur farið en öðrum, hvað læknir snertir, og sýnist mér að háttv. þm. Dal. (B. J.) geri sig ánægðan með það sama.

Hvað snertir hv. 2. þm. Rang. (E. P.) þá get eg ekki gert að því, þó hann sé svo heppinn að góð grasspretta sé hjá honum og fólksfjölgunin í sóknum hans eftir því. Annars hélt eg, að mannfjöldinn í þessu fyrirhugaða héraði hefði til skamms tíma ekki verið mikið yfir 900.

Frsm. (Benedikt Sveinsson): Eg vil svara fyrirspurn h. þm. Dal. (B. J.) um það hvort nefndin vilji ekki taka málið út af dagskrá til þess að koma að breyt.till. háttv. þingm. Það telur nefndin sér ekki fært. Eg sé heldur ekki annað, en háttv. þm. geti borið þessar br.till. fram við 3. umr.

Eg vil leyfa mér að kalla það fjarstæðu, sem háttv. þm. Dal. (B.J.) sagði, að núverandi nefnd sé verri gagnvart Dalamönnum, en sú í fyrra, og vil eg nú ekki fara fleiri orðum um þetta mál.

ATKV.GR.:

1. og 2. gr. sþ. með 9:4 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Magnússon
Jón Jónsson Rvk.	Sig. Sigurðsson
Bened. Sveinsson	Tryggvi Bjarnason
Bjarni Jónsson	Þorleifur Jónsson.
Björn Kristjánsson	
Einar Jónsson	
Guðl Guðmundsson.	
Halldór Steinsson	
Jón Ólafsson	
Lárus H. Bjarnason	
Matthías Ólafsson	
Stefán Stefánsson.	

Þriðja umr., 20. Ágúst.

Frsm.(Benedikt Sveinsson): Það hefir verið gerð svo ljós grein fyrir þessu máli áður, að eg finn ekki ástæðu til að fara að útlista það enn á ný, en eftir þeim undirtektum, sem það hefir fengið hingað til, vona eg að það gangi greiðlega í gegn um deildina.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Hannes Hafstein
Jón Jónsson Rvk.	Jóh. Jóhannesson
Benedikt Sveinsson	Jón Magnússon
Bjarni Jónsson	Kristján Jónsson
Björn Kristjánsson	Ólafur Briem
Einar Jónsson	Pétur Jónsson
Guðl. Guðmundsson	Sig. Sigurðsson
Halldór Steinsson	Tryggvi Bjarnason
Lárus H. Bjarnason	Valtýr Guðmundss.
Matth. Ólafsson	Þorleifur Jónsson.
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson.	

Frv. afgr. til Ed.

Stækkun verzlunarlóðar á Flateyri.

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðar á Flateyri við Önundarfjörð. (47). 1. umr. 25. Júlí.

Matthías Ólafsson: Herra for-

seti! Þetta er ekkert stórmál og mætir vonandi engri mótspyrnu, svo að eg get sparað mér að vera langorður um það. En svo stendur á, að á þessu svæði, sem farið er fram á að verði bætt við kaupstaðarlóðina á Flateyri, stendur sú eina hafskipabryggja, sem þar er, og auk þess er þar bæði »guano«-verksmiðja og botnvörpungastöð. Það er því alveg nauðsynlegt að stækka kaupstaðarlóðina um þetta svæði — hitt mundi baka viðkomandi mönnum mikil óþægindi — þeim yrði sá einn kostur fyrir hendi að útvega sér sveitaverzlunarleyfis, en það er, að öllu leyti, fleiri óhentugleikum bundið. Það er raunar að eins einn einstakur maður, sem á þetta svæði og hefir farið þessa á leit, en eg hefi spurst fyrir hjá málsmetandi mönnum í héraðinu um skoðun þeirra í þessu efni og þeir hafa allir verið á eitt sáttir, að sjálfsagt væri, að málaleitun þessi næði fram að ganga. Eg hefi með vilja fært takmörin dálítið lengra út, að utanverðu, en farið var fram á, því eg býst við, að ella mundi innan fárra ára berast ný beiðni til þingsins um stækkun kaupstaðarlóðarinnar.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fara fleirum orðum um frv. Eg vona að það fái góðan byr í háttv. deild og verði vísað til 2. umræðu. Nefnd álít eg óþarfa — málið er ekki svo stórvægilegt.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., (47). 31. Júlí.

Matthías Ólafsson: Eg hefi engu við það að bæta, sem eg sagði við 1. umr. Eg tók það þá fram, að á Sólbakka væri aðal hafskipabryggjan, og þar hefir nú um tíma verið rekin all mikil verzlun í leyfisleysi. Bréfhirðingin er þar líka, og er þó leitt, að hún sé utan kauptúnsins. Atvinnurekstur er mikill á Sólbakka og meiri en á Flateyri sjálfri. En auk þessa þykir mér eigi ólíklegt, að þetta mundi flýta fyrir því, að Flateyri fengi kaupstaðarréttindi.

ATKV.GR.:

Frv. gr. sþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 3. Ágúst.

Matthías Ólafsson: Eg hefi engu við það að bæta, sem eg hefi sagt áður um þetta mál, og vona eg, að frv. fái að ganga hljóðalaust gegn um deildina.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 19 shlj. atkv. og afgr, til Ed.

Skipun læknahéraða.

II.

FRUMVARP til laga um breytingu á lögum nr. 34, 16. Nóv. 1907 um skipun læknahéraða o. fl. (48); 1. umr. 25. Júlí.

Benedikt Sveinsson: Með því að hv. flutningsmaður frv. er ekki viðstaddur, vil eg fyrir hans hönd leggja það til, að þessu máli verði vísað til 2. umr., og það sé fengið til athugunar nefnd þeirri, er kosin var í gær til þess að íhuga líkt frv. frá háttv. þingmanni Snæf. (H. St.)

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Vísað til nefndarinnar í breytingu á lögum um skipun læknahéraða með 16 samhlj. atkv.

Málið varð ekki útrætt.

Styrktarsjóður barnakennara.

FRUMVARP til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum (50, n. 135, 157, 158); 1. umr., 25. Júlí.

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Á seinasta þingi var borið fram, að tilhlutun kennarafélagsins, hér frv. um stofnun eftirlaunasjóðs fyrir barnakennara. Það frv. náði ekki að ganga fram. Nú hefir það verið orðað við mig að bera fram svipað frv., en við þeim tilmælum get eg ekki orðið Heldur ekki get eg orðið við þeirri tillögu, að tvískifta styrktarsjóð handa barnakennurum, sem stofnaður var með lögum 9. Júlí 1909, þannig að Reykvíkingar gætu verið sér. Það mundi leiða til altof mikilla spjalla á sjóðnum, þar sem kennarar í Reykjavík um 40 alls, bera hér um bil $^1/_4$ hluta af öllum árstillögunum, sem nema um 1200 kr., enda finst mér og að liggja nær að sameina kraftana hér heldur en sundra þeim. Hvoruga leiðina áleit eg færa. Hinsvegar lofaði eg kennurum því, að eg skyldi gerast flutningsmaður að frumv., sem reyndi að ráða bót á helztu annmörkunum á lögunum.

Í þessu frumv., sem hér liggur fyrir hefi eg gert mér far um það. Eftir lögunum 1909 er gjaldið til sjóðsins skyldugjald, er hvílir á hverjum kennara, hvort sem hann er annarstaðar trygður eða ekki. Hins vegar á hann aldrei heimtingu á að fá nokkuð úr sjóðnum upp í ársgjöld sín, þar sem styrkveiting öll fer eftir sérstöku mati á ástæðum hans. Og hann á sérstaklega enga von þess, að ekkja hans eða börn njóti nokkurntíma nokkurs af ársgjöldum þeim er hann hefir borgað til sjóðsins. Ennfremur voru stjórnendur sjóðsins tilnefndir af landsstjórninni — en kennarar setja sér þar engan kosinn trúnaðarmann. Loks er tillag landssjóðs ekki nema 1000 kr.

Mér skilst það fullkomlega ósanngjarnt að ekkjur og börn fái engan styrk úr sjóðnum að kennaranum látnum, enda er það ólíkt því sem á sér stað um aðra sjóði. Eg nefni til dæmis vátryggingarsjóð sjómanna. Þar hafa ekki að eins ekkjur og börn tilkall til styrks heldur og foreldrar og systkini. Þá býst eg við að ekki þyki heldur ósanngjarnt, að kennarar fái sjálfir að ráða nokkru um það, hverjir njóti styrks úr sjóðnum. En eins og nú hagar til, er stjórn sjóðsins tilnefnd beinlínis eða óbeinlínis af stjórnarráðinu. Eg vona að hinni hv. deild þyki ekki ofmælt, þó að farið sé fram á, að kennarafélagið kjósi einn manninn af þremur í stjórnina, einkum þegar tekið er tillit til þess, hvernig til er hagað um vátryggingarsjóð sjómanna. Í stjórn hans tilnefnir stjórnarráðið að eins einn mann, en Útgerðarmannafélagið og Sjómannafélagið hvort um sig einn.

Loks er sjóðurinn of fátækur. Tekjur hans eru nú einar 2200 kr., 1200 kr. frá kennurum og 1000 kr. styrkur úr landssjóði. Það er lítið í hvern stað, þegar milli margra er að skifta. Því er hér farið fram á 1500 kr. styrkhækkun á ári. Það verður þó minni styrkur en til ýmsra annara sjóða. Landssjóður ábyrgist t. d fyrir vátryggingarsjóð sjómanna 15000 kr. og Ellistyrktarsjóðirnir fá 50 aura úr landssjóði fyrir hvern gjaldskyldan mann.

Eg vænti þess, að hin hv. deild telji kennarastéttina svo mikils virði, að hún sjái ekki eftir þessum 1500 kr. til hennar, jafnvel þó að fjárhagur landssjóðs sé ekki sem glæsilegastur. Alþýðukennarastéttin skapar að miklu leyti fram tíðina, eða að minsta kosti var það álit Bismarcks á henni. Þegar honum og hernum var þakkaður sigurinn 1871, hafði hann á orði, að sér væri hann ekki að þakka eða hernum, heldur þýzku alþýðukennurunum. Eg á nú ekki við að vér eigum að leggja út í styrjaldir til þess, að vinna þess háttar sigur. En á sigrum þurfum vér engu að síður að halda, vér þurfum að sigrast á sjálfum oss, og á þeim mörgu erfiðleikum sem landið þjaka. Til þess eiga alþýðukennararnir að hjálpa, og eg fyrir mitt leyti hefi þá trú, að þeir geri það því betur, því betur sem farið er með þá.

Eg sé ekki beint ástæðu til að nefnd verði sett í málið, vona að hin háttv. deild leyfi því að ganga til 2. umr.

Jón Magnússon: Frumv. sem hér er farið fram á að breyta, lagði stjórnin fyrir Alþingi 1909, hér um bil orðrétt eins og það kom frá kennarafélaginu.

Eins og háttv. flutningsm. (L. H. B.) sagði, hefir verið umtal í Kennarélaginu um það, að breyta þessum styrktarsjóði í eftirlaunasjóð. Á þingi í fyrra var og talað um, að styrks af þessum sjóði nytu ekki einungis kennarar heldur ekkjur þeirra og börn. Reyndar er því svo háttað í landinu, að konur eru engu síður kennarar en karlmenn. — Að því er eg veit bezt hefir kennarafélagið alls ekki óskað neinna breytinga á þessum lögum. Það var til umræðu á fundi í félaginu í vor, og voru þá félagsmenn á móti því að æskja nokkurra breytinga. Uppástanga kom fram um það, að kjósa nefnd til að leita álits kennara út um land á þessu máli, en fundurinn feldi þá uppástungu með öllum atkv. gegn tveimur. Býst eg helst við, að óánægjan sé komin frá þeim, sem ekki fengu máli sínu framgengt í kennarafélaginu. Eg segi þetta ekki beinlínis til þess, að vinna á móti þessum breytingum, þær geta í sjálfu sér verið nógu góðar. En eg efast um hvort þingið eigi að breyta lögunum án þess að kennarafélagið óski. Hins vegar efast eg als ekki um það, að kennarar mundu þiggja árlegan styrk, ef þeim væri boðinn hann.

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Maðurinn sem eg hefi fyrir mér, eg hefi bréf frá honum, er Hallgrímur Jónsson kennari *(Jón Magnússon:* Já, það var einmitt Hallgrímur Jónsson) og kveðst hann hafa að baki sér 30—40 Reykjavíkurkennara, sem allir, kvennkennarar jafnt sem karlkennarar, óski nefndra breytinga. Þótt að frv. frá 1909 kunni að vera svo til orðið sem háttv. þm. segir, þá leiðir engan veginn af því að það sé svo gott, að það verði ekki bætt. Og þó að margar konur séu nú kennarar, þarf það alls ekki að mæla á móti því að ekkjum verði heimilaður styrkur úr sjóðnum, enda kváðu Reykjavíkur kenslukonurnar einnig mæla með því nýmæli. Meira að segja, því fleiri sem þær eru, því óviðsjálara er að heimila það frá hagsmunasjónarmiði sjóðsins. En út af því sem háttv. þm. sagði, að kennarafélagið væri á móti breytingum á lögunum, sem eg heyri fyrst nú, býst eg við að hin háttv. deild vilji heldur skipa nefnd í málið. Eg leyfi mér því að gera það að tillögu minni, að 3 manna nefnd verði skipuð í málið.

Jón Magnússon: Mér dettur ekki í hug að rengja háttv. flutningsm. (L. H. B.) um, að þessar óskir um breytingar á lögunum séu komnar frá Reykjavíkurkennurunum. Þeir eru að sumu leyti ver settir og hafa meiri líkur til

að fá styrk úr sjóðum, en kennarar annarsstaðar á landinu. En kennarafélagið er fyrir kennara út um alt land, en ekki eingöngu fyrir kennara í Rvk. Þessar breytingar eru að eins eftir ósk þeirra. Mér finst eðlilegt að kennarar út um land fengju eitthvað að segja.

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Eg vona að eg megi skilja hv. þm. svo, að hann sé ekki á móti því að nefnd verði sett í málið. Það er ekki rétt að breytingarnar mundu aðallega verða fyrir Reykjavíkurkennarana. Þær mundu engu síður verða fyrir kennara út um land, bæði í Vestmannaeyjum og annarsstaðar. Sem sagt eg vona að háttv. deild verði ekki á móti nefnd, er gæti borið sig saman við kennarafélagið eða stjórn þess.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Samþ. 3 manna nefnd með 14 shlj. atkv.

Kosningu hlutu:

Lárus H. Bjarnason,
Jón Magnússon,
Valtýr Guðmundsson.

Önnur umr., 6. Ágúst.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Eg hefi í rauninni ekkert að segja umfram það, sem stendur í nefndarálitinu á þgskj. 135.

Eins og 3. gr. er nú breytt, er ekki farið fram á annað með henni, en að ekkja og börn látins kennara *megi*, ef ástæða þykir til, verða þess styrks aðnjótandi, er hann hefði fengið ef hann hefði lifað. Skemmra en þetta varð ekki farið. Því hefir verið borið við af einum hv. þm., að það væri vafasamt hvernig kennarafélagið liti á þetta mál. Formaður kennarafélagsins, Jón Þórarinsson var á nefndarfundi með okkur og tjáði sig þessu öllu fyllilega samþykkan, og hér hefi eg í höndunum meðmæli frá fjórum stjórnendum félagsins auk hans. Skal eg, með leyfi forseta, lesa þau upp.

Vér undirritaðir stjórnendur hins íslenzka kennarafélags leyfum oss hér með að óska þess, að hið háa Alþing vildi samþykkja frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum, það er nú liggur fyrir þinginu.

Þess skal getið, að tveir af stjórnendum félagsins eru fjarverandi ásamt formanni.

Reykjavík 3. Ágúst 1912.

Hallgrímur Jónsson. Sigurður Jónsson.
Jón Jónasson. Pálmi Pálsson.

Ennfremur hefi eg hér meðmæli frá stjórn Kennarafélags Reykjavíkur.

Það er sérstakt félag, einungis fyrir kennara hér í bænum. Eru þau undirskrifuð af fjórum stjórnendum af fimm. Fimti maðurinn er erlendis og gat þess vegna ekki verið með. Þau hljóða svo:

Vér undirritaðir stjórnendur kennarafélags barnaskóla Reykjavíkur, leyfum oss hér með að óska þess, að hið háa Alþingi vildi samþykkja frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 18, 9. Júlí 1909 um styrktarsjóð handa barnakennurum, það er nú liggur fyrir þinginu.

Reykjavík 3. Ágúst 1912.

Bjarni Hjaltested. Hallgrímur Jónsson.
Sigurður Jónsson. Guðm. Davíðsson.

Nú býst eg við, að því verði tæplega við borið, að kennarastéttin sé á móti þessum lagabreytingum.

Jón Magnússon: Eg gat ekki orðið sammála hv. meðnefndarmönnum mínum. Það var ekki vegna þess, að

við værum ekki sammála um málið sjálft, heldur greindi okkur á um aðferðina. Þessi lög, sem nú er talað um að breyta voru samin af kennarafélaginu. Alþingi samþykti þau óbreytt, eða sama sem það, eins og það hafði gengið frá þeim. Eg álít heppilegast, að sami vegur væri farinn ef lögunum ætti að breyta. Kennarafélagið á að eiga upptökin að breytingunum. Finst mér því að þetta mál mætti bíða þangað til reglulegt Alþingi kemur saman, þá gæti það farið þessa leið. Hins vegar hefir mér aldrei dottið í hug að kennarafélagið mundi verða á móti þessum breytingum.

Eg get verið samdóma hv. meðnefndarmönnum mínum um það, að launakjör kennara eru yfirleitt mjög bág. Samt er eg ekki viss um að það sé rétt hlutfall, að landsjóður leggi meira til sjóðsins en kennararnir sjálfir, eins og farið er fram á með þessu frv. Það er alveg réttur samanburður, að það er miklu hærri upphæð sem landssjóður leggur til ellistyrktarsjóðsins en farið er fram á, að hann leggi til þessa sjóðs. En það er *hlutfallslega* minna, því að til ellistyrktarsjóðsins leggur landsjóður ekki nema $^1/_8$ af tekjum hans. Eg skal geta þess, að eg legg ekki neina sérstaka áherzlu á þetta, en mér finst það athugavert, hvort ekki mundi réttara að geyma þetta mál til næsta þings.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Mér þykir það leitt, hvað mér gengur illa, nú uppá síðkastið, að verða samferða hv. þm. Vestm. (J. M.). Það er sífelt þessi formaðferð, og nú skilur okkur þó ekkert, jafnvel ekki að forminu til, úr því að kennarafélagsstjórnin hefir lýst sig meðmælta frumvarpinu. Eg kannast við það frá fyrri þingum. Mér finst honum fara þar líkt og þeim grammaticus sem gekk um völlinn, og tíndi upp spörðin, en skildi öll berin eftir. Hv. þm. játaði í nefndinni að 1. og 2. gr. væru báðar góðar. Það var 3. gr. sem hann lagðist á móti og er það merkilegt um hann, jafn brjóstgóðan mann. Þessi sjóður er ekki annað en líftryggingarsjóður, og í hann eru kennarar skyldir að leggja hundraðsgjald af launum sínum. En eins og lögin frá 1909 eru, hafa kennarar ekki minstu von um að fá 10 aura styrk handa konum og eftirlátnum börnum. Og það er í hæzta máta óréttlátt. Eða þykir hv. þm. það ekki hart, ef farkennari sem hefir í mörg ár gegnt starfi sínu með trú og dygð druknar á ferðum sínum, að þá má ekki láta ekkju hans eða börn njóta neins góðs af því sem hann hefir lagt í sjóðinn. Þetta skakka hlutfall, sem hv. þm. talaði um, það er alveg nýtt. Hann mintist þess ekki í nefndinni. Leggur ekki landssjóður meira til eftirlauna hans og mín, og jafnvel til ekkna embættismanna en embættismenn leggja fram í því skyni?

Jæja, eg skal ekki fara lengra út í þessa sálma. Mér þarf ekki að vera þetta neitt kappsmál, eg hefi hvorki beint né óbeint hagnað af breytingunni.

Mótmæli hv. þm. Vestm. (J. M.), sem hann segist enga áherzlu leggja á, en er þó altaf að nauða með, legg eg óhræddur undir dóm deildarinnar.

Tryggvi Bjarnason: Eg býst ekki við að geta greitt frv. eins og það liggur fyrir, mitt atkvæði. 2. og 3. gr. get eg fallist á, en alls ekki á breytingu þá sem farið er fram á með 1. greininni. Það er að vísu rétt og skylt, að hlynna að barnakennurunum, en eg sé ekki betur en það sé gert. Laun þeirra eru viðunanleg þann tíma ársins sem þeir eru við kensluna. Farkennarar og eftirlitskennarar hafa, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, 144 kr. fyrir 6 mánuði. Fyrsti kennari við heimangönguskóla hefir 18 kr. um vikuna, þ. e. 432

kr. fyrir veturinn. Aðrir kennarar við þá skóla hafa 12 kr. um vikuna eða 288 kr. fyrir veturinn. Aðalkennari við heimavistarskóla 25 kr. á viku, þ. e. 600 kr. fyrir 6 mánaða kenslu. Laun þessi eru að vísu ekki svo há að kennararnir geti lifað af þeim eingöngu. En þá 6 mánuðina sem þeir eru ekki við kensluna geta þeir hæglega stundað aðra atvinnu. Landssjóður er þegar búinn að leggja fram til styrktarsjóðs barnakennara, síðan hann var stofnaður, 8000 kr., 5000 kr. í stofnfé og 1000 kr. á ári síðan. Eftir því sem nefndin skýrir frá á sjóðurinn nú um 12—13 þús. kr. og með líkum tekjum framvegis ætti hann eftir 4 ár að hafa náð hámarkinu 20000 kr. Og þegar hann hefir náð því má úthluta $^3/_4$ af öllum tekjum hans. Það verða sem næst 2600 kr. á ári. Eg sé ekki betur en með því megi styrkja kennara allríflega, án þess að tekjur sjóðsins séu auknar með hækkuðu tillagi úr landssjóði.

Nefndin minnist á, að þetta sé ekki stór upphæð, þegar borið sé saman við styrki er aðrir sjóðir fái, t. d. ellistyrktarsjóðurinn. En þess ber að gæta, að barnakennarar eins og aðrir menn, hljóta að hafa rétt til styrks úr þeim sjóði. Þessari stétt er því trygður tvöfaldur styrkur, bæði úr þeirra eigin sjóði og úr ellistyrktarsjóðnum ef þeir þurfa með. Eg hefi sem sagt, ekki heyrt neitt koma fram, er mæli með auknu fjárframlagi úr landssjóði til styrktar þessum sjóði, og tel fyrir mitt leyti enga ástæðu til þess, að svo stöddu.

Bjarni Jónsson: Það má þykja hlægilegt er menn eru að fjargviðrast út af þessari litlu upphæð, sem að eins er $^1/_4$ úr launum eins manns.

Háttv. 2. þm. Hún. (Tr. B.) miklaðist það mjög hver styrkur barnakennurum er ætlaður. Það er heldur til að láta sér vaxa í augum eða hitt heldur: 140 kr. á 6 mánuðum til hvers, hefir þó ef til vill fyrir að sjá konu og börnum, nema ætlast sé til, að það sé geld stétt þessi kennarastétt.

Það er vert að taka það skýrt fram, að þessari stétt er ætlað að gróðursetja fyrstu kvistina að skógum mennningar vorrar. Það er hreint og beint þjóðarskömm, hvernig farið hefir verið með þessa stétt, samanborið við aðrar stéttir.

Það var talað um, að þessir menn hefðu lausn frá störfum sínum um 6 mánaða tíma. En hver sér þeim fyrir vinnu? Eiga þeir að sjúga á sér fingurna eða hvað. Nú sem stendur hafa þeir minni laun en salernahreinsarar. Þegar talað var um laun stýrimannakennarans á þingum áður, var sagt, að hann gæti unnið svo mikið inn að sumrinu. En öll skip eru vitanlega sigld fyrir þann tíma, sem þeir eru lausir, um prófleyti. Og dýrt hefði reynzt að láta skipin bíða svo lengi. Þetta er eitt dæmi um þá fásinnu, sem menn telja ástæður, þegar um kjör þessarar stéttar er rætt.

Eg mun ekki fara hér um fleiri orðum nú, en vera má, að mér veitist þess tækifæri að drepa betur á þetta mál síðar.

Jón Magnússon: Það er rétt hjá háttv. framsögum. (L. H. B.), að eg hreyfði engum mótmælum um það í nefndinni, hvort hlutfallið væri rétt eða ekki; hafði ekki athugað það þá, það var fyrst síðar, að mér kom það til hugar. Það er ekki min ætlun að halda því fram, að landssjóður leggi of mikið fram, en eigi að hækka landssjóðstyrkinn, væri ekki ósanngjarnt að krefjast meira tillags af kennurunum.

Eg legg ekki kapp á þetta mál. Eg er hlyntur því að bæta kjör kennara, en eg vil hafa fasta reglu í þessu sem öðru.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Háttv. þm. Vestm. (J. M.) er misjafnlega heppinn. Það kemur kynlega fyrir að heyra hann nú hallast að 3. gr., sem hann lagðist á móti í nefndinni, en veitast nú að 1. gr., sem hann var samþykkur í nefndinni.

Mér virtist sá höggva, er hlífa skyldi, er háttv. 2. þm. Hún. (Tr. B.) andmælti þessu frv., en háttv. þm. Dal. (B. J.) hefir tekið af mér ómakið að svara, þó vil eg geta þess, að dómur háttv. þm. um að laun kennara séu viðunanleg er enginn hæstaréttardómur. Einn álítur það viðunanlegt sem annar telur óviðunandi. En þótt kennarar kunni nú að geta dregið fram lífið á launum þeim, sem þeir hafa, þá hrökkva þau vissulega ekki til þess að sjá borgið framtíð kvenna þeirra og skylduliðs.

Sama háttv. þm. (Tr. B.) þótti vera nóg komið úr landssjóði í styrktarsjóð barnakennara, þar sem þegar væru þaðan runnar 8000 kr., en það er ekki stór upphæð þegar litið er til þess að kennarar skifta hundruðum. Eg hefði ekki talið eftir, ef hagur landssjóðs hefði leyft, þó að upphæð sú, sem háttv. þm. nefndi, væri aukin með 1 núlli. Hér er um að ræða hina þörfustu stétt landsins, og svo mikið lagði Bismarck upp úr kennarastéttinni þýzku, að hann sagði, að henni væru að þakka allir sigrar Þýzkalands á síðustu tímum.

Það tjáir ekki að vísa barnakennurunum til ellistyrktarsjóðsins. Sá sjóður hrekkur ekki nema handa örlitlu broti þeirra manna, sem styrktarþurfi eru. Og það þarf varla að kvíða því, að þeir, sem úthluta úr þeim sjóði, fari að veita kennurunum styrk; þeir munu minnast þess að til er styrktarsjóður fyrir barnakennara.

Það hefir verið lagst á móti 1. og 3. gr. frv. og líklega á einhver eftir að andmæla 2. gr., en eg nenni nú ekki að eltast lengur við útbrot manna, legg það á vald deildarinnar hvað hún vill gera við frv. Deildin hefir heyrt till. kennarastéttarinnar sjálfrar í þessu máli, og ættu þær að líkindum að teljast fult svo þýðingarmiklar sem orð þeirra, sem snúast móti frv., af hvaða rótum sem þau nú eru runnin.

Einar Jónsson: Eg vil ekki halda því fram, að óþarft sé að bæta kjör manna á þessu landi, eftir því sem hægt er. Það mun vera svo, að þörf sé að bæta hag hvers einasta manns ef hægt væri. En eg álít varlega í það farandi að auka útgjöld landssjóðs á þann hátt sem hér er farið fram á, þar sem vitanlegt er, að í hann vantar 700—800 þús. kr. til að standast útgjöldin yfir fjárhagstímabilið. Þá væri heldur vit í því að koma fram með tillögur, sem miða að því að auka framleiðsluna í landinu; við það mundu kjörin batna.

Þar sem hv. þm. Dal. (B. J.) vitnaði í það, hve launin væru lág, þá er þó þar við athugandi, að kjör meginþorra landsbúa eru miklu verri. Fjöldi manna verður að ganga illa klæddur og hefir lítið að bíta og brenna.

Þetta er aðalatriðið, að auka framleiðsluna, þá munu kjörin af sjálfu sér batna, bæði embættismanna og annara.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) er hætt við því, eins og einstaka öðrum þingm., að sjá ofsjónum yfir lífskjörum embættismanna, og niðra þeim en lofa að sama skapi sjálfa sig. En það er hvorki fallega gert né hyggilega. Það á ekki að dæma menn eftir *stéttum*, heldur eftir því, hvernig þeir reynast, enda er stéttamunur hvergi minni en hér á landi. Margir af svokölluðum embættismönnum eru jafnframt bændur eða hafa verið, t. d. margir prestar, nokkrir læknar og einstaka sýslumenn. Og flestir af embættismönnum landsins

eru bændasynir. Last um embættismenn yfirleitt er því ekki ólíkt því að gera í sitt eigið hreiður.

Það er satt, að margir embættismenn eiga við betri kjör að búa en almenningur, en þess verður þó jafnframt að geta, að þeir hafa kostað til undirbúnings starfi sínu, bæði miklum tíma og miklu fé, enda starfi flestra þeirra svo háttað, að þeir geta ekki tekið á sig aukavinnu, eins og þeir menn geta, sem eiga alveg með sig sjálfir.

Þegar frv. um flutning þingtímans var hér til umræðu man eg að hv. þm. vildi ásamt nokkrum öðrum miða þingsetutímann *eingöngu* við það, sem bændum væri hentast. En það var ekki rétt. Það á ekki að miða neitt við eina stétt. Að vísu hefir margur góður maður setið á þingi úr bændastétt, en þó er eg ekki viss um að þingið yrði stórum bætt, þó að á því ættu setu 40 Einarar Jónssynir. Hér hafa líka öll sæti sæmilega nýtir menn af öðrum stéttum, jafnvel úr svokallaðri embættismannastétt. Eg held að heildinni sé bezt borgið með því, að sem »flestra grasa« kenni á þingi.

En eins og það tjáir ekki að miða þingið eingöngu við eina stétt, eins tjáir heldur ekki að miða kjör kennara alþýðunnar við kjör þeirra alþýðumanna, er lakast liður, það því síður, sem kennarar alþýðunnar eiga meðal annars að bæta efnahag hennar, þótt óbeinlínis sé. Bókstaflega tekið er það að vísu rétt, að bókvitið verður ekki látið í askana. En í raun réttri hefir þó »mentunin« eða svokallaðir mentamenn búið til bæði askana og það sem í þá er látið, og yfirleitt alt sem við, hv. þm. og eg, brúkum.

Eftirtölur út af lítilsháttar bótum á hag alþýðukennara eru því ómaklegar, og hjá sumum líklega lítið betur hugsaðar en hinn óaflátanlegi jarmur út af kjörum embættismanna. Það væri óskandi að menn litu framvegis frekar á það, en hingað til, *hvernig* maður rækir starf sitt, heldur en á hitt, *hverrar stéttar* maðurinn er. Í mínum augum skiftir hið fyrra öllu máli, en hið síðara engu máli.

Bjarni Jónsson: Eg vil beina þeirri spurningu til hv. 1. þm. þm. Rang. (E. J.), hvað hann haldi marga bændur er eigi hafi meiri tekjur alls og alls en kennarar hafa. Eins fýsir mig að heyra, hvort það sé ekki til eflingar atvinnuvegum að menn séu látnir læra til nytsemdar sér. Þeim æti að lærast það einhverntíma, þessum herrum, að það er fleira en aukinn mör og ull, sem eykur framleiðslu og arð.

Jón Magnússon: Að eins stutt athugasemd út af orðum hv. framsögumanns. (L. H. B.). Eg gat þess í nefndinni, að eg vildi vinna það til samkomulags, að vera með 1. og 2. gr., ef feld yrði 3. gr. En eg gat þess ennfremur, að ella væri eg á móti frv. í heild sinni.

Einar Jónsson: Eg get ekki skilið hvers vegna hv. framsm. (L. H. B.) gat ekki haldið sér í skefjum, eða hverja ástæðu hann hefir til að bera mér á brýn embættismannahatur og segja, að eg jórtri eftir öðrum. Eg kannast ekki við það, að hafa sagt þau orð, er rætt var um flutning þingtímans, að á þingi ættu að sitja eintómir bændur. Slíkur útúrsnúningur gagnar ekkert hinum hv. þm. Eg vildi að eins að tekið væri tillit til þeirrar stéttar. Og að þingið væri ekki betur skipað þótt þar sætu 40 Einarar Jónssynir, kannast eg fúslega við. En eg er hræddur um, að þótt þar sætu 40 prófessorar eða 40 þm. á borð við h. 1. þm. Rv. (L. H. B.), þá væri þingið samt ekki eins gott og það ætti

að vera, að minsta kosti mundi ekki batna við það samkomulagið né draga úr þingkostnaðinum við það; þingtíðindin mundu bera þess menjar.

Viðvíkjandi því sem hinn hv. þm. fór út í samanburð á kjörum embættismanna og alþýðumanna, þá veit eg vel að embættismenn kosta miklu til náms, en þess ber líka að gæta, að landið ber eigi alllitla byrði af því; það er ekki lítið fé, sem landssjóður leggur fram til náms þeirra.

Að svara fyrirspurn hv. þm. Dal. (B. J.) er gagnslaust; það vita allir, að fjöldi bænda bæði til sveita og sjávar býr við miklu lakari kjör en kennarar og embættismenn yfir höfuð, vegna þess að tekjur þeirra eru bæði óvissari og minni.

Það er líka rétt hjá hinum hv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.), að kennarar geta notað sér sumartímann eins og aðrir. Það er sá tíminn sem er eftirtekjumestur flestum mönnum, og kennurum ætti að vera það líka, ef ekki eru fatlaðir.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 11 : 8 atkv.

2. gr. frumv. samþ. með 14 samhlj. atkv.

Brtill. við 3. gr. frv. (135) sþ. með 14 : 1 atkv.

3. gr. þannig breytt sþ. með 12 : 1 atkv.

Fyrirsögn frv. talin samþ. án atkv.-greiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 : 3 atkv.

Þriðja umr., 8. Ágúst.

Tryggvi Bjarnason: Eg hefi leyft mér, ásamt 2 öðrum hv. þingm., að koma fram með brt. á þskj. 158 við þetta frv.

Eg tók fram við 2. umr. ástæðurnar fyrir því, að eg er mótfallinn 1. gr. frv. Til viðbótar við það, sem eg sagði þá, skal eg taka það fram, að mér skilst að ef stjórn kennarafélagsins álítur svo brýna nauðsyn til að efla sjóðinn, þá hefði hún getað bent flutningsmönnunum á, að taka í frv. ákvæði um, að hækka skyldi hundraðsgjald það, sem kennarar leggja í sjóðinn af launum sínum. Það mætti búast við, að þá gengi betur að fá þessa fjárveitingu í gegn. En eg býst við að þessi tilmæli séu komin frá einstökum mönnum, en ekki frá kennarafélaginu í heild sinni.

Eg benti á það við 2. umr. að sjóðurinn mundi innan skamms ná lágmarki sínu, 20.000 kr., og þá mundi sá styrkur, sem kennarar eða ekkjur og börn dáinna kennara gætu fengið úr sjóðnum líka fara hækkandi. En eg verð að telja það óviðeigandi, að þingið fari nú að samþykkja nýja fjárveitingu úr landssjóði, meðan ekki er séð fyrir því að bæta fjárhaginn, því enginn veit hvernig þeim frv., sem nú liggja fyrir skattamálanefndinni, reiðir af.

Eg gat þess einnig við 2. umr., að barnakennarar ættu heimtingu á styrk úr ellistyrktarsjóðnum. Hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) sagði að eg þyrfti ekki að óttast að þeir fengju styrk af þeim sjóði, fyrst til væri sérstakur styrktarsjóður barnakennara. En því er þar til að svara, að bæjarstjórnum og hreppsnefndum er bæði rétt og *skylt* að veita þeim styrk úr ellistyrktarsjóði, sem öðrum; í lögum um þann sjóð er engin undantekning til, sem réttlæti það, að neita þeim um styrk úr þeim sjóði, ef svo er ástatt fyrir þeim, sem lögin ákveða um styrkþega. Þeir borga í ellistyrktarsjóðinn alveg eins og aðrir, og eiga því heimtingu á að fá styrk úr honum eins og aðrir, sem til sjóðsins borga. Eg tel þá ekki síður en aðra vel að þeim styrk komna.

Það stendur enn óhrakið, sem eg sagði

við 2. umr., svo eg sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa br.till.

Jón Jónsson Rvk.: Herra forseti! Eg hefi látið það í ljósi í samtali bæði við háttv. þm., sem seinast talaði og aðra, að eg teldi það varhugavert að fara fram á auknar fjárframlögur úr landssjóði að svo stöddu. En eg álít þó að undantekningar megi eiga sér stað, og einmitt hér tel eg brýna ástæðu til undantekningar. Mér finst það varhugavert, að samþykja þessa br.till., sem hér hefir komið fram, af því að eg get ekki séð að sjóðurinn sé fær um að líkna neitt ekkjum og börnum látinna kennara, nema þessi styrkhækkun komi til. Mér finst það verulega ranglátt, ef kennari, sem af skornum launum hefir goldið í sjóðinn í mörg ár, deyr eftir langt og þarft æfistarf, að ekkja hans geti ekki gert sér von um að njóta styrks af því fé, sem hann hefir lagt í sjóðinn.

Eg held, yfirleitt, að alþýðukennarastéttinni hér á landi hafi ekki verið gert eins hátt undir höfði hingað til og vert er. Það var bent á við 2. umr. hversu þýðingarmikið starf það er, sem þessi stétt hefir á hendi, og háttv. flutn.m. (L. H. B.) vitnaði til ummæla mikils metins útlendings þar að lútandi. En við þurfum ekki að sækja það til útlanda, við þurfum ekki annað en að grípa í eigin barm. Eg veit, hvað eg á þeim manni að þakka, sem fyrstur beindi göngu minni inn á lærdóms- og mentabrautina og vakti hjá mér löngunina til að verða nýtur maður föðurlandi mínu. Mér er ánægja að geta vottað honum honum hér opinberlega þakkir fyrir það sem hann hefir unnið, og það því fremur, sem hann hefir of litla viðurkenningu hlotið fyrir sitt góða starf, að minni skoðun. Þessi maður er Sigurður Sigurðsson, fyrrum barnakennari við Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi.

Það hefir margur orðið betri og nýtari maður fyrir áhrif góðs kennara. Þetta eitt með öðru gerir það að verkum, að eg vil reyna af fremsta megni að verða við kröfum kennarastéttarinnar um að bæta hag hennar. Þar til liggja ýms rök, sem tekin hafa verið fram við fyrri umr. En eg skal nú ekki orðlengja þetta meira, því eg hefi tekið mér það fyrir stefnu að lengja ekki umræður um skör fram á þessu þingi.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vil aðeins segja, að mig furðar ekki eins mikið á neinu, sem fram hefir komið í þessu máli, eins og þessari br.till., sem fer fram á að svifta barnakennara styrk af landssjóði. *(Sigurður Sigurðsson:* Þeir hafa styrk úr landssjóði). Mér finst ef nokkur stétt í landinu ætti heimtingu á sómasamlegum eftirlaunum, þá sé það barnakennarastéttin. Eg skal ekki fjölyrða um þetta, en aðeins endurtaka það, að eg er öldungis hlessa á því að þingmenn koma fram með slíka brt.

Pétur Jónsson: Eg get ekki séð eftir því, þó styrkur sá, sem veittur er til barnakennara sé hækkaður upp í 2500 kr. En mér þykir það einkennilegt að aðeins er farið fram á að hækkaður sé styrkurinn úr landssjóði, en ekki jafnframt hækkað framlag kennaranna. Fyrst þessi sjóður er til, ætti kennarastéttin að gera eitthvað til að auka tekjur hans, því bæði eru tillög hennar svo lág og líka landssjóðsstyrkurinn, að sjóðurinn mun seint ná tilgangi sínum nema kennarastéttin leggi meira á sig honum til eflingar. Ef frv. hefði farið fram á það, að jafnframt því sem landssjóðsstyrkurinn yrði hækkaður, hækkuðu og framlög kennarastéttarinnar, þá hefði eg hiklaust greitt því atkvæði. En eg get ekki greitt því atkvæði eins og það liggur fyrir.

Eg þarf ekki að hlusta á neina fyrirlestra um það, hve mikils virði mentunin er; það hefi eg svo oft heyrt áður.

Það er enginn að vanvirða kennarastéttina eða starf hennar, þó hann geti ekki verið með í að samþykkja þetta frumv. Eðlilegast er að tekjuaukinn komi frá báðum málsaðilum, eftir því sem sjóðnum er fyrir komið.

Bjarni Jónsson: Það kann rétt að vera að ekki sé þörf á að halda fyrirlestur hér í deildinni um það, hvers virði mentun er í þessu landi. Eg hefi gert mig sekan í því áður og hv. þm., sem niður settist, hefir gert sig sekan í að læra ekki neitt af því.

Eina mótbáran móti frv. er sú, að ekki sé vert að auka útgjöld landssjóðs nú, þegar hann sé svo fátækur. Það er líklegt, að landssjóður sé svo fátækur nú, þegar nýbúið er að gera landið að lepp og leigja nafn þess fyrir margar þúsundir króna. Það mætti láta eitt hvað af þeim tekjum, sem af þessu fást, ganga til kennarastyrktarsjóðsins. Nú rekur hvert tekjufrv. annað hér í þinginu, svo að öll sanngirni mælir með því að svo fátæk stétt sem kennarastéttin er, verði látin leggja sem minst til þessa sjóðs. Það væri að vísu ekki frágangssök að hækka dálítið hundraðsgjaldið, sem kennarar greiða til sjóðsins, en þó ekki svo að þeir leggi meira fram en landssjóður. Ef eg væri í sporum flutningsm. brt., þá mundi eg taka till. aftur, og reyna að fá málið tekið út af dagskrá til að koma að breytingum í þá átt. Eftir þeirra eigin hugsunargangi er sú leið réttari.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Það væri auðvitað æskilegast að öll eftirlaun mynduðust á þann hátt, að menn, sem sitja í embættum, borguðu í sjóð sér til framfæris á elliárunum. En hvað kennarastéttinni viðvíkur, þá getur þetta ekki komið til mála, því hún getur ekki lagt neitt að ráði af mörkum, svo illa sem henni er launað. Maður getur gert ráð fyrir að kennararnir hafi einhverjar andlegar nautnir, að þeir þurfi að kaupa bækur til að fullkomnast í starfi sínu. En launin eru svo lág að þau fullnægja ekki þessum þörfum.

Kennari, sem hefir 12 kr. kaup á viku, þarf að borga af því 7 kr. fyrir fæði og húsnæði, hefir eftir 25 vikna kenslutíma 125 kr. umfram fæði og húsnæði. Af þessum 125 kr. þarf hann svo að borga öll önnur útgjöld sín, og geta þá allir getið nærri að ekki er mikið eftir til bókakaupa.

Kjör barnakennaranna hér á landi eru svo bágborin, að það er sannarlega mesta nauðsyn að gera eitthvað til að bæta þau. Eg mun því óhikað greiða atkvæði með þessu frv.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Það er raunar búið að taka fram flest það, sem eg vildi fram tekið hafa.

Út af því, sem hv. flutnm. breytingartillögunnar sagði, vil eg þó geta nokkurra atriða. Hann sagði við 2. umr., að launakjör barnakennara væru í rauninni viðunanleg. Eg skal endurtaka það sem eg tók fram þá, að þau geta verið nægileg til að draga fram nægjusamt líf meðan starfskraftarnir eru óþrotnir. En þegar kraftarnir þrjóta hafa þeir heldur ekki neitt. Það er úr þessu vandkvæði sem frv. á að bæta. En úr því verður ekki bætt nema landssjóður leggi til drjúgan skerf, því laun kennaranna eru svo lítil að þeir eru ekki aflögufærir um hærra gjald en þeir nú inna af hendi.

Hann sagði að þeir gætu fengið styrk úr ellistyrktarsjóði. Því hefi eg aldrei neitað. En meðan til er sérstakur styrktarsjóður barnakennara, er hætt við að kennurum, sem kynnu að sækja um styrk, yrði vísað á sinn eigin sjóð og aðrir látnir ganga fyrir, því þörfin er mikil, en ellistyrktarsjóðurinn fátækur og ekki hægt að veita öllum styrk, sem hann verðskulda. Að styrkja styrktar-

sjóð barnakennara miðar þannig óbeinlínis til að veita öðrum styrk úr ellistyrktarsjóði, um leið og það miðar til að létta á fátækrasjóði, því að kennarar, sem ekki gætu fengið styrk af kennarastyrktarsjóði, mundu lenda á hinum almenna fátækrasjóði.

Eg skil ekki að þingmenn hafi ástæðu til að leggja á móti frv., síst sveitaþm Ekki er gerandi ráð fyrir því, að þeir þoli ekki að sjá hækka í annara aski, þegar af því, að ekki lækkar þar fyrir í þeirra aski. Það er heldur ekki svo mikið, sem hér er farið fram á, 1500 kr. skift niður á alla gjaldendur í landinu, getur ekki orðið tilfinnanlegur skattur.

Hvernig sem eg velti þessu fyrir mér, get eg ekki séð neina ástæðu til að vera á móti frv.

Eg vona því að 1. gr. fái að standa, ekki síður nú en við 2. umr. Það, sem hefir verið framborið fyrir niðurfellingu greinarinnar, er ekki haldgott.

ATKV.GR.:

Brtill. á þskj. 158 feld með 16 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Eggert Pálsson
Ólafur Briem	Jón Jónsson Rvk.
Sig. Sigurðsson	Benedikt Sveinsson
Stefán Stefánsson	Bjarni Jónsson
Tryggvi Bjarnason	Björn Kristjánsson
Þorleifur Jónsson.	Guðl. Guðmundsson
	Halldór Steinsson
	Hannes Hafstein
	Jóh. Jóhannesson
	Jón Ólafsson
	Kristján Jónsson
	Lárus H. Bjarnason
	Matth. Ólafsson
	Skúli Thoroddsen
	Valtýr Guðmundss.

Pétur Jónsson greiddi ekki atkvæði, taldist því til meiri hluta. Jón Jónsson S.-Múl. og Jón Magnússon ekki viðstaddir.

Frv. óbreytt samþ. með 14 : 5 atkv. og afgreitt til Ed.

Tollgeymsla.

FRUMVARP til laga um tollgeymslu, (51, 91); 1. umr., 26. Júlí.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg vona, að eg þurfi ekki að fara mörgum orðum um jafnlítið frv. Frv. er framkomið samkvæmt beiðni nokkurra kjósenda í kjördæmi mínu, er nú hefir lögð verið fram á lestrarsalinn, og hefi eg heyrt von samskonar beiðna úr Reykjavík og Ísafirði. Úpphæð tollsins af vínföngum þeim, sem nú eru í tollgæzlu, nemur á Akureyri um 40 þús. kr., á Ísafirði um 48 þús kr. og í Reykjavík um 300 þús. kr. Með frv. er að eins farið fram á nokkura tilslökun á tollgeymslufrestinum. Mig minnir, að það hafi komið fram í umræðum á þingi 1909, að sanngjarnt væri að lengja tollgeymslufrestinn, þar sem kaupmenn yrðu fyrir árslok 1911 að birgja sig til þriggja ára. Ekki varð þó úr, að ákvæði yrði gert um þetta, en hins vegar munu þó umræðurnar um þetta hafa gefið tilefni til þess að kaupmenn bjuggust við tilslökun í þessu efni. Ef þingið vill ekki veita þessa ívilnun verður erfitt fyrir marga að greiða þennan toll nú í árslok, og því verða þeir að gera ráðstafanir til að selja sem mest strax eftir árslokin og ykist þá drykkjuskapurinn í landinu þann tímann að verulegum mun, en sízt ættu vinir bannlaganna að verða þessa

valdandi, með því að snúast móti frumvarpinu.

Eg vil geta þess, að eg mun koma með lítilsháttar breytingu á frv gr. til 2. umr.

Ráðherrann (H. H.): Eg skal játa það, að hér er um sanngjarna beiðni að ræða. En hins er líka að gæta, að landssjóður er illa staddur með peninga nú sem stendur og veitir ekki af þeim tekjum, sem hann með góðu móti getur fengið nú um nýjársleytið næst. Það er vafasamt hvort landssjóðs vegna væri hægt að samþykkja þessa ívilnun, nema trygging væri fyrir því, að hér yrðu samþykt lög, sem ykju tekjur landssjóðs þegar á næsta ári. Eg vil því skjóta því til hv. flutn.m. (G. G.), hvort hann vilji ekki taka frv. út af dagskrá og taka það þá fyrir aftur þegar full líkindi eru orðin fyrir því, að þingið samþykki lög, sem væntanlega mundu leiða til tekjuauka fyrir landssjóð þegar á þessu eða næsta ári.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Út af orðum hæstv. ráðherra (H. H.) vil eg geta þess, að áður en eg flutti frv. inn á þing, átti eg tal við einn mann úr stjórnarráðinu, sem þessum efnum er kunnugur, og skildist mér á honum, að ekkert verulegt væri frá landsstjórnarinnar hálfu því til fyrirstöðu, að frv. yrði að lögum nú, vegna þess að þessar tekjur lenda þó á sama fjárhagstímabili. Það kannast eg við, að landssjóður er illa staddur, en hér er að eins um lítilfjörlegan rentumissi að ræða, og það skiftir varla landssjóð miklu, en einstaka menn dregur það eigi alllítið. Af þeim 380—390 þús., sem nú er í tollgeymslu, geri eg ekki ráð fyrir að meira verði eftir um árslok 1912 en 150—200 þús. kr.

Eg álít sjálfsagt, að samþykt verði eitthvert frv. um auknar tekjur, hvað sem þessu frv. líður, og eg get gengið að því að láta frumvarpið bíða þangað til séð verður hvernig þeim frumvörpum reiðir af, en því mæli eg á móti að það bíði eftir öllu því moldviðri af frv. sem nú eru í skattamála-»látinu« svonefnda.

Kristján Jónsson: Þingm. mun reka minni til að fyrir síðasta þingi lá frv. til laga um tveggja ára tollgeymslufrest. Því var breytt þannig að frestur inn var settur að eins eitt ár, og á eftir því allur áfengistollur að greiðast innan loka þessa árs. Nú vildi eg skýra frá því að vegna peningaþurðar í landssjóði hefir landsstjórnin orðið að nota heimild þá til að taka víxillán fyrir landssjóð, er veitt var með lögum á síðasta þingi; víxillánið hefir verið fengið í Íslandsbanka og er að upphæð nú 200 þús. kr. Þegar víxillán þetta var tekið, var það haft fyrir augum, að endurborga það með fé því er fengist inn, sem áfengistollur um næstu árslok.

Eftir reikningi flutningsmanns sjálfs um tollgeymslu-vörur, er ástæða til að ætla, að um árslok næstu eigi að greiða toll af vörum sem í tollgeymslu eru til þess tíma, um 200 þús. kr. Þetta fé kemur í mjög góðar þarfir til að borga víxillánið, sem fyrv. stjórn varð að taka.

Fyrst eg mintist á þessa skuld, þá vil eg um leið benda á að hún er alls ekki neitt hræðileg. Í fyrra á útmánuðum skuldaði landssjóður ríkisféhirzlunni dönsku sem næst 500 þús. kr. Þessi skuld var borguð upp rétt á eftir, og síðan hefir landssjóður eigi skuldað ríkissjóði Danmerkur svo teljandi sé. Eg get jafnvel hugsað að við eigum lítilsháttar til góða nú þar ytra. Eg bæti þessu við til upplýsingar, svo að þingmenn láti sér eigi blöskra þennan umrædda víxil. Hann er eiginlega ekki ný skuld, heldur var hann tekinn til að flytja skuld hingað frá Höfn. En eg tel, vegna hans, vafasamt, að rétt sé

að veita frekari tollgeymslufrest, en heimilaður er að lögum.

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi bara beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Ak. (G. G.) hvort eigi mætti vísa frv. til skattamálanefndarinnar. Í henni er annar flutningsmanna.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Ef sú áætlun er rétt að 390 þús. hafi verið í tollgeymslu um síðastl. nýjár á þessum aðalstöðvum R vík, Ísafirði og Akureyri, þá verður það heldur lítið sem tollfrestur verður veittur á með frv. þessu. Síðan um nýjár hefir mikið verið leyst úr geymslu; það er gert daglega. Eg tel það hátt reiknað, að um næsta nýjár verði eftir 120 þús. í tollgeymslu. Eg býst við að sumir kaupmenn verði búnir að taka alt sitt áfengi. En auk þess er hér heldur ekki um ársfrest að ræða þó frv. nái fram að ganga. Menn búast við að alt verði uppselt um áramót 1913—14, og verður áfengið þá leyst úr tollgeymslu smátt og smátt árið 1913 og tollur borgaður jafnóðum. T. d. í Júní næsta ár verður ef til vill ekki eftir nema 50 þús. í geymslu. Málið er því miklu minna en áhorfðist og getur ekki skift miklu fyrir landssjóð.

Ráðherrann (H. H.): Á fjárlögunum fyrir árin 1912—13 er gert ráð fyrir, að landssjóður fái nálægt 2900 þús. kr. tekjur til að standast útgjöldin þau árin og eru þar af áætlaðar 300 þús. krónur sem tekjur af vínfangatolli árið 1912. Það mun vera rétt, að eigi hafi verið meira í tollgeymslu síðastliðið nýjár en sem nemur 390 þús. kr. tolli, svo að það hefir eigi farið nema 90 þús. kr. fram úr áætlun. En áætlaður tekjuhalli er yfir 400 þús. fyrir þetta fjárhagstímabil, og er það því sýnilegt, að landssjóður má engar af þeim áætluðu tekjum missa ef hann á ekki að hafa mikinn tekjuhalla við áramótin, sem ekki er til handbært fé til að greiða; hann verður að fá vínfangatollinn allan inn á þessum árum, nema þá ný frv. komi fram, er veiti landssjóði auknar tekjur þegar á þessu fjárdagstímabili. Eg álít réttast, að vísa frv. til skattamálanefndarinnar.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. 14 shlj. atkv..

Frv. vísað til til steinolíunefndar með 16 shlj. atkv.

Málið ekki útrætt.

Vátrygging fyrir sjómenn.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum vátrygging fyrir sjómenn frá 30. Júlí 1909. 1. umr. 26. Júlí.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Það er engin ástæða til að fara mörgum orðum um frv. þetta að þessu sinni. Eg skal aðeins geta þess, að við flutningsmenn frv. komum fram með það samkvæmt ítrekaðri ósk nokkurra kjósenda í kjördæmi okkar. Sjómenn eru óánægðir með lögin um vátrygging fyrir sjómenn frá 30. Júlí 1909; þeim þykja iðgjöldin of há. Þessi óánægja á meðal annars rót sína í því, að sjómenn víða á landinu, einkum austanfjalls, í Þorlákshöfn og Eyrarbakka, hafa komið sér upp álitlegum tryggingarsjóðum, sem þeir álíta, að geti komið í staðinn fyrir hina lögboðnu vátryggingasjóði. Eg skal geta þess til skýringar, að frv. á aðeins við sjómenn á opnum bátum og vélabátum. Líkt frv. var til meðferðar á síðastu þingi, en náði eigi fram að ganga. Aðal mótbáran, er fram var færð gegn því, var sú að vátryggingasjóðurinn þyldi eigi þessa lækkun á iðgjöldunum. Eg ber eigi á móti því, að

það hafi við nokkur rök að styðjast, að sjóðurinn sé eigi vel stæður nú, eigi sízt þar sem stór slys hafa borið að höndum árlega í seinni tíð. En eg vil benda á, að í þessu frv. eru ákvæði, er muni hafa í för með sér auknar tekjur fyrir sjóðinn. Eg vænti þess, að háttv. deild sýni frv. þann sóma, að vísa því til 2. umr., og þar sem málið þarf vel að athugast, þá legg eg til að skipuð sé 3 eða 5 manna nefnd, til að íhuga það.

Stefán Stefánsson: Eins og hv. flutn.m. (Sig. Sig.) gat um, var þetta frv. í líku formi til umræðu á síðasta þingi. Þá fór svo, að það var felt hér í deildinni. Eg sé nú eigi betur, að þetta frv. sé af sömu gerð í aðalatriðinu eins og hitt. Eg var mótfallinn frv. á síðasta þingi, og er sömu skoðunar enn, því sem sagt er stefnan hin sama, sú nefnilega að rýra tekjur vátryggingasjóðsins að miklum mun, þar sem iðgjöld frá mönnum á véla- og róðra-bátum eru lækkuð um $^1/_3$ og alt gjald í sjóðinn frá útgerðareigendum þessara báta að hverfa. Með öðrum orðum, sjóðurinn á eftir frv. að missa hálfar tekjur sínar frá þessum úthöldum. Nú stendur hagur sjóðsins svo að hann getur aðeins borgað áfallinn skaða af manntjónum þetta ár, sem mun vera nær 30,000 kr., því við síðustu árslok var hrein eign sjóðsins 28236,90 kr. og hefir hann þá ekkert upp í áfallin og að nokkru ógreidd gjöld frá undanförnum árum (1911, 1910, 1909 og 1908) nema tillag landssjóðs, sem mun láta nærri að borgi ólokin gjöld frá þeim árum, því þau eru víst sem næst 15,000 kr., eða þó freklega það. Af þessu er það ljóst, að það er meiningarleysa, að koma nú fram með frv. sem rýrir tekjur sjóðsins, en gerir hins vegar ábyrgðarskylduna frá sjóðsins hálfu enn víðtækari en verið hefir, þar sem hér er gert ráð fyrir að sjóðurinn greiði vátryggingar upphæðir fyrir alla þá menn, er farast af slysförum er »orsakast kunna af atvinnurekstrinum á útveginum«. Annars virðist nokkur reynsla fengin fyrir því að vátryggingar manna á bátum borga sig ekki fyrir sjóðinn, því á árunum 1910—1912 druknuðu 20 menn af bátum, og af innborguðum iðgjöldum mun ekki hafa komið nærri sú upphæð 800 kr., sem þarf til að borga fjárhæð þessara druknuðu manna. Það væri miklu fremur ástæða til að auka tekjur sjóðsins, ef hægt væri að hækka styrkinn, því að þær bætur, er sjómenn fá fyrir líf sitt nú, eru réttnefndar hundabætur en eigi mannsbætur. Að óánægja sé með núgildandi lög í kjördæmum þessara 3 flutningsmanna, það má vel vera og er mjög sennilegt, en þar sem eg er kunnugur, veit eg eigi til að borið hafi á nokkurri óánægju, nema ef vera skyldi með það, að vátryggingarupphæðin sé of lág, þar sem hún er einar 400 krónur, en það á eigi að lagfæra með þessu frv. Nei, nái þetta frv. að verða að lögum, þá yrði það sjáanlega afleiðingin að landssjóði fengi að blæða því meir, sem af iðgjöldunum er dregið, eigi annars sjóðurinn að halda áfram að vera til, sem óefað er þó tilgangur flutningsmanna.

Matthías Ólafsson: Þetta frv. er að mínu áliti spor aftur á bak en eigi áfram. Eg hefi orðið var við, að það er almenn ósk sjómanna, að sjóðurinn geti borgað hærri styrk, en þá verða þeir auðvitað líka að borga hærri iðgjöld, enda hefir, þar sem eg þekki til, það verið almennari ósk, að iðgjöldin yrðu hækkuð heldur en að þau yrðu lækkuð. Yfirleitt er þetta frv. alls eigi til þess fallið, að verða að lögum. Það bætir eigi það núverandi ástand, heldur gerir það verra. Og ýmis ákvæði þess eru æði varhugaverð. Eins og t. d það, að ætlast er til, að styrkurinn gangi til úterfingja eins og foreldra og systkyna;

hann ætti að eins að geta gengið til þeirra, sem sjómaðurinn var skyldur að sjá fyrir. Sömuleiðis er gert ráð fyrir, að hann geti arfleitt aðra að styrknum; það ákvæði get eg heldur eigi felt mig við. — Eitt er enn athugavert í þessu máli og það er, að margir menn fara í sjóinn án þess að borgaður sé styrkur úr sjóðnum til eftirlifenda, vegna þess að lögskráning er gerð að skilyrði fyrir því, að hann fáist borgaður. Fyrir vestan ber það við svo að segja á hverjum degi að maður druknar. Hafi formaður vanrækt að lögskrá hann, þá eru erfingjar hans útilokaðir frá að fá styrkinn.

Í hitt eð fyrra fórst skip frá Patreksfirði, og þegar eftirlifendur eins hinna látnu ætluðu að krefjast árgjalds úr vátryggingarsjóði, þá kom það upp úr kafinu, að hann var eigi vátrygður. Þá hefði mátt lögsækja formanninn fyrir vanrækslu, en hann var þá dáinn og bú hans þrotabú. Þannig er eigi heldur lögskráning nein trygging fyrir að lögin nái tilgangi sínum. Það, sem verður að keppa að, er að koma í veg fyrir það, að nokkur þeirra manna, er sjó stunda, sé óvátrygður; koma í veg fyrir það, að nokkur farist í sjó, án þess að eftirlifendur hans fái styrk úr vátryggingarsjóðnum. En eigi því takmarki að verða náð, þá verða sjómenn að sætta sig við að borga hærri iðgjöld. Sjómönnum verður að skiljast, að þeir verða eitthvað á sig að leggja, ef þeir eiga að sjá borgið skylduliði sínu ef slys ber að höndum.

Eg sé eigi neitt á móti því, að vísa máli þessu til 2. umr., en það þyrfti að athuga það í nefnd og breyta þeim annmörkum, sem á því eru. Í efri deild er á döfinni frv., sem kannske mætti bræða saman við þetta.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Eg skal leyfa mér að segja nokkur orð út af andmælum þeim, sem komið hafa fram á móti frv. Eg kannast við, að því er að ýmsu leyti ábótavant og er því fremur ástæða til að kjósa nefnd til að athuga það.

Um það, er hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að krafa sjómanna væri þar sem hann þekti til, sú að iðgjöldin til sjóðsins og þá jafnframt styrkurinn úr honum yrði hækkað, þá er það alt annað mál og vel þess vert að því sé gaumur gefinn. Eg get vel hugsað mér, að þeir sjómenn sem nú eru óánægðir með vátryggingarlögin geti fallist á það.

Eg vil nota tækifærið til að ámálga það við hv. sessunaut minn, að koma á framfæri því frv., sem eg veit að hann er búinn að búa til og láta það verða þessu samferða. Það er mikið rétt, að margir farast í sjó nú, án þess að þeir séu vátrygðir og liggja aðallega til þess 2 orsakir. Í fyrsta lagi koma margir menn á veiðistöðvar sem farþegar og róa þar nokkra daga, en eru eigi skipráðnir eða lögskráðir. Farist svo skipið sem þeir eru á, þá fá eftirlifendur þeirra engan styrk. En frv. tekur einmitt tillit til slíkra manna með ákvæði 1. gr. »sjómanna, er stunda fiskveiðar viku eða lengur«.

Hin orsökin er sú, að miklar vanheimtur munu vera á því, að sjómenn séu lögskráðir. Hreppstjórar ganga ekki nógu hart eftir skýrslum frá formönnum og vanrækja þeir því oft að lögskrá alla þá, er sjó stunda hjá þeim. En afleiðingin af því er aftur sú, að sjóðurinn stendur sig ver en ella mundi.

Jón Magnússon: Eg ætla ekki að tala mikið um þetta frv., flestir hljóta að sjá, nema flutningsmennirnir, að það gengur í öfuga átt.

Eg vil að eins benda væntanlegri nefnd á, að þörf væri, eins og farið hefir verið fram á, að breyta lögunum í þá átt, að bæturnar til eftirlifandi vandamanna druknaðra sjómanna yrðu meiri, og sjómenn væri vátrygðir árið um kring.

Það virðist vera rétt að við förum í þessu efni að dæmi erlendra þjóða og leggjum meiri skyldur á útgerðarmenn í þessu efni en gert er. Það er óhæfilegt, að engar bætur komi fyrir druknaðan mann, sem var ótrygður fyrir forsómun útgerðarmanns eða formanns. Það er engin ástæða til að eftirlifandi ættingjar þeirra manna, sem farast og ekki eru sjálfir sök í því að þeir voru ekki trygðir, fái engar bætur. Það er heldur ekki ástæða til að allir eftirlifandi ættmenn fái jafnar bætur, t. d. engin sanngirni í því að ekkja með 5—6 börn fái ekki meiri bætur heldur en síðuerfingjar.

Eg hygg að rétt væri, að væntanleg nefnd íhugi málið vandlega og láti síðan uppi tillögur sínar, sem gætu verið til leiðbeiningar fyrir landsstjórnina.

Valtýr Guðmundsson: Mér finst þetta mál vera dálitið vandamál, erfitt að greiða atkv. um það eins og það liggur fyrir.

Eg verð að álíta, að breytingar á lögum, sem grípa svo mjög inn í þjóðlífið eins og hin nýju lög frá 1909, um vátrygging sjómanna, eigi ekki að koma frá einstökum þingmönnum. Hætt er við að slíkum breytingum yrði hagað eftir því, sem við á, á hverjum einstökum stað. Þessháttar mál ættu æfinlega að undirbúast af landsstjórninni.

Eg er á sama máli og hv. þm. Vestm. (J. M.) um það, að rétt sé að vísa þessu máli til aðgerða landsstjórnarinnar, en álít vafamál, hvort gagnlegt sé að setja nefnd í það, finst það bara krókaleið, en réttast að vísa málinu strax til stjórnarinnar.

Eg skal því leyfa mér að afhenda hæstv. forseta svohljóðandi rökstudda dagskrá:

> Í því trausti að landsstjórnin taki til athugunar, hvort ástæða sé til að breyta lögum um vátrygging fyrir sjómenn, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Hitt, að setja nefnd í málið, er síðan leggi tillögur sínar fyrir landsstjórnina, álít eg bara til að tefja fyrir málinu.

Stefán Stefánsson: Eg vil að eins geta þess gagnvart áliti síðasta ræðumanns, að mér sýnist ekki ástæða til að vísa málinu nefndarlaust til landsstjórnarinnar, því jafnvel þó nefnd eður þingið í heild hafi ekki nægan tíma eða fyrirliggjandi gögn til þess að gera stórar endurbætur á lögunum, þá fæ eg ekki betur séð, en það gæti verið mjög gott að stjórninni gæfist kostur á að fá bendingar og álit nefndar, sem rækilega hefði kynt sér málið.

Eg vil þessvegna leyfa mér að mæla á móti því að þessi rökstudda dagskrá verði samþykt, en styðja nefndarkosningu.

Tryggvi Bjarnason: Mér sýnist þetta frv. fela í sér nokkra réttarbót að því leyti, að þeir sem stunda sjó um lengri eða skemmri tíma, séu skyldir að tryggja sig. Samkvæmt lögunum frá 30. Júlí 1909 eru sjómenn ekki skyldir að tryggja sig, nema þeir séu ráðnir fyrir heila vertíð. En hitt, að færa iðgjald niður um $^1/_3$ og fella niður það gjald, sem útgerðarmenn vélabáta og róðrarbáta eru skyldir að greiða, get eg ekki felt mig við. Með því er iðgjald fyrir vélarbáta- og róðrarbáta-sjómenn lækkað um helming, og þó eiga ekkjur þeirra og vandamenn kröfu til sömu fjárhæðar úr sjóðnum eins og

ekkjur og vandamenn þilskipasjómanna, sem greiða helmingi hærra iðgjald í sjóðinn. Þetta er misrétti. En að öðru leyti tel eg frv. til mikilla bóta og þykir líklegt að það nái fremur tilgangi sínum heldur en lögin frá 1909.

Eg vil leyfa mér að styðja að frv. verði athugað í nefnd.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla að eins að víkja nokkrum orðum að hv. sessunaut mínum.

Eg hefi á prjónunum svipað frv. þessu, og kom til orða hvort við gætum ekki komið okkur saman, en það gat ekki orðið, því á frumvörpunum er mikill princip-munur. Í mínu frv. er farið fram á hækkun iðgjalda og hærri útborganir, en þetta frv. fer í alveg öfuga átt.

Það sem aðallega hefir vakað fyrir mér, er að finna ráð til að koma í veg fyrir að nokkur maður, sem atvinnu stundar á sjó eða vötnum, geti drukknað óbættur. Til að ná því takmarki sé öllum slíkum mönnum gert að skyldu að tryggja sig, hvort sem þeir eru á mannflutningaskipum, fiskiskipum, róðrarbátum eða ferjubátum, gegn ákveðnu iðgjaldi, sem þó er lægra en í öðrum líftryggingarfélögum.

Þegar svona stendur á, gat varla verið að tala um að við gætum brætt okkur saman, þó tíminn sé nú að mörgu leyti heppilegur til þess.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, miðar þó til mikilla bóta á lögunum frá 1909, því eftir þeim er engin trygging fyrir að menn geti ekki farið í sjóinn hópum saman óvátrygðir. Það er mjög títt að menn stundi sjó styttri tíma en eina vertíð, en alveg eins hætt við að þeir menn drukkni, sem styttri tíma eru við sjó, eins og hinir, sem stunda sjóinn heila vertíð eða lengur.

Eg sé ekkert á móti að nefnd verði skipuð í málið, það getur skýrst við það, en greiða mun eg atkv. á móti rökstuddri dagskrá.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá feld með 11 : 4 atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 3 atkv.

Flutn.m. Sigurður Sigurðsson: Eg leyfi mér að stinga upp á 5 manna nefnd.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

3 manna nefnd sþ. með 15 : 3 atkv.

Kosningu hlutu:

Stefán Stefánsson
Halldór Steinsson
Matthías Ólafsson.

Málið ekki útrætt.

Kosning sýslunefnda.

FRUMVARP til laga um kosnigar til sýslunefnda (54, n. 365); 1. umr. 27. Júlí.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Frv. þetta hefir inni að halda nýmæli, og get eg því búist við, að ekki verði allir á eitt sáttir um það, hver nauðsyn er á því. En hvað sem um það verður sagt, hvort nauðsynin á lögum um þetta efni, nú þegar, sé svo knýjandi, þá hygg eg að mál þetta sé fullkomlega þess vert að koma hér til umræðu og athugunar.

Það er ljóst, að störf sýslunefnda vaxa ár frá ári og að sama skapi vex vandinn og ábyrgðin, og þá eðlilega áhugi kjósenda á því, hver skipi sæti í nefndinni. Út af þessu má búast við og hefir jafn vel þegar bólað á flokkadráttum og agitationum. Eins og valdi sýslunefnda nú er komið, þar sem þær geta aukið gjöldum á sýslubúa eiginlega mjög tak-

markalítið, þá er það ofur eðlilegt að allmikið kapp verði eða geti orðið um þessar kosningar, sem þá leiði til þess, að hindra að nokkru algerlega frjálsa atkvæðagreiðslu.

Eg minnist þess, af því að það er svo náskylt þessu máli, hve eindregið fylgi alþingiskosningalögin fengu þegar það frv. var til umræðu, á árunum 1901—2 að mig minnir og varð þá enginn til að andmæla þeirri gagngerðu breytingu enda var það sannarlega stór réttarbót, sama er að segja um lögin um kosningar til bæjarstjórna, og hví ættu ekki kosningar til sýslunefnda að fylgja sama principi og þær kosningar, þar sem öll starfsemi og afstaða þessara nefnda er hin sama.

Eg sé ekki ástæðu til að fara út í nein einstök atriði málsins við þessa umræðu en leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd í málið, að umræðunni lokinni.

Einar Jónsson: Eg skal ekki lengja umræður. En eg get ekki orða bundist yfir bunka þýðingarlausra frv. sem streyma inn á þetta þing, og er þetta eitt í þeirra tölu. Eg kalla það að gera lítið úr kjósendum að koma með þannig lagað frv., þar sem um ekki vandasamara verk er að ræða en þetta, kosning til sýslunefnda. Það mætti næstum halda, að það sé einungis fram komið í því skyni, eins og segja má um fleiri frv., sem hér hafa fram komið, að nöfn flutningsmanna sjáist á sem flestum þingskjölum. Eg mun því als ekki styðja þetta með mínu atkv., álít réttara fyrir háttv. þingdeild að vinna að öðrum þarfari málum og drepa þetta nú þegar.

Flutn.m. (Stefán Stefánsson): Það fór svo sem mig grunaði, að við flutn.m. frv. fengum ekki einróma þökk fyrir að koma fram með nýmæli um kosningu til sýslunefnda. En satt að segja voru mótbárur hv. 1. þm. Rang. (E. J.) þannig lagaðar, að þær voru frekar meðmæli með frv. Hann sagði — eg skrifaði orðin hjá mér —, að »bændur ættu að hafa frjálsan og óháðan vilja«, en það er einmitt tilgangur frv., að stuðla að því, að bændur geti farið eftir sannfæringu sinni með öllu, frjálsir og óháðir. Þá leit hinn hv. þm. svo á, sem þetta væri að gera »lítið úr« kjósendum. Er það þá að gera lítið úr kjósendum, að fara að þeirra eigin óskum? Nei, svo ramm-öfugar skoðanir bjóst eg ekki við að heyra hér í þingsalnum.

Að við flytjum frv. er beint eftir áskorun þingmálafunda í Eyjafjarðar- og Skagafjarðar-sýslum, en að bændur hafa óskað þessarar breytingar á kosningaraðferðinni er ljós vottur þess, að þeir álíta það vöntun í löggjöf vorri, að eigi eru lögboðnar leynilegar kosningar til þessara opinberu starfa eins og til annara öldungis samskonar, er eg nefndi í fyrri ræðu minni.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 2 atkv.

Sþ. að kjósa 3 manna nefnd með 15 shlj. atkv.

Kosningu hlutu:

Stefán Stefánsson
Jón Magnússon
Ólafur Breim.

Málið ekki útrætt.

Sala á eggjum.

FRUMVARP til laga um sölu á eggjum eftir þyngd (57); 1. umr., 27. Júlí.

Flutningsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er fátt um þetta frv. að segja, nema að það fer fram á, að

egg skuli héðan af seld eftir þyngd en eigi tölu eins og tíðkast hefir hingað til. Það er réttlátt, bæði að því er snertir kaupanda og seljanda. Það er auk þess holt og gott, því að það mun hafa það í för með sér, að menn leggja meiri stund á að bæta hænsakyn sitt, að ala fremur upp hæns, sem verpa stórum eggjum.

Eg vona að frv. komist mótmælalítið gegnum þingið.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 31. Júlí.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það hefir gengið svo vært og rótt fyrir mér og hv. deild, að liggja á þessum eggjum, að eg vona að héðan af verði þeim ungað út.

ATKV.GR.:

1. gr. samþ. með 13 : 1 atkv.

2. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 samhljóða atkv.

Þriðja umr., 2. Ágúst.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Frv. þetta hefir gengið þegjandi og hljóðalaust hér í þingdeildinni við tvær umr. og vona eg að því verði nú steinþegjandi og hljóðalaust ungað út hér í dag.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 14 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Kristján Jónsson
Benedikt Sveinsson	Tryggvi Bjarnason
Björn Kristjánsson	Valtýr Guðmundss.
Halldór Steinsson	Þorleifur Jónsson.
Hannes Hafstein	
Jóh. Jóhannesson	
Jón Magnússon	
Jón Ólafsson	
Lárus H. Bjarnason	
Matthías Ólafsson	
Ólafur Briem	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	

Frv. afgr. til Ed.

Ein umr., 14. Ágúst.

Enginn tók til máls.

Frv. sþ. með 11 : 3 atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi*.

Lotterí.

FRUMVARP til laga um stofnun peningalotteris fyrir Ísland, (73, n. 144, 147, n. 146, 168, 181, 183, 184); 1. umr., 29. Júlí.

Flutn.m. (Lárus H. Bjarnason): Flestir hv. þm. munu vita, hvað lotterí er, en sökum þess að frumvarpið er nýr gestur, og af því, að ekki er víst, að allir hafi á takteinum, hvernig slíkum stofnunum er nánara fyrirkomið, skal eg gera stutta grein fyrir frumvarpinu.

Lotterí er stofnun, sem lysthafendur kaupa hjá vinningsvon. Hve rík sú vinningsvon er, fer eftir nánara fyrirkomulagi lotterísins. Fyrir vonina greiðir lysthafi tiltekið gjald, ársgjald eða

víðast misserisgjald, og fær jafnframt kvittun eða heimildarbréf fyrir voninni, og er slíkt bréf venjulega nefnt lotteríseðill.

Áður en »dregið« er, birtir lotteristjórnin skýrslu um hve mörg númer eru útgefin — í þessu frv. alt að 50 þús. — hve margir vinningarnir séu og hve háir. Númer er ekki sama sem lotteríseðill. Hverju númeri má skifta og er venjulega skift í fleiri seðla, og fer sú skifting eftir fyrirmælum reglugerðar hvers einstaks lotteris. Venjulega er skift í $^1/_2$, $^1/_4$, $^1/_8$ og jafnvel $^1/_{16}$. Þessi skifting táknar það, að sá, sem kaupir t. d. $^1/_2$ seðil eða $^1/_4$ seðil borgar ekki fyrir seðilinn meira en $^1/_2$ eða $^1/_4$ af því, sem númerið kostar, en hefir á hinn bóginn heldur ekki von nema um $^1/_2$ eða $^1/_4$ í vinningsvon.

Úthlutun vinninganna eða dráttunum er svo háttað, að hafðir eru 2 hjólkassar, annar er númerakassi, hinn vinningakassi. Er fyrst tekinn einn seðill úr númerakassanum og jafnframt einn seðill úr vinningskassanum og segir hann til um, hver vinningurinn sé. Ef númerið er óskift, kemur allur vinningurinn í einn stað, en ef númerinu er skift í smærri parta, segja brotin til um skiftingu vinningsins. Síðan er hjólunum snúið og svo dregið úr báðum kössunum í senn, og svo áfram á sama hátt, unz allir seðlar eru þrotnir í vinningakassanum; þá er drættinum lokið. Þessi skifting seðlanna í smærri parta er gerð í því skyni, að sem flestir geti átt kost á að eignast vinningsvon, og jafnframt til þess að girða fyrir það, að menn leggi út meira en þeir treysta sér.

Lotteriin reynast alstaðar gróðastofnanir. Gróðinn fer eftir mismuninum á upphæð vinninganna og upphæð iðgjaldanna. Upphæð vinninganna er auðvitað alt af lægri en upphæð iðgjaldanna. Því meiri sem munur upphæðanna er, því meiri verður gróði lotterisins. Samkvæmt þessu frv. stendur hlutfallið milli upphæðar vinninga og upphæðar iðgjalda í sama hlutfalli sem 70 : 100, og má það heita gott, samanborið við sum önnur lotterí. Í Hamborgarlotteríinu t. d. er hlutfallið 65 : 100, ef eg man rétt. Til eru þó lotterí, sem gera minni mun vinninga og iðgjalda en hið fyrirhugaða ísl. lotterí, t. d. danska ríkislotteríið.

Lotterí eru til í flestum löndum og eru tvennskonar, annaðhvort eign ríkisins eða seld á leigu til einstakra manna með einkarétti til seðlasölu. Í Danmörku eru til hvorutveggja þess konar lotterí. Stærsta lotteríið þar, Klasse-Lotteriet, er eign ríkisins. Kolonial-lotteríið svokallaða, er aftur í móti einstakra manna eign. Lotterí eru hvervetna háð eftirliti ríkisstjórnar. Er þar með girt fyrir óskil og óráðvendni af hálfu eigandanna. En aðalástæðan til þess að lotterí eru leyfð, er sú, að ríkið leggur lotteríunum að greiða tiltekið gjald, oft stórfé, til ríkissjóðs, annaðhvort tiltekinn hluta af tekjuafganginum, eða ákveðinn háan skatt.

Hér á landi hefir aldrei verið til lotterí, og verður líklega seint. Til þess ber einkum tvent: Þjóðin er of fátæk og fámenn til að bera lotterí, og í annan stað er ekki að vænta héðan viðskifta við útlendinga. Fjarlægð of mikil og póstsamgöngur of strjálar til þess að útlendir viðskiftamenn mundu kaupa hér seðla að nokkru ráði. Þeir eru vanir því að fá samstundis fregnir um vinningana, en þær mundu þeir ekki geta fengið héðan nema með símanum, en það yrði altof dýrt og jafnframt óáreiðanlegt. Þó er ekki því að heilsa að vér séum lausir við lotterispilamensku. Þeir munu ekki fáir, sem »spila« í hinum dönsku lotteríum, Klasselotteríinu, Vare- og Industri-lotterínu og Kolonial-

lotteriinu, og jafnvel í lotteríum utanríkis, einkum í Hamborgarlotteriinu.

Nú fyrst er farið fram á heimild til þess að stofna íslenzkt lotterí, og þó í rauninni að eins að nafninu til. Frv. hljóðar ekki um stofnun lotterís *á* Íslandi, heldur *fyrir* Ísland. Landssjóði mundi verða að þessu mjög mikill tekjuauki, ekki minni en um 100 þús. kr. á misseri eða um 200 þús. kr. á ári, en ef vel léti miklu meiri.

Að öðru leyti getur lotteríið ekki talist vera »fyrir« Ísland. Leyfisleitendur hugsa ekki til að selja hér nema lítið eitt af seðlum í mesta lagi 2000 seðla. Það er til þess ætlast, að stjórn lotterísins sitji í Kaupmannahöfn og að þar fari dráttur fram. Kemur það til af því, að viðskifti lotterísins verða nálega eingöngu við útlendinga, og því nauðsynlegt, að dráttstaðurinn sé greiður aðgöngu, enda getum vér ekki gefið leyfisleitendum ávísun upp á aðsetur í nokkru öðru landi en Danmörku, og þó vitanlega ekki nema því að eins, að konungur samþykki það.

Eg hefi heyrt, að sumum þætti óviðurkvæmilegt að í stjórninni ættu að sitja 3 Danir og 3 Íslendingar. Ástæðan til þess er sú, að ef Íslendingar væru fleiri í stjórninni en Danir, mundu heyrast raddir um það meðal Dana, að hagsmuna danskra lotterís væri ekki nægilega vel gætt. Af sömu ástæðu er ekki í frv. bönnuð sala danskra lotteríseðla hér og hinu fyrirhugaða lotteríi ekki leyfð seðlasala í Danmörku. Frumvarpinu mundi vafalítið verða neitað um staðfestingu, ef ekki væri reynt að stýra hjá skerðingu danskra lotterihagsmuna, og þá næðist ekki einkatilgangur vor flutningsmanna, sá að afla landssjóði tekna, fyrirhafnar og áhættulaust.

Fyrirkomulag þessa fyrirhugaða lotteris er mjög líkt því, sem er í danska Kolonial-lotteríinu: 2 »Serier« á ári eða flokkar, eins og þetta frv. kallar það, og 6 drættir í hvorum flokki. Vinningarnir munu eftir frv. 70% af iðgjöldunum öllum samanlögðum. Iðgjaldið er 150 fr. eða 108 kr., en í Kolonial-lotteríinu mun það vera 120 kr. Einkaleyfið getur löggjafarvald vort tekið aftur endurgjaldslaust að 15 árum liðnum.

Eins og þegar er getið um, á landssjóður vísa von á 200.000 kr. árgjaldi. Hér er því ekki um lítilræði að ræða honum til handa. Hins vegar leggur hann ekki annað til en nafnið eitt og í orði kveðnu ábyrgð á því, að tryggingarsjóður lotterísins sé fyrir hendi. Í orði kveðnu segi eg, því að lotteriið má ekki taka til starfa fyr en tryggingarsjóðurinn er á takteinum og kominn í vörzlur stjórnarinnar. Ábyrgð landssjóðs er því að eins nafnið eitt. Enda er það áskilið í frv., að ef tryggingarsjóðurinn er ekki fyrir hendi, þá falli einkaleyfið niður.

Fyrir þetta á landssjóður að fá 100 þús. kr. á misseri eða 200 þús. kr. á ári, ef vel lætur eða seljist seðlarnir vel miklum mun meira, en aldrei minna en 100 þús. kr. á misseri eða 200 þús. kr. á ári, hvernig sem gengur, auk hálfra þeirra vinninga, sem ekki er vitjað í tæka tíð. Lámarksupphæð árgjaldsins, um 200.000 kr. á ári eða 400.000 kr. á fjárhagstímabili, er trygð landssjóði með því, að leyfishafar setja tryggingu fyrir því, að misserisgjaldið til landssjóðs sé greitt í réttan tíma.

Eg sé ekki betur, en að málið sé vel íhugunarvert. Býst við að hv. þd. þyki ástæða til að athuga frumv. í nefnd og vilji þá líklega vísa því til skattamálamálanefndarinnar, þar sem hér er um að ræða væntanlega búbót til handa landssjóði. Ekki geri eg þó till. um nefndarskipun.

Jón Jónsson Rv.: Eg legg til, að málinu sé vísað til skattamálanefndarinnar.

Jóhannes Jóhannesson: Eg er hlyntur því, að málið gangi til skattamálanefndarinnar til athugunar. Meðal annars skal eg benda á það, að samkvæmt staflið f. í 1. gr. er misserisgjaldið ekki nema 2% af iðgjöldunum og þó ekki nærri eins hátt og eg veit að tíðkast í lotteríum annarstaðar, og væri vert að nefndin íhugaði, hvort eigi mætti hækka það að mun. Ennfremur er einkaleyfistíminn, sem í frv. er ákveðinn 40 ár, þó að slíta megi eftir 15 ár, ískyggilega langur.

Loks vil eg biðja nefndina að athuga hvort eigi væri rétt, að leyfishafarnir notuðu rétt sinn eftir frv. innan ákveðins tíma, þannig að veita mætti öðrum leyfið ef þeir gerðu það ekki.

Ráðherrann (H. H.): Eg verð að taka í sama streng sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh,). Það er óvenjulega lágt árgjald, sem leyfishöfum er gert að greiða til landssjóðs, að eins 2% af iðgjöldunum. Eg held, að óhætt væri að setja það nokkru hærra. Landið lánar leyfishöfum nafn sitt, til þess að þeir geti grætt mikið fé, sem þeir ella hefðu ekki tök á að vinna sér inn, og það ætti að metast ekki lítils vert.

Háttv. flutningsm. (L. H. B.) sagði, að lágmark missirisgjaldsins til landssjóðs væri 100 þús. kr. Það ekki alveg nákvæmt. Samkvæmt 1. gr. frv. er lágmark missirisgjaldsins 138 þús. fr., og nær það ekki 100 þús. kr., jafn vel þótt frankinn sé reiknaður 72 aura, sem er hátt. En að missirisgjaldið komist nokkurn tíma upp í 150 þús. kr., eins og mér virtist háttv. flutningsm. gera ráð fyrir, því er eg deigur að trúa. En þetta eru að eins smá-atriði til athugunar.

Eg skil ekki, hvers vegna á að slá því föstu endilega, að 3 danskir menn séu í stjórninni og hví ekki megi selja í Danmörku né nýlendum Dana. Um það fær væntanleg nefnd líklega skýringar frá flutningsmönnum.

Einkaleyfistíminn er nokkuð langur, 40 ár. Að vísu er landsstjórninni heimilt, sé eg, að slíta einkaleyfinu eftir 15 ár, þó að eins ef ástæða þykir til að fyrirmuna, að íslenzkt lotteri sé lengur rekið. Eg get hugsað mér það, að ekki yrði það ofan á, þegar þar að kæmi, að slíta samningnum alveg, vegna teknanna, en ef til vill mundu menn vilja hækka árgjaldið. Orð greinarinnar þyrfti að rýma samkvæmt þessu, þannig að opin leið væri til þess að landið eftir 15 ár veitti leyfið öðrum, sem betur byði, eða notaði rétt sinn sjálft.

Eg kann ekki vel við orðalagið á 1. gr. g. 3. mgr. Þar stendur:

»Ráðherra Íslands hefir eftirlit með og ábyrgist, að trygging sú, sem hér um ræðir, sé til«.

Þessu þyrfti að breyta. Það er ekki til neins að láta ráðherra einan bera ábyrgð á tryggingarfénu. Ábyrgðina verður að leggja á landssjóð. Sennilega er það og meiningin, að ráðherra ábyrgist fyrir landssjóðsins hönd.

Eg hefi ekki ástæðu til þess, að fara nánara út í frv. nú; vona, að væntanleg nefnd taki þessar bendingar til greina.

Bjarni Jónsson: Eg stend upp til þess að gera fáeinar sundurlausar athugasemdir um frv. þetta.

Eg er samþykkur hæstv. ráðherra um það, að undarlegt sé, að vér séum að setja lög um Dani, taka það beint fram, að 3 Danir skuli eiga sæti í stjórn þessarar fyrirhuguðu happadrættisstofnunar. Íslenzk löggjöf ætti ekki að skipa fyrir um annað en íslenzk mál, en láti annað afskiftalaust. Hér mundi nægja að segja til um það, hve margir Íslend-

ingar skul skipa stjórn stofnunarinnar, og láta svo ráðast hverrar þjóðar menn hinir yrði.

Háttv. flutningsm. (L. H. B.) gat þess, hví það gegndi, að frv. kveður svo á, að Dönum sé heimilt að selja sína happadrættisseðla hér, en þessu félagi óheimilt að selja sína seðla þar. Ef ástæður eru svo bágar með Dönum, að þeir séu neyddir til að beita oss slíku misrétti, þá er bezt að lofa félaginu að eiga heima hér, og þá er það nær því að vera íslenzkt en með þeim hætti sem frumv. gerir það úr garði. Eg geri ekki mikið úr þeirri ástæðu háttv. flutningsm., að menn séu svo bráðlátir að vita vinningana, að nota þurfi síma til að birta þá. Birting í blöðum mundi nægja og ekki mundi félagið þurfa að festa upp slík brekán sem tíðkast upp að festa við götur stórborganna eftir hvern drátt. Ef til kæmi, að nota þyrfti síma, þá væri ekki tiltökumál að gera það, nema um meiri háttar happdrætti og mundi það ekki verða mjög dýrt.

Það er ýmislegt fleira sem vert er athugunar og laga þyrfti.

Sérstaklega er mér óljóst það ákvæði frv., er ræðir um stimpilgjald. Mér skilst, að það gjald muni ekki renna í landssjóð, því að eigi höfum vér lög um stimpilgjald. En ef tilgangurinn er sá, að kaupa skuli danskan stimpil og andvirðið þar fyrir renna í danskan sjóð, þá þykir mér sem Danir fái helzt til mikinn arð af fyrirtæki þessu, þegar þess er þó gætt, að eigi má selja happdrættisseðla félagsins í Danmörku. — En vera má samt, að tilætlunin sé, að hér sé hafður íslenzkur stimpill og gjaldið renni þá í landssjóð. Þetta skýrist væntanlega, meðal annars, í nefndinni.

Háttv. flutn.m. (L. H. B.) mintist á það, að gegn þessum tekjuauka legði landið ekkert fram nema nafnið. En hvers virði er nafn Íslands? (*Jón Ólafsson:* 200 þús. kr. í öllu falli!). Vera má að 200 þús. kr. sé nóg, ef fyrirtækið er Íslandi til sóma. En ef fyrirtækið reynist á aðra lund, til hversu margra peninga mundi þá metast sómi landsins.

Um öll þessi atriði vænti eg mér fullnaðarskýringa í nefndinni.

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Eg vil þakka háttv. þm. fyrir yfirleitt góðar undirtektir undir málið. Það er ekki nema eðlilegt, að margar fyrirspurnir og athugasemdir komi fram viðvíkjandi frv. og skal eg reyna að leysa úr þeim eftir megni, þótt eg búist ekki við að geta svarað þeim til fulls við þessa umr. Ef frv. verður vísað til skattamálanefndarinnar, þá mun hún hafa í huga allar þær athugasemdir, sem fram hafa komið.

Háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) stakk því fram, hvort ekki mundi heppilegra að hafa misserisgjöldin nokkuð hærri en gert er ráð fyrir í frv. Eg býst ekki við að neitt væri því til fyrirstöðu frá löggjafarvaldsins hálfu, en það gæti verið nokkur áhætta að setja þau mjög mikið upp, vegna leyfisleitenda — hætt við að þeir mundu síður vilja ganga að því, en óhætt og jafnvel sjálfsagt er að reyna það, enda skal það gert. Líka gæti verið heppilegra að setja leyfisleitendum einhvern ákveðinn frest þangað til lotteríið tæki til starfa, til þess að þeir gætu ekki dregið málið á langinn.

Háttv. ráðherra (H. H.) rengdi það, að misserisgjaldið mundi nema 100 þús. kr., en það verður ekki rengt með réttu. Raunar er það ekki víst, að gjaldið verði altaf nákvæmlega 100 þús. kr. Það fer eftir gangverði frankans. Nú sem stendur er gangverðið sagt 72,8 au., og verður þá misserisgjaldið sama og ráð er gert fyrir í frv. Hækki gangverðið aftur á móti, hækkar misserisgjaldið að

sama skapi. En niður úr 72 au. fer gangverðið aldrei og mundi þá misserisgjaldið nema 99.360 kr. — að eins 640 kr. fátt í 100 þús. kr.

Hæstv. ráðherra (H. H.) fann að því nú, að ákveðið er í frv., að 3 danskir menn skuli sitja í stjórn lotterísins. En það var ákveðið vegna þess, að við bjuggumst við, að danskir lotteríeigendur mundu þá síður leggjast á móti málinu. Annars skiftir það ekki miklu máli hverrar þjóðar mennirnir eru, því að ráðherra Íslands á að útnefna þá alla, bæði þá íslenzku og dönsku og búa til erindisbréf þeirra o. s. frv.

Þá þótti hæstv. ráðherra það athugavert við frv., að ekki mætti selja seðlana í Danmörku. Það þótti okkur nauðsynlegt ákvæði, vegna þess, að hætt er við að okkur gengi illa að koma málinu fram, ef lotteríið ætti að keppa við dönsku lotteríin — Klasse- og Kolonial-lotteríið. Frá Íslendinga hálfu væri auðvitað ekkert því til fyrirstöðu, að seðlarnir yrðu seldir í Danmörku, en eg er hræddur um að slíkt ákvæði gæti orðið málinu Þrándur í götu.

Bæði háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) og hæstv. ráðherra (H. H.) þótti einkaleyfistíminn nokkuð langur — 40 ár. Eg get fullvissað þá um, að leyfisleitendur leggja ekki mikið upp úr þessu ákvæði. Hitt ber frekar að líta á, að eftir 15 ár getur löggjafarvaldið heimtað að lotteríið hætti störfum sínum.

Út af ræðu háttv. þm. Dal. (B. J.), þá skal, hvað við víkur þeim athugasemdum hans, er fóru í sömu átt og hæstv. ráðherra (H. H.) og hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), vísað til svars míns til þeirra. En viðvíkjandi því, er hann sagði um stimpilgjaldið, þá skal eg geta þess, að leyfishafendur búast við að þurfa að stimpla seðlana í Danmörku, og þar sem þeir verða að borga 2% af upphæð iðgjaldanna til landssjóðs, þá þykjast þeir ekki hafa ráð á að bæta við sig stimpilgjaldinu.

Viðvíkjandi láninu á nafninu, þá skal eg geta þess að það er háttv. þm. Dal. (B. J.) auðsjáanlega tilfinnningamál. En fyrir okkur flutningsm. er þetta frumv. alls ekki tilfinningamál — það er okkur höfuð mál en ekki hjartans mál — ekkert annað en óbrotið fjárspursmál fyrir landssjóð. En sé það háttv. þm. Dal. (B. J.) tilfinnningamál, þá er ekki hægt að ræða það með rökum við hann. Annars er okkur flutningsm. þetta mál ekkert kappsmál. Við flytjum það að eins til þess að verða við ósk hæstv. ráðherra um að alþingi afli landssjóði fjár. Eg bar frv. undir einn hv. þm. í Ed., einhvern glöggasta mann þingsins á fjármál, og bað hann að líta yfir það. Hann fann ekkert að frv. Honum þótti, sem mér, frv. færa landssjóði fundið fé. Eg get ekki séð, að eg misbjóði á neinn hátt sóma landsins, þótt eg flytji frv. sem aflar landssjóði mikilla, óvæntra, tekna. Geri aðrir betur!

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Frv. vísað til skattamálaefndarinnar með 17 shlj. atkv.

Önnur umr., 7. Ágúst.

Framsögum. meiri hl. (Lárus H. Bjarnason): Eg skal ekki verða mjög margorður í þetta sinn; bæði er það, að eg er talsvert kvefaður og svo hefir deildin sýnt mér þann sóma að kjósa mig í nokkuð margar nefndir, svo að eg hefi verið talsvert upptekinn þessa dagana.

Við fyrstu umr. málsins lýsti eg helztu aðalatriðum frv., svo að nú liggur ekki annað fyrir en að gera grein fyrir þeim brtill., sem nefndin hefir leyft sér að koma fram með. Því miður gat nefndin

ekki orðið samferða, þar sem einn þm., hv. þm. Dal. (B. J.), klofnaði frá.

Við 1. umr. málsins komu fram nokkrar athugasemdir við frv., bæði frá hæstv. ráðh. (H. H.) og 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) o. fl. Nefndin hefir tekið allar þessar athugasemdir til íhugunar.

Áður en eg held lengra áfram, þá vil eg biðja hv. þm. að athuga það, að fyrir okkur, meiri hluta nefndarinnar, er þetta mál ekkert annað en peningaspursmál.

Margar af brtill. okkar eru svo vaxnar, að ekki þarf að eyða orðum að þeim — eru ekki annað en orðabreytingar. — Svo er um 1., 5., 8., 10., 12., 13., 14., 17. og 19. brtill. okkar á þgskj. 147. Svo er og um eina af brtill. hv. minni hluta, nfl. þá, að kalla frumv. frv. til laga um happdrætti, í stað peningalotteris. En eg þykist viss um það, að þótt þessi brtill. næði fram að ganga, þá mundu menn alment ekki nefna annað en lotteri.

Sú fyrsta af brt. okkar, sem eg skal víkja að, og er dálitil efnisbreyting, er 6. brt.

Hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) þótti eikaleyfistíminn — 40 ár — nokkuð langur. Þó það skifti nú raunar ekki miklu máli, þar sem landið getur heimtað, að lotteriið hætti störfum sínum eftir 15 ár, þá hefir nefndin samt orðið við þessari ósk og fært 40 ár niður í 30 ár — jafnlangan tíma og Íslandsbanki hefir rétt til seðlaútgáfu —.

9. brt. er dálitil efnisbreyting, en ekki mikil. Það var vegna tilmæla og athugasemda hæstv. ráðh. (H. H.) að við komum með hana.

Þá býzt eg við að hv. þm. muni þykja 11. brt. talsverð efnisbreyting. Í frv. var landssjóði ekki áskilið hærra gjald en 2% af iðgjöldunum fyrir selda hluti. Nú hefir nefndinni heppnast að þoka leyfishöfum svo langt, að þeir hafa gengið inn á, að þessi tala yrði færð upp í 4%, án þess þó að lágmarkið, 100 þús. kr. á misseri, sé fært niður. Komist þessi breyting á, sem eg þykist viss um, og verði lotteriið rekið, þá aflar það landssjóði helmingi meiri tekna en áður var gert ráð fyrir. Komi það fyrir, að allir hlutirnir, 50.000 að tölu, seljist, þá mundu tekjur landssjóðs nema yfir 400.000 kr. á ári, og er það all-álitleg fjárupphæð og ekki til þess að drepa hendi við. En aldrei verða árstekjurnar minni en 200.000 kr., og eru þær landssjóði trygðar með veði, sem leyfisleitendur hafa lofað að leggja fram áður en lotteriið tekur til starfa.

Eg býst við, að hv. þm. Dal. (B. J.) og þeir hv. þm., sem hafa álitið það óhæfu að dreifa miklu af seðlum út um landið sjálft, hafi tekið eftir 16. brtill. nefndarinnar. Með henni er girt fyrir, að hér á landi verði seldir fleiri en 1000 hlutir.

2. og 15. brt. nefndarinnar heyra saman, og er nánast orðabreyting. Líku máli gegnir um 3. og 4. brtill. 7. brt. eða síðari hl. hennar varnar væntanlegum leyfishöfum að draga stofnun lotterisins um skör fram. 18. brt. er nokkurnveginn sjálfsögð úr því að misserisgjaldið til landssjóðs er hækkað um helming, enda stimpilgjald ekki til, að lögum vorum.

Eg sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um álit hv. minni hl., áður en framsögum sjálfur hefir talað, þó skal eg taka það fram, að eg get ekki kannast við, að það sé nokkuð féglæfrafyrirtæki, sem hér á að stofna. Það er eitt af þessum »slagorðum«, sem því miður mega sín svo mikils hér á landi og menn eru altof fúsir á að renna niður. Það er ekki hægt að kalla kaup og sölu, sem gengur fyrir sig eftir áður ákveðnum reglum, féglæfra, enda engum þröngvað til að kaupa seðlana. Hitt

eru aftur á móti féglæfrar, að slá »plat« eða krónu, þar veldur tilviljunin ein vinning og tapi. Það eru líka féglæfrar, ef hafðir eru peningar af mönnum eða atriði sem máli skifta, hvort heldur sagt er beint ósatt eða verulegum atriðum er leynt, en engu slíku verður hér til að dreifa.

Áður en dregið er, er gefin út skýrsla um, hve margir seðlarnir séu, hve margir vinningarnir og hve háir. Menn vita þannig að hverju þeir ganga. Eg get ekki kallað mig neinn féglæframann, en samt hefi eg spilað lítilfjörlega í lotteríi síðan 1897, og stenst á hvað unnist hefir og tapast. Hverjum er frjálst að spila eða spila ekki, og skynsamur maður skoðar það, sem hann leggur fram, auðvitað eins og tapað fé, og leggur því ekki meira fram en hann má missa.

Háttv. þingm. finnur að því, að hér sé verið að stofna ríkiseinokun — en það er »condicio sine qua non — lotteri verða ekki rekin öðruvísi en af ríkinu sjálfu, eða þá af einstaklingum með einkarétti, enda er fyrirkomulagið alstaðar svo í öllum löndum. Það er og sitt hvað, einokun á sölu lotteríseðla, og einokun á matvöru eða öðrum nauðsynja- og framleiðslu-vörum, svo sem steinolíu og kolum, sem enginn maður kemst hjá að kaupa.

Háttv. þingm. spáir því, að úti muni um virðingu vora og lánstraust, ef vér leyfum lotterihald, en nefnir þó sjálfur 10 ríki, þar á meðal nokkur stórveldi, er leyfa lotteri, og þykir mér þar kenna nokkurs ósamræmis.

Þá finnur hv. þm. Dal. (B. J.) að því, að þetta einkaleyfi er bundið við ákveðin nöfn. Eg get ekki séð hvernig fyrirtækið getur orðið trygt á betri hátt en þann, að löggjafarvaldið sjálft hafi hönd í bagga með, hverjum leyfið sé veitt. Um þessa 3 menn — eða að minsta kosti 2 — er það öllum kunnugt, að þeir eru engir féglæframenn, er væri farið að veita leyfið nafnlaust, þá væri engin trygging fengin fyrir því, að nokkuð yrði úr fyrirtækinu, enda fullkomin óvissa um það, hvort hæfir menn hreptu leyfið.

Sé það rétt hermt, sem eg hefi heyrt fleygt, að verið sé að stofna hlutafélag til lotterihalds hér í bænum, og séu nöfnin, sem nefnd eru, rétt, þá mundi það lotteri sízt verða betra en það, sem hér um ræðir. Líka er þess að gæta, að alstaðar annarsstaðar, þar sem veitt er einkaleyfi til lotteristofnunar, þá er einkaleyfið bundið við nöfn. Svo er t. d. um Kolonial-lotteriið danska, þar var einkaleyfið veitt þeim Richelieu admiral og Heide konferenzráði. Svo er einnig um einkaleyfið til stofnunar Íslandsbanka, það var veitt á nöfnin: Arntzen og Warburg. Slíkt þykir meiri trygging heldur en stjórnin haldi nokkurskonar uppboð á einkaleyfinu og veiti þeim, sem hæzt býður, hvernig sem maðurinn er, en það mundi stjórnin verða að gera.

Vegna þess að þetta mál er fyrir mér og meðnefndarmönnum mínum ekkert annað en hreint peningaspursmál, þá vil eg vara hv. þingdeild við, að samþykkja nokkra þá tillögu, sem gæti gert það ókleyft að ná einkatilganginum með frv., tekjuauka til handa landssjóði. Það getur t. d. ekki komið til nokkurra mála, að leyfisleytendur noti sér einkaleyfið, ef á að fara að færa vinningana úr 70% upp í 80% af iðgjöldunum. Með öllum þeim útgjöldum, sem þeir þurfa að standa straum af, minsta kosti fyrst um sinn, yrði það þeim ókleyft að ráðast í fyrirtækið, ef þessi brt. næði fram að ganga. Þeir ætla t. d. að gjalda útsölumönnum sínum hærra kaup en tíðkast, ætla að borga þeim 15% í sölulaun.

Enn segir hv. þm., að við höfum ekki vald til þess að setja á stofn lotteri suður í Khöfn, sem lyti íslenzkum lögum. Þar skjátlast hv. þm. Við höfum samþykt lög, sem koma til framkvæmda í Danmörku og binda danska embættismenn jafnvel utan Danmerkur. Svo er t. d. um farmannalögin, sem leggja dönskum konsúlum ýmsar skyldur á herðar, skipsskrásetningarlögin frá 1895, lög um stytting á málskotsfresti til hæztaréttar frá 1905 o. fl. Þessa mótbáru háttv. þingmanns þarf því eigi að óttast.

Þá skal eg benda á það, að það er villa í nefndaráliti hv. minni hluta á bls. 3. Þar stendur, að Klasse-lotteríið selji 100.000 seðla á ári fyrir 50 kr. stykkið. Það er ekki rétt. Lotteríið selur *130*.000 seðla á misseri og muni eg rétt kostar hver heill seðill *60 kr.*, eða 120 kr. á ári, auk stimpilgjalds.

Þá finnur hv. þm. að því, að í 4. gr. standa orðin »utan ríkis«, sem hann vill breyta í »utan Íslands«. Hv. þm. heldur víst að landinu stafi einhver innlimunarhætta af þeim orðum, veit líklega að í fjölda mörgum lögum, bæði gömlum og nýjum standa þessi orð og jafnvel í lögum, sem hv. þm. sjálfur hefir verið með í að búa til. Því reis hann ekki upp þá? En ef þetta er honum mikill þyrnir í augum, þá má auðvitað breyta orðunum í utan Danmerkur og nýlenda hennar.

4. brtill. hv. þm., sem fer fram á það, að ekki megi skifta seðli í smærri hluta en áttunga, er nefndin eftir atvikum meðmælt. Annars mun seðlum óvíða vera skift í smærri hluti en áttunga.

Það væri náttúrlega meinlítið, að nota orðið »happdrætti« í stað lotterís, en eg er hræddur um að enginn verði til þess að nota það, nema ef til vill hv. þm. og þá líklega ekki nema með köflum.

Íslenzkunni stendur engin hætta af því þó að tekin séu upp í málið einstök útlend orð, enda mýmörg slík orð til í málinu. Eg tel það mun betra en að vera að rembast við að finna upp önnur eins ónefni eins og sum íslenzku heitin í metrakerfinu, sem enginn skilur, nema útlendu heitin standi við hlið nýgervingsins. *(Bjarni Jónsson:* Það sýnir hvað fólk er vel að sér í móðurmálinu). Það getur vel verið að eg sé ekki svo vel að mér í íslenzku sem skyldi, en hitt veit eg, að jafnvel beztu íslenzkufræðingar skilja ekki þau ónefni.

Um 5. brt. er þegar talað.

Þá vill. hv. þm. með 6. brtill. láta 10% af vinningum ganga til landssjóðs, en það kemur sannarlega ekki heim við féglæfratalið hjá hv. þingm. Séu það fjárglæfrar að viðskiftavinir lotterísins fái ekki nema 70% af iðgjöldunum, þá væri það enn meiri fjárglæfrar að taka 10% af vinningum þeirra. Þm. hlýtur að eiga við viðskiftavini lotterísins með fjárglæfratali sínu, því að hinn aðili lotterísins, landssjóður, leggur ekkert, alls ekkert á hætttu.

7. brtill. þm. er gersamlega óaðgengileg. Hún miðar ekki til annars en að drepa frumv. og þar með svifta landssjóð miklum tekjum, því að það er ekki viðlit að lotteríið geti komist á, ef það á að standa á Íslandi og því að vera stjórnað þar. Lotteríið er bygt á seðlakaupum útlendra manna, en þeir mundu ekki skifta við lotterí er rekið væri hér á landi, jafnbráðlátir og þeir eru.

Alveg sama er að segja um 9. brtill., að hækka hundraðsgjaldið til landssjóðs alt upp í 10%. Það væri fullkomin frágangssök fyrir leyfisleitendur að taka við leyfinu með þeim kjörum.

Aftur á móti býst eg við að leyfisleitendum megi standa á sama hvar tryggingarféð er geymt, hvort heldur í Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn eða í Landsbankanum í Reykjavík, enda má

geyma það í Landsbankanum eftir frumvarpinu.

11. og 12. brtill. hv. þm. getur nefndin ekki aðhylst, af því að þær myndu spilla fyrir framgangi frumvarpsins, líklega valda því, að það yrði ekki staðfest.

Aðrar breyt.till. hv. þm. Dal. (B. J.) skifta litlu máli og kæri eg mig ekki um að fara út í þær. Nefndin er sammála um að samþykkja enga af brtill. hans, nema þá 4.

Leyfisleytendur fullyrða að lotteríið verði stofnað, fái þeir leyfið, og eg get bætt því við, að þeim er það meinfangalaust, þótt fresturinn sé styttur að mun. Þeir segjast vera við því búuir að setja það á stofn jafnvel 1. júlí 1913, og lofa að leggja fram ábyrgðarfé fyrir lágmarki misserisgjaldsins, áður en lotteríið byrjar.

Landssjóður mundi eftir því geta haft tekjur af lotteríinu næsta ár.

Framsögum. minni hlutans (Bjarni Jónsson): Það er auðvitað rétt, að ekki munar mikið um $^1/_7$ hluta af heilli nefnd, og hv. frams.m. meiri hlutans (L. H. B.) gat því sagt, að það væri nefndin, sem bæri fram brt. þeirra. Eg er samþykkur brt. meiri hlutans, að öðru frágengnu; þær eru til bóta, svo langt sem þær ná.

Eg vil nú gera dálítið gleggri grein fyrir brtill. mínum heldur en eg hefi gert í nefndaráliti mínu á þskj. 146 og svara hv. framsögum. meiri hl. (L.H.B) að svo miklu leyti sem eg man. Annars býst eg við að svörin komi óbeinlínis fram í ræðu minni.

Háttv. framsm. meiri hlutans sýndist taka það óstint upp fyrir mér, að eg nefndi þetta féglæfra. Hann sagði að það gæti ekki heitið féglæfrar, þegar auglýst væri fyrir fram, en tók það til dæmis um hvar féglæfrar væri, ef kastað væri peningi upp í loft og vinningur eða tap miðað við það, hvort upp vissi króna eða konungsmynd þegar niður kæmi peningurinn. Eg get nú ekki séð svo mikinn mun á þessu tvennu Annars kæri eg mig ekki um að ræða ítarlega um þetta atriði, hvað sé féglæfrar og hvað ekki, en læt mér nægja að halda því fram, að peningahappdrætti sé féglæfrar.

Uppruni þessara stofnana er sjálfsagt öllum kunnur og er drepið nokkuð á hann í áliti mínu. Það er öllum vitanlegt að mönnum er það í brjóst lagið, að vilja græða sem mest án þess að leggja mikið í hættu.

Eg minnist þess, að eg hefi lesið á yngri árum mínum hjá Tacitusi og Cæsari, að hinir gömlu Þjóðverjar hafi tamið sér að kasta teningnm um stórar eignir og fjárupphæðir, stundum jafnvel um sjálfa sig og urðu þeir oft og tíðum með þeim hætti þrælar þeirra, er þeir öttu við. Slík hlutkesti eru hinn mesti háski hverri þjóð, sem temur sér þau. Þess vegna hafa mörg ríki ýmist bannað happdrætti eða tekið þau í eigin hönd, og var það réttilega tekið fram hjá hv. framsögum. meiri hl. (L. H. B.), að skárra sé að ríkin reki sjálf þess háttar einokun heldur en einstaklingar. Í flestum ríkjum eru stranglega bönnuð öll áhættuspil, og er óeðlilegt, að ríkin sjálf afli sér tekna með því að reka þess háttar fyrirtæki, sem þau banna einstökum mönnum.

Þó ekki sé eins mikil hættan ef ríkin reka þessi happdrætti á eigin hönd, er það þó bygt á sömu grundvallarhugsun. Það sýnir meðal annars, að ríkin hafa vonda samvizku af rekstri happdrætta, er nú skal greina.

Í Austurríki var árið 1777 gert að skilyrði fyrir happdrættisleyfi, að 5 fátækum stúlkum væri gefinn heimanmundur á ári hverju. Síðar var því snúið upp í 12000 marka gjald. Svipað fyrirkomulag hefir verið haft á Prúss-

landi, og á Spáni hefir ákveðinn hluti ágóða verið látinn ganga til sjúkrahúss í Madrid. Þetta sýnir að ríkin hafa viljað breiða yfir ósvinnuna með góðgerðasemi. Goethe segir einhversstaðar: Die Kirche allein kann ungerechtes Gut verdauen. En nú á tímum mun góðgerðaseminni ætlað að melta eigi ver en kirkjan. Góðgerðastarfsemin og kirkjan geta melt alt og hafa löngum getað notað illa fengið fé.

Eg hefi leyft mér að nefna Dr. Max von Heckel og tilfæra orð eftir honum í áliti mínu. Til þess að menn haldi ekki að eg smíði »slagorð« í þessu sambandi, skal eg leyfa mér að láta menn heyra, hvað aðrir segja um þessi efni. Fyrst skal eg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hvað þessi sami maður, dr. Max von Heckel, segir í »Handwörterbuch der Staatswissenschaften« á bls. 525:

»Loks hefir 19. öldin felt fullkominn fordæmingardóm yfir allskonar happdrættum og alment viðurkent að þau verði ekki samrýmd við siðmenningarhlutverk ríkisins«.

Enn fremur skal eg leyfa mér að lesa hvað Falbe Hansen, danskur höfundur, segir um þetta í bók sinni »Finansvidenskab«. Hann skrifar þar á bls. 96:

»Það er alment viðurkent, að happdrætti sé til spillingar svo sem önnur áhættuspil, veiki löngun manna til að vinna sig áfram með sinni eigin vinnu og sífeldum sparnaði, leiði menn til að reiða sig á ósennilega drauma og staðlausar vonir, og menn fullyrða að reynslan hafi sýnt að spilafíknin valdi deyfð og oft glæpum. Flest ríki hafa kannast við þetta í framkvæmdinni, er þau hafa bannað alskonar áhættuspil . . . . Það er þá hálf undarlegt að jafnframt því sem ríkið bannar öll önnur áhættuspil, reki það sjálft áhættnspilsfyrirtæki fyrir þegna sína í þeim tilgangi að græða fé á því, og það sýnist ekki fullkomlega sæmileg aðferð til þess að útvega tekjur«.

Þetta segir þá þessi danski höfundur, Falbe Hansen.

Sama get eg sagt eftir dr. J. Konrad, kennara í Staatswissenschaft í Halle a. S. Hann hefir skrifað merkilega bók, sem meðal annars er notuð við háskólann í Kaupmannahöfn. Dómur hans um happdrætti hljóðar á sömu leið og þeir sem eg hefi lesið, en eg skal ekki þreyta deildina með að lesa hann. Þeir, sem vilja kynna sér þetta, geta sjálfir lesið í þessari bók, sem eg hefi hér fyrir framan mig, á bls. 132—133. Eg vil sýna með þessu að það er ekki mín uppfundning, þessi »slagorð«, sem hv. framsögum. meiri hl. (L. H. B.) talaði um. Samkvæmt einróma áliti þeirra manna, sem um þetta efni hafa skrifað á seinustu árum, er happdrætti ósæmilegt til að afla ríkjum tekna.

Á Prússlandi segir Dr. Konrað að það eitt standi í vegi fyrir að happdrætti sé afnumið, að mönnum hrjósi hugur við að svifta atvinnu allan þann fjölda hlutsala, eða »kollektöra«, ef menn skilja það orð betur, sem atvinnu hafa af sölu happdrættisseðla.

Þá sagði hv. framsögum. meiri hl. (L. H. B.) á einum stað, að eg færi með rangt mál, þar sem eg sagði að hið flokkaða danska peningahappdrætti gæfi út 100,000 hluti á ári á 50 kr. hvern. Eg er nú ekki eins fróður um þetta af eigin reynslu eins og hann, en mér þykir það undarlegt ef sá maður, sem eg hefi mínar upplýsingar frá, fer rangt með þetta. Jafn merk bók og »Handwörterbuch der Staatswissenschaften« er naumast ætlandi að segja rangt frá þessu. Hún er útgefin af Dr. J. Konrad, Prof. der Staatswissenschaften í Halle a. S., Dr. L. Elster, vortrag. Rat

í Berlín, Dr. W. Lexis, Prof. der Staatswissenschaften í Göttingen og Dr. L. Loening, Prof. der Rechte í Halle a. S. Mér þykir ótrúlegt að þessir menn allir láti frá sér fara slíka villu. Þar stendur að þetta happdrætti gefi út 2 flokka á ári með 50,000 seðlum á 50 kr. í hvorum flokki. Það er sama sem 100 þús. seðlar á 50 kr. á ári. *(Ldrus H. Bjarnason:* Það er alveg rakalaust). Sé þetta rangt í bókinni, sem eg hefi hér fyrir framan mig, breytir það ekki öðru en því, að Danir hafa þá hóti minni gróða af happdrættinu. En þeir um það.

Háttv. framsögum. meiri hl. (L. H. B.) er háskólakennari í lögum, og getur hann nú þráttað við þessa háskólakennara, sem eg gat um. *(Ldrus H. Bjarnason:* Frá hvaða ári er bókin?) Hún er gefin út 1911, en vitnar til hluta 1910.

Um það almenna í þessu máli skal eg ekki fara fleiri orðum. Eg er sannfærður um, að það er óhæfa fyrir Íslendinga að vera við slíka stofnun riðnir, og eg hefi nefnt merka menn, sem hafa leyft sér að vera á sömu skoðun.

Það, að hér á ekki að leyfa að selja nema 1000 seðla, breytir ekki svo miklu, því eg álít ekki sæmilegt fyrir Íslendinga að afla sér þessara tekna af fátækum mönnum erlendis. Það sem er ósómasamlegt hér, er það líka erlendis.

Svo skal eg leyfa mér að fara nokkrum orðum um einstakar brt., sem eg hefi komið fram með.

Um fyrirsögnina er það að segja, að eg fann ekki betra orð í svipinn. Má vera að annað væri betra, en þó hygg eg að finna megi þessu stað, sbr. ódrætti, úrþvætti o. s. frv. En hins þarf eg varla að geta, að eg hefi þá trú bæði á hv. þm. hér í deildinni og öllum Íslendingum, að þeir vilji hafa *íslenzkt mál* á lögum vorum. Og þar sem hv. framsögum. (L. H. B.) sagði að orðið »Lotteri« væri á hvers manns vörum hér, svo ekki mundi verða nema ómakið að íslenzka það, þá fer því allfjarri, því að hugmyndin hefir ekki verið alment þekt hér fram að þessu, nema þá af lærðum mönnum, sem alla tíð hafa verið að skemma mál sitt í skólum og því notað þetta útlenda orð hugsunarlaust í tali sínu, eins og önnur slík. Aðrir nota það ekki, aftur á móti mundi orðið happdrætti, sem auðvitað minnir á happadrátt, fljótt verða skilið af alþýðu og munntamt henni. Um leið þurfti hv. þm. líka að reyna að gefa olbogaskot út af því, að reynt hefir verið að þýða á íslenzku nýgræðingsófreskjurnar, sem stjórnin hefir sett í lögin um mæli og vog. Eg held að það hefði orðið alveg jafngáfulegt, að kenna þau lög við stiku og vog, því að allir Íslendingar skilja þó að stika er lengdarmál og hefði þá um leið verið ljóst að það er öfugmæli að nefna »metra- eða stikukerfi í mæli og *vog*«, en »metri« gætu menn alt eins vel haldið að ætti við þyngd, af því að þeir vita ekkert hvað það þýðir. Sama er að segja um öll þessi orðskrípi, »kílómetri« o. s. frv., sem hafa grískan haus og franskan bol, en íslenzkt skott, og þekki eg ekki verri málsskoffín.

Hann skildi það ekki, hinn hv. þm., að eg skyldi vilja hafa þessa heimild óbundna við nöfn. Þessi brt. við 1. gr. er gerð með það fyrir augum, að eitthvað kunni að geta misfarist fyrir þessum mönnum. Þá er þetta til vara, ef menn skyldu þrátt fyrir það vilja halda áfram með þetta og leita fyrir sér annarsstaðar, enda gæti komið betri boð úr annari átt, — auðvitað vildi eg fyrir mitt leyti helzt að ekkert yrði úr málinu. Hann talaði um að halda þyrfti uppboð á leyfinu, ef það væri ekki veitt ákveðnum mönnum. Hvar er þá traustið

á landsstjórninni, ef hennar ábyrgð á ekki að vera nóg trygging? Eg vil geta þess nú þegar, að sumir af þessum mönnum, sem ætlast er til að fái leyfið, eru að mínu áliti einmitt meðal beztu manna hér, og mér svo að góðu kunnir, að ef eg hefði getað varið það, samvizku minnar vegna, að vera með þessu frv., þá hefði þetta verið sterk hvöt fyrir mig til þess. En ef ilt á fram að fara, þá vil eg að stjórnin hafi veg og vanda af þessu.

Ekki veit eg hvað hv. þm. á við, þar sem hann var að tala um annað hlutafélag, þótt eg reyndar viti að einhver spilabanki á Þingvöllum muni vera í ráði, í líkingu við Monte Carlo. Það ætti að geta sýnt sig, að Alþingi álíti þetta og þvílíkt ekki fremur féglæfra af einum en öðrum, ef tryggingin er sýnd fyrirfram.

Þá hefi eg lagt það til, að ekki megi skipta hlutum í smærra en áttundir. Það er sem sé reynsla fyrir því í Prússlandi að fátæklingar ginnast mjög á því, að þar er skift í tíundir. Þar eru þó seðlakaup í samlögum lögbönnuð af því að útsölumenn fá þá allra bláfækustu til að kaupa tíundarseðla í samlögum, og segja vitrir menn að þetta sé til þess að ala skaðlegar og staðlausar vonir, og það því meira, sem smærra er skift, og svona smátt er nú skift þar, á því get eg frætt háttv. framsögum. (*Lárus H. Bjarnason:* Eg rengi ekki viðskiftaráðunautinn). Jæja, það er líka óþarfi, og þá vona eg líka að hann sjái að það er full ástæða til þess, að taka fram, hve smátt skuli mega skifta.

Ekki skil eg heldur að það sé frágangssök, að hækka vinningaupphæðina úr 70% upp í 80%, og ekki heyrði eg heldur nein rök fyrir því í nefndinni. Þar þóttust nú aðrir réttar að því komnir, að hafa orðið, en eg, og hefi eg ef til vill farið varhluta af einhverju af því gagni, sem eg hefði getað haft af komu leyfisbeiðanda þar, enda þurfti eg aðrar upplýsingar um málið, en hinir háttv. nefnarmenn. Eg get ekki annað meint, en að þau 20%, sem eftir eru, þótt þetta sé hækkað, sé nóg handa leyfishöfum, og að þeir þurfi ekki meira. Svo hefi eg viljað bæta við ákvæði um það, hve margir vinningarnir skuli vera alls. Það dregur úr áhættunni, að sem flestir geti fengið eitthvað við og við til þess að borga vinninga-ginningarnar, því að stóru vinningarnir, sem hafðir eru til ginningar, eru svo nauða fáir. Í Ungverjalandi er bezt séð fyrir rétti manna gegn féglæfrunum, og því er vinningatalan þar höfð hærri en annars staðar. Þar eru 55,000 happdrættir af 100,000 hlutum. — Í Hollandi eru 21,000 hlutir í hverjum flokki, og eru þar 10500 happdrættir og 2 aukahöpp (Prämien). — Í Serbíu eru 30,000 hlutir í flokki, þar af 15000 happdrættir. — Það er því óhultara fyrir sóma landsins, að minka áhættuna sem mest.

Þá er að minnast á tekjur landssjóðs af þessu. Háttv. framsögum. meiri hl. (L. H. B.) áleit það rangt, að landið taki hluta af vinningunum til sín, einkum þar sem eg teldi fyrirtækið lítt sómasamlegt. En eg held því fram, að ef setja skal það á stofn á annað borð, þá verði þó þetta það sómasamlegasta, úr því sem þá er komið, að landið hafi sinn gróða einmitt af þeim sem happið hljóta, því að þeir fá þó sitt margborgað oftast nær. Hitt er miklu fremur rangt, að leggja hundraðsgjald á andvirðið, því að það legst jafnt á menn, hvort sem þeir skaðast eða græða. En hins vegar mundu seðlarnir ganga jafnt út eftir sem áður, þótt menn vissu að teknir yrðu nokkrir af hundraði af því sem þeir kynnu að græða, því að þá

græða þeir þrátt fyrir það. Annars eru aðferðirnar ýmsar til þess að afla ríkjunum gróða af þessu, en öll lönd taka hærri skatta af happdrættunum, en hér er gert ráð fyrir í þessu frumv. að landsstjórnin fái Þýzka ríkið tekur í stimpilskatt 20% af innlendum hlutum, er borgist fyrirfram. Útlendir hlutir eru þar ekki leyfðir, nema til komi konungsleyfi, og er þá skatturinn 25%, og borgast annað hvort af seljanda eða kaupanda. — Austurríki tekur 20% af vinningum, og þegar happdrætti er á annað borð leyft í Frakklandi, í góðgerðaskyni, þá eru teknir af því margskonar skattar: stimpilskattur, eignaskattur og fjárvaxtaskattur. Þar er ekki ríkis-happdrætti, né heldur í Englandi, heldur er það eingöngu leyft til eflingar listum og vísindum. — Í Ítalíu er stimpilskattur og margar aðrar álögur, tekjuskattur af happdráttum. — Danmörk tekur 10% af iðgjöldum, og dregur auk þess 6% frá handa hluttökumönnum og í rekstrurskostnað. — Í Serbíu eru tekin 20% af happdráttum. — Spánn tekur 10%. — Holland 10% af happdráttum sem eru fyrir neðan 100 gyllini, en 15% af þeim sem verðhærri eru. — Saxland tekur 15% af happdrættum auk 20% stimpilgjaldsins til þýzka ríkisins. — Island tekur ekkert stimpilgjald, og sjá allir, að það býður happdrættisfyrirtæki þessu betri kjör, samkvæmt frumv., en annars gerist, og það er beinlínis hættulegt fyrir álit og lánstraust landsins, ef útlendingar sjá að Íslendingar bera ekki meiri virðingu fyrir sjálfum sér en svo að þeir láni nafn landsins fyrir svo lítið. Reyni menn nú að hrekja þetta, ef þeir geta, og að setja þetta í samband við það, að eg álíti peninga-happdrætti féglæfra, er blátt áfram vitleysa, því að ef happdrætti á við að gangast á annað borð, þá er þetta ekkert meira en hver annar tekjuskattur, og skil eg því ekki að þeir menn, sem annars vilja útvega landsjóði tekjur, felli þetta.

Þá áleit hinn háttv. þm. það ógerning, að flytja heimilisfang þessarar stofnunar hingað til Reykjavíkur, taldi á því öll tormerki. Það getur nú vel verið, að það yrði örðugt, að láta menn vita um dráttuna héðan út um öll lönd. En það er líka sumt *svo* örðugt, að ekkert viðlit er að framkvæma það, og eitt af því er einmitt þetta, að stofna happdrætti fyrir Ísland, sem ekki hafi heimilisfang sitt á Íslandi. Ef það fæst ekki í Rvk, þá eigum við blátt áfram að leggja niður rófuna og ekki stofna neitt happdrætti, það á háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) að láta sér lynda.

Þar sem eg hefi lagt það til að leyfistíminn yrði hafður 25 ár, þá hefi eg farið svo hægt í sakirnar, bara stytt hann um $^1/_6$, til þess að spilla engu fyrir nefndinni, en bæta þó frv. Og þótt hann væri nú styttur um þessi 5 ár, þá ætti þó það, að veita einstökum mönnum leyfi til þess að reka slíkt gróðafyrirtæki í landsins nafni, að vera þess vert, að það fyrirtæki væri búið að borga sig á þeim tíma, ekki síst þar sem leyfishöfum eru annars ætluð jafn góð kjör og hér. Háttv. þm. sagði að aðalleyfisfresturinn væri 15 ár. Það getur verið, og eg hefi ekki farið fram á að stytta hann. En það er ekki þægilegt að breyta þessum lögum, ef þau verða samþykt, og það gæti sýnt sig einhvern tíma, að Ísland hefði leigt nafn sitt of ódýrt, og þá væri gott að tíminn væri sem styztur.

Að hækka gjaldið er gert í samræmi við það sem á sér stað í öðrum ríkjum og það er alveg sjálfsögð breyting. Hér er líka gert ráð fyrir því í br.till. minni, að það fari smá hækkandi, og er það gert með hliðsjón af því, að félagið kunni að leggja meira í kostnað fyrstu árin, en selja minna. Þess vegna er

gjaldið sett svo afarlágt fyrst í stað. Að það (ɔ: félagið) ætli að láta útsölumenn sína fá 15%, má auvitað segja mér, það má segja svo margt, en eg er ekki skyldugur til að trúa því. Og að minsta kosti má íslenzkt löggjafarvald láta það mál hlutlaust. Annað, sem líka er sjálfsagt að breyta, er það, að taka tryggingarféð út úr Þjóðbankanum í Kaupmannahöfn og hafa það í Landsbankanum hér í Reykjavík. Stjórnin situr þó hér og getur framkvæmt eftirlitið hér, en alls eigi í Kaupmannahöfn. Eg skil ekki hvað við eigum að vera að bræða okkur saman við Dani um þetta. Hví þá ekki að láta tryggingarféð liggja t. d. í ríkisbankanum þýzka, til þess að gera krókinn ögn meiri fyrir ráðherra vorn, þegar hann fer að gá að því, hvort það er á sínum stað?

Þá er mér enn spurn hvað það komi okkur við, að gera ráðstafanir um það, hvað Danir eða þeirra nýlendur kaupi. Og ef Danir setja nú í sín lög, að þeir megi kaupa þessa seðla, eiga þá þessir menn að missa réttinn til þess að selja þeim þá? Eiga þeir að vera skyldir til að drepa hendi við þeim gróða? Eg held að öllum hljóti að vera það ljóst, að þetta ákvæði um að ekki megi selja Dönum, má og á að falla burtu, og að það sé ekki íslenzks löggjafarvalds, að setja slík ákvæði, heldur dansks, að minsta kosti ekki þangað til við erum þá orðnir yfirríki. *(Lárus H. Bjarnason:* Feikna-þvaður!). Um orðin: »utan ríkis«, sagði hann að þau hefðu oft verið notuð svo áður í íslenzkum lögum. Veit eg það, en það er ekki betra fyrir það, að halda þeim ósið áfram. Lagakennarinn ætti heldur að setjast niður og breyta þeim lögum og taka þessi orð alstaðar burt. Það væri honum samboðið, en hitt ekki. Annars er þetta undarlegt misrétti, að leyfa Dönum að selja sína happdrættisseðla hér á landi, en banna að selja vora þar. Hvað veldur? Er þetta gert til þess að varðveita Dani, en gera oss þess aðnjótandi, að þeir taki af oss stimplilgjald? *(Lárus H. Bjarnason:* Þetta er misskilningur). Já það er rétt hjá honum, það er misskilningur, að búa til svona lagaákvæði. Annars heyrðist mér á framsöguræðu hans að hann væri til með að fallast á annað orðalag og snögt um betra.

Svo er eitt atriði, sem eg vildi vekja athygli á, og það er að leggja 10% skatt á danska seðla, sem hér eru seldir eða keyptir. Þetta tiðkast annars staðar og og þetta væri rétt að taka til greina, því að það miðar að því, að afla landinu tekna, og það ekki á ósómasamlegri hátt, en þann, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Eg skal nú ekki tefja háttv. deild með lengri ræðu að þessu sinni, og ef til vill ekki oftar í dag. Eins og þegar er sagt, er það aðaltill. mín, að þetta frv. sé felt, en til vara hefi eg komið fram með þessar br till., sem nú er lýst og vona eg að þær verði sem flestar samþyktar.

Pétur Jónsson: Í áliti meiri hl. nefndarinnar er þess getið, að varasamt sé að byggja á tekjum af lotteríi til frambúðar. Eg vil taka dýpra í árinni, og vona að meiri hluti nefndarinnar sé mér ekki ósamdóma í því. Eins og sjá má af frv., er ætlast til að tekjur landsins af lotteríinu verði minst 200 þús. kr á ári, en geti farið upp yfir 400 þús. kr. á ári. Þetta yrði því æði þýðingarmikil tekjugrein. En hún yrði að því leyti frábrugðin öðrum tekjugreinum á fjárlögunum, að vér hefðum ekkert vald á henni. Þótt lotteríið væri stofnað, þá gæti farið svo, að stofnendurnir legðu það niður eftir örfá ár. Vér höfum enga trygging fyrir að það haldi áfram, nema því að eins að landið sjálft geti

tekið við af stofnendunum ef þeir skyldu hætta. En landið verður tæplega fært um það fyrst um sinn. Af þeirri ástæðu tel eg tekjurnar af þessu lotteríi stopular og ekki óhættulegar, nema skynsamlega sé með farið. Það er sem sé margreynt, að þegar tekjur einstaklinganna hækka, þá fer eyðsla þeirra í vöxt; menn venjast á meiri fjárbrúkun. En þegar þær minka aftur, þá er það mjög torvelt og oft tilfinnanlegt að minka eyðsluna aftur að sama skapi og hverfa í sama farið og áður. Á líkan hátt fer þegar landssjóður á í hlut. Það hlyti að verða mjög tilfinnanlegt fyrir landssjóð, ef lotteríið yrði lagt niður eftir t. d. 6—8 ár, þegar hann væri búinn að venja sig við að hafa ca. 200—400 þús. kr. árlegar tekjur í viðbót við það, sem hann hefir nú, því þá væri búið að færa upp árleg útgjöld landssjóðs sem þessu nemur, og ársþörf hans til tekna væri að sama skapi orðin hærri. Við höfum dæmið fyrir okkur þar sem vínfangatollurinn er; við getum ekki mist þær tekjur sem við höfum haft af honum, en hefir ekki enn tekist að finna nýjar leiðir. En þó nú að lotterí-tekjurnar gætu orðið okkur til ills ef þeim væri bara kastað í svanginn á landssjóði eins og öðrum tollum og sköttum, þá má þó finna vegi til að verja þeim þannig, að svo verði ekki. Það má ráðstafa þessum tekjum sérstaklega með lögum. T. d. mætti leggja talsverðan hluta þeirra í sjóði, eða til að styrkja opinberar stofnanir, sem standa á völtum fæti. Eg get hugsað mér að leggja mætti nokkurn hluta teknanna árlega í byggingarsjóðinn. Tekjur sjóðsins hafa orðið litlar, því sala á Arnarhólslóð hefir lítil orðið enn, en hins vegar hefir sjóðurinn brúkað mikið fé og því orðið að taka lán úr viðlagasjóði. Væri fé lagt í byggingarsjóð, þá mundi það leysa bundið viðlagasjóðsfé.

Sömuleiðis gæti komið til orða að verja hluta af þessum tekjum til verðbréfakaupa til tryggingar Landsbankanum og veðdeildum hans. Talsvert fé bankans hefir veeið tekið úr veltu og bundið fast í þessu skyni, og sömuleiðis hefir fé landssjóðs verið bundið til að standa bak við veðdeildirnar. Vöxtum af þessum verðbréfum mætti verja til einhvers annars en hagsmuna bankans, t. d. heilsuhælisins, til að hjálpa fátækum sjúklingum til að vera á hælinu.

Eg vildi benda hv. deild á þetta, þó eg komi ekki með tillögu þessa efnis nú. Þótt lotteríið komist á, þá verður nægur tími síðar meir til að gera slíkar ráðstafanir, en eg vildi ekki að málið gengi í gegn nú án þess að þessu væri hreyft, svo að þessi hugsun fylgdi því. —

Ráðherrann (H. H.): Eg vildi að eins leyfa mér að sjóta dálítilli bending til nefndarinnar. Mér virðist þurfa að breyta orðalagi á stöku stað.

Í 7. brtill. við 1. gr. e. vill nefndin fella burt síðustu orðin frá »að fyrirmuna« etc. —, og bæta við »enda sé leyfið notað fyrir 31. Desbr. 1913«. Meining nefndarinnar er vafalaust að leyfið missist ef það er ei notað fyrir 31. Des. 1913; en orðalagið er mjög óljóst. Menn gætu skilið það þannig, að þetta væri *ennfremur* skilyrði fyrir því, að hægt sé að taka leyfið aftur eftir 15 ár, auk hins skilyrðisins, að löggjafarvaldi Íslands þyki ástæða til þess, með öðrum orðum, að leyfið verði alls ekki aftur tekið, fyr en eftir 30 ár, ef það er notað fyrir árslok 1913.

Í kafla þeim, sem 10. brtill. er við, er þess getið, að einkaleyfishafar geti notað leyfið sjálfir og selt það á leigu. Þetta verður eigi skilið öðruvísi en hér sé að eins átt við þessa þrjá menn: Magnús Stephensen, Sighv. Bjarnason og Knud Philipsen. En þar sem síðar

er ákveðið að *þeir* skuli hafa fyrirgert rétti sínum ef þeir greiði ekki gjöld sín, þá er að eins skírskotað til þessara 3 manna, en það er auðvitað ekki meiningin, heldur á ákvæðið að ná til hvers sem hefir einkaleyfið. Hér þyrfti því að breyta orðalagi.

Þá þyrfti líka að breyta orðalagi 3. gr., þar sem segir að hluti megi ekki selja í Danmörku; meiningin er auðvitað að ekki megi hafa þar útsölu (»Kollektion«), því að ekki er hægt að girða fyrir að privatmenn selji seðla sín í milli.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er líklega ekki vandalaust að mæla þessu máli bót, eftir að hv. þm. Dal. (B. J.) er búinn að flytja slíka reiðiprédikun gegn því, og kalla það siðspillingu og öðrum illum nöfnum. Engu að síður vil eg reyna að bera fram nokkra vörn fyrir okkur flutningsmenn frv. Eg skal ekki vefengja að hann geti tólffaldað tilvitnanir til merkra manna, sem hafa fordæmt lotteri. En það *sannar* lítið þó hann geti nefnt *nöfn* þessara og þessara, sem hafa kallað lotteri siðspilling, ef hann getur ekki tilgreint *röksemdir* þeirra og ef *þær* eru ekki gildar. Eg gæti aftur á móti tilfært nöfn fjölda manna jafn merkra, sem hafa talið lotteri réttmætt. Eg ætla þó eigi að fara út í það, heldur vil eg nefna nokkrar af *ástæðum* þeirra. Sú tilhneiging er innrætt mannlegri náttáru, að vilja græða fé með hægu móti. Hvort hún er ill eða góð, kemur ekki þessu máli við; við verðum að taka hlutina eins og þeir eru og í sjálfu sér er ekkert rangt í henni. En að hún er rík, má sjá af því, hve snemma hún gerir vart við sig hjá þjóðunum. Hjá Germönum og Rómverjum tíðkuðust fjárhættuspil, og hjá Rómverjum kvað svo mjög að þeim, að hegning var lögð við þeim.

Hv. þm. Dal. (B. J.) gat þess, að í mörgum löndum hafi fjárhættuspil verið bönnuð með lögum; en honum láðist að geta um, hvernig slík lög hafa verkað. Sannleikurinn er, að alstaðar hefir verið farið í kring um þau.

Að þessi ástríða, sem eg nefndi, sé djúp hjá mönnum, sést meðal annars af því, hversu tíðar velgerða-tombólur eru, og hversu vel þær borga sig. Það væri ólíku ómaksminna að senda samskotalista um, en það hefir sjaldan nokkurn árangur. Menn láta fúslega fé sitt af hendi, ef von er um að fá eitthvað í aðra hönd. Þetta bendir á lystina til að *græða*. En það er galli á tombólunum, að þær laða helst að sér fátækara fólkið; lotteríseðlar í slíkum lotteríum, sem hér er um að ræða, eru aftur á móti ekki svo ódýrir, að allir geti keypt þá. Allar brezkar þjóðir banna lotteri. En þá kemur annað í staðinn, til að fullnægja þessari sömu fýsn, sem er mönnum svo djúp innrætt. Þá eru veðreiða veðmálin í Bretlandi og Bandaríkjunum og yfirleitt öllum enskum löndum vottur þess, hve rík þessi náttúra er hjá mönnum. Sumstaðar í Bandaríkjunum hafa þau verið bönnuð með lögum — svo mjög hefir kveðið að þeim — en þau lög hafa ekki gagnað mikið, því menn hafa farið í kring um þau. Innrætið leynir sér ekki. Þá má nefna kosninga-veðmálin. Það veit enginn nema skaparinn, hve miklar upphæðir skifta höndum í þeim veðmálum! Í Bandaríkjunum og Bretlandi nemur það vafalaust hundruðum miljóna.

Og ekki má gleyma kauphallar-spilunum, þar sem menn oft kaupa og selja meir en til er í heimi af vörunni! Seljandi skuldbindur sig til að selja kaupanda svo og svo mikið af t. d. hveiti fyrir tiltekið verð eftir tiltekinn tíma, t. d. 3 mánuði. Það er ekki endilega ætlast til að nein afhending fari fram.

Áhættan er fólgin í því hvernig markaðsverðið verður á ákveðnum afhendingardegi. Sé það hærra en hið tiltekna söluverð, þá borgar seljandi kaupanda mismuninn, en kaupandi seljanda, ef verðið hefir lækkað. Þetta er bara lotteri — *ekkert annað en lotteri!* Og þetta altíðkast nú í hverju landi í heimi — jafnvel farið að bóla á því hér.

Alt þetta bendir á, að þessi löngun sé svo rík í mannlegri náttúru, að ekki sé auðið að girða fyrir það með lögum, að menn reyni að fullnægja henni.

Þá verður spurningin hvort hollara sé, að menn brjóti lögin og fullnægi þessari löngun í laumi, eða að mönnum sé leyft að gera það með lotterii, þar sem trygt er um búið, að í öllu sé rétt að farið. Eg tel hið síðara óefað hollara. Ein ástæða þeirra er leyfa vilja lotteri, er, að hollara sé að veita mönnum aðgang að því að leita lukkunnar í stofnun, þar sem ekki er hætta á að menn verði flegnir. Þetta eru ástæðurnar til þess að eg get vel felt mig við að lotteri sé leyft, ef vel er um búið. Þess ber líka að gæta, að æðimargir hérlendir menn kaupa seðla í útlendum lotteríum, og fyrst svo er, þá er sýnilega betra að ágóðinn af því gangi til ríkisins heldur en út um heiminn. Eg skal kannast við það, að fyrir þá menn, sem eru svo strangir, eins og hv. þm. Dal. (B. J.), að kalla t. d. alla tolla þjófnað, er full ástæða til að fordæma lotteri, en eg efast nú um að þingdeildin sé svo ströng að hún vilji afnema alla tolla af siðferðis-ástæðum.

Þá hneykslaðist hv. þm. á því, að vér skyldum vilja takmarka sölu seðla hér, en freista aftur á móti fátækra útlendinga, eins og hann orðaði það. En satt að segja gerum vér það alls ekki, því að þeir geta keypt seðla hvort sem er í útlendum lotteríum, og þau eru meira að segja flest lakari en þetta.

Í Hamborgar-lotteríinu til dæmis að taka, eru vinningarnir að eins 65%, en í þessu lotterii eiga þeir að vera 70%; við gefum því betri kjör. Í Rúmeníu er mér kunnugt að kostirnir eru enn lakari en í Hamborgar-lotteríinu. Þessi freistingar-ástæða er því ekki mikils virði.

Eg er samdóma því sem getið er um í nefndarálitinu og hv. þm. S.-Þing. (P. J.) talaði ítarlegar um að rétt sé, að það komi fram nú þegar við þessar umr. og áherzla sé lögð á það, að haft verði í huga þegar lotteriið fer að gefa landinu tekjur, að þeim verði varið til einhverra sérstakra nytsemdarfyrirtækja.

Það mun vera rétt, að ástæða sé til að orða 7. br.till. öðru vísi, eins og hv. ráðherra benti á, og mun nefndin vafalaust athuga það. En eg held ekki að ástæða sé til að breyta orðalaginu 1. gr. e. 2. málsgrein. Orðið: »einkaleyfishafar« á ekki aðeins við þessa 3 menn sem nú sækja um leyfið, heldur hverja þá menn eða mann, sem hefir leyfið á hverjum tíma.

Þá þótti háttv. þm. Dal. (B. J.) það synd við móðurmálið að halda orðinu *lotteri*. Hann sagði, að Íslendingar ættu að tala íslenzku. Eg get ekki fallist á að fáein einstök orð útlend geti spilt málinu, þó tekin séu upp í það. Það sem spilir málinu er það, er menn hugsa á útlenzku, hafa útlenzka setningaskipun. Forfeður okkar voru ekki feimnir við að taka upp útlend orð, eins og t. d. kirkja, prestur, prófastur, pund, og mýmörg önnur og amaðist enginn við þeim Afar mörg af þeim orðum sem við notum daglega, eru útlend, svo sem kaffi, sykur, tóbak, salt o. s. frv., og efast eg ekki um að háttv. þm. Dal. (B. J.) notar þau engu síður en aðrir. Enginn heldur því fram að slík orð *hafi* spilt málinu minstu vitund. Það er satt, sem hv. framsögum. meiri hl. (L. H. B.)

sagði, að það er þýðingarlaust að innleiða í málið nýyrði sem eru fædd andvana, eins og hv. þm. Dal. (B. J.) reyndi að gera með orðum sínum yfir metrakerfið. Eg man þau ekki öll, og eg efast um að hann muni þau sjálfur, og sárafáir nota nokkurt af þeim í riti — alls enginn í tali. Eg man eftir orðum eins og *staup* og *seytill;* eg held hann hafi líka notað *dreitill, ögn, kvöl* og *lús*, og gott ef ekki *agnarögn, lúsakvöl* og *kvalarögn!!* Hann sagði, að ekki væri erfiðara að nefna stiku en metir, sem menn þektu ekki og vissu ekki hvað væri. Það er satt að við þekkjum orðið stika, en það hefir aldrei haft sömu merking sem metri. Eg held að við séum að berjast um keisarans skegg; því þessi útlendu orð spilla að engu leyti málinu. Ekki fremur en *lóð, pund* og *kvint, pottur* og *peli*, meðan þau voru notuð.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Það er að eins til þess, að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir styrk þann, er hann hefir veitt mér í þessu máli, að eg stend upp. Það er ekki af því, að eg sé honum sammála um alt það er hann sagði. T. d. gaf hann mér í skyn, að eg hefði lesið upp dóma manna um þetta mál, án þess að minnast á röksemdir þeirra. *(Jón Ólafsson:* Eg heyði ekki annað en fullyrðingarnar) En rökin las eg upp um leið. Og meira að segja, hann kom sjálfur með ýmsar af þeim röksemdum í ræðu sinni, sem mér þótti óþarfi að telja því til sönnunar, sem allir mega skilja, að hér er um glæfrafyrirtæki að ræða. Þá hugðist hann mundu dauðrota mótbárur mínar með því að segja, að lög sem bönnuðu það, sem hér er verið að ræða um, verkuðu ekki. Mér hefir aldrei dottið í hug, að slík lög yrðu ekki brotin, því að það vill brenna við um flest lög. Eg veit ekki betur en hegningarlögin séu brotin og það oft. Eða má þá ekki setja lög um þjófnað, af því að sumir menn stela? Hv. þingmaðurinn hélt því fram, að fátækt fólk keypti ekki gjarna happdrættisseðla. Ójú, það gerir það.

Á Prússlandi fara fátækir menn þannig að, að þeir slá sér margir saman um einn seðil, þegar þeir bera ekki af því að kaupa seðil hver í sínu lagi, og eru við því reistar skorður með lögum þar í landi.

Eg er mjög þakklátur hv. þm. fyrir margar góðar upplýsingar um uppruna þessara hluta. Hann mintist á veðmálin í enska heiminum, veðreiðarnar, kosningaveðmálin og kauphallabraskið. Alt þetta sýnir og sannar að það hefir verið á rökum bygt, sem eg hefi verið að segja um þetta mál, að það eru illir og ósómasamlegir féglæfrar. *(Jón Ólafsson:* Þetta er í þeim löndum þar sem lotteri eru bönnuð) Það hefir verið gerð tilraun til að draga úr áhættunni með því, að láta ríkin setja á stofn happdrætti. En merkustu menn sem á síðustu tímum hafa skrifað um það mál, og þar á meðal þeir er eg hefi nefnt hér, dr. Konrad og aðrir, eru eindregið á móti þessari stefnu. Engir mæla henni bót, nema hvað menn reyna að segja, að það sé gagnlegra að ríkin setji skorður við hættunni, með því að gefa mönnum tækifæri til, að reyna áhættuna í lögtrygðum stofnunum. En hvað vinna menn með þessu? Ekki annað en það, að til verða tvær áhættustofnanir, önnur lögleg, hin ólögleg. Menn byrja einmitt á því, að leita hamingjunnar í löggiltu stofnuninni og það er leiðin til þess, að menn fara að leita hennar í þeirri bönnuðu. *(Jón Ólafsson:* Þvert á móti). Nei, sá sem er orðinn vanur stórum fjárhættuspilum, hverfur ekki til

þeirra sem minni eru. Hv. þm. mintist á ummæli mín um tollana. Það er rétt, eg hefi sagt að allir tollar væru löghelgaður vasaþjófnaður. En þó að ranglát lög séu til, er engin nauðsyn á að fjölga þeim. *(Jón Ólafsson:* Mala necessaria) Það er undarlegur lofköstur sem þeir menn hlaða þessu landi, er hafa slíkar grundvallarreglur.

Orð mín til svars hv. frsm. (L. H. B.) um kaup Íslendinga og útlendinga á þessum happdrættisseðlum, tók hv. þm. í alt öðru sambandi en eg sagði þau. Háttv. framsögum. lagði mikla áherzlu á, að Íslendingar væru varðir með því, að hér á landi mætti ekki selja nema eina 1000 seðla. Þá svaraði eg því til, að það væri að græða á ósómasamlegan hátt, að taka það af útlendingum, sem menn samvizku sinnar vegna geta ekki tekið af landsins eigin börnum. Einstakir menn hugsa um það, ef þeir leggja út í eitthvert fyrirtæki, hvort það muni vera sóma þeirra samboðið. Það er ekki ætíð fljótfengnasti gróðinn, sem er beztur. Þetta gildir jafnt um þjóðirnar og einstaklingana. Og eg fyrir mitt leyti vil heldur vita blett á einstökum manni, en á þjóðinni í heild sinni.

Höfundur móðurmálsbókarinnar talar undarlega hluti um Íslenzkuna. Hann heldur því fram, að málið spillist ekkert, þó að útlend orð séu tekin upp í það. En mér er spurn, er ekki málið sett saman úr einstökum orðum? Og er það engin skemd á málinu, ef öll orðin eru útlend? Og hvernig á að reisa skorður við því, að svo verði, ef allir þessir skriffinnar sem »skrifa til að lifa«, mega gleypa í sig bjöguð orð og bjagaðar slettur, hvar sem þeir heyra þær eða sjá. Hvað verður úr málinu annað en eintómur hrærigrautur bæði í setningaskipun og öðru? *(Jón Ólafsson:* Vesalings Snorri Sturluson) Það var svo sjaldgæft að Snorri Sturluson notaði útlend orð, að hann þarf ekki að hafa þingm. fyrir málaflutningsmann. Annars vil eg flytja lof þessum sama hv. þm. fyrir það, að hann hefir alla æfi lagt mikla áherzlu á, að finna ný íslenzk orð yfir nýjar hugmyndir. Hann á skilið þakkir fyrir mörg nýyrði er hann hefir gert. Eg nefni til dæmis orðið kvikmyndir, sem er ágætt orð. En því vill hann nú ekki kalla »lotteri« happdrætti? Hefir ekki þessi sami maður gert fjöldamörg nýyrði, er hann þýddi »Um frelsið« eftir Stuart Mill. Aftan við bókina er orðasafn á nokkrum blaðsíðum yfir þau. Því í ósköpunum gerði hann sér þetta ómak, því notaði hann ekki ensk, þýzk eða dönsk orð sem til voru yfir þessar hugmyndir? En nú má hann ekki vera að því að taka við þessu eina nýyrði sem að honum er rétt. Hv. þm. rangfærði eitt er eg sagði til svars háttv. framsögum. Eg sagði að í lögum frá Alþingi væri talað um »metrakerfi í mæli og vog« og hélt því fram, að slík endileysa mundi ekki hafa sézt, ef metir hefði fengið að heita stika.

Það kemur ekki þessu máli við, að stikan hefir haft ýmsa lengd, það vissu fleiri og þögðu þó. Menn vita þó um stikuna ,að hún er lengdarmál en ekki þyngdar. *(Jón Ólafsson:* Eg talaði ekki um það) Ef hv. þm. afneitar orðum sínum þá þarf eg ekki að svara þeim. Eg endurtek þakklæti mitt til hv. þm. fyrir það, að hann studdi mitt mál svo rækilega, því að öll rökin sem hann færði, færði hann á móti sjálfum sér

Valtýr Guðmundsson: Það er von að skiftar séu skoðanir um þetta mál. Það var rétt sem háttv. framsm. minni hlutans (B. J.) tók fram, að það er ágreiningur um það í heiminum, hvort rétt sé að ala þá fýsn manna, að verða ríkir á skömmum tíma og með litilli

fyrirhöfn. En þar sem hann tók fram, að hér væri um einokun að ræða, þá er það ekki alls kostar rétt. Það er ekki svo að skilja, að með þessum lögum sé bannað, að hafa annað lotteri, eða happdrætti eins og hann nefnir það, en þetta eitt. Það er einungis bannað að hafa annað *peninga*lotteri. Í Danmörku eru mörg lotteri auk Kolonial- og Klasse-lotterisins — þau tvö hafa þar einkaleyfi — en það eru ekki peningalotteri. Þar eru: »Landbrugslotteriet«-»Vare- og Industri-lotteriet«, »Vaaben, brödrelotteriet« o. s. frv.

Þar sem háttv. frams.m. minni hlutans (B. J.) tók fram, að það væri ósamboðið Íslendingum að setja þetta lotteri á stofn, vil eg benda honum á, að eftir nefndaráliti hans sjálfs eru peningalotteri í þessum ríkjum: Þýzkalandi, Ungverjalandi, Austurríki, Ítalíu, Hollandi, Spáni, Danmörku og Serbíu. Og ef þetta hefir sett svartan blett á allar þessar þjóðir, er ólíklegt að hann sé *svo* svartur að við getum ekki þolað hann. Við þurfum ekki að setja okkur of hátt. Þá vildi hann ekki að einkaleyfið hljóðaði upp á nafn. Það getur verið dálítið til í því. En þó held eg að það sé meiri trygging að binda leyfið við nöfn þessara heiðursmanna heldur en að veita það alveg út í loftið. Ef þessir menn geta ekki, einhverra hluta vegna, komið lotteríinu á stofn, er eg þó ekki beinlínis á móti því að stjórninni verði heimilað að veita öðrum mönnum leyfi til þess. Og ef háttv. framsögum. minni hlutans vill koma með br.till. í þá átt skal eg ekki vera á móti henni. Þar sem hann fer fram á í 5. br.till. sinni að happdrættir skuli eigi vera færri en 30,000 af 50,000 hlutum, þá er það gersamlega óaðgengilegt fyrir leyfisbeiðendur. Auk þess, er því meiri tekjuvon fyrir landssjóðinn af þessari stofnun, því stærri sem vinningarnir eru, því að ef þeir eru margir og um leið smáir, eru mikil líkindi til að það fæli menn frá lotteríinu. Að minsta kosti er það svo í Danmörku, þar sækjast menn meira eftir að spila í Klasselotteríinu, þar sem vinningarnir eru færri en hærri, heldur en í Koloniallotteríinu, þar sem hæsti vinningurinn getur varla komið fyrir, en vinningarnir hins vegar svo margir, að nálega annarhver maður vinnur.

Þá vill hann ekki að Ísland bjóði betri kjör en önnur ríki. Það er satt, hér eru betri kjör boðin. En þess ber að gæta að leyfishafarnir hafa hér um bil enga sölu í landinu sem leyfið gefur, en verða að útvega nýjan markað erlendis þar sem önnur lotteri eru fyrir. Þess vegna er nauðsynlegt, þegar svona stendur á, að bjóða betri kjör en annarsstaðar eru boðin.

Ein athugasemd háttv. framsm. minni hlutans gladdi mig mjög. Hann fer svo vægt í sakirnar, að hann vill stytta einkaleyfistímann um ein 5 ár, og það til þess að eyðileggja ekki málið fyrir nefndinni. Mótstaða hans er því ekki sterkari en svo að hann sættir sig við, að málið fái framgang með þessari brt. Og það væri engin frágangssök að ganga að henni. Því að í sjálfu sér er þetta ákvæði ósköp þýðingarlítið, þar sem ráðherrann hefir heimild til að taka leyfið aftur, er lotteríð hefir verið rekið í 15 ár. Með því er fyrirbygt að lotteríið geti gert nokkurn skaða.

Þá þótti honum undarlegt að það skuli fyrirboðið að selja hluti í Danmörku. En eg þekki ekki til að það sé leyfilegt að selja danska seðla hér. Eg held að það sé óleyfilegt, að minsta kosti er óleyfilegt, að hafa hér Kollektion. Reyndar verður það ekki fyrirbygt að hlutirnir gangi kaupum og sölum manna á meðal. Það er t. d. óleyfilegt að selja danska

seðla í Svíþjóð, en þrátt fyrir það selst feikimikið af þeim þar. Það er nauðsynlegt að banna að selja hluti frá þessu lotteríi í Danmörku, eða sem mætti orða heppilegar, t. d. banna að bjóða þá opberlega til sölu, vegna danskra laga sem áskilja Kolonial- og Klasse-lotteríinu einkarétt í landinu. Að öðrum kosti mundu þessi lög koma í bága við dönsk lög og gætu því ekki fengið staðfestingu. *(Bjarni Jónsson:* Má ekki þegja um það). Nei, þetta nær að nokkru leyti til ríkisins sem Ísland er hluti af. *(Bjarni Jónsson:* Er Ísland það?). Já, að minsta kosti eftir þeirra vitund. Annars held eg, að eg þurfi ekki að eyða fleiri orðum að þessum mótbárum háttv. framsögum. minni hlutans, og býst við að háttv. framsögum. meiri hlutans (L. H. B.) taki hann til bæna.

Framsögum. meiri hl. (Lárus H. Bjarnason): Eg varð að fara út og hefi því ekki heyrt alt sem fram hefir farið. Þó heyrði eg að háttv. þm. Sfkj. (V. G.) tók ýmislegt fram, er eg hafði ætlað mér að segja. Eg býst því eigi við að geta svarað öllu, enda engin ástæða til að kveða niður aftur það sem einu sinni er kveðið í kútinn, þó að upp sé tuggið aftur og aftur. Það er ofboð erfittt að rökræða praktisk mál við háttv. þm. Dal. (B. J.) Ekki fyrir það að hann hafi ekki næga skynsemi, heldur af því að hann brúkar svo mikið hjartað en síður höfuðið, og þó er það einmitt höfuðið en ekki hjartað, sem á að ráða sannfæringu manna um praktisk mál. Lotterimálið er ekkert tilfinningamál, það er gersamlega laust við alla tilfinningu. Fyrir mér er það ekkert annað en praktiskt mál, stórt og örugt gróðafyrirtæki fyrir landssjóð. Hér má ekki selja nema 1000 hluti á missiri, hvern á 150 franka. Íslendingar gefa því í lakasta falli út 150,000 franka eða 108,000 kr. á missiri, en vinna af því aftur 70% eða um 75,000 kr. og töpuðu landsmenn þá ekki nema 35,000 kr. En í móti þessu fengi landssjóður 138,000 franka á missiri eða 100,000 kr. og geti jafn vel fengið um 270,000 fr. eða um 194,000 kr. Það er því síður en svo, að þetta sé hættuleg »spekulation«.

Þá er nafnið á þessari stofnun happdrætti. *(Bjarni Jónsson:* Gott að það lærist). Eg held að háttv. þm. Dal. (B. J.) sé ekki sýnt um að mynda nýyrði. Hann nefnir eitthvert Hetverjaland í nefndarálitinu sínu. Tveir íslenzkufróðustu þingmenn deildarinnar hafa gefist upp við að skilja það. Annar gat þess þó loks til að það mundi eiga að tákna Hessen. Annað dæmi miður fallegs nýgervings h. þm Dal. er orðið hlutsölumaður fyrir Kollektör, því má ekki kalla slíkan mann hlutsala sbr. kjötsali.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði aftur, að vér gætum ekki sett lög um lotterí, sem giltu fyrir Danmörku. Háttv. þm. má þó muna það, að honum var fyrir nokkrum mínútum bent á það, að vér höfum sett lög um danskar stofnanir, eins og t. d. um málskotsfrest til hæstaréttar, ríkisráðið o. fl.

Sami háttv. þm. sagði og, að óheppilegt væri, að leyfið væri bundið við nafn, það mundi geta valdið vandræðum, ef einhver leyfishafa félli frá. Hv. þm. Sfjk. (V. G.) hefir svarað þessu, en eg skal þó bæta því við, að eg hefi hugsað mér að skjóta því inn við 3. umr., að noti leyfishafar ekki leyfið innan tiltekins frests, þá sé ráðherra heimilt að veita leyfið öðrum.

Háttv. þm. fór að segja sögu úr nefndinni. Söguburður þykir aldrei fallegur, en því ljótari, ef sagan er ekki rétt hermd. Eg vil bera það undir alla hv. nefndarmenn, hvort eg hermi ekki rétt frá, að þeir hafi verið spurðir af leyfisleitendum, er kvaddir voru á fund með

nefndinni, hvort nefndarmenn vildu ekki leggja frekari spurningar fyrir þá. Hv. þm. Dal. (B. J.) svaraði því neitandi eins og aðrir nefndarmenn og kvaddi gesti vora með þökkum.

Hann sagði, að það væri ósamræmi hjá mér að þykjast vilja afla landssjóði sem mestra tekna, en geta þó ekki gengið að því, að 10% renni í landssjóð. Eg vildi það feginn, en það yrði ekkert úr lotteríinu með því móti og því tek eg það sem hægt er að fá.

Sami háttv. þm. sagði enn fremur, að öll önnur lönd legðu hærri skatt á þess konar stofnanir en hér væri farið fram á. Eg þori nú ekki að deila um það við viðskiftaráðunautinn, eg hefi ekki rannsakað það. En það væri ekkert undarlegt þótt svo væri, vegna þess að önnur lönd leggja sig sjálf fram sem markað, en það gerum vér ekki. Einnig er þess að gæta, að í öðrum löndum mun hvergi vera ákveðið neitt lágmark, sem slíkar stofnanir greiði til ríkissjóðanna. En hér er það ákveðið, og skiftir það miklu.

Sami háttv. þm. var að tala um að eftirlitið mundi ekki verða nægilegt úti í Khöfn. Það lægi nær að telja fullmikið borið í eftirlitið, en að telja það of lítið, þar sem eftirlitsmennirnir eiga að verða 6 í Khöfn og allir útnefndir af ráðherra. En um það, að Danir séu í nefndinni og að ekki megi selja seðla í Danmörku eða nýlendum Dana, er það að segja, að lítil mundi von til að frv. yrði staðfest, ef svo væri eigi tilskilið. Dönum mundi ekki annars kostar þykja gætt, sem skyldi, hagsmuna beggja dönsku lotteríanna.

Viðvíkjandi athugasemdum hæstv. ráðh. (H. H.) um frv., þá get eg þess, að þær munu athugaðar til 3. umr.

Að svo mæltu leyfi eg mér að leggja það til, að hv. deild samþykki brtill. meiri hluta nefndarinnar og síðan frv. þannig breytt. Deildin vinnur landinu þarft verk með því, hlýfir landsmönnum með því móti við þungum álögum.

Bjarni Jónsson: Eg veit varla, hvort betri er brúnn eða rauður, en held eg verði þó að byrja á hv. framsögum meiri hl. (L. H. B.).

Hann sagði að erfitt væri að rökræða við mig. Hann er maður rökfimur, og sýna þessi orð hans því, að hann hefir illan málstað að verja.

Hann sagði að hjá mér gætti mest tilfinninganna. Það er illa til fundið í þetta sinn að bregða mönnum um bráðar tilfinningar í þessu máli, því að hér er um sóma landsins að tefla. Og er ilt að atyrða þá menn, sem ekki þykir landinu tækur sá fjárafli, er því er ósæmilegur. Hér er ekki á öðru að byggja en tilfinningunni í þessu sambandi. Eg hefi sýnt fram á það í nefndaráliti mínu, að mín tilfinning hér er í samræmi við skoðun þeirra manna, sem hæst og bezt standa siðferðislega.

Sami hv. þm. átaldi mig fyrir málvillur og spurði, hvar Hetverjar væri. Honum hefði mátt vera kunnugt, að t í innhljóði í íslenzku svarar til ss í þýzku, og hefði hann átt að hugsa til þess er hann át, að eta er sama sem essen, og Hetverjar þá sama sem Hessenbyggjar. Hv. þm. mun vanur að beita fremur svipu en rökum, og hjá honum kennir nokkurrar leti, er hann nennir ekki að eyða útlendum slettum í máli voru.

Hann bar mér það, að eg væri óheppinn í nýyrðum; eg skal ekki um það þrátta, en flestir, sem vit hafa á, segja öfugt.

Sami háttv. þm. fór út í einokun í sambandi við þetta. Hér kennir ósamkvæmni hjá honum, er hann vill leyfa einokun í þessu en ekki í öðru. Mín skoðun hefir jafnan verið sú, að landið

mætti sjálft annast verzlun í landinu ef nauðsyn krefði, en aldrei leigja verzlunina og þá ekki heldur leyfa mönnum að selja þessa vörutegund í landsins nafni.

Hann fann enn að því, að eg væri að citera í stöðulögin. *(Valtýr Guðmundsson:* Er það íslenzka að *citera. Lárus H. Bjarnason:* Eg hefi ekki nefnt »stöðulögin« á nafn). Þetta hefi eg eftir honum sjálfum og öðrum hans félögum. Eg tel mer ekki skylt að þýða ræður þeirra, og er þeirra að veita áheyrendum orðabætur. Hann vitnar í stöðulögin og er mér samdóma um það, að þau bindi oss ekki, heldur að eins Dani.

Hann sagði, að eg hefði verið með sögur úr nefnd. Eg bið fyrirgefningar, ef mér hefir missagst. En eg sagði satt, og situr ekki á honum að víta, þar sem hann sjálfur fór með sögur, þótt hann kunni ef til vill að segja, að óvandaðri sé eftirleikurinn. *(Lárus H. Bjarnason:* Eg hafði leyfi til þess frá nefndinni og saga mín var að eins leiðrétting á sögu hv. þm.). Hv. þm. hefir ekki haft tækifæri til að tala um það við nefndina.

Eg hefi ekki minst á það við leyfisbeiðendur þessa, hvort þeir vilji ganga að því að greiða 10 af hundraði, en mér er kunnugt um það, að ekki er minna á lagt í öðrum löndum.

Eg hefi ekki sagt, að Ísland gæti ekki haft happdrætti annarsstaðar, en eg tel ekki sómasamlegt Íslendingum að hafa slíka stofnun annarsstaðar en í Reykjavík og að eftirlit sé hér. Allur heimur mundi líta svo á, að hér væri um nýlendustofnun að ræða og mundi mjög rýrna virðing vor í augum erlendra þjóða. Andans göfgi er ekki skiftandi fyrir aura gnægð.

Hv. framsögum. (L. H. B.) þótti undarlegt, að eg vil setja »utan Íslands« fyrir »utan ríkis«. »Utan ríkis« þýðir ekki annað að réttum lögum en utan Íslands. Þá er eg hræddur um að bræðingsmenn mundu telja það þýða: »utan danska ríkisins« og láta eigi ónotað það tækifæri til að játa land sitt undirlægju. Og fyrir því vil eg breyta.

Þá vík eg að háskólakennara þeim úr Danmörku, sem hér situr. Það er sýnt, að honum er danskan munntömust; ugglaust 50 sinnum tók hann sér í munn skrípiyrðið lotteri. Hann sagði enn, að oss væri ekki vandaðra um að taka upp slíka stofnun en ýmsum löndum, sem eg nefndi í nefndaráliti mínu. En hann hefir ekki gætt þess, að eg tók líka fram, að merkustu menn og vitrustu á þessi efni eru einróma andvígir þessari stefnu. Stofnanir þessar eru víðast afargamlar og ekki unt að kveða þær niður. En hvað sem því líður, geta Íslendingar haft sína skoðun fyrir sig; þeim væri helzt ætlandi að sjá sóma sinn og ættu ekki stöðugt að hanga aftan í öðrum þjóðum.

Hann lagði á móti því, að leyfið væri veitt án nafns, en þar hygg eg að réttast sé að treysta stjórninni til að sjá um að velja aðra jafngóða, þótt nöfn sé ekki nefnd.

Sami háttv. þingm. lagði enn á móti því að sett væri 30 þús. vinningar af 50 þús. seðlum, og hélt að þetta ákvæði væri til skaða og drægi úr ginningunum; en svo er ekki, stóru ginningarnar standa fyrir því, og er það öfugt, því að með þessu verður fyrirtækið aðgengilegra.

Hann brá mér um ósanngirni, og er það ómaklegt; mínar tillögur eru sanngjarnar og þær vægustu, sem vér getum lotið að Íslendingar.

Þá mintust þeir á, að vér yrðum að gæta hagsmuna Dana. Hverju skifta oss þeir. Eg skil ekki annað en að þeir geti verndað sig sjálfir; oss ferst ekki að banna að selt sé hjá þeim, enda hafa þeir þegar sett lög um það sjálfir.

Eggert Pálsson: Eg skal ekki vera eins langorður og hinir aðrir hv. þm., sem talað hafa. Mér virðist þetta mál vera svo ósköp einfalt, þótt það sé stórmál kallað. Spurningin er ekki önnur en sú, hvort þm. vilja stuðla að því, að tekjur landssjóðs séu auknar, án þess að íbúum landsins sé að nokkru íþyngt. Þegar nefndin hafði þetta mál með höndum, þá vakti það eitt fyrir henni, að reyna að það gæti gefið landssjóði sem mestar tekjur að unt væri. Og árangurinn af því er orðinn sá, að árgjaldið hefir verið hækkað úr 2% upp í 4%, án þess þó að lágmarki gjaldsins í landssjóð yrði breytt. Lengra varð leyfishöfum ekki þokað. Við höfðum þá til viðtals í nefndinni og á undirtektum þeirra skildum við, að þeir mundu hætta við alt saman, ef farið væri fram á hærra ársgjald en gert er nú í brtill. nefndarinnar. Við vildum því ekki halda málinu meir til streitu, einkum þar sem lágmarkið, 138 þúsund frankar, tvisvar á ári, átti að fá að halda sér.

Hvað viðvíkur þeirri vansæmd sem hv. framsögum. minni hlutans (B. J.) er að tala um að við gerum okkur með því að samþykkja þetta frumv., þá get eg ekki séð að við þurfum að láta okkur annara um sóma okkar en önnur lönd — og okkur ferst það sannarlega ekki að setja okkur upp á háan hest, einkum nú á þessum tímum, þar sem við þurfum svo nauðsynlega á peningum að halda í landssjóðinn.

Annars stóð eg ekki upp til að tala um frumvarpið sjálft, því að afstaða mín til þessa máls var fastráðin þegar áður en þessar löngu umræður hófust — og svo hygg eg að verið hafi um fleiri hv. þingm. Það var vegna ágreinings milli hv. þm. Dal. (B. J.) og hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) að eg tók til máls. Hv. þm. Dal. sagði í fyrstu ræðu sinni, að þeir menn, sem sótt hafa um einkaleyfið til stofnunar peningalotteris og kvaddir voru á fund nefndarinnar, hafi gengið af fundi áður en þeir lykju svörum sínum við spurningum þeim, er fyrir þá voru lagðar. Þetta er ekki rétt hermt. Það er öllum mönnum kunnugt, að þessir menn eru svo kurteisir, að enginn mun ætla þeim það, að rjúka burtu án þess að svara öllum spurningum nefndarmanna. Það hlýtur því að liggja í orðum hv. þingm. Dal., að hann hafi verið einhverju ofbeldi beittur, þannig að hann hafi ekki, sem minni hluti, fengið leyfi til þess að koma fram með allar þær fyrirspurnir, er honum lágu á hjarta. En því fór fjarri. Menninirnir spurðu einmitt áður en þeir fóru, hvort enginn nefndarmaður vildi koma með frekari fyrirspurnir. Þar lá á valdi hvers nefndarmanns sem var, að koma með sjálfstæðar spurningar. En þeir kváðu nei við. Þetta get eg, sem formaður nefndarinnar vottað. En hitt efast eg ekki um, að kannske hafi búið einhverjar athugasemdir í brjósti háttv. þingm. Dal. — en hann kom ekki fram með þær þá — enda sumar hverjar sennilega þess eðlis, að undarlegt hefði verið að leggja þær fyrir leyfisleitendur — svo sem t. d. hvort sóma landsins væri ekki misboðið með stofnun þessa lotteris.

Að svo mæltu sé eg ekki ástæðu til að tala frekara um málið, enda er það þegar þaulrætt, og eg ætlaði mér aldrei annað en að leiðrétta þessa frásögn hv. þm. Dal. (B. J.).

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það eru aðallega tvö atriði í ræðu hv. þm. Dal. (B. J.), sem eg vildi minnast á.

Í fyrsta lagi hafði hann eftir mér það, sem átti að vera aðalatriðið í ræðu minni, og — eg vil ekki segja rangfærði — en að minsta kosti misskildi hann það, sér hagkvæmlega. Hann

sagði, að eg hefði haldið því fram, að þar sem lotterí væru bönnuð með lögum, tíðkuðust þau jafnt eftir sem áður. Þetta er rangt hermt. Eg sagði, að í þeim löndum sem lotterí væri bönnuð, tíðkuðust samt sem áður aðrir féglæfrar, vegna þess hvernig mannlegri náttúru er farið — og hversu ílöngunin í fjárgróða á skömmum tíma og með lítilli fyrirhöfn væri mönnum ríkt í brjóst blásin. En þar sem spilafýsninni er fullnægt á annan hátt, t. d. með því að leyfa lotterí með lögum, þar eru almenn fjárhættuspil og féglæfrar mikið ótíðari — enda gefur það að skilja.

Hv. þm. gaf það og í skyn, að það væri skoðun mín, að ekki ætti að samþykkja nein lög, sem hætt væri við að yrðu brotin. Hann heldur víst að ekki þurfi að segja annað en að eitthvað, sem er fordæmanlegt, sé bannað, og þá sé það þegar í stað upprætt. En þetta voru ekki mín orð. Eg sagði, að þegar brotið væri svo alment, að lögvaldið gæti ekkert við ráðið, yrðu lögin ekki annað en dauður bókstafur, þá væri þýðingarlaust að vera að banna.

Ástríðum mannanna verður aldrei útrýmt með lögum. »Þótt náttúran sé lamin með lurk, leitar hún heim um síðir.«

Eg skal minnast á það t. d. að í rómversk-kaþólskum sið, þá var öllum klerkum bannað að kvongast. En við þurfum ekki að fara lengra aftur í tímann en til Jóns biskups Arasonar, sem var margra barna faðir, til þess að sjá, að eðlilegri fullnægju mannlegrar náttúru verður ekki varnað með lögum. Það má lögbanna mönnum að kvongast, en þeim verður ekki varnað að geta börn — leynt eða ljóst. Í lútherskum sið eru flestir prestar einnar konu eiginmenn, því að þar er engin nauðung lögð á, en fremur hefir hitt þótt brenna við hjá kaþólsku-prestunum, að þeir væru ekki við eina fjölina feldir. Grísk-kaþólska kirkjan leyfir lægstu klerkastéttinni að kvongast og er það nokkuð skynsamlegra.

Eg skal segja hv. þm. dálitla sögu, þessu máli mínu til stuðnings. Þegar eg var 24 ára gamall, kom eg einu sinni í Indíánabæ í Ameríku. Íbúar voru eitthvað á 3ja hundrað, og þar af voru að eins 3 menn hvítir — einn Bandaríkjamaður, einn Svíi og einn Rússi. Rússinn var prestur, en var í tölu heldri presta, og mátti því ekki kvongast. Eg hitti í þessum bæ einn Indiána að máli. Það voru mörg börn að leika sér þar á götunni í kring. »Eru þetta börnin yðar?«, sagði eg. »Ónei! Það eru börnin prestsins okkar. Hann á öll börnin í bænum«. Enda sá eg þess ljósan vottinn, að minsta kosti fjöldi barnanna voru kynblendingar. Þarna er eitt dæmið enn, að lögin hepta ekki mannlegar ástríður.

Þá mintist hv. þm. enn þá einu sinni á metramálið. Hann sagði, að ef nýyrðin hans væru notuð, þá mundi engum detta í hug önnur eins fjarstæða og það, að miða vog við metur. Ef orðið stika væri notað, þá sæju allir, að það væri lengdarmál og þyngd yrði ekki miðuð við það. Hitt kæmi af því, að menn skildu ekki orðið meter. En ef hv. þm. hugsar sig um, þá hlýtur hann að sjá, að þetta er engin fjarstæða. Það er einmitt *alt* mál miðað við metrið. Ekki að eins lengdin, heldur einnig rúmmál og þyngd. Flatarmál er miðað við fermetur og rúmmál við teningsmetur, en þyngd er aftur miðað við teningsmál eða □ tengingsmetur, því að $^1/_{1000}$ teningsmeturs af vatni er 1 kílógramm, í einn líter. Hér yrði engin breyting á, þótt hann kallaði metrið stiku — það hangir alt svo nákvæmlega af lengdarmálinu sem frumeining þeirri, sem alt er miðað við.

Framsögum. minni hlutans (Bjarni Jónsson): Þar sem hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að eg hefði misskilið hann, þá er það ekki rétt. Þau orð, er hann hafði yfir, sagði eg ekki eftir honum, heldur frá mínu eigin brjósti. Og eg endurtek það ennþá einu sinni, að aðrir féglæfrar og fjárhættuspil tíðkast engu síður í þeim löndum, þar sem happdrætti er leyft. En það er rétt — hv. 2. þingm. S.-Múl. sagði þetta ekki — hann varaðist að nefna það, sem von var.

Þá talaði hv. þingm. mikið um ástæður mannanna og sagði sögu um barneignir í Indíánabæ, sem eg ætla mér eigi að barna fyrir honum. Háttv. þm. hefir gaman af því að segja sögur, einkum af sjálfum sér — hann hefir sagt þær fleiri hér í deildinni, t. d. söguna um bola, sem var farið með á markað o. s. frv., en eg get bara ekki séð, hvað slíkt kemur við leyfisumsókn til þess að stofna happdrætti.

Út af orðum hv. þm. um það, að rétt sé í lögunum að tala um að metrakerfið, sem hann svo nefnir, skuli notað að því er snertir rúmmál og þyngd, þá þarf eg ekki að vera langorður um það. Því að það er hverjum manni ljóst, að ekki er hægt að mæla þyngd með lengd. Og þótt ákveðið rúmmál af vatni sé lagt til grundvallar til þess að tákna þyngdina, þá er það vatnið, sem er aðalatriðið. Ef svo væri ekki, þá mætti eins setja gull eða blý í staðinn. Hv. þm. hefir því engan veginn bjargað sinni sök með þessu. Annars er það hvorttveggja rangt að tala um metrakerfi og stikukerfi — heldur á að nefna það tugakerfi. Margföldun og deiling með 10 er það eina, sem er sameiginlegt fyrir táknin á lengd, rúmmáli og þyngd.

Þá þarf eg að svara formanni nefndarinnar, hv. 2. þm. Rang. (E. P.) nokkrum orðum. Það var alls óþarft af honum að fara að halda langa ræðu út af því sem við hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) höfðum áður talað um í mesta bróðerni og komið okkur saman um. *(Lárus H. Bjarnason:* Það var nauðsynlegt, því að hv. þm. Dal. hafði skýrt rangt frá). 1. þm. Rvk. (L. H. B.) hafði skýrt rétt frá einu atriði, nefnil. því, að eg hefði tekið kurteislega í hendina á leyfisleitendum. Hitt voru tómar missagnir hjá honum. Eg hefi aldrei brugðið mönnunum um, að þeir hafi ekki svarað spurningum þeim, sem fyrir þá voru lagðar. Eins og eg hefi áður tekið fram, þá met eg þessa menn, minsta kosti þá tvo, sem eg þekki, mikils, og það væri fjarri mér að fara að bregða þeim um ókurteisi. Hitt er annað mál, að annar en eg tók strax aðalforustuna og lagði fram spurningar, svo að aðrir komust ekki að — sízt þeir, sem ekki liggur hátt rómur.

Eg get ekki verið sammála hv. 2. þm. Rang. (E. P.) um það, að hér beri ekki að tala um hvað sómasamlegt sé landinu. Eg hygg að fáar samkundur ættu að láta sér annara um sóma landsins en einmitt þessi.

Það var að eins eitt atriði í ræðu hv. þm., sem rétt var, nefl. það, að umræðurnar mundu ekki snúa mikið hugum manna. Eg veit að hér er meiri hluti á þingi, sem ætlar að keyra þetta mál fram, og er ekki kominn hingað til að sannfærast. Það er ósköp algengt, en eg get ekki betur gert en látið þeim rök í té, sem ættu að geta sannfært þá.

Að svo mæltu skal eg ekki fara frekari orðum um málið, að sinni.

ATKV.GR.:

2. br.till. á þgskj. 146 feld með 12 : 3 atkv.

1. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 18 shlj. atkv.

3. br.till. á þgskj. 146 feld með 13 : 3 atkv.

4. br.till. á þgskj. 146 sþ. með 18 shlj. atkv.

2. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 14 shlj. atkv.

5. br.till. á þgskj. 146, 1. liður, feldur með 15 : 3 atkv.

5. br.till. á þgskj. 146, 2. liður, feldur með 12 : 3 atkv.

3. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 16 shlj. atkv.

6. br.till. á þgskj. 146 feld með 13 : 4 atkv.

7. br.till. á þgskj. 146 feld með 14 : 4 atkv.

4. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 18 shlj. atkv.

5. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 15 shlj. atkv.

8. br.till. á þgskj. 146 feld með 11 : 6 atkv.

6. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 19 shlj. atkv.

7. br.till. á þgskj. 147, fyrri liður, sþ. með 17 shlj. atkv.

7. br.till. á þgskj. 147, síðari liður, sþ. með 18 shlj. atkv.

8. br.till. á þgskj. 147 sþ. án atkv.gr.

9. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 20 shlj. atkv.

10. br.till. á þgskj. 147 sþ. án atkv.gr.

9. br.till. á þgskj. 146, fyrri liður, feldur með 12 : 6 atkv.

9. br.till. á þgskj. 146, síðari liður, feldur með 12 : 4 atkv.

11. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 21 shlj. atkv.

12. brt. á þgskj. 147 sþ. án atkv.gr.

10. br.till. á þgskj. 146 feld með 10 : 6 atkv.

13. brt. á þgskj. 147 sþ. án atkv.gr.

14. brt. á þgskj. 147 sþ. án atkv.gr.

1. gr. frv. með áorðnum breytingum sþ. með 18 : 1 atkv.

15. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 15 shlj. atkv.

16. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 19 shlj. atkv.

11. br.till. á þgskj. 146 feld með 10 : 4 atkv.

3. gr., nú 2. gr., þannig breytt, sþ. með 15 : 1 atkv.

17. br.till. á þgskj. 147 sþ. að sjálfsögðu.

18. br.till. á þgskj. 147 sþ. með 13 shlj. atkv.

12. br.till. á þgskj. 146 feld með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Jón Jónsson Rvk.
Björn Kristjánsson	Guðl. Guðmundsson
Einar Jónsson	Hannes Hafstein
Kristján Jónsson	Jóh. Jóhannesson
Ólafur Briem	Jón Jónsson S.-Múl.
Sig. Sigurðsson	Jón Magnússon
Skúli Thoroddsen	Jón Ólafsson
Stefán Stefánsson	Lárus H. Bjarnason
Tryggvi Bjarnason	Matth. Ólafsson
Þorleifur Jónsson.	Pétur Jónsson
	Valtýr Guðmundss.

Halldór Steinsson greiddi ekki atkv. og var því talinn með meiri hlutanum.

19. brt. á þgskj. 147 sþ. án atkv.gr.

4. gr. frv., sem verður 3. gr., sþ. með 15 : 1 atkv.

1. br.till. á þgskj. 146 feld með 14 : 3 atkv.

Fyrirsögn frv. þá sþ. að sjálfsögðu.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 : 2 atkv.

Þriðja umr., 9. Ágúst.

Frsm.meiri hl.(Lárus H.Bjarnason): Það er í rauninni óþarfi að fjölyrða um br.till. þær er fram hafa kom-

ið. Br.till. á þgskj. 181 og 184 eru allar frá nefndinni og flestar eingöngu orðabreytingar. 1. br.till. á þgskj. 181 er að eins orðabreyting; oss þykir fara betur á að raða setningum þannig hugsunarsamhengið verður gleggra. 2. brtill. er að nokkru leyti orðabreyting, en jafnframt að nokkru leyti efnisbreyting. Að svo miklu leyti sem hún er aðeins orðabreyting kemur hún fram að tilhlutun hæstv. ráðherra (H. H.) er benti á, við 2. umr., að orðalagið gæti valdið misskilningi. En auk þess breytir hún efni frv. með því, að með henni veitist ráðherra heimild til að veita öðrum leyfi til að stofna lotteri hér, ef hinir nafngreindu menn hafa ekki notað leyfið innan tiltekins tíma. Ennfremur er stofnfresturinn styttur með br.till. um 3 mánuði, fluttur frá 31. Des. til 1. Okt. Við síðustu umræðu var það orðað að leyfisleitendur mundu treysta sér til að stofna lotteríið fyrir 1. Júlí 1913, en 1. Október varð þó ofan á eftir nánari íhugun leyfisbeiðenda, enda leggur nefndin nú til (á þgskj. 184) að lögin gangi fyr í gildi en venjulegt er, sem sé þegar er staðfesting þeirra er birt í B. 3. br.till. á þgskj. 181 er orðabreyting fram komin að tilhlutun hæstv. ráðherra (H. H.). Hann áleit að misskilja mætti orðalag 2. málsgr. 1. gr. e, þannig að ákvæðið: »en *þeir* hafa fyrirgert« etc, ætti að eins við þá upprunalegu leyfishafa. Verði orðalaginu breytt eins og við leggjum til, nefnilega í «Leyfishafar fyrirgert« etc. Þá er a. m. k, ekki hægt um að villast að hér er átt við alla leyfishafa á hvaða tíma sem er, svo sem til var ætlast og raunar lá í orðunum. — 4. og 5. brtill. eru báðar eingöngu orðabreytingar, og í rauninni 6. br.till. líka, um að í stað: »utan ríkis« komi »utan Danmerkur og nýlenda hennar«. Hv. minni hl. nefndarinnar, þm. Dal. (B. J.), amaðist við þessum orðum við síðustu umr. og komum við því fram með þessa br.till. til að firra hann hræðslu við nýjar innlimunartilraunir. Eg hélt satt að segja, að við mundum verða lausir við óværð af hans hendi ef látið væri af að minnast »ríkisins«, en reynslan sýnir að það á ekki að takast. Br.till. hans á þgskj. 183 sýna að hann er enn ekki ánægður. Þær sýna að hann leggur sig í framkróka til að koma frv. fyrir kattarnef. Annars sé eg ekki betur en að samskonar till. hafi komið fram og verið feld hér áður, og sé svo, þá er það brot á þingsköpunum, að hún er látin koma fram aftur nú. Eg skýt þessu að eins til hæstv. forseta, án þess eg vilji gera frekari rekistefnu út úr því. Annars þarf ekki að eyða mörgum orðum að þessum br.till. háttv. þm. Dal. (B. J.). Eg hefi áður tekið það fram, að ástæða meiri hluta nefndarinnar til að vilja ekki, að seðlar lotterísins séu seldir í Danmörku er eingöngu sú, að að öðrum kosti mundi frumv. hætta búin. Það er ekki óhætt við að frv. yrði synjað staðfestingar ef lotteríinu væri ætlað að keppa við ríkislotteríið danska og nýlendulotteríið. Af sömu rótum er og hitt sprottið, að við viljum ekki að bannið gegn sölu útlendra lotteríseðla nái til danskra lottería. Danska ríkið hefir mikinn arð af lotterii sínu og stjórnin danska mundi tæplega láta sér lynda að seðlar þess væru útilokaðir frá íslenzkum markaði. Sömuleiðis er hætt við að menn eins og Richelieu og Heide, sem eru aðalmennirnir í nýlendulotteríinu, mundu reyna að bregða fæti fyrir þetta frumv., ef þeim væri meinað að selja seðla hér.

Mér þykir það einkennilegt, að háttv. þm. Dal. (B. J.) sem taldi lotteri féglæfra, skuli nú vilja fela núverandi ráðherra, sem hann hefir ekki alt af

borið mikið traust til, að leyfa að selja megi jafnt alla seðlana, 50,000 talsins hér á landi! Meiri hluti nefndarinnar vill, að löggjafarvaldið, alþingi í samráði við konung, ákveði hversu hátt markið fyrir sölunni megi vera, enda leggur meiri hlutinn fast á móti báðum br.till. þremenninganna. Mér þykir leitt að þeir hafa ekki viljað fylgja meiri hlutanum í þessu, það því fremur, sem 1 af nefndarmönnunum hafði verið orðaður »foringi« þeirra.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Við síðustu umræðu þessa máls fór eg nokkrum orðum um hvers eðlis það væri, en talaði ekki um undirbúning þess. Það dettur inn á þingið fullkomlega óundirbúið. Enginn hefir um málið hugsað, og engar fullnægjandi bækur eru hér er menn geta fræðst af um það. *(Jón Ólafsson:* Nægar til!) Undirbúningsleysið sést meðal annars á því, að lögin eru þýðing á lögum fyrir danskt happdrætti, »Kolonial-lotteri«. Þeim er að eins vikið við á fáum stöðum, t. d. er opnað sæti handa gæðingum landsins í stjórn happdrættisins, þar sem stjórnendur eiga að vera 6 og þar af 3 Íslendingar. Eg get ekki séð að þingmönnum hafi gefist nokkur kostur á að kynna sér þetta mál. Eg talaði síðast um skaðsemi slíks fyrirtækis. Eg endurtek það nú, að slíkt happdrætti er afarskaðlegt, og er það ekki mín skoðun einsamals, heldur margra mestu fjármálamanna Norðurálfu. Enginn má halda að eg vilji halda mér sjálfum fram sem átrúnaðargoði.

Í enska heiminum eru happdrætti talin hin mesta óhæfa. Afleiðingin af því að Ísland ljær nafn sitt til að leppa slíkt fyrirtæki, verður óhjákvæmileg sú, að landið missir álit og traust í útlöndum; lánstraust mundi þverra, og mundi þetta vega meir en sá hagnaður sem við gætum haft af fyrirtækinu. Enda er sá hagur ekki neitt tröllaukinn, því að árgjaldið getur ekki orðið hærra en 432 þús. kr. ef hver seðill selst.

Svo er eitt, ráðherra er gefin heimild til að leyfa að selja megi hér á landi 1000 seðla af hvorum flokki. Það geta þá orðið 300,000 kr. sem selst fyrir hér, með góðu leyfi, fyrir utan það sem selt getur orðið óleyfilega. Þegar ekki er reist rönd við þessu, mega allir sjá, hversu mikið landsmenn myndu á þessu græða, hvað sem landssjóði líður. Auk þess mundu menn venjast á slík áhættuspil og má það telja illa farið.

Hv. framsögum. meiri hl. (L. H. B.) talaði um að erfitt mundi verða fyrir mig að gera skiljanlega, fyrir öðrum en sjálfum mér, ástæðuna til að taka burt ákvæðið um að ekki megi selja hér nema 1000 seðla. Eg vildi með þessu koma í veg fyrir, að það stæði í lögum frá Alþingi að ekki megi selja nema $^1/_{50}$ í landinu sjálfu. Þegar eitthvert erlent verzlunarfélag vill njóta einhverra réttinda hér á landi, þá fær það vanalega íslenzka menn til að ljá nöfn sín. Slíkir menn eru almennt kallaðir leppar, og hefir það aldrei verið álitið göfugt nafn eða heiðarleg vinna. Ef þetta er látið standa, er lepps-brennimarkið óafmáanlega sett á íslenzku þjóðina. Eða getur nokkrum manni þótt það sómasamlegt að lána nafn landsins til að hægt sé að fara í kring um lögin í öðrum löndum.

Það er þess vegna sjálfsagt að samþykkja brt. okkar, að ráðherra ákveði hvernig haga skuli hlutsölunni hér á landi.

Svo leggjum við líka til, að bannað sé að selja hluti nokkurs annars peningalotteris hér á landi.

Þó ráðherra leyfði að selja hér 2000 seðla eða meira, yrði það ekki meira en þessir 1000 seðlar, sem frv. heimilar, að viðbættu því sem selst frá hinu svo-

kallaða Kolonial-lotterii, og Klasse-lotteri. Enda má eftir lögum þessum selja hvern seðil þeirra hér á landi, ef þeir ganga út.

Að það geti komið til greina, sem framsögum. meiri hl. (L. H. B.) talaði um, að einhverir málsmetandi menn í Danmörku myndu koma í veg fyrir konungsstaðfestingu ef þetta væri bannað, get eg ekki skilið. Væri þetta mótgerð móti Dönum, myndi það vekja óvild í öðrum löndum móti lögunum. Og þeir myndu þá borga okkur í annari mynt, ekki þægilegri.

Frá sjónarmiði meiri hluta nefndarinnar ætti að vera nóg að leyfa þessum mönnum að hafa drættina hvar sem þeir vildu, hvort heldur í París eða Hamborg, en ekki einskorða það við Kaupmannahöfn. Væri það þá leyfishafa, að fá sér leyfið þar.

En eins og eg hefi áður tekið fram við fyrri umr. þessa máls, álít eg þessa happdrættisstofnun vera landinu til ósóma og fjárhæðina svo litla, að ekki sé gerandi að láta landið stofna sóma sínum í tvísýni fyrir svo lítið.

Eg vil því leyfa mér að skora á alla þá, sem atkvæði eiga um þetta mál, að fella það, eða að öðrum kosti samþykkja þær brt., sem við höfum komið fram með.

Ráðherrann (H. H.): Eg stend upp að eins til að lýsa ánægju minni yfir því, hvað þetta mál er vel á veg komið, og eiga hinir ötulu formælendur þess og skattanefndin þakkir skilið fyrir fordóma-leysið, sem lýsir sér í alúð þeirra við þetta einkaleyfismál. Með þessum hætti nást dágóðar tekjur í landssjóð án þess að leggja nokkurn skatt á almenning, fæst þannig, að því leyti til, með þessu frv. það sama, sem vakti fyrir Alþingi í fyrra og milliþinganefndinni síðastliðinn vetur með einkasölu á kolum og steinolíu, þó að það bresti þá miklu kosti sem hin frv. höfðu í því, að tryggja almenningi betri kaup og fastara og óhvikulla verð en hingað til á mikilvægum nauðsynjum.

Mótbárurnar sem komið hafa fram móti þessu frv. eiga í því alveg sammerkt við mótbárurnar á móti einkasölufrumvörpum milliþinganefndarinnar, að þær virðast koma meira frá einhverju öðru líffæri heldur en höfðinu, vera bygðar meira á einhverjum tilfinningum heldur en á skynsamlegri hugsun. Það hefir verið talað með miklum móði um það, að þetta frv. væri landinu til ósóma, að það væri leppmenska fyrir útlendinga og hitt og þetta ljótt og óholt við það, alveg á sama hátt og fimbulfamlað var um, það, að einkasalan væri landinu ósamboðin, gæfi útlendum mönnum hagsmuni, kæmi í bága við sögulega reynslu, skoðanir Skúla sál. fógeta o. s. frv.

Eg legg þessar mótbárur alveg að jöfnu, og gleður það mig að sjá að hin hv. þingd. hefir yfirleitt tekið mótbárunum eins og þær eiga skilið, og tekið kjarnan fram yfir hismið.

Framsögum. meiri hl. (Lárus H. Bjarnason): Háttv. framsögum. minni hl., þm. Dal. (B. J.) er óþarfi að svara. Hann er nú farinn að yrkja sig upp og það er margbúið að hrekja það alt, sem hann hefir sagt. Þessar brtill. hans eru að eins veiðibrella til að reyna að fella frv.

Hæstv. ráðh. (H. H.) vill láta líta svo út, sem þetta sé spor í sömu áttina sem farið var í kolamálinu, og skal eg ekki lá honum það, eins aðþrengdur og hann er í einokunartillögum sínum. En hann hlýtur að sjá, að það er sitt hvað, einkaréttur á svona löguðu fyrirtæki og einokun á almennri nauðsynjavöru. En eg ann honum ósköp vel að lýsa þessum fögnuði sínum.

Annars er nefndin honum þakklát

fyrir undirtektir hans undir þetta mál og vonar að það takist með hans mikilsverðu hjálp, að fleyta frv. til efri deildar, þrátt fyrir allar tilraunir minni hl. til að fella það.

Framsögum. minni hl. (Bjarni Jónsson): Eg get vel skilið að hv. framsögum. meiri hlutans (L. H. B.) hliðri sér við að svara mér, því hann hefir engin rök fram að bera fyrir sínu máli.

Eg undrast undirtektir hæstv. ráðh. undir þetta mál, og eg er honum ekki þakklátur fyrir þær.

Það er auðvitað rétt, að þessar fáu krónur, sem þeir ætla að græða á þessari fjárdráttarstofnun, verða ekki borgaðar úr landssjóði, en þær koma þó úr vasa þjóðarinnar, einkanlega þegar þeir hafa ekki manndóm í sér til að banna hér sölu á seðlum annara happdrætta.

Þar sem hæstvirtur ráðherra sagði að talaði af tilfinningu í þessu máli en hann með höfðinu, þá eru það að eins hans orð. Þeir menn sem eg hefi vitnað í, tala ekki um þetta af tilfinningu nema þeirri, sem verður að vera þegar um sóma er að ræða. Og það er svo sem auðvitað að eg tala af sómatilfinningu, þegar eg vil halda uppi vörn fyrir sóma míns lands. Það vill nú svo vel til að sú tilfinning, sem hér þarf að vitna í, sómatilfinningin, er rík hjá íslenzkum mönnum og þeir fyrirlíta alla leppmensku. Þarf ekki að leiða nein rök að þessu.

Eg skal láta mér nægja þessa almennu athugasemd til svars. Mér komu mjög á óvart þessar undirtektir af stjórnarinnar hendi.

Þetta eru vissulega of dýrir peningar ef menn ætla að leggja sóma landsins í hættu fyrir þá.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla mér alls ekki að fara að svara hv. þm. Dal. (B. J.) yfir höfuð. Hann hefir nú ekki fært fram annað en sömu innantómu orðin og við síðustu umræðu, sögð með sama sjálfsánægju-smjörbrosinu og sama spekingssvipnum. Því var öllu svarað með rökum þá, og er óþarfi að endurtaka það nú.

En það er að eins ein fullyrðing hans, sem eg vildi leiðrétta. Hann sagði að svona mál hafi aldrei legið fyrir þinginu. En eg minnist þess að fyrir 11[1]) árum var frumv. um stofnun lotteris flutt inn á þing. Það var að mig minnir 1905.

Annars skal eg ekki lengja umræðurnar. Eg sé nú að það hefir verið laumað blaði á borðið hjá mér meðan eg var að tala. Það er ef til vill »innlegg« í málið:

Að horfa á 'hann er helvíti,
að hlusta á 'hann er kvalræði,
að hleypa á 'hann væri hollræði,
að hengja' 'hann væri snjallræði.

Framsögum. minni hlutans (Bjarni Jónsson): Eg er ekki við því búinn að flytja neitt fagurfræðilegs efnis. Eg hefi ekki setið við að yrkja eins og hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), ef vísan er þá eftir hann. Dreg eg efa á það af því að hún er hóti liðlegri en hann er vanur að hnoða nú á seinni árum. Mig furðar ekki svo mjög, þótt hann legði ekki út í að svara mér; til þess er hann víst of innantómur. Það hefir ekki oft heyrst annað en tómahljóð úr þeirri tunnu.

Annars skal eg benda á, að það getur verið sanngjarn mælikvarði á röksemdir hans, að hann segir að það séu 11 ár síðan 1905. (Hlátur).

ATKV.GR.:

1. brt. á þskj. 181 (orðabreyting) sþ. án atkv.gr.

---

[1]) Þannig mismælt af mér, og því ekki leiðrétt hér til rétts máls.

J. Ó.

2. brt. á þskj. 181 sþ. með 18 shlj. atkv.

3. brt. á þskj. 181 (orðabreyting) sþ. án atkv.gr.

1. brt. á þgskj. 183 feld með 12 : 5 atkv.

4. brt. á þskj. 181 (orðabreyting) sþ. án atkv.gr.

5. brt. á þskj. 181 (orðabreyting) sþ. án atkv.gr.

2. brt. á þskj. 183 sjálffallin.

6. brt. á þskj. 181 sþ. með 18 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 184 sþ. með 19 shlj. atkv.

Frv. svo breytt sþ. með 18 : 2 atkv.

Afgreitt til Ed.

Grundarkirkja.

FRUMVARP til laga um prestmötugjald til Grundarkirkju í Eyjafirði; 1. umr. (74, 107) 29. Júlí.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Eins og hv. þm. mun kunnugt fluttum við þm. Eyf. á síðasta þingi sams konar tillögu við fjárlögin og þetta frv. fer fram á, er nú liggur fyrir. Sú till. fékk þá góðan byr hér í deildinni, en var feld í hv. efri deild. Það sem frv. leggur til, er að prestmatan, sem er 2 hundruð á landsvísu og borguð er til prestanna til Grundarþinga og Akureyrar, leggist til viðhalds kirkjunni á Grund í Eyjafirði, þangað til sú sóknarskipun er komin á í héraðinu, að árlegar auknar tekjur kirkjunnar frá því sem er frá sóknarmönnum, nemi jafnhárri upphæð og prestsmatan. Þessari tillögu var andmælt að eins af einum háttv. Nd.-þingmanni á síðasta þingi, öðrum þingmanni S.-Múl., en framsögumaður fjárlaganefndarinnar lýsti yfir því, fyrir nefndarinnar hönd, að hún væri tillögunni samþykk, með sérstöku tilliti til þess, að eigandi kirkjunnar, Magnús Sigurðsson, hefir bygt hana af grunni af eigin efnum, svo að hún er ein hin vandaðasta kirkja á landinu, og þetta því að skoða sem viðurkenning fyrir framtakssemi hans.

Þessi kirkja er reist fyrir 7 árum og var þá hin gamla kirkja orðin svo hrörleg, að við slíkt var ekki unandi, en sjóður kirkjunnar þá ekki nema 1990 kr. Kirkjueigandi áleit engan vafa á, að þess mundi eigi langt að bíða, að sameinaðar yrðu kirkjusóknir í Eyjafirði og kirkjum þar af leiðandi fækkað. Á þessu svæði, sem hér er um að ræða eru nú 7 kirkjur og væri það harla óeðlilegt, ef einn prestur ætti eftir sameiningu beggja prestakallanna að þjóna þeim öllum. Kirkjumálanefndin áleit og, er hún sat á rökstólum, að rétt væri að fækka þessum kirkjum svo að þær yrðu að eins 3, og mundi þá að sjálfsögðu langmest bætast við Grundarsókn. Sennilega er breytinga í þessa átt ekki lengi að bíða — og munu þá auknar tekjur kirkjunnar frá sóknarmönnum nema eins mikilli upphæð og prestsmatan, svo að hér er ekki að ræða um langt tímabil, eftir því sem mér sýnist málið liggja fyrir. Með kirkjubyggingunni er það því eiginlega gert mögulegt, að sóknasameiningin geti átt sér stað, án tilfinnanlegs kostnaðar, annaðhvort fyrir söfnuðinn eða hið opinbera.

Málið hefir verið borið undir prófast og biskup og hafa þeir báðir verið því eindregið meðmæltir. Skal eg með leyfi hæstv. forseta lesa upp bréf biskups, um málið, til okkar þm. Eyfirðinga.

Það hljóðar svo:

»Mér barst í dag frá prófasti í Eyjafjarðarprófastsdæmi erindi frá eiganda Grundarkirkju, Magnúsi óðalsbónda Sigurðssyni á Grund, þar sem hann

fer fram á, að prestsmatan, 2 hndr. á landsvísu, sem hann greiðir presti í Grundarþingum að $^2/_3$ og Akureyrarpresti að $^1/_3$, megi framvegis ganga til Grundarkirkju, en prestunum bætist aftur úr prestslaunasjóði. Er beiðni þessari snúið til Alþingis, sem nú er saman komið, en henni ráðstafað til prófasts og biskups til meðmæla.

Prófastur hefir mælt hið bezta með beiðninni, fyrir þá sök, hve Magnús hefir mikið lagt til kirkju sinnar og hvergi er neitt berandi saman við það um land alt, fyr né síðar.

Í samráði við Magnús, í símtali, í dag, beini eg málinu til háttvirtra þingmanna Eyjafjarðarsýslu til flutn- og beztu fyrirgreiðslu. Eg býst eigi við því, að fjárveitingarvaldið vilji fella niður prestsmötuna að fullu, en lítil viðurkenning væri það, og harla makleg, að prestsmatan mætti nú í bili, meðan Grundarsókn er eigi stækkuð við sóknasameiningar, ganga til viðhalds hinni einkar veglegu kirkju. Stendur þannig svo alveg sérstaklega á, að ekki mundi það vera neitt viðsjált fordæmi. Skilst mér að slíkri veiting mætti að koma með athugasemd við fjárveitinguna til Prestslaunasjóðs.

Hugsun Magnúsar bónda mun hafa verið sú, að allur fjörðurinn fram, ætti kirkjusókn að Grund, og nógu er kirkjan stór til þess. En eg tel nú samt líklegt að í hinu sameinaða Grundarþinga-prestakalli — Grundarþingum fornu og Saurbæ — verði 3 kirkjur, í stað 7 nú, og mun þá langmest bætast við Grundarsókn.

Lengi getur þeirra breytinga eigi orðið að bíða, eins og á stendur, kirkjusameiningin óumflýjanleg þegar prestaköllin sameinast. Þetta framlag í viðurkenningarskyni við kirkjueigandann, stæði því aldrei nema örfá ár. Þegar Grundarkirkja ætti þrefalt fleiri gjaldendur en nú, væri einhver vegur til að halda henni við, og vátrygðri, o. s. frv., en ekki minsta viðlit til viðhaldsins, og um endurgreiðslu hinnar afarmiklu skuldar væri ekki að tala, með þeim tekjum, sem kirkjan nú hefir, svo sem frá er skýrt í beiðninni.

Sendi eg hv. þingmönnum Eyjafjarðarsýslu nefnt bréf Magnúsar með þeim ummælum og meðmælum«.

Af þessu má sjá undirtektir biskups, sem eg vona að hv. deild taki til greina. Tekjumissirinn, sem leiðir af þessu frv., fyrir prestana til Grundarþinga og Akureyrar er ætlast til að bætist þeim úr prestlaunasjóði. Eg sé svo ekki að þörf sé á að tala lengra mál fyrir þessu frv. Að eins skal eg geta þess, að það hafa gleymst eða fallið úr í prentsmiðjunni, aftan við 3. gr. frumvarpsins þessi orð: »Auk þeirra tekna, er nú eru«. Þessi fáu orð ættu að geta komist inn í frv. við 2. umr. Nefndarsetning álít eg ónauðsynlega, en vildi óska að málinu yrði vísað til 2. umr. og vona að því verði tekið eins vel hér í deildinni og á síðasta þingi.

Mér finnst það í alla staði eðlilegt og jafnvel sjálfsagt af þinginu að meta að verðleikum við kirkjueigandann, hinn frábæra dugnað hans og stóru fjárframlög — þar sem hann gekk að því sem vísu, að hann fengi það fé, sem hann lagði fram til kirkjubyggingarinnar, aldrei endurgoldið.

Tekjur kirkjunnar gera ekki betur, þó frumvarpið verði samþykt, en hrökkva fyrir viðhaldi kirkjunnar, en borgar að líkindum ekki nema af höfuðstólnum til núverandi kirkjueiganda, jafnvel þótt sóknasameining eigi sér stað, enda er það ekki það, sem fram á er farið, hvorki með frumvarpinu, eða af Magnúsi á Grund.

Þingið þarf heldur ekki að óttast það, að þetta frv. skapi hættulegt fordæmi, því að það er harla ósennilegt að margir verði til þess að leggja annað eins fram og þessi maður hefir gert, og þó svo væri, þá teldi eg það, síður en svo, skaða fyrir hið opinbera heldur mjög mikið happ, ætti slíkt tilfelli sér stað sem þetta.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er ekki skemtilegt að tala fyrir tómum bekkjum. Annaðhvort er að hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) hefir verið svo mælskur að tala þá tóma, eða það er eitthvert sérstakt aðdráttarafl í Ed., sem dregur þingmenn þangað. En þar sem forseti hefir ekki frestað fundi og eg hefi beðið um orðið, þá skal eg taka það fram, að eg er því algerlega mótfallinn, að landssjóður fari að leggja á sig enn þyngri gjöld til kirkna en lögboðin eru. Einkum nú, þegar sýnt er, að fjöldi manna óskar eftir aðskilnaði ríkis og kirkju, virðist það nokkuð undarlegt og harla óheppilegt að vera að reyra kirkjuna fastari böndum við landssjóð. Mér virðist líka háttv. flutningsm. (St. St.) fara dálitla krókaleið í þessu máli. Það er eins og þeir ætli að dylja menn þess eða klóra yfir það, að það er á landssjóði, sem þessi auknu útgjöld lenda. Hvaðan á að taka féð til uppbótar prestunum í Grundarþingum og Akureyri? Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) segir að það eigi að taka úr prestlaunasjóði — af lögboðnum útgjöldum landsins til kirkjunnar. En hver fyllir prestlaunasjóð, og hvaðan á að taka féð er hann þrýtur — og hann þrýtur ávalt? Auðvitað úr landssjóði. Það mætti því alveg eins fara hér hreint að verki og sækja um styrk úr landssjóði.

Þótt eg efist als ekki um, og viti með vissu, að þessi maður, sem farið er fram á að fé sé veitt til, sé mesti sæmdarmaður og alls góðs maklegur, þá sé eg ekki að það komi svo mikið *landssjóði* við. Hann hefir ekki bygt kirkjuna fyrir landssjóð. Hann er sjálfur eigandi hennar. Og hafi hann kastað út fé til fyrirtækis, sem ekki rentar sig, þá er það hans eigin sök.

Háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) gat þess, að þó að þetta fé yrði veitt nú, þá mundi það als ekki hrökkva til að borga vexti eða afborganir af láninu til kirkjubyggingarinnar. Eg vil biðja hv. þm. að taka eftir hvað í þessu liggur. Það þýðir það, að þegar kirkjan er komin að falli — hún er reist úr timbri — þá verður landssjóður bæði beðinn um nýja kirkju og einnig farið fram á það, að hann hlaupi undir bagga með afborganir af láninu. *Hér mundi því leggjast stór byrði á landssjóð*, ef vér sköpuðum þannig lagað *fordæmi* með því að samþykkja þetta frv., án þess að hugsa um afleiðingarnar. Svo er og þess að gæta að þessi maður hefir líka að nokkru fengið endurborgað þetta verk sitt, sem hann hefir gert óbeðinn. Hann er efnamaður; hann hefir fengið almenningslof um alt land og í öllum blöðum; hefir verið krossaður o. s. frv.; það er líka talsverð viðurkenning. Eg vildi, eins og eg hefi tekið fram, óska þess, að málið gangi alls ekki til 2. umr., en verði felt þegar í stað.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Háttv. þm. hefir ekki tekist að tala þm. inn í salinn, enda mun bannmálið í efri deild draga athygli þeirra meira að sér, en það mál sem hér er til umr.

Eftir því sem mig minnir, koma andmælin úr sama horninu og á seinasta þingi, enda er mönnum kunnugt um það, að þessi hv. þm. er ekki svo við-

kvæmur, þegar um kirkju- og trú-mál er að ræða, að hann vilji leggja mikið í sölurnar þess vegna.

Háttv. þm. virtist gera svoddan veður út af því er eg sagði, að með auknum tekjum kirkjunnar, sem fram á er farið með frv, mundi þó ekki gera betur en kirkjan héldist vel við, en þetta er ekkert annað en ein sönnun þess, að tilgangurinn er ekki sá að fara að endurgreiða eiganda kirkjunnar það fé sem hann hefir lagt fram. Það er rangt hjá háttv. þm., að frv. þetta geti orsakað það, að landssjóði aukist byrði þegar kirkjan fer að ganga úr sér, eða eyðileggjast — vegna þess, að þessi kirkja er ekki landssjóðseign. Hún er bændakirkja og eign Magnúsar á Grund, og það er hans skylda að kirkja sé á staðnum, en í hvaða ástandi hún er hefir hið opinbera lítið vald á og skylda hann til að halda við þessu stórhýsi er vitanlega ómögulegt. En hér er alls ekki verið að skylda landsjóð til neins. Það sem farið er fram á er aðeins sú sanngirniskrafa, að þessum manni sé sýndur dálítill viðurkenningarvottur með því að létta af honum árlegum kostnaði um nokkurt árabil, sem þó eingöngu er fyrir hið opinbera, eða styður að almennu kirkjulífi Annað ekki. Það er ekki nema fálm út í loftið, að hér sé nokkur hætta á ferðum. *(Jón Ólafsson:* Er ekki hætt við að verði komið til landssjóðs seinna eins og nú til að biðjast hjálpar til þess að geta staðist kostnað.) Slíkt þarf ekki að óttast af því, að með þessu er fengin trygging fyrir viðhaldinu, en alls ekki farið fram á nokkra greiðslu af þeim 23,000 kr. sem Magnús hefir lagt til byggingarinnar úr eigin vasa.

Annars var ekki neitt í ræðu háttv. þm. sem var nokkuð nýjabragð að, svo eg sé ekki ástæðu til að svara honum fleiri orðum, en vona að háttv. deild veiti frv. fylgi.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vildi taka í sama strenginn og háttv. flutningsm. þessa frv. (St. St). Eg álít full rök til að verða við tilmælum þessa manns, og það því fremur sem engin hætta er á, að fleiri menn á landinu vilji gera eða muni gera eins mikið fyrir sína kirkju eins og hann. *(Jón Ólafsson:* Ásgeir gamli á Þingeyrum gerði meira). Og þótt svo færi, að einhver annar ynni kirkju sinni svipað afrek, sé eg ekkert á móti því að hann fengi einhverja viðurkenningu fyrir, á líkan hátt.

Til eru þeir menn, sem telja það vafasamt hvort þetta prestmötugjald, sem stendur eftir frá gamalli tíð, ætti ekki að falla niður samkvæmt hinum nýju lögum um laun presta. Dómar um þetta eru ekki til, en vel getur svo farið að það verði innan skamms gert að dómstólamáli.

Eigandi Grundarkirkju fer ekki fram á að fá endurgreidda vexti eða höfuðstól, heldur að eins að létt verði undir með sér með viðhald kirkjunnar, og eg býst alls ekki við að leitað verði hjálpar landssjóðs til að endurreisa kirkjuna þegar hún fellur. Full sanngirni mælir með að við þessum tilmælum sé orðið, enda hefir kirkjustjórnin mælt eindregið með því. Eg vil því leyfa mér að mælast til að frv. verði samþykt eins og það liggur fyrir.

Eg skal líka geta þess, að kirkjan á Grund er einhver veglegasta timburkirkjan á landinu, og væri illa farið, ef þyrfti að leggja hana niður frá guðsþjónustugerð og gera hana að pakkhúsi. Maðurinn sem hér á í hlut þarf nú að byggja sér pakkhús. Auðvitað getur hann gert kirkjuna að pakkhúsi og bygt svo þess í stað einhvern pakkhúshjall

og gert hann að kirkju í stað hinnar, en það mundu flestir telja illa farið.

Eg verð að álíta það mjög skaðlegt ef þetta frv. yrði ekki samþykt, og tel það geta orðið að talsverðu slysi fyrir kirkjumálin í þessu héraði.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Hv. sessunautur minn (G. G.) talaði um þá miklu rausn sem bóndinn á Grund hefði sýnt með þessari kirkjubyggingu, og vil eg á engan hátt gera lítið úr því; en eg minnist þess, að Ásgeir gamli á Þingeyrum, sem margir þekkja, bygði steinkirkju á sinni jörð, miklu dýrari en þessa kirkju, og fór aldrei fram á neinn styrk úr landssjóði til þess.

Hv. sessunautur minn gaf líka fyllilega í skyn, að eigandi Grundarkirkju mundi ef til vildi gera hana að pakkhúsi, ef þetta frv. næði ekki fram að ganga. Hann um það; látum hann í drottins bænum hafa 20—30 þús. kr. pakkhús — en bara á *sinn* kostnað *sjálfs*, en ekki *landssjóðs*. En eitthvað sæmilegt hús verður hann að reisa í staðinn, til guðsþjónustu Til þess er hann skyldugur.

Það væri annars gaman að sjá af skýrslum biskups, hvað oft er messað á ári í þessari veglegu kirkju.

Það er bent á meðmæli kirkjustjórnarinnar með þessari málaleitun. En hvenær skyldi kirkjustjórnin *ekki* mæla með styrk úr landssjóði til kirkna?

Eg verð að halda því fram, að málið sé felt hér í deildinni eins og á seinasta þingi. Eg veit, að maðurinn sem hér á hlut að máli, er mesti sæmdarmaður — allrar viðurkenningar verður, en þetta er *princip*-mál fyrir mér, og eg álít allskostar ranglátt og, fyrir afleiðinganna sakir, hættulegt, að samþykkja þetta frv.

Hinum hv. þm. Ak. (G. G.) þótti ótrúlegt, að landssjóðs yrði leitað til að byggja kirkjuna upp, er hún félli. En hvaða trygging er fyrir því? Krafan um það mundi verða bygð á því sama og nú: *sanngirni* við *heiðursmann*.

Ráðherrann (H. H.): Mér skildist á orðum hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), að hann héldi því fram, að þetta mál hefði verið felt hér í deildinni í fyrra. Það er ekki rétt. Það var samþykt hér í deildinni með öllum þorra atkv., og eg man ekki til að aðrir væru á móti því en einmitt hv. þm. sjálfur. En það var felt í Ed við umr. fjárlaganna, því tillagan var þá tekin upp sem fjárlaga-atriði til bráðabirgða.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 5 atkvæðum.

Önnur umr., 31. Júlí.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Eg gat þess við 1. umræðu, að nokkur orð vöntuðu inn í frv. því til skýringar, þessa litlu viðaukatill. höfum við þm. Eyf. leyft okkur að flytja á þgskj. 107. Því auðvitað er það meining frumv. að prestsmatan af Grundartorfu falli til kirkjunnar, á meðan svo er að auknar sóknartekjur hennar nema ekki mötu-upphæðinni. Eg hygg því, að þeir, sem annars eru hlyntir frv., muni fallast á þessa sjálfsögðu viðbót, sem að eins er til skýringar.

Um 2. gr. frv er það að segja, að hún er ekki annað en bein afleiðing af 1. gr., sem sé sú, að prestarnir til Grundarþinga og Akureyrar, fái þann tekjumissi sem af þessu leiðir, endurgreiddan úr prestlaunasjóði.

Annars er þetta mál svo einfalt og óbrotið, að eg sé ekki þörf á að fara fleiri orðum um það að sinni.

Jón Magnússon: Eg verð nú að

taka í líkan streng og hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir áður gert. Eg hefi ekki heyrt ástæður fyrir því, hvers vegna landsstjórnin ætti að fara að gefa kirkjubóndanum á Grund peninga, og það er ekkert annað en þetta, sem hér er farið fram á. Þetta er ítak sem landið á í Grund, og sem bóndinn þar gæti leyst sig frá, hvenær sem vildi, fyrir svo sem 3 þús. kr., eða vel það. Eg veit það vel, að maðurinn, sem hér á í hlut, er margs góðs maklegur. Hann hefir gert þessa kirkju mikla og glæsilega, bæði af því að hann munaði ekki mikið um það, hann er ríkur maður, og svo hefir hann ef til vill, eins og fleiri slíkir menn sumpart viljað gefa þetta fyrir sálu sinni, og mér finst vafamál hvort þingið spillir ekki fyrir þeim tilgangi hans með því, að samþ. þetta frv., og láta hann þannig taka út laun sín hérna megin.

Eins og eg var á móti afnámi Péturs- og Maríu-lamba, eins verð eg að vera á móti þessu frv., því að það er alveg samskonar viðhaldsskylda, sem hér er farið fram á að losa þá við, sem hún hvílir á.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg talaði á móti þessu máli við 1. umr., og þóttist hafa til þess góð og gild rök, og það gleður mig, að hv. þm. Vestm. (J. M.) er mér samdóma. Það er spurning mín til háttv. flutningsm., bæði nú og í fyrra, hvers vegna eigi að vera að fara þessa krókaleið, fyrst í prestlaunasjóð og svo í landssjóð. Því ekki að fara beint í landssjóð og biðja um þessa gjöf handa manninum, því að það er rétt hjá hv. þm. Vestm. (J. M.), að þetta er gjöf og ekkert annað. Eg skal líka geta þess, að þótt kirkjan sé vegleg og góður maður eigi í hlut, þá eru þó verk eins og það sem hann hefir gert engin einsdæmi.

Ásgeir heitinn á Þingeyrum reisti kirkju, sem víst var bæði dýrara og örðugra verk, en þessi, og bað aldrei um einn eyri til endurgjalds fyrir það.

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi gera þá fyrirspurn til hv. flutn.m. (St. St.), hvort hann geti gefið mér sæmilega ábyggilegt svar um það, hve marga dilka það mundi draga á eftir sér, ef svona ætti að fara með bændakirkjur landsins yfir höfuð. Þær eru ekki svo fáar, og eg væri ánægður, ef hann svaraði svona hér um bil upp á þúsund.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Það er talað um að hér sé verið að fara krókaleiðir, en eg sé ekki að það skifti neinu máli hvor leiðin farin er. Okkur fanst nú þetta jafnvel minni krókaleið, þar sem prestar fá laun sín úr prestlaunasjóði hvort sem er. (*Jón Ólafsson:* Nei, þetta er að dylja það, sem verið er að gera) Það er ósatt. Eg skal játa það, að það væri enn einfaldara, að ákveða upphæðina á fjárlögunum, en það fékst ekki á síðasta þingi, enda man eg ekki betur en hv. þingmanni S.-Múl. (J. Ó.) þætti það líka krókaleið. Sem sagt verða að líkindum allar leiðir í samskonar málum, krókaleiðir.

Um Þingeyrarkirkju er mér ókunnugt, en eg hygg að slík verk sem hér er um að ræða séu góðra gjalda verð. Þessir menn hafa viljað reisa söfnuðunum kirkjur, drottni til dýrðar og fólkinu til ánægju, en ekki, bæði forsjóninni og fólkinu til hneykslis. Annars held eg sé rétt að geta þess, hvað Magnúsi á Grund hefir flogið í hug, fari svo að þessari litlu ósk hans verði neitað. Honum hefir þá dottið í hug að bjóða söfnuðinum að taka við kirkjunni. En hvernig fer þá, ef söfnuðurinn neitar boðinu, af því að hann hann vill ekki leggja þann kostnað á sig að halda kirkjunni við. Þá hefir honum dottið í hug að bjóða biskupi að taka við henni

fyrir landsins hönd, án nokkurs verulegs endurgjalds, en þá mundi ganga sem svarar prestsmötunni, til viðhalds kirkjunni í framtíðinni. *(Jón Ólafsson:* Þá yrði hann að gefa Grundartorfuna um leið) Þetta geta þeir sagt sem ekki eiga hana, og geta því ekki gefið hana.

Þá hefir hann út úr þessu varpað því fram, að komið gæti til mála að leggja Grundarkirkju niður, til þess að hinar kirkjurnar í grendinni, sem eru fremur hrörlegar, og minna þurfa sér til viðhalds, geti hangið sem lengst uppi.

Loks hefir hann hreyft því, að ef alt um þrjóti, þá væri máske gerandi fyrir sig að slá upp litlum kirkjuhjalli, svipuðum og þar var áður, en nota núverandi kirkju til einhvers þess, sem gæfi arð húsinu til viðhalds. Það sjá allir hve óhafandi þetta er, og hve mikið fé þá tapast, þar sem hins vegar er fyrirsjáanlegt að Grundarkirkja mundi eftir fá ár koma að fullum notum, þegar söknirnar sameinast og hún fær frá söknarármönnum nógar tekjur. Hér er aðeins farið fram á að þetta fé leggist til viðhalds kirkjunni, en alls eigi hitt, að maðurinn, sem hér er um að ræða, fái neina gjöf eða endurgreiðslu á framlögðum þúsundum.

Hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) spurði hve marga dilka þetta mundi draga á eftir sér. Eg held alls engan, því að þetta er alveg einstakt fordæmi. Eg þekki engan, sem hefir gert neitt þessu líkt. Og þó svo væri að til væri fleiri slíkir, væri það þá frágangssök, að hið opinbera legði eitthvað fram þegar þeir ættu í hlut? Nei, meðan vér höfum kirkju- og kenni-lýð í þessu landi, þá álít eg það alveg ósæmilegt, að kasta frá sér án minstu viðurkenningar, slíkri fyrirmyndar starfsemi, sem eingöngu er unnin þeim málum til vegs og sóma.

Pétur Jónsson: Eg er með þessu frv., en ekki af því, að eg álíti rétt að gefa nokkuð eftir af eignum landssjóðs. Eg var á móti afnámi Péturs- og Maríulamba, en hér er ekki um neina slíka eftirgjöf að ræða, heldur að eins um það, að veita Grundarkirkju þennan styrk um nokkurra ára bil. Það hefir verið tekið fram, hvað vakti fyrir Magnúsi á Grund, þegar hann bygði þessa kirkju Það var ekki aðalatriðið að hann vildi gefa fyrir sálu sinni, og sýna þá rausn, sem honum er títt; hann vildi sameina fólkið í þessu fjölmenna bygðarlagi, en ekki að það væri á dreif hingað og þangað í smáum kirkjusóknum. Hann vildi vekja það til meira andlegs samlífs, meira kirkjulífs, auðvitað en einnig til annars andlegs lífs. Þetta veit eg, og eg hefi heyrt á honum að hann var ekki viss um, hvort þetta væri nóg, að byggja eina kirkju, því að ýmsir eru fastheldnir við gömlu kirkjurnar, þótt að því komi um síðir, að þær verði lagðar niður. Hann hefir því, til þess að fullkomna verk sitt enn þá betur, ráðist í að byggja samkomu- og skólahús.

Eg hefi nú sagt frá því, hvað þessi maður hefir lagt í sölurnar fyrir hugsjón sína, og sé eg ekki betur, en að hér sé lítið í húfi, þótt þetta nái fram að ganga. Talað hefir verið um, að þetta mundi draga þá dilka á eftir sér, að fleiri mundu fá svona þóknun eftir á; menn t. d. eins og Ásgeir heitinn á Þingeyrum, ættu eigi síður skilið að fá viðurkenningu. En eg verð að segja að eg vildi helzt hafa sem flesta slíka dilka, helst sem flesta sæmdarmenn, sem ekki horfa í að verja fé sínu til góðra hugsjóna og almenningsnota.

Benedikt Sveinsson: Mér þykir undarlegt að heyra svo margar raddir um það, að veita eigi mönnum verðlaun fyrir að reisa stórar kirkjur. Eg veit ekki betur en að þingið hafi síðustu árin hallast að frikirkjuhugmyndinni, og

kemur það þá kynlega við ef þingið á að fara að verðlauna menn fyrir kirkjusmíð. Finst mér og, að margt liggi nær, heldur en að Alþingi sé að ala upp í mönnum þessa leiðu ástríðu að reisa sem stærstar kirkjur, sem virðist fara í vöxt seinni árin og er að verða þjóðplága. Þess hafa verið dæmi, að hrapað hefir verið að því, að reisa stór kirkjubákn í fátækum sveitum og sjó þorpum, og hafa sum aldrei orðið fullger, heldur hafa hrófin staðið hálf gerð, varla »fokheld«, og aldrei verið lokið við smíðina. Stormurinn hefir orðið fyrri að feykja þeim af grundvelli. — Þingið ætti sízt að ala á því, að menn sýni dugnað sinn í því, að austroka svo fé sínu. Enda er margt annað þarfara, sem verja mætti fé til, almenningi til heilla, svo sem sjúkraskýli og skólar. *(Pétur Jónsson:* Já og þessi maður hefir líka reist skóla) Já og fyrir *það* ætti hann fremur verðlaun skilið. Hvers vegna er ekki fremur farið fram á það? Hitt álít eg, að ekki þurfi verðlauna við.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þegar Grundarbóndinn keypti sitt óðal, þá hlaut hann að vita, að hverju hann gekk, og að hann losnaði ekki við kvöðina, nema hann losnaði við jörðina. Kirkjan *fylgir* Grundartorfunni. Þess vegna var ástæðulaust fyrir háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) að reyna að gera gys að því, þótt eg mintist svo á Grundartorfuna, sem eg gerði. Og eg tek undir það, að ef veita ætti verðlaun fyrir hverja timburkirkju, sem reist er á landi hér, þá er eg hræddur um að það kunni að draga óþægilega dilka á eftir sér, og mönnum á ekki að haldast það uppi, þegar þeir hafa reist kirkjur, sem eru ómagar, að detta þá þeim ómögum á landssjóð. Ef þeir vilja láta þá ómaga lifa, þá verða þeir að leggja á borð með þeim, gera eins og eg sagði, gefa með þem óðalið, sem kirkjan fylgir.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Það voru að eins örfá orð viðvíkjandi því sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði. Hann er alt af að tala um endurgjald; en hér er ekki um neitt slíkt að ræða, heldur aðeins að þetta lítla gjald, sem á að ganga til prestanna, gangi í þess stað til að borga lítinn part af viðhaldi kirkjunnar um fáein ár. Mörg verða árin að líkindum ekki, því sóknin mun stækka svo, áður langir tímar líða, að kirkjan hafi innan skamms nægilegar tekjur upp í hinn árlega kostnað. Þess hefir verið getið að frekar væri verðlaunavert að byggja skóla, sjúkraskýli eða því líkt. En það fer eftir því hvernig á er litið. Eg álít það samskonar og jafn þakkavert er menn leggja á sig kostnað til almennings þarfa hvort sem það er til þessa eða hins fyrirtækis, sem annars þykir varða almennnings heill. Og þetta var ekki neitt skylduverk sem Magnús inti af hendi. Hann gat látið kirkjuskriflið standa, en honum þótti það ekki sæmilegt guðshús. Eg lít svo á, að þetta sem farið er fram á, séu svo hóglát tilmæli, að næstum sé minkun fyrir þingið, ef það sinnir þeim að engu.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vildi að eins minnast á eitt atriði í þessu máli, sem að mínu áliti er aðalatriðið í því. Samkvæmt prestakallalögunum nýju, á að gera Eyjafjörð allan að einu prestakalli með því að sameina Grundarþing og Saurbæjarþing. En skilyrðið fyrir því er að kirkjunum sé fækkað. Þær eru nú sjö í Eyjafirði og einn prestur getur ekki þjónað svo mörgum kirkjum. Það þyrfti að fækka þeim niður í 3 eða 4. En skilyrðið fyrir því að hægt væri að fækka kirkjunum var aftur að ein þeirra væri stækkuð að mun.

Þetta var það sem vakti fyrir Magnúsi er hann bygði kirkjuna upp, að gera það mögulegt að leggja saman sóknirnar og ryðja þannig brautina fyrir sameining prestakallanna. Þingið verður líka að líta á það, að þegar prestaköllin verða sameinuð þá sparar landssjóður ein prestalaun á ári. Væri Grundarkirkja sama skriflið nú og áður, þá væri miklu örðugra að koma fram sameining prestakallanna, en það væri prestalaunasjóði meira tjón en þó þetta gjald sé gefið eftir í nokkur ár. Eg veit að í héraðinu er talsverð mótspyrna móti sameiningunni, en þó held eg að hún nái fram að ganga ef næstu sóknir við Grundarsókn verða lagðar við hana, en til þess það gæti orðið, var nauðsynlegt að byggja þessa kirkju á Grund; að öðrum kosti var sameining sóknanna ómöguleg, og fari svo að hin veglega kirkja á Grund verði tekin til annarar notkunar og í hennar stað bygt venjulegt hjallskrifli til guðsþjónustunnar, þá er útséð um sameininguna, og það kostar landssjóð (prestalaunasjóð) einum presti fleira á ári, eða 1300—1700 kr. á ári.

ATKV.GR.:

Brtill. við 1. gr. sþ. með 11 : 4 atkv.

1. gr. breytt feld með 13 : 8 atkv. og var frv. þar með fallið.

Líftrygging sjómanna.

FRUMVARP til laga um líftrygging sjómanna (85 sjá þingsál.till. á þingskj. 261); 1. umr. 29. Júlí.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Aðalhugsunin með þessu frv. er að koma í veg fyrir að nokkur maður geti druknað í sjó eða vatni óbættur. Hin tíðu slys í sjó eru nú í seinni tíð orðin að hinu mesta áhyggjuefni þjóðarinnar, og þau lög sem nú eru til um vátrygging fyrir sjómenn hrökkva lítið til að bæta úr neyð, sem hlýzt af þessum slysum. Það hefir nú ekki vakað fyrir mér að með þessu frv., sem hér liggur fyrir, sé að fullu bætt úr þeim göllum, sem á eru í þessu efni eða að ekki sé þörf á frekari umbótum, en eg hefi ekki þorað að stíga lengra spor í bráðina.

Ætlast er til að séshver sjómaður sé skyldur að kaupa sér 1000 kr. líftrygging og iðgjaldið fyrir hvert ár sé 10 af þúsundi (Í 3. gr. er prentvilla 10% á að vera 10‰). Mér sýnist sjómönnum ekki ofþyngt þó þeir greiði þetta gjald.

Í sumum héruðum ríkir sá hugsunarháttur, að menn vilja fá jafnmikið úr sjóðnum og þeir gjalda í hann. Þessi hugsunarháttur er gersamlega rangur og háskalegur. Hugsum okkur tvö héruð: Annað geldur 2200 kr. í sjóðinn; á sama tíma drukna 2 menn og héraðið fær 800 kr. bætur. Hitt geldur 1300 kr., en hefir á sama tíma fengið 5200 kr. bætur fyrir 13 druknaða menn. Hvort héraðið væri nú betur sett á eftir, það sem tapaði 2 mönnum og fékk 800 kr. eða hitt sem misti 13 menn og fékk 5200 kr.? Mundi það héraðið, sem misti 2 menn og fekk 800 kr vilja skifta? Eg held ekki. Það héraðið stendur auðvitað miklu betur að vígi, sem færri misti mennina. Yfir höfuð verður það hérað bezt úti, sem mest greiðir í sjóðinn í hlutfalli við það, sem það fær úr honum. Ef þessi hugsunarháttur, að vilja fá sem mest úr sjóðnum, skýtur nokkursstaðar upp höfði, verða beztu menn landsins að gera alt, sem í þeirra valdi stendur til að kæfa hann niður. Þeir verða að sameina kraftana til að gera sjómannastéttina framsýna og ötula í bardaganum við okkar sameiginlega óvin, óblíðu náttúrunnar, og þeir eiga

allir að hafa gleði af því að stuðla að því að stríðið verði henni sem hægast.

Eg býst nú við að ýmislegt sé athugvert við þetta frv., meðal annars málið. Eg er ekki eins mikill málfræðingur eins og æskilegt væri.

Eg vildi óska, ef þetta frv. verður látið ganga til 2. umr., að því verði vísað til nefndarinnar í málinu um vátrygging fyrir sjómenn, og leyfðist nefndinni, samkvæmt 15. gr. þingskapanna, að bæta við sig 2 mönnum, því eg býst við að nefndarstörfin muni verða æði umfangsmikil.

Það sem aðallega hefir vakað fyrir mér við samning þessa frv, er að koma í veg fyrir að nokkur maður, sem atvinnu stundar á sjó eða vötnum um lengri eða skemmri tíma, hvort heldur er við fiskveiðar eða annað, geti drukknað óbættur. Til að ná því takmarki, gerir frumv. öllum slíkum mönnum að skyldu að kaupa sér líftrygging og láta innrita sig sem sjómenn. Sú innritun á fram að fara áður en lagt er út í vetrarvertíðina, fyrstu vertíðina á árinu.

Líftryggingarupphæðin er sett svo lág sem hægt er, en er þó stór bót frá því sem nú er.

Það sem tekið er fram í 4. gr. um undanþágu fyrir þá, sem ekki eru ráðnir í því á innritunartímanum, hvort þeir stundi sjómensku, sýnist sjálfsagt og skal eg ekki fjölyrða um það.

Allir, sem innritaðir eru, skulu skyldir til að bera merki, sem ekki velkist eða skemmist, og skal á þeim vera ártal, svo ekki sé hægt að nota eldri merki. Slík merki eru engin hundsmerki, heldur sæmdarmerki. Goodtemplarar bera t. d. slík félagsmerki og þykir sómi að. Til að koma í veg fyrir að nokkur fari í sjó, sem ekki hefir merki, er formönnum bannað að taka merkjalausa menn á skip.

Fyrir vestan er það altítt þegar menn vanta á bát vegna veikinda eða annara forfalla, að formenn taki óráðna menn í einn og einn róður. Þessir menn eru kallaðir ljótu nafni fyrir vestan, þeir eru kallaðir skipaskækjur. Þessir menn hafa hingað til getað farið í sjóinn óbættir. Síðasta dæmið kom fyrir í sumar vestur á fjörðum. Fátækur maður, sem hafði stundað fiskveiði á Ísafirði yfir vorvertíðina, var afmunstraður þar, tekur út á vorafla sinn og leggur á stað til Dýrafjarðar til að vera heima í sláttarbyrjun. En hann druknar á leiðinni, og eftirlifandi vandamenn hans áttu ekki heimtingu á neinum bótum, því hann var ekki lögskráður.

Annað dæmi þessu líkt kom fyrir í fyrra á Patreksfirði. Sonur bláfátæks manns druknar í róðri og komu engar bætur fyrir, af því að hann var ekki lögskráður.

Eg skal nú ekki lengja fundinn meira en orðið er. Eg vona, að hv. þm. sjái, að hugsunin í þessu frv. sé þess verð, að það verði látið ganga til 2. umr. Þó einhverju megi breyta til batnaðar í frv., vona eg að aðalhugsunin megi haldast óbreytt.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg leyfi mér að stinga upp á því að frv. verði, að lokinni umræðu, vísað til nefndarinnar í málinu um vátrygging sjómanna.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Frv. vísað til nefndar í vátr. sjóm. með 16 shlj. atkv.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson: Herra forseti! Mætti eg biðja um að nefndin fengi leyfi til að bæta við sig tveim mönnum.

Forseti: Slík málaleitun kemur vanalega frá formanni nefndar, ef viðbótar þykir þurfa.

Málið ekki útrætt.

Skipun læknahéraða.

III.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl. (Eyjafjallahérað) (99); 1. umr. 31. Júlí.

Flutn.m. (Eggert Pálsson): Það er óþarft að fara mörgum orðum um frv. þetta, því það er ekki nýr gestur hér á þingi. Og vitanlega eru sömu ástæður fyrir því og meðmæli með því nú og áður, staðhættir eru þeir sömu í sveitum þeim er farið er fram á að gerðar séu að sérstöku læknishéraði og áður hafa verið, og yfir höfuð allar kringumstæður óbreyttar. En þó mun viðkunnanlegra að fara nokkrum orðum um frv. Frá mínu sjónarmiði horfir málið svo við, að eigi nokkurt svæði skilið að verða gert að sérstöku læknishéraði, þá sé það þetta. Það nær yfir 4 hreppa og liggur milli tveggja ófærra vatna, Þverá á aðra hlið og Jökulsár á Sólheimasandi á hina.

Íbúatalan á þessu svæði mun vera 15—16 hundruð, svo að mörg læknishéruð á landinu eru þannig miklu mannfærri en þetta hérað kæmi til að verða. En aðalástæðan til þess að farið er fram á þetta, er þó ekki mannfjöldinn heldur sú, hversu erfitt er að ná í lækni fyrir menn er þarna búa, vegna þessara ófæra beggja megin, er eg mintist á. Að vísu hafa verið samþykt lög um brú á Jökulsá þegar fé verður til þess veitt á fjárlögunum, en það á sennilega langt í land, að kringumstæður landssjóðs þyki svo góðar að verkið komist í framkvæmd. Sömuleiðis hefir verið ákveðið að setja upp dragferju á Þverá, en enn þá hefir ekkert úr því orðið, með því að landsverkfræðingur telur það svo miklum erfiðleikum bundið og óvíst hvort að notum geti komið. Þörfin á lækni er því söm og áður á þessu svæði.

Eg skal svo eigi fjölyrða meir um frv. en láta mér nægja að leggja til að því verði vísað til nefndar þeirrar sem hefir samskonar mál til meðferðar.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr með 12 : 2 atkv.

Frumv. vísað til læknahéraðanefndarinnar með 14 shlj. atkv.

Önnur umr. 16. Ágúst.

Samkvæmt tillögu læknanefndarinnar ekki borið upp til atkvæðagreiðslu (sbr. nefndarál. á þgskj. 223).

Stækkun verzlunarlóðar.

Norðfirði.

FRUMVARP til laga um stækkun verzlunarlóðar á Norðfirði (112); 1. umr., 2. Ágúst.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg hefi flutt þetta frv. inn á þingið, eftir ósk ýmsra manna á Norðfirði, sérstaklega kaupmannanna þar á staðnum. Norðfjarðarkuupstaður er í uppgangi og stækkar ár frá ári. Það sem um er beðið með þessu frumv. er ekki annað en það, að fá verzlunarlóð-

ina stækkaða að Norðfjarðará, 60 faðma breiða spildu frá fjöruborði. Öllum slíkum frv. hefir venjulegast verið vel tekið á þingi, þegar ekkert sérstakt hefir mælt á móti, og vænti eg að svo verði og um þetta frv.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 5. Ágúst.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það hefir engin athugasemd komið fram hér í deildinni við þetta frv., svo að eg finn ekki ástæðu til að tala neitt frekar um það.

ATKV.GR.:

Frumvarpsgreinin samþ. með 17 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 13 shlj. atkv.

Þriðja umr., 7. Ágúst.

Engar umræður urðu um málið.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgreitt til Ed.

Um vatnsveitu.

FRUMVARP til laga um vatnsveitu í löggiltum verzlunarstöðum (115, 170, 355, 389); 1. umr., 3. Ágúst.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Ástæðan fyrir því, að við flutningsmennirnir höfum leyft okkur að koma fram með þetta frv. er sú, að Siglfirðingar hafa komið sér upp vatnsveitu og sent stjórnarráðinu reglugerð hennar til staðfestingar, en vegna þess að stjórnarráðið taldi sig ekki hafa vald til þess, að staðfesta reglugerðina, þá hefir það beint málinu til okkar þingmannanna. Í staðinn fyrir að semja sérstök lagaákvæði fyrir þessa einu vatnsveitu, þá höfum við álitið heppilegra að til væri almenn lög er heimiluðu stjórnarráðinu að staðfesta slíkar reglugerðir. Það er sjáanlega óþarft vafstur að þingið þurfi altaf að taka svona löguð mál til meðferðar í hvert skifti er vatnsveitu er komið á í löggiltum kauptúnum víðsvegar um land.

Í frv. hygg að sé flest það tekið fram, er til slíkra hluta þarf, og tel litla þörf á að nefnd verði sett í málið, þótt eg hins vegar hafi ekkert verulegt á móti því ef deildin telur það nauðsynlegt, en þá vildi eg mega vænta þess, að sú nefnd gæti sem fyrst afgreitt málið til deildarinnar, þar sem nú er svo áliðið þingtímans.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Önnnur umr., 6. Ágúst.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Þar sem engar breytingartillögur liggja fyrir, sé eg ekki ástæðu til að fara út í einstakar greinar frumv., en vona að málið verði látið ganga til 3. umræðu.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.
6. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin samþykt án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr. 9. Ágúst.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Í 4. gr. frv. er ákveðið að veita megi hreppsfélagi einkarétt til að selja vatn til heimilisþarfa að eins. Þetta þótti okkur flutningsmönnum frv. ófullnægjandi og höfum við því komið með viðaukatillögu í þá átt, að einkaréttur hreppsfélags til að selja vatn, skuli ná til allra þeirra þarfa, sem vatnsveitan geti fullnægt, og er þar átt við verksmiðjur, skip o.fl. Þetta kemur heim við einkaréttarákvæðið í frumv. sem samþ. var í dag um vatnsveitu á Sauðárkróki, svo eg tel víst að enginn háttv. þingm. hafi neitt á móti þessum litla viðauka. Þar sem vatn er dýrt, gæti farið svo að bærinn sæi sér eigi fært að koma á vatnsleiðslu, ef hann fengi eigi slíkan einkarétt og á þeim stað, sem þetta frv. er nú í bili aðallega flutt fyrir, sem er Siglufj., þá mundi þessi réttur verða afarmikið notaður, einkum að því er skip snertir.

Frekara hefi eg svo ekki við frumv. að athuga.

ATKV.GR.:

Viðaukatill (170) sþ. með 15 samhlj. atkv.

Frumv. svo breytt sþ. með 15 shlj. atkvæðum.

Ein umr., 23. Ágúst.

Flutningsm (Stefán Stefánsson): Eins og háttv. þingdeildarmenn muna, var þetta mál borið fram hér í deildinni af okkur þingmönnum Eyfirðinga. Því var tekið vel og gekk nefndarlaust í gegn um deildina. Í Ed. var sett nefnd í málið, og hefir henni litist að gera á því nokkrar breytingar, sem eg verð að álíta að miði til bóta, og eru helztu breytingarnar þessar:

Í fyrsta lagi er í 3. gr. gefin heimild til vatnstöku í landeignum einstakra hreppsbúa. Ákvæði um þetta vantaði í frv. eins og það fór frá neðri deild, og tel eg þessa viðbót nauðsynlega, því að það hefði getað komið sér illa, ef einstakir menn hefðu getað hamlað því að vatnsveita kæmist á.

Önnur breytingin er fólgin í því, að ákveðið er að upphæð skattgjalds megi ekki fara fram úr $5^0/_{00}$ af húsaskattsvirðingu húseigna yfirleitt í kauptúni hverju, og á einstökum húseignum má skatturinn ekki nema meiru en $6^0/_{00}$ af virðingarverði. Þessa breytingu tel eg og til bóta.

Þriðja breytingin er sú, að hver einstakur húseigandi er ekki skyldur að greiða vatnsskatt, fyr en vatnsleiðsla er komin að húsi hans.

Þessar þrjár breytingar verð eg að telja til bóta á frv., og leyfi eg mér að mæla eindregið með því að hv. deild samþykki það eins og það er komið frá hv. efri deild. Eg hefi áður tekið fram ástæðurnar fyrir því, að frv. er komið fram, og hvað er við það unnið, að ekki sé nauðsynlegt að bera slík mál undir þingið í hverju einstöku tilfelli. Breytingar þessar eru aðallega sniðnar eftir vatnsveitulögum Reykjavíkur, sem eru mjög nákvæmlega athuguð og vel úr garði gerð.

Eg hefi svo ekki fleira um þetta mál að segja, en vil að eins endurtaka þá ósk mína, að frv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra sem *lög frá Alþingi.*

Skifting læknishéraðs.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr, 60, 30. Júlí 1909; (123). 1. umr., 5. Ágúst.

Flutn.m. (Skúli Thoroddsen): Eg skal geta þess, hvað mál þetta snertir, að samskonar mál lá fyrir þinginu síðast 1911, og var því þá að því leyti vel tekið, að aðstoðarlæknum á Ísafirði var gert að skyldu, að sitja í Bolungarvík, gegn því að hann fengi að minsta kosti 600 kr. annarsstaðar frá.

Þingið vonaði, að þetta mundi nægja, en því miður, hefir sú reyndin á orðið, að aðstoðarlæknirinn á Ísafirði hefir reynst ófáanlegur, til þess, að setjast að í Bolungarvík, og hefir ákvæði núgildandi fjárlaga því orðið alveg þýðingarlaust, og því liggur nú fyrir þinginu ný beiðni frá Bolvíkingum, þar sem farið er fram á, að Hólshreppur, ásamt Bolungarvíkurverzlunarstað, sé gert að sérstöku læknishéraði.

Eg skal geta þess, að fastir íbúar þess læknishéraðs mundu verða um 1100 manns, en auk þess er þess að gæta að frá því um nýár, og til vorvertíðarloka (þ. e. seint í Júní) eru þar og menn úr ýmsum sýslum, er sjóróðra stunda, bæði úr Ísafjarðarkaupstað, úr ýmsum hreppum Norður-Ísafjarðar-, og Vestur-Ísafjarðarsýslu, sem og norðan úr Húnavatns- og jafn vel Skagafjarðar-sýslu, auk þess er menn úr Barðastrandar- Stranda- og Dala-sýslum sækja þangað að mun.

Með því að verða við þessum tilmælum Bolvíkinga, þá er því í raun og veru eigi aðeins verið að fullnægja þörf einna 1100 manna, þ. e. þeirra sem í hinu tilvonandi læknishéraði búa, heldur er og jafnframt verið að sinna þörf manna úr öllum þeim kjördæmum, sem eg nefndi, og vona eg þess vegna, að háttv. þm. úr þeim kjördæmum vilji styðja mál þetta.

Eg skal enn fremur geta þess, að því er til kostnaðarins kemur, að í áskorunarskjalinu til alþingis, sem liggur á lestrarsalnum, þá er talið, að ferð til að vitja læknis til Ísafjarðar — sé hann þá er til kemur fáanlegur — kosti að jafnaði 25 kr.; en nú kemur það þrásinnis fyrir, að ekki gefur á sjó, og þá er erfitt að ná til læknis, þar sem landferðin er mjög örðug, sérstaklega að vetrinum. Eg vona því, að háttv. deild taki málinu vel, og að því verði að lokinni umr. vísað til nefndarinnar, er skipuð hefir verið hér í deildinni, til þess að fjalla um samskonar málefni.

Pétur Jónsson: Eg skal ekki tala langt mál, en mér þykir það undarlegt, að öll þessi mál um fjölgun læknahéraða, og þau eru orðin mörg, skuli hafa verið látin ganga gegn um 1. umr. án þess að menn athugi nokkuð hvað verið er að gera. Það getur orðið skilið svo, að þessi þögn sé samþykki, en svo hefir hún ekki verið fyrir mér og tæplega öðrum. Eg býst við að mönnum hafi sýnst bezt, að safna sem flestum þess konar málum í eina skúffu, og slátra svo öllu í einu, því að eg get ekki meint að nokkrum þm. detti í hug að fara að fjölga læknahéruðum um öll þessi, sem hér er farið fram á. Það getur verið að frv. séu mismunandi, meiri þörfin á einum stað en öðrum, en landlæknir hefir þó eigi álitið þörf fyrir frekari fjölgun að sinni en orðin er, og honum fanst að þau læknishéruð sem beðið var um 1909 væru umfram það

sem heppilegt er. Eg segi þetta ekki nú af því, að eg vilji fyrir mitt leyti leggja neinn dóm á það, hvort minni ástæða sé til þess að stofna þetta læknishérað, en önnur sem um er beðið. Að einu vil eg benda á það, að ef allir fjórðungar landsins ættu að fá eins marga lækna að tiltölu og Vestfirðir fengju, ef þetta næði fram að ganga þá yrðu að vera 60—70 læknar á öllu landinu. Eg hefi heyrt lækna kvarta yfir því, að héruðin væru að verða óviðunanlega smá, svo að þeir hafi alt of lítið að gera, og þetta versnar eftir því sem þeim er meira fjölgað. — Eg segi þetta ekki af því, að eg vilji ekki að þetta frv. fari til nefndarinnar, eins og hin, heldur ætlast eg til að þau annað hvort fari ekki lengra, eða verði feld.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Af því að eg er einn í þeirri nefnd, sem ætlast er til að máli þessu verði vísað til, hefir mér hugkvæmst að beina einni fyrirspurn til til hæstv. ráðherra (H. H.) og vona eg svo góðs af honum, að hann svari, ef hann má vera að taka eftir henni. — Svo er mál með vexti, að á síðasta þingi voru samþykt lög, og síðan staðfest, um að stofna læknisumdæmi í Norðfirði, en stjórnin hefir til þessa svæft framkvæmd þeirra laga, með því að auglýsa ekki þetta embætti. Nú er mér spurn hvort það er meiningin, að halda áfram þeirri stefnu fyrv. stjórnar að »slá« ekki »upp« héruðum þeim, sem stofnuð eru með lögum, því að það getur haft þýðingu um slík mál framvegis að fá að vita hvort stjórnin getur þannig þegjandi myrt lög, sem alþingi hefir samþykt. Og eg veit að eg hermi hér rétt, og hitt líka, að það eru nógir menn sem mundu vilja þetta hérað, því að það er fremur útgengilegt.

Ráðherrann (H. H.): Mér er alveg ókunnugt um að til sé nokkur ur »stefna« í þá átt að slá ekki upp embættum, sem þingið hefir stofnað, og eg veit ekki hvaða rök háttv. þm. hefir fyrir sér til að slá slíku fram; en eg skal rannsaka málið, og þá svara því síðar.

Kristján Jónsson: Það er alveg rétt, að Norðfjarðarhérað var stofað með lögum í fyrra, og eins að það hefir ekki verið auglýst enn þá, til veitingar, en orsökin til þess er sú, að ekki þótti rétt að gera það fyrri en fenginn væri læknir í eldra héraðið, Fljótsdælahérað, þar sem jafnframt er sjúkraskýlið. Finn eg svo ekki ástæðu til að svara þessu frekar. Það var gert eftir till landlæknis, að dregið var að auglýsa héraðið til veitingar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg er þakklátur fyrir svarið frá hv. þm. Borgf. (Kr. J.), en það er ekki rétt, að landlæknir hafi það vald, að hann fái ónýtt lög, sem þingið hefir samþykt, eða frestað framkvæmd þeirra. Í Norðfjarðarhérað mætti fá góða menn, sem ekki *vildu* Fljótsdalshérað. Hér er beinlínis gengið inn á svið löggjafarvaldsins.

Pétur Jónsson: Mér datt í hug út af því sem nú hefir verið skýrt frá af 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að landlæknir hefir ekki viljað láta slá Norðfjarðarhéraði upp, meðan ekki var búið að fá lækni í gott hérað þar í nánd þar sem líka er sjúkraskýli og fastur læknisbústaður, þá sé þetta ljósasti votturinn um að hér er verið að fara í gönur með því að biðja um þessi nýju héruð, meðan landlæknir vitanlega er að stritast við að fá hin eldri skipuð, og gengur svo bágt þar sem bæði er læknissetur og sjúkraskýli.

Lárus H. Bjarnason: Án þess, að eg vilji blanda mér í þetta mál, þá vil eg spyrja háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) hvers vegna ekki er búið að slá Norðfjarðarhéraði upp nú, þar sem nú er þó fenginn læknir í Fljótsdalshérað og hefir

verið þar síðan á útmánuðum. Þrír mánuðir hefðu þó átt að vera nógur tími til þessa.

Kristján Jónsson: Læknir var ekki fenginn í Fljótsdalshérað fyr en eg var farinn til Hafnar í vor, og þess vegna mun þetta ekki hafa verið gert. Annars skal eg bæta því við, að eg hygg að Norðfjarðarhéraði hafi hingað til verið full vel þjónað af nágrannalæknunum á Seyðisfirði og Eskifirði. Að minsta kosti hafa engar kvartanir borist hingað út af þjónustunni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg skal aðeins geta þess stuttlega, að eg spurðist fyrir um þetta af því, að mér hafði verið falið það af íbúum þessa héraðs, að vekja máls á þessu. Og eg vil líka benda á það, hvaða áhrif það gæti haft, ef landlæknir fengi oftar að fara þannig að. Það gæti orðið til þess, að beztu héruð yrðu að bíða læknislaus, bara af því að til eru héruð, sem enginn vill. Það yrði líkt að sínu leyti eins og ef biskup réði því, að slá ekki upp lausum neinum brauðum meðan Grímsey er laus, eins og einhvern tíma var.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Málinu vísað til læknanefndar með 16 shlj. atkv.

Ekki útrætt.

Sala þjóðjarða.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 31, 20 Okt 1905 um sölu þjóðjarða, (127, n. 199, 252, 269, 270, 271, 276, 298); 1. umr. 5. Ágúst.

Flutn.m. (Stefán Stefánsson): Eg get ímyndað mér að sumum hv. þm. þyki undarlegt að eg skuli flytja þetta frv., sem fer fram á það, að seldar þjóðjarðir verði aftur keyptar af landinu, þar sem eg hefi áður verið meðmæltur þjóðjarðasölu. En það er nú samt einmitt af því að eg er henni meðmæltur, að eg kem með þetta frv. Eg álít það sem sé illa farið, þegar seldar þjóðjarðir komast úr höndum þeirra, sem þær hafa keypt, af einhverjum ástæðum, þannig, að þeir eiga ekki annars úrkost, en að selja þær hinum eða þessum, sem hvorki þarf eður hugsar sér að nota jörðina til ábúðar; með því getur verið fyrir það girt í næstu framtíð, og ef til vill um langa tíð, að þær jarðir komist aftur í sjálfsábúð. Hér er nú farið fram á það, að landssjóður fái forkaupsrétt að slíkum jörðum, svo framarlega sem ábúandi eða sveitarfélagið kæra sig ekki um þær, eingöngu til þess að sjá um eftir því sem löggjafarvaldinu frekast er unt, að jarðir haldist í sjálfsábúð. Það getur verið, að þessi réttur landssjóðs yrði sjaldan notaður, en eg hygg að hann mundi þó oft og einatt koma að góðu liði og það þegar mest á ríði. Það er þegar orðin mikil eftirspurn af hálfu útlendinga eftir jörðum og það aðallega þeim jarðeignum, sem allra bagalegast er að selja, og um leið og þær eru úr sjálfsábúð, er tvöfalt meiri hætta á því, að útlendingar nái jörðunum. Til þess að sporna sem mest við því, að jarðeignir gangi til þessara manna, virðist mér vænlegasta og jafnvel eina ráðið, þegar hvorki ábúandi eða sveitarsjóður notar sinn forkaupsrétt, þá sé það landið sjálft, eða með öðrum orðum landssjóður, sem eigi kauparéttinn.

Það mætti nú máske segja, að það væri öllu réttara að láta ákvæði þessa frv. ekki einungis ná til þeirra jarða, sem hafa verið þjóðjarðir, heldur og til þeirra, sem verið hafa kirkjujarðir eða

jafnvel einstakra manna eign, en til þess að athuga það og fleira, vil eg leggja til að kosin verði 5 manna nefnd í málið, þegar þessari umr. er lokið, því að eg vona að hv. deild virði það þó svo mikils, að lofa því að fara til 2. umr.

Skúli Thoroddsen: Eg stend upp til þess að mæla á móti þessu frv., og leggja til að það verði felt.

Eins og kunnugt er, samþykti Alþingi 1905 lög um forkaupsrétt leiguliða, þar sem ákveðið er, að vilji einhver selja jörð, sem er í byggingu annars manns, skuli hann fyrst bjóða leiguliðanum hana til kaups, en síðan sveitarfélaginu, hafni leiguliðinn boðinu. Nú er hér enn farið fram á það, að ef jörðin hefir áður verið þjóðjörð, þá skuli landssjóður hafa forkaupsréttinn, ef hvorki ábúandinn né sveitarfélagið vill kaupa.

Eg hefði verið þingmanninum þakklátur hefði hann borið fram frv. þess efnis, að nema lögin um forkaupsrétt leiguliða og sveitarfélaga úr gildi, til þess að spara jarðeigendum vafningana, sem því eru samfara, enda tæpast hætt við því, að hann fengi eigi að sitja fyrir kaupunum, hvort sem væri, ef hann vildi eða væri þess megnugur, enda ættu og eigendur fasteigna — ekki síður en eigendur hvers munar sem er — að vera frjálsir að því, hverjum þeir vilja helzt selja eign sína.

Annars á eg bágt með að ímynda mér, að landssjóður fari nú alt í einu að ágirnast fasteignir, þar sem það hefir einmitt verið ríkjandi stefnan, að losa hann sem fyrst við jarðirnar, sem hann á.

Þetta frv. mundi og ef það yrði að lögum, leiða til þess, að maður, sem selja vill jörð sína, er í annara ábúð er, þyrfti, í viðbót við þá örðugleika sem nú eru á sölunni, ennfremur að bæta því á sig, að bíða ef til vill alt að 2 mánuðum eftir svari stjórnarráðsins, og allir sjá hve hentugt þetta er, eða hitt heldur, ef einhverjum liggur á peningum, auk ómaksins sem það bakar, sem einnig er peninga virði og er óþarft að fella jörðina á þennan hátt í verði.

Eg vil því leggja það til, að frumv. sé felt.

Flutningsm. (Stefán Stefánsson): Eg skil ekki hvað hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) meinar með þeirri mótbáru sinni, að þetta muni fella jarðirnar í verði, þegar það er tekið fram, að landssjóður verði að ganga að því verði, sem annars býðst fyrir þær, og þar með loku skotið fyrir það, að eigandi tapi nokkru af því verði, sem honum býðst annars staðar. — Að þetta baki seljanda svo mikla vafninga, held eg ekki sé ástæða til að ætla.

Hv. þingm. er það vitanlegt, að hverjum sem selja vill jarðeign sína, er skylt að grenslast um það hvort leiguliðinn — búi eigandinn ekki á jörðinni — eða það sveitafélag, sem jörðin liggur í, vilja nota sinn rétt til kaupanna eða ekki. Og þótt hann þyrfti að bíða tvo mánuði eftir svari frá stjórnarráðinu, þá er það ekki langur tími, þegar það er sá allra lengsti tími sem hann þarf að bíða eftir svari, enda yrði það að öllum líkindum mikið skemmri tími jafnaðarlega.

Eg get hugsað að margur þakkaði fyrir að eiga vissan kaupanda að jörð sinni, þótt ekki væri fyr en þetta. Og ef þetta fæst, þá eru líkur til þess að jörðin komist aftur innan skamms í sjálfsábúð, því að komi ábúandi, sem bæði vildi og gæti keypt jörðina aftur af landssjóði, þá fengi hann venjulegast jörðina.

Eg sé, sem sagt, ekkert í þessum mótbárum, sem ástæða er fyrir mig að svara fleiri orðum en eg þegar hefi gert.

Tryggvi Bjarnason: Meiningin með þessu frv. er sú að koma í veg

fyrir að jarðeignir í landinu safnist á einstakra manna hendur. En eg er hræddur um að frv. nái ekki þessum tilgangi. Eg vil geta þess, að mér finst það óviðfeldið að uppi sé jafnhliða tvær stefnur í þjóðjarðasölumálinu. Samkvæmt núgildandi lögum hefir ábúandi rétt til að kaupa þá jörð er hann býr á gegn matsverði, eða því verði sem stjórnarráðið ákveður, en verði þetta frv. samþykt, þá hefir landsjóður endurkaupsrétt að frágengnu sveitarfélagi, að jörðum sem hann hefir einu sinni átt. Þetta er því verzlun; landssjóður bæði selur og kaupir jarðir. Mér virðist að ef frv. þetta ætti að ná tilgangi sínum að koma í veg fyrir að jarðir safnist á einstakra manna hendur, þá ætti það að fara lengra en að ná eingöngu til þeirra jarða sem landssjóður hefir einu sinni átt, því að þegar maður er búinn að borga jörð að fullu og landssjóður búinn að afsala sér öllum eignarétti að henni, þá er engu frekar ástæða til að landssjóður hafi forkaupsrétt að henni heldur en að öðrum jörðum sem einstakir menn eiga og landssjóður á eða hefir átt. Enda er það minni hlutinn af jörðum í landinu sem landssjóður á eða hefir átt. Aðrar jarðir gætu alveg eins safnast á einstakra manna hendur, þó þetta frv. yrði að lögum. Eg held að sú leið sem stungið er upp á í frv. til að koma í veg fyrir að jarðir safnist of mjög á einstakra manna hendur, nái ekki eins vel þeim tilgangi, eins og ef sú stefna væri tekin upp að skylda eiganda til að byggja jörðina til ákveðins tíma, ef til vill helst æfilangt. Þetta að skylda mann sem kaupir jörð til að byggja hana um svo og svo langan tíma, ef hann ekki tekur hana sjálfur til ábúðar, mundi verða til þess að útlendingar og aðrir sem kaupa jarðir aðeins til að »spekulera« með, mundu síður leggja út í að kaupa. Mönnum finst þetta ef til vill nokkuð hart, en það er full ástæða til að athuga hvort það sé ekki tiltækileg leið til að koma í veg fyrir það sem eg býst við hv. flutn.m. frv. vilji hnekkja með því.

Flutn.m. (Stefán Stefánsson): Mér virtist á ræðu háttv. 2. þm. Hún. (Tr. B.) að hann væri ekki sérlega mótfallinn frv., og þar af leiðandi ekki mótfallinn sjálfsábúð, því að eg álít að frv. stuðli að sjálfábúð. Frv. leggur ekkert óeðlilegt haft á menn, en það mundi aftur verða óeðlilegt haft ef hver sá sem kaupir jörð væri skyldur að byggja hana til lífstíðar. Það mundi vafalaust verða til að fella jarðir í verði. Því að fáir mundu þá vilja eiga jarðir nema eftirspurn eftir þeim væri svo mikil að hægt væri að fá hærri leigu eftir þær en sem nemur peningavöxtum. Eg tel því ráð hans mjög fjarri lagi. Það er alls ekki rétt að hér komi fram tvær ólíkar stefnur þó landssjóður selji jarðir til þess að einstakir menn, sem á jörðunum sitja, og vilja, geti eignast þær, en landssjóður kaupi þær svo aftur í sama tilgangi, nefnilega þeim, að gefa næsta ábúanda kost á að verða sjálfseignarbóndi. Eg hygg að með þessu móti sé fengið ráð til þess að landsstjórn geti stuðlað að því sjálfsábúðin aukist. Ef til vill væri hyggilegra að allar jarðir væru teknar með í frv., en það ætla eg nefndinni að íhuga, eins og eg gat um í fyrri ræðu minni.

Bjarni Jónsson: Eg vil leyfa mér að mæla með því að málið verði sett í nefnd. Eg held að réttast væri að lög væru sett um það að landið hefði forkaupsrétt að öllum jörðum. Þá hygg eg að á hverju fjárhagstímabili yrði veitt nokkuð fé til jarðakaupa, svo að landssjóður innan skamms ætti allar jarðir í landinu — landið ætti sig sjálft.

Eg vona að eg geti komið að þessu aftur síðar, en skal ekki tala frekar að sinni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg er hlyntur frv., en eg er enn hlyntari því með þeim breytingum sem háttv. 2. þm. Hún. (Tr. B.) lagði til, og vil eg því styðja tillögu um að skipa nefnd í málið. En úr því eg stóð upp vil eg geta þess að mig furðar á því, að þetta frv. skuli koma frá háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) sem barðist fyrir því á næst síðasta þingi að höfð væru að engu lögin um forkaupsrétt sveitafélaga. *(Stefán Stefánsson:* Þetta er hreinn misskilningur). Eg veit ekki hvort háttv. þm. man eftir jörð sem heitir Kjarni! Mér finst kenna hér ósamkvæmni hjá honum. *(Stefán Stefánsson.* Þar barðist eg fyrir forkaupsrétti sveitarfélaga).

Tryggvi Bjarnason: Eg vildi að eins leiðrétta misskilning, háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), á orðum mínum. Hann sagðist vera meðmæltur frv., en líkaði það betur eins og eg legði til að það væri. Eg sagði aldrei að eg væri meðmæltur þeirri stefnu, að forkaupsréttur landssjóðs næði til allra jarða í landinu eða að samin væru lög um það nú þegar, heldur einungis að, ef frv. ætti að ná tilgangi sínum, þá yrði það að ná til allra jarða á landinu, en ekki einungis þeirra sem landssjóður hefir einu sinni átt.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg bið háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) forláts. Eg hefi haft hann fyrir rangri sök. Eg man nú að hann var einmitt meðmæltur því að hreppurinn fengi Kjarna En þingið sjálft gerði sér það þá til skammar að brjóta sín eigin lög.

Ráðherrann (H. H.): Það vorum einmitt við þm. Eyf. sem héldum því fram hér í deildinni, að Kjarni yrði seldur Hrafnagilshreppi, en aðrir börðu hitt fram, að Akureyrarkaupstaður fékk jörðina.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv.

Samþ. að kjósa 5 manna nefnd með 16 shlj. atkv.

Kosnir voru:

Stefán Stefánsson,
Tryggvi Bjarnason,
Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðsson.

Önnur umr., 14. Ágúst.

Frams.m. (Stefán Stefánsson): Eg gat þess við 1. umræðu að þó frumvarpið næði ekki til annara jarða en seldra þjóðjarða, þá væri eg þó ekki á móti því, að það yrði gert víðtækara. Nú hefir nefndin um það fjallað og komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að það nái líka til seldra kirkjujarða. Eg skýrði svo glögt við 1. umr. hvað eg teldi frv. til gildis, að eg þarf ekki að fara mörgum orðum um það nú. Tilgangur þess er að auka sjálfsábúð í landinu, og geti það orðið til þess að landsstjórn nái tökum á, að koma í veg fyrir, að seldar þjóðjarðir og kirkjujarðir gangi úr sjálfsábúð um lengri tíma, þá er mikið unnið og tilgangi frv. náð í aðalatriðinu.

Í öðru lagi er til þess ætlast með frv. að reisa skorður við því að einstakar jarðir, sem hafa verulega eða sérstaka kosti, svo sem ef málmar eru í jörðu eða annað slíkt verðmæti, gangi til útlendinga og verði ruplaðar og rúnar. Þettta frumvarp er því í samræmi við fossasölulögin, sem samþykt voru fyrir nokkrum árum.

Þá gerir frv. ennfremur óbeinlínis ráðstafanir til þess að jarðir safnist ekki

of mikið á einstakra manna hendur sem getur orðið skaðlegt í ýmsum tilfellum.

Eg skal geta þess að nefndin hefir viljað setja það ákvæði inn í 2. gr., að ef landssjóður vildi sinna kaupi á jörð, þá kosti hann matið. Auðvitað er þetta sjálfsagt, en nefndinni þótti þó ljósara að taka það fram.

Ráðherrann (H. H.): Mér finst vanta inn í þetta frv. alla heimild fyrir landsstjórnina til þess að kaupa þessar jarðir, sem henni er hér gefinn forkaupsréttur á, og á að skylda menn til að bjóða henni. Eins og frv. liggur fyrir yrði stjórnin ætíð, ef hún vill sinna kaupi, að fá frest fram yfir næsta alþingi á eftir, til þess að fá fjárveiting og heimild til að kaupa. Eg vildi skjóta þessu til háttv. flutningsmanna til þess að þeir geti lagfært þetta, ella gæti af þessu stafað óþægindi og töf fyrir hlutaðeigandi jarðeigendur, ef þeir eru skyldir að bjóða jörðina landssjóði og bíða von úr viti eftir svörunum.

Ólafur Briem: Eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, með því að eg er ekki alskostar samþykkur frv. Mér finst með því, vera lögð kvöð á jarðir að þurfa að bjóða þær stjórnarráðinu til kaups, þegar eigandi vill selja. Fresturinn getur orðið æði langur og gæti komið nýtt tilboð um kaup á jörðinni á meðan stjórnarráðið er að hugsa sig um og yrði eigandi þá að gera nýja fyrirspurn til stjórnarráðsins hvort það vildi sæta þessu hærra boði. Þessi kvöð gæti haft þær afleiðingar að jarðir féllu í verði, og verð jarða er ekki svo hátt nú að ástæður séu til að stuðla að því að lækka þær. Auk þess finst mér að þessi forkaupsréttur ætti að ná til allra jarða ef á annað borð á að gera slík lög, því þegar búið er að selja þjóðjörð eða kirkjujörð, þá er hún orðin eins og hver önnur einstakra manna eign, sem ekki á að leggja kvaðir á frekar öðrum eignum. Í þriðja lagi álít eg litla von um að landssjóður noti þessa heimild þó frv. yrði að lögum. Það er fyrirhöfn fyrir landsstjórnina að standa í slíkum kaupum og iðulega vandamál að skera úr því hvort rétt sé að kaupa fyrir það verð sem í boði er. Af framangreindum ástæðum get eg ekki greitt atkvæði með frv. eins og það er nú úr garði gert.

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Viðvíkjandi því, sem hæstvirtur ráðh. (H. H.) sagði, að engin ráðstöfun hefði gerð verið til að veita fé til jarðarkaupa, þá býst eg ekki við að mörg tilboð um jarðarkaup kæmu fram til næsta þings; eg vildi því leyfa mér um leið að spyrja hæstv. ráðherra hvort að viðlagasjóður þá ekki mundi geta hjálpað upp á í þessu efni, ef til kemur og væri ekkert móti því, ef nauðsynlegt þætti, að setja ákvæði um það inn í frumv.

Hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.) nefndi einstök atriði, er hann áleit fremur sem annmarka á frv., en raunar virðist mér ekki mikið úr því gerandi er hann var að benda á, t. d. því, að ef lögkvöð lægi á jörðunum, þá mundi það fella þær í verði. Þetta sé eg ekki að sé rétt, af því að ef maður t. d. vill selja slíka jörð sem hér ræðir um, þá getur hann símað til stjórnarinnar og fengið að vita um hæl, hvort stjórnarráðið vill sinna boðinu eða ekki, og ef svo væri, þá mundi stjórnin kveðja matsmann til að virða jörðina og ætti þá salan að geta farið fram venjulegast á nefndum 2 mán. tíma. En bjóðist seljanda hærra verð en stjórnin býður, þá gerir frv. svo ráð fyrir, að hann geti sint því boði. Ákvæðið gildir að eins um að stjórninni sé heimilt að kaupa jarðirnar að jöfnu boði, vilji hvorki ábúandi eða sveitarfél. nota sinn forkaupsrétt.

Sami hv. þm. hélt því fram, að þetta

ákvæði ætti þá að ná til allra jarða, en þar sem fremur má búast við, að litið verði að þessu gert fyrst um sinn — og það álit kom skýrt fram í nefndinni — þá er það því undarlegra að setja það fyrir sig, þó forkaupsrétturinn nái ekki nema til seldra þjóðjarða og kirkjujarða, enda mætti síðar gera þetta viðtækara ef nauðsynlegt þætti.

Að þetta sé of mikil fyrirhöfn fyrir stjórnina geri eg ekki mikið úr, og verði tilgangi frv. náð, þá er það altof mikil hlíf við hana. að vorkenna henni framkvæmdir að þessu leyti, enda er það þá hennar að benda á slíkt, en síður annara.

Ráðherrann (H. H.): Í þetta frv. vantar ekki að eins heimildina fyrir landstjórnina til þess að kaupa heldur einnig öll ákvæði um það, af hvaða sjóði kaupverðið á að takast, ef þjóðjörð er keypt inn aftur.

Það er enganveginn sjálfsagt, að andvirðið greiðist af landssjóði. Andvirði seldra þjóðjarða rennur í ræktunarsjóð, og andvirði seldra kirkjujarða í kirkjujarðasjóð. Séu þessar jarðir keyptar aftur fyrir landið, virðist jafnvel miklu réttara að andvirðið greiðist úr þeim sjóðum, sem notið hafa söluverðsins, þegar þær voru seldar frá landssjóði, eða þá að þessir sjóðir kaupi jarðirnar, en ekki viðlagasjóðurinn.

Pétur Jónsson: Eg er samþykkur hæstv. ráðherra (H. H.) um það, að í frumvarpið vanti heimild til að taka fé til kaupanna. Einnig er það sanngjarnt, að féð sé tekið úr ræktunar- og kirkjujarða-sjóði. Árlega kemur inn í þessa sjóði fé fyrir seldar jarðir, og ætti þá ekki að vera erfitt að leysa inn jarðir er til sölu verða, enda býst eg ekki við að hér sé um mikið fé að ræða.

Það var mikil áherzla lögð á það fyrir nokkrum árum að koma sem flestum jörðum í sjálfsábúð og mun þar hafa verið farið eftir dæmi Dana. En þegar jarðirnar ganga úr sjálfsábúð og í eigu einstaklinga, þá er öll trygging úti um það, að þær komi í sjálfsábúð á ný. Ef þar á móti hið opinbera kaupir þessar jarðir jafnótt og þær ganga úr sjálfsábúð, getur það stuðlað til að þær komist í sjálfsábúð á ný. Þannig er þetta frv. í anda þjóðjarðasölulaganna.

Frumvarpið ætti eiginlega að ganga lengra og ákvæðin ættu að ná til allra jarða á landinu, en til þess þyrfti mikið fé og mikinn undirbúning. Það væri þá máske heppilegast að mynda sjóð til þess. Eg er frumv. meðmæltur sakir þeirrar hugsunar sem í því er, fremur en fyrir mikla trú á framkvæmdunum, og vona að hv. deild samþykki það.

Sigurður Sigurðsson: Eg hefi skrifað undir frumv. með fyrirvara og gildir sá fyrirvari um þessi orð: »og eigandi óskar að selja jörðina«, — sem eg vil fella burt. Eg er samþykkur hugsuninni í frumvarpinu að veita landssjóði forgangsrétt að jörð þegar hún losnar, hvort sem eigandi vill selja eða ekki. Ef á annað borð á að fylgja þeirri stefnu, að landið eigi allar jarðir, þá vil eg láta stíga sporið í þá átt óhikað. Vil eg veita landssjóði forgangsrétt til að kaupa allar jarðir og að eigendur þeirra séu skyldir að selja landssjóði jarðirnar þegar er þær losna úr sjálfsábúð.

Það var óheillavænlegt spor sem stigið var, þegar þjóðjargasalan var látin laus; það var ekki rétt. Þjóðjarðasalan kom losi á jarðeignir hér og ýtti undir »speculationir« með fasteignasölu hér á landi. Þjóðjarðasalan tryggir heldur ekki sjálfsábúðina í landinu, og sízt þá, er tímar líða fram, og teldi eg því þjóðinni langhollast, að hún yrði hér eftir sem mest takmörkuð.

Fyrir mér vakir, að ef góðar jarðir losna, þá hafi landssjóður heimild til að kaupa þær og með því koma í veg fyrir að þær lendi í hendur útlendinga. Ef gengið væri inn á þessa braut, að landssjóður kaupi allar jarðir er ganga kaupum og sölum, þá mundi að vísu skorta fé í bráðina. En nefndin leit svo á, að á næstu fjárlögum yrði veitt það fé sem til þessa þyrfti.

Eg vil benda á, að þar sem frumv. gengur ekki lengra en þetta, og aðeins er að ræða um þjóðjarðir og kirkjujarðir, þá munu fjárútlátin ekki verða svo mikil fyrst um sinn.

Eg ætla að leyfa mér, við þriðju umræðu, að koma fram með breyt.till. um að þessi orð í 1. gr., er eg áður nefndi falli burt, því að annars nær frumv. ekki tilgangi sínum, og lögin verða fánýtt pappírsgagn.

Ráðherrann (H. H.): Eg hugsa að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hafi ekki athugað nógu vel þá tillögu sína, að hver jarðeigandi skuli vera skyldur að selja jörð sína ef hún losnar úr sjálfsábúð. Hygg eg að honum muni þykja höggvið nokkuð nærri frelsi sínu, ef þessu væri beitt við hann sjálfan.

Eg skal taka lítið dæmi: Setjum svo, að háttv. þm. sæti í fyrirmyndarbúi á ágætri óðalsjörð sinni langt upp til sveita og væri svo einn góðan veðurdag hér á þingi kvaddur til einhvers starfa, sem gerði honum óhjákvæmilegt að flytja heimili sitt — segjum að hann væri kvaddur til þess að taka við ráðherraembættinu. — Þá ætti hann eftir tillögunni að vera skyldur til að selja eign sína og óðul, og ætti ekki afturkvæmt að búi sínu þar eftir, ef svo atvikaðist, að hann yrði ekki mosavaxinn í embættinu. Eg er hræddur um að háttv. þm. þætti þetta súrt í broti og færi þá að iðrast eftir breytingartillögu sinni, sem hann nú er að halda fram.

Fram.sm. (Stefán Stefánsson): Mér finst þetta ákvæði um söluskylduna, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hélt fram, fjarstætt og gengið nokkuð óvægilega á eignarétt manna með slíku, eða getur hann ímyndað sér að því yrði vel tekið, að hver sá sem yrði að hætta ábúð á eignarjörð sinni, máske einhverra sérstakra orsaka vegna, um eitt eða tvö ár, væri neyddur til þess að selja landssjóði þegar í stað jörðina. Nei, þetta er svo ómögulegt, að eg ætla ekkert um það að fjölyrða. Annars skal eg ekki deila við háttv. þm. um þjóðjarðasölu og sjálfsábúð, þar greinir okkur svo verulega á, og er þýðingarlaust að þrátta frekar um það. Eg álít að sala þjóðjarða til leiguliða sé stórt framfaraspor. Hv. þm. ætti að fara um Norðurland og sjá þar sjálfsábúðar- og leiguábúðarjarðir og bera þær umbætur saman svona yfirleitt, hann mundi fljótt sannfærast um að sjálfsábúðarjarðir eru mun betur setnar og áhugi ábúenda meiri og framfarir stórstígari en á leiguábúðarjörðum, eg gæti ætlað að þetta væri svo um land alt. Eg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta frekar en legg eindregið til að breyt.till. verði ekki samþykt, en nái hún samþykt deildanna, þá greiði eg atkvæði móti frumvarpinu.

Sigurður Sigurðsson: Út af dæmi því, sem hæstv. ráðherra (H. H.) tók, ef tillaga mín yrði samþykt, að þá gæti t. d. bóndi ekki tekið við jörð sinni aftur ef hann t. d. yrði ráðherra um 2 eða 3 ára skeið, þá er því þar til að svara, að annaðhvort á bóndinn ekki að taka við starfinu eða þá, ef hann langar til að verða ráðherra, að láta þá halda áfram búskap á jörð sinni undir sínu nafni, þangað til hann fengi lausn. Gæti hann þá auðveldlega tekið jörðina aftur til ábúðar.

Viðvíkjandi því, sem háttv. framsm. (St. St.) sagði um að margar sjálfsábúð-

arjarðir væru vel setnar í Norðurlandi, þá ber eg ekki brigður á það; en þó get eg nefnt honum dæmi, undir fjögur augu, úr Eyjafjarðarsýslu, þar sem sjálfsábúðarjarðir eru mjög illa setnar. En aftur á móti eru mýmörg dæmi þess, að þjóðjarðir og kirkjujarðir eru vel setnar, skal eg nefna t. d. Klömbrur í Þingeyjarsýslu. Þar hefir leiguliði búið á jörðinni yfir 30 ár, og hafa leiguskilmálarnir verið vondir og þó hafa fáir bætt jarðir sínar betur en þessi bóndi. Sama má segja um aðra jörð, sem hefir til skamms tíma verið þjóðareign. Það er Brenniás á Fljótsdalsheiði. Þar hafa verið gerðar miklar jarðabætur og jörðin mjög vel setin.

Menn hafa oft og tíðum ráðist í að kaupa ábúðarjarðir sínar án þess að geta og að eins að nafninu til. Og eg get bætt því við, að slík jarðakaup hafa margsinnis staðið mönnum fyrir efnalegum þrifum, og hamlað þeim frá að geta bætt jarðir sínar.

Ráðherrann (H. H.): Það má vel vera, að dæmið, sem eg tók, sé ekki »sláandi«. En hugsum oss annað dæmi. Sjálfseignarbóndi verður veikur og þarf eftir læknisráði að yfirgefa ábýlisjörð sína til að leita sér lækninga með dvöl erlendis. Dvöl hans lengist, og efni hans leyfa ekki að hann haldi búinu áfram. Hann neyðist til að bregða búi. Eftir tillögu háttv þm. má hann þá ekki byggja jörðina öðrum og geyma sér rétt til að hverfa að henni aftur, þegar honum er batnað, heldur verður hann að selja hana og afsala algerlega, þannig að hann á þangað ekki afturkvæmt. Þetta finst mér ekkert réttlæti. En annars er naumast tilefni til, að ræða þessa breytingartillögu frekar. Hún er alt of stórstíg.

Bjarni Jónsson: Eg ætla að eg gæti þess við 1. umr. þessa máls, að eg vildi gjarna að þessi forkaupsréttur næði til allra jarða á landinu. Eg hallast eindregið að þeirri skoðun, sem hefir komið fram hjá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) og háttv. þm. S-Þing. (P. J.) að landið eigi að eiga sig sjálft. Eg get reyndar ekki fylgst með h. 1. þm. Árn. (S.S.) að öllu leyti. Eg vil að landssjóður eigi forkaupsrétt á öllum jörðum, sem ganga kaupum og sölu í landinu, en ef hann notar ekki rétt sinn, þá sveitafélög eða ábúendur. Eg stóð upp aðallega til þess að láta nefndina vita, að eg muna tala mig saman við menn, sem vilja vera með mér að flytja brt. í þessa átt til 3. umr.

Eg skal benda á, að það er málvilla hér í 1. gr. Þar stendur »hvorki — eða«, á vitanlega að vera »hvorki — né«. En eg vona að þetta megi skoða sem prentvillu, er verði leiðrétt við endurskoðun, og að það sé óþarft að koma með sérstaka brt. þar að lútandi.

Í samræmi við það sem nú hefi eg sagt, mun verða farið fram á það í brt. minni, að höfð séu endaskifti á því, hverjum fyrst sé boðið, sem sé landinu fyrst. Ef nefndin vill taka upp þessa breytingu, skal eg vera henni þakklátur, en annars geri eg það sjálfur.

Tryggvi Bjarnason: Eg hefi skrifað undir nefndarálitið fyrirvaralaust og mun eg því fylgja frv., ef ekki verða gerðar á því meiri breytingar.

Eg vakti máls á því í nefndinni, hvort ekki myndi vera tiltækilegt að láta kauparétt landssjóðs ná til allra jarðeigenda. En þegar eg fór að hugsa betur um það, hvarf eg frá því. Eg lít svo á, að það væri hagkvæmt fyrir þjóðina í heild sinni, að hún ætti landið sameiginlega.

Eg býst nú við því, að þó nú að þetta frv. yrði að lögum, að það nái ekki tilgangi sínum, að koma í veg fyrir að jarðeignir safnist á eina hönd og útlendingar nái í þær. Eg býst við, að ef einstakir menn leggja mikið kapp á að

eignast jarðir, þá yrðu reyndar ýmsar krókaleiðir til þess, reynt að fara kringum lögin. En hins vegar sé eg að frv. er tilraun til að sporna við þessu, og vildi eg sízt leggja neina hindrun í veginn fyrir það, að reynt verði að ná því takmarki, sem ætlast er til að náð verði með þessu frumv, ef það verður að lögum.

Eg tók það fram, að eg væri horfinn frá því aftur að kauparétturinn nái til allra jarða á landinu. Með því væri lagt haft á jarðir einstakra manna og það myndi koma sér dálítið bagalega og sérstaklega koma þjóðinni mjög á óvart. Það er ekki rétt að setja það ákvæði í lög fyrr en hafin er sú stefna að sameina landið í eitt og þjóðin í heild sinni ætti landið. Þá finst mér að þyrfti um leið að nema úr lögum, lög um sölu þjóðjarða og kirkjujarða. En þetta er svo stórt og þýðingarmikið mál, að ógerningur er að hefja þá stefnu og vinna að því með löggjöf, að þjóðin sameiginlega eignist landið, fyr en það mál hefir verið hugsað og rætt rækilega og þjóðin, eða mikill hluti hennar er kominn á þá skoðun, að þetta sé rétt og hagkvæmt.

Háttv. þm. S-Þing. (P. J.) tók það fram, að lítið fé væri fyrir hendi til að kaupa jarðir fyrir, hvort heldur í landssjóði eða ræktunarsjóði. En að landssjóður fari að taka lán til að kaupa jarðirnar fyrir, tel eg ekki heppilegt. Sú stefna er alment álitin varhugaverð og er óvinsæl hjá þjóðinni. — Flestir líta svo á, að heppilegast sé að hver einstaklingur eigi sína ábýlisjörð, og hefir það við mikil rök að styðjast, þó það sé nokkurs konar sjálfsábúð líka að þjóðin eigi jarðirnar sameiginlega.

Valtýr Guðmundsson: Eg stend upp að eins til að láta í ljósi gleði mína yfir því að þetta frumv. er framkomið, þó ófullkomið sé að mínu áliti.

Á undanförnum þingum hefi eg barist á móti þjóðjarðasölu. Eg hefi haldið því fram, að ef almennileg stjórn sæti að völdum, væri landssjóður bezti landsdrottinn. Mótbárurnar sem eg hefi haft á móti þjóðjarðasölu, hafa sannast. Það hefir vakað fyrir mér, að svo framarlega sem þjóðin ætti nokkra framtíð fyrir höndum, hlytu jarðirnar að stíga í verði án þess að eigendurnir ættu nokkurn þátt í því. Það myndi leiða af almennum framförum þjófélagsins, bættum samgöngum, vegagerðum, símalagningu og fleiru. Þegar jarðirnar stíga í verði, álít eg það bezt farið að þjóðfélagið njóti þess hagnaðar, sem af því verður. Það gleður mig að menn eru nú farnir að glöggva sig á þessu, og eg verð að taka undir með háttv. þm. Dal. (B. J.) og þeim öðrum, sem í þann strenginn hafa tekið, að bezt sé, að landssjóður eignist allar jarðeignir í landinu. *(Lárus H. Bjarnason:* Og kaupstaðarlóðir og hús líka?) Eg býst ekki við að það hafi vakað fyrir flytjendum þessa máls.

Hæstv. ráðherra benti á, að heppilegast myndi að taka það fé, sem komið hefir inn fyrir sölu þjóðjarða og verja því svo lengi sem það hrekkur, til að kaupa jarðirnar fyrir aftur.

Þetta mál, að landssjóður eignist þjóðjarðirnar, getur haft svo mikla hagfræðilega þýðingu fyrir landið. Ef landssjóður þarf að taka lán, þá eykst lánstraust hans, ef hann hefir allar jarðeignir landsins að baki sér.

Það er margt, sem þyrfti að lagfæra í frumvarpinu, en sem ekki rúm er von til að verði gert til 3. umr., á þessum stutta þingtíma sem eftir er. Eg vil þess vegna ekki, að þetta verði að lögum á þessu þingi. Það þarf betri og meiri undirbúning, og væri réttast að stjórnin tæki það að sér. Það er betra að láta málið bíða betri undirbúnings,

svo ekki þurfi að taka það fyrir aftur á næsta þingi.

Eg segi þetta ekki af því, að eg sé málinu mótfallinn. Þvert á móti, eg ann því af alhug og er þakklátur fyrir að því hefir verið hreyft.

ATKV.GR.:

Br.till. 199 við 1. gr. samþ. með 13:1 atkv.

1. gr. þar með fallin.

Br.till. 190 við 2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt samþ. með 15 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 12 atkv. shlj.

Br.till. 199 við fyrirsögnina samþ. með 13 shlj. atkv.

Frumv. vísað til 3. umr. með 15:1 atkv.

Þriðja umr., 17. Ágúst.

Frams.m. (Stefán Stefánsson): Það helzta, sem eg þurfti að segja um þetta mál, hefi eg þegar tekið fram við fyrri umræður þess. Þó skal eg geta þess, að nefndin hefir leyft sér að koma fram með br.till á þgskj. 269 og er sú fyrri við 1. gr. frv. og fer fram á það, að lögin nái til allra þeirra jarða, sem landssjóður hefir áður átt og seldar hafa verið eftir sérstökum lögum, eða seldar verða frá árinu 1905 að telja.

Þá vil eg geta þess, að prentvilla hefir slæðst inn á þgskj., nfl. í 2. lið, þar sem stendur, að eftir 3. gr. frumv. komi ný grein — á að vera eftir 2. gr. komi ný gr. Þessa nýju grein höfum við leyft okkur að koma fram með eftir bendingu hæstv. ráðherra (H. H.) og fer hún fram á það, að ráðherra sé gefin heimild til þess að gera kaup á þeim jörðum, sem um ræðir í frv. og auk þess hefir nefndin komið sér saman um það, að rétt sé að andvirði þessara jarða sé greitt úr þeim sjóðum, sem andvirði þeirra áður hefir runnið í. Nefndin lítur svo á, að þrátt fyrir þetta ákvæði, þá muni vextir Ræktunarsjóðsins ekki skerðast að neinu leyti svo að jarðakaupin hindri ekki að neinu leyti verðlaun eða styrkveitingar til dugnaðar- og framkvæmda-manna — vegna þess, að ekki er gerandi ráð fyrir öðru en því, að þessar jarðir gefi af sér eins háa vexti á eftir gjöldunum og hafa verið af andvirði þeirra í sjóðnum. Breytingin hvað sjóðinn snertir verður aðeins sú að lánveitingar verða eitthvað minni en annars.

Þá áleit nefndin það rétt að taka fram hver skyldi hafa umsjón með þessum jörðum, er frv. ræðir um. Venjan hefir verið sú, að hreppstjóri hefir haft umsjón með kirkjujörðum, en umboðsmenn með þjóðjörðum. Nefndin áleit því heppilegast að veita stjórnarráðinu heimild til þess, að gera nauðsynlegar ráðstafanir um umsjónina.

Frá almennu sjónarmiði hefi eg litlu að bæta við það, sem eg hefi tekið fram við fyrri umræðu málsins. Tilgangur frv. er sá, að tilætlun laganna um sölu þjóðjarða og kirkjujarða komist í víðtækari framkvæmd — nfl. að sjálfsábúð í landinu aukist.

Þá hafa komið fram nokkrar br.till. frá einstaka þm. og skal eg ekki fara mikið út í þær — aðeins geta þess, að eg fyrir mitt leyti get ekki fallist á brt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) á þgskj. 271, sem leggur það til, að ákvæði frv. nái til allra jarða á landinu. Það hefir komið fram í umræðunum um þetta mál, að ekki sé sennilegt að landssjóður geri mikið að því að kaupa jarðir fyrst um sinn og er þá harla ósennilegt, að hann léti sér ekki nægja fyrst um sinn með þær jarðir, sem hann hefir áður átt — enda er það og óviðkunnanlegra að leggja þetta haft á aðrar jarðir en þær,

sem hafa verið landsins eign og forkaupsréttur landssjóðs á þeim eðlilegri.

Um br.till. hans á þgskj. 270 þarf eg ekki að tala sérstaklega, því að hún stendur í nánu sambandi við hina.

Sömuleiðis hafa komið fram brt. frá háttv. þm. Dal. (B. J.) og get eg fyrir mitt leyti ekki fallist á neina þeirra. Þær fara allar í sömu átt og till. hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og miða auk þess að því að eyðileggja lögin um sölu þjóðjarða og kirkjujarða, ætlast til að engin sala á þeim jörðum eigi sér framar stað. Þetta er eins og eg hefi áður tekið fram svo gagnstætt við allar mínar skoðanir á þessum málum, að eg get ekki fallist á slíkar tillögur, og kysi miklu heldur að þetta frv. yrði felt en að slík fjarstæða yrði samþykt.

Bjarni Jónsson: Það er einkennilegt að heyra undirtektir háttv. fr.s.m. (St. St.) undir svo sjálfsagt mál sem þessar br.till. mínar eru. Eg er þess fullviss, að bæði háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) og aðrir eru mér sammála um það, að alt kák sé ilt og þá ekki sízt þegar um rétt manna er að ræða og öllu er haldið í þveröfuga átt við hann. Það hefir altaf verið mér þyrnir í augum að þurfa að selja eignir landsins, þótt eg hafi orðið að greiða því atkv. til þess að menn yrðu ekki beittir misrétti. En einhvern tima þarf að nema staðar og þykir mér nú kominn tími til þess að snúa við. Því var það þegar háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) kom fram með þetta frv., þá þótti mér vænt um það og hélt að hann ætlaði nú loksins að snúa við á rétta leið og það hefði aðeins verið af gleymsku, að hann hefði ekki farið nógu langt. Þess vegna vildi eg hjálpa honum til þess að taka alt sporið og kom því fram með brt. mínar. Það er þjóðin í landinu, sem á að eiga landið, en ekki einstakir menn. Þjóðin á sjálf að hafa sjálfsábúð. Hitt er öfugt að eignirnar safnist á einstakra manna hendur.

Það er óþarfi að rekja þetta mál mikið fyrir mönnum. Flestum mun það kunnugt, enda hafa verið skrifaðar um það fjölda margar bækur af hinum mestu vísindamönnum og það er ekki frá mínu eigin brjósti sem þessi hugmynd kemur. Flestir þm. býst eg við að þekki margar af þeim bókum, sem um málið hafa verið ritaðar. Það er sitt hvað að vera leiguliði á jörð, sem er eign einstaks manns og á jörð sem landið á. Hinn einstaki eigandi notar rétt sinn út í æsar, hefir dýran leigumála og bætir leiguliða heldur ekki umbætur á jörðinni. Eigi landið aftur á móti jörðina, þá verður leiguliði að greiða vist gjald allri þjóðinni fyrir að fá að gera jörðina sér undirgefna og njóta góðs af ávöxtum um hennar. En því minna, sem hann leggur í það að gera jörðina frjóvari, á hann sjálfur, og sú vinna verður honum eða hans afkomendum endurgoldin. Hann hefir því alveg eins mikla hvöt til þess að fara vel með sína jörð, bæta hana og gera hana frjóvari og jarðeigandi sjálfur. Þess vegna er það mín till. að þjóðin öll hafi sjálfsábúð og þar með hver einstakur maður líka.

Þessum lögum þyrftu auðvitað að fylgja önnur lög, sundurliðuð, er settu reglur og ákvæði um leiguna og leiguskilmálana, en til þess þyrfti langan og rækilegan undirbúning, og til þess treysti eg stjórninni að semja og leggja fyrir næsta þing slík lög, þegar þetta þing er búið að samþykkja þann sjálfsagða vilja, að landið eigi sig sjálft og leigi sig sjálft íbúum sínum, ekki sem okrari heldur eins og skysömum eiganda og stjórn sæmir.

Eg skal geta þess viðvíkjandi þessu daglega sjálfsábúðarhjali — til þess að sýna hvaða kák núgildandi lög eru — að þau ná alls ekki takmarki sínu, vegna

þess, að þeim fylgja engin slík ákvæði, sem skipa fyrir um, að jarðirnar megi ekki ganga úr ættinni. Hvað stoðar það, að leiguliði kaupi jörðina — situr á henni kannske eitt ár og selur hana svo öðrum manni, ríkari, sem reynir að safna sem flestum jörðum á sínar hendur. Fyrir þennan leka er alls ekki sett með núgildandi lögum. En verði brtill. minar samþyktar, þá má mjög vel koma þessari óðalsreglu að, þannig að hver leiguliði landsins vinni sér og sínum ættingjum rétt til þess að njóta góðs af jörðinni, og fái endurgoldið það verk, sem þeir leggja í að auka ávexti hennar. Og það er langt frá því að sjálfsábúð minki við það — það er einmitt sú eina skynsamlega og rétta sjálfsábúð, þar sem allir eru leiguliðar landsins, sem er eigandi allra jarða. Þá er það þar með útilokað, að efnamenn safni mörgum jörðum á sínar hendur og leigi þær öðrum með afarkjörum, og þá er líka tekið fyrir þann ósóma, að íslenzkar eignir gangi til auðugra útlendinga, sem smátt og smátt gera landsmenn að að tómum daglaunamönnum. Og það er viðbúið að svo verði innan skamms, ef ekki verða reistar við því skorður, þar sem hver og einn virðist meta það mest, að gera lítið úr sér og sinni þjóð í orðum, lögum og verkum.

Það er öllum vitanlegt, að frá landnámstíð hefir venjan verið sú, að allar jarðir hafa verið einstakra manna eign. Sú venja hefir haldist og verður því ekki kipt burtu alt í einu með lögum, án þess að sýna eigendum mikið ranglæti. Eina leiðin er því sú, að landið smátt og smátt eignist allar jarðir, með því að veita landssjóði forkaupsréttinn að þeim. Það má gizka á, að ekki verði þess þá lengur að bíða, að landið eigi sig sjálft, en 50—60 ár. Þetta er raunar ekki annað en ágizkun — getur verið að lengri tíma þurfi, en stefnan er alveg rétt og vel framkvæmanleg.

Þess vegna fer brt. mín, þskj. 276, fram á það, að landssjóður hafi fyrsta forkaupsrétt, þá sveitafélög og loks einstakir menn. Það er þveröfugt við það, sem nú er.

Í samræmi við það hefi eg komið með aðra brtill., þar sem það er lagt til að verja megi úr landssjóði alt að 60 þús. kr. á ári til slíkra jarðakaupa. Eg býst við að hv. flutnm. þessa frv. (St. St.) sé mér sammála um þetta, nema ef vera skyldi að hann vildi láta verja meiru fé til þessa, og mun eg þá greiða því atkvæði, en minna má það ekki vera. Og þetta yrði enginn eyðslueyrir — því að auk þess sem landið yrði réttur eigandi jarðanna, þá er það auðsætt, að lánstraust þess í útlöndum mundi aukast stórum við það, að menn vissu að landssjóður ætti allar jarðir í landinu og gæti sett þær að tryggingu.

Eg vona að menn meini ekki brtill. mínum að komast áfram, þótt þær komi seint fram. Er það þó ekki af því, að eg leyni skoðun minni á þessu efni né öðrum utan þings eða innan.

Sigurður Sigurðsson: Maður hefði getað búist við því, að svona þýðingarmiklð mál, sem þetta frumvarp er, mundi vekja athygli hér í deildinni. Þegar um nýja stefnu eða stefnubreytingu í stórmáli er að ræða, þá hefði mátt ætla, að menn mundu taka ákveðinn þátt í umræðunum. En hvað skeður? Við umræðurnar vantar marga þingmenn og þar á meðal einmitt þá, sem vanir eru ella að láta mikið til sín taka hér í deildinni.

Eg hefi komið fram með brtill. á þskj. 270 og 271. Þær miða að því að stíga skrefið alt og láta landið eiga forkaupsrétt að öllum jörðum, sem ganga kaupum og sölum, en sú leið er af mörgum

hinum merkustu mönnum talin þjóðunum hollust.

Eg get verið fáorður um þessar brt., þar sem hv. þm. Dal. (B. J.) hefir þegar gert grein fyrir brtill. sínum á þskj. 276, er ganga í alveg sömu átt.

Ef það er meiningin að fyrirbyggja að jarðir komist í einstakra manna hendur og það er talin holl stefna, þá er það í eðli sínu réttast, að heimildin nái ekki einungis til þjóðjarða og kirkjujarða, heldur og til allra jarða, sem ganga kaupum og sölu. Þess vegna kom eg með þessa brtill. á þgskj. 270. Þótt eg sé samþykkur hv. þm. Dal. (B. J.), þá álít eg að mínar brtill. lýsi meiri varfærni og séu aðgengilegri en brtill. hans, og vænti eg því þess, að þær nái samþykki hv. deildar.

Það var sagt við 2. umr. frumv., að heppilegast væri að vísa málinu til stjórnarinnar. Eg tek undir það, að það væri hyggilegast að afgreiða málið ekki nú. Hins vegar álít eg þó rétt að afgreiða málið héðan úr deildinni til. hv. Ed., til þess að hún geti átt kost á því að láta uppi álit sitt um málið.

Í sambandi við þetta vil eg geta þess, að í frv. vantar ákvæði um það, hverir skuli hafa á hendi umsjón þessara jarða, er landssjóður kynni að kaupa. Umsjá kirkjujarða er falin hreppstjórum, og væri það einnig eðlilegast að því er þessar jarðir snertir.

Í öðru lagi er það mikilsvert, að svo sé um búið, að sami leiguliði geti búið til lengdar á sömu jörðinni. Og til þess að tryggja það, teldi eg langæskilegast að samin væri lög um erfðafestuábúð á þeim jörðum, sem eru eign landsins. Eigi felli eg mig þó við það, að það yrði samskonar erfðafesta og á sér stað í kaupstöðum. Mætti þar vafalaust finna aðra leið, sem betur ætti við eftir kringumstæðum í sveitunum.

Þetta er vandamál og stórmál og hlýðir ekki að flaustra því af. Væri því réttast að afgreiða ekki málið sem lög nú að þessu sinni, heldur að efri deild vísi því til stjórnarinnar, sem stendur betur að vígi að undirbúa það heldur en þingið.

Ráðherrann (H. H.): Eg álít nógu langt spor stigið í tillögum nefndarinnar, þykja mér tillögur hv. 1. þm. Árn. (S. S.) ganga alt of langt, að eg ekki nefni tillögur hv. þm. Dal. (B. J.). Það er sitt hvað, að gefa stjórnarráðinu heimild til að kaupa aftur jarðir, sem það sjálft hefir selt og þannig hefir allar upplýsingar um fyrir fram, og hitt, að gefa ráðherra rétt til að kaupa hvaða jörð, landssjóði til handa, sem honum sýnist, og fyrir það verð sem hann sjálfur vill ganga að. Þær virðingargerðir, sem sala þjóðjarða til ábúenda byggist á, eru vanalega varfærnar í því að lofa um of kosti og verðmæti jarðanna, og því holt að hafa þær við, ef til kæmi að kaupa jarðir þessar aftur. En virðingargerðir og lýsingar, sem gerðar eru í því skyni að selja landssjóðnum jarðeignir, gætu, ef marka má af virðingargerðum til veðsetningar í banka, í sumum tilfellum auðveldlega verið helzt til glæsilegar, og landstjórnin hefði þá ekkert til samanburðar, ef um privatjarðir er að ræða, sem ekki hafa áður verið opinber eign.

Eg vil því helst mæla með tillögum nefndarinnar.

Framsögum. (Stefán Stefánsson): Eg er þakklátur hæstv. ráðh. (H. H.) fyrir undirtektir hans undir þetta mál. Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir svarað þeim, sem á móti hafa mælt.

Það gladdi mig, að hv. þm. Dal. (B. J.) er á sama máli um það, að varhugavert sé að jarðir safnist á einstakra manna hendur. Þar kemur okkur þó saman hvað frv. snertir. Aftur greinir okkur mjög verulega á um það, hver

fyrst og fremst eigi að hafa forkaupsrétt á jörðum. Eg held hiklaust fram forkaupsrétti ábúandans, enda er sú stefna fullkomlega viðurkend með þjóðjarða- og kirkjujarða-sölu lögunum, og þessari stefnu vona eg að þingið hlynni sem bezt að, en hopi ekki frá henni, þótt þeir menn er lítt þekkja til þeirra hluta, hreyfi rakalitlum andmælum.

Hv. þm. Dal. (B. J.) taldi rétt að hafa mat við hver ábúandaskifti á þessum erfðalöndum landssjóðs, en eg hygg, að það mundi alloft illa borga sig, fyrir landssjóðinn, því sjálfsagt yrði hann að taka þátt í þeim kostnaði, því búast má við sífeldri breytingu á þeirri ábúð, og að líkindum einhverjum umbótum. Nei, það fyrirkomulag mundi alls ekki reynast heppilegra í framkvæmdinni, en sjálfsábúðin.

Bjarni Jónsson: Eg hefi ekki beint komið fram með tillögur mínar til þess, að menn rjúki nú til að afgreiða málið, heldur til þess að menn heyrðu og sæju, hverja stefnu er réttast að taka. Það er hið mesta stefnuleysi, að vera ýmist að selja eða kaupa jarðir. Smávægilegt kák við hugsjónirnar dugir ekki, það er ekki þingmannlegt né hugsjónamanna atferli. Aðaleign manna er fólgin í máttuleik til að framleiða. Jarðareignin veitir ekki annað magn en sölumagn.

Á mat mintist eg ekki; stjórninni er vel treystandi að koma því fyrir svo að vel fari. Þetta telur einn hinn merkasti maður, Henry George, munu leiða til hinna mestu framfara. Hvergi er eins hægt að framkvæma þessa stefnu og hér. Má um það vitna til erfðafestulandanna hér í Reykjavík. Hvergi hefir hér verið lagt eins mikið í jarðir og í þau hefir verið lagt. Bændur eiga að sýna, að þeir geti treyst á mátt sinn, og þurfi ekki að eiga alt sitt upp á guð almáttugan.

Vegna þess að eg veit, að þessari ari stefnu má koma hér í framkvæmd, þá hefi eg vakið máls á þessu. Og þótt menn sé nú þykkheyrðir, er trúa mín, að þjóðin muni opna hlustirnar.

Eggert Pálsson: Mér finst það rétt, eins og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók fram, að það sé mikilsvarðandi mál, sem hér er verið að ræða um, og að flestir þingmenn ættu að láta það til sín taka. Hér er tveimur stefnum að slá saman, gömlu stefnunni, að landssjóður eigi að eiga sem flestar jarðeignir landsins, þar sem hann sé sá heppilegasti landsdrottinn, sem hægt sé að fá, og hinni, að sem flestar jarðir eigi að vera í sjálfsábúð, þar sem landssjóðurinn sé alt annað en heppilegur landsdrottinn. Að þeirri stefnunni hallast eg. Það er hverjum heilskygnum manni sýnilegt, að landssjóður hefir ekki verið góður landsdrottinn, að minsta kosti að því er snertir kirkjujarðir. Hafi landsetarnir viljað gera slíkum jörðum eitthvað til góða, hafa þeir fengið erfiði sitt að engu bætt. Þeir hafa leitað til prestanna, en prestarnir hafa tekjur sínar af þessum jörðum, og verður ekki með sanngirni ætlast til, að þeir láti þar af hendi til umbóta jörðum, sem landssjóðurinn, á bak við, sem eigandi, hefir neitað að taka nokkurn þátt í umbótunum. Eg held því enn fast við þá skoðun, að landssjóðurinn sé ekki góður landsdrottinn, og að framfarirnar verði meiri og öruggari á þeim jörðum, sem einstaklingar eiga, og enda þótt þeir geti ekki búið á þeim sjálfir. Getur þá eigandinn miklu fremur sýnt landsetanum tilhliðrunarsemi, og þeir samningar komist á, á milli þeirra, um umbætur á jörðinni, er báðir megi vel við una.

Hér er farið fram á í breyt.till. þeirra hátt. 1. þm. Árn. (S. S.) og háttv. þm. Dal. (B. J.), að landssjóður verði eigandi sem flestra jarða og með tímanum allra á landinu. Frá sjónarmiði þessara tveggja háttv. þingm. get eg vel skilið þessar breyt.till., þar sem eg veit hvaða stefnu þeir aðhyllast. En eg er hræddur um að þetta verði hættulegt í framkvæmdinni. Eins og hæstv. ráðherra (H. H.) mintist á, getur hér orðið um mjög svo iskyggilegar »spekulationir« að ræða. Fjöldi jarða mundi verða á boðstólum handa landssjóði. Menn mundu drífa upp geysihá tilboð í jarðirnar einungis til þess að knýja landssjóð til að kaupa þær við því verði. (*Bjarni Jónsson:* Landssjóður er ekki skyldaður til þess). Nei, veit eg það. En úr því að þetta væri orðið að lögum, býst eg við að landsstjórninni mundi finnast að hún gerði ekki skyldu sína, ef hún neitaði að kaupa þegar fé væri fyrir hendi á annað borð. Og á hina hliðina gæti þetta freistað landsstjórnarinnar til að kaupa af vinum sínum þegar þeir þyrftu eða vildu selja jafnvel þótt verðið væri talsvert hátt. Aftur á hina hliðina finst mér það rétt, er háttv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, að frumv., sem liggur fyrir, sé hvorki heilt né hálft, og hallast eg því helzt að því, að svo vöxnu máli, að greiða atkvæði á móti öllu saman, bæði breyt.till. og frumv. Þó að þessi stefna, er þeir háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) og háttv. þm. Dal. (B. J.) halda fram, kunni að vera nógu góð í sjálfu sér, hygg eg að hún sé, enn sem komið er, svo lítt þroskuð hér á landi og svo lítill styrkur á bak við hana, að ekki sé ástæða til að skifta um að svo stöddu.

Sigurður Sigurðsson: Það er út af ummælum háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) að eg stend upp. Hann sagði, að landssjóður væri ekki góður landsdrottinn hvað þjóðjarðir og kirkjujarðir snerti, sérstaklega kirkjujarðir. Eg hefi alt af álitið að landssjóður sé, ef rétt er á haldið, einmitt sá bezti landsdrottinn sem hægt sé að fá. Hitt er annað mál að hann hafi ekki alt af verið það. En orsakirnar liggja ekki í því, að landssjóður hefir átt jarðirnar; þær eru aðrar og þeirra er að leita hjá umboðsmönnum þjóðjarðanna og prestunum. Það er kunnugt um umboðsmenn þjóðjarðanna, að þegar jarðir hafa losnað, hafa þeir boðið þær upp, og jafnvel látið múta sér til þess að byggja þær. Þetta eru ranglátir ráðsmenn. Um prestana er það almannarómur frá fyrri tímum, að þeir séu manna ágjarnastir. Þeir hafa sett afgjaldið af jörðunum hærra en nokkurt vit var í. Þetta getur vel hafa breyzt nú síðari árin og mér dettur ekki hug að segja neitt þessu líkt um prestinn á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Það sem kemur okkur háttv. þm. Dal. (B. J.) til að koma fram með þessar breyt.till. er það, að við höldum fram þeirri stefnu, að landssjóður sé betri landsdrottinn en nokkur maður í eðli sínu getur verið. Hvað það snertir, að landssjóður sé neyddur til að kaupa jarðirnar við geysiháu verði, þá er það misskilningur, því að hann er alls ekki skyldur til að kaupa þær fremur en hann vill. Svo hefir landstjórnin alt af nóg ráð til að leita upplýsinga um jarðirnar og það verð, sem hæfilegt er að kaupa þær fyrir. Hún hefir sína trúu þjóna og keltubörn, sýslumennina, þá hreppstjórana og svo »i Nödsfald«, eins og Danskurinn segir, ráðunautana, sem ættu að vera þessu vel kunnugir, að minsta kosti þeir, sem hafa farið víða um landið. Eg held að engin hætta sé á því, að farið yrði með landssjóðinn ver en góðu hófi gegndi. Kaupréttur inn yrði því að eins notaður, ef

mikilsverð jörð væri í boði, og slíkar jarðir tel eg sjálfsagt að kaupa, þó að verðið sé nokkuð hátt.

Ráðherrann (H. H.): Eg held að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hafi ekki gætt þess nægilega, að með tillögu hans gæti stjórninni verið opnaður auðveldur vegur til þess að ívilna vinum sínum. *(Sigurður Sigurðsson:* Það á engin stjórn að gera). Nei, það er rétt, en löggjafarvaldið má ekki gera leik að því, að opna slíkar leiðir. Það er ómótmælanlega mikill munur, að landsstjórnin hafi í höndum nákvæmar virðingargerðir, sýni hvernig litið var á gæði jarðanna, þegar verið var að reyna að ná kaupum á þeim frá landssjóði, heldur en að hún verði að byggja á skilríkjum, er seljandi leggur fram vöru sinni til ágætis, miða verð jarðanna við þá upphæð sem sagt er að í þær hafi verið boðið, og geti vitalaust keypt eftir því.

Eggert Pálsson: Eg vildi að eins segja fáein orð viðvíkjandi ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) þar sem hann fann ástæðu til að bera prestastéttinni á brýn sérstaka ágirnd, öðrum mönnum fremur. Eg kannast við, að hjá almenningi hefir kveðið við þennan tón, og er auðséð af hvaða toga það er spunnið. Það stendur í sambandi við það, að prestarnir hafa orðið að innheimta laun sín sjálfir. Það veit eg að allir munu sjá og skilja að prestarnir geta ekki eftir eðli sínu verið ágjarnari en hverjir aðrir. Það getur reyndar átt sér stað, að ágjarn maður veljist í prestastétt, eins og hverja aðra stétt, en hins vegar er það engu síður líklegt, að maður sem er frásneiddur ágirnd verði prestur. Þessi sleggjudómur háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er því á engum rökum bygður. Hvað það snertir að prestarnir hafi tekið fé af mönnum til þess að veita þeim ábúðarrétt, þá verð eg að mótmæla því, að slíkt eigi sér stað þar sem eg þekki til. Þvert á móti hafa prestar á Suðurlandi látið sitja við gamla leigumála, þó að þeir sé orðnir mjög lágir eftir því sem nú tíðkast. En að ætlast til þess, að prestar gefi eftir tekjur sínar til þess að endurgjalda landsetunum umbætur á kirkjujörðunum, það væri til of mikils ætlast af nokkrum manni, og jafnvel þótt prestur sé.

ATKV.GR.:

1. brtiil. við 1. gr. þgskj. 276 feld með 12 : 2 atkv.

Hinar till. á þgskj. 276 teknar aftur.

1. brt. við 1. gr. þgskj. 271 feld með 10 : 4 atkv.

Till. á þgskj. 270 tekin aftur.

1. brtill. við 1. gr. þgskj. 269 samþ. með 11 : 5 atkv.

2. brtill. við 1. gr. þingskj. 269 samþ. með 12 : 4 atkv.

Frv. samþ. með 11 : 7 atkv. og afgr. til Ed.

Breyting fatækralaga.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. Nóv. 1905 (148, 200, 211, 213): 1. umr. 8. Ágúst.

Flutn.m. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Þetta er að vísu lítið mál, en þó engu að síður þess vert, að það nái fram að ganga. Eg skal, með leyfi hæstv. forseta lesa grein þá í fátækralögunum, sem hér er farið fram á að breytt verði (77. gr.).

»Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús — annað en holdsveikraspítala — þá kostar framfærslusveit hans dvöl hans þar, lyf og læknishjálp, alt að 200 kr. á ári. Það, sem fram yfir er 200 kr., greiðist úr landssjóði, þó aldrei nema fyrir tvo þurfalinga í

einu úr sama sveitarfélagi eða bæjarfélagi«.

Hér er nú farið fram á það, að feld séu aftan af þessari gr. orðin: »Þó aldrei nema fyrir tvo þurfalinga í einu úr sama sveitarfélagi eða bæjarfélagi«. Með öðrum orðum farið fram á það, að að því stærra böl, því þyngri byrði, sem sveitarfélagið hefir að bera, þess meiri þátt taki landssjóður í því, að létta undir með því. Það er undarlegt, að setja það inn í lögin, að hann skuli einmitt hætta að styrkja sveitafélögin, ef þau eiga verulega bágt, og það er óneitanlega gert með þessari gr. eins og hún er nú.

Þetta frumv. er sérstaklega fram komið fyrir ósk Auðkúluhrepps vestra. Þessi hreppur á nú 2 sjúklinga á Kleppsspítala, og auk þess eina 4 á sjúkraskýlum vestra. Þessi hreppur er mjög illa staður, enda mun það sjaldgæft, að eitt sveitarfélag ekki stærra, þurfi að kosta jafnmarga sjúklinga, og þó mun enn vera einn sjúklingur, sem þeim hefir orðið ókleyft að koma á sjúkrahús, sökum fjárskorts. Mismunur er mikill á efnahag manna þarna um slóðir, sárfáir menn mjög vel stæðir, hitt alt fátæklingar. Svo hefir það bæzt ofan á, að helzta stórbýlið þar í sveit, Lokinhamrar, sem margir kannast við, er nú lagt í eyði, svo að þaðan gelst ekkert til sveitarþarfa. Eg vona nú að þetta eina dæmi nægi til þess, að hv. þm. sjái hve sanngjarnt það er, að nema umrætt ákvæði úr lögum. Það ætti einmitt að vera svo, að því fleiri sjúklinga sem sveitarfélag þyrfti að kosta, því fremur væri því hjálpað.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg sé nú ekki svo mikið athugavert við þetta frv. í sjálfu sér. Og þessi 77. gr. fátækralaganna hefir líka verið undirorpin töluvert misjöfnum skilningi, sérstaklega í sambandi við 63. gr. sömu laga, og væri þá sjálfsagt, ef farið væri að breyta gr., að lagfæra þá um leið þetta sem um hefir verið þráttað.

Greinin hefir verið skilin svo, að af sjúkrahússkostnaði þurfalinga eigi dvalarsveitin eigi kröfu til frekara endurgjalds frá framfærslusveitinni en $^3/_4$ hluta. Þetta hefir leitt til þess, að þau sveitarfélög, sem komið hafa sér upp sjúkraskýlum, verða að leggja á sig skatt öðrum framar til annara sveitarfélaga. Ástæðurnar fyrir því, að dvalarsveitin fær ekki meira en þetta, eru mjög ljósar í áliti milliþinganefndarinnar. Þær eru tvær; önnur sú, að sjá við því, að menn séu teknir á framfæri að óþörfu — sveitarfélögin hafa sem sé stundum þótt slæm með það, að koma fólki á sveitina, ɔ: af sér og á framfærslusveitina, þegar að því er komið, að það sveitfestist.

Hin ástæðan var sú, að koma í veg fyrir að veittur yrði sveitarstyrkur um skör fram, að sýna sparsemi við þá, sem komnir eru á sveitina, og hér við mætti bæta þeirri þriðju ástæðunni, að það vakti fyrir mönnum, að gera sveitirnar allar á landinu, ef svo mætti segja, að eins konar innbyrðis ábyrgðarfélagi.

Þetta eru nú ástæðurnar til þess, að dvalarsveitin var ekki látin eiga heimtingu á meiru en þessu, en þessar ástæður ná alls ekki til sjúkrahússkostnaðarins. Sú fyrsta vegna þess, að lögin gera ekki ráð fyrir að sjúklingurinn sé lagður inn á sjúkrahúsið nema eftir skipun læknis, og komi sú skipun til, þá er sveitarstj. ekki ábyrgðarlaust að neita. Hún ræður hér engu um, heldur er hún skyldug að hlýða.

Hin önnur ástæðan nær ekki heldur til hér, því að öll sjúkrahús hafa fasta taxta, svo að sveitarstjórnin hefir ekki vald yfir því, hve miklu hún eyðir til sjúklingsins, heldur verður hún að borga samkvæmt reikningi. Það er því rang-

látt að láta þessa takmörkun á endurgreiðslunni líka ná til sjúkrahússkostnaðarins, og þetta hefði þurft að lagfæra um leið og 77. gr. er breytt, því að annars er hætt við að stjórnarráðið og aðrir skilji hið nýja ákvæði eins og hið eldra, þ. e. a. s. með takmörkun af 63. gr. Væri ekki orðið svo áliðið þingtimans sem er, þá mundi eg því leggja til að setja nefnd í málið, en eins og nú stendur á, vil eg skjóta því til hv. flutningsm. (M. Ó.), hvort ekki væri rétt að koma með brtill. til 2. umr. í þá átt er eg nú hefi talað um. Hér er ekki um svo stórar breytingar að ræða, að endilega sé þörf á nefnd.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umræðu með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 10. Ágúst.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Eg hefi litlu við það að bæta, sem eg sagði við 1. umr. þessa máls. Eg hafði hugsað mér að koma fram með brtill. við þessa umr., en hún er, því miður, ekki komin úr prentsmiðjunni ennþá. Hún fór fram á það, að þurfalingi skuli veitt sú sjúkrahjálp, sem frumv. ræðir um, hvort sem hann fer á innlent eða útlent sjúkrahús. Eg get raunar ekki skilið annað en þetta liggi í lögunum sjálfum, en eg hefi heyrt þess getið, að stjórnarráðið hafi kveðið upp úrskurð í þess konar máli, sem fari í öfuga átt. Þess vegna vil eg með lagaákvæði láta girða fyrir þetta — því að það er ekki síður nauðsynlegt að sjúklingur verði styrktur, þegar kostnaður hans verður mikið meiri.

Eg mun því koma fram með þessa brtill. við 3. umr. og vona að háttv. deild taki henni vel.

ATKV.GR.:

Frumv.greinin samþykt með 18 : 1 atkv.

Sökum óljósrar atkvæðagreiðslu var viðhaft nafnakall, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Tryggvi Bjarnason
Jón Jónsson Rvk.	
Bened. Sveinsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Jónsson	
Guðl.Guðmundsson.	
Halldór Steinsson	
Hannes Hafstein	
Jóh. Jóhannesson	
Kristján Jónsson	
Matthías Ólafsson	
Ólafur Briem	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Þorleifur Jónsson.	

Tveir þingmenn greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hl.

Málinu vísað til þriðju umræðu með 13 shlj. atkv.

Þriðja umr., 14. Ágúst.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Eg bjóst við svo góðum undirtektum undir þetta mál, að ekki mundi þurfa að hafa miklar umræður um það. En nú er annað komið á daginn, því að það eru ekki færri en 3 brt. við frv., sem fram hafa komið. Eg hefi áður minst á hvers vegna brt. frá nefndinni í þá átt að á eftir orðunum »á sjúkrahúsi« verði bætt við »hvort heldur utanlands eða innan», hefir verið borin fram, og þarf eg því ekki að tala um hana nú.

En eg get ekki stilt mig um að minnast á brt. á þgskj. 213, frá þeim hv. þm., 2. þm. Húnv. (Tr. B.), 1. þm. Skg.

(Ó. Br.) og 1. þm. Árn. (S. S.). Eg álít að sú breyting geri ekki ástandið betra en það er eftir núgildandi lögum, heldur verra.

Eftir því sem eg hefi nú sagt, væri mér ekki á móti skapi fyrri hluti brt. á þgskj. 213, en get með engu móti sætt mig við seinna hlutann, sem setur takmark við því, hvað greitt sé úr landssjóði. Mér hefir verið sagt, að úr landssjóði hafi verið greitt í legukostnað með sjúklingum samkvæmt 77. gr fátækralaganna 1905 síðasta ár nálega 10 þús. kr. Mér ægir ekki sú upphæð, jafnvel ekki þótt verið hefði 20 þús. kr. Það er falleg hugsun að hlaupa undir bagga með sjúklingum, og ekkert eðlilegra en það, að það geri sá stóri sjóður, sem allir eiga, landssjóður. Eg held, að ekki geti komið til mála, að þetta verði misbrúkað, t. d. að sendir verði ólæknandi menn á spítala. Mannslífið er dýrt, og það er skylda, meðan nokkur von er, að reyna það, sem unt er til bjargar.

Eg vil óska þess að nafnakall verði haft um frv. Eg vil láta slag standa og sjá svart á hvítu hverir hafa hug til að greiða atkv. gegn frv.

Tryggvi Bjarnason: Það er rétt hjá hv. flutn.m. (M. Ó.), að frv. þetta hefir enn ekki sætt neinum andmælum hér í deildinni. Það var samþ. við 2. umr. með öllum greiddum atkv. gegn einu. Eg var sá eini, sem greiddi atkv. gegn því. Eg tel frv. ganga inn á varhugaverða leið. Það mun hafa verið tilgangur löggjafans með 77. gr. fátækralaganna, að þegar eitt sveitarfélag hefði svo og svo marga sjúklinga að framfæra, sem nauðsynlegt væri að lagðir væru á sjúkrahús, þá væri sanngjarnt að landssjóður hlypi undir bagga. En jafnframt hefir löggjafanum þótt ástæða til að setja einhver takmörk við því, hversu mikið landssjóður legði af mörkum við hvert sveitarfélag, og sett þau takmörk, að ekki nyti sama sveitarfélag þessa styrks nema fyrir 2 sjúklinga árlega. Með þessu frv. er farið fram á það að fella burt þessi takmörk. Löggjafinn mun nú hafa ætlazt til þess, að landssjóður legði ekki fram styrkinn nema þar sem um verulega þörf væri að ræða, til þeirra manna, sem von væri um að lækna eða haldnir væru af smittnæmum sjúkdómum. Þetta er að vísu ekki nefnt í lögunum, en eg býst við því, að það hafi vakað fyrir löggjafanum. En eftir því sem sjúkrahúsum hefir fjölgað hér, hafa verið á þau fluttir fleiri og fleiri sjúklingar, þótt ekki hefðu þeir verið haldnir af næmum sjúkdómum og hefðu hæglega getað legið heima. Þannig hafa sjúkrahúsin verið fylt þótt ekki hafi það verið bráðnauðsynlegt. Eg er hræddur um, að hreppsnefndir mundu nota og noti ákvæði 77. gr. fátækralaganna á þann hátt að senda á sjúkrahúsin sjúklinga, sem ekki er bráðnauðsynlegt að senda þangað, undir eins og meðgjöfin fyllir 200 kr., án tillits til þess hvað landssjóður þarf að borga.

Fátækralögin eru ekki gömul, gengu ekki í gildi fyrr en 1. jan. 1907, svo að engin reynsla er á komin, né líkindi hægt að draga, hversu mikið landssjóður komi til að greiða árlega í framtíðinni. Eftir skýrslum, sem eg hefi aflað mér um málið, hefir landssjóður greitt samkv. landsreikningum í tilefni af 77. gr. fátækralaganna:

Árið 1908 kr. 3038, 14
— 1909 — 6116, 62
— 1910 — 8494, 93
— 1911 — 8800, 00

hér um bil eftir innkomnum reikningum. Þessar tölur eru að vísu ekki ægilegar, en þær sýna það, að hreppsnefndirnar noti þetta ákvæði sífelt betur og betur og muni halda áfram enn betur,

því að varla mun styrksins meiri þörf 1911 en 1908. Raunar getur þessi hækkun nokkuð stafað af fjölgun sjúkrahúsanna, því að við það verður hægara að fá vistir handa sjúklingunum.

Mér er ekki kappsmál að brt. mín eða okkar verði samþykt, ef frv. að eins verður felt. Réttast álít eg, að frv. verði vísað til stjórnarinnar til undirbúnings undir næsta þing, því að eg hygg, að málið sé litt hugsað eða jafnvel óhugsað af hv. flutn.m. En þótt þetta sýnist ekki stórfelt, þar sem að eins er um að ræða að fella fáein orð aftan af einni grein fátækralaganna, þykir mér ríða svo mikið á þeim orðum, að eg tel það stóra breyting á fátækralöggjöfinni.

Flutningsm. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Það eru ekki mörg ár síðan, að varið var um 170 þús. kr. til að lækna hér kláðarollur, en nú á því herrans ári 1912 er talið eftir að verja nokkuru fé til að bjarga heilsu þjóðarinnar. Eg tel ekki eftir það fé, sem varið hefir verið til fjárkláða útrýmingar, síður en svo. En margfalt meira virði tel eg mannslífin, og þótt varið væri 170 þús. kr. úr landssjóði til útrýmingar hvítadauða, mundi mér ekki ægja. Mér finst undarleg hugsun lýsa sér í br.till. á þgskj. 213; hugsunin er sú, svo að eg taki dæmi, að ef maður missir 1 kú, þá sé sjálfsagt að hjálpa honum, en missi hann 3—4 kýr, þá má ómögulega hlaupa undir bagga með honum.

Háttv. 2. þm. Hún. (Tr. B.) hélt því fram, að þörfin væri ekki meiri nú en 1908. Eg hugsaði þó, að flestum væri kunnugt um það, að berklaveikin breiðist óðum út um landið og fer sívaxandi. Styrkurinn úr landssjóði gengur mest til tæringarsjúklinga. Og það mega menn vita, að þótt þetta frv. verði felt nú, mun það rísa upp aftur og aftur. Að bera mönnum á brýn, að þeir misbrúki þetta ákvæði, álít eg allskostar ósæmilegt. Þetta fer eftir samráðum hreppsnefnda og lækna, hverir skuli sendir á sjúkrahúsin, og að bera þeim slíkt á brýn, er skkert annað en að kalla þá bófa. Hvort málið sé vel eða illa hugsað, skýt eg undir þingdeildina; hún sker úr því með atkvæði sínu.

Jón Magnússon: Þetta frv. fer fram á það að kippa burtu takmörkun þeirri, sem 77. gr. fátækralaganna setur fyrir landssjóðsstyrk. Nái frumv. óbreytt fram að ganga, verður ekki fyrir séð, hve mikið landssjóður þurfi að greiða fyrir sjúkrahússvist þurfalinga, en það yrði mjög mikið. Ef á að fara að breyta 77. gr. fátækralaganna, væri fremur farandi sú leið sem br.till. á þgskj. 213 fer. Réttast væri þó að vísa málinu til aðgerða stjórnarinnar.

Það er rétt hjá háttv. 2. þm. Hún. (Tr. B.) að mjög lítur út fyrir það, að sveitirnar misbrúki heimild 77. gr. Á spítala hafa verið látnir sjúlingar með kroniskum sjúkdómum, sem landssjóður hefir orðið að greiða fyrir hátt upp í 1000 kr. á ári. Nýlega hefir landssjóður orðið að greiða fyrir einn sjúkling í á 2. ár talsvert á 2. þús. kr., og hefði þó ekki verið þörf að láta þennan sjúkling á spítala.

Það var tilætlun þeirra, sem upphaflega sömdu uppkastið til fátækralaganna, að þessi styrkur kæmi helzt smásveitunum að verulegum notum og því var styrkurinn miðaður við 2 sjúklinga En það var ekki ætlast til þess að styrkurinn rétti til núna í kaupstöðunum eða hinum öðrum stærri sveitafélögum. Ef sveitarfélag hefði rétt til þess, að láta sjúklinga á útlend sjúkrahús, þá gæti slíkt bakað landssjóði ófyrirsjáanlegan kostnað, sem landsstjórn eða Alþingi ætti

að hafa eitthvert atkvæði um. Eg álít það miklu betur til fallið, eins og verið hefir að leitað sé til Alþingis um styrk í slíkum einstöum tilfellum.

Viðvíkjandi br.till. á þgskj. 211, verð eg að geta þess, að mér þykir varhugavert að létta af dvalarsveitunum þeim þriðja hluta, er þeim ber að greiða með þurfamönnum annara sveita. Það er hætt við, að dvalarsveitin muni reyna að losa sig við þenna $^1/_3$ með því að koma þeim þurfalingum á sjúkrahús, sem ekki hafa þess beina þörf, þótt veikir kunna að vera annars.

Ef menn vilja breyta 77. gr. laganna, álít eg heppilegast að vísa málinu til stjórnarinnar, ella samþykkja br.till. háttv. 2. þm. Hún. (Tr. B.) á þskj. 213, því að þar með er fengin trygging fyrir því, að heimildin verði síður misbrúkuð.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) talaði um getsakir. Eg held nú, að þeir, sem hafa haft afskifti af framfærslumálum, hafi oft rekið sig á það, að allra heiðarlegustu menn, menn sem annars vilja ekki vamm sitt vita, hafa einmitt í slíkum málum gert sig seka í slíku atferli, til þess að losa sveit sína við byrði, að varla mundi annars talið sæmilegt.

Jóhannes Jóhannesson: Af því að flutningsmaður breytingartillögunnar á þgskj. 211, háttv. þm. Ak. (G. G.) situr nú í forsetasæti, skal eg leyfa mér að fara um hana nokkrum orðum:

Eg fyrir mitt leyti lít nú svo á, að 77. gr. fátækralaganna eigi ein við, þegar sjúklingar eru eftir læknisráði látnir fara á sjúkrahús annað en en holdsveikisspítala, og að 63. gr. þeirra komist þar eigi að. Sú grein á aðeins við, þegar um venjulegan fátækrastyrk er að ræða en alls eigi þegar t. a. m. maður sýkist á ferð og er látinn á sjúkrahús eða flakk umrenninga eða vitfirringa er heft og þeir að læknisráði látnir á sjúkrahús. Kostnaðinn við þetta að svo miklu leyti sem landssjóður á ekki að bera hann, hvílir eftir mínum skilningi á fátækralögunum eingöngu á framfærslusveit þurfalinganna án þess að hún geti gert þá kröfu til sveitarfélags þess, sem maðurinn hefir sýkst í eða verið hneptur í eftir 63. greininni. Þetta finst mér vera nokkuð augljóst er 77. gr. fátækralaganna er athuguð og vera í fylsta samræmi við 63. greinina.

Til þess að geta heitið »dvalarsveit« þurfalings verður hann að hafa haft nokkra »dvöl« þar áður en hann verður styrksþurfandi, en það hafa þeir ekki, sem sýkjast á ferð eða eru heftir fyrir vitfirringu eða flakk og settir á sjúkrahús, enda væri með því lögð þung og ósanngjörn byrði á sveitar- og bæjar-félög þau, sem hafa haft manndáð til þess að koma upp hjá sér sjúkrahúsum eða sjúkraskýlum.

Ef þessum skilningi á fátækralögunum hefði verið framfylgt, væri brtill. á þskj. 211 óþörf, en svo er ekki.

Stjórnarráðið hefir að minsta kosti í einu tilfelli úrskurðað, að bæjarstjórn sem hefti för vitfirrings og lagði hann á sjúkrahús, skyldi borga $^1/_3$ af þeim 200 kr. sem á framfærslusveit hans kom. Þetta er ósanngjarnt, því það eru nægileg útgjöld fyrir sveitirnar eða bæjarfélögin að halda sjúkrahúsunum við, þó þær séu ekki látnar greiða meðlag með annara sveita þurfalingum, sem ef til vill hafa ekkert gert til þess að hefta flakkið og sýnt það skeytingarleysi, að láta vitfirringa sína ganga lausa, þótt í gæzlu ættu að vera og gætu unnið sér og öðrum tjón eftirlitslausir. Til þess að fyrirbyggja þann skilning, sem stjórnarráðið í þessu tilfelli lagði í fátækralögin er brtill. á þskj. 211 nauðsynleg og fyrir því vil eg mæla sem bezt með henni.

Hv. þm. Vestm. (J. M.) sagði, að hætt væri við, að sveitarstjórnir í dvalar-

sveitum myndu að óþörfu leggja þurfalinga á sjúkrahús til þess að losna við $^1/_8$ hluta kostnaðarins, ef brtill. yrði samþykt, og gaf í skyn að þær beittu oft hlutdrægni í þurfalinga-málum.

Eg vil nú ekki með öllu bera á móti því, að fyrir kunni að koma, að sveitarstjórnunum verði slíkt á, en á hitt vil eg benda, að til þess að dvalarsveitin losni við sinn $^1/_8$ hluta af kostnaðinum, verða sjúklingarnir að vera lagðir á sjúkrahús eftir ráði héraðslæknis, en hans úrskurði í þeim efnum verða sveitarstjórnir að hlýða og geta ekki, án þess að baka sér ábyrgðir, neitað að leggja þá menn á sjúkrahús, sem hann fyrirskipar.

Getsakirnar hitta því í þessu tilfelli ekki sveitarstjórnirnar heldur héraðslæknana, en þess þykist eg fullviss, að hinn hv. þm. vill eigi beina neinni aðdróttun um hlutdrægni til þeirra og ber fult traust eins og eg til samvizkusemi þeirra.

Eg mæli með brtill. á þskj. 213, því mér þykir varhugavert að taka úr landssjóði þá stíflu, sem frv. vill gera. Eg vona að hæstv. forseti sé mér samdóma um það, að brtill. á þskj. 211 geti átt við brtill. á þskj. 213 eins og frumv. sjálft.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Í rauninni þarf eg ekki að svara háttv. þm. Vestm. (J. M.) með því að hv. 1. þm. N. Múl. (Jóh. Jóh.) hefir gert það. Það er alveg rétt, að það er að skjóta fram hjá markinu að brigzla hreppsnefndum um, að þær séu ómagar á landssjóði og fylli sjúkrahúsin á landssjóðs kostnað. Það skeyti hitti læknana, af því að þeir hafa rétt til að heimta að sjúklingarnir séu lagðir inn á sjúkrahús En eg álít ekkert á móti, að þeir hafi þennan rétt; eg vildi bara óska, að þeir gætu skipað þinginu að borga. Eg tel ástæðulaust að brigzla læknum um, að þeir að ófyrirsynju baki landinu kostnað, en annars býst eg við því, að hv. þm. Snæf. (H. St.) standi upp til að bera af þeim þessi ámæli. Enda er þessi kostnaður ekki enn orðinn svo óttalegur. Við verðum að gæta að því, að hér er við illan óvin að stríða þar sem tæringin er. Að ósi skal á stemma. — Því meir sem lagt er fram í byrjun til að stemma stigu fyrir sjókdóminum, því fyr verður honum útrýmt.

Jón Magnússon: Eg hefi ekki beint því að læknum, að þeir gæfu röng vottorð, þó þeir legðu menn með kroniska sjúkdóma á sjúkrahús, því að vitaskuld eru mennirnir sjúkir, og það má til sanns vegar færa, að betra sé þeim á sjúkrahúsum en heima. Reyndar hefi eg séð vottorð frá læknum, sem eg tel mjög vafasöm, t. d. í fátækramálum um að ekki sé óhætt að flytja þurfamenn. Og sömuleiðis um það að nauðsynlegt sé að leggja menn á spítalal, þó það hafi ekki verið svo. Eg álít ekki gott að taka burtu þetta takmark, sem hér um ræðir þó eg ekki þurfi að mæla á móti því vegna Reykjavíkur, því bærinn mundi áreiðanlega græða á því að frumvarpið næði fram að ganga.

Flutnm. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Út af því, að heilbrigðum mönnum sé auðvelt að útvega sér sjúkdómsvottorð, þá vil eg geta þess, að svo er ekki þegar fátækir menn eiga í hlut. En hitt veit eg, að þau hneyksli hafa komið fyrir, að embættismenn hafa fengið vottorð, þótt þeir hafi verið hraustir, til þess að fá lausn frá embætti, og legið svo uppi á landssjóði mörg ár á eftir.

Halldór Steinsson: Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skoraði á mig að hreinsa læknastéttina af ámælum hv. þm. Vm. (J. M.). Mér finst nú meiri ástæða til að afsaka

hana gagnvart ummælum hv. þm. sjálfs. Hv. þm. Vestm. (J. M.) sagði að eins að hreppsnefndir færu stundum full-langt í því að setja sjúklinga upp á landssjóð, en tók svo fram í síðari ræðu sinni, að hann hefði ekki sagt þetta til að ásaka læknana, þó að þeir stundum gæfu mönnum með kroniska sjúkdóma sjúkdómsvottorð. Eg skal játa að þetta kann að hafa komið fyrir, en þó hygg eg, að hitt sé reglan, að læknar gefi að eins þeim vottorð, sem hafa »akist« sjúkdóma og líkindi eru til að læknist á stuttum tíma, enda er engin hvöt fyrir læknastéttina að baka landssjóði óþarfan kostnað í þessu efni.

Að því er snertir frumvarpið þá finst mér ákvæði 77. gr. í lögunum frá 1905 ekki hafa náð tilgangi sínum. Það hefir eflaust vakað fyrir löggjöfunum sú mannúð að sjúklingar þeir sem eru á sveit, fengju þá hjúkrun, sem nauðsynleg væri, þótt sveitirnar hefðu ekki efni á að standast kostnaðinn af þeim. En greinin hefir ekki náðtilgangi sínum. Það er ekki nema hálft verk að styrkja að eins tvo sjúklinga. Það væri miklu nær sanni að setja eitthvert hámark, t. d. að kosta legu sjúklinga ef þeir yrðu fleiri en 3—4 í hverri sveit, heldur en að hætta þegar þörfin verður meiri. Það er engin hætta að samþykkja frumvarpið eins og það er, því að eftir því sem sjúklingunum fjölgar eftir því aukast byrðar hreppsins, svo að þegar af þeim ástæðum er ómögulegt fyrir sveitirnar að standast kostnað af mörgum sjúklingum í senn, þótt landssjóður tæki þátt í sínum hluta af kostnaðinum.

ATKV.GR.:

Málinu var vísað til stjórnarinnar með 11 : 7 atkv.

Nýnefni.

FRUMVARP til laga um nýnefni (156, 163); 1. umr. 9. Ágúst.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Mönnum mun ef til vill þykja þetta nýstárlegt frumv., en eg vona, að menn hafi áttað sig á því, og að eg þurfi ekki að tala langt mál um það nú.

Eg vildi láta þess þegar getið, að prentvillur hafa slæðst inn í 2. gr., og hefi eg orðið að koma fram með brt. til að fá þær leiðréttar.

Mönnum mun það kunnugt, að víða um landið eru þessar nafnbreytingar og nafntökur, sem frumv. er stílað á móti, orðnar hrein og bein landfarsótt. Eg veit, að mönnum hlýtur að vera það ljóst, hvílík vandræði af þessu geta stafað í viðskiftalífinu. Þegar nöfnum á býlum og mönnum er breytt svo, að hvorki mennirnir né býlin þekkjast, þá getur af því hlotist hinn mesti glundroði. Þetta kemur mjög víða fram, t. d. í viðskiftum við bankana; póststjórninni bakar það óþægindi og þá eigi síður fátækrastjórnum og lögreglustjórum.

Þessar nafnbreytingar eru í raun og veru öldungis óleyfilegar, þótt ekki liggi við þeim hegning, en svo mikið hefir að þessu verið gert á síðari árum og fer svo sífelt í vöxt, að sjálfsagt er að setja við þessu skorður.

Um breytingar á mannanöfnum má ennfremur taka það fram, að sumar þeirra eru svo, að menn þar með beint villa á sér heimildir. Mér væri auðvelt að þylja háttv. deild dálítið sýnishorn af slíkum nafnbreytingum, og eg er viss um að skemta mætti mönnum góða klukkustund með því að lesa upp nokkur af þessum nýnefnum. Mörg nöfnin eru mjög afkáraleg, þótt sum séu aftur ekki ósmekkleg. Engin skrásetning á sér stað á þessum nafnbreytingum, nema

hvað einstaka nafnbreyting er auglýst í blöðum. Eg skal taka til eitt dæmi, til þess að gera mönnum skiljanlegt hvernig þetta getur litið út í daglegu lífi: Lögreglustjórinn á Akureyri hefir kveðið upp úrskurð um að Þórður nokkur Pétursson skuli greiða árlegt barnsforlag. Hann átti þá vitanlega heima á Akureyri, en tveim, þrem árum síðar þarf að heimta inn meðlagið með lögtaki Þá er maðurinn fluttur, og eftir langa leit og mikla rekistefnu uppgötvast, að hann er kominn til Reykjavíkur og nefnir sig þar Þórarinn Loðmfjörð.

Eða svo eg taki annað dæmi. Maður heitir Pétur Þórðarson og býr í Garðshorni. Hann hættir að búa, en fær sér afbýli bygt úr Garðshorni, metið til hundraða og 500 kr. lán út á það úr banka. Afbýlið er þá eigi nefnt neinu sérstöku nafni. Skömmu síðar kemur maður til sýslumanns og sýnir vottorð um að hann hafi reist býli á Gjallanda. Maðurinn nefnist Brandur Árdal. Hann fær auðvitað vottorð úr veðmálabókinni að Gjallandi sé óveðsettur; það býli finst ekki í veðmálabók. En þegar betur er að gáð, þá reynist Brandur Árdal að vera einmitt Pétur Þórðarson, sem var í Garðshorni og Gjallandi er afbýlið sem hann áður hefir veðsett.

Eg get citerað ótal dæmi þessu svipuð. T. d. hefir það viljað til í sakamáli, að stúlka hefir heitið Sigríður Ingibjörg Jónsdóttir. Hún var fædd í Húnavatnssýslu en átti heima í öðru lögsagnarumdæmi og komst þar í þjófnaðarmál. Svo hverfur hún, og fyrir hendingu vitnaðist, að hún hefði skift um nafn, hét áður Sigríður Jónsdóttir, en kallaði sig nú Ingibjörg Vatnsdal. Auðvitað nefni eg ekki rétt nöfn, vil ekki gera það hér í þingsalnum. En alveg *sams konar* tilfelli hefi eg rekið mig á, og geta þeir sem vilja fengið hjá mér nánari upplýsingar um það. Væri nauðsynlegt að hafa einhvern hemil á þessu til þess að fyrirbyggja allan þann rugling og glundroða sem af þessu hlýtur að stafa. En það er vandi að finna fullnægjandi ráð við þessu, og eg vil engan veginn fullyrða, að við flutningsmennirnir höfum fundið heppilegasta veginn. Þó mundu þessi lög reisa nokkrar skorður við mesta glundroðanum og fyrirbyggja að menn geti vilt heimildir á sér; án þess þó að þröngva um of frelsi manna. Samkvæmt þeim verða menn skyldir að snúa sér til stjórnarráðsins, er þeir vilja skifta um nöfn á sjálfum sér eða býlum sínum, gjalda fyrir nafnbreytinguna og auglýsa hana opinberlega. Þetta ætti um leið að koma í veg fyrir að menn taki upp hrein og bein skrípanöfn. Sé eg svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta, en það tel eg nauðsynlegt, að 3 manna nefnd verði sett í málið, að umræðunni lokinni.

Þorleifur Jónsson: Eg get tekið undir með háttv. flutn.m. (G. G.) að lög um þetta efni séu ekki óþörf eða hreinn og beinn leikaraskapur eins og sum lög héðan frá þinginu.

Hann hefir fært góð og gild rök fyrir því, að hér þurfi að taka í taumana. Breytingagirni mannanna er orðin mikil, svo að þeir breyta unnvörpum nöfnum á sjálfum sér og jörðum sínum, og það oft öldungis að ástæðulausu. Tel eg nauðsynlegt, að á þessu sé hafður einhver hemill. En þótt eg líti svo á, hefi eg ýmislegt smávegis að athuga við frv. Eg álít það t. d. óþarfa, að leyft sé að breyta nöfnum á gömlum jörðum, nema þá að nokkuð hátt gjald komi fyrir. Sama finst mér um skírnarnöfn manna.

Aftur á móti getur það verið þægilegt til sveita, þar sem stórum jörðum er skift í mörg grasbýli, að þeim býlum megi gefa ný nöfn án þess nokkur tálmi komi frá löggjafarvaldsins hendi.

Það er miklu hentugra í sveitum að sérstök nöfn séu á slíkum býlum, bæði vegna bréfasendinga og yfirleitt allra viðskifta. Er oft ómögulegt að kenna þau öll við sömu jörðina, þar sem sum geta staðið fram til dala og önnur út við sjó. Það er alt annað mál en í kaupstöðunum, þar sem hægt er að fara eftir götunúmerunum.

Þess vegna álít eg að mismunur ætti að vera á leyfisbréfunum, hærra gjald fyrir breytingu á gömlum nöfnum, en lægra gjald þegar ný nöfn eru tekin upp, einkum þegar ekki verður hjá því komist. Eg held að varla veitti af að 5 manna nefnd væri sett í málið, og vil eg leyfa mér, að gera það að minni tillögu.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Eg er samdóma hv. þm. Austur-Skaftfellinga (Þ. J.) um, að það sé óréttlátt að heimta jafnhátt gjald fyrir nöfn á nýbýlum og fyrir að skifta um nöfn á gömlum býlum Það er ómögulegt að komast hjá því, að nefna nýbýli nýju nafni og finst mér jafnvel að ekkert gjald ætti að heimta fyrir það. Þegar löggjafarvaldið krefst þess af hlutaðeigandi að nafnið sé innfært, er hart að leggja um leið gjald á hann til þess. Alt öðru máli er að gegna um það, þegar skift er um nöfn á gömlum jörðum. Menn gera það oft af eintómri fordild, þykir það t. d. lélegt að búa í koti og vilja hafa eitthvert glæsilegra nafn á jörð sinni. En það ættu allir að geta séð, að það þarf enginn kotungsskapur að loða við mann þótt hann búi í koti. Finst mér því að fyrir þesshátt nafnabreytingar væri rétt að heimta enn hærra gjald en frv. fer fram á. Hvað viðvíkur dæmum þeim er hv. flutn. tilfærði, þá held eg að það sé algerlega saknæmt eftir núgildandi lögum að breyta um skírnarnafn á sjálfum sér eða nafni á heimili sínu í þeim tilgangi að villa heimildir á sér, enda ekki hægt með þessum lögum að koma í veg fyrir að menn ljúgi til nafns síns. En ef menn eða fjölskyldur vilja taka sér upp ættarnöfn, efast eg um að hægt sé að banna það. Nauðsynlegt væri að hafa hönd í bagga með skrípanöfnum. Gæti eg skemt mönnum ef eg vildi með því, að lesa upp langa skrá yfir ónefni. Reyndar eru sum svo hneykslanleg að ekki er hægt að hafa þau yfir hér í þingsalnum.

Prestarnir ættu að geta komið í veg fyrir þetta, því að ekki er hægt að sekta þá, þó að þeir neiti að skíra börn þeim ónefnum er fólki getur dottið í hug að vilja klína á þau.

Hygg eg ekki vanþörf á að 5 manna nefnd væri sett í þetta mál, til þess að athuga það og koma fram með tillögur um það.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg get ekki séð að þörf sé á fjölmennri nefnd í þetta mál. Það mundi fremur verða til þess að tefja fyrir því, því að því fleiri sem í nefndinni eru því örðugra er að fá menn saman á nefndarfundi. Málið er ekki svo ýkja flókið og þykist eg vita að þingmenn mundu fúsir á að gefa bendingar um það þó þó að þeir sætu ekki í nefnd.

Það hefir verið sagt hér að það væri saknæmt að breyta um nöfn sín. *(Matthías Ólafsson:* Skírnarnöfn). Já, skírnarnöfn. En það eru engin lög til sem banna það, ef það er ekki gert í sviksamlegum tilgangi. Maður hefir verið skírður Meyvant en hann skifti um nafn og kallaði sig Eymund. Eg veit að háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) kannast við það. *(Þorleifur Jónsson:* Það var ekki gert í óheiðarlegum tilgangi.) Nei, en mönnum er vorkunn, þó að þeir vilji ekki bera slík ónefni. Eg hefi þekt stúlku sem hét Björg Petrólína að eg ekki nefni nöfn eins og Þjóðgata og

Almannagjá. Þá kom það fyrir á Norðurlandi, að hjón vildu láta skíra stúlkubarn er þau áttu, og gefa henni nafn eftir fæðingardagsnefni úr almanakinu. Dýrlinganöfn eru þar við flesta daga, svo sem Antónius, Leó, Júlíus, Valentínus o. s. frv. Hjónin fóru í Almanakið og fundu við fæðingardaginn: »5 s. e. Trin.« Þetta þýðir 5. Sunnudagur eftir Trinitatis; en það skildu hjónin ekki. Þau fóru til prestsins og báðu hann að skíra stúlkuna Fimmsetrínu. (*Þorleifur Jónsson:* Prestarnir mega neita að skíra börn slíkum nöfnum). Ekki veit eg til að þeir hafi vald til þess, enda þurfa menn nú alls ekki prests, þó að menn vilji gefa börnum sínum nöfn. Það er nægt að *tilkynna* yfirvaldinu nafnið.Mér finst líka ástæða til, að haft sé eftirlit með því, að menn taki ekki upp ættarnöfn, sem aðrar ættir hafa, því að það er blátt áfram til þess, að villa á sér heimildir. Eg er samdóma háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um það, að rétt sé að fara varlega í að leyfa mönnum að hafa nafnaskifti á fasteignum. Eg veit t. d. ekki hvað mönnum þykir betra að eiga heima í Fífuhvammi heldur en í Hvammskoti. Það er vitanlegt að slík nafnaskifti geta verið bönkunum háskaleg. Lögheitum á fornbýlum ættu menn þó að forðast að breyta. Í minu ungdæmi bjó maður í Breiðdal fyrir austan, sem hét Snjólfur á Titlingi. En nú er enginn Titlingur í Breiðdal. (*Þorleifur Jónsson:* Geldingur í Breiðdal er líka horfinn). Því trúi eg dável. Það er hlægilegt að breyta nöfnum eins og þessum. Háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) ætti eftir því, að breyta nafninu á sínum bæ, en það veit eg að honum mun ekki detta í hug að gera.

Eg mæli því með frv. eins og það liggur fyrir og held því fram að 3 manna nefnd muni afgreiða það greiðara en 5 manna nefnd.

Valtýr Guðmundsson: Mér finst þetta mál ekki eins einfalt og háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vildi telja það, mér finst þvert á móti töluverður vandi að greiða atkvæði um það. Eg ætla mér ekki að fara út í einstakar greinar frv. en einungis geta þess, að svona mál eiga að undirbúast af stjórninni, en ekki að koma óundirbúin inn á þing. Og þó að nefnd verði skipuð í málið sé eg ekki að það muni leiða til nægilega mikils undirbúnings. Eg vil þess vegna leyfa mér samkvæmt 52. gr. þingskapanna að stinga upp á því að málinu verði vísað til stjórnarinnar til athugunar. Með því móti fengi það rækilegri undirbúning og rannsókn, og það er trygging fyrir því að frv. gangi fram í góðum búningi. Hitt skiftir ekki miklu máli hvort það verður afgreitt á þessu þingi eða því næsta. Það er því tillaga mín, að málinu verði vísað til stjórnarinnar samkvæmt 52. gr. þingskapanna.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg þakka háttv. þingm. hve vel þeir hafa tekið í þetta mál. Eins og eg sagði í fyrri ræðu minni, dettur mér ekki í hug að halda, að við höfum fundið heppilegustu leiðina. Eins og háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, er málið talsvert viðsjált og margbrotið, og í rauninni hefði það átt að koma úr höndum stjórnarinnar með tilhlýðilegum undirbúningi og skýrslum. En úr því svo er nú ekki, verður eitthvað að gera. Og hér hefir venjan verið sú, að slíkum málum hefir fyrst verið hreyft í frumvarpsformi á þingi, þá sett í nefndir og látið ganga í gegnum þær og síðan hefir stjórnin tekið þau upp, ef hún hefir álitið þau þess virði, að skifta sér af þeim. Eg segi fyrir mitt leyti, að mér er ekkert kappsmál, að koma þessum

lögum út að þessu sinni. Minn tilgangur með því að hreyfa þesssu máli, var að stuðla að því, að löggjafarvaldið reisti hér einhverjar skorður. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, þá er langt frá því að nafnabreytingar á býlum séu saknæmar, vegna þess að engin lög eru til, er leggja hegningu við slíku, ef það ekki er gert í sviksamlegum tilgangi. Auðvitað er jarðabókin staðfest með lögum, en þau lög leggja ekkert við því þó að önnur nöfn séu tekin upp. Um breytingu á skírnarheitum manna er heldur ekkert positivt lagaákvæði. Nú er farið fram á að skýr lög séu sett um þetta, og sektir lagðar við, ef út af er brugðið. Og ef menn vilja að málið komist á hreyfingu, svo, að líkur verði til, að það gangi fram síðar meir, hygg eg að of snemt sé að vísa því nú til stjórnarinnar. Býst eg við að hún vilji heyra álit nefndar og deildarinnar, áður en hún sér sér fært að taka það til meðferðar.

Valtýr Guðmundsson: Eg get verið hv. flm. (G. G.) samdóma um það, að nauðsynlegt sé að setja lög um þetta efni. Og eg væri honum samdóma um það, er hann sagði um meðferð málsins, ef það hefði komið fyr fyrir þingið. En nú, þegar svo áliðið er þingtímans, og stórmálin eftir, verða þingmenn svo önnum kafnir, að þeir hafa lítinn tíma til að starfa í nýjum nefndum. Þess vegna leyfi eg mér að skjóta því til hinnar háttv. deildar hvort ekki mundi réttast að vísa málinu þegar til stjórnarinnar.

Ráðherrann (H. H.): Eg skal geta þess, að eg er samþykkur því, að heppilegt sé að fá sett lög um þetta efni. Væri mér kært að nefnd yrði kosin í málið, er gæti a. m. k. látið álit uppi, og gefið upplýsingar og leiðbeiningar, er síðar gætu að gagni komið. Vil eg lýsa yfir því, að stjórnin mun láta málið til sín taka, þó að það nái því ekki að verða útrætt í þetta sinn, og taka það upp á næsta þingi.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Mér er ant um þessi lög, og því þótti mér vænt um að heyra undirtektir hæstv. ráðherra. Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sagði, þá er þetta frv. ekki þess eðlis, að það þurfi að koma frá stjórninni. Það sem sérstaklega þarf að koma frá stjórninni, eru frumv. sem þurfa nákvæman undirbúning, rannsókn og skýrslur sem einstakir menn geta ekki náð í. En hér þarf engum skýrslum að safna. Sá undirbúningur sem málið þarf er að kynna sér lagalegar torfærur er fyrir því kunna að verða. Og þar sem flutningsmaðurinn er lögfræðingur ætti honum að vera sýnt um þann undirbúning. Ef stjórnin fengi málið til meðferðar, mundi því verða vísað til eins skrifstofustjórans, og hann mundi ekki gera annað en það, sem nefnd væri vel fær um. En verði málið óútrætt, er gleðilegt að heyra, að það verður tekið upp af stjórninni á næsta þingi.

ATKV.GR.:

Felt að vísa málinu til stjórnarinnar að svo stöddu með 16 : 3 atkv.

Vísað til 2. umr. með 18 samhljóða atkv.

Samþykt að kjósa 5 manna nefnd og hlutu þessir kosningu:

Guðlaugur Guðmundsson
Þorleifur Jónsson
Jón Ólafsson
Matthías Ólafsson
Valtýr Guðmundsson

Málið varð ekki útrætt.

Sala Presthóla.

FRUMVARP til laga um sölu á prestssetrinu Presthólum (160,212, n. 217, 255, 268); 1. umr., 10. Ágúst.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Þetta frv., eða annað líks efnis, lá hér fyrir þinginu í fyrra, en með því að þá fylgdu því ekki önnur skjöl, en beiðnin um að fá jörðina keypta, sá þingið sér ekki fært, að því sinni, að samþykkja frv., heldur vísaði málinu til landstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Um verðið, sem til er tekið, skal eg geta þess, að það er sett sem næst því, er ætla má, að jörðin hefði verið metin eftir þeim reglum, er gilda um sölu kirkjujarða, en það má betur athugast í nefnd.

Hér liggja nú í lestrarsalnum mörg gögn málinu til skýringar, og þætti mér vel fallið að kosin yrði 3 manna nefnd til þess að athuga þau. Og með því að þar gæti orðið um lögfræðileg vafaatriði að ræða, væri líklega rétt að hafa einhvern lögfræðing í þeirri nefnd.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 15 : 3 atkv.

Þriggja manna nefnd sþ. með 16 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Benedikt Sveinsson
Guðl. Guðmundsson
Jóhannes Jóhannesson.

Önnur umr., 14. Ágúst.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Það mun ekki þykja vænlegt að bera upp frv. um sölu á kirkjujörð eftir þessar umræður hér í kvöld. En eg vona að háttv. þingdeild hafi það fast í huga, meðan þjóðjarðasölulög eru í gildi, að láta þau ganga jafnt yfir alla menn. Í því trausti hefi eg borið þetta frv. fram.

Eg bar svipað frv. fram hér í deildinni í fyrra. Nefndin, sem þá hafði það til athugunar, var öll á því máli, að rétt væri að selja jörðina og þóttist ekki geta tekið til greina mótbáru þá, sem komið hafði fram frá sýslunefnd móti sölunni.

Í 2. gr. laga um sölu kirkjujarða er það tekið fram, að ef jörð er hentug til almenningsnota að áliti sýslunefndar, þá er landstjórninni óheimilt að selja hana nema eftir sérstöku lagaboði. Nú áleit nefndin í fyrra, eins og tekið er fram í nefndarálitinu, ekkert því til fyrirstöðu að selja jörðina, en með því að hún hafði ekki nægileg skjöl við að styðjast, var málinu vísað til landsstjórnarinnar. Nú hefir landstjórnin álitið, að hún hefði ekki heimild til að selja jörðina, vegna mótbáru sýslunefndarinnar, nema með sérstöku lagaboði.

Í annan stað er prófastur ekki ánægður með mat, sem gert var í fyrra haust, þar sem jörðin er metin á 7200 kr., en hann álítur hæfilegt verð 4000 kr. Þessi verðmunur liggur í því, að prófastur hefir gert mjög miklar jarðabætur og varið til þeirra nálægt 3500 kr. Þegar þær eru metnar með og lagðar ofan á, kemur út svipað verð og virðingarmennirnir hafa ákveðið. Af þessu er ljóst, að virðingarmennirnir hafa metið með jarðabætur prófasts. Nú er það tekið til í lögum um sölu kirkjujarða, að jarðabætur, sem ábúandi hefir gert, skuli ekki meta með. En eins og tekið er fram í nefndarálitinu, er virðingarmönnum ekki gefandi sök á þessu, því að í skipunarbréfi sýslumanns er ekki tekið fram, að þeir eigi að meta jörðina samkv. lögum um sölu kirkjujarða, heldur er þeim boðið að meta hana með öllum mannvirkjum.

Eg get ekki annað séð, en að það megi skaplegt heita, að jörðin sé seld á 4000 kr. Nefndin áleit þó réttara að ákveða ekki verðið, en setja lágmark 4000 kr. og fara svo eftir því, sem óvilhallir dómkvaddir menn vildu meta jörðina, og sé hún að öðru leyti metin samkvæmt lögum um sölu kirkjujarða.

Þessi jörð á ekki að verða prestsetur til frambúðar, heldur Skinnastaðir, svo að ekki getur það staðið fyrir sölunni. Býst eg því við, að háttv. deild muni vilja fallast á það með nefndinni, að þessi maður verði sömu laga aðnjótandi sem svo margir aðrir, þar á meðal nágrannar hans í Þingeyrarsýslu, og greiði atkvæði með því, að málið gangi til 3. umræðu.

Pétur Jónsson: Það er nýbúið að leiða athygli að því, hver hafi verið tilgangur þjóðjarðasölulaganna, og hver hann hljóti að vera. Eg hygg að hann geti aldrei verið né eigi að vera sá, að landssjóður selji til þess að losa sig við jarðirnar og fá inn verð fyrir þær, heldur er það gert til þess að þær komist í hendur leiguliðanna eða sveitarfélaga og annara stofnana, sem þarf þær til almenningsnota, bygt á því, að það sé heill og hagur fyrir landið, að sem flestir eignist ábýli sitt. Enginn hefir eins mikla hvöt til þess að fara vel með ábýli sitt eins og sá, sem sjálfur á það. En ef þetta er svo, þá er það líka óheppilegt þegar jarðir, sem eru leigujarðir, komast í hendur einstaklinga. Þá er horfin tryggingin og alveg undir hælinn lagt, hvort ábúandinn nokkurn tíma eignast jörðina. Og eitt er víst, þá verður sízt spornað við því, að jarðir komist í hendur útlendinga. Menn segja nú, að hér sé ekki um slíkt að ræða, heldur sé þessi maður, sem vill fá jörðina, ábúandi á henni. Sé svo, þá þarf ekki sérstök lög til þess að selja honum hana, en þurfi að fara að gera þær undantekningar, að leita til Alþingis til þess að fá jarðir keyptar með sérstöku lagaboði, þá á það að vera til einhverra stofnana eða félaga, en ekki til einstaklinga. Enginn einstaklingur má fá kauprétt á opinberri eign, samkvæmt öllum anda jarðasölulaganna, nema hann sé ábúandi á henni.

Eg veit að vísu, að löggjafarvaldið getur leyft sér alla hluti, og þá líka að brjóta það með annari hendinni, sem það þykist vera að byggja með hinni, en því vil eg ekki fylgja. Eg álít að þessu máli eigi þingið að víkja frá sér annaðhvort til stjórnarinnar, eða öðruvísi, því að verði jörðin ekki seld eftir lögunum um sölu kirkjujarða, þá á ekki að selja hana. Þegar á að selja leigujörð, þá á það að vera sá leiguliði, sem öll útsjón er á, að haldi áfram að búa á jörðinni, eða þó að minsta kosti getur gert það, en nú er þessi maður prestur, sem nýlega hefir fengið prestakall, og það gerir það að verkum, að hann á að sitja á alt annari jörð, og það er ekki meining laganna, sem eg nefndi, að fara að selja jarðir, sízt góðar jarðir, til þess að þær verði lagðar undir önnur býli. Í fyrra var þessu máli vísað til stjórnarinnar af sömu ástæðum og eg hefi nú talið, og þá leit þó ekki út fyrir annað, en að ábúandinn mundi sitja á jörðinni, svo að þá þótti mér ekki ósennilegt, að hann fengi hana, ef það væri heimilt fyrir lögunum. En nú virðast mér 2 ástæður á móti því. Það er rangt að grípa fram fyrir hendur laganna og selja öðrum jarðir en þeim, sem trygging er fyrir að sitji þær áfram.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Það er satt, að tilgangur þessara laga er sá, að efla sjálfsábúð, en eg sé ekki að þetta miði að öðru, því að þessi maður vill kaupa jörðina til ábúðar. Hv. þm. S.-Þing. (P. J.) gat þess, að ef hann væri leiguliði, þá þyrfti

ekki sérstakt lagaboð til sölunnar, og vildi vísa málinu til stjórnar. Honum má þó vera það fullkunnugt, að þetta er ekki hægt, af því að sýslunefnd Þingeyinga hefir sett sig upp á móti sölunni af þeirri ástæðu, að jörðin sé svo vel í sveit sett, að hún sé hentug til almenningsþarfa. Hinn hv. þm. var sjálfur í nefnd þeirri, er fjallaði um þetta mál hér á þingi í fyrra. Sú nefnd fann ekkert sölunni til fyrirstöðu út af þessu, fann ekki að jörðin væri hentug til neinna slíkra þarfa, sem lögin gera ráð fyrir, og var þó alt sundurliðað grein fyrir grein, hvort hún gæti verið læknissetur, skólajörð, spítalajörð, eða ætti að skiftast sundur í grasbýli. Nei, það hagaði ekki svo til, sagði hann þá með öðrum samnefndarmönnum sínum, að neitt af þessu væri sölunni til fyrirstöðu. Í fyrra var það eitt til fyrirstöðu, að skjöl vantaði. Nú þykist stjórnin samt ekki geta selt jörðina nema með sérstökum lögum heldur en áður, sakir hinna gömlu annmarka sýslunefndar, og að vísa málinu til stjórnarinnar aftur er því sama sem að fella frumv. og aftra því, að lögin gangi jafnt yfir alla. Maðurinn býr nú á jörðinni og hefir þar ábúðarrétt samkvæmt 4. gr. prestlaunalaganna, og hún á ekki að verða prestssetur. Það hefir staðið líkt á og þetta með jarðir áður, t. d. Gilsbakka. Það er svo til ætlast, að það prestakall stækki síðar, og fékk þó ábúandi jörðina keypta, þó að hún væri kirkjujörð og prestsetur. Það er þess vegna undarlegt, ef hér má ekki fara eins að, þar sem samur er sanngirnisréttur til. Til skamms tíma hafa þjóðjarðir eigi verið seldar nema með sérstökum lögum, svo að slíkt er ekki nýtt, og ekki sé eg neitt á móti því, að þingið hafi eitthvað ríkara vald en sýslunefnd, sérstaklega eins og hér stendur á, þar sem annar eins maður og hv. þm. S.-Þing. (P. J.) hefir vegið og léttvægar fundið röksemdir hennar gegn sölu þessarar jarðar á þinginu í fyrra.

Pétur Jónsson: Eg vildi að eins segja örðfá orð. Mér er þetta ekkert kappsmál.

Viðvíkjandi nefndarál. frá því í fyrra skal eg geta þess, að þótt eg skrifaði undir það og gerði ekki ágreining, þá var eg þó ekki samþykkur hverju orði í því. Eg get kannast við það, að eg hafði ekki mikið á móti sölunni af því að þarna ætti að vera skóli eða aðrar opinberar stofnanir, en eg var á móti því, eins og nú, að *þingið* færi að selja jörðina, enda varð sú niðurstaðan, að það var ekki gert, og eins hitt, að væri ekki hægt að selja jörðina eftir kirkjujarðasölulögunum, þá ætti ekki að gera það.

Jóhannes Jóhannesson: Í sambandi við það, sem hv. framsm. sagði, vil eg geta þess, að eg er á því, að maðurinn, sem hér um að ræða, sé löglegur ábúandi á jörðinni, og eg veit ekki betur en að hann samkv. prestalaunalögunum megi sitja þar sína tíð meðan hann lifir. Það liggur fyrir skýrsla um það, að hann hefir varið 3500 kr. jörðinni til endurbóta nú undanfarið, eftir að kirkjustjórnin hafði látið það álit sitt í ljósi við hann, að ekkert myndi því til fyrirstöðu, að hann fengi jörðina keypta, og að meina honum nú að kaupa hana við sanngjörnu verði væri sama sem að taka þetta fé af honum og leggja það til kirkjujarðasjóðs, og það getur þingið ekki verið þekt fyrir. Eg vona því að þetta frv. verði samþykt.

Valtýr Guðmundsson: Því víkur svo undarlega við, að eg er með þessu frv., enda þótt eg sé annars mótfallinn þjóðjarðasölu, og það er af því,

að eg er sannfærður um, að það liggur eitthvað porsónulegt á bak við það, að það skuli eiga að meina þessum manni að kaupa jörð sína á sama hátt og aðrir fá eftir gildandi lögum, og þótt eg vildi helzt að þau lög væru úr sögunni, þá vil eg þó láta þau ganga jafnt yfir alla, meðan þau standa. Svo er líka annað, sem líta má á. Maðurinn hefir þegar bætt jörðina mikið, og ef hann fær hana til kaups eru líkindi til að hann bæti hana enn meira, en þegar hann fellur frá, þá fær landssjóður sennilega forkaupsrétt á jörðinni samkvæmt öðrum lögum, og er þá hagur að hún lendi í landssjóðs höndum.

Frams.m. (Benedikt Sveinsson): Eg vil leyfa mér að benda á það, að 4. gr. laga um laun sóknarpresta frá 1907 verður eigi skilin öðru vísi en svo, að manninum sé heimilt að sitja á sömu jörð sem áður, þótt brauðasamsteypa verði, enda væri það hart fyrir aldraða menn, sem lengi hafa búið á sömu jörð, að þurfa að fara að flytja í aðra sókn, þótt fleiri sóknir leggist saman. Þetta er gert fyrir þá presta, sem uppi eru meðan á þessu stendur, þótt það gildi ekki til frambúðar.

Það mætti minna á það, að þessi sami maður hefir fyrri verið riðinn við kaup á annari þjóðjörð. Þá var það systir hans, sem ekki fékk jörð þá keypta, sem hún hafði búið á, fyrir það, að hreppsnefndin vildi hafa þar skólasetur. Það er að vísu rétt og sjálfsagt, að hið opinbera á að ganga fyrir einstaklingnum, en það er eigi að síður hart, ef þessi maður á nú að verða fyrir því, að honum sé með smásmygli bolað frá því, að fá þessa jörð.

Pétur Jónsson: Eg vildi að eins með örfáum orðum mótmæla því, að sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hafi lagt á móti þessari sölu af persónul. ástæðum.

Svo skal eg geta þess, að eg veit að vísu að þessi prestur hefir að vísu lagaheimild til þess að sitja á sínu fyrra prestssetri, en það er önnur krafa, sem á honum hvílir, og það er, að hann búi nær miðju hins nýja prestakalls þegar til kemur. Það mun vera stærsta prestakall á landinu, og Presthólar eru, rétt við endann á því.

Fr.s.m. (Benedikt Sveinsson): Eg hefi ekki farið með neinar aðdróttanir til sýslunefndar í Norður-Þingeyjarsýslu og eg veit, að ástæðurnar eru breyttar síðan hún lét uppi álit sitt um málið. Þá hafði hreppsnefndin ekki hugsað sér fyrir skólasetri, en nú er það gert; ekki mun þá heldur hafa verið fast ákveðið læknissetur, sem nú er sett á Snartarstöðum rétt hjá Kópaskeri sem annars er að verða miðstöðin á þessum slóðum.

Sigurður Sigurðsson: Það er langt síðan eg hefi vitað mann steypa sér jafn hastarlega andlegar kollhnýsur eins og háttv. þm. Sfjk. (V. G.) gerði áðan. Það er óskiljanlegt, hvernig hann ætlar að fara að greiða þessu frv. atkv. eftir að hafa haldið þrumandi ræðu um að landið ætti helzt að eiga allar jarðir og enga að selja, það er engin fyrirmynd, þegar háskólakennari hegðar sér svona í löggjafarstarfinu. Annars voru ástæður háttv. þm. S. Þing. (P. J.) svo þungar á metum, í þessu máli, að eg vona þær verði teknar til greina, og það ætla eg að gera. Mér finst að hér verði að fara eftir lögunum um sölu kirkjujarða, og ef mótmæli koma fram frá sýslum, þá sé þingið skylt að taka tillit til þeirra. Þetta er mér nú nóg, auk þess sem eg er mótfallinn allri þjóðjarðasölu yfirleitt.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg skal ekki lengja umræðurnar mikið. Það er búið að taka flest það fram, sem mælir með þessu. En eg vil þó minna á það, að eins og háttv. 1. þm. N.-Múl.

(Jóh, Jóh.) sagði, þá á þessi prestur rétt til að sitja áfram á jörð sinni, það er fyrst sá næsti, sem verður að breyta til.

Svo vil eg í öðru lagi sérstaklega minna á það, hve matið á jörðinni er meingallað og algerlega gagnstætt því sem vera á, þar sem slept er öllum jarðabótum, sem maðurinnn hefir unnið, og það er þetta, sem gerir það að verkum, að stjórnin getur ekki selt nema heimild frá Alþingi komi til. *(Pétur Jónsson:* Þá er yfirmat). Það geta ekki hlutaðeigendur beðið um, heldur hið opinbera, og eg vona að háttv. þm. vilji ekki knýja hér fram frásögn um það, hvernig þetta mat er til komið. Eftir að vissa var fengin fyrir meðmælum biskups með því, að jörðin fengist keypt, réðst ábúandinn í það, að bæta hana svo, að ef hann fær hana ekki keypta nú, þá er það bókstaflega ekkert annað en að hann er rændur hálfu fjórða þús. króna.

Eg þarf ekki að svara fyrir háttv. þm Sfjk. (V. G.), síst þegar á hann er ráðist úr þeirri átt, sem gert var síðast. Hann getur gert það sjálfur, ef honum þykir þetta svara vert. Annars ætti ekki að þurfa að taka það fram, að menn geta álitið það um ein eða önnur lög, að þau ættu helzt ekki að vera til, en þó á hinn bóginn viljað láta hlýða þeim meðan þau eru til, þetta er sjálfsagt öllum ljóst, nema háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), en eg er nú á því, að það bæti heldur fyrir málinu, að annar eins maður og hann skuli leggjast svo þétt á móti því.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgskj. 212 sþ. með 13 : 3 atkv.

Frumvarpsgr. þar með fallin.

Fyrirsögnin samþykt án atkvæðagreiðslu.

Málinu vísað til 3. umr. með 14 : 4 atkv.

Þriðja umr., 16. Ágúst.

Framsögum.(Benedikt Sveinsson): Þetta mál var rætt svo ítarlega við 2 umr., að óþarfi er að fara um það mörgum orðum. Enda hefði eg ekki tekið til máls, ef ekki hefði komið fram brt. á þgskj. 255. Hún fer fram á, að ef jörðin gengur úr sjálfsábúð, þá öðlist landssjóður forkaupsrétt að henni að frágengnu sveitafélagi. Eg er í rauninni ekki á móti þessum fyrri hluta till., en síðari hluta hennar getur ekki komið til mála að samþykkja eins og hann er orðaður. Það nær vitanlega ekki nokkurri átt að skylda manninn til að selja jörðina fyrir sama verð og hann kaupir hana nú. Hvað fær hann þá fyrir það verk sem hann kann að vera búinn að leggja í jörðina? Nú er hann þegar búinn að gera jarðabætur á henni fyrir 3—4 þús. kr. og búast má við, að hann haldi áfram að bæta hana. Á hann þá að missa alt það fé, sem hann kann að verða búinn að leggja í jarðabætur, þegar hann selur jörðina? Það væri hróplegt ranglæti. Til þess að komið gæti til mála að samþykkja till., þyrfti því að bæta við hana að eiganda skuli endurgoldið fé það sem hann hafi lagt í jarðabætur og húsabætur eftir mati óvilhallra manna. Ennfremur vil eg benda á það að þótt eg sé í sjálfu sér mótfallinn aðalefni brtill., þá er ekki ástæða til að samþykkja hana, þar sem hér er á döfinni frv. þess efnis, að landssjóður skuli hafa forkaupsrétt að *öllum* gömlum þjóðjörðum og kirjujörðum, sem ganga úr sjálfsábúð.

Sennilega verður það frv. samþykt;

það hefir fengið góðan byr hingað til. En verði það ekki samþykt, þá sé eg ekki ástæðu til að skeyta þennan hala aftan við þetta frv., því að ekki er rétt að leggja aðrar kvaðir á þessa jörð, en aðrar jarðir sem verið hafa í kirkjunnar eða landssjóðs eigu, það er sjálfsagt að hún lúti sömu lögum, sem aðrar þjóðjarðir.

Ráðherrann (H. H.): Eg vil aðeins benda á, að annar galli er á tillögunni.

Það er eftir orðalagi hennar gengið út frá því sem vísu, að jörðin verði seld ef hún gengur úr sjálfsábúð, og sagt að landssjóður skuli þá hafa forkaupsrétt að henni að frágengnu sveitafélagi. En þessi kaupréttur kemur eðlilega því að eins til greina, að eigandi vilji selja jörðina. Í núgildandi lögum er ekkert sem skyldar mann til að selja gamlar kirkjujarðir þó þær gangi úr sjálfsábúð.

Í lögunum um sölu kirkjujarða frá 1907 segir að eins, að gangi jörð, sem seld hefir verið samkvæmt þeim lögum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, þá falli eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga. Það þyrfti því að orða þessa brtill. öðru vísi.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 268 feld með 12 : 2 atkv.

Frv. sþ. með 14 : 4 atkv. og afgreitt til Ed.

Um almanök.

FRUMVARP til laga um afnám VII. kafla í tilsk. 3. Febr. 1836 (185), 1. umr. 13. Ágúst.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Eins og menn sjá fer þetta stutta frv. fram á það, að afnema einkarétt þann, sem háskólanum í Kaupmannahöfn er veittur til að gefa út almanök hér á landi, VII. kafla tilsk. 3 Febr. 1836. Þessi tilsk. er frá einveldistímanum og úrelt orðin. Því síður er nú rétt að veita háskóla Dana þenna einkarétt hér, þar sem vér uú höfum fengið háskóla al-íslenzkan. Ákvæðið er líka úrelt að því leyti, að hingað flytjast nú þúsundum saman þýzk og ensk almanök, en þó hefir það ekki verið átalið. Aftur hefir hér verið bönnuð sala íslenzks almanaks, sem gefið er út í Vesturheimi og er heldur fróðlegt rit. Mér er kunnugt um það, að Þjóðvinafélagið mun vilja takast á hendur að gefa út almanakið. Eg hefi og talað við mann, sem er fús til að annast útgáfu þess og er vel fær til þess. *(Ldrus H. Bjarnason:* Hver er það?) Það er dr. Ólafur Daníelsson.

Það getur verið, að sumum þyki það smávægilegt að koma fram með frv. eins og þetta, en eg get ekki skilið að þingið standi sig við annað en samþykkja það.

Hér er ekki um annað að tala en að sníða burtu botnlanga úr löggjöf vorri, eins og hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) komst réttilega að orði um annað frv., sem lá fyrir seinasta þingi.

Eg vonast því til, að hv. deild kannist við, að þetta frv. horfi til lagfæringar og greiði því atkvæði til 2. umr.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg mun greiða atkvæði með þessu frv., en vildi þó skjóta því til hv. flutningsmanns, hvort hann muni ekki vera fáanlegur til þess að gera dálitla breytingu á því. Mér finnst það rétt að vera ekki að binda þennan einkarétt við *útlenda* stofnun; en verði þetta frv. samþykt óbreytt, þá er hverjum, sem vill, gefið leyfi til þess að gefa út almanak

og er þá engin trygging fyrir að við fáum ábyggileg almanök. Það getur verið að eitt þeirra verði gott, hin kannske rusl, en það getur almenningur ekki dæmt um. Væri ekki rétt að reyna að hlynna dálítið að hinum íslenzka háskóla og veita honum einkaleyfið. Eg vona að þessi orð mín verði ekki skoðuð sem mótmæli gegn frv. — það er að eins bending til hv. flutningsmanns.

Flutnm. (Benedikt Sveinsson): Mér hafði dottið það í hug, að rétt væri að fela þetta verk einhverri stofnun og get því fallist á tillögu hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.). Mætti þá koma með tillögu þess efnis við 2. umr. En það sem gerði það að verkum, að eg hvarf frá að setja slíkt ákvæði inn í lögin, var það, að eg taldi það víst, að Þjóðvinafélagið mundi gangast fyrir útgáfu almanaks, og mundi það næg trygging fyrir því, að það yrði ábyggilegt.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg álít það ekki mikla tryggingu fyrir ábyggilegu almanaki, að Þjóðvinafélagið gefi það út. Það getur verið gott nokkur ár, en það er engin trygging fyrir, að svo verði í framtíðinni. Aftur á móti er háskólanum bezt trúandi til að gera almanakið svo úr garði, að gott verði. Þetta almanak, sem Þjóðvinafélagið gefur út, er keypt af danska háskólanum og við það heft þarflegum ritgerðum. En það væri eins hægt eftir og áður, þótt skift væri um einkaleyfishafa.

Valtýr Guðmundsson: Mér finst mál þetta talsvert athugavert og vafasamt hvort hægt er að ráða fram úr því með svo fljótri svipan. Eg kysi helzt að það yrði fyrst meðhöndlað af stjórninni — og fari svo, að það gangi fram, þá er eg alveg samdóma hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) að leyfið sé ekki gefið laust hverjum sem hafa vill, heldur veitt háskóla Íslands. En eg er hræddur um að við getum ekki breytt þessu undir eins, og geri það því að tillögu minni, að frv. verði vísað til stjórnarinnar. Það virðist heldur ekki bráðliggja svo á því, að það geti ekki beðið til næsta þings. Það væri óþægilegt ef landið fengi t. d. skaðabótakröfu á sig fyrir fljótræðið, sjálfur er eg ekki svo lögfróður, að eg geti greitt málinu atkvæði að sinni.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla að eins að geta þess, að eg tel það vafasamt að landið geti tekið þetta einkaleyfi af Hafnarháskóla án endurgjalds. Annars hefi eg lítið hugsað málið vegna annríkis við önnur þingstörf. Eg mun ekki greiða atkvæði á móti því, að frv. gangi til 2. umr., skal athuga það þangað til. Réttast álít eg samt að fara eftir tillögu hv. þm. Sfjk. (V. G.) og vísa málinu til stjórnarinnar. Það er held eg ekki eins óbrotið og hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) og 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) virðast halda.

Flutn.m. (Benedikt Sveinsson): Eg get, eins og eg tók fram, tekið bendingu hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um að veita háskólanum þetta einkaleyfi og felst á það. Hins vegar get eg ekki séð, að þetta sé það stórmál, að það þurfi þann undirbúning frá stjórninni, áður en það er samþykt. Virðist mér háttv. þm. Sfjk. (V. G.) vera nokkuð hörundsár vegna danska háskólans, sem hann er starfsmaður við. Það væri hart, ef sá háskóli, sem þó hefir notið mikilla hlunninda frá Íslendingum t. d. Árna Magnússonar safnsins, færi að halda þessu fyrir okkur, enda hygg eg að við þurfum ekki að óttast mikla mótspyrnu frá hans hálfu. Annars er eg þakklátur hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) fyrir það, að hann vill lofa málinu að ganga til 2. umr., geta menn þá áttað sig á því þangað til.

Ráðherrann (H. H.): Eg álít það mjög vafasamt, að við getum tekið af

Hafnarháskóla löglega fengin peningaréttindi, það þarf að minsta kosti að athuga málið vel áður. Eg hygg, að hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) bresti algerlega þekkingu til þess að vita hvernig einkaleyfi þetta er til komið. Þess vegna eru það tilmæli mín, að málið verði ekki afgreitt á þessu þingi.

Bjarni Jónsson: Eg get tekið undir það með hv. þm. N.-Þing. (B Sv.) að eg er sannfærður um, að Hafnarháskóli fer aldrei að koma fram með skaðabótakröfu á hendur okkur, þótt við tökum af honum þetta einkaleyfi. Eg held að þeir, sem telja það vafasamt að við getum tekið einkaleyfið og álíta breytingu á þar að lútandi lögum ekki einhlíta, byggi það á rangri skoðun. Það mesta, sem gert yrði, gæti ekki orðið annað en það, að leyfið yrði metið til peninga — og mundum við þá ekki skaðast á því að taka það, því að ósennilegt er að almanak, sem vér gæfum út sjálfir seldist ver en það, sem nú er gefið út. Það er því vel tilvinnandi, að borga eitthvað fyrir leyfið. Þm. Ak. (G. G.) tekur fram í fyrir mér, og vill vefengja orð mín. Er nú langt síðan hann kvað á þingi 1893: »Það er svo blóðlaus hugmynd háskólinn, að hann mun aldrei verða oss að neinu liði«, en nú er sú blóðlausa hugsun framkvæmd og er rétt að hlynna að þessari stofnun eftir megni. Enda býst eg við, að enginn mundi hreyfa hönd eða fót gegn þessu tjóni háskólans danska, og yrði ekki meira en það, að ef til vill einn maður misti einar 100 kr. sem hann fær fyrir að líta yfir málið á almanakinu. Eg held því, að háttv. þm. geti með góðri samvizku greitt frv. atkv.

Ráðherrann (H. H.): Það má vel vera, að þetta mál verði auðsótt, en mér finst í öllu falli vera sjálfsögð kurteisi að taka ekki þennan rétt burtu án þess einu sinni að orða það áður einu orði við þá stofnun, sem hlut á að máli, einkum þar sem stofnunin er sá háskóli, sem Íslendingar hafa notið og njóta svo mikils góðs af.

Jóhannes Jóhannesson: Eg vil að eins geta þess, að Hafnarháskóli hefir ekki fengið þetta einkaleyfi veitt með þeirri tilskipun, sem hér er verið að tala um að fella burtu. Tilskipunin ræðir ekki um annað en niðurlög þeirra manna, sem »yfirtroða« einkaleyfi það, er Hafnarháskóli hefir til þess að gefa út almanak fyrir Ísland. Því er það, að þótt tilskipunin yrði úr lögum numin, þá heldur háskólinn einkaleyfinu jafnt eftir sem áður. Það þarf því að rannsaka, hvernig þetta einkaleyfi er tilkomið, en það hefir hv. flutningsm. alls ekki athugað.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til stjórnarinnar með 15 : 1 atkv.

Um rithöfundarétt og prentrétt.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 20. Okt. 1905 um rithöfundarétt og prentrétt (203); 1. umr., 13. Ágúst.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg skal ekki fjölyrða um þetta frumv. Hér er farið fram á að veita ljósmyndasmiðum sömu vernd sem rithöfundum, svo að aðrir hagnýti sér ekki verk þeirra. Vona eg, að þetta verði samþ., ekki sízt þar sem þingið hefir metið ljósmyndasmíð svo mikils, að það hefir veitt einum manni styrk til að ferðast um landið og taka myndir.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg

vil ekki mæla móti þessu frv. En eg tel ekki þörf á nýrri löggjöf um þetta efni, þar sem til eru sams konar lög áður.

ATKV.GR.:

Frumvarpinu vísað til 2. umr. með 10 : 5 atkv.

Önnur umr., 15. Ágúst.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Engin mótmæli komu á móti frv. við 1. umr., enda er engin ástæða til þess, að hefta einkarétt á málverkum, ljósmyndum eða kvikmyndum. Einn þingmaður hefir bent mér á, að ljósmyndarar geti fengið einkarétt á myndum um 5 ár, en það sé bundið svo mikilli fyrirhöfn, að þeim finnist það varla gerandi. Því sýnist mér að þingið losi þá við þessa fyrirhöfn, með því að gefa þeim lög um einkarétt á myndum, enda hefi eg flutt þetta frumv. eftir beiðni hlutaðeigenda og vona eg að það gangi í gegnum deildina.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg mintist á þetta mál lítið eitt við 1. umr. og vil eg nú aftur benda á, að þetta frumv. getur ekki óbreitt orðið að lögum, því að ekki er nóg að segja að ljósmyndir heyri undir rithöfundarétt og prentrétt, því ekki geta allar ljósmyndir heyrt undir þennan rétt, ekki þær myndir, sem teknar eru fyrir borgun. Hér þarf því eitthvert nánara ákvæði um það, hvaða ljósmyndir eigi að heyra undir þennan rétt.

Vil eg greiða atkvæði með því, að frumvarpið gangi til 3. umræðu í þeirri von að þetta verði lagfært.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg er háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) þakklátur fyrir undirtektir hans í þessu máli. Ef nauðsyn þykir bera til þess, að ákveða eitthvað nákvæmar um það, hvaða myndir eiga að heyra undir þennan rétt, þá skal mér vera það sönn ánægja að vinna að því, með hjálp hv. þingmanna, sem vilja málinu vel.

Annars bar eg frumvarpið fram eins og mér var fengið það í hendur af hlutaðeigendum og áleit eg það vera nægа tryggingu fyrir því, að rétt væri með málið farið.

Vel sé eg það, að ekki getur ljósmyndari fengið einkarétt á mynd, sem hann hefir tekið af mér eða einhverjum öðrum, t. d. hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), en það hygg eg að sé tekið fram í öðrum lögum.

ATKV.GR.:

Frv.gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 atkv.

Þriðja umr., 17. Ágúst.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Við 2. umræðu þessa máls benti einn hv. þm. mér á ýmislegt er breyta þyrfti í þessu frumv. En eg hefi enn ekki getað sannfærst um að þess þyrfti. Eg hefi borið þetta undir glöggvan og góðan lögfræðing og hann segir að frumv. komi ekki í bága við nein gildandi lög. Eg vona því að deildin lofi frumv. að halda áfram.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verðlag.

FRUMVARP til laga um verðlag (204); 1. umr., 15. Ágúst.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Þetta litla frv. er tekið eftir skattamála-

nefndinni eldri, er eg gat um í sambandi við annað mál í gær. Eg hefi borið það fram fyrir þá sök, að ýmsir menn hafa skrifað mér, bæði úr mínu eigin kjördæmi og annarstaðar af landinu og óskað þess að þetta yrði að lögum sem fyrst.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar en vona að málið verði látið ganga viðstöðulaust í gegnum þingið.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Önnur umr., 17. Ágúst.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg þarf ekki að tefja tímann með langri ræðu um þetta frv. Það mun öllum kunnugt, að það er tekið upp úr tillögum gömlu milliþinganefndarinnar, og er það gert eftir áskorunum frá mönnum víðsvegar um landið. Þetta er svo ljóst mál að engra frekari skýringa þarf við það.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 15 shlj. atkv.

2. gr. frv. sþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Þriðja umr., 22. Ágúst.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stimpilgjald.

FRUMVARP til laga um stimpilgjald, (205); 1. umr., 14. Ágúst.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg hefi heyrt svo mjög barinn lóminn yfir fjárhag vorum að ekki mun vanþörf á að líta yfir þá máttuleika, sem til eru til að auka tekjur landssjóðs. Varð þá fyrst fyrir álit hinna skynsömu manna er sæti höfðu í milliþinganefndinni eldri og virðist mér allar uppástungur þess verðar að þær séu gerðar að lögum. Eg hefi leyft mér að taka upp þetta frv. til að sýna, að ekki eru allar aðrar leiðir lokaðar til að auka tekjur landssjóðs, en að gera landið að lepp fyrir útlent gróðafyrirtæki. Frv. er á góðum rökum og vel frá gengið af hálfu nefndarinnar, og fylgir því áætlun hennar um, að tekjur af því muni verða ca. 25 þús. kr. En auðvitað verður að auka við það, til að ná undir ákvæði þess um stimpilgjald, t. d. víxlum og ávísunum. Og ekki má gleyma því, að ef þessi lotterílög verða samþykt, þá má selja hér alt danska Klasse- og Kolonial-lotteríið ef kaup fást, og er því sjálfsagt að þeim happdrættis-hlutum sé komið innundir stimpilgjalsákvæði frv. En til þess að tefja ekki tíma þingsins með því að koma með breytingar þessar óundirbúið, þá hefi eg prentað frv. upp óbreytt og legg til að því sé vísað til skattamálanefndarinnar, og gæti eg þá talað mig saman við nefndarmenn mína til 2. umr. og samið brtill. í samráði við þá. Að vísa þessu máli, sem komið er frá milliþinganefnd, til stjórnarinnar, mundi eg skoða gert í því skyni að leysa undan gjaldhættu happdrættisseðla þá sem eg gat um áðan.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Frumv. vísað til steinolíunefndarinnar með 14 shlj. atkv.

Málið varð ekki útrætt.

Viðauki við bannlögin.

FRUMVARP til laga um viðauka við 2. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi (206); 1. umr. 13. Ágúst.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Það er ógnarlega stutt og meinlaust frumv., sem hér liggur fyrir, og eg vona að það veki ekki verulegar umræður. Eins og frv. ber með sér, fer það fram á að stjórninni veitist heimild til að flytja inn vínföng til tíðkanlegrar móttökuviðhafnar, er hún sjálf eða Alþingi gengst fyrir, og að þessi heimild veitist til 1. Jan. 1915, eða meðan leyfilegt er að viðhafa vínföng hér á landi. Eg býst ekki við, að eg þurfi að færa margar ástæður fyrir þessu, og að menn hafi þegar gert sér ljóst, hvort þeir geti fylgt frumv. eða ekki. Stjórnin er sett í æði mikinn vanda, er hún á að taka á móti útlendum gestum, því að meðan nágrannalöndin eru ekki lengra á veg komin í bindindisáttina en raun er á, má búast við, að viðtökurnar þyki ekki sæmilegar nema vín sé um hönd haft. Hins vegar má búast við því, að hér á landi fáist ekki þau vínföng, sem brúkleg eru til þessa. Og þó að þau fengjust, yrði stjórnin að sæta afarkostum með verðið. Það gæti því orðið dálítill fjársparnaður fyrir landssjóð ef frumv. yrði að lögum. Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um þetta, en bíða átekta og vita hvernig tekið verður í málið; vildi eg að umræðurnar yrði sem styztar.

Áður en eg sezt niður vil eg benda á það sama, sem eg tók fram undir umræðunum um fyrirspurnina, að þeir vinna ekki bannlögunum mest gagn, sem beita alt of miklum einstrengingsskap um framkvæmdirnar meðan verzlun með áfengi er á annað borð leyfð í landinu Eg sé enga ástæðu til nefndarkosningar í málið, en óska að því verði leyft að ganga til 2. umr.

Lárus H. Bjarnason: Eg get ekki verið samdóma háttv. flutningsm. (G. G.) um, að sjálfsagt sé að hafa engar umræður um þetta mál, og að engin nefnd verði sett í það. Eins og frv. er, gefur það fullkomlega tilefni til athugunar þó að stutt sé. Verði það samþykt, gefur það stjórninni heimild til að panta vínföng handa hverjum sem hún vill veita, foringjunum af danska, enska og franska herskipinu o. s. frv. allar götur til 1. Jan. 1915. Með öðrum orðum, stjórnin má panta vínföng handa svo mörgum sem hún vill, og svo mikið sem hún vill. Því eru engin takmörk sett. Þetta er alveg óþarft, því að jeg veit ekki betur en að nóg vín sé til í landinu og vafalaust boðleg hverjum sem er. Hæstv. ráðherra brosir, vill hann segja mér, hvað rausnarmaður eins og hann er mundi láta sér nægja. Eg skil það vel, að þeir sem vilja koma bannlögunum sem fyrst fyrir kattarnef, séu fúsir til að samþykkja þetta frumv. En því hefði eg aldrei trúað, að gamall templari mundi verða til þess að bera það fram. Því að þetta er að miklu leyti afnám bannlaganna. Eg sé ekki að hér þurfi að vinda svo bráðan bug að, að ekki megi setja nefnd í málið, og ef aðrir vilja ekki stinga upp á því, vil eg leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

Ráðherra (H. H): Hvort sem h. þd. vill fella eða samþykkja þetta frv.,

sem mér virðist alveg sjálfsagt að samþykkja, er mjög æskilegt, að litlar eða helzt engar umræður yrðu um málið. Hv. þm. mun vera kunnugt um, hvað til stendur næsta sumar, og er aðaltilefni frumvarpsins. Eg sé ekki betur en það sé mjög sanngjörn krafa, að meðan bannlögin leyfa áfengisveitingar, sé hinni opinberu *repræsentation* gert það fært, að fá nauðsynlegar vörur við sæmilegu verði og sæmilega góðar. En það er mjög svo óviðfeldið og óviðeigandi, að þeir, sem sérstaklega er hugsað til í frumv., og eg ekki vil nefna frekar, frétti um skoðanamun eða jafnvel deilur um þetta efni í þinginu fyrirfram. Eg vil því mælast til þess, að umræðurnar séu takmarkaðar sem mest.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): En hefi hér litlu við að bæta. Eg þykist vera viss um, að óhætt er að trúa stjórninni til þess, að misbeita ekki þessari heimild. Það er líka óþarfa tortryggni, að halda að þetta sé gert til þess að koma bannlögunum fyrir kattarnef, miklu fremur er þar rutt úr braut einu atriði, sem fyrirsjáanlega mun vekja óbeit margra á þeim. Að hér sé nóg til af boðlegum vínum, skal eg ekki dæma um, en þó held eg að svo sé ekki.

Málið er svo óbrotið, að eg álít enga þörf á nefnd. Hins vegar mundi ekkert vera á móti því, ef þurfa þykir, að gera orðabreytingar við frumv.

Lárus H. Bjarnason: Eg er á sama máli og hæstv. ráðherra, að hér eigi ekki við að nefna nöfn né halda langar ræður.

Hæstv. ráðherra sagði, að »hin opinbera repræsentation« þyrfti þess við, að fá vörurnar við sæmilegu verði. Engum kemur víst til hugar, að láta þennan kostnað lenda á ráðherranum, sem svo lítið risnufé hefir. Vitanlega lenti kostnaðurinn á landssjóði.

Ef ekki býr annað undir en viðtökurnar næsta sumar þá sýnist ekki rétt að veita heimildina til 1. Jan. 1915, nóg fram á sumar 1913, og er þetta nægileg ástæða til þess að setja nefnd í málið.

Ráðherrann (H. H.): Eg álít það sama sem að fella málið, að setja nefnd í það, sökum þess hve liðið er á þingtímann, enda virðist það svo einfalt og óbrotið, að nefnd — jafnvel hin virðulega skattanefnd, sem mér skilst að mundi fáanleg til að ljá því rúm í »ílátinu« — mundi naumast geta skýrt það mikið fyrir háttv. þingdeild.

Sigurður Sigurðsson: Eg heyri það sagt, að æskilegast sé að tala ekki mikið né hafa hávaða um þetta mál. Eg verð þó þegar að geta þess, að framkoma þessa frv. hneykslaði mig. Og svo mun það vera um fleiri alþýðumenn, er sjaldan skilja leiðir og hugsanagang hinna tignu manna. Eg verð einnig að taka það fram, að ef þetta frumv. á við konunginn, eins og eg hefi heyrt, þá var Hans Hátign það kunnugt áður en hann ákvað ferðina hingað, að hér var til aðflutningsbann á áfengi, og ef hann hefði sett það fyrir sig, mundi hann aldrei hafa ráðið ferðina. En þótt nú svo sé, að hér sé átt við þann tigna gest einann, og að ekki muni neitt annað misjafnt búa undir, þá get eg samt ekki verið með frumv., en álít bezt og snjallast að fella það. Ef konungur getur ekki í þessu efni felt sig við þau lög, sem hér gilda og faðir hans hefir staðfest, þá er honum ekki mjög hugleikið að heimsækja oss. Annars skal eg geta þess, að eg hefi heyrt, að hann óski þess, að ekki sé mikið lagt í kostnað við komu hans, og án þess að eg vilji sneiða að nokkrum, væri nú rétt að vér brendum oss ekki á sama soðinu sem 1907. Það er víst, þótt eg sé ekki að telja neitt eftir, að betur hefði mátt spara þá. Þetta er ekki sagt til móðg-

unar við nokkurn sérstakan mann, heldur frá almennu sjónarmiði, og vænti eg að næsta sumar verði gætt meiri ráðsvinnu og sparsemi af opinberu fé, en þá var.

ATKV.GR.:

Frv. felt frá 2 umr. með 11 : 6 atkv.

Bæjarstjórn í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum frá 22. Nóv. 1907 um breyting á tilskipun frá 20. Apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík (208); 1. umr. 13. Ágúst.

Flutn.m. (Benedikt Sveinsson): Það er nú lögum samkvæmt svo háttað kosningu borgarstjóra hér, að hann er kosinn af bæjarstjórn. Hefir þetta þráfaldlega vakið gremju almennings. Á þingmálafundum hér 1910, hinum fjölmennustu, sem haldnir hafa verið hér, var í einu hljóði samþykt að breyta kosningarlögunum á þann hátt, sem farið er fram á í þessu frv. Samkvæmt þeirri ósk var flutt frv., inn á síðasta þing, þess efnis, að allir bæjarbúar, sem kosningarrétt eiga í bæjarstjórn, skyldu mega kjósa borgarstjóra. Nefnd var skipuð í málið, en varð ekki á einu máli; vildu sumir taka frv. til greina, en sumir ekki. Þó varð það að samkomulagi, að bæjarstjórn skyldi til nefna 3 menn og borgarar velja úr þeim. Þetta var hvorki heilt né hálft, enda felt í deildinni. Kom hér og mjög til undirróður sumra bæjarfulltrúanna, er ekki vildu láta draga úr greipum sér þennan rétt.

Þótt frumv. gengi ekki fram síðast, vona eg samt, að þingið nú við nánari athugun taki frumv. til greina og verði við þeirri samróma ósk borgara hér, sem nú munu vera um 3500, að þeir megi sjálfir ráða sér borgarstjóra. Eg skal benda á það, að þetta mun venja í sumum hinum mestu menningarlöndum, t. d. með brezkum þjóðum í Vesturheimi. (*Lárus H. Bjarnason*: Og í Hafnarfirði). Það veit eg ekki, en ef svo er, þá er undarlegt að vér höfum minni rétt en Hafnfirðingar, að minsta kosti ættu þeir, sem vilja láta skoða skip Hafnfirðinga héðan, sízt að vera umhugað að gera oss réttlægri í þessu atriði.

Enn vil eg taka það atriði fram, til meðmæla þessu frv., að borgarstjóri er miklu óháðari bæjarstjórn samkvæmt þessu frv., heldur en þegar hann á það undir bæjarstjórn, hvort hann fær að halda stöðunni eða ekki; ef honum er kappsmál að halda stöðunni má vera, að hann hlíti heldur vilja bæjarstjórnar, segi t. d. eg skal gera þetta eða hitt, ef þú tekur mig. Þar fyrir getur samvinnan samt verið jafn góð. Það er ennfremur ástæða með því, að borgarstjóri sé gersamlega óháður bæjarstjórn, að nú er mjög kvartað yfir því, að í bæjarstjórn séu spekúlantar, kaupmenn og leverandörar, sem viðskifti eiga við bæjarstjórnina. Ef frv. er samþykt, er síður hætt við að borgarstjóri þurfi að vera á valdi þessara manna og geti haft traustara eftirlit.

Frv. er svo ljóst, að eg hygg ekki þörf á nefnd í það. Vona eg að það nái að ganga til 2. umr.

Jóhannes Jóhannesson: Það er misminni hjá hv. þm., að bæjarstjórinn í Hafnarfirði sé kosinn af bæjarbúum; hann er kosinn af bæjarstjórn en er hins vegar ekki atkvæðisbær í bæjarmálum, nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi. Þingið 1907, sem fjallaði um um þessi lög, mun þá hafa verið þeirrar skoðunar, að ekki væri heppilegt, að borgarar kysu borgarstjóra eða bæjarstjóra sjálfir óbundnum kosningum, og

sama býst eg við að verði upp á teningnum hjá þessu þingi.

Flutningsm. (Benedikt Sveinsson): Þettta mun rétt hermt hjá hv. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.), að borgarstjórinn í Hafnarfirði sé kosinn af bæjarstjórn. En hitt er ekki rétt, að af því verði nokkuð ráðið um það, að þingið 1907, sem fjallaði um lögin um bæjarstjórn í Hafnarfirði, hafi talið rétt, að borgarsjórinn hér væri kosinn af bæjarstjórn. Og þótt svo væri, er ekki víst, að þingið 1907 hafi litið rétt á, enda hefir þingið oft breytt um skoðun. Það er ekki nema sjálfsagt að taka til greina frv. þetta, sem komið er fram eftir einróma ósk allra bæjarmanna. Þar hefir engin rödd heyrzt á móti, nema ef vera kynni sumra bæjarfulltrúanna, sem ekki vilja missa valið á borgarstjóranum úr höndum sér.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 7 atkv.

Önnur umr., 15. Ágúst.

Framsögum. (Benedikt Sveinsson): Eg vil leyfa mér að þakka fyrir góðar undirtektir í þessu máli við síðustu umræðu og vona að frv. fái að ganga til 3. umræðu.

Eg ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta frumvarp, enda óþarft að tala um það alment. Skal aðeins stuttlega minnast á einstakar greinar þess.

1. gr. frumvarpsins heimilar kjósendum til bæjarstjórnar, körlum og konum. að kjósa borgarstjóra. Er það talin trygging fyrir því að borgarstjóri sé bæjarstjórninni óháður, að hann eigi ekki kosning sína undir henni og geti því haft óbundnari hendur af flokkadráttum þar. Í 2. gr. frv. er ákveðið að kosning borgarstjóra verði leynileg. 3. gr. er afleiðing af 1. gr.

Eg veit að margir þingmenn ofan úr sveitum láta sig þetta frumvarp litlu skifta, en eg vona þó, að þeir vilji unna íbúum Reykjavíkur þeirrar sanngirni í þessu áhugamáli þeirra, að þeir hindri ekki framgang frumvarpsins.

ATKV.GR.:

1. gr. feld með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Jónsson Rvk.
Benedikt Sveinsson	Hannes Hafstein
Bjarni Jónsson	Jóh. Jóhannesson
Björn Kristjánsson	Jón Magnússon
Halldór Steinsson	Kristján Jónsson
Jón Ólafsson	Matth. Ólafsson
Lárus H. Bjarnason	Ólafur Briem
Skúli Thoroddsen	Sig. Sigurðsson
Þorleifur Jónsson.	Tryggvi Bjarnason
	Valtýr Guðmundss.

Jón Jónsson S.-Múl. og Stefán Stefánsson greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hluta.

Frv. þar með fallið.

Um strandferðabáta.

FRUMVARP til laga um kaup og útgerð tveggja strandferðabáta (202); 1. umr., 17. Ágúst.

Flutningsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg talaði svo ítarlega um þetta mál í gær, að eg hefi litlu við það að bæta. Eg gat þess að nú stendur sérstaklega vel á, með útlit fyrir verð á gufuskipum, og ætti því að vera hættulaust að kaupa bátana; við getum vafalaust selt þá aftur. Eg gat þess líka að í ráði væri meðal hér búsettra

kaupmanna að stofna íslenzkt gufuskipafélag til að hafa á hendi strandferðir. Ef þessi till. yrði samþykt, mundi það flýta fyrir stofnun félagsins, því það gæti keypt bátana af landinu. Eg veit að svo mjög er áliðið þingtímans að frv. þetta þarf að fara greitt til að komast í gegn um þingið og kemst það sennilega ekki, en eg áleit rétt að ræða það og greiða atkvæði um það, og eg vona að menn sjái það, að þetta er mál sem er þess vert að menn kasti því ekki frá sér umhugsunarlaust.

Björn Kristjánsson: Mig furðar á því hversu daufir þingmenn eru að tala í þessu máli. Það er þó sannarlega ekkert smáræði ef landið á að verða strandferðalaust um heilt ár. Það verða talin tíðindi um landið, ef það eitt frétt-ist af þessu þingi, að það hafi lagt 250 þús. kr. skatt á landsmenn og kipt burtu samgöngunum kringum landið! Það væri sannarlega að gefa þjóðinni sitt utan undir hvort, löðrunga hana.

Það er skylda þingsins að ganga svo frá þesu máli, að þjóðin bíði ekki skaða af því að Thorefélagið hættir strandferðunum, og eg fyrir mitt leyti sé ekki, að það verði gert með neinu öðru móti en að samþykkja tillögur minni hluta nefndarinnar. Fyrverandi stjórn hefir, eftir því sem stendur í nefndarálitinu, pantað mann frá sameinaðafélaginu til að semja við, en árangur af því var ekki betri en svo, að hann skýrði frá því, að félagið vildi ekki með neinu móti gera *neinn* samning um strandferðirnar. Samt heyrðist mér, á ræðu hv. ráðherra (H. H.), að komið gæti til mála að semja við þetta félag. Þetta er annar löðrungur, ef stjórnin fer að semja við þetta félag eftir að þingið er búið að leita til þess og fá afsvar og sá löðrungur kemur frá stjórninni til þingsins. Við munum það, að árið 1909 bauð félagið aðeins 24 ferðir milli landa fyrir sama styrk og Thorefélagið. Fleiri ferðir áleit »Hið sameinaða« eigi nauðsynlegar fyrir landið. Það varð þó úr, að samið var við 2 félög um 44 ferðir. Sameinaðafélagið áleit að ekki væri þörf á meiru en 24 ferðum, en reynslan hefir sýnt að næg þörf var fyrir 44 ferðir og reyndar miklu fleiri og þær hafa borgað sig vel. Að semja við slíkt félag væri sama sem að leggja hömlur á allar framfarir landsins. Mér virðist eina úrræðið vera að sjórnin leigi báta Thorefélagsins, ef þeir fást leigðir, en kaupi þá að öðrum kosti. Strandferðunum ætti svo að haga þannig, að annar báturinn færi með vöruflutning í hægðum sínum á sem flestar hafnir kringum landið, en hinn færi stöðugar hringferðir með póst og farþega.

Það kemst aldrei gott lag á strandferðirnar fyr en þetta tvent er greint í sundur, og það hefir landið á valdi sínu að gera ef það á bátana. Það er áreiðanlegt, að það yrði stórt högg á allar framfarir landsins, ef samgöngurnar kringum landið hættu. Síðan strandferðirnar byrjuðu, hefir eins og kunnugt er verzlunin dregist meir og meir á einn stað, hingað til Rvíkur, og það á hún að gera. Hún á að dragast hingað öll á endanum, því að þá, þegar kornvara vor er send beint hingað frá framleiðslustöðunum, er hægt að selja hana í stórkaupum við sama verði og í nærliggjandi löndum. Og þessi miðpunktur hér í Reykjavík fyrir stórsöluverzlun getur því að eins smástækkað, að strandferðirnar haldist og gott lag sé á þeim.

Strandferðirnar hafa stuðlað að því, að vara bænda hefir stigið í verði, en það hefir hins vegar orðið til þess, að þeir hafa tekið dýrara vinnufólk, vanið það á hærra kaup, og hvar standa þeir þá, ef strandferðunum er kipt í burtu. Nei, það má engin hindrun koma á sam-

göngurnar; þær verða að aukast og batna smátt og smátt. En það álít eg, eins og eg sagði áðan, neyðarúrræði að semja við félag, sem hefir látið í ljósi, að það vilji ekki við okkur líta. Og ef það vill við okkur semja, þá verður það sennilega með einhverjum óaðgengilegum kostum, t. d. með því skilyrði, að þeim verði leyft að taka hærra farþegagjald af útlendingum en innlendum mönnum. Slíkt tíðkast hvergi með nokkurri þjóð í heimi.

Min tillaga er því í samræmi við till. minni hlutans, að bátarnir séu leigðir ef það fæst, en keyptir ella. Útgerðinni má koma fyrir á ódýran hátt, þar sem Thorefélagið heldur áfram millilandaferðunum, og hlýtur því að hafa afgreiðslu hér framvegis. Það mætti því fela sömu mönnum að hafa á hendi afgreiðslu fyrir bátana, bæði hér og víða kringum land.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að það gæti reynst oss hagkvæmara að kaupa Dieselmótorskip. Það getur verið, en sú uppgötvun er enn þá lítið reynd, og hér brýtur nauðsyn lög. Eg vil taka það fram aftur, að þingið getur ekki, sóma sins vegna, gert hvorutveggja, að leggja á þjóðina 250 þús. kr. skatt og kippa burtu strandferðunum.

Ráðherrann (H. H.): Mér blandast ekki hugur um það, að heppilegast væri, ef unt væri að semja við innlent félag, sem tæki að sér strandferðirnar. Sé það nú rétt, sem haldið hefir verið fram hér í dag, að nú sé von um, að slíkt félag verði stofnað innan skamms, þá virðist mér auðsætt, að ekki á að gera annað en bráðabirgðarágstöfun í þessu máli, fyrst um sinn, þangað til séð verður hvort nokkuð verður úr stofnun þessa félags. En það er sannarlega ekki hentug *bráðabirgðaráðstöfun*, að landið kaupi þessi 2 skip og setji þannig fast stórfé. Það er engin sönnun fyrir því; að við getum selt skipin aftur. Og það hefir reynslan sýnt, að landssjóðsrekstur á skipaferðum getur ekki borgað sig. Eini vegurinn er því, að semja við eitthvert útlent gufuskipafélag, til eins árs, enda er það skoðun meiri hl. nefndarinnar. Eg get ekki með neinu móti séð að ástæða sé til að vera mótfallinn samningum við sameinaða gufuskipafélagið af þeim ástæðum sem hv. þm. G.-K. (B. Kr.) hélt fram. Félagið hefir ekki að neinu leyti stygt þingið. Þingið hefir ekki sent eftir þessum manni, sem nú er hér; hann kemur hingað á hverju sumri, vegna þess að hann hefir forstöðu fyrir hinni íslenzku deild félagsskrifstofunnar og umsjón með Íslandsferðunum. Það, sem hann hefir látið í ljósi, er að eins, að hann geti ekki, að svo stöddu, gert neitt tilboð um strandferðir, vegna þess, að t. d. væri ekki enn útkljáð hvort Thorefélagið yrði leyst undan samningunum eða ekki. Hann hefir alls ekki sagt það tvímælalaust, að sameinaðafélagið vildi enga samninga gera; hann hefir þvert á móti getið um ýmis atriði viðvíkjandi breytingum á samningnum um millilandaferðirnar, sem ef til vill gætu að því stutt, að samningur um strandferðir tækist, þótt félagið sé tregt til þeirra.

Eg hefi alls ekki talað um, að félagið vildi taka önnur og hærri farmgjöld af útlendum mönnum en innlendum, heldur talaði eg um ívilnun á þann hátt, að afsláttur væri ríflegur á farmgjaldi *héðan* til útlanda og hingað til lands aftur (tour og retour héðan) hvort sem útlendir eða innlendir menn eiga í hlut.

Eg sé mér ekki fært að mæla með tillögunni um kaupin á skipunum Austra og Vestra. Það er auðvelt að setja lög um, að stjórnin skuli taka svo og svo stórt peningalán, en það er ekki eins að því hlaupið að útvega lánin, og eftir því, sem nú er ástatt, yrði það meira en

örðugt, að fá 400 þús. kr. nýtt lán í þessu skyni, auk allra þeirra lána, sem um er verið að hugsa þar fyrir utan, og sumpart verður að taka. Þó að það sé æskilegt, að útgerð strandferðaskipanna og sem flestra skipa verði innlend, þá verður þó að taka tillit til þess, hvað kleift er. Hér þarf sem annarsstaðar forgöngu ötulla og öflugra manna, sem geta og vilja leggja krafta sína fram til þessa fyrirtækis, en að byggja á því að landið kaupi ákveðin skip, sem engin vissa er fyrir að forgöngumenn slíks fyrirtækis teldu sig geta notað þegar til kæmi, álít eg ranga leið, þótt framkvæmanlegt væri.

Bjarni Jónsson: Erfitt á eg með að skilja, að ráðherrann skuli vera á móti frumv. á þgskj. 262, því að þar stendur, að ef hann verði búinn að semja við eitthvert gufuskipafélag eða annað félag um strandferðir fyrir lok næstkomandi Októbermánaðar, þá falli frumvarpið eða heimildin úr gildi, og ætti það að vera nægilegur tími fyrir hæsv. ráðherra. Eg fyrir mitt leyti vildi nú helzt fella burt þessa 5. gr. Eg efast um að það sé rétt, að setja inn í lögin ákvæði um að kaupa ákveðin skip við ákveðnu verði. Það gæti skeð að fá mætti, þegar til kæmi, ódýrari skip, annaðhvort til kaups eða á leigu.

Það var réttilega tekið fram af mér hér í gær, að umflotið land geti eigi ráðið viðskiftum sínum nema það eigi sjálft skip. Þetta er beint náttúrulögmál. En eg álít, að hér þurfi stjórnin ekki að eiga skipin, en það mætti stofna innlent hlutafélag og stjórnin gæti verið hluthafi. *(Hannes Hafstein:* Það er alt annað). Nei, það er nákvæmlega það sama, og mun eg koma með breytingu er að þessu lýtur, og skal hún verða svo skýr, að jafnvel heimskir menn skilji.

Það er alkunn aðferð, t. d. í Noregi, að landið eigi hluti í hlutafélögum, sem mynduð eru þegar koma skal á fót ýmsum fyrirtækjum, og þá sérstaklega er um skip er að ræða. Eg vona að frv. gangi til 2. umr., svo að hægt verði að koma inn ákvæðum þannig, að stjórnin hafi sem frjálsastar hendur, en sitji þó ekki uppi ráðalaus með skip.

Fargjaldið kemur ekki mikið þessu máli við, en geta vil eg þess, að ekki kemur »tour-retour«-eftirgjöfin að haldi útlendingum, sem koma hingað og fara héðan aftur, eftir því sem hæstv. ráðh. (H. H.) sagði, og yrði því annað verð fyrir útlendinga en fyrir Íslendinga, en það tel eg ósóma lands og lýðs.

Ráðherra (H. H.) sagði að sér félli vel sú hugmynd, að hafa útgerðina innlenda, en mér skildist samt á honum, að hann sæi þess naumast veg, og fanst mér hann, þrátt fyrir það þó hann segði hugmyndina góða, hallast heldur á móti henni, og hefir hann þá líklega ekki sagt þetta með hugsun frá sinni hjartarót, því að þá mundi hann hafa fundið aflvöðvana stælast til þess að vinna að framkvæmdum málsins.

Það var rétt mælt hjá höfundi þessara laga, að nú væri hentugur tími fyrir landið að taka að sér samgöngur þessa lands, og væri að minni hyggju leitt að sleppa tækifærinu, og á það hér réttilega, við sem kveðið hefir verið:

Tækifærið gríptu greitt,
giftu mun það skapa,
járnið skaltu hamra heitt,
að hika er sama og tapa.

Kristján Jónsson: Það var hér í gær rætt mikið um hag Thorefélagsins, en eg tók ekki þátt í umræðunum þá. Nú þykir mér rétt að gera örstutta athugasemd.

Þegar eg sigldi í vor til Kaupmannahafnar, þá hafði það borist hingað út,

að hagur félagsins væri fremur erfiður; þetta staðfestist og er eg kom til Hafnar, og fyrir því gerði eg því ráðstafanir til þess, að tala við stjórn félagsins. Þetta samtal átti sér stað snemma í Júní; jafnframt skrifaði stjórn félagsins landstjórninni bréf það, er prentað hefir verið í þingskjölunum, er dags. er 5. Júní; það kom þá á daginn, að félagið var í miklum vandræðum, og stöfuðu vændræðin aðallega af strandferðum félagsins hér við land. Strandferðirnar höfðu reynst svo ár eftir ár, að félagið hafði beðið af þeim stórtjón. Hvernig er þá hægt að ætlast til þess, að strandferðirnar borgi sig í vorum höndum, sem eigi höfum neina æfingu eða sérþekkingu, er um gufuskipa-útgerð er að ræða. Eg er handviss um að það getur ekki gengið einu sinni eins vel hjá oss, eins og það hefir gengið hjá félaginu undir stjórn hins reynda og ötula forstjóra þess Þórarins Tuliniusar. Þetta vildi eg biðja menn að athuga, því að eg býzt við, að skakkafallið mundi verða ekki minna, ef vér færum að ráðast í að kaupa bátana og gerðum þá út, og get eg af greindum ástæðum alls ekki verið því meðmæltur. Minnast vil eg á, að eg átti tal um mál þetta við aðalforstjóra Samein. gufuskipafélagsins þegar eg var í Höfn, og virtist mér hann eigi vera því fráhverfur, að taka að sér strandferðirnar, eða láta Samein. gufuskipafélagið gera það; fyrir því skil eg ekki vel í undirtektum umboðsmanns félagsins, þess er nú hefir verið hér um hríð, eins og nefndin skýrir frá þeim. Þótti forstjóranum 60 þúsund króna borgun helzt til lítil fyrir strandferðirnar, en bjóst þó við að komast mætti að samkomulagi með nokkuð breyttu fyrirkomulagi. Eg vil ennfremur geta þess, að eg hefi gert ráðstafanir til þess að leita hófanna hjá Bergenska gufuskipafél. hvort það mundi óska að taka að sér strandferðirnar; bað eg viðskiftaráðunautinn, sem var í Höfn um sama leyti og eg, að koma sér í samband við stjórn þessa gufuskipafélags og grenslast frekar eftir þessu, en ekki veit eg hvernig sú málaleitun hefir farið. Síðar hefi eg fengið afgreiðslumann félagsins hér til að sima félaginu út að um þetta mál væri rætt hér á þinginu nú, og að við því mætti búast, að því yrði ráðið til lykta, en eg hefi eigi orðið þess var, að félagið hefði að neinu leyti andæft þessu.

Frumvarpinu get eg ekki verið meðmæltur, eins og eg hefi vikið að; mér finst það vera of mikil áhætta fyrir landssjóð og mjög varasamt að fara inn á þá þá braut, og því ekki rétt að samþykkja það, eins og það liggur fyrir.

Framsögum. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg ætla þá fyrst að snúa *máli mínu til háttv.* þm. Borg. (Kr. J.). Hann álítur það óráðlegt og varasamt mjög fyrir landssjóð að taka að sér strandferðirnar. Þetta bendir á, að annaðhvort hefir háttv. þm. ekki lesið nefndarálitið eða þá hann hefir ekki skilið það sem í því stendur. Nefndin hefir reynt að kynna sér svo vel sem unt hefir verið, hvernig eigi að bæta úr vandkvæðum þeim og vandræðum sem stafað hafa af strandferðunum og hefir hún fundið það ráð, að úr þessu mætti bæta með því að fækka viðkomustöðunum og sleppa sumum sem alls ekki borga sig, t. d. þeim viðkomustöðum þar sem ýmist ekkert er að flytja eða þá eitt eða tvö póstkort og bréf, eða þá farmur, sem fyrir fæst í farmgjald frá fimmtíu aurum og upp í fimm krónur; þá síðast og ekki síst þeim stöðum, þar sem menn ekki eru að hafa fyrir að senda bát út í skipin. Einnig með því að sleppa úr ferðum, sem falla um sama leyti til sömu staða og millilandaskipin og landssjóðsstyrktir fjarða- og

flóa-bátar koma til, því að þá eta skipin upp hvert fyrir öðru, og fá þá stundum tvö skip af þremur ekkert að flytja, en það þriðja fær máske einhvern slatta. Annars er enn þá ítarlegar bent á, í nefndarálitinu, ástæður fyrir tapi og hvernig hjá því megi sneiða. Háttv. þm. Borg. (Kr. J.) mintist ennfremur á, að hann hefði átt tal við Sameinaða gufuskipafélagið, og það hefði þá ekki verið ófúst að taka að sér strandferðirnar hér við land. Nú stóð svo á, að umboðsmaður frá þessu félagi var hér staddur í fyrra mánuði og mun vera hér staddur nú, og fékk nefndin umboðsmann þennan til tals við sig, til þess að heyra undirtektir hans um, með hvaða kjörum Sameinaða félagið kynni að vilja taka að tér strandferðirnar, eða hvort félagið ekki vildi gera tilboð um þær með einhverju fyrirkomulagi, sem þingið gæti sint. En nefndin fékk þau svör, að félagið vildi engin boð gera og var helzt á honum að skilja að félagið væri alófáanlegt til þess, að hafa nokkuð með þessar ferðir að gera. Því næst skýrði h. þm. Borg. (Kr.J.) frá því, að hann hefði falið viðskiftaráðunautnum að tala um strandferðirnar við stjórn Bergenska gufuskipafélagsins og væri sér enn ekki kunnur árangur þess. Það væri því auðvitað bezt, ef hv. þm. Dal. (B. J.) vildi spyrja viðskiftaráðunautinn um þetta, og skýra svo deildinni frá árangrinum. Eg er alveg samdóma hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) um að landið reki samgöngur sínar sjálft. Sumir vilja láta stofna til þess innlent hlutafélag, en til þess að innlent félag yrði stofnað, er nauðsynlegt að landssjóður kaupi strandferðabátana nú, því ef vér nú mistum þá og félag yrði sett á stofn, þá er alóvíst að hægt yrði að fá skip þá, nema með *afarverði*; að smíða skipin mundi að minsta kosti taka tvö til þrjú ár. Svo miklar pantanir liggja nú fyrir öllum skipasmíða-verksmiðjum hvervetna um heim. Ráðherra bar kvíðbeyg fyrir því, að ef landið keypti skipin, þá mundu þau ekki verða seljanleg aftur; það vita allir viðskiftafróðir menn, að skipaskortur er nú svo mikill um allan heim, að eftirspurninni verður ekki fullnægt á skemri tíma en tveim til þrem árum, svo að *auðsætt* er, að áhætta er *engin* að kaupa skipin, því að þau yrðu, eftir 1 eða 2 ár, áreiðanlega seljanleg.

Hæstv. ráðherra telur það óráðlegt að landssjóður reki strandferðirnar til langframa. Telur hann það óráðlegt ef reynzlan sýnir að það borgi sig? Hv. þm. Dal. (B. J.) vildi ekki binda það fast að kaupa einmitt þessi skip, en það er óhugsandi að önnur hentugri skip verði fáanleg nú, sízt jafn ódýrt. Hæstv. ráðherra sagði að ekki mundi auðgert að fá 400 þús. króna lán, en þessi heimild er að eins sett til öryggis, og óvíst að að lántöku, svona hárrar, þurfi með.

Eg skal ekki teygja tímann með lengri ræðu um þetta mál; eg þykist vita að það sæti sömu forlögum, hvort sem um það er talað lengur eða skemur. En eg er viss um, að þjóð og þing iðrar þess eftir tvö til þrjú ár, ef þessu boði verður nú hafnað.

Bjarni Jónsson: Það er alveg rétt, sem hv. fv. ráðh. (Kr. J.) hefir sagt um viðtal okkar út af Björgvinarfélaginu, því eg veit að hann hefir ekki sagt að það hafi verið í Kaupmannahöfn, heldur hér á stjórnarskrifstofu sem við áttum tal saman um þetta.

Eg fór til afgreiðslumanns félagsins hér og bað hann að tala við ráðherra. Það hefir hann gert og símað til félagsins, en þeir hafa ekki sent nein svör, sem á sé byggjandi, eða tilboð til samninga. Auk þess hefi eg sent þeim skeyti með Flóru síðast, en ekki fengið neitt

svar. Eg heyri hjá nefndinni, að hún hafi fengið bréf frá Lehmkul og sýnir það, að vitneskja um þessa málaleitun er þó komin til þeirra.

Þar sem hv. flutn.m. þessa máls (J. Ó.) heldur að brt. mínar séu ónauðsynlegar af því að ekki fáist skip fyrir sviplíkt verð og þessi, þá sé eg ekki að það skemmi þó heimildin geri ráð fyrir fleiri máttuleikum. Ef stjórnin gæti t. d. fengið leigð skip með góðum kjörum, þá væri minni ástæða til að kaupa skip. En stjórnin þarf líka að hafa heimild til að leigja, svo að gott er að hafa heimildir til hvorutveggja í sömu lögunum, því að þá getur stjórnin haft frjálsar hendur til að velja. Það var ekki til að fella málið, að eg bar fram þessar brtill., heldur til að styðja það, því að eg held að þetta sé eini vegurinn út úr þeim vandkvæðum, sem við erum í.

En »það heyrist ekki hundsins mál fyrir helvítis kjaftinum á prestinum«, sagði konan. Eg verð að taka undir með þeim hv. þm., sem sagði hér í dag, að ekki liti út fyrir að það væru nein merkismál, sem hér er um að ræða, jarðeigna og samgöngumál landsins. Eða þá að menn eru búnir að hugsa sér í hvaða hreiðri þeir vilja vera. Eg vil ekki spá neinum hrakspám, en það lítur ekki út fyrir annað, eftir þeim áhuga að dæma, sem menn sýna, þegar um það er að ræða að fá samgöngumál síns lands í eigin hönd. Það sýnist svo sem menn hafi ekki hugsað þetta mál frekar en hér væri um smámuni eina að tefla. En það skal vera mér gleði ef það sýnir sig við atkvæðagreiðsluna að þetta sé misskilningur.

Ráðherra (H. H.): Hv. þm. Dal. (B. J.) virðist blanda saman privatútgerð og landssjóðsútgerð. Það var reyndar ekki í síðustu ræðu hans, heldur þeirri næstu á undan. Því fer fjærri að eg vilji ekki hafa útgerðina innlenda; eg hefi einmitt hvað eftir annað lýst því yfir, að eg telji það langæskilegast að semja við og styrkja innlent félag. Þau ummæli, sem hann kom með í lok ræðu sinnar, um þá menn, sem játuðu að þetta princip væri gott, en vildu ekkert gera til að styðja það, eru gersamlega ástæðulaus að því er mig snertir.

Háttv. flutn.m. (J. Ó.) lét það í ljósi, að nú stæði svo á um verð á skipum og skipsbyggingum yfir höfuð, að landið ætti það víst að geta selt þessi skip aftur eftir 2—3 ár. Eg er nú ekki viss um, hvað rétt það er, og hann getur ekki vitað það heldur. *(Jón Ólafsson:* Er óhugsandi að eg viti meira um þetta en hæstv. ráðherra?) Þessi skip, Austra og Vestra, er ekki hægt að brúka nema í einstökum tilfellum vegna þess hvað þau eru lítil. Þau eru t. d. alveg ófær milli landa vegna þess hvað þau hafa lítil lestarúm. En þau geta verið vel brúkleg á sérstökum stöðum til farþegaflutnings þar sem alveg sérstaklega hagar til, þess vegna vildi að sögn Austur-Asíufélagið kaupa þau til að koma þeim fyrir á ám í Austur-Asíu; en það tilboð er nú væntanlega burtu fallið eða stendur í öllu falli ekki lengi, því félagið hefir nóg ráð til þess að þurfa ekki að vera vonbiðill lengi.

Af því að þessir bátar eru til svo takmarkaðrar notkunar fallnir, er það stór áhætta fyrir landssjóð að kaupa þá, og getur orðið til stórtjóns fyrir landið.

Bjarni Jónsson: Að eins örstutt athugasemd. Það var alls ekki mín meining að það væri sama, hvort landsmenn eða landið gerðu út skip. En hitt sagði eg, að á sama stæði, hvort landið hefði hana eða innlendur einstak-

lingur, með tilliti til þess, að hvorttveggja tryggir oss yfirráð yfir verzlunarvegunum.

Björn Kristjánsson: Hæstv. ráðh. (H. H.) hélt að það væri aðgengilegasta leiðin að semja við innlent félag. Það er sama sem að segja að Ísland fái samgöngurnar ekki í sínar hendur. Hann veit það eins vel og eg, að alþýða manna getur ekki lagt fram það fé sem til þarf, og hann veit það líka eins vel og eg að bankarnir geta það ekki heldur. Hitt geta bankarnir gert, að ganga inn í kaup Thorefélagsins á Austra og Vestra og borga þá á 10 árum. Þeir, sem eru á móti málinu og vilja ekki sinna þessu, ganga framhjá þeim eina möguleika.

Þegar verið er að tala um að póstsamgöngurnar á sjó þurfi endilega að vera í höndum prívatfélaga, því er þá landssjóður látinn kosta póstgöngurnar á landi? Eða þá ritsímann, sem er miklu dýrari heldur en þetta? Má þá ekki eins láta kosta hann af prívatfélagi? Það hefir einhverntíma verið ráðist í stærra fyrirtæki en þetta.

Það var engin trygging fyrir því þegar síminn var lagður, að hann myndi borga sig, og hann er ekki farinn til þess enn, en vegna þeirra almennu þæginda sem að honum er, mundu menn nú ekki vilja vera án hans. Eins myndi verða með bátana, þó þeir ekki borguðu sig, myndu hin almennu þægindi og not vera svo mikils virði að það þætti tilvinnandi þó landið tapaði á þeim á pappírnum. Það er undarlegt hvað þeir sömu menn, sem komu ritsímanum á, eru tregir til að bæta þessu við.

Eg tók það fram áðan, að það væri engin leið til að koma póstgöngunum innanlands í rétt horf fyr en landið sjálft ætti strandferðabátana.

Þegar svona stendur á, að útlit er fyrir, að við verðum samgöngulausir á sjó næsta ár, ætti að vera tími til kominn að ráðast í þetta stórræði, að kaupa þessa tvo smábáta og fá að borga þá á 8—10 árum. Mér finst djörfung koma fram í öðru hér á þinginu, en hugleysi í þessu.

Eg held að við ættum að hætta að semja við útlendinga um strandferðir; það hefir altaf gefist illa. Það er líka ómögulegt fyrir útlend félög, að reikna út hvað þessu landi hagar.

Eg vil svo að endingu ítreka það, sem eg sagði áðan, að eg vona að hv. deild fallist á frv. eins og það liggur fyrir.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Eg er fullkomlega á því máli, að sá endir verði á, að landið taki að sér allar samgöngur, bæði á sjó og landi. En eg álít að ekki sé tækifæri til þess nú, og sá hentugi tími ekki kominn.

Fyrst og fremst veit eg ekki hvaðan hv. flutn.m. (J. Ó.) hefir heimild til að fullyrða að þessi skip fáist fyrir 340 þús. kr. Eg held að það sé meira ágizkun en vissa. *(Jón Ólafsson:* Það er tilboð frá félaginu) En þó að bátarnir fáist fyrir þetta verð, þá eru þeir ekki þess virði. Þeir eru kolafrekir og ferðlitlir og ekki vel fallnir til þess að nota þá til strandferða. Fjárhagurinn er heldur ekki svo glæsilegur nú, að rétt sé að halda áfram á lánsleiðinni, enda er það landsmönnum mjög á móti skapi. Það er búið að halda svo langt út á þá leið, að tæpast er fært lengra. Það yrði þá að vera fyrirtæki, sem gæfi gróða í aðra hönd, en það getur þetta aldrei orðið.

Eg álít alls ekki kominn tíma til að ráðast í þetta fyrirtæki, en rétt að bíða átekta og vita, hvort ekki bjóðast betri tækifæri. Þessir bátar eru svo litlir, að ekki er viðlit að nota þá til ferða milli landa, og að hafa þá að eins til

strandferða myndi ekki gefa af sér annað en tap og tjón. Ekki lízt mér betur á að leigja bátana með skuldbindingu um að kaupa þá seinna, og verð eg algerlega að ráða frá því.

Framsögumaður meiri hlutans (Guðlaugur Guðmundsson): Það er kannske dálitið óviðkunnanlegt, að eg sitji þegjandi hjá þessum umræðum, þar sem eg á þó að heita framsögum. meiri hlutans í þessu máli. En það hefir verið gerð glögg grein fyrir afstöðu meiri hlutans, svo að eg hefi í rauninni engu þar við að að bæta.

Fjárhagurinn leyfir trauðlega að leggja í svona fyrirtæki. Hæstv. ráðherra (H. H.) tók það fram, að það væri mjög vafasamt, hvort lán fengist til þess. Auk þess er það svo um þessar smærri lántökur hér og þar, að þær spilla meira fyrir lánstrausti landsins heldur eitt stórt lán á einum stað.

Eigi að síður mun eg ekki hafa á móti að hleypa málinu til 2. umr.; það getur lagast í meðferðinni. Eg er í raun og veru samdóma minni hlutanum í því, að rétt sé að landið hætti að veita styrk útlendum félögum til að halda uppi samgöngum hjá okkur.

Ef landsmenn sjálfir, sem eiga að hafa gagn af ferðunum, hvorki geta né vilja koma á félagsskap til að halda þeim uppi, þá trúi eg því ekki, að þörfin sé svo brýn sem af er látið. Menn hafa peninga til annara hluta, sem ekki er látið eins mikið af. Það er auðvitað öldungis rétt, að það er vanhyggja að fleygja tugum þúsunda kr. árlega út úr landinu til þessara ferða, sem við ættum að annast sjálfir — það er fjárhagsleg blóðtaka. Eg er ekki í minsta vafa um það, ef innlent félag kæmi upp, þá gæti það tekið að sér ferðirnar með miklu meiri von um hagnað heldur en útlendu félögin. Reynslan hefir sýnt að að skip með íslenzkum skipstjóra og íslenzkri skipshöfn hefir haft minni skaða af ferðunum heldur en skip með útlendum mönnum. Enda er vikið að þessu í bréfi Thorefélagsins.

Jafn vel þó það ætti að varða því að samgöngur féllu niður eitt ár, tel eg það engan voða, ef við gætum þá snúið af þeirri braut, sem farin hefir verið hingað til, og hættum að styrkja útlend félög.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) vék að því í sinni ræðu, að ekki væri óhugsandi að landssjóður gæti orðið þátttakandi í svona félagsskap. Eg er ekki ósamdóma honum í þessu; eg tel það hvorki rangt né óhyggilegt, að landssjóður legði til sinn hluta af hlutafénu til að koma fyrirtækinu á stað, gegn því að fá sama rétt og aðrir til að kjósa stjórn og sjá hag sínum borgið að öðru leyti.

Eg hefi ekkert á móti því að þetta mál gangi til 2. umr. ef ske kynni, að eitthvað mætti lagfæra í frv., svo málið yrði betur undirbúið undir framtíðina heldur en nú er. En eg býst ekki við að það geti komið til nota 1913.

Eg skal að síðustu taka það fram gagnvart háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) að það liggur fyrir í bréfi Thorefélagsins, sem hér er prentað, tilboð um kaup á »Austra« og »Vestra«, og jafn vel á þriðja skipinu, með betri kjörum heldur en fáanleg eru annarsstaðar.

Framsögum. minni hlutans (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg skal vera stuttorður, því það er orðið áliðið fundartímans.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.) hélt því fram að tíminn væri óhenugtur. Eg veit ekki í hverju það liggur. Eg held að nú sé einmitt sá heppilegasti tími til þessara hluta, sem fyrir getur komið á einum mannsaldri. Það liggur fyrir *tilboð* frá Thorefélaginu um leigu eða kaup á bátunum »Austra« og »Vestra« og eiga

þeir að kosta 169 þús. hvor. Hins vegar er það vitanlegt að félagið hefir fengið 10,000 pd. Sterl. tilboð í hvorn bát. Landssjóður getur því öruggur keypt bátana í dag upp á það, að hann gæti selt þá aftur á morgun, ef vildi, með *ábata.*

Þá sagði hinn sami háttv. þm. (M. Ól.) að bátarnir væru kolafrekir. Þm. er þessu ekki kunnugur, þeir eru þvert á móti mjög ókolafrekir. Skipstjórarnir á bátunum hafa sagt mér hvað þeir brúka af kolum á dag með venjulegri ferð, og eins hvað mikið þeir brúka þegar hratt er haft við.

Hann hélt því fram, að bátarnir væru of litlir. En þeir eru ekki ætlaðir til vöruflutninga, heldur aðallega til mannflutninga. Það er ekki lengra síðan en í dag að við áttum tal saman um þessa báta inni í einu nefndarherbergi nokkrir þingmenn, meðal annara háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ól.). Þá hélt hann því fram, að bátana mætti nota til að senda með ullarfarm til Ameríku. Þá fanst honum þeir ekki of litlir, og þeir hafa varla minkað síðan.

Þá sagði hann að fjárhagurinn gerði það ókleift að kaupa bátana. Eg held nú ekki. Það lítur bráðum ekki eins illa út með fjárhaginn eins og haldið er. Í fyrsta lagi eru lotterílögin. Þau munu gefa af sér nálægt 200,000 kr. tekjur á ári. Til þess eru svo miklar líkur, að stappar næri fullri vissu, að þau lög verði samþykt í Ed. áður en Ceres fer út, og getum við þá átt vísa von á að lotteríið byrji þegar 1. Jan. næsta ár, og koma þau þá til með að gefa tekjur þegar á næsta ári. Í öðru lagi er alt útlit fyrir að frv. til laga um farmgjald af aðfluttri vöru verði samþykt á þessu þingi, og hvað sem annars má um það segja, þá mundi það sömuleiðis hafa álitlegan tekjuauka fyrir landssjóð í för með sér. Í þriðja lagi hefi eg í dag lesið í málgagni stjórnarinnar að landssjóður eigi upp undir 1 miljón kr. í frímerkjum. Það er reyndar ekki ritstjórnargrein, en þetta stendur þar ómótmælt af ritstjórninni.

Þegar litið er á alt þetta, sýnist fjárhagurinn ekki vera svo slæmur að ástæða sé til að barma sér og þora ekki að leggja út í það fyrirtæki sem hér er um að ræða.

Að endingu skal eg benda á það, að miklu meiri líkur eru til að bátarnir beri sig, ef þeir eru gerðir út héðan heldur en frá Kaupmannahöfn.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 21 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson Rvk.	Sig. Sigurðsson
Benedikt Sveinsson	
Bjarni Jónsson	
Björn Kristjánsson	
Einar Jónsson	
Guðl. Guðmundsson	
Halldór Steinsson	
Hannes Hafstein	
Jóh. Jóhannesson	
Jón Ólafsson	
Lárus H. Bjarnason	
Ólafur Briem	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Þorleifur Jónsson.	

Eggert Pálsson, Jón Magnússon, Kristján Jónsson, Matth. Ólafsson og Pétur Jónsson greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hlutanum.

Jón Jónsson S.-Múl. og Valtýr Guðmundsson voru fjarstaddir.

Önnur umr., 22. Ágúst.

Framsögum. minni hl. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg finn

ekki ástæðu til að tala meira um þetta mál en gert var við 1. umr. — vil ekki tefja þingtímann með því.

ATKV.GR.:

1. gr. frumvarpsins feld með 12 : 6 atkv.

Frv. alt þar með fallið.

Íslenzkt eimskipafélag.

FRUMVARP til laga um hluttöku landssjóðs í íslezku eimskipafélagi (306); 1. umr. 21. Ágúst.

Framsögum. (Guðlaugur Guðmundsson): Það er strandferðanefndin, sem flytur þetta frumvarp, og eg er hennar framsögum. Fyrst að háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) er ekki við, vil eg taka fram, að það sem fyrir honum vakir er að opna möguleika til þess að stjórnin geti keypt strandferðabáta, ef annað um þrýtur.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Önnur umr., 22. Ágúst.

Enginn talaði.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 14 : 1 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Þriðja umr., 23. Ágúst.

Enginn talaði.

ATKV.GR.

Frv. samþ. með 13. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Einkasöluheimild á steinolíu.

FRUMVARP til laga um einkasöluheimild landstjórnarinnar á steinolíu (349, 370, 381, 382, 384, 387, 400, 423, 424, 425); 1. umr., 22. Ágúst.

(Tekið fyrir með afbrigðum frá þingsköpum).

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er ljóst, að eitthvað þarf að gera til þess að varna þeirri einokun, sem á okkur er lögð af hinu danska steinolíufélagi. Þess vegna er hér farið fram á það, að landstjórnin fái þessa heimild, ef til þarf að taka og hún sér sér fært að nota hana. Má vera að ekki komi til þess og að félagið láti undan, og þá tekur það ekki lengra.

Eins og nú er ástatt, er nauðsynlegt ákvæðið í 2. gr. um það, að meðan stjórnin hefir þetta með höndum, megi enginn annar flytja steinolíu hingað til lands, því að annars mætti ef til vill búast við því, að einokunarfélagið varpaði hingað birgðum af henni og seldi fyrir sama sem ekkert til þess að buga samkepni landssjóðs, það er nógu ríkt og gæti látið oss borga herkostnaðinn eftir á.

Ef til þess kæmi, að landið tæki að sér steinolíuverzlunina, þá mundi ekki þurfa á öllu meira rekstrarfé að halda, en um 450 þús. kr. á ári, og ekki mundi þurfa að halda á því fé öllu í einu. Svo heyri eg að bankarnir muni vilja veita hjálp sína til þessa, ef á lægi, enda yrði lánstíminn ekki langur, þar eð alt af seldist jafnóðum.

Ein brtill. við frv. er á ferðinni, en kemur ekki fram fyr en við 2. umr. Hún er um það, að lögin skuli ganga í gildi nú þegar og gilda til ársloka 1913.

Eg skal taka það fram, að á skrifstofunni hefir slæðst inn í frv. meinleg prentvilla, sakamál í staðinn fyrir lögreglumál.

Eg býst við að öllum hv. þingm. sé það ljóst, hve óþolandi er yfirgangur sá og einokun steinolíufélags Rockefellers, sem nú girðir um löndin öllum megin, eins og Miðgarðsormurinn.[1])

Björn Kristjánsson: Eg lít svo á, sem frumvarp þetta hafi verið borið fram til vara, ef dagskrá hefði ekki verið samþykt, að því er stjórnarfrumvarpið um einkasölu á steinolíu snertir. Menn gengu upprunalega út frá því, að verðhækkunin á steinolíu, sem svo mikið er talað um, væri ekki almenn um Norðurlönd, heldur að eins hjá einstökum félögum, en samkvæmt upplýsingum, sem eg hefi fengið, þá er verðhækkunin almenn og því verður frumvarpið þýðingarlaust, því að þá getur landið ekki útvegað olíu, sem ekki er hækkuð í verði.

Eg er hinum háttv. flutningsmönnum samdóma um, að eigi að taka einokun í lög á annað borð, þá sé landseinokun miklu betri en að selja verzlunarréttindin einstökum mönnum á leigu. En eg er eindregið mótfallinn allri einokun í hvaða mynd sem er, og þess vegna get eg ekki fylgt þessu frumv. Auk þess er orðið svo áliðið þingtímans, að enginn tími er til að gera frumv. svo úr garði, að sæmilegt væri.

Eg vildi stinga upp á að málinu, samkvæmt 52. gr. þingskapanna, sé vísað til stjórnarinnar, enda er það í samræmi við stefnu deildarinnar í þessu steinolíumáli.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal leyfa mér að stinga upp á að kosin verði þriggja manna nefnd í þetta mál að umr. lokinni.

[1]) Hér vantar niðurlag ræðunnar, sem þingskrifararnir hafa týnt og aldrei skilað á lestrarsalinn. Eg treysti mér ekki nú til að muna það rétt.

J. Ó.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg held að jafnvel þeir sem móti eru allri einokun, geti ekki haft mikil rök á móti þessu frumv., eins og á stendur nú. Menn verða að gæta þess, að nú hefir steinolíufélagið *náð* einokunartökum á steinolíuverzluninni hér á landi, og þá er þó að minsta kosti betra að einokun sé á landsins hönd. Það eru til í Ameríku félög, sem eru óháð *Standard Oil Co.* Þar sem sagt hefir verið að hægt væri fyrir steinolíufélagið að flytja inn ósköpin öll áður en lögin gengju í gildi, þá gerir það ekki svo ýkja-mikið, því að félagið getur ekki selt hana ódýrara en landssjóður getur útvegað olíu, og færi það verðið niður, þá er *tilganginum* með frumvarpinu *náð*. En auk þess girðir sjálft frv. sæmilega fyrir þennan ímyndaða ýkja-mikla innflutning, eins og eg hefi áður tekið fram. Frumvarpið, ef það yrði að lögum, myndi líka losa kaupmenn úr þeim samningaböndum, sem D. D. P. A, er búið að hneppa þá í; eru sumir þeirra jafnvel bundnir til 40 ára. Hvað tímann snertir, þá er hann nógur, vel hægt að hafa 3 umr. á dag, ef menn vilja, jafnvel þótt málið verði sett í nefnd, en vilji menn samþykkja málið án þess að skipa nefnd, þá höfum við flutningsmennirnir auðvitað ekkert á móti því.

Ráðherrann (H. H.): Þótt ekkert tillit sé tekið til efnis frumvarpsins, þá er formið á því svo ófullkomið að ekki er viðunandi.

Eg skal að eins benda á 2 gr. Eftir henni getur stjórnin stöðvað allan aðflutning á steinolíu til landsins, bara með því að lýsa yfir því, að hún ætli að nota heimild þá, er þetta frumvarp fer fram á að veita henni. Slíkt ákvæði án allra frekari ákvarðana og skýringa getur verið mjög varhugavert. Það geta t. d. verið mörg skip á leiðinni. Í frv.

vantar með öllu ákvæði um hvernig skuli fara að í svipinn, meðan annað fyrirkomulag er að komast á (»Overgangsbestemmelser«).

Lánsheimildin, að stjórnin megi taka það lán, sem henni þykir við þurfa, er altof víðtæk og óákveðin.

Þá virðist mér og nokkuð viðurhluta mikið, að alls ekkert er um það ákveðið, hvernig á að sjá um að steinolíunotendur út um landið nái til steinolíu, eftir að aðflutningur er bannaður öllum nema stjórninni. Mér sýnist nú enginn stórvoði vera á ferðum, þó að olíufatið hafi hækkað í verði um 5 kr. í svip og það er heldur engin trygging né jafnvel líkindi fyrir að stjórnin *geti* greitt úr málinu, þótt hún fái þessa heimild, meðal annars er engin trygging fyrir að hún geti fengið það lán, sem nauðsynlegt er, með viðunanlegum kjörum. Og að því er útvegun steinolíu snertir, er við ramman reip að draga, þegar *miljarða*-samsærin eru á móti. En komi lögin að engu haldi, er hætt við að árangur þeirra verði sá einn, að vekja vonbrigði í landinu, óánægju og tortrygni gegn stjórninni, sem eftir hlutarins eðli *aldrei getur* fært fullar sannanir fyrir því, að hún hafi *ekki* getað gert meira en hún gerir.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er fágætt að stjórnir kvarti undan því, að þeim sé *ofmikið traust* sýnt. Það er að vísu satt, að frumv. þetta ber vott um mikið traust til stjórnarinnar, en eg vil vona, að það sé ekki meira en hún á skilið.

Eg skil ekki umkvörtunina um að bráðabirgðarákvæði vanti, því að það er að eins aðflutningur en ekki sala, sem bannað er. Þó að aðrir fari að undirselja landssjóð, þá stafar enginn háski af því, þá liggur landssjóður með sína olíu meðan aðrir eru að selja út og landsmenn fá steinolíu með ágætum kjörum og þegar þeir eru búnir, selur landssjóður sína steinolíu. Lögin öðlast gildi þegar í stað, ef stjórnin vill nota heimildina og frá þeim tíma er engum leyfilegt að *flytja inn* steinolíu. Hér virðist því engra millibilsákvæða vera þörf.

Valtýr Guðmundsson: Það var annað steinolíueinokunarfrumvarp hér á ferðinni nýlega sem eg var á móti, og þó mér þyki þetta frumv. aðgengilegra, þá verð eg að vera á móti því líka. Eg get yfirleitt ekki verið með einokun í neinni mynd. Það er landsmönnum sjálfum að kenna, ef þeir láta einoka verzlun sína. Séu menn samtaka, þá er slíkt ómögulegt. Ef hægt er að fá ódýrari steinolíu í útlöndum en þá, sem steinolíufélagið danska hefir á boðstólum, þá eiga menn að slá sér saman og panta hana, en sé ekki hægt að fá ódýrari olíu annarsstaðar, þá eru allar tilraunir þýðingarlausar.

Auk þessa er frumv. þetta að ýmsu leyti óaðgengilegt. Það vantar nánari ákvæði um, hvernig farið skuli með birgðirnar.

Það vitnast auðvitað að lög þessi séu á ferðinni, og það er hægt í snatri að flytja ósköpin öll inn og undirselja stjórnina, svo að hún verði neydd til að hætta og sitja uppi með allar birgðarnar, og landssjóður verði fyrir stórkostlegu fjártjóni. (*Jón Ólafsson*: Áður hrakið!).

Þá vantar inn í frumvarpið ákvæði um hvernig forstöðu þessarar steinolíuverzlunar skuli hagað. Það er þó auðvitað, að stjórnin þarf á mönnum að halda við verzlun þessa, því að ekki getur maður búist við að stjórnarráðið fari sjálft að hafa steinolíusöluna á hendi.

1. gr. frumv. er alt of óákveðin, t. d. það, að stjórnin eigi að selja fyrir það verð, er liðlega svari kostnaði og vöxt-

um. Þá virðist mér það mjög varhugavert, að veita stjórninni alveg óákveðna og ótakmarkaða lánsheimild. Það kalla eg oftraust, þótt eg treysti stjórninni vel. (*Jón Ólafsson:* Ábyrgðarlögin, ef misbrúkað er).

Það er þýðingarlaust að vísa málinu til stjórnarinnar, því að hún getur ekkert í því gert. Ef menn vilja hafa það fram, þá er eini vegurinn að skipa nefnd í það, og hafi nefnd grandskoðað það, og málið hafi fylgi í þinginu, þá má vel ljúka við allar umræður í því á einum degi í báðum deildum með afbrigðum frá þingsköpunum.

Skal eg svo ekki fara um málið frekari orðum að sinni.

Þorleifur Jónsson: Frumvarp það sem hér liggur fyrir er heppilegra en stjórnarfrumvarpið, sem var á ferðinni hér í deildinni í gær. Eigi að innleiða einokun á annað borð, þá tel eg betra að hafa ríkiseinokun en að selja réttinn til verzlunar á leigu einstökum manni eða félagi. Ekki sízt þótti mér stjórnarfrumvarpið óaðgengilegt af því, að eg gat búizt við að einkaleyfið lenti hjá sömu okrurunum, sem nú kúga okkur. Þó eg því fremur gæti hallast að frumvarpi því er hér liggur fyrir, þá virðast mér þó á því miklir agnúar. Það yrði dýrt að stofnsetja og reka slíka landssjóðsverzlun.

Milliþinganefndin frá 1911 gerði ráð fyrir, að kostnaður fyrir landssjóðinn við að reka verzlun með steinolíu yrði 169,977 kr. á ári. Svo áætlar nefndin að til þess að koma téðu fyrirtæki á fót yrði landssjóður líklega að taka 700—800 þús. kr. lán, því að ekki munu peningarnir vera fyrir hendi. Þá þykir mér og nokkuð viðurhlutamikið að gefa stjórninni svo víðtæka lánsheimild sem frv. fer fram á — að hún geti tekið það lán, er henni þurfa þykir og sömuleiðis tel eg varhugavert að stjórnin eftir eigin vild geti sett svo mikið af peningum landssjóðs í steinolíu, sem henni gott þykir. Mér þætti æskilegast að landssjóður styrkti innlent vezlunarfélag til þess að keppa við Steinolíufélagið danska, og slíku félagi ættu bankarnir og þingið líka að veita stuðning.

Af framantöldum ástæðum get eg ekki greitt frumvarpinu eins og það liggur fyrir, atkvæði. Og auk þess þykir mér málið alt of lítið undirbúið.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það sannast í þessu máli, að það er alt af ofboð fyrirhafnarlítið að vekja upp grýlur, og nógir sem til þess verða, að gera slíkt.

Hv. þm. Austur-Skaftfellinga (Þ. J.) sagði, að betra væri að styrkja innlenda menn eða félög til þess að keppa við Steinolíufélagið danska en að taka í lög einokun. Eg vildi mega spyrja hann, hvað hann héldi það myndi stoða fyrir innlenda menn eða félög að keppa við félög, sem hefðu hundruð þúsunda milióna dollara höfuðstól? Til þess að stríða við slík einokunarfélög með von um nokkurn árangur er ekkert ráð til nema einokun. Allar eigur Íslands og allra Íslendinga hrykkju þar skamt, þær fylla þar ekki meira en kækiber í tunnu. Það er ekki til neins fyrir Íslendinga að fara að keppa við félag, sem hefir haft auðmagn til þess að ná undir sig mestöllum steinolíunámum og mestallri steinolíuverzlun í Ameríku. Standard Oil-hringnum hefir tekist að fá í sínar hendur 65% til 70% af steinolíuverzlun Bandaríkjanna. Auk þess sem félagið hefir náð þessu afarvaldi í Ameríku, hefir það líka mikla verzlun í Evrópu. Hér er annaðhvort að gera það sem dugar, eða lyggja flatur undir einokun þessa erlenda stórgróðafélags.

Út af því sem sagt er um, að hin

óákveðna lánsheimild beri vott um of mikið traust til stjórnarinnar, skal eg taka fram, að eg treysti því, að stjórnin taki ekki stærra lán en þörf er á. Fari hún bersýnilega út fyrir tilgang laganna, þá er þess að minnast, að vér höfum ströng ábyrgðarlög. Auðvitað getur stjórnin ráðið menn til þess að veita þessari steinolíuverzlun forstöðu. Það nær ekki nokkurri átt að það kosti 160,000 kr. að selja fyrir 450,000 kr. eins og hv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) hafði eftir milliþinganefndinni. Eg er *viss* um, að hér í Reykjavík má *velja um* góða menn fyrir svo sem 6000 kr., til þess að hafa forstöðu þessarar verzlunar á hendi, svo að stjórnin þyrfti engan veg eða vanda að hafa af innkaupunum eða sölunni, nema hvað hún að sjálfsögðu ætti að hafa eftirlit með þessari landsverzlun.

Olíuna á að selja með því verði sem hún kostar hér á staðnum + flutningsgjaldi. Það er ákaflega einfalt mál. Það sem á olíuna legst er flutningskostnaður, geymslukostnaður, vextir af peningunum, sem fyrir hana eru greiddir, og sölukostnaður. Og það er gefið, hve mikið það er, svo að engin vandkvæði eru að ákveða í heildsölu útsöluverðið á steinolíunni. Það er engin ástæða til þess að taka heilan ársforða í einu. Nóg að taka að haustinu það sem duga muni yfir veturinn, og birgja sig svo aftur upp að vorinu til sumarsins. Eg skil sízt að verzlunarfróðum mönnum skuli detta slík fásinna í hug.

Þangað til stjórnin fer að nota heimildina, geta menn flutt inn, og allir hafa heimild til þess að selja það er þeir eiga. Ef steinolíusalar vilja demba alt of miklu inn í landið, áður en lögin ganga í gildi og selja hana við óhæfilega lágu verði, þá gerir það ekkert til, þeir gera ekki annað en auðga landsmenn jafnmikið og þeir skaða sjálfa sig á því. En annars getur stjórnin notað heimildina svo fljótt, að ekki takist fyrir aðra að flytja óvenju-mikið af steinolíu inn í landið.

Skal eg svo ekki tala frekar um málið að sinni. En með þessu höfum vér flutningsmennirnir reynt að bæta úr vandræðunum, og verði frumv. felt, þá ber sá meiri hluti, er það gerir, ábyrgð á því, að ekkert er gert til þess að tryggja landsmönnum að geta fengið steinolíu með viðunanlegum kjörum.

Hæstv. ráðherra þótti menn ekki muna mikið um 5 kr. verðhækkun á fatinu. Fátæklingana, sem að eins nota hana til ljósa, munar um alt. En jafnvel efnaðri menn, sem hafa mótorbáta-úthald, munar um 5 kr. á fatinu. Einn einasta mótorbáta útgerðarmann getur munað þessi hækkun 1500 kr. á ári. Mundi ekki hæstv. ráðherra muna það neinu, ef á hann væri lagður 1500 kr. aukaskattur — ofan á það sem hann nú á að bera til allra stétta.

Hv. þm. Sfjk. (V. G.) hélt, að ef olía væri fáanlegri ódýrari í útlöndum, en hér, þá gæti hver sem vill pantað hana. Hann heldur það sé jafn-óbrotið, að panta 1 tn. af steinolíu, eins og einn og einn hring af gaddavír! En það er barnaleg hugmynd. Til þess að steinoliu-pöntun, t. d. frá New York e. Philadelphíu borgi sig, þarf að panta heilan skipsfarm í einu.

Ráðherrann (H. H.): Eg hefi heyrt ýmsa segja að þetta frv. sé betra en frv. það sem lá fyrir í gær um sama efni, en þetta er hvorki rétt né vel athugað. Eg ætla ekki að fara langt út í málið, en aðeins benda á eitt einstakt atriði.

Það virðist liggja í augum uppi, að svo framarlega sem hið opinbera færist það í fang, að banna frjálsan innflutning óhjákvæmilegrar nauðsynjavöru og taka sjálft einkarétt til vörunnar, þá

hlýtur réttinum að fylgja rík skylda til þess að sjá um, að varan sé jafan fáanleg og jafnan eins *auðfáanleg* hvervetna á landinu, eftir sem áður. Í frv., sem hér var sálgað í gær, var séð fyrir þessu sem unt er, með því að leggja félagi því, sem semja mætti við, ríkar og ákveðnar skyldur á herðar í þessu tilliti, að viðlagðri þungri ábyrgð og réttindamissi. En í þessu frv. er þessu atriði enginn gaumur gefinn.

Þá er það og sýnilegt, að ekki er hægt að neita öllum um olíu, þó að þeir hafi ef til vill ekki peninga handbæra í svipinn og mundi þetta leiða af sér, að landið, ef það tæki að sér einkasöluna, mundi þurfa að gangast undir útlán til kaupenda og þar með allmikla verzlunarrisíkó og hefir það æfinlega töluverðan kostnað í för með sér og getur í mörgum tilfellum orsakað ekki svo lítið tap.

Flutningsmaður (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg skal ekki þrátta við hæstv. ráðherra (H. H.) um að frv. það sem hér lá fyrir í gær, sé betra en þetta, hitt frv. er fallið svo að það er einungis málalenging á tæpum þingtíma að þrátta um það. Hér er aðeins um tvent að velja, annað hvort að taka þessu frv. eða þá að gera ekkert til að bæta úr vandkvæðunum. — Það hvílir mér vitanlega engin skylda á neinum að flytja hér inn steinolíu, né hafa hana fyrirliggjandi á hverri höfn, kaupmenn verða sjálfir að vera sér út um hana og panta hana og það gætu þeir ekki síður gert þó að landið tæki að sér einkaleyfi til innflutnings; landið ætti þá bara að sjá um, að til væri nóg steinolía einhvers staðar á landinu til dæmis í Reykjavík og væri þá fult svo auðvelt fyrir kaupmenn að panta olíu úr Reykjavík í stað þess, eins og flestir þeirra gera nú, að panta hana frá Steinolíufélaginu danska. Ekki væri það nein frágangssök, þótt kaupmenn ættu að borga út í hönd, eg býst við, að þeir mundu flestir hafa einhver ráð með það og þá getur alls engin skulda verzlun komið til greina.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði að nú væri engin skylda fyrir kaupmenn að hafa steinolíu á hverri höfn, og er það rétt, en á því verður ekki bygt, af því að nú er frjáls samkepni; hverjum er frjálst og skylt að bjarga sér sem bezt getur. En þá fyrst væri ástæða til þess að skylda vörusalann, hvort heldur er landssjóður eða privatfélag, til þess jafnan að hafa nægar birgðir, þegar öllum öðrum sundum er lokað, og ekki í neitt annað hús að venda, að viðlagðri þungri ábyrgð. Og oft mundi það koma í ljós að menn eru engu bættari út um land, þó að til væri olía hér í Reykjavík, af því að þeir gætu ekki með viðunanlegu móti nálgast hana héðan, en mundu hins vegar hafa átt skamt til birgða að sækja, ef kaupmenn eins og hingað til hefðu getað fengið sér olíu frá útlöndum eins og aðrar vörur sínar. Taki landið þessa verzlun, þá verður það jafnframt að sjá fyrir nægum birgðum í öllum landsfjórðungunum.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er hér á landi engin teljandi samkepni með steinolíu; salan er nálega öll í höndum danska einokunarfélagsins.

Eftir frv. er það nóg, ef til er nægileg steinolía á einum stað í landinu, eins og eg tók fram áðan og *vilji* kaupmenn ekki panta hana, þá gera það kaupfélögin og sveitafélögin. Frumvarp þetta er eini vegurinn til að bjarga oss frá þeim vandkvæðum, sem nú eru.

Háttv. ráðherra (H. H.) lætzt ekki skilja það, að hér ræðir eingöngu um *innflutning* og *heildsölu* á olíu. Kaupmenn og kaupfélög og aðrir ættu jafn fjálst með að kaupa og selja olíu, eins

og áður en steinolíufélagið náði hér einokun, með þeim eina mismun, að þeir hefðu það hagræði, að kaupa á *innlendum* heildsölumarkaði hér, í stað þess að verða að kaupa af heildsölum í Skotlandi eða annars staðar úti í heimi — og kaupa hana hér ódýrara, en líkindi væru til að þeir fengju hana erlendis, því að heildsalar *þar* mundu ekki láta sér nægja innkaupsverð og kostnað; þeir mundu reikna sér nokkuð í *ábata*.

Vilji háttv. þingdeildarmenn að þjóðin komist úr þessum vandræðum, þá er að samþykkja frumv., annars að fella það og mun það þeim ekki ábyrgðarlaust, sem það gera.

ATKV.GR.:

Samþ. að frv. gengi til 2. umr. með 17 : 1 atkv.

Samþ. að kjósa 3 manna nefnd í málið með 15 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson Rvk.	Benedikt Sveinsson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Björn Kristjánsson	Jón Ólafsson
Halldór Steinsson	Matthías Ólafsson
Jóh. Jóhannesson	Ólafur Briem
Jón Jónsson S.-Múl.	Tryggvi Bjarnason.
Lárus H. Bjarnason	
Sig. Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Skúli Thoroddsen	
Valtýr Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	

Þrír greiddu eigi atkvæði, Hannes Hafstein, Jón Magnússon, Kristján Jónsson, og voru þeir taldir með meiri hlutanum.

Í nefndina voru kosnir þeir:

Jón Ólafsson,
Jón Magnússon,
Valtýr Guðmundsson.

Önnur umr.; 23. Ágúst.

Flutn.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er forn málsháttur, að »argur er sá sem engu verst«, og mætti segja það um okkur Íslendinga, ef við látum bjóða okkur aðferð þá, er D. D. P. A. ætlar nú að beita við okkur, án þess að malda í móinn til þess að firra okkur þeim vandræðum.

Allir hafa frétt hækkunina á steinolíuverðinu síðustu dagana — fimm krónur á fatinu, og sögð væntanleg innan skamms ný kækkun, fimm — sjö krónur (sumir segja 10 kr.). Það er von að fólkinu ægi þetta, og von að Alþingi hafi gert málið að umhugsunarefni, hvort ekkert sé auðið að gera af löggjafarvaldsins hálfu til að varðveita þjóðina fyrir hinum banvænu faðmlögum þessa risa-blekfisks, sem nú teygir angana í flest lönd eg lifir og fitnar á að blóðsjúga þjóðirnar.

Það er vitanlegt, að þessi hækkun, sem nú er orðin 12 krónur í Danmörku og milli 6 og 7 mörk í Hamborg, stafar væntanlega *eingöngu* af fégræðgi steinolíufélagsins. Þó að hér sé borin fyrir hækkun á farmgjaldi með skipum, þá eru það hrein ósannindi og fyrirsláttur. Vitaskuld hefir farmgjald hækkað, en ekki neitt í áttina sem þessu nemur, enda er farmgjaldið alls á olíu frá New York til Reykjavíkur að eins liðugar þrjár kr. á fat.

Fleiri ástæður hafa heyrst fyrir hækkun þessari, hvað sem þar í er hæft. Ein sú líklegasta er sú, að félagið sé með þessu að láta Norðurálfuþjóðirnar, þær sem það hefir náð einokun hjá, borga kostnaðinn fyrir húsbónda sinn, Rockefeller gamla, sem nýlega var í hæstarétti Bandaríkjanna dæmdur í 40 miljóna dollara sekt, auk málskostnaðar fyrir óleyfileg einokunarsamtök í Bandaríkjunum. Því að Bandaríkin standa það framar öðrum ríkjum, þau hafa lög í

landi hjá sér, þau er banna einstaklingum og félögum að hafa einokunarfélagsskap til samninga-samtaka um að hindra frjálsa verzlunarsamkepni og hækka vöruverð fram úr eðlilegu hófi. Steinolíufélagið danska, sem kallar sig D. D. P. A. og Danir lesa úr: Det danske Petroleums Aktieselskab, en Íslendingar lesa úr: »Danskur djöfull Petroleums andskoti«, er ekki annað en einn angi af einokunar-samsteypufélagi Rockefellers. Það hefir gert samninga við flestalla íslenzka kaupmenn, þá er skuldbinda kaupmennina til að kaupa ekki steinolíuna af neinum öðrum en félaginu. Fyrst mun það hafa byrjað á árlöngum samningi; svo fór það að gera samninga til fimm ára og síðan mun það hafa farið að smálengja samningatímann og er mælt að síðustu samningar bindi kaupmenn við félagið í 40 ár.

Það væri engin vanþörf á, að löggjafarvaldið tæki hér í taumana, ef það hefði hugsun og mannrænu til þess.

Stjórnin lagði nú fyrir þetta þing frv. til laga um heimild fyrir stjórnina, til að selja einstökum manni eða félagi einkasölu á steinolíu hér á landi. En þetta frv. var samið áður en steinolíufélagið sýndi sig í að fara að misbeita valdi sínu hér, eins og nú er bert orðið Og tilgangur frv. var *ekki* sá að tryggja landsmönnum sanngjarnt steinolíuverð og gæði olíunnar; heldur var tilgangur *einvörðungu* sá að *auka landsjóði tekjur* með því að selja þjóðina undir einokunarvald einstaklings; og líklega mun helzt hafa verið hugsað um, að minsta kosti reyndir samningar um, að selja D. D. P. A. einokunarleyfið.

Þetta leizt landsmönnum ekki á. Landsmenn eru yfirleitt andvígir því, að einstaklingum sé í hendur selt einokunarvald yfir þjóðinni. Ef nauðsyn bæri til, mundu menn heldur taka því að landsstjórninni sjálfri væri veittur einkaréttur á einhverri vörutegund. Landsstjórnin hefir nefnilega enga hvöt til að svíkja gæði vörunnar; en það mundi í framkvæmdinni reynast ókleift að gæta slíks um einstaklinga.

Alþingi hafnaði því þessu frv. stjórnarinnar. En þegar kækkunin mikla á steinolíuverðinu kom í ljós, svo að sýnt var, hvert félagið stefndi, þá báru nokkrir þingmenn, eg, hv. 2. þm. Rang. (E. P.) og háttv. þm. Dal. (B. J.), upp frv. um að veita stjórninni einkaleyfi fyrst um sinn um eitt ár, eða til ársloka 1913 til að flytja hingað steinolíu til lands og selja landsmönnum hana fyrir það verð, er ríflega svaraði innkaupsverði og kostnaði. Frv. þetta var samþykt með allmiklum atkvæðafjölda í deildinni í gær og er nú á dagskrá til 2 umr. Tilgangurinn er, að 2. og 3. umr. verði lokið hér í deildinni í dag með þingskapaafbrigðum, og þá gæti efri deildin með þingskapaafbrigðum samþykt frv. við þrjár umræður á morgun, eða ef á þyrfti að halda, lokið síðustu umræðu snemma dags á mánudaginn.

Frumv. þetta er bygt á því að nefndarmönnum var kunnugt um að landsstjórnin hafði verið í samninga umleitunum við steinolíufélag í Bandaríkjunum, sem framleiðir ágæta olíu, sem sýnishorn eru til af hér, og er alveg óháð einokunarfélögum Rockefellers. Enda til fleiri óháð félög í heiminum, sem kostur mundi á að semja við. Dálítil mótspyrna hefir komið fram gegn frv., aðallega bygð á vanþekkingu á almennu verzlunarfyrirkomulagi, og grýlur um upphugsuð vandkvæði fyrir stjórnina á því, að reka það starf, sem frv. heimilar henni. Hefir þó verið bent á hér á þinginu, að auvelt sé að fá einhvern merkan og óháðan kaupmann í Reykjavík til að reka heildsöluna fyrir stjórnina fyrir mjög sanngjarnt kaup, svo sem sem sex þúsund krónur eða þar um bil.

Þá hefir því og verið hreyft að stjórnin hlyti að hafa birgðaútsölu af olíu á hverri löggiltri höfn á landinu. En þetta er ekki annað en hégómagrýla. Frv. ætlast að eins til að stjórnin hafi ávalt nægar birgðir fyrirliggjandi á einum stað í landinu. Kaupmönnum, kaupfélögum, sveitarfélögum og öðrum er ekkert erfiðara að birgja sig upp héðan, en frá Kaupmannahöfn eða Skotlandi eða öðrum stöðum í útlöndum. En um þetta talaði eg ítarlega við 1. umræðu, og býst við að deildarmenn hafi hugfest það og muni.

Enn er óséð um forlög frv. En geta má þess, að fram er komin br.till. í þá átt, að veita Landsbankanum einkasölurétt þennan í stað þess að veita stjórninni hann og um jafn langan tíma.

Það er einmitt sérlega gleðilegt, að bankinn skuli þannig sýna, hvað vel hann treystir sér. Þá er um leið fallin sú mótbára, að ekki séu peningar fyrir hendi til þess að koma þessu í framkvæmd. Og ef bankinn hefir sjálfur fé til þessa, þá getur hann líka eins vel lánað stjórninni það. Það þarf ekki að vera til langs tíma í senn, því að peningarnir koma inn aftur jafnóðum og olían selst.

Annars hefi eg það að athuga við einstaka liði br.till, sem reyndar mundu gera þetta frumv. að nýju frv., að mér þykja frestirnir, sem tilteknir eru á þgskj. 382, vera of langir. Og við 5. tölul. á þgskj. 387 vil eg athuga það, að mér þykir tvísýnt, hvort rétt er að samþykkja slíkt. Alþingi hefir tæplega vald til þess að þvinga verzlanir til þess að flytja vörur þannig burtu. Raunar má vitna í vínsölulöggjöfina, en varlega er að líku farandi, þótt eg annars gæti hallast að till. háttv. þm.

Þetta mál er meira vert en flesta menn grunar. Sérstaklega að því er snertir mótorbátaútveginn. Þeir bátar hafa hafa borgað sig þolanlega sumstaðar, en víðast er það svo, að þeir mega ekki við mikilli útgjaldahækkun frá því sem nú er, og á einni af mun stærri mótorbátaútgerðum landsins mundi þessi 5 kr. hækkun á steinolíutunnunni hafa í för með sér 1500 króna útgjaldaauka á ári, og er það harður skattur. Ef hér er ekkert að gert, má búast við því, að nokkur þúsund manna kunni að flýja landið á næstu árum undan slíkum ókjörum, sem þá verður við að búa.

Eg heyri sagt, að einokunarfél hafi verið mjög á stúfunum hér um bæinn síðan í gær, líklega til þess á sinn hátt að *sannfæra(!)* þingmenn um, að hér sé friður og öllu óhætt, en eg trúi því ekki, að þingmenn láti *slíkt* hafa áhrif á sig. Hér getur verið um líf eða dauða mótorbátaútgerðarinnar að tefla, og það verður tekið eftir því, ekki einungis hér heldur og úti um alt land, hvernig hver þingm. greiðir atkv. í þessu máli í dag.

Eg sé, að hér er komið fram skjal frá kaupmanni einum hér í bænum. Eg veit að hann hefir 30 ára reynslu fyrir sér og að flest er rétt sem hann segir, en eitt er þó rangt sem hann segir þar og það vil eg ekki styrkja, sem sé það, að farmgjöldin hafi *ekki* hækkað. Þau hafa hækkað — eins og eg hefi sagt — ekki í neinu hlutfalli við þessa verðhækkun, sem nú er orðin á steinolíu, sízt þegar tekið er tillit til þess, hverju þetta félag hefir efni á, þar sem það hefir gefið 145% í árságóða og þó verið í vandræðum með að dylja hina sönnu upphæð ágóðans. Eg skal svo ekki tala meira að sinni, en býst við að þurfa að standa upp aftur til þess að gegna mótbárum.

Lárus H. Bjarnason: Hér hefir nú verið lagt til að fara ýmsar leiðir til þess að lækna þetta mein, en áður en greidd eru atkv. finst mér að maður

verði að fá að vita hvert meinið er. Ef hér er um allsherjar hækkun að ræða, þá dugir ekki að sprikla, og þá er þetta frv. gagnslaust. En sé það rétt, að það sé aðeins eitt félag, eða fá, sem hafa fært verðið upp, en til séu önnur, sem nú selji steinolíu við vægara verði, þá er auðvitað nokkuð öðru máli að gegna. Nú hefði verið tækifæri fyrir stjórnina að nota símann og spyrjast fyrir um orsökina til verðhækkunarinnar hjá utanríkis ráðuneytinu eða dönskum konsúlum. Það þykist eg líka vita að hún hafi gert, og vil eg því spyrja hæstv. ráðh (H. H.) hverjar upplýsingar hann getur gefið deildinni um þetta efni. Og svo framarlega sem það upplýsist, að hækkunin stafi frá einstökum félögum, þá vil eg gera það sem auðið er til þess, að lækna margumtalað mein, og mun eg þá helzt aðhyllast leið hv. þm. Sfjk. (V. G.), af þeim þrem, sem fram hafa komi. En sé þetta almenn hækkun um allan heim, þá er meinið ólæknandi og ekkert unt við því að gera.

Ráðherrann (H. H.): Eg stend ekki upp til annars að þessu sinni, en til að segja hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) að eg hefi engar slíkar upplýsingar meðferðis handa honum og tel mér ekki fært að útvega ábyggilegar upplýsingar um þetta í snatri.

Björn Kristjánsson: Eg á hér brtill. við þetta frv., og eg vil taka það fram, að hún er varatill., því að eg skoða svo, að hv. deild hafi þegar lagt úrskurð sinn á þetta mál, með rökst. dagskrá, sem samþ. hefir verið, þar sem gengið var út frá því, að stjórnin gerði sitt ítrasta til að styrkja innlendan félagsskap, sem stofnaður yrði í þessu skyni með stuðningi banka, án tillits til þess, hvernig á stendur nú í svipinn. Það er vitanlegt, að þessi hækkun er almenn, og því álít eg að frekari framkvæmdir í þessu máli eigi þingið að geyma sér. Ef það fer nú að samþ. þetta frv., þá er það sama sem að taka aftur alt sem það sagði fyrir tveim dögum. Ef það væri satt, að hækkunin væri bara þessu eina félagi að kenna, sem væri að kúga Íslendinga, þá skal eg játa að full þörf væri á því, að samþ annað hvort frv. þeirra hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) óbreytt, eða þá till. mína, en eg skal benda á það, að af því að mótmæli hafa komið fram gegn því, að þessi hækkun sé almenn, þá hefi eg símað í dag, bæði til New York og Kaupmannahafnar og spurst fyrir um markaðsverðið á steinolíu, enn á ný, og vænti eg að fá svar áður en langt um líður, það er að segja ef ekki fer eins og um daginn, að svarið verði 28 tíma á leiðinni, en að minsta kosti ætti eg að vera búinn að fá það fyrir 3. umr. þessa máls.

Eg tek það enn fram, að þessi tillaga mín er einungis til vara, því að helzt vænti eg þess, að þingið muni ekki forma að samþ. þetta frv., svo dæmalaust illa sem það er undirbúið. Hér eru til margar leiðir, sem fara mætti, en hv. 2 þm. S.-Múl. (J. Ó.) hefir ekki séð nema þá einu, sem milliþingan. hafði farið. *(Jón Ólafsson:* Alt *aðra* leið!) T. d. mætti halda sér við dagskrána þá um daginn, eins og eg hefi bent á. Enn mætti hafa eftirlit með væntanlegum félagsskap frá öllum hliðum með lögum, það mætti takmarka hámark ágóðans og láta landssjóð hafa afganginn. Loks er varatill. mín líka tryggari en frv. Alt er þetta tryggara en frv., og sýnir þetta hve illa það er undirbúið. Eg kem fram með þessa till. bæði af því, að stjórnin hefir látið í ljós að örðugt mundi verða að fá lán í þessu skyni, og svo í öðru lagi vegna

þess, að bankinn er landsstofnun, og gera má ráð fyrir að hann ráði yfir meiri verzlunarþekkingu, en stjórnin.

Og eg er hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) þakklátur fyrir það, að hann hefir ekki haft mikið á móti þessari till., því að ef stofna á til einokunar á annað borð, þá er réttast að fela hana þeirri stofnun, sem ætla má að bezt kunni með að fara, sem er landsins eign og sem hefir umráð yfir fé til þess, en á hinn bóginn óska eg ekki að til þess komi, nema því að eins, að frv. verði samþ.

Nú verðum við að hafa hliðsjón af því, hvað fram fer í kringum okkur. Við vitum að þessi hækkun nær til Þýzkalands, Danmerkur og Englands. Hafa nú þing þessara þjóða risið upp og samþykt einokunarfrumvörp? Nei, þau hafa farið sömu leið og við höfum farið hingað til, *(Jón Ólafsson:* Þing eru þar ekki saman komin nú) Þau hafa reynt að stuðla að frjálsri samkepni, og sú leið ætlaðist rökstudda dagskráin til að farin yrði með aðstoð stjórnar og banka, og geti þessi öfl ekki borgið málinu í sameiningu, þá er eitthvað þungt fyrir, og þá er hætt við að þetta frv. geti það ekki heldur. Það er vant að duga til frjálsrar samkepni, ef það er á allra manna vitorði, að einhver dugur og afl stendur á bak við þann sem við mann keppir, svo að ef verðið er skrúfað upp, þá geti það eigi staðið til langframa.

Þetta er því fyrsta leiðin, og það er fyrst ef hún bregst, að reyna má að grípa til þess, að taka alt vald til verzlunar í landsins hendur. Og sem því að eins getur komið að haldi, að önnur lönd fari eins að, því annars er hætt við að auðmannafélögin banni að selja nokkra olíu til Íslands, og þá er ver farið en heima setið.

En eg vil mælast til þess, að hv. deild íhugi það vel, að svo framarlega sem hún hallast nú að einokun, þá feli hún þó framkvæmd hennar þeirri stofnun, sem landið á, og sem hefir þekkingarskilyrði til þess að geta tekið þetta að sér, og þar að auk helzt ráð til þess, fjárins vegna, en losi landssjóð við það, að þurfa að taka lán til þess.

Um br.till. á þgskj. 381 frá hv. þm. Sfjk. (V. G.) skal eg taka það fram, að eg er samdóma hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) um það, að það er tæplega ætlandi að stjórnin geti komið nokkrum að liði eftir henni. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að það er nokkuð annað, að panta gaddavír, sem taka má fáeinar rúllur af í einu, eða steinolíu, sem ekki dugir að fá öðruvísi en miklar birgðir í einu. Enda er það líka vitanlegt, hvernig stjórninni gekk við gaddavírskaupin. Eg man t. d. eftir því, að eitt sumarið kom eg tvisvar upp í Borgarnes, og sá þar girðingarstólpa liggja mölbrotna í fjörunni hrönnum saman. Eg spurði hver ætti þetta, og var mér sagt með mestu fyrirlitningu að það væri *landssjóður*. Sá sem hafði pantað þetta, hafði ekki hirt það. Hver þetta hefir borgað veit eg ekki, en eg kom þarna haust og vor, og í bæði skiftin lágu stólparnir þarna. Svona er það, þegar landið þarf að vera að vasast í slíkum viðskiftum, enda veit eg að stjórnin vill helzt vera laus við þetta.

Það mundi oft fara svo með fleira eins og þessa girðingarstólpa, að enginn mundi hirða það og því vera stolið. Svo er þess að gæta, að steinolían er dýr vara og hana þarf að fá á alveg *vissum tímum*, menn hafa ekki ráð á að bíða eftir henni, þess vegna mundu menn panta lítið í einu, því að oftast eiga menn í basli með peninga, og þegar svo varan kæmi, gætu þeir ef til vill ekki leyst hana út og yrðu svo að setja upp báta sína. Það má lýsa því í það óendanlega, hve óframkvæmanlegt þetta

fyrirkomulag mundi verða, og segi eg þetta ekki af því, að eg treysti ekki stjórninni til þess, að hún mundi reyna að gera skyldu sína í þessu efni eftir föngum, heldur af hinu, að eg veit að hún *getur* ekki annast það.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar meira, en vona að háttv. deild fallist á tillögu mína, ef hún ætlar sér að veita þessa heimild á annað borð, einkum þar sem háttv. flutnm. (J. Ó.) er henni ekkert mótfallinn.

Valtýr Guðmundsson: Eg er á því, enn sem fyr, að einokunarlög séu viðsjárverð í hverri mynd sem er, þótt eg játi reyndar, að ríkiseinokun sé dálítið skárri og miða eg það við reynslu liðinna alda, því að ætíð reyndist konungsverzlunin miklu betur en hitt, þegar einokunarleyfið var selt einstaklingum í hendur. En þó er nú aftur sá annmarki á ríkiseinokun, að reynsla þykir fyrir því, að á þann hátt fái menn lélegri vörur en ella. T. d. er orð á því, að franskt tóbak sé lélegt, en þar hefir ríkið einokun á því. Yfir höfuð er hætt við því að verðið verði hátt þegar þannig er til hagað, en vörurnar verri en þar, sem frjáls samkepni ræður. Það er líka eðlilegt, að þetta fyrirkomulag verði óhagstæðara, þar sem því verður að stjórna af embættismönnum, sem hafa sín föstu laun, hvort sem fyrirtækið gengur betur eða ver og hafa því ekki hina sömu hvöt til að leggja sig í framkróka eins og atvinnurekendur annars sem keppa hvor við annan. Kaupmaðurinn er neyddur til þess að vanda vörurnar og hafa verðið skaplegt sjálfs sín vegna. Eigingirnin, sterkasta driffjöðrin í mannlífinu, rekur hann til þess, en þá driffjöður vantar þar sem einokun er og við engan er að keppa.

Eins er það, að ef eitthvað fer aflaga í verzlun, sem stjórnað er af ríkinu, þá er til einkis að kvarta um það; því að til hvers ætti að klaga nema stjórnarinnar, sem einmitt rekur sjálf. Það yrði þá svipað — þótt við reyndar höfum nú dómstóla hér — eins og nú á sér stað á Grænlandi, þar er ekki í annað hús að venda en til stjórnarinnar, sem sjálf rekur verzlunina og sjálf er dómarinn. Ef til vill mætti segja, að við gætum hengt ráðherrann, en það er hætt við að mundi sækja í sama horfið þótt annar tæki við.

Þá er enn að geta þess, að til þess að reka ríkisverzlun þarf afarmikið fé, eins og millipinganefndin hefir þegar sýnt fram á. Það er satt, að líklega mætti hafa hag af slíkri verzlun, en nú er ekki þörf á að leggja út í hana þess vegna, þar sem búið er að búa svo vel í haginn hvað fjárhaginn snertir með öðrum ráðum. En hins vegar mundi þetta fyrirkomulag útheimta mikinn undirbúning, og þótt þetta frumv. yrði að lögum nú, þá er það alveg óþarft til þess að ráða fram úr augnabliks vandræðum, því að það mundi þurfa heilt ár áður en það kæmist í framkvæmd. Það verður að gá að því, að þegar stjórnin bannar öllum nema sjálfri sér að verzla með einhverja nauðsynjavöru, þá tekur hún um leið á sig skyldu til þess, að sjá mönnum alstaðar fyrir nægum birgðum af þeirri vöru, og það jafnvel á öllum árum, líka ísaárum, en til þess þarf heljar miklar birgðir.

Það sem hér stendur í brtill. á þskj. 382, að gefa Landsbankanum þessa heimild, er í rauninni ekki nema annað form á frumvarpinu, þar eð Landsbankinn er ríkisstofnun. En það er eitthvað skrítið, að banki skuli fara að fást við það, sem er svo fjarskylt öðrum störfum hans eins og þetta. Eg þekki að minsta kosti hvergi dæmi þess, að bankar verzli með annað en peninga, og eg

held að það væri ekki heppilegt heldur. Það gæti veikt traust bankans, ef hann færi að braska með annað, og það gæti meira að segja orðið hættulegt fyrir hann, því að svo stór óhöpp gætu steðjað að þessari verzlun, að það setti bankann á höfuðið.

Þess vegna vil eg ekki fara þá leið, heldur reyna að finna einhver önnur ráð. Nú getur verið spurning um það, hvort nauðsynlegt sé eða tiltækilegt yfir höfuð að gera nokkuð; hvort þessi verðhækkun, sem talað er um, er ekki almenn þannig að aðrir sæti sömu kjörum og vér. Eg er nú ekki alveg viss um að svo sé, að minsta kosti ekki að hækkunin sé eins gífurleg annarstaðar, enda eru flestir á því.

Einokunin sem óþolandi er, er landsmönnum sjálfum að kenna. Þeir geta ef þeir vilja skapað samkepni. Þeir þurfa ekki annað en að verða samtaka til þess, að hrista af sér einokunarfjötrana. Eg lít svo á, sem heppilegast sé að reyna að efla frjálsa samkeppni og vekja fólkið til meðvitundar um kosti hennar. Og eg hugsa að til þess að vekja meðvitund fólksins sé ekki óheppilegt að fara sömu leiðina, sem farin var með gaddavírslögunum hér á árunum. Sú leið reyndist vel þá og varð til þess að menn fengu gaddavír mun ódýrara en annars hefði orðið. Stjórnin gat fengið betri kaup á gaddavír en einstakir menn myndu hafa fengið og líkt hugsa eg mér að fara myndi að því er steinolíukaup snertir. Eg hugsa mér að sú aðferð yrði viðhöfð, að stjórnin leitaði sér upplýsinga í útlöndum um verð á steinolíu og auglýsti síðan hér heima að hún tæki að sér útvegun á steinolíu og með hvaða kjörum. En eg ætlast alls eigi til að stjórnin fari að panta steinolíu fyrir hvern einstakan mann, er þess óskar, heldur að eins fyrir bæjarstjórnir, sveitarstjórnir, kaupfélög og kaupmenn. Menn yrðu að slá sér saman í sveitinni eða bænum til að fá sveitar- eða bæjar-stjórnina til þess að beita sér fyrir málið og olían yrði annaðhvort að vera borguð fyrir fram eða sett sú trygging fyrir borgun við afhendingu, er stjórnin tæki gilda. Með því að fara þessa leið er ýtt undir menn að stofna félög móti steinolíufélaginu. Og stjórnin leggur ekkert fé í hættu þar sem annað hvort á að borga olíuna fyrir fram eða setja tryggingu fyrir greiðslu andvirðisins við afhendingu. Það er jafnvel í meira lagi vafasamt, að landssjóður einu sinni í svip þyrfti að leggja nokkurn eyri út. Eg geri miklu heldur ráð fyrir að stjórnin myndi fá 3 til 6 mánaða kredit, og að sá tími myndi nægja til þess að ná í peningana frá viðskiftamönnunum — þeim er ekki hefðu borgað fyrir fram — og senda þá til þess, er selt hefði olíuna.

En hugsanlegt er það þó, að stjórnin þyrfti á peningum að halda í þessu skyni og fyrir því hefi eg lagt til, að hún mætti til þess verja 500.000 kr. og til þess að tryggja það, að málið ekki strandaði á því, þótt peningarnir væru ekki til í landssjóðnum, fer eg fram á að stjórninni sé veitt heimild til þess að taka lán í þessu skyni.

Eins og eg hefi áður sagt, geri eg ekki ráð fyrir að til þess þurfi að koma. Menn munu ef til vill segja að afleiðingin af slíkum pöntunum muni verða engin önnur en sú, að D. D. P. A. setji niður verðið á olíunni svo ekki borgi sig að panta lengur og verði því þá hætt. En það er einmitt ekki nema gott, því að þá er tilganginum að útvega landsmönnum olíu með viðunanlegu verði náð, og stjórnin á ekkert á hættu, því að hún pantar aðeins þá olíu, sem borguð er fyrirfram eða sett fullnægjandi tryging fyrir borgun við afhendingu. Segjum svo að þessi verðlækkun

standi aðeins stutta stund og þegar pantanirnar eru hættar hækki félagið aftur verðið á olíunni, þá byrjar bara stjórnin að nýju að panta olíu fyrir menn. Það er ofur einfalt mál, það er að segja ef menn vilja þá ekki leggja inn á aðrar brautir, brautir sem eg auðvitað aldrei vil fara inn á, en sem ekki væri óhugsandi að fólkið vildi fara inn á. Þess vegna eru »pantanir» bezta ráðið í bráðina, ef það á annað borð er þörf á að grípa inn, og það er gerlegt fyrir stjórnina að framkvæma þetta, en alveg ógerlegt fyrir hana að koma frv. sem hér liggur fyrir í framkvæmd.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) og hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sögðu að sitthvað væri að panta gaddavír og steinolíu. Það er að vísu satt, en þar fyrir get eg ekki séð að nein sérstök vandkvæði geti orðið á að framkvæma þessar steinolíupadtanir ef til kemur. Það er að segja, að útvega olíuna í útlöndum og flytja hana til Reykjavíkur. Þó sækja yrði olíuna alla leið til Ameríku, þá eru engin vandræði við að fá hana flutta hingað yfir Skotland.

Þar sem sagt hefir verið að illa hafi verið farið með gaddavírinn, hann hafi legið í reiðileysi niður í fjöru og eyðilagst og líkt myndi fara með steinolíuna, þá verð eg að segja, að láti menn hana fara forgörðum fyrir handvömm eina, þá er neyðin ekki mikil, og landssjóður getur aldrei beðið neitt fjártjón, þar sem borgunin á að fylgja pöntuninni eða fullnægjandi trygging. Hvað því við víkur að það, að borgun eigi að fylgja fyrirfram, muni leggja hömlur á pantanirnar, þá getur að vísu verið að svo verði að einhverju leyti, en sé það mönnum verulegt alvörumál að losa sig úr klóm þessa erlenda stórgróðafélags, þá finst mér að þeir geti vel lagt það á sig og hljóti að geta haft einhver ráð til að útvega sér peninga til þess að borga olíuna nokkrum mánuðum áður en þeir fá hana. Eg veit ekki hvort verðhækkunin á steinolíu er almenn, en sé hún það ekki, þá má gera tilraun til þess að panta ódýrari olíu, en þá, sem danska steinolíufélagið hefir á boðstólum, en þó verðhækkunin sé almenn og ekkert við henni hægt að gera, þá er þó engu spilt þótt stjórnin hafi þessa heimild. Þetta er þó alt af tilraun af þingins hálfu til þess að hjálpa. Annars þætti mér vænt um að heyra hvað hæstv. ráðherra (H. H.) telur ráðlegt að gera í þessu máli.

Jón Magnússon: Eg var svo óheppinn að lenda í nefndinni í þessu máli. Nú þegar komið er fast að þinglokum er ekki hugsanlegt, að mál þetta geti orðið nægilega athugað. Hér er alt öðru máli að gegna, en kolaeinkasala til hagnaðar fyrir landssjóð. Með henni átti að auka tekjur hans. Hér er ætlast til að landssjóður taki á sig byrði. Frá því sjónarmiði er nauðsynlegt að athuga málið nákvæmlega. Það hlýtur að hafa verið í gamni, sem háttv. 1 þm. G.-K. (B. Kr.) sagði að rökstudda dagskráin, sem samþykt var út af steinolíu einkasölufrv. stjórnarinnar hér í deildinni, hefði verið borin fram í því skyni að hjálpa í þessu máli. Það getur aldrei verið hjálp að því, í neinu máli, að vísa því frá. Dagskráin veitti stjórninni enga heimild til þess að verja einum eyri af landsfé til þess að bæta úr olíuvandræðunum.

Þá var vísað til þess að bankarnir mundu rétta hjálparhönd í þessu máli, en það hvílir engin skylda á þeim í því efni, og ef þeir gera það verða þeir að gera það upp á sína eigin ábyrgð. Eg verð að segja það, að mér er ómögulegt að hugsa mér að svona mál geti orðið samþykt á einu augnabliki, og ef mönnum er alvara með að vilja að það fái framgang, þá verður að lengja þingið að

mun. Eg játa það hreinskilnislega að eg hefi ekki getað áttað mig á hvort sú leið, sem háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vill fara í þessu máli, er fær eða heppileg. Til þess að geta áttað sig fullkomlega á málinu og tekið ákvörðun í því, þarf það miklu meiri rannsókn, íhugun og undirbúning, en hægt er að gera á 1—2 dögum. Það má kannske færa margt því til stuðings, svo sem að það losi kaupmenn úr viðjum o. fl., en samt get eg ekki talið það rétt að samþykkja það óathugað. Að fara líka leið og farin var, að því er gaddavírinn snerti, er eg mikið vondaufur um að komi að nokkru haldi í þessu máli. Eg get heldur ekki greitt br.till. háttv. þm. Sfjk. (V G.) atkvæði — læt þær hlutlausar.

Það er mér óskiljanlegt hvernig bankastjóra, eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), getur dottið í hug, að banki, sem er seðlabanki og geymir sparisjóðsfé, fari að gerast olíukaupmaður. Það getur verið að hann geti upplýst að einhver banki einhversstaðar í heiminum hafi einhvern tíma gert það, en aldrei hefi eg heyrt það. Slíkur kaupskapur er bankastarfsemi með öllu óskyldur. Eg skil ekki annað en þetta hafi verið spaug hjá hinum háttv. þm. til þess að láta svo sýnast sem hann benti á leið. Yfir höfuð get eg ekki, eins og eg hefi áður tekið fram, verið með framgangi þessa máls, nema þingtíminn verði lengdur.

Ráðherrann (H. H.): Eg þakka háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) fyrir góðan vilja og það mikla traust, sem hann ber til stjórnarinnar. Henni er ekki aðeins í sjálfsvald sett hve miklar birgðir af steinolíu hún kaupir og hve mikið lán hún tekur til þess, heldur hefir hún líka takmarkalaust vald til þess að ákveða, hvort steinolíuverzlunin skuli vera frjáls eða einokuð, og hvenær hún skuli vera frjáls og hvenær einokuð.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) hlýtur að hafa breytt skoðun sinni átakanlega síðan hann skrifaði nefndarálit skattamálanefndarinnar um einkasölu á steinolíu, ella gæti hann ekki komið fram með br.till. á þgskj. 382, þar sem farið er fram á að veita Landsbankanum takmarkalausan einokunarrétt til innflutnings og sölu á steinolíu. Eg skal með leyfi hæstv. forseta lesa örfá orð upp úr nefndaráliti skattamálanefndarinnar um frumvarp til laga um heimild fyrir ráðherra Íslands til að gera samning um einkaréttarsölu á steinolíu um tiltekið árabil, á þgskj. 315.

Þar segir svo:

»Það er brotalítil og handhæg leið, en ekki að sama skapi hyggileg eða hættulaus fyrir landsbúa. Því að ef byrjað væri á að einoka eina vörutegund, er hætt við að brátt muni að því reka, að gripið yrði til fleiri vörutegunda, og vant fyrir að sjá, hvar staðar mundi numið. Löggjafinn væri því kominn inn á *flughála skriðbraut*, sem enginn sér fyrir endann á, en augsýnilega stefndi í áttina til *glötunar á því dýrasta hnossi sem íslenzka þjóðin á til í eigu sinni: verzlunarfrelsinu*«.

»Síðan við fengum verzlunarfrelsið hafa framfarir orðið í öllum greinum. Þetta eitt ætti að vera nægileg bending fyrir þjóð vora til þess að hætta sér ekki aftur út á einokunarbrautina, heldur halda sem fastast við frjálsa verzlun og frjálsa samkepni, sem reynst hefir þjóð vorri önnur eins búbót og blessunarlind, eins og raun gefur vitni«. — »Það er segin saga, að með einokun verður öll verzlun með þær vörutegundir, sem einokaðar eru hálfu verri en ella, bæði að því er snertir gæði og verð vörutegundanna«.

Og eftir að hafa tekið fram að fráleitast sé að einoka nauðsynjavöru, segir

háttv. þingmaður sérstaklega um steinolíueinokun:

»Og einmitt ein af slíkum vörutegundum er steinolían. Hún er ekki einungis aðal ljósmeti landsbúa, heldur líka afltaugin í mótorbátaútveg vorum, sem virðist eiga full erfitt uppdráttar, þótt eigi séu lagðar einokunar hömlur á hann. Og allar horfur virðast nú á, að steinolía verði brátt notuð í stað kola í botnvörpungum vorum, jafn mikill sparnaður og þægindi, sem því eru samfara, að því er síðustu tilraunir hafa sýnt. Einmitt í því efni virðist ný öld vera að renna upp fyrir notkun steinolíunnar, og væri því meira en misráðið að byrja þá öld með einokun á henni«.

Þetta hefir hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) skrifað, ásamt fleiri mælskufullum ummælum um einkasöluhugmyndina yfirleitt, og væri ómögulegt, að hann kæmi fram með þessa ákveðnu og ótakmörkuðu einkaréttartillögu Landsbankanum til handa, nú, ef hann hefði ekki breytt skoðun sinni stórkostlega á þessum fáu dögum síðan 19. þ. m. þegar nefndarálitið er dagsett, og er það gleðilegt, að sjóndeildarhringurinn hefir víkkað svo að hann sér þó nú, að fordæmingardómar hans gilda ekki í öllum tilfellum, og að hin svonefnda »frjálsa verzlun« getur líka haft sinn djöful að draga í sumum greinum. En annars á hann þessi veiðibrögð sameiginleg við ýmsa kaupmenn og útgerðarmenn hér í bænum. Það er eftirtektarvert, að einmitt sumir þeirra, sem hæzt létu í vetur og vor og gerðust frumkvöðlar að mótmælum og gauragangi gegn tillögum milliþinganefndarinnar, sem gengu í líka átt, þeir eru nú áfjáðastir um að fá einkasölu á steinolíu. Sem nefndarmaður í milliþinganefndinni ætti eg nú að fagna þessum nýju skoðanabræðrum, en samt álít eg ekki að þessi tillaga nái tilgangi sínum, hún hefði átt að koma fyr, áður en felt var vel hugsað og vel undirbúið frumvarp stjórnarinnar um þetta efni. Það frv. hefði væntanlega getað komið að gagni nú, með þeirri breytingu að fella burt 4. gr., og láta stjórnina um að komast að samningum um viðunanlegt og *fast* verð. Þá var svo um hnútana búið að öðru leyti, að því er skilyrði snertir, að hættulaust hefði átt að vera, að semja við öflug félög, sem hefði getað veitt landinu tryggingu fyrir sæmilegum kjörum, og sennilega hefði það félag, sem mest á í hættunni, ef einkasölu réttur verður öðrum veittur, verið fáanlegt til að ganga að góðum samningum. Væntanlega hefði einnig mátt finna mörg önnur félög, sem hefðu viljað ganga að góðum samningum á einhvern hátt.

En það frv. er nú fallið og í staðinn komin þýðingarlaus rökstudd dagskrá, og svo þetta frv. og brtill. sem nú liggja fyrir, með göllum og gæðum.

Eins og eg áður hefi drepið á, er ein af ástæðunum fyrir því, að eg álít frv. óaðgengilegt og ekki líklegt til nota, sú, að engin skylda á að hvíla á einkaleyfishafa til þess að »distribuera« olíuna, þ. e. sjá um að hún sé til sölu víðsvegar um land. Þó á ekki að verða nema einn upplagsstaður, hér í Rvík, og eiga svo menn um alt land sjálfir að sjá fyrir því, að útvega sér hana héðan.

Nú sér steinolíufélagið D. D. P. A. um, að olían er flutt út víðsvegar um hafnir og fá kaupmenn hana alstaðar með sama verði, hvort heldur í Reykjavík eða á öðrum höfnum landsins, þar sem steinolían er afhent, og er séð um, að öll fötin séu full, þ. e. félagið ábyrgist alla rírnun þangað til fatið er afhent kaupmanni.

Eftir því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á, mundi ekki að eins bæt-

ast við Reykjavíkurverðið allur flutningskostnaður víðsvegðr um land, sem oft getur orðið mikill, en auk þess yrðu þeir ver settir að því, að landinu væri ómögulegt, án afarmikillar áhættu og kostnaðar fyrir landssjóð, að ábyrgjast að öll aðflutt steinolíuföt væru full, og bæta upp allan leka, sem orðið getur í upplaginu hér í Reykjavík.

Þar sem hér yrði að geyma ósköpin öll af steinolíufötum, jafnvel undir beru lofti, er hætt við, að lekinn yrði mikill, og ættu kaupendur þá á hættu, þegar þeir ætluðu að kaupa 200 potta olíufat fult, að fá þá hálft fat eða jafnvel að eins slatta í fati, og mundi það þykja súrt í broti, og ábatinn lítill fram yfir það sem nú er, eftir verðhækkunina. Auk þess gæti þetta fyrirkomulag orðið beint hættulegt, því eftir því sem skipaferðir og samgöngur á sjó eru nú, og væntanlega verða næsta ár, er oft ómögulegt á ýmsum stöðum landsins að nálgast olíu frá Reykjavík, þótt hægt væri frá útlöndum, og bregðist kaupmaður í smákauptúni eða vanræki að útvega olíu, þá verður ekki eins og nú, hægt að leita til næstu kaupstaða, alt verður til Reykjavíkur að sækja.

Þetta gæti leitt til þess, að mótorbátar yrðu að hætta á miðri vertíð og jafnvel fólk að sitja í myrkri.

Því verður ekki neitað, að hið opinbera verður að tryggja mönnum hægan aðgang að olíu, ef það bannar öðrum innflutning á henni. Þessu meginatriði er alls ekki fullnægt með frumvarpinu og heldur ekki þó Landsbankinn taki að sér að útvega samkvæmt till. hv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Það er ekki unt með neinum rétti að skella skuldinni á kaupmenn, ef illa tekst til, og olíubirgðir þrjóta þar, sem þeim, með innflutningsbanninu er fyrirmunað að ná henni þaðan sem þeim er hægast. Enda bætir það lítið úr skák, þegar í óefnið er komið, þó hægt væri að skamma kaupmennina út fyrir ódugnað. Eg held því að þetta frumvarp, þó það sé í góðum tilgangi gert, mundi vera svo langt frá því að koma að tilætluðum notum, en það mundi að eins vekja vonir er hljóta að bregðast, og jafnvel geti haft háskalegar afleiðingar.

Brtill. hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) mundu, hvernig sem annars á þær er litið, alls ekki ráða neina bót á í bráð, því að fyrst þyrfti bankinn að leita upplýsinga út um allan heim og síðan þyrfti að auglýsa með 6 mánaða fyrirvara og mundi þetta þá alls ekki komið í kring fyr en eftir ár og dag, og að því ári liðnu væru annmarkarnir þeir sömu, að tryggingin væri ekki nægileg fyrir því, að einkasala bankans yrði að gagni en ekki tjóni vegna *óliðlegs* fyrirkomulags.

Það er og athugavert við tillögurnar, að engin takmörk eru sett fyrir þessu monopoli bankans, og er svo að sjá, sem hann eigi að hafa þessi hlunnindi til eilífðar, eða þá skaðabætur fyrir missi þeirra, ef menn verði leiðir á því, hvernig hann rekur starfið.

En auk þessa er eitt meginatriði á móti tillögum hv. 1. þm G.-K. (B. K.) og það er það, að það er alls ekki samrýmanlegt við bankastörfin að bankinn takist þetta á hendur. Það er óforsvaranlegt, að bankinn taki það fé sem menn eiga þar í sparisjóði eða á hlaupareikningi og stofni því í hættu með því að takast á hendur svona atvinnu, sem er beinlínis mikið áhættu fyrirtæki. Og svo eru ýms ákvæði óhæf, t. d. ákvæði um, að þeir menn, sem eiga steinolíu fyrirlyggjandi þegar bankinn byrjar einokun sína, eigi að flytja hana út úr landinu, ef þeir ekki geta komið sér saman við bankastjórnina, um kaup á henni fyrir það verð, sem bankinn tiltekur.

Það er með öðrum orðum: Menn

eru skyldaðir til þess að láta af hendi og missa endurgjaldslaust flutningskostnað allan hingað og héðan, og blandast mér ekki hugur um að það væri beint brot á stjórnarskránni.

Hvað viðvíkur breytingartillögum hv. þm. Sfjk. (V. G.) þá hygg eg að þær komi ekki að gagni, stjórnin á fyrst að leita út um allan heim eftir góðum kjörum; svo á hún að fara að leita til sveitarstjórna og bæjarstjórna, með seinlátum póstferðum, og svo eiga þær að leita fyrir sér um samtök milli einstakra manna í héruðunum. Held eg því að gagn verði lítið að þessum brt. í bráðina nema á pappírnum.

Svo leitt sem mér þykir það að ekkert skuli vera unt að gera nú í þessu efni með von um góðan árangur, úr því frumvarp stjórnarinnar var drepið hér í hv. deild í gær, og svo feginn sem eg hefði viljað vinna að því, að fá bót á þeim vandkvæðum, sem stafað geta af óvissu og ósanngjörnu steinolíuverði, þá get eg ekki verið með í þeirri sjálfsblekkingu, að samþykkja þetta frumvarp.

Eggert Pálsson: Eg hygg að allir sjái að þetta frumv. hafi talsvert breytt stefnu frá frumvarpi því, sem fyrir lá í gær og engum geti dulist að það er af öðrum toga spunnið. Í hinu frumv. var stjórninni veitt heimild til að semja um einkasölu á steinolíu um 20 ára bil, en hér er ætlast til að hún reki einkasöluna sjálf. Og þótt eg telji ekki frágangssök að gera samning við eitthvert örugt félag með aðgengilegum kjörum, ef þess gerist bein þörf, þá finst mér þó betra, að landstjórnin hafi einkasöluna sjálf á hendi, heldur en að hún selji hana öðrum í hendur. Eg álít þá braut miklu hyggilegri en hina, því að þó einkasalan reynist illa þá getur tapið aldrei orðið mjög gífurlegt á einu ári eða svo, en eigi einkasalan að standa um 20 ára bil samkvæmt bindandi samningi, þá yrði ekki með tölum talið það tap, sem af því gæti leitt.

Orsök hins frumvarpsins var að útvega landssjóði tekjur. En nú hygg eg að bætt sé úr fjárskorti landsins í bráðina og er því sú ástæða þar með fallin. Það er af nýrri orsök, að þetta seinna frumvarp er fram komið, það er af því hve örðugir þessir svonefndu steinolíuhringar hafa reynzt viðfangs. Frumv. er framkomið til að gera tilraun til að brjóta makt og veldi þeirra hér á landi en það verður ekki gert nema með því einu móti að löggjafarvaldið kippi fljótt og fast í taumana. Hitt frv., sem er fallið, hefði gefið hringunum nægilegt svigrúm, til þess að átta sig, og enda máske með föstum samningi, enn ríkari tökum á steinolíuverzluninni, en þetta frv. miðar að því gagnstæða, miðar að því að hrifa þessa verzlun úr höndum þessa auðuga og óbilgjarna einokunarhrings. Þetta frv. verður eins og fyrirsögn þess ber með sér, ekki annað en heimildarlög og mun eg alls ekki ásaka stjórnina þó hún ekki noti þau, ef ekki reynist brýn þörf á því. En þó aldrei þurfi að grípa til þessara heimildarlaga, þá geta þau gert og gera eflaust mjög mikið gagn, þar er, þau verða eins og nokkurs konar hangandi sverð yfir höfði félagsins, svo að það leyfi sér ekki óþarfa eða ósvífna hækkun á verði steinolíunnar, að minsta kosti ekki frekar en þegar er orðið.

Verði þetta frumv. samþykt nú, þá verður þessi dagur óefað sá dagurinn sem bezt borgar sig af öllum þingdögunum. Að vísu kannast eg við, að með þessu frv. er stjórninni mjög mikið vald í hendur fengið, en eg ber fyrir mitt leyti fullkomið traust til hennar, og veit að ekki þarf að óttast að hún fari illa með það vald, sem henni er með því í

hendur fengið. Því hefir verið haldið fram, að það yrði kostnaðarsamt og örðugleikum bundið, að flytja steinolíuna og hafa útsölu út um land. En miklir mega þeir örðugleikar vera og stórfeldur sá kostnaður ef það ekki gæti borgað sig. Eg skal að eins benda á það, að hluthafar þessa olíufélags hafa fengið 145% ágóða af hlutum sínum síðastliðið ár, og eftir hækkuninni á verði olíunnar, ætti ágóðinn að verða 200% eða með öðrum orðum, steinolían að verða seld við þreföldu verði við það sem hún þyrfti í raun og veru að vera. Eg kannast við að einn örðugleiki gæti komið til og hann stór, sem sé sá, að landsstjórnina brysti bæði vit og peninga til að reka slíka verzlun. En á brt. hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) sé eg að þessum örðugleikum er ekki til að dreyfa, þar sem hún miðar að því að leggja einkasöluna í hendur Landsbankans. En þar sem bankann þannig hvorki virðist hvorki skorta fé né vit til að reka slíka verzlun ef hann að eins fær að bæta við sig einum manni, virðist svo sem landsstjórnina þurfi hvorugt að skorta. Ef bankinn sér sér nokkur tök á að fá þann mann, sem vitið hefir, því skyldi þá ekki stjórn landsins eins geta útvegað sér hann? Og hafi bankinn nægilegt fé til þess að geta rekið slíka verzlun, hví skyldi þá landsstjórnin þurfa að standa uppi í ráðaleysi fyrir þær sakir?

Viðvíkjandi tillögu hv. þm. þm. Sfjk. (V. G.), um að haga pöntun á steinolíu líkt og hagað var forðum pöntun á gaddavír, þá held eg að hún komi ekki að neinu gagni. Hér eru alt aðrar og ólíkar kringumstæður sem fyrir liggja. Þegar gaddavírspöntunin var framkvæmd, var ekki við neinn einokunarhring að etja. Yrði nú farið að panta steinolíu á sama hátt og gaddavírinn var pantaður, mundi steinolíufélagið setja verðið niður rétt á meðan landssjóður væri að selja sinn farm, svo að hann annaðhvort gæti ekki selt hann eða yrði að selja hann með stórfeldu tapi, en setja svo verðið aftur þeim mun meira strax á eftir. Það er ekki við nein lömb að leika sér, að eiga við slíka einokunarhringi, sem hér um ræðir.

Það er sannfæring mín að landinu verði ekki bjargað úr klóm þessa útlenda einokunarfélags með öðru móti en þessu einu að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir og við háttv. þm. S.-Múl., (J.Ól.), þm. Dal. (B.J.) og eg höfum flutt. Dugi það ekki, þá dugir ekkert.

Framsm. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Þegar eg bar þetta frv. fram, gerði eg það af því, að eg áleit það skyldu mínu við kjósendur mína og þjóðina í heild sinni. Eg hefi reynt að færa þau rök, sem mér var auðið, fyrir nauðsyn þess, og verður það að ráðast, hver forlög þess verða.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) og fleiri hafa talað um að frumv. sé illa undirbúið og megi ekki flaustra því af. En eg vil spyrja: Er ekki réttara, þegar tíminn er orðinn naumur en brýn nauðsyn á aðra hlið til að gera eitthvað í þessu máli, að taka eitthvað til bragðs, heldur en að gefast upp á gat? Eg hefi áður hugsað um einkaréttarsölu fyrir stjórnina. Eg hefi rætt og ritað um hana fyrir 2 árum, og aldrei dottið í hug að þjóðin yrði seld undir einokun til ágóða fyrir einstaka menn. Steinolíufélagið hér hefir gert samninga við kaupmenn um að selja ekki aðra steinolíu en það lætur af hendi. Verði þetta frumvarp að lögum og notað, er þar með á enda þessi samningur félagsins við kaupmenn og engin líkindi til að þeir brenni sig aftur á sama soðinu. Brent barn forðast eldinn.

Að því er hæstv. ráðherra (H. H.) snertir, get eg ekki varist því að segja að það er leitt um svo góðan mann,

hverju ástfóstri hann hefir tekið við þetta sálaða frumvarp sitt. Eg veit reyndar, að hverjum þykir sinn fugl fagur, og mér dettur í hug annar málsháttur: »Gaman er að börnunum, sagði karl, átti 7 fífl og áttunda umskifting«. Mér finst hæstv. ráðherra hafa lagt alt of mikið kapp á að verja þetta frv. sitt. Honum er svo margt mjög vel gefið að það er raun að því, að hann skuli leggja sig svo fast fram í málinu, sem hann ber ekki nægilegt skynbragð á. Eg álít að honum sé einna minst sýnt um verzlunarmál. Hér er að eins farið fram á að fela stjórninni að leita framkvæmda um þetta. Hún getur fengið menn til að vinna verkið. Það hefir aldrei verið ætlast til að hún ynni það sjálf.

Hæstv. ráðherra gerði mikið úr því, hvað steinolíuföt væru vel fylt hjá steinolíufélaginu. Hann sagði að félagið flytti olíuna á hverja höfn, og seldi hana alstaðar með sama verði. Það væri góður kostur, ef olían væri góð og verðið gott. En þó félagið geri þessa góðu kosti, er vert að gæta að því, að eftir eigin reikningum þess hefir það grætt 145% á þessari verzlun. (*Hannes Hafstein*: Ekki á Íslandsverzluninni). Það hefir grætt þetta á verzlun sinni yfir höfuð, og Íslandsverzlunin er grein af þessari verzlun. Þegar félagið hefir efni á að gera annað eins og þetta og hefir þó svo mikinn ágóða á verzluninni, sýnist ekki vera ástæða til að hækka verð á steinolíu nú, en hafi það ekki haft nógan ágóða áður, þá lítur út fyrir að það ætli sér að hafa það nú. Áður en þetta D. D. P. A. kom til sögunnar, keyptu kaupmenn sjálfir olíuna á heildsölumarkaði erlendis, og urðu *sjálfir* að annast um að nálgast hana. — Heldur annars háttv. ráðherra að D. D. P. A. *flytji* olíuna til kaupmanna fyrir ekkert? Eða heldur hann að það *gefi* kaupendum það sem það fyllir á fötin fyrir leka? Ónei, það leggur það á olíuna og lætur landsmenn meir en *tvíborga* kostnað þennan. Landið *gæti* auðvitað flutt olíuna og fylt upp föt, sem lekið hafa, og talið það með kostnaði samkv. frumv., og kæmi það þá fram í verðinu — eins og nú.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri óbærilegt að geyma steinolíu úti. En hvað gerir steinolíufélagið? Eg geng stundum hérna suður á Melana, og eg sé að rétt fyrir vestan bústað hæstv. ráðherra stendur stór *opinn* (þ. e, *þaklaus*) skúr þar sem félagið geymir steinolíubirgðir sínar.

Þá skal eg víkja nokkrum orðum að háttv. þm. Vestm. (J. M.). Eg er honum að mestu leyti þakklátur fyrir undirtektir hans, þó að hann álíti að þetta sé ekki framkvæmanlegt fyrir stjórnina. Mér fanst það á röksemdaleiðslu hans, að hann ætlaði samt að greiða atkv. með frumv. Í því er ekki nein skipun til stjórnarinnar til að gera þetta, heldur að eins heimild, ef hún sér sér það framkvæmanlegt. *Ultra posse nemo obligatur.* Eg er alveg sannfærður um, að enginn myndi álasa stjórninni fyrir það, þó að hún notaði ekki þessa heimild, ef hún sæi sér það óframkvæmanlegt.

Eg held þess vegna að hið eina rétta sé að samþykkja frumv. eins og það liggur fyrir. Með því er ekkert á háska lagt, en von um góðan árangur. Stjórnin getur notað heimildina ef henni þykir það fært, annars ekki. Verði frumv. samþykt, gæti og farið svo, að fyrir bragðið þurfi ekki á framkvæmd heimildarinnar að halda.

Eg sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, því að eg býst við að það hafi ekki mikil áhrif á at-

kvæðagreiðsluna, þó það verði lengur rætt.

Um gaddavírs-barnaskap háttv. þm. Sfjk. (V. G.) er alveg óþarfi að tala.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Það eru að eins örfá orð, sem eg vildi segja, því háttv. þm. Vestm. (J. M.) er búinn að taka ómakið af mér. Eg sé ekki betur en að hér sé komið í óvænt efni. Ef þessi verðhækkun á steinolíu á að haldast, er alt útlit fyrir að mótorbátaútvegurinn sé þar með dauður. Það er óhugsanlegt, að hann geti þolað svo mikla verðhækkun á þeirri vöru, sem hann aðallega lifir á. En er nú þessi útvegur einskisvirði? Er ekki vert að gera eitthvað til að vernda hann? Hann er svo mikils virði, að landsmenn yfir höfuð myndu verða síður færir um að greiða þau gjöld, sem á þeim hvíla, ef hann legðist niður, og eg er viss um að það drægi þann dilk á eftir sér, að margur maðurinn yrði gjaldþrota.

Menn verða að gæta að því, hve mikla þýðingu þessi verðhækkun hefir. Sú hækkun, sem þegar er orðin, mun nema um 150 þús. kr. á þeirri olíu, sem landsmenn brúka árlega. Og ef nú bætist við 7 kr. hækkun á hverri tunnu, eins og talað er um að verða muni, þá nemur hækkunin 360,000 kr. árlega, eða meira. Hér eru góð ráð dýr, og verður eitthvað til bragðs að taka nú þegar til að bæta úr þessari yfirvofandi hættu. Það er áreiðanlegt, að fljótt hjálpað er tvisvar hjálpað. En það þolir enga bið, því að það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í.

Eg hefi ekki getað sannfærst um að framkvæmd þessara laga yrði svo miklum örðugleikum bundin eins og hæstv. ráðherra hefir látið í ljósi. Það ætlast enginn til að ráðherrann sjálfur eða þeir menn, sem hann hefir ráð á í stjórnarráðinu, vinni þetta verk, heldur að hann fái einhverjum trúverðugum manni það í hendur. Honum er gefið autt blað til að hegða sér í þessu efni eins og honum þykir bezt henta, og sýnir það, hve mikið traust er borið til hans, og það er vafalaust, að hann er þess trausts verður. Það hefir verið margtekið fram, að hér er einungis um heimildarlög að ræða, sem aldrei geta gert skaða, en mikil líkindi til að gott megi af leiða. Og ef þetta ferst illa í framkvæmdinni, mun enginn áfella ráðherrann fyrir það, heldur þingið. Eg mun á sínum tíma greiða atkvæði með þessu frumv.

Það ætti ekki að vera erfiðara fyrir landsstjórnina að hafa þessa sölu á hendi, heldur en það er fyrir steinolíufélagið. Það er ekki rétt, að steinolíufélagið leggi upp steinolíu á allar hafnir landsins, en það lætur skip sín flytja olíuna á hverja höfn eftir því sem kaupmenn panta í það og það skiftið. Og þrátt fyrir þann kostnað, sem af því leiðir, hefir félagið þennan geysimikla hagnað af sölunni. Það væri gott. ef landssjóður gæti stungið einhverju af þeim ágóða í sinn vasa.

Jón Jónsson (Rvk): Herra forseti! Það ekki lengra síðan en tveir sólarhringar, að samþykt var hér í deildinni svohljóðandi rökstudd dagskrá, sem eg skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp:

> »Deildin treystir því, að landstjórnin finni, ef á kynni að þurfa að halda, útvegi til þess að byrgja landið með steinolíu, gegn viðunanlegu verði, svo sem með því, fyrir milligöngu bankanna, að stuðla að stofnun innlends félags til steinolíukaupa, eftir atvikum með þáttöku af hendi landssjóðs eftir föngum, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá«.

Mér er ómögulegt að sjá annað, en að hér sé verið að ítreka það, sem sam-

þykt var í fyrradag, með því að bera þetta frumv. hér upp í deildinni í dag. Ef um það gæti verið að ræða, að landssjóður tæki þátt í verzlun landsins, þá á það aldrei að vera öðru vísi en í sambandi við innlenda kaupmannastétt. Hitt er blátt áfram að taka atvinnu af mönnum. Landssjóður gæti eins vel tekið að sér einkarétt á útgáfu bóka og rithöfundarétt, og gæti það orðið mér og háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) tilfinnanlegt. Yfir höfuð get eg ekki fallist á að einokunarstefnan sé réttmæt, í hvaða mynd sem hún kemur fram. Það er sagt að það sé verið að taka fyrir kverkar okkur með þessari steinolíuverðhækkun. En má eg spyrja: Á landssjóður að taka í taumana í hvert sinn sem einhver vörutegund hækkar í verði? Og ef svo er, hvar eru þá takmörkin? Það getur verið tilfinnanlegt í svip, að vara hækki í verði, en það helzt naumast til lengdar.

Satt að segja finst mér þingmenn vera nokkuð snúningsliðugir í þessu máli. Eg er ekki svo snúningsliðugur, að eg þurfi ekki nema tvo sólarhringa til að skifta um skoðun.

Björn Kristjánsson: Umræðurnar eru nú orðnar nokkuð langar, svo að varla er á það bætandi. Eg vildi þó leyfa mér að gera athugasemdir við fáein atriði.

Mig furðar á því, að nefndinni skyldi ekki detta í hug að gefa Landsbankanum heimild til þessarar einkasölu. Menn halda að bankinn mundi skaðast á sölunni. Ef um *almenna* verzlun væri að gera, gæti svo farið, en þegar um *einveldi* er að ræða, er alt öðru máli að gegna og myndi verða hverri stofnun stofnun til hagsmuna. Eg vil segja, að ef slíkt einveldi væri gefið í einhvers *okkar* hönd, þá mundum við sjálfir álíta að við værum trygðir fyrir lífstíð. Það er sá mikli munur, hvort um *einveldi* á verzlun er að ræða, eða þarf að *keppa* við aðra. Það myndi verða stór stoð fyrir Landsbankann og efla traust hans mikið, ef hann tæki þessa verzlun að sér. Eg vildi að eins slá þetta niður, því að það er svo fjarstætt að Landsbankinn standi ekki vel að vígi í þessu efni; það mundi einmitt auka traust hans utan lands og innan.

Annars er eg hæstv. ráðh. (H. H.) þakklátur fyrir það sem hann las upp úr nefndaráliti mínu, því ef til vill hefði ekki helmingurinn af þeim sem við eru staddir haft tækifæri til að kynnast áliti mínu, sem eg stend við. Eg er, eins og eg hefi verið, á móti einokun, í hverri mynd sem er.

Ef deildin samþykkir frv. hv. 2. þm. S.-Múl. (J, Ól.), þá kem eg með till. um að Landsbankinn verði látinn taka að sér söluna. Hann hefir nóg fé til umráða og auk þess viðskiftalega þekkingu og er fult eins heppilegt fyrir landstjórnina að fela honum það eins og landssjóði.

Það var rétt, sem hæstv. ráðh. (H. H.) sagði, að það er ekki venjulegt að bankar hafi svona verzlun á hendi. En eg þekki heldur ekki neitt dæmi til þess, að verzlun á nauðsynjavöru sé seld á leigu og bönnuð öll samkepni. Slíkt er óþekt um allan heim.

Hvað viðvíkur *tímanum*, sem þeim er verzla hér með steinolíu, er gefinn til að selja upp birgðir sínar, þá skal eg geta þess, að eg orðaði þessa breyt.till. þannig, af því að eg álít það ekki rétt að kippa verzluninni af nokkrum manni eða félagi fyrirvaralaust. Eg tók þetta skýrt fram í dag, þótt því sé nú vikið nokkuð við í umræðunum. Í þessari brtill. er gert ráð fyrir að þeim sé gefinn sex mánaða frestur til að selja birgðir sínar, og ef þeir eiga eitthvað óselt þegar fresturinn er útrunninn, þá sé þeim gert að skyldu að flytja það

burt af landinu eða selja Landsbankanum.

Eg get ekki séð að þetta sé svo hart ákvæði, því að þegar steinolíuverzlunin veit það fyrir fram, að hún hefir ekki nema sex mánaða frezt, þá mun hún ekki panta meiri olíu frá útlöndum en svo, að hún sjái sér nokkurn veginn fært að selja upp.

Viðvíkjandi því, hvernig fljótlegast væri að skapa jafnvægi móti einveldinu, þá er það með því að stofna í snatri hlutafélag, með aðstoð beggja bankanna og panta upp þær birgðir, sem bráðnauðsynlegastar væru, til að sjá t. d. mótorbátunum borgið. Og ef að ætti að kyrkja það félag í fæðingunni, þá mætti það eiga von á því að þingið skærist í leikinn og saumaði betur að einveldinu, ef þess væri kostur annara kringumstæða vegna.

En eg vil benda á það, að aðrar þjóðir grípa ekki til þessara ráða. Hvers vegna byrja ekki Danir á þessu? Þeir eru kúgaðir eins og við. Eða Þjóðverjar? Þeir eru líka kúgaðir eins og við. Menn byrja ekki á slíku fyr en samkepnin er útilokuð og aðrar kringumstæður gera það mögulegt. Þetta steinolíufélag hefir ekki einveldi. Mér er sagt, að það eigi ekki yfirráð yfir nema 70% af þeirri olíu, sem framleidd er í Ameríku. Fyrir þá sök er ekki hægt að skoða þetta steinolíufélág sem alheims einokunarfélag.

Það er þetta, sem eg vildi benda á, að það verður að taka þetta stig áður en farið er að stofna til einokunar á þessari vöru.

Ráðherrann (H. H.): Þegar hv. framsögum. (J. Ól.) var að segja, að hann hefði ekki haft peninga til að senda fyrirspurnarskeyti fyrir til Vesturheims, þá heyrði eg að einhver skaut því inn, að stjórnin hefði haft nóg fé til þessa, og skildi eg að þetta átti að merkja, að stjórnin hefði vanrækt eitthvað í þessu efni. Eg vil nú taka það fram, að það ætti að vera öllum skiljanlegt, að eftir minni skoðun á málinu væri það gersamlega þýðingarlaust, að fara nú að spyrjast fyrir um það, hvaða verð sé á steinolíu í Ameríku í dag, og það ættu allir að skilja, að þótt t. d. væri farið að síma til D. D. P. A. eða Standard Oil Co. og spyrjast fyrir um ástæður til verðhækkunarinnar hjá þessum félögum, þá mundi líklegast ekki upplýsast stórt sem á yrði bygt.. *(Jón Ólafsson:* Það hefir enginn verið að bregða stjórninni um neitt í þessu efni). Jú, eg heyrði vel hvað sagt var hér nálægt mér.

Háttv. framsögumaður sagði — eg held að hann neiti því þó ekki —, að það gagn hefðu menn þó af því, ef þessi einkasala hans kæmist á, að þá losnuðu kaupmenn úr viðjum þeim, sem nú binda þá við D. D. P. A., en eg sé ekki betur, en að þær viðjar leggist á þá aftur, svo framarlega sem einkasalan hættir eins og ráð er fyrir gert, áður en samningstími þeirra við félagið er út runninn, svo að hún yrði þar ekki nema hindrun í svip.

Annars skal eg minna á það, að í vetur létu ýmsir kaupmenn hér útsendara D. D. P. A., er hingað komu til viðtals við milliþinganefndina, skilja það á sér, að ef slík einkasölulög, sem þá var talað um, kæmust á, þá mundu *þeir* höfða mál gegn félaginu, og stefna því til að halda samningana við sig. Hvort slíkt mál hefði unnist, veit eg ekki, en hitt veit eg, að þetta voru hótanir sem D. D. P. A. lagði töluvert mikið upp úr þá, og gerði þá deigari í tilboðum í svipinn.

Frams.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Hæstv. ráðh. (H. H.) hefir ekki heyrt hvað eg sagði, fyrir ys í deildinni. Eg sagði að nefndin hefði ekki haft fé né tíma til að spyrjast fyrir, en

eg nefndi ekki stjórnina. *(Hannes Hafstein:* Þetta er misskilningur, það var hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.), sem greip fram í fyrir frams.m.). — Nú, það skil eg. En svo talaði hæstv. ráðh. um að kaupmenn ætluðu að fara í mál við steinolíufélagið og heimta skaðabætur fyrir það, að því væri með lögum meinað að halda samning við þá. Eg hefði aldrei trúað því, að hæstv. ráðh. (H. H.) segði slíkt, nema þá að gamni sínu. Eg held að ekki sé nokkur vafi á því að slíkt sé ætíð skoðað, og verði að skoðast sem *vis major*.

Háttv. 2. þm. Rv. (J. J.) talaði snjalt erindi fyrir rökst. dagskrá um að skora á landsstjórnina að koma á laggirnar innlendu félagi til þess að keppa við D. D. P. A. Þar er nú fyrst þess að gæta, að dagskrá er engin lagaheimild, og í öðru lagi er það hégóminn einber, að hugsa sér slíkan félagsskap, því að þótt andvirði allra reita Íslendinga væru orðnar að gulli, og þótt hv. þm. væri sjálfur orðinn að gullkólfi og allir legðu í einn sjóð, þá væri það félag orðið gjaldþrota innan þriggja mánaða, ef það ætlaði sér í opna samkepni við Rockefeller og hans lið. Það væri óðs manns æði, beinn vegur til þess að eyðileggja sjálfan sig og landið. Hann talaði um það, að svo ill sé einokunin, að aldrei megi henni beita, hvernig sem ástatt er. Það má margt um þetta segja, en það er sitt hvað, að stofna til einokunar í *gróða*-skyni til þess að ná tekjum af kaupendunum, eða hitt, að landið taki sér sjálft einokunarvald, til þess að *verja* kaupendur *gegn annari og verri einokun*.

Eg má ekki drepa mann, en þó geta komið fyrir þau tilfelli, að mér sé vítalaust að gera það, ef eg á líf mitt eða annara að verja.

Eg má ekki heldur kippa í hárið á hv. 2. þm. Rv. (J. J.). *(Jón Jónsson:* Það er ómögulegt!), en ef eg þyrfti að bjarga honum frá druknun, mundi eg þó reyna hvað eg gæti til að festa fingur á þeim fáu háum, sem hann hefir.

Eins er hér ástatt, þetta er neyðarvörn og annað ekki.

Jón Jónsson Rv.: Eg skal tala stutt, eins og granni minn. En ef dagskráin í fyrradag var svo mikill hégómi, sem nú er að heyra á hv. þm., hvernig fór hann þá að greiða henni atkv.? Það gerði hann þó, með nafnakalli og fleiri, sem nú eru á sama máli og hann, og meira að segja voru með til að bera hana fram. Það er svona, að þegar stjórnin kemur fram með einokunarfrv., þá vilja þeir ekki við því líta, en þegar þeir koma sjálfir með einokunarfrv., sem ekki er betur úr garði gert, þá ætlast þeir til að allir hlaupi eftir því.

Valtýr Guðmundsson: Eg er hæstv. ráðh. (H. H.) þakklátur fyrir það, hve mjúkt hann tók á brtill. minni. Hann játaði að henni fylgdi þó engin áhætta, þótt hann tryði ekki á gagnsemi hennar. Eg skal líka játa það, að það getur verið álitamál, að hvaða liði slíkt verður, en það er þó altaf tilraun, og það er það eina, sem hægt er að gera, eins og nú er ástatt. Aðrar leiðir eru ófærar, eins og hæstv. ráðh. sagði. Hann gat þess, að það mundi líka dragast, að leita fyrst fyrir sér út á við og auglýsa svo hér innanlands. Nú höfum við þó síma, og það þarf ekki langt mál til þess að leita upplýsinga um verðlag hér og hvar erlendis, og þá auglýsa ef til kemur, en hitt veit eg, að undirbúningurinn heima í sveitunum tekur samt tíma, því að sveita- og bæja-stjórnir þurfa að taka sig saman og beitast fyrir kaupunum. En hin leiðin mundi áreiðanlega verða hjálp

um seinan, svo að þótt þetta kynni að dragast nokkuð, þá er hin leiðin miklu seinlegri.

Eitt af því sem hæstv. ráðh. (H. H.) sagði, þótt ekki væri það í sambandi við mína till., var það, að hætt væri við að fötin yrðu ekki full, þegar hingað kæmi, ef til vill ekki nema hálf, þau læki svo mikið. Til þess liggur það svar, að þau láku alveg eins áður en D. D. P. A. kom til sögunnar. Þá pöntuðu menn sín föt og voru við því búnir, að eitthvað vantaði, og ef það gat gengið þá, þá getur það eins gengið enn. Og ef kjörin eru nú verri með því að fá fötin full hjá D. D. P. A., en þau voru áður, þegar þriðjunginn vantaði í þau, þá er ekkert við því að segja, og mér heyrist flestir vera á því, að þau séu orðin óþolandi nú.

Hv. 2. þm. Rang. (E. P.) talaði mikið um það, að það gæti haft óheppilegar afleiðingar, ef peningarnir fylgi ekki með fyrirfram þegar pantað er, þá mundu menn ganga frá pöntununum, þegar félagið fer að undirbjóða mann. En þetta getur ekki komið til greina, eins og eg hefi búið um með tillögunni. Stjórnin útvegar ekki neitt, nema hún hafi fengið fulla borgun, eða þá tryggingu, sem hún tekur gilda.

Þá sagði háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) að fljót hjálp væri nauðsynleg vegna mótorbáta útgerðarinnar. Já, en þetta er einmitt fljótasta hjálpin. Það sjá allir, að hin aðferðin kæmist miklu seinna í kring. Hann sagði líka að enginn áhætta væri samfara einkasölunni. Jú, þar er einmitt áhættan, eins og sýnt hefir verið fram á, en eins og hæstv. ráðh. (H. H.) játaði, fylgir engin áhætta minni till. Árangurinn af henni er óviss, en áhætta engin.

Eg ber það traust til hæstv. ráðh. (H. H.), að eg þori óhræddur að fela honum meðferð þessa máls, og það er undarlegt traust, sem þessir flokksmenn hans bera til hans, að vilja fara þvert á móti því sem hann vill, neyða hann til að gera það, sem hann álítur stórhættulegt. Eg heyri að einhver segir, að hér eigi bara að gefa honum heimild. Já, en til hvers er það, þegar hann segir: Eg vil ekki nota hana og álít hættuspil að gera það. Þegar menn bera traust til stjórnarinnar, þá taka menn líka tillit til þess, hvað hún sjálf treystir sér til að gera.

Eg skal nú ekki þrátta lengur um þetta, en eg held því fram, að þetta sé sú áhættuminsta hjálp og fljótasta og þess vegna tiltækilegust hvernig sem hún reynist. Ef hún reynist gagnslaus, þá er máske alt orðið breytt og nýir straumar komnir upp meðal þjóðarinnar. Hver veit nema hún heimti þá t. d. einokun og þá víkur öðru vísi við. Nú er að eins um að gera að friða menn og kenna þeim, hvernig þeir eigi sjálfir að verjast kúgun og gera samtök á móti svona öflugum félögum. Að þeim samtökum eiga bæjar- og sveitar-stjórnir að standa að neðan, en að ofan á stjórnin að standa með sína hjálp sem milliliður milli þeirra og útlanda.

Frams.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg vil minnast á tvær setningar í ræðu háttv. þm. Sfjk. (V. G.).

Hann heldur svo fast við gaddavírs- og steinolíu-pantanir, að hann sér ekki annað. Lítum nú á hvernig þessar steinolíupantanir mundu borga sig. Það ætti hann að vita, að til þess að slík pöntun borgaði sig, þyrfti að panta ekki minna en þrjú þúsund tunnur. Stjórnin mælir svo fyrir, að pantanir yrðu komnar fyrir 1. Okt. og auglýsir það. Nú er lítið komið af pöntunum fyrir 1. Okt. Þá þarf nýja auglýsing og nýjar pantanir, og hvar lendir það. Það er dýr hver dagurinn að liggja í landi með mótorbátana. Til þess að sýna hver

munur er á gaddavírspöntun og steinolíupöntun þegar fat og fat er pantað, skal eg benda á, að hér liggur nú skip frá New-York til D. D. P. A. fullfragtað og er fragtin kr. 3.40 fyrir tunnuna, en ef varan hefði verið send með skipum sameinaða gufuskipafélagsins, sem þó annars eru ódýr á fragt, þá hefði hún orðið 7 kr. á tunnuna. Það er munur á þessu, en það hefir hann aldrei hugsað um. Annars er þessi gaddavírs-steinolíu-tillaga svo vaxin, að eg skil ekki að nokkur maður taki hana alvarlega.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.) þótti það ósamkvæmni að fella stj.frv. en taka nú upp þetta sem hann áleit verra. Eg skil ekki annað en eitthvað hafi hlaupið í baklás í höfði honum, úr því að hann segir þetta, því að hann er þó annars skýr maður. Sér hann ekki muninn á því að selja einstökum mönnum heilt land til einokunar í *gróða* skyni og hinu, að stjórn landsins taki verzlunina í sínar hendur til þess að *bjarga* landsbúum og útvega þeim ódýra vöru? Stj.frv. er nú dautt, og eg vil ekki vera að rota dauðan hund, en það eitt vil eg segja, að á því var einn stór galli, sá að engin takmörk voru á verðinu. Þar var miðað við eina borg, sem einmitt er háð hringnum, en það átti að miða við einhvern þann stað eða land, sem er sölufrjálst. Eg get þessa að eins til að sýna hvað frv. er ómögulegt. En nægir voru aðrir gallar á því og sízt var það vandlegar hugsað en þetta frv.

Pétur Jónsson: Eg get hvorki felt mig við frv. óbreytt, né með þeim brtill., sem fram hafa komið, nema þá helzt br.till. háttv. þm. Sfjk. (V. G.), af því að hún er framkvæmanleg, en hins vegar efast eg mjög um að hún geti komið að notum. Ef menn ætla sér að afgreiða þetta í báðum deildum, þá mundi ekki veita af að lengja þingið um heila viku, og eg efast um að menn væru þá það nær en áður eftir þá viku, að eg gæti fremur orðið því fylgjandi þá, en nú.

Eg veit því ekki að hér sé um hækkun að ræða, sem komi hart niður á okkur, sérstaklega vegna mótorbáta útvegarins. En hún mun koma jafn hart niður á nálægar þjóðir. Mér er sagt að hún sé jafnvel ennþá meiri í Danmörku, og til Noregs er hún komin og eftir upplýsingum háttv. 1. þm. K.-G. (B. K.) nær hún einnig til Þýzkalands. Nú þykir mér mikið, ef við ráðumst í að hefjast handa, að þá skuli stjórnir annara ríkja og landa þola þola þetta. Við vitum það, að hringarnir ráða lögum og lofum um olíuverzlun í Danmörku *(Jón Ólafsson:* Þar er ekkert þing nú) og ef þeim og öðrum dettur ekki í hug að reyna að sporna við þessu, þá er það ekki okkar meðfæri heldur. En ef önnur ríki gera eitthvað til þess að hrinda þessu af sér, þá væri líka vegur til þess fyrir okkur, að reyna það. Þess vegna vildi eg að ráðherrann vildi grenslast eftir því, hvort Danir geri nokkuð af ríkisins hálfu í þessu máli og eins hvort nokkur önnur ríki gera það, því að þá fyrst getum við hugsað til að fá samtök er dygðu móti öðru eins og þessir hringar eru, sem heil þjóðlönd skjálfa fyrir. Eg ætla því að leggja það til, að málinu verði vísað til stjórnarinnar, með þeirri »mótiveringu«, sem eg nú hefi lýst, að ráðherrann afli sér sem fyrst vitneskju um hvernig þessu máli líður annars staðar.

ATKV.GR.:

Þá var fram komin till. um að hætta umræðum, og var hún sþ. með 12 : 3 atkv.

Till. frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.), um að vísa málinu til stjórnarinnar, feld með 13 : 2 atkv.

Br.till. á þgskj. 387, 3 feld með 14 : 1 atkv.

Br.till. á þgskj. 387, 4 sjálffallin.

Br.till. á þgskj. 382, 2 feld með 21 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Björn Kristjánsson	Eggert Pálsson
	Jón Jónsson Rvk.
	Bened. Sveinsson
	Bjarni Jónsson
	Einar Jónsson
	Halldór Steinsson
	Hannes Hafstein
	Jón Magnússon
	Jón Ólafsson
	Kristján Jónsson
	Lárus H. Bjarnason
	Matthías Ólafsson
	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Sigurður Sigurðsson
	Skúli Thoroddsen
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason
	Valtýr Guðmundss.

Þorleifur Jónsson greiddi ekki atkv. og var talin með meiri hluta.

Aðrar till. á þgskj. 382, og br.till. á þgskj. 387 þar með fallnar.

Br.till. á þgskj. 381, 2 feld með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Eggert Pálsson
Jóh. Jóhannesson	Jón Jónsson Rvk.
Lárus H. Bjarnason	Benedikt Sveinsson
Pétur Jónsson	Bjarni Jónsson
Skúli Thoroddsen	Björn Kristjánsson
Stefán Stefánsson	Halldór Steinsson
Valtýr Guðmundss.	Jón Ólafsson
Þorleifur Jónsson.	Kristjá Jónsson
	Matthías Ólafsson
	Ólafur Briem
	Sig. Sigurðsson
	Tryggvi Bjarnason.

Hannes Hafstein og Jón Magnússon greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hlutanum.

Aðrar till. á þskj. 381 þar með fallnar.

Brtill. 384, 1 feld með 9 : 5 atkv.

1. gr. sþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Björn Kristjánsson
Benedikt Sveinsson	Hannes Hafstein
Bjarni Jónsson	Kristján Jónsson
Einar Jónsson	Lárus H. Bjarnason
Halldór Steinsson	Pétur Jónsson
Jóh. Jóhannesson	Sig. Sigurðsson
Jón Ólafsson	Vatýr Guðmundss.
Matthías Ólafsson	Þorleifur Jónsson.
Ólafur Briem	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason.	

Jón Jónsson Rvk. og Jón Magnússon greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hlutanum.

2. gr. sþ. með 10 : 6 atkv.

Br.till. á þgskj. 384, 2 sþ. með 14 : 4 atkv.

Br.till. á þgskj. 384, 3 sþ. án atkv.gr.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frv. vísað til 3. umræðu með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Björn Kristjánsson
Ben. Sveinsson	Hannes Hafstein
Bjarni Jónsson	Kristján Jónsson
Einar Jónsson	Lárus H. Bjarnason
Halldór Steinsson	Pétur Jónsson
Jóh. Jóhannesson	Sigurður Sigurðsson
Jón Magnússon	Valtýr Guðmundss.
Jón Ólafsson	Þorleifur Jónsson.
Matthías Ólafsson	
Ólafur Briem	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason.	

Jón Jónsson Rvk. greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hlutanum.

Þriðja umr. 23. Ágúst.

Ráðherrann (H. H.): Eg tók það skýrt fram við 2. umr., að mér þætti meira en vafasamt að þetta frv. gæti komið að notum. En eins og það nú er orðið eftir atkvæðagreiðsluna í kveld, eru líkurnar til þess enn þá miklu minni en áður, að svo megi verða, eftir að því hefir verið bætt við, að lögin skuli ekki gilda nema til ársloka 1913. Eg get væntanlega ekki siglt með frumvörp þingsins á konungsfund fyr en í lok Septembermánaðar, og ef eg bæri hraðan á og mér tækist að fá Hans Hátign konunginn til þess að staðfesta frv. fljótlega, þá mætti í hæsta lagi gera ráð fyrir því, að þau kæmust í gildi einhverntíma í Októbermánuði. Þá yrði að byrja eftirgrenslanir um innkaup og leita samninga líklega bæði hér í álfu og Vestanhafs, ef til vill víðsvegar í Ameríku, og því allsendis óhugsandi, að hægt væri að fara að beita þeim fyr en í ársbyrjun 1913. Þá er hér ekki nema um 1 ár að ræða, og þar sem stjórnin hefir samkv. frumv. ekki neitt einkaleyfi til sölu á steinolíu, heldur getur að eins fyrirskipað bann gegn aðflutningi, eftir að hún hefir ákveðið að nota heimildina, ɔ: eftir að hún hefir fengið ábyggileg og viðunandi tilboð, þá er hægur vandi fyrir hvaða félag sem er, að birgja landið upp til svo skamms tíma, áður en stjórnin getur komið með sínar birgðir, því að hér eru engin ákvæði um það, að ekki megi flytja inn áður hvað sem hver vill, þangað til stjórnin fer að nota sína innflutnings heimild.

Setjum nú svo, að landið keypti miklar birgðir og flytti þær hingað svo fljótt sem við yrði komið, þá ætti stjórnin á hættu, að kaupmenn eða félög, segjum t. d. D. D. P. A., sem búið væri að fá sér nægtir af olíu, undirbyði stjórnina, og seldi í svipinn olíu með lægra verði heldur en landið gæti boðið, á líkan hátt eins og Standard Oil Co. svo oft hefir gert, þegar einhver hefir boðið því heljarfélagi byrginn. Ekki er hægt að skylda neinn til að kaupa dýrara en kaupin bjóðast á eyrinni, og gæti því vel farið svo, að þegar þetta ár væri liðið sem lögin eiga að gilda, þá sæti landið uppi með það óselt, sem enn væri ólekið niður eða ekki enn gufað upp af olíunni. Þetta væri alveg sama sem að fleygja stórfé í sjóinn.

En setjum nú ennfremur svo, að í það gæti gengið lengri tími fyrir mér heldur en eg áðan gerði ráð fyrir, til að hugsa mig um hvernig eg ætti að fara að rökstyðja það fyrir Hans Hátign konunginum, að eg réði honum til að staðfesta frumvarp, sem eg sem ráðh. áliti öldungis þýðingarlaust og jafnvel hættulegt. Þá yrði einkaleyfistíminn enn þá styttri, ennþá hægra að hafa nægar birgðir fyrir til þess að undirbjóða með og ennþá sjálfsagðara, að lögin kæmu ekki að neinu gagni.

Eg á afarbágt með að trúa því, að hér séu margir háttv. þm., sem ekki sjá það, að þetta frumv. er ekki til neins góðs. Það bjargar aldrei landinu, en gæti stofnað landssjóðnum í stóra hættu, þótt eg hins vegar efist ekki um, að flutningsm. þess gangi gott eitt til að koma fram með það.

Framsögum. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er ekkert nýtt í frumv. nú, frá því sem það var við 2. umr. Þessi br.till. um það, hve lengi lögin skuli gilda, var líka komin fram þá. Þess ber að gæta, að þing verður að sjálfsögðu haldið að sumri, og er þá innan handar, að taka frekari ákvarðanir.

Um það sem talað hefir verið um lekann er það að segja, að stjórnin og landið verður að sætta sig við það, sem

yfir alla gengur um það. D. D. P. A. flytur nú hingað sínar tunnur, og þær eru að sögn engu ólekari en aðrar. Eg heyri sagt að það sé einstaklega »flott« félag, og *gefi* stundum heilar tunnur, sem það láti skrifa á lekadálkinn.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. þm. sem síðast talaði, benti á, að þing yrði haldið á næsta sumri, og mætti þá framlengja heimildina. Stjórnin verður að miða við þau lög, sem gilda, og haga ráðstöfunum sínum eftir þeim. Henni mundi naumast þykja örugt að byrja mikilsvarðandi og áhættumiklar framkvæmdir eftir þessum lögum, fyr en löggjafarvald væri búið að bæta úr verstu göllunum. En ef hægt er að bíða til næsta þings með að gera þessi lög nokkurn veginn svo úr garði, að á þeim verði framkvæmdir bygðar, hvers vegna má þá ekki eins láta frumv. alt bíða þangað til á næsta þingi?

Hvað er unnið við það, að hafa þetta meistarastykki ónotað í stjórnartíðindunum?

Framsögum. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er einsætt, að stjórnin muni nota sér heimildina, ef þörf krefur, og verðið á steinolíu heldur áfram að hækka. En eg vil vekja athygli á því, að ef það eitt, að þessi lög væru til, skyldi nú geta orðið til þess, að hún félli í verði, án þess að á því þyrfti að halda, að beita þeim, þá væri ekki hægt að segja, að þau væru þýðingarlaus, þótt þau væru ónotuð í stjórnartíðindunum.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi frá upphafi verið mótfallinn allri einokun, og vona að eg verði það alt til enda. Reyndar játa eg það, að eg felli mig betur við að ríkið sjálft hafi einokunarverzlunina á hendi, en að það selji hana einstökum mönnum eða félögum á leigu. Og þó mundi ríkiseinokun, eins og hún kemur fram í þessu frumv., verða lítt framkvæmanleg eða jafnvel óframkvæmanleg.

Eg get ekki séð, að frumv. horfi til nokkurra bóta. Fyrst og fremst er það nú ekki upplýst, að hækkunin á olíuverðinu stafi frá þessu einstaka félagi, sem hnekkja á með frumv.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.) segir þvert á móti að hún gangi jafnt yfir öll nágrannalöndin, og þá væri engin hjálp í því að veita þetta leyfi. Og þó að leyfið verði veitt, þá þarf enginn að ætla að fyrir það eitt fáist ódýrari steinolía handa mótorbátunum okkar næstu daga eða vikur. Það tæki langan tíma, að koma þessum lögum í framkvæmd, og stjórninni yrði salan dýrari, en einstökum mönnum.

Það hefir heyrst að rökst. dagskráin sem samþykt var hér í deildinni á dögunum út af stjórnarfrv. hafi verið gersamlega þýðingarlaus, en það er ofmælt.

Eg skal játa það, að lán verður ekki tekið eftir 23. gr. stjórnarskrárinnar nema samkv. lagaheimild. En hér mundi fyrst og fremst ekki þurfa á láni að halda. Tekjuaukinn frá 1910—1911 nemur um 90 þús. kr.

Lotteríið gefur líklega af sér næsta ár um 200 þús. kr., og loks er nú svo gott sem samþ. í hv. Ed. frv. til laga um vörutoll, sem áætlað er að gefi af sér um 250 þús. kr. á ári.

Samkvæmt þessu ætti stjórnin að hafa milli 500 og 600 þús. kr. úr að spila á næsta ári umfram áætlun, og ætti þannig að hafa einhver ráð til þess að birgja landið með olíu, án þess að þurfa að taka lán. En þó að til þess kæmi að lán þyrfti að taka, þá væri dagskráin enganveginn þýðingarlaus, því að líklega færu þeir, er greitt hafa dagskránni atkv. með nafnakalli, ekki að ákæra stjórnina fyrir að hafa gert það sem þeir skoruðu á hana að gera.

Hvernig sem á málið er litið verður frumv. alveg ónýtt, þó að það verði samþykt, enda er stjórninni með því ekki fenginn einkaréttur til annars en að flytja steinolíu til landsins, en ekki einkaréttur til að selja hana í landinu.

Það er og gersamlega ósamboðið fullorðnum mönnum að ætla að keyra frumvarpið í gegnum þingið, svo gott sem nefndarlaust, á einum eða tveim dögum. Það ætti að fara varlegar í aðra eins kúvendingu frá öllum gildandi kaupskaparreglum. Það er skynsamra manna háttur að standa heldur kyr en að rasa fyrir ráð fram, þegar tvísýnt er hvort betra er, áframhald eða kyrstaða.

Það má segja að frumv. lýsi miklu trausti til stjórnarinnar, en eg held að í slíku tilfelli sem þessu mætti hún segja að sælla sé að gefa en þyggja.

Væri eg ráðh., og ætti að fara að neyða mig með lögum til ráðstafana sem eg áliti ekki nokkurt vit í, þá held eg að eg mundi ekki ráða Hans Hátign konunginum til að samþykkja slík lög.

Úr því að eg stóð upp, vildi eg leyfa mér að spyrja hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) hvort hann hafi sérstaklega augastað á nokkrum vel hæfum manni til þess að standa fyrir framkvæmdunum á þessu máli, ef til kemur. *(Jón Ólafsson:* Já, þremur til fjórum úr að velja, heldur en einum). Þess væri ekki vanþörf.

Að lokum skal eg geta þess, að eg tel það til bóta í principinu, að lögin gildi ekki nema til ársloka 1913, eigi endilega að keyra frv. í gegn. Annað mál er það að sú tímatakmörkun bætir það líklega ekki til framkvæmda.

Frams.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) hefir talað mikið um það, að þessi lög séu óframkvæmanleg. Það hafa menn heyrt áður, og eg held að hann sannfæri ekki fleiri menn um það, en hæstv. ráðh. (H. H.) gerði. Þetta kemur víst af því, að þeir eru báðir jafnókunnugir verzlun. Hann vildi ráðleggja hæstv. ráðh. að ráða Hans Hátign konungi frá að staðfesta þessi lög ef til kæmi, og efast eg ekki um, af hve heilum hug það er sagt. En eg efast heldur ekki um, að ef hæstv. ráðherra ætlaði sér, að bera *ekki* frv. upp fyrir konung, þá mundi hann segja þinginu það nú hreinskilnislega, og hitt hefi eg sagt, að eg hefi lýst trausti mínu til hans svo fyllilega, bæði með þessu frv. og endranær, og eg lýsi hér jafnframt yfir því að eg ætlast ekki til að honum verði greitt vantraustsatkv., þótt hann bæri ekki frv. fram. Eg vil vinna meira en það til þess að hafa hann við stýrið.

Háttv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) sagði að landssjóði mundi verða salan dýrari, en einstökum mönnum. Það er satt, að oft eru verk landssjóðs dýr, en það mundi ekki eiga svo sérstaklega heima hér. Það má einmitt benda á það til samanburðar, hvernig þessi stóru félög, eins og D. D. P. A. eru rekin. Þau *ausa blátt áfram út fé á báðar hendur.*

Eg hefi heyrt eina sanna sögu um mann, sem fél. hafði í sendiferðir. Hann var nýr í þjónustunni, og hafði sín föstu laun; en átti jafnframt að fá endurgoldinn ferðakostnað eftir reikningi. Þá er hann kom úr fyrstu ferðinni, lagði hann fram ferðakostnaðarreikninginn, ofursanngjarnan reikning. Félagið borgaði honum hann orðalaust, en rak hann svo úr þjónustu sinni, kvaðst ekki geta notað menn, sem ekki kynnu að brúka peninga, (ɔ: þ. e. eyða nógu miklu). Maðurinn hafði ekki látið kampavínið streyma á hverri höfn!

Í samanburði við slík félög hygg eg að landinu mundi varla verða verzlunin svo tilfinnanlega kostnaðarsöm. Loks spurði hv. þm. mig, hvort eg hefði augastað á nokkrum sérstökum manni

til að annast um framkvæmdir þessa máls fyrir stjórnina, ef til kæmi. Eins og eg hefi þegar sagt, hefi eg talað við 3—4 velmetna fésýslumenn, sem hver um sig mundu vera fúsir til að taka þetta að sér, og eg efast ekki um að miklu fleiri mundu vera fáanlegir til þess.

Bjarni Jónsson: Eg skil ekki hvers vegna hæstv. ráðh. (H. H.) þykir það svo agalegt, þótt bætt sé við þessu ákvæði, að lögin skuli ekki gilda nema til ársloka 1913, þar sem honum og öðrum er þó ljóst að þing verður haldið á næsta ári. Mér þótti eins og það væri á honum að heyra, að það mundi þá ekki gera það í þessu máli, sem skynsamlegt er, eða verður, en það hefir hann ekki ástæðu til að efast um. Hann taldi það mátulegt, að hann þyrfti að hugsa sig um áður hann útvegaði konungsstaðfestingu á þessi lög. Þess þarf hann alls ekki, því að hann er sjálfráður um það, hvort hann notar heimildina, sem í þeim liggur, og hve snemma. Og ef hann ætlar sér að gera það, þá þarf það ekki heldur að taka langan tíma, því að hann getur símað áður en lögin eru samþykt og fengið svar, og að því loknu undirbúið alt hér heima áður en hann siglir, og síðan gert þær ráðstafanir sem þarf þar ytra, þegar þangað kemur.

Það, sem mér þykir undarlegast í þessu máli, er það, að þeir sem áður voru ólmastir í að einoka verzlunina og selja hana á leigu, skuli nú leggjast fastast á móti þessu frv.

Eg hefi ætið litið svo á, að ógerningur sé að selja einstaklingum hana í landsins nafni, og eg hefi líka umboð til þess frá kjósendum mínum, að berjast á móti slíkri einokun. En á hinn bóginn er eg þeim líka samdóma um hitt, að landseinokun sé ekki á móti réttum grundvallarreglum og geti jafnvel verið heppileg undir vissum kringumstæðum, og því er eg þessu frumv. meðmæltur. Eg álít sem sé, að nauðsyn beri til að grípa til þessa úrræðis, ef verðhækkun á steinolíu heldur áfram. Ef verðið fellur, svo að þess er ekki þörf, þá tekur það ekki lengra, en eg álít alt of mikla hagsmuni vera hér í veði, til þess að hafast ekki að, ef öllum vélabátaútveginum er hætta búin. Það mundi kosta oss margar milj. kr. ef hann stöðvaðist, og annað er ekki sýnna, ef olían stígur mjög í verði. Það getur aldrei skemt, að hafa þessa heimild í lögum, og eg veit ekki til að stj. hafi nokkurntíma fyr verið boðið slíkt vald og fé og traust frá þingsins hálfu, til þess að gera skynsamleg ráð fyrir hag landsins, og eg skil ekki hvernig hún ætti að fara að því, að drepa hendi við þeim sóma, sem henni er hér sýndur.

Hæstv. ráðh. (H. H.) var hræddur um að landið kynni að liggja með óseldar olíubirgðir að árinu loknu, en ef svo færi, er ástæðulaust að ímynda sér að þingið myndi ekki framlengja lögin, enda lítil ástæða til að hugsa sér að til slíks komi nokkurn tíma.

Þá talaði hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) um það, hve óeðlilegt væri að keyra þetta mál í gegnum þingið á svo skömmum tíma. Eg er líka á því, að óheppilegt sé að þurfa þess, en nú er þegar langt liðið á þingtímann, og sumir hv. þm. hafa óspart hótað því, að hlaupast á brott sem fyrst, og hygg eg þó að almenningur muni líta svo á, að þingið hefði getað gefið sér tveggja eða þriggja daga ráðrúm í viðbót, þegar ekki er um minna að tefla, en alla vélarbátaútgerð í landinu.

En þar sem hann sagði, að væri hann ráðherra, þá mundi hann ráðleggja konungi að synja þessum lögum staðfestingar, þá er því þar til að svara, að

ráðherra gæti auðvitað gert slíkt, en þá mundi þingið bara verða að útvega sér annan ráðherra næst. *(Lárus H. Bjarnason:* »Værs'god!«).

Lárus H. Bjarnason: Eg stend ekki upp af því, að eg hafi mikla trú á því, að mótmæli mín gegn þessu frv. muni hrífa. Eg sé hvort sem er að 5 af þeim hv. þm, sem því eru mótfallnir, eru gengnir af fundi, hvort sem það hefir nú verið af nauðsyn eða ekki. Eg verð að segja að mig furðar á því, þegar um slíkt mál sem þetta er að ræða, að menn skuli hópast burt og hafa ekki þann styrk, að þora að greiða atkvæði, hvað sem vinir eða óvinir segja, þótt það sé að vísu ekki nýtt, að menn hverfi héðan úr deildinni frá atkvæðagreiðslu fyrir dragsúg og annað þess konar. Eg hefi verið varaður við því, að greiða atkvæði í þessu máli eins og eg ætla að gera, en eg fer ekki að því. Eg er á þeirri skoðun, að ef kjósendum er ekki þörf á nokkurn veginn nýtum þingm., þá sé þingm. ekki þörf á hverflyndum kjósendum.

Hver veit hve lengi þessi verðhækkun stendur? Um það verður ekkert sagt, meðan menn vita ekki hver ástæðan er til hennar og hvort verðhækkunin er almenn um allan heim eða ekki. Sé hún almenn þá stoðar ekki að spyrna á móti broddunum. Og þótt hún væri ekki almenn, þá hjálpaði frumv. samt ekki, sízt í bráðina. Slík heimild, sem hér um ræðir, er auðvitað gefin í því skyni að hún sé notuð, og treysti stjórnin sér ekki til að nota hana, er ekki til neins að veita hana. Annars vona eg að öll þessi verðhækkunar hræðsla batni jafn fljótt og nasakvefið, enda hefir ekki spurst að aðrar þjóðir hafi gripið til einokunar út af verðhækkuninni.

Sykur hefir hækkað úr 25 aurum upp í 34—35 aura pundið, kol hafa hækkað stórum og ýmsar aðrar vörur, án þess að menn hafi þotið upp til handa og fóta og gripið umhugsunarlaust til slíkra örþrifaráða, sem einokun er. En nú þegar olían hækkar í verði, ætlar alt af göflunum að ganga. Það er tæpast sæmilegt fyrir löggjafarvaldið að elta þannig hvern »goluþyt«. En hvað um það. Þótt allir verði með frumv., þá ætla eg að þora að greiða atkvæði á móti því.

Eggert Pálsson: Að hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) sé móti þessu frumv. er eðlilegt og í samræmi við hans skoðun. En einkennilegt er það, að skoðanir hans og hæstv. rh. (H.H.) skuli falla saman í þessu máli. Það hefir ekki svo oft skeð á þessu þingi, og ástæður þeirra beggja geta tæpast verið hinar sömu. Þar sem verið er að hafa á móti því að frumv. skuli að eins ætlað að gilda til ársloka 1913, þá get eg varla skilið að slíkt sé í alvöru gert. Á árinu 1913 verður einmitt háð þing, og á því þingi eiga sæti allir sömu mennirnir sem á þessu þingi, og því engin hætta á að það ekki verði sama sinnis í þessu máli sem þetta þing. Menn verða vel að gá að því að hér er að eins um heimild fyrir stjórnina að ræða, en enga skyldu, og heimildina er vitaskuld ekki ætlast til að hún noti, nema nauðsyn krefji, og geri eg ráð fyrir að olían þurfi að stíga tilfinnanlega áður en til hennar er gripið; ekki víst að rétt væri til hennar að grípa, nema olían hækkaði enn meir en orðið er. Meiri hækkun á olíunni ríður mótorbátaútveginum að fullu, og fari svo má búast við að heil héruð leggist að meira eða minna leyti í eyði og fólkið flytji af landi burt. Hygg að sjálft frumv. muni sporna við verðhækkan, og ef það gerði það, þá væri gagnið af því mikið. Það má ef til vill segja að alt sem um þetta frumv. er sagt frá báðum hliðum sé spádómur, en rætist spádómurinn um enn frekari verðhækkun, sem enginn

getur neitað að koma kunni á daginn, svo að olíutunnan hækki enn um 7 kr., sýnist áreiðanlegt að stór vandræði standi fyrir dyrum, að því er mótorbátaútveg landsmanna snertir, svo að fullkomin ástæða er fyrir þingið að taka hér eins fast og það getur í taumana.

Lárus H. Bjarnason: Mér skildist hv. 2. þm, Rang. (E. P.) gefa í skyn, að skoðun minni eða hæstv. ráðh. (H.H.) hlytu að stýra einhverjar undarlegar hvatir, úr því að eg væri á sama máli og hæstv. ráðherra. Eg skal ekki deila við háttv. þingm. um það, hvort það komi oft fyrir, en sé það satt sem hann segir um það, þá væri það, að við hæstv. ráðherra fylgdumst hér að máli, einmitt sterk ástæða móti frumv. Eða heldur hann að eg sé farinn að elta hæstv. ráðh. út í bláinn eða ráðh. mig. Var það af fylgi við Björn Jónsson eða af fylgi Bj. Jónssonar við mig, að við urðum eftir atvikum sammála um bannlögin? Það fer illa á jafn vönduðum manni og hv. 2. þm. Rang. (E. P.) að kasta fram dylgjum, þó að menn sem oft eru ósammála, fylgjist að máli. Hv. þm. fylgir altaf sannfæringu sinni og ætti því að skilja það, að svo getur verið um fleiri, enda þarf hann ekki að ætla sér þá dul, að vekja upp grýlur, sem fæli mig frá að gera það í þetta skifti líka. Eg tek glaður á mig ábyrgðina af afstöðu minni og atkvæði í þessu máli.

Ráðherrann (H. H.): Mér finst það vera nokkuð orðum aukið hjá hv. 2. þm. Rang. (E P.), að tala um stórvoða, þó að steinolíutunnan hafi hækkað um 5 kr. hjá steinolíufélaginu D D. P. A.; færi félag þetta að færa olíutunnuna upp um 12 kr., eins og hann óttaðist, þá mætti það vara sig á samkepninni, þótt voldugt sé, svo framarlega sem steinolían hækkar ekki að sama skapi alstaðar í heimi. Það er til önnur olía en sú sem D. D. P. A. flytur, og það eru til önnur félög, sem eru óháð Standard oil félaginu mikla. Það eru jafnan takmörk fyrir afarkostum. Félagið getur ekki undir frjálsri verzlun keyrt verðið hærra upp en svo, að það þó borgi sig eins vel að skifta við það, eins og að ráðast í samkepni við það, og það hefir enn engin tök yfir rússneskri eða ungverskri eða jafnvel kaliforniskri olíu. Háttv. sami þm. sagði ennfremur, að það yrðu sömu mennirnir sem sætu á þinginu 1913 eins og þessu þingi, og væri því hættulaust þótt lögin væri að eins látin gilda til ársloka 1913, því að stjórnin gæti treyst því, að þingið 1913 framlengdi þau, ef þess væri þörf. En voru það ekki sömu útgerðarmennirnir, sem í vor ætluðu að ganga af göflunum út af tillögum milliþinganefndarinnar um einkasöluleyfi, sem nú vilja fyrir hvern mun fá þessa steinolíueinokun í lög tekna? Eru það ekki sömu mennirnir, sem nú berjast fyrir þessu einokunarfrumvarpi, sem feldu frumvarp stjórnarinnar um heimild fyrir landstjórnina til þess að gera samning um einkasölu á steinolíu? Eru það ekki sömu mennirnir, sem fyrir fáum klukkutímum síðan samþyktu þessa viðbót, að frumv. skyldi ekki gilda nema til ársloka 1913, sem nú fyrir hvern mun óska þessari breytingu fyrir kattarnef? Það er ekki *svo* óhugsandi, að skoðunarbreyting gæti orðið enn þá í þessu máli þar til 1913 að stjórnin geti beint vitað fyrirfram hvað þá verður uppi á teningnum, og í öllu falli getur engin framlenging eftir á bætt úr því tjóni, sem landssjóður biði við rentutap og rýrnun, ef birgðir hans lægju hér óseldar langan tíma. Landssjóður er vissulega ekki svo vel stæður, eða landið svo ríkt, að stjórnin geti varið það, að hætta stórfé út í hreina og beina óvissu. Það væri miklu áhættuminni leið, til

þess að bæta mótorbátaútgerðinni það tjón, sem hún bíður af þessari verðhækkun, sem menn nú horfa svo mjög í, að borga mótoreigendum beinlínis mismuninn úr landssjóði, heldur en að tefla mörgum hundruðum þúsunda í voða til þess að reyna að fá eitthvað vægara verð fyrir þá *í eitt ár*.

Pétur Jónsson: Eg vildi að eins benda á, að mér fanst vera alt of mikið gert úr þessari 5 kr. verðhækkun á steinolíufatinu, og að það er bygt alveg í lausu lofti, að olían muni hækka meira. 5 kr. hækkun á fati nemur 125000 kr. á því sem notað er árlega af steinolíu hér á landi, en á árinu 1910 hækkaði sykur um 5 aura, og nam það yfir 200,000 kr. á sykri þeim, er til landsins fluttist það ár. Kaffi hefir hækkað viðlíka í verði, og hefir þó engum dottið í hug að grípa til neinna örþrifaráða. Yfirleitt mega menn ekki kippa sér alt of mikið upp við verðhækkanir, því að þær eru alls ekki óalmennar.

Einum r., 26. Ágúst.

Frams.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eins og gefur að skilja, hallast eg helzt að þeim breyt.till., sem hér hafa komið fram, og vildi helzt óska, að frumv. gengi fram með þeim breytingum, sem þær fela í sér. En falli þær, þá liggur fyrir frumv. eins og það var samþykt í háttv. Ed. Það er að mínu áliti meingallað, og mun eg ekki greiða atkvæði með því, nema með því skilyrði, að hæstv. ráðherra lýsi yfir því, að hann vilji gæta þess, að veita þetta einkaleyfi engu félagi, sem gæti verið grein af D. D. P. A., stofnað undir yfirskyni innlends félagsskapar. Eg vona að hann geti lýst yfir því, að hann veiti engu félagi leyfið nema slíkar séu ekki ástæður. Í annan stað vildi eg vekja athygli hæstv ráðherra á því, að ef til þess kæmi að leyfið yrð selt í hendur sannarlega innlendu félagi, þá verði verðið ekki miðað við kauphallarverð í Hamborg, því að það er á valdi einokunarfélagsins.

Af hverju sem þessi verðhækkun á steinolíu hér stafar, á hún ekki rót sína að rekja til hækkunar í Ameríku. Mér er kunnugt um, að 18.—31. Júlí í sumar fór verð á olíu *daglækkandi* á kauphöllinni í New-York, en 15. Ág. hækkar verðið hér, en hélt þó áfram að lækka þar. Þetta hefi eg úr markaðsskýrslum, sem hér eru í mínum höndum, og hverjum til sýnis, sem vill.

Þessi hækkun, sem *hér* hefir verið gerð, og eins í Skandinavíu og á Þýzkalandi, *stafar því ekki af hækkun á olíu í Ameríku*. Ekki getur hún heldur stafað af fragthækkun. Fragtirnar eru ekki svo háar enn, eins og eg hefi áður skýrt frá, (að eins 3 kr. á fati frá New-York hingað á höfn).

Eg vil svo leyfa mér að vænta skýrs og ákveðins svars frá hæstv. ráðherra.

Ráðherra (H. H.): Eg heyrði því miður ekki byrjunina á spurningu hins háttv. þm. (J. Ól.). En eg þóttist þó geta ráðið í, hvað hann vildi: að þetta einkaleyfi sé ekki fengið í hendur neinu leppfélagi.

Eg get gagnvart þessu tekið það fram, að ef nokkuð verður af því, að leyfið verði selt í hendur félagi eða einstökum mönnum, þá mun stjórnin að sjálfsögðu láta sér um það hugað, að búa svo um hnútana, að það verði landssjóði og landsmönnum sem hagkvæmast og tryggilegast.

En hvernig innlent félag yrði samsett, get eg ekki ábyrgst neitt um. Það er ekki gott að sanna, hvaðan þeir, sem skrifa sig fyrir aktíum eða ráðast í fyrir-

tæki, hafa peningana, enda má það einu gilda út af fyrir sig.

Að öðru leyti get eg ekki gefið neinar glæsilegar vonir í þessu efni. Mér þykir frumv. eins og háttv. Ed. hefir breytt því og bætt við það, *líklegra* til framkvæmda heldur en það var, þegar það fór hér úr deildinni, af því að nú má þó veita leyfið öðrum, og binda það skilyrðum, svo nú er málið nær því, sem milliþinganefndin hafði hugsað sér, þó að mikið vanti á, að frumv. sé vel úr garði gert. Þannig vantar enn einkasöluleyfi og ákvarðanir um fyrirkomulagið á sölu birgða, sem fyrir eru, og fleira er athugavert, sem mjög getur dregið úr því, að frumv. geti orðið að notum.

Bjarni Jónsson: Mér þykir það alleinkennilegt, nú þegar þingtíminn er liðinn, að menn séu að tefla refskák við hina deildina um eins mikið nauðsynjamál eins og þetta er. En í því trausti að hæstv. ráðh. (H. H.) og þingmönnum þyki nokkurs um vert að þessu máli sé ráðið heppilega til lykta, hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. (*Hannes Hafstein:* Það er bara til að drepa frumv.). Eg treysti því, að hæstv. ráðherra og þingmenn vilji heldur lengja þingið fram eftir deginum, heldur en að tefla þessu máli í tvísýnu. Það má að sjálfsögðu fá bátinn til að bíða dálítið lengur. Úrslit þessa máls mega ekki vera undir því komin, að einhver »genius« leysi þingmenn sem fyrst frá störfum sínum, eins og á Þingvöllum forðum.

Br.till. mín er fólgin í því, að setja inn aftur, það sem áður var samþykt hér í deildinni. Það er öllum vitanlegt að meiri hlutinn í deildinni er alveg frá hverfur því að veita nokkrum einstökum manni þetta einkaleyfi. En þar sem bæði eg og aðrir hafa borið þetta mál fram, þá höfum við gert það vegna þess að hér er við öflugan verzlunarhring að eiga, og höfum við því álitið rétt að víkja frá almennum verzlunarreglum. En þó vildi enginn ganga svo langt, að mínu viti, að heimila stjórninni að selja þetta einkaleyfi í hendur félögum eða einstökum mönnum.

Eg sé að háttv. Ed. hefir sett inn »innlent félag«. Það er þó snögt um skárra að rétturinn sé veittur íslenzku félagi, því að með því móti er þó hægt að hafa tök á því í landinu, höfða mál á móti því, ef þörf gerist, sem ekki er hægt á móti dönskum, enskum eða þýzkum einkaleyfishöfum. En þyki mönnum þetta viðurhlutamikið, þá má bæta úr því, með því að samþykkja varatillögu mína um að fella í burtu orðin: »og hún má einnig fram selja í þeirra hendur heimild sína og einkarétt til oliuinnflutnings eftir lögum þessum«. Þá stendur eftir í greininni: »Stjórninni er heimilt að fela einstökum mönnum eða hlutafélögum innlendum að standa fyrir kaupum og sölu á oliunni, með þeim skilyrðum, er hún telur hyggileg og nauðsynleg, þó ekki lengur en 5 ár«. Þá er aðalatriðinu náð. Grundvallarreglan verður þá óbreytt og sama, sem Nd. vildi vera láta, að landið sjálft hefði réttinn.

Eg hygg að það geti orkað tvímælis, hversu tryggilegt það sé að ákveða að félagið skuli vera íslenzkt. Eg býst við að menn reki minni til þess að það er ekki langt síðan að landið var gert að lepp. Það er alt af hægt að fá lepp, og ekki nema klukkutíma verk að breyta erlendu félagi í innlent félag. Þess vegna þótti mér vænt um spurningu háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) til ráðh. (H. H.), hvort hann vildi ekki varast að veita einkaréttinn nokkru innlendu félagi, sem kynni að vera stofnað til að dylja yfir erlent félag. Eg skal játa það, að mér þætti gott að heyra skýrari svör

frá hæstv. rh. (H H) til þess að friða mig og þjóðina í heild sinni, enda getur það ekki annað en verið holt fyrir stjórnina að hann svari skýrt og skorinort, að það geti ekki komið til mála að veita nokkru félagi þennan rétt áður en nákvæmlega sé rannsakað, hvort svik séu í tafli. Það getur verið að stjórnin segi sem svo, að það sé óþarfi að lýsa yfir þessu, þar sem allir beri fult traust til hennar. En það er samt vorkunn þó menn vilji fá svar, því að hættan er hér nærri dyrum.

Eg býst við að menn vilji að minsta kosti samþykkja varatillögu mína, mér sýnist háttv. Nd. lítt sæmandi að gera það ekki. Ef hæstv. ráðherra (H. H.) vill lengja þingið til kl. 6 í dag, verður nógur tími til að afgreiða málið. Hér ekki til meira mælst en allir eiga heimtingu á í svo mikilvægu máli, og eg trúi ekki að nokkur sé móti því. Það komast allir jafn snemma heim fyrir það.

Eg skal svo ekki fjölyrða frekara um þetta, en vona að eg fái greið svör frá hæstv. ráðherra (H. H.).

Ráðherrann (H. H.): Eg get ekki sagt annað en það sama, sem eg sagði áðan. Svo framarlega sem innlendu félagi verður, samkvæmt þessum lögum, veitt einkaleyfi, mun stjórnin gera sér far um að setja þær reglur, sem tryggilegar séu, til þess að þetta nýja félag geti ekki beitt landssjóð eða einstaklinga neinum þrælatökum. Hitt get eg ekki rannsakað, hvaðan peningar félagsins verða fengnir. Yfir höfuð getur stjórnin ekki gert annað en að gera sitt bezta til að ganga sem tryggilegast frá skilmálunum.

Þar sem farið er fram á, að framlengja þingið til þess að láta Ed. eta ofan í sig það sem hún er ný búin að samþykja með öllum þorra atkvæða, finst mér stappa næst fullkominni lítilsvirðingu við deildina. Því munu fáir trúa að þetta ákvæði, sem háttv. Ed. hefir sett inn í morgun sé svo vanhugsað af henni, að hún muni af þessum umræðum hér í deildinni sannfærast um, að það sé háskalegt. Eg get ekki betur séð en að þetta sé leikur, að eins til að tefja tímann.

Björn Kristjánsson: Eg hélt ekki að það þyrfti að fara að ræða þetta mál aftur, það var búið að ganga svo frá því, að við það hefði mátt una. Eg sé ekki betur en að hér sé verið að nauðga deildinni að óþörfu með sama málinu, því að þessi steinolíuverðhækkun er vitanlega ekki nema bráðabyrgðahækkun. Það er hrein furða, hvað mikið kapp er lagt á þetta mál.

Nú er einn þm. hér úr deildinni farinn heim, og þegar háttv. Ed. veit það, að einn af þeim mönnum, sem eru þessu þessu máli andstæðir, er farinn í burtu, þá sér hún ástæðu til að vekja frumv. upp, að vísu í nokkru öðru formi, en ekki betra. Það er eins og þingmönnum finnist það bráðnauðsynlegt að þetta mál gangi fram, ef ekki í þessu formi, þá í hinu, þrátt fyrir það þó bent hafi verið á, að engin önnur þjóð fer eins að í þessu efni, *þó hún lifi undir sömu kjörum*, það er eins og þingið álíti að það sé óumflýjanlegt að stjórnin hafi einhverja *verzlun* með höndum. Eg skoða það einmitt hættulegt þegar litið er til landsstærðar, fámennis og ístöðuleysis landsmanna. Ekki hafa Norðmenn, Svíar, Þjóðverjar eða Englendingar kallað saman þingið hjá sér út af þessu máli, og ekki hefir stjórn þeirra séð ástæðu til að ná sér í einokun til að bjarga landinu.

Þetta liggur í því, sem allir ættu að vita, að hættan er ekki nema í bráðabili, og eftir því sem háttv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) hefir upplýst, þá er olíuverðið nú þegar orðið lægra en það

var fyrir nokkrum dögum í Vesturheimi. Eg hygg því að allir háttv. þm. geti farið rólegir heim til sín að þessu sinni, og eg veit að kaupmönnum þessa lands er vel treystandi til þess, að útvega sæmilegt verð á olíunni, svo að hér þarf enga einokun. Eg mun því — og það þótt eg sé þm. fyrir kjördæmi sem hefir mikinn mótorbátaútveg — greiða atkv. á móti þessu frv. og sjá hvað líður fram til næsta þings. Reynist það þá, að slíkra laga sé þörf, þá mun eg líklega vera með því, að þau verði samin, ef af því ekki getur stafað nein hætta frá öðrum hliðum, og ef miklu tryggilegar er um búið en nú er gert.

Eg hefi þegar áður bent á það, að ef vér ættum að stofna til einokunar, jafn smáir og vér erum, þá yrði að búa miklu betur um hnútana, en hér er gert. Þá væri nauðsynlegt að sem flestir liðir mannfélagsins yrðu þar við riðnir, bæði sýslunefndir og bæjarstjórnir, bankar og landsstjórn, svo eftirlitið með því, að einokunin yrði ekki vanbrúkuð, kæmi frá sem flestum hliðum, að öðrum kosti væri það ekki hættulaust. En hitt er hættulaust, að láta málið bíða næsta þings, eg þykist hér um bil geta fullyrt að þjóðin líður ekkert við það. Eg held að hér liggi eitthvað annað á bak við, en að vernda þjóðina, því að eg hefi ekki heyrt þess getið hingað til, að þingið hafi skift sér mikið af því, þótt einhver vara hafi hækkað í verði í nokkra daga eða vikur. Matvara hefir t. d. hækkað ekki alls fyrir löngu um 3—4 kr. á tunnuna, sem stafaði af samskonar gróðabralli í Vesturheimi (hveitihring) og datt engum þá í hug að leggja á hana einokun. Nei, það er eitthvað hulið hér á bak við það, hvernig menn hafa beitt sér í þessu máli, og sérstaklega við þessa aðferð, að fara núna, rétt í þinglokin, að halda svo að segja nýtt þing um þetta, eftir það að enginn þm. í Nd. vissi annað en að öllum þingstörfum væri lokið, öðrum en að slíta þingi. Eg vona nú svo góðs af þinginu, að menn leggi niður allan hita og kapp um þetta mál,og sjái til hvort ekki er hægt að skapa eðlilega samkepni, og reynist það ekki, þá búi menn út lög, sem séu full tryggileg fyrir þjóðina.

Eggert Pálsson: Af því að eg var einn af flutningsm. þessa frv., og af því að háttv. Ed. hefir breytt því nokkuð, þykist eg þurfa að gera grein fyrir atkv. mínu með fám orðum, og er þá það þar um að segja, að þrátt fyrir þessar breytingar mun eg greiða atkv. með frv., eins og það nú er.

Að eg lagði ekki til að stj.frv. yrði að lögum, kom ekki til af því, að eg væri mótfallinn þessari einkasölu í sjálfu sér, heldur af hinu, að það frumv. var bygt á þeim grundvelli, að útvega landssjóði tekjur af einokun, en nú er ekki átæða til að samþykkja slíkt með það eitt fyrir augum, þar sem nægar tekjur hafa verið útvegaðar á annan hátt. En svo kom hitt fyrir alt í einu, að taka þurfti í taumana gagnvart þessu útlenda einokuuarfélagi. Á því er þetta frv. bygt, og þá fyrst varð eg einkasölunni meðmæltur. Ástæðurnar, sem liggja á bak við frv. stjórnarinnar og þetta eru þannig gagnólíkar. Eg get að vísu játað það, að eg kysi heldur landssjóðseinkasölu, en að hún væri fenginn í hendur einstökum mönnum eða félögum, en þar sem talin hafa verið, frá stjórnarinnar sjónarmiði, fullkomin tormerki á að fara hina fyrri leiðina, þá er engin ástæða til að vilja nauðga henni til þess, sízt þar sem hér er að eins farið fram á að afhenda megi þetta leyfi innlendu félagi í mesta lagi um 5 ára tíma. Og eg ber fyrir mitt leyti, fult og óyggjandi traust til stjórnarinnar um það, að hún fari ekki að ofurselja því félagi, sem við nú eigum í höggi við, eða neinum

anga af því, þessi réttindi, og ónýta með því tilgang þingsins. Eg sé því ekkert á móti því, að samþ. þetta frv. Hitt dylst mér ekki, að verði nú farið að breyta því, þá er það óbeinlínis sama sem að drepa það, því að enginn tími er til þess, að það gangi til hv. Ed. enn á ný, og þótt það yrði gert, þá mundi hún að öllum líkindum breyta því aftur í sama form, sem það hefir nú, og yrði þá úr þessu þræta á milli deildanna, sem engan enda tæki. Af þessum ástæðum eg ekki hika við að greiða atkvæði með frv.

Frams.m. (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eg stend upp til að andmæla ræðu hv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.). Það voru í henni fullyrðingar, sem eg veit ekki hvaðan honum koma. Hann sagði að þessi hækkun stæði ekki nema um stundarsakir. Það var orðið heyrinkunnugt hér þegar í vor, að steinolían mundi hækka í verði þótt fáir vildu trúa því þá, fyr en hækkunin skall á, og nú hefir enn verið sagt að til standi að hún hækki meira, og eg vil vita hvað hv. þm. hefir fyrir sér í því, að það geti ekki ræzt, eins og hitt, því að það þýðir ekki að slá fram tómum fullyrðingum. — Hann mintist á að kornvara hefði stundum hækkað skyndilega í verði, og hefði enginn brugðið sér við það. Já, en á henni er ekki einokun, og eg veit, að þegar hv. þm. gáir að sér, þá sér hann muninn á því, hvort orsakirnar til hækkunarinnar eru eðli legar, eða þær einar, að einokunarfélag hefir bundið kaupmenn samningum um að verzla ekki við aðra en sig, þótt varan fáist með eðlilegu verði hjá öðrum.

Eg hefði viljað óska að hæstv. ráðh. (H. H.) hefði gefið glöggvari svör, en hann gerði, og þótt virða megi þau á góðan veg, þá get eg hugsað að það bíti illa á ýmsa, að finna hvernig »andar nú handan«, hinn illa anda D. D. P. A. í persónu formans fél. hér, teygja höfuðið inn í þingsalinn úr sjálfu ráðherra-herberginu. Hann hefði átt að vera einhversstaðar annarsstaðar ef hann vildi vera hér nálægur.

Lárus H. Bjarnason: Eg skal ekki tala langt erindi, stend með fram upp til þess að minnast lofsamlegra ummæla hv. þm. Ísfjk. (Sig. St.) um hv. Nd. í sambandi við þetta mál, geri það til þess að þau séu ekki með öllu óþökkuð. Að vísu veit eg það, að ekki er rétt að taka þann þm. ætíð alvarlega, og eins hitt, að þau hermdarorð, sem hann lét út úr sér, að viðstöddum hv. forseta Nd. og fleiri hv. þm. héðan úr deildinni, voru ekki orð hv. Ed. En því vil eg slá föstu, að framkoma hans var ekki einungis óprestsleg, heldur og gersamlega ósæmileg hverjum mentuðum þingmanni.

Annað, sem eg vildi vekja athygli á, er sá gegndarlausi flysjungsháttur og ósamkvæmni. sem kennir í meðferð þessa máls. Hv. Ed. er nýbúin að sþ. að skora á stjórnina að koma með rækilega undirbúið frv. um þetta efni fyrir næsta þing. Nú steypir hún sér kollhnýs, þvert ofan í þá þingsál. till., umturnar frv. Nd., og svo var ákafinn mikill, að frv. var útbýtt prentuðu nokkrum mínútum *áður* en deildin hafði samþykt það. Hæstv. ráðherra grípur fram í, til að verja þetta atferli, það er þó líklega ekki undan hans rifjum runnið, eins og sumt fleira skrítið í háttv. Ed.

Líkt er að farið hér í deildinni, fyrst er stjórnarfrumv. drepið með rökstuddri dagskrá og svo er komið með nýtt leigueinokunarfrv., sem a. m. k. *nú* er orðið verra en stjórnarfrv., því að í því voru þó viðurlög nokkur og takmarkanir, en hér er alt lagt á vald stjórnarinnar. Það getur skeð, að það sé gott fyrir fyrir hana, en noti hún heimildina, er þó ekki ómögulegt að hún fengi einhvern-

tíma orð í eyra. Frv. getur ekki orðið til þess að lækka verð á olíu, því að í því felst ekki einka*sölu*heimild, en án slíkrar heimildar mundi hvorki landsstjórnin né nokkur skynsamur einstaklingur fara að hætta fé sínu í samkepni við jafnríkt félag og D. D. P. A. er. Hver einasti maður getur selt eins mikið af steinolíu og hann vill hér í landi eins fyrir því, þótt þetta frv. yrði að lögum, því að það gefur einungis heimild til einka*innflutnings* Forstjóri félagsins D. D. P. A., sem nú stendur hér að baki mér í ráðherra-herberginu, og sem menn þykjast vita það um, að muni bráðum komast í nágrenni við hæstv. ráðherra, gæti þess vegna ekki einungis selt allar þær birgðir af olíu sem félagið á hér, heldur og alla þá steinolíu, er hann kynni að geta flutt inn í landið, áður en innflutningsbannnið skylli á. Þetta frv. er því alveg þýðingarlaust, enda óþarft. Dagskráin sem samþ. var hér á dögunum nægir til að firra menn öllu tjóni, fáist steinolía nokkursstaðar með betra verði en hjá D. D. P. A. Það er innan handar, að fá vitneskju um verð á olíu í Ameríku með símskeyti. Stjórnin hefði getað verið búin að því, og hv. 1. þm. G. K. (B. Kr.) hefir lofað aðstoð þess banka, sem hann veitir forstöðu. Auk þess lá eiginlega lánsheimild í dagskránni, ef ekki er ex lege, þá að minsta kosti de facto, og þess þurfti þó ekki einu sinni, því að það er til nóg fé, til þess að panta fyrir skipsfarm frá Ameríku, að minsta kosti með tilstyrk bankanna.

Hvað viðvíkur ákvæðinu um, að félagið eða mennirnir sem stjórnin semur við skuli vera innlent, þá er það hégóminn einber, því að þótt svo sé áskilið í lögunum, að félagið eigi að vera innlent, þá er, eins og líka hæstv. ráðh. (H. H.) hefir tekið fram, enginn vegur til þess að girða fyrir það, að það verði ekki í raun og veru útlent. Maður sem á heima í Ástralíu, getur líka átt heima á Íslandi. Til þess þarf ekki annað en að hann hafi hér líka dúk og disk, og er viðskiftaráðunauturinn okkar gott dæmi þessa. — D. D. P. A. þarf ekki annað en að setja I í staðinn fyrir seinna D-ið, og sé eg ekki að það verði neitt betra fyrir það, enda gæti eg bezt trúað því, að sumum væri ekki fjarri skapi að útvega því lögtrygðan einkarétt samkv. frv. Allir vita að milliþinganefndin ætlaði sér að ná samningum við það og ekkert félag annað.

Hv. 2. þm. S. Múl. (J. Ól.) bjóst við því, að steinolían mundi hækka enn meira í verði en orðið er. Eg hefi nú fyrir mér orð forstöðum. D. D. P. A. sem hér stendur, að til þess komi ekki, og veit eg að hann muni mótmæla orðum mínum, ef eg fer rangt með.

Hæstv. ráðh. (H. H.) gat auðvitað ekki gefið fullnægjandi svar við áskorun hv. 2.þm.S.-M.(J.Ó.) um að veita leyfið að eins innlendu félagi, enda er ómögulegt að útiloka það, að félagið sé útlent í raun og veru þó, kalla megi það innlent. Þeir sem hafa ekki verið að leika sér, þegar þeir greiddu atkv. gegn stjórnarfrv., ættu því að sjá sóma sinn og fella einnig þetta frumv. Stjórnarfrv. var þó þeim mun skárra að þar voru áskilin ýms viðurlög til tryggingar því, að landsmenn yrðu ekki gegndarlaust flegnir. Annars má geta þess, að sú saga gengur nú hér um bæinn, þótt ekki segi eg hana sanna, að maður nokkur sem áður hefir fengist hér við ýmislegt, svo sem eimskipaútgerð og verzlun í stórum stýl leggi töluvert kapp á framgang þessa máls og væri þá líklega til með að beitast fyrir það. Læt eg ósagt hve gott það mundi verða þessu fyrirtæki, ef þetta væri satt, en líklega eru hér einhverjir persónulegir hagsmunir á bak við *(Sigurður Sigurðsson:* Á báða bóga).

Má vera að hv. þm. viti eitthvað betur til þess, en eg, en sanni hann það, ef hann getur, úr því hann kastar þessu fram, að við. sem móti frv. leggjumst, höfum persónulegan hag af því. Eg held að andstæðingar frv. megi miklu fremur búast við óþægindum af afstöðu sinni, því að nú er risin hér allsterk alda þessa dagana með þessu eða þvílíku úrræði, en eg ætla ekki að láta það hræða mig frá því, að greiða atkv. eftir sannfæringu minni Eg hefi áður látið fróðu brotna á mér, og eg ætla að gera það enn.

Björn Kristjánsson: Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) brá mér um að fara með fullyrðingar, sem ekki mætti byggja á; og sagði að þessi hækkun á olíu væri alt annað en hækkun á kornvöru, sem væri almenn En hann gætti þess ekki, að hækkunin á kornvörunni stafaði líka frá hveitihringunum í Ameríku, og þá datt þinginu ekki í hug að hreyfa hönd né fót til þess að stofna til einokunar.

Þar sem hæstv. ráðh. (H. H.) svaraði fyrirspurn um það, hvaða trygging væri fyrir því, að væntanlegt félag, sem fengi einkaréttinn, yrði innlent, þá líkaði mér vel það sem hann sagði, að hann gæti auðvitað ekki vitað hvaðan peningarnir koma, er slíkt félag kæmi til að hafa undir höndum. Það var ráðvandlega og rétt svarað, og það liggur í því, að hér á að leita til almenns félags, í staðinn fyrir að láta sýslunefndir, bæjarstjórnir, sjóði og banka leggja fé þ fram, því *þá* er hægt að vita hvaðan peningarnir koma, og *það* er aðalatriðið. Í því formi hefði frv. átt að vera.

Nú veit eg ekki betur, en að sum fyrirtæki séu kölluð innlend, þótt þau séu blátt áfram dönsk, og það gæti D. D. P. A. látið kalla sig líka; enginn munur gerður hér á innlendum og dönskum verzlunum. Þótt það þætti fjarstæða, þegar eg lagði það til, að láta Landsbankann bindast fyrir þessu, ef til þess kæmi, þá vil eg nú benda mönnum á að hugsa vel þá uppástungu til næsta þings.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg skoraði áðan á hv. 1. þm. G.-K. (B K.), að færa rök fyrir því, sem hann hafði sagt, að hér væri að eins um stundarhækkun að ræða. Hann hefir engin rök getað fært, það er bara hugarburður. Hveitið kemur ekki þessu máli við. Fyrst og fremst er það ekki aðalkornvara vor, heldur rúgur, og svo er sá munurinn, að enginn hefir nokkurn tima verið þannig skuldbundinn með samningum, að hann mætti ekki kaupa það hvar sem hann vildi.

Eg vona að hv. þm. sjái, að það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í.

Eg veit að frv. þetta verður samþykt, en eg get ekki greitt því atkv., sakir vitleysu, sem inn í það er komin í Ed. En einmitt sakir hennar greiði eg heldur ekki atkv. á *móti* því, af því að vitleysan bjargar frv. við. Eg skýri þetta ekki nánara hér. Það mun verða skiljanlegt, ef frv. verður að lögum.

Lárus H. Bjarnason: Mér skildist að hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) byggist við því, að ef þetta frv., sem sjálfsagt er vel meint hjá honum, næði fram að ganga, þá mundi þegar stafa af því verðfall á steinolíu. Það getur nú ekki orðið, því að vafalaust þyrfti mikinn og langan undirbúning áður en lögin kæmust í framkvæmd og gæti verðið þá verið komið í samt lag aftur.

Þá talaði hann um það, hve kaupmenn hér væru bundnir við steinolíufélagið. Sumir þeirra eru það, en sumir eru líka alveg óbundnir. Eg gæti nefnt eina stóra verzlun hér, sem er því alveg óbundin, og samningar sumra þeirra við félagið eru að því komnir að renna út. Enda er enginn bundinn öðrum

samningum en þeim, að selja hér ekki olíu frá öðrum. Hver sem vill getur flutt inn svo mikla olíu sem vill, sér til handa, og svo geta risið upp nýir kaupmenn, sem bæði geta keypt olíu að öðrum og selt hana hér. Það er því misskilningur, að hér sé um einokun að ræða, þar sem fyrst og fremst er ekki einokun á innflutningi, og jafnvel ekki á sölu heldur. Þótt aldrei nema svo sé ástatt, að eitthvað 65% af þeirri steinolíu, sem vér notum, sé frá þessu félagi.

ATKV.GR.:

Brtill. 424 feld með 14 : 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Jón Jónsson Rvk.
Halldór Steinsson	Björn Kristjánsson
Jón Ólafsson	Einar Jónsson
Kristján Jónsson	Guðl. Guðmundsson
Lárus H. Bjarnason	Hannes Hafstein
Skúli Thoroddsen	Jóh. Jóhannesson
Valtýr Guðmundss.	Jón Magnússon
	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Sig. Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason.

Matthías Ólafsson greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hl.

Varatill. á þgskj. 424 feld með 14 : 8 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Jón Jónsson Rvk.
Halldór Steinsson	Björn Kristjánsson
Jón Ólafsson	Einar Jónsson
Kristján Jónsson	Guðl. Guðmundsson
Lárus H. Bjarnason	Hannes Hafstein
Skúli Thoroddsen	Jóh. Jóhannesson
Valtýr Guðmundss	Jón Magnússon
	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Sig. Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason

Matthías Ólafsson greiddi eigi atkv. og taldist með meiri hl.

Frv. sjálft samþ. með 13 : 9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Jónsson Rvk.
Einar Jónsson	Benedikt Sveinsson
Guðl. Guðmundsson	Bjarni Jónsson
Jóh. Jóhannesson	Björn Kristjánsson
Jón Magnússon	Halldór Steinsson
Matthías Ólafsson	Kristján Jónsson
Ólafur Briem	Lárus H. Bjarnason
Pétur Jónsson	Skúli Thoroddsen
Sig. Sigurðsson	Valtýr Guðmundss.
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	

Hannes Hafstein og Jón Ólafsson greiddu eigi atkvæði og töldust með meiri hlutanum.

Um eftirlit með síldveiðum.

TILLAGA til þingsál. um aukið eftirlit með síldveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi, (29, n. 72, 77); ein umr., 22. Júlí.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg verð að fara fljótt yfir sögu, því mjög er liðið á fundartímann. Vona eg að hv. þm. hafi kynt sér skjöl þau, sem lögð hafa verið fram á lestrarsal þingsins viðvíkjandi þessu máli.

Eg skal fyrst gera stutta grein fyrir hvernig þessari veiði er háttað. Hún stendur venjulega yfir frá 20. Júlí til 20. Sept. Um annan tíma gengur hafsíldin ekki, eða hefir ekki gert það hin síðustu ár, en á þessum tíma kemur

hún oftast mjög reglulega. Göngur koma vestan úr höfum upp undir land vestanvert við Skaga, og fara austur með landi, alt austur fyrir Langanes. Veiðin er stunduð á takmörkuðu svæði um 6—8 vikna tíma. Stundum byrjar hún ekki fyr en snemma í Ágúst og er stundum lokið fyrri hluta Septembermánaðar. Veiði þessa stundar mesti fjöldi skipa og hefir hún aukist mikið síðan farið var að nota herpinætur. Árið 1903 voru, að mig minnir, fluttar út tæpar 30,000 tunnur síldar, en árið 1907 203,000 tunnur. Síðan hefir útflutningur farið heldur rénandi, því 1907 offyltist markaðurinn og síld lækkaði í verði.

Síldin gengur venjulega að landinu í þéttum torfum, gengur oft mjög nærri landi, og það er iðulega svo, að síldin er ekki nema innan landhelgissvæðisins. Aðal-veiðistöðvarnar eru á svæðinu frá Skaga að vestan og austur fyrir Tjörnes og það svæði er, eins og menn vita, ekki mjög stórt, og það er því augljóst að slíkur aragrúi útlendra veiðiskipa með uppgripaveiðarfærum sem á þessar stöðvar safnast muni stórum spilla veiði og styggja göngur, ef hann fær eftirlitslaust að vaða yfir landhelgina.

Síldveiði á þessum slóðum hafa, að undanförnu, mest stundað útlendingar, en á tveim síðustu árum hefir talsvert aukizt veiði innlendra manna. Síðustu árin hafa og nokkur Faxaflóagufuskipin látið af þorskveiðum á sumrum og stundað síldveiði norður þar við góðan árangur. Landhelgisbrot útlendinga spilla mjög fyrir veiðum þessara innlendu skipa. Það er skiljanlegt, að svo mikill fjöldi útlendra skipa muni þurfa eftirlits, en hins vegar og skiljanlegt, að landhelgisgæzlu verður ekki komið við til fulls með því fyrirkomulagi, sem verið hefir hingað til. Það hefir lítið að þýða þótt varðskipið sé þar að eins nokkra daga og skjótist stöku sinnum út á veiðistöðvarnar. Hér þarf fasta og stöðuga gæzlu.

Í fyrra sumar var rík gremja manna meðal yfir ágangi hinna útlendu skipa. Varðskipið kom þar ekki og þetta svæði mátti heita algerlega varnarlaust.

Strandgæzlan var aðallega í því fólgin að aðstoðarlögreglustjórinn á Siglufirði lét við og við fara, og fór sjálfur með síldarskipum út á veiðistöðvarnar til þess að gá að, hvort útlend skip væru innan landhelgi, og hafa með þeim hætti nokkur skip orðið sektuð. Annars eru innlend skip lítt fáanleg til þess að fara í slíkar ferðir, enda geta ekki né mega, því að svo getur farið, að skipið tapi stórfé á því. Eru til þess mörg dæmi, að veiðiskip hafi í einu »kasti« veitt um 500—1000 tunnur síldar, og hafa selt við bryggjusporð fyrir minst 4 kr. tunnuna. Er þá auðsætt, að örðugt muni veita að fá þessi skip til þess, að tefja sig frá veiðum, enda hefir reynst svo.

Af þessum ástæðum vona eg að allir sjái, hve nauðsynlegt er að auka eftirlitið og að það muni að mun batna við það fyrirkomulag, sem farið er fram á í skjölum þeim, er hér liggja fyrir. Því er svo háttað, að síldin þolir ekki að geymast í skipunum nema fáar klukkustundir. Er því engin leið, að skipin geti flutt síldina til Noregs — en þaðan eru flest hin útlendu skip. — Verða því að flytja síldina strax í land, enda hafa og flestir fasta viðskiftamenn í landi til viðtöku síldinni. Ef gæzla væri til nokkurrar hlítar, mundu hin útlendu skip ekki leyfa sér að fremja brot, og er það aðalatriðið í mínum augum. Þar með yrði og studdur sá vísir til síldveiða innlendra skipa, sem nú er kominn svo vel af stað.

Eg gat þess, að í fyrra hafi verð stöku sinnum fengin síldveiðiskip til eftirlits. Var það oftast skip héðan sunnan að, sem til fékst, botnvörpungurinn Marz; einu sinni var þó Eyjafjarðarbáturinn fenginn til hringferðar. En þá er því líkast sem skipin hafi fengið einhvern pata af fyrirhugaðri ferð hans, því að þegar kom á Skjálfanda lá fjöldi skipa rétt utan við landhelgislínuna. Var haldið, að einhver hefði varað þau við bátnum. Það er skiljanlegt, að skipstjórarnir fái mikla freisting til þess að brjóta, þegar síldartorfurnar eru innan línunnar, en eftirlitið hins vegar ekkert eða nálega ekkert, sem þeir og vita.

Eg býst við því, að nú í ár verði lagt eins mikið kapp á veiðina og lagt var 1907. Þá voru snerpinætur nýtilkomnar, höfðu komið 1905 fyrst til notkunar hérlendis. Var þá, 1907, hin mesta uppgripaveiði, og mun það ár síldveiði hafa náð hámarki. En síðan féll síld í verði á útlendum mörkuðum og hefir jafnan rénað síðan. Nú má búast við því, að sett sé undir þennan leka offylling markaðarins, þar sem komið hefir nú verið á fót verksmiðjum til þess að hagnýta síldina til þess að gera úr lýsi, fóður, áburð o. fl. Sömuleiðis mun það og bæta markaðinn að síldarmat hefir verið fyrirskipað.

Hver annar árangur en bættar varnir og fækkun landhelgisbrota yrði að því fyrirkomulagi, sem hér er farið fram á, að haft sé, verður vitanlega ekki sagt um fyrirfram. Hvort landssjóður fengi af því tekjur fyrir sektir o. fl. verður ekki um spáð.

Í fyrra sumar hafði landssjóður upp úr sektum í þeim fáu eftirlitsferðum, sem eg gat um áðan, 5274 kr. og 50 aura. Af því mætti ef til vill ráða að ekki ykist kostnaður fyrir landssjóð, þótt eftirlit væri aukið.

Stjórnarráðið hefir nú til umráða litla upphæð til þess að hafa strandgæzlu úr landi. Hefir það fé mest verið notað hér við Faxaflóa, þannig að bátur úr Keflavík hefir séð um eftirlitið. Slíkur bátur getur vitanlega ekki handsamað skip, en mælingar getur hann gert og gefið skýrslur fyrir rétti.

Þetta þyrfti nyrðra að vera með föstu skipulagi, og vænti eg að stjórnin sjái ráð til þess að gera eftirlitið effectivt. Innlendir útgerðarmenn kvarta mjög yfir því, hve útlend skip spilli veiðinni, og rétt nýlega hefi eg fengið símskeyti frá »Fiskveiðafélagi Norðurlands«, og er þar sagt að útlend skip baki hérlendum veiðiskipum stórtjón. Þetta veit eg að er satt.

Útlendu skipin eru flest stærri, hraðskreiðari og betur útbúin en hin innlendu.

Þessir menn hafa lagt það til, að tekið verði tilboði því, sem hér liggur fyrir.

Stjórnarráðið hefir haft það til athugunar, en hefir talið varhugavert að taka því, í öllu falli án heimildar frá þinginu. —

Ef þetta fyrirkomulag yrði tekið upp, býst eg sem sagt við, að gagnið verði meira en þótt varðskipið láti fáeinum sinnum sjá sig rétt í svip, enda muni ekki verulega auka útgjöld landssjóðs.

Bjarni Jónsson: Eg efast ekki um, að það sé rétt hermt hjá hv. tillögumanni, að mikil þörf sé á að auka strandgæzlu nyrðra. En þetta mál gæti rifjað upp fyrir mönnum ýmislegt, sem gott væri að athuga. T. d. heyrist nú sagt, að bátur sá, sem oss var sagður sendur, Íslendingum, sé nú hafður við Grænland. Nú höfum vér ákveðið tilboð um strandgæzlu, og þykir mér vænt um, að það skuli fram komið, er og jafnan betra hjá sjálfum sér að taka en sinn bróður að biðja. Það var enn gott að heyra hjá hv. tillögumanni, að hann teldi strandgæzlu hér lögreglumál, hvort

sem höfð væri með þeim hætti, að skipin væru tekin og færð lögreglustjóra, eða þá hafður væri sérstakur legreglustjóri á gæzluskipinu, enda væri og heimskulegt að halda því fram, að landhelgin heyrði ekki landinu til. Hefi eg og heyrt mörg dæmi þess, að lögreglustjórar hafi sjálfir farið út og tekið skip, t. d. í Vestmannaeyjum og sömuleiðis um Steingrím Jónsson í Húsavík, er nærri var orðinn fyrir útreið sem Guðmundur Björnsson varð fyrir í fyrra.

En það sem mig undrar er hitt, að ekki skuli koma fram ákveðin tillaga um áðurgreint tilboð. Mun þetta koma til af gleymsku eða vangá. Mundi eg því vera samþykkur þeirri tillögu, ef fram kæmi, að frestað væri málinu og þetta lagað, heldur en að nú þegar væri gert út um þetta.

Ella stóð eg upp bæði vegna þess að mér þótti vænt um, að slík tillaga kom fram, og eins þess vegna, að mér þótti einkanlega ástæða til þess að spyrja, hví ógleymt var látið að hafa tillöguna ákveðna um það, hversu taka skyldi tilboði því, er hér liggur frammi um þetta.

Að öðru leyti hefi eg ekki að athuga um þessa tillögu. Óska eg að eins, að málinu verði frestað og tillögunni komið í samræmi við það, sem nú hefi eg sagt.

Lárus H. Bjarnason: Eg mundi ekki hafa beðið mér hljóðs ef eg hefði vitað, að hæstv. ráðherra mundi biðja um orðið, enda skildi eg hann svo, sem hann ætlaði ekki að taka til máls.

Eg get þess, út af orðum hins háttv. þm. Dal. (B. J.), að fleira er á að líta í þessu máli en lög vor Íslendinga einna. Vér verðum í öllum viðskiftum vorum við útlendinga að gæta réttar þeirra, þjóðréttarins svokallaða, svo sem vér nýlega höfum verið mintir á svo eftirminnilega — í kolamálinu sæla.

Og nú með því að tillagan er engan veginn ljós, en efnið viðkvæmt, þá þykir mér sem háttv. þm. (B. J.) ástæða til þess, að málinu sé frestað, þótt af öðrum ástæðum sé en hann taldi; tel jafnvel réttast, að vísa tillögunni til rannsóknar í nefnd.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg þarf ekki að mæla mörg orð; það, sem eg vildi sagt hafa, mundi hníga flest á sömu lund sem hjá hinum háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.).

Það er vafalaust rétt, að vér Íslendingar höfum yfirleitt heimild til að halda uppi lögreglu innan landhelgi vorrar, en gæta verðum vér þess þó, að vér komum ekki bága við þær alþjóðareglur, sem gilda um fiskveiðar yfirleitt. Þess vegna hygg eg, að athuga þurfi tillögu þessa mjög vel og að það verði að gera í nefnd. Tillagan er harla óákveðin og lítt leiðbeinandi fyrir stjórnina. Athugasemdir og skýringar háttv. flutningsmanns (G. G.) eru sjálfsagt góðar og má sjálfsagt taka verulegt tillit til þeirra, en það er æskilegt að fá þær prentaðar í nefndaráliti.

Í öðru lagi þarf að athuga hvar taka á hinn aukna kostnað, sem af þessum ráðstöfunum hlýtur að leiða, því að þær 1500 kr., sem veittar eru á fjárlögunum í þessu skyni, ná ekki langt.

Það er mikið rétt hjá háttv. þm. Dal. (B. J.), að til stjórnarinnar hefir borist málaleitun frá einstökum manni þess efnis, að hann tækist á hendur landhelgisgæzlu á þessum stöðvum, og í því skyni héldi úti smáskipi, gegn því að honum yrði borgaður ákveðinn hluti þeirra sekta, er landssjóði ynnist við þessar auknu varnir. Þetta gat stjórnin ekki samþykt, vegna þess að hún áleit

ekki að hún hefði heimild til þess að ráðstafa sektarfénu á þann veg án samþykkis fjárveitingarvaldsins. Yfirleitt eru hér ýmisleg atriði, sem þurfa ítarlegrar athugunar við, og vildi eg því eindregið leggja til, að málið yrði sett í nefnd.

Flutningsm. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg skal, gagnvart orðum háttv. þm. Dal. (B. J.), taka það fram, að það liggur alls ekki í þessari tillögu, að sérstöku skipi sé haldið úti, sem hafi vald til að taka síldveiðaskip, sem eru við ólöglegar veiðar. Til þess að hafa slíkt vald, þyrfti að fullnægja kröfunum í samningnum frá 1903, nfl. að yfirmaður skipsins sé herforingi úr viðurkendum her einhverrar þjóðar. Tillagan fer ekki fram á annað en sett ur sé fastur landhelgisvörður til þess að hindra brot og tryggja sönnun fyrir þeim, ef þau koma fyrir. Annað þarf heldur ekki hér. Það kemur aldrei til, að handsama þurfi skipin fyr en við land, og þar hefir lögreglustjóri viðkomandi lögsagnarumdæmis fult vald til þessa, án þess að brjóta í bága við nokkra alþjóðarreglu. Slíkt þarf ekki að óttast meðan ekki er farið fram á frekara en þessi þingsályktunartillaga gerir.

Það er ekki af gleymsku, að eg hefi ekki minst á tilboð það, er stjórninni hefir borist frá einstökum manni, heldur er það bæði af sérstökum ástæðum, sem eg ekki kæri mig um að nefna frekar, og líka vegna þess, að eg álít stjórninni dálítið varhugavert að ganga að því í því formi, sem það nú liggur fyrir í, þótt það hins vegar geti verið til mikilla bóta með nokkurum breytingum. Það var með vilja, að við gerðum tillöguna eins víðtæka og hún er, til þess að stjórnin hefði fult umboð til þess að gera það, sem hún áliti tryggast og heppilegast, og til þess treysti eg henni vel, í samráði við lögreglustjórn hér um rædds lögsagnarumdæmis.

Eins og eg tók fram, hlýtur öll þessi löggæzla að vera höfð á hendi frá landi, og get eg ekki séð, að með þessu sé nokkrum rétti erlendra ríkja troðið um tær. Þau fara tæplega að amast við þannig löguðum verði, sem ekki hefir annan starfa á hendi en að tryggja sönnun fyrir brotum, sem kunna að verða framin.

Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), sem mælti mikið með því, að nefnd yrði sett í þetta mál, gat þess meðal annars því til stuðnings, að ekki lægi á að samþykkja þessa tillögu. En til þess að sýna hv. deild að það bráðliggur á þessu, skal eg gefa þær upplýsingar, að síldveiðar eru þegar byrjaðar fyrir nokkru, og með því eftirliti, sem nú er á þeim stöðvum, efast eg ekki um, að brot eru framin daglega. Eg er þess fullviss, að fregnir um ólöglegar veiðar berast hingað innan fárra daga, og er slíkt hörmulegt, þar sem svo auðvelt er bæta úr, því það er áreiðanlegt, að síldveiðaskipin þyrðu ekki að fremja lögbrot, ef þau ættu það víst, að þau yrðu tekin strax og þau kæmu til lands. Sá er nfl munurinn á þeim og botnvörpungum, að þeir geta strax farið burtu með aflann, án þess að leggja hann á land, en síldveiðaskipin eru neydd til þess, ella mundi síldin gerskemmast á fáum dögum.

Eg hygg, að þetta mál græði lítið á að fara í nefnd. Býst ekki við, að hún komi með betri tillögu en þeir menn, sem nákunnugastir eru á þessum stöðvum norðanlands. En annars mun eg ekki, ef háttv. deild sýnist svo, beinlínis setja mig upp á móti því, að nefnd verði skipuð.

Valtýr Guðmundsson: Eg vil taka undir með hæstv. rh. (K. J.), að tillaga þessi sé svo óákveðin, að nauðsyn-

legt sé að fá einhver skýrari og nákvæmari ákvæði, stjórninni til leiðbeiningar, en í tillögunni eru. Eg get ekki séð, að það geti gengið að afgreiða málið í þessu formi, og hygg líka, að stjórnin mundi þá komast í hreinustu vandræði. Eg vil því gera það að uppástungu minni, að þessari umræðu verði frestað og 3 manna nefnd kosin til að athuga málið.

ATKV.GR.:

Samþykt var með 15 atkv. að fresta umræðunni og kjósa 3 manna nefnd í málið.

Kosningu hlutu:

Guðlaugur Guðmundsson,
Lárus H. Bjarnason,
Jóhannes Jóhannesson.

Framh. einnar umr.; 27. Júli.

Framsögum. (Guðlaugur Guðmundsson): Eg finn ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar en búið er, heldur vísa til þess, sem eg hefi áður um það sagt og svo til nefndarálitsins.

Um breyt.till. á þgskj. 77 er það að segja, að nefndin treystir sér eigi til að leggja með því, að hún verði samþykt, en ástæður fyrir tillögum hennar býst eg við að muni koma fram frá hæstv. ráðh. (H. H.). Skal eg svo ekki fjölyrða um þetta, en óska einungis, að háttv. deild vilji fallast á tillögu nefndarinnar. Ef það er gert, þá er von um góðan árangur.

Bjarni Jónsson: Br.till. á þgskj. 77 stafar af því, að við tillögumenn hugðum að stjórninni ætti að vera það kærara, að hafa heimild frá þinginu til þess að halda úti skipi í þessu skyni, sérstaklega svo að hún mætti verja til þess meira fé, en nú er varið til þessa eftirlits í fjárlögunum. Til hins þarf enga þingsál.till., að hún verji til þess því fé, sem þegar er til þess veitt. Það væri ekki að eins vitalaust verk af henni, heldur sjálfsagt. Það gerir hún líka auðvitað sjálfkrafa, og hlýtur lof allra landsmanna fyrir, því að öllum þykir mikils um það vert, að strandgæzlan sé aukin. Eg skil því ekki í öðru en að öllum mönnum, að minsta kosti á þessum stað, sé það ljóst, að þessi þingsál.till. væri óþörf, ef hér væri ekki um nýja heimild að ræða. Aðalatriðið er einmitt það, að stjórnin fái heimild til að taka til þessa eftirlits meira fé en heimilt var áður, alla þá upphæð, sem þarf til þess að eftirlitið komi að haldi. Og til þess álítum við tillögumenn, að hæfilegt væri að heimila henni að verja því fé sem svarar alt að helmingi sekta og andvirðis upptæks afla og veiðarfæra.

Eg býst ekki við að nokkur neiti því, að Íslendingar hafi fullan rétt til löggreglueftirlits innan landhelginnar, því að það sem stendur í 1. gr. samningsins frá 1903 er nefndur var við 1. umr. og hljóðar svo:

»Ákvæðin í samningi þessum, er fara fram á að skipa fyrir um löggæzlu við fiskveiðar í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland *fyrir utan landhelgi* við eyjar þessar, hafa gildi fyrir þegna hinna tignu samningsaðila«, nær alls eigi til þessa. Þarna er eingöngu talað um svæðið utan landhelginnar, þar sem íslenzk lögregla nær alls ekki til. Eg vona því að enginn háttv. þm. fælist frá því, að orða till. eins og við viljum orða hana.

Eg vona að menn sjái að það er til hagræðis fyrir stjórnina, þegar hún þarf að svara máli eins einstaks, ákveðins manns, sem hefir boðið fram sjálfan sig og skip til þessa eftirlits, með ákveðnum kjörum. Þetta er ekkert leyndarmál, að maðurinn hefir skrifað stjórnar-

ráðinu og fengið hjá því sæmileg svör, og fáist heimildin hjá þinginu til þess að gjalda honum fé það, sem þarf, þá getur það ekki komið til mála, að neinir aðrir eigi hér úrskurðarvald um, en stjórnarráðið. Og þessi maður hefir einmitt áður verið riðinn við þetta eftirlit manna mest og hefir lagt fram vitnisburð Vigfúsar Einarssonar, lögreglustjóra á Siglufirði um það, að hann hafi reynst duglegur í því. Skal eg leyfa mér að lesa þann vitnisburð með leyfi hæstv. forseta:

»Að herra Guðmundur Guðlaugsson á Akureyri hafi rækt starf sitt á Siglufirði síðastliðið sumar vel og samvizkusamlega í alla staði með reglusemi og dugnaði, er mér ánægja að votta og hefði eg engan fremur kosið mér til aðstoðar við löggæzlu þar á staðnum, þar sem mér var þörf á duglegum manni.

Reykjavík 29. Okt. 1911.

Vigfús Einarsson.«

Eg hygg, að okkar orðalag á tillögunni geri stjórninni hægra fyrir að svara tilboði því, er henni hefir borist. Raunar getur tillaga nefndarinnar náð yfir þetta atriði, en hún er að mínu áliti nokkuð óákveðin. Loks skal eg leyfa mér að benda hæstv. ráðherra á það, að fari svo að eitthvað þyki misráðið í þessu efni, þá kemur það ekki niður á stjórninni sjálfri heldur á Alþingi.

Ráðherrann (H. H.): Eg hefi haft sagnir af því, að nú sem stendur sé mjög rólegt á Siglufirði, Norðmenn haldi skipum sínum fyrir utan landhelgi og alt fari þar fram með mestu spekt. Það sýnist því ekki brýn þörf að fara að herða á ákvæðunum um eftirlitið með síldveiðunum nú í svipinn. Sérstaklega skal eg geta þess, að einmitt nú er full átæða til þess að fara varlega í sakirnar, vegna þess, að íslenzku stjórninni hefir nýskeð gegnum utanríkisstjórn Dana, borist erindi frá norsku stjórninni, sumpart sem svar upp á eldri óskir héðan, þess efnis, að nú mundi af Norðmanna hálfu kostur á samningum milli Íslendinga og Norðmanna, í þá átt, að þeir færðu niður toll á íslenzku kjöti og hestum, gegn því að Íslendingar linuðu dálítið á ákvæðunum um síldveiðar Norðmanna hér við land, sérstaklega þeim, sem sett voru með lögunum frá 1911. Þykja þeim, sem von er, sum ákvæði þessara laga, afarhörð aðgöngu svo sem það ákvæði að síldveiðaskipunum er bannað að hafa skipsbáta sína utanborðs í landhelgi — telja Norðmenn það ákvæði gera sér síldveiðarnar lítt mögulegar. Þess var því farið á leit við íslenzku stjórnina, hvort ekki væri hægt að fresta framkvæmdinni á ákvæðum laganna 1911, en stjórnin svaraði því svo, að slíkt yrði ekki gert nema með lögum frá Alþingi, en hana skorti alla heimild til bráðabirgða-fyrirskipana í þá átt. En hins vegar mundi þessi málaleitun verða lögð fyrir þingið til athugunar. Og satt að segja finnast mér þessi lagaákvæði nógu hörð og óvægin, þótt ekki sé verið að herða enn þá meira á þeim.

Eg hefi leyft mér að koma fram með þingsál.till., þess efnis, að nefnd verði kosin til þess að athuga öll þau skjöl og skilríki, sem fyrir liggja viðvíkjandi málaleitun þessari, er eg gat um — og þegar sú tillaga kemur á dagskrá gefst mér tækifæri til þess að skýra háttv. þd. nánara frá málinu. Fjöldi manna mun telja okkur það mikið velferðar mál, að íslenzkur kjöt- og hesta-markaður yrði opnaður eða bættur í Noregi — og teldi eg það mikið happ ef hægt væri að koma því fyrir með því móti, að við slökuðum dálítið til í lagaákvæðum okkar um síldveiðarnar — gerðum þau dálítið mannúðlegri.

Hvað þessari þingsályktun, sem nú

liggur fyrir, viðvíkur, þá skal eg geta þess, að mér þykir nefndin, sem í tillögum sínum fer fram á aukið eftirlit úr landi, fara nægilega langt, en þar sem hv. þm. Dal. (B.J.) leggur það til að einum manni sé veitt heimild til þess að gera út sérstakt skip, til þess að grípa sem flesta lögbrjóta, gegn ákveðnum hluta í sektunum, sem landssjóði aflast á þann hátt, þá finst mér hann alt of ólmur. Mér virðist það mjög óviðeigandi og ósamboðið þjóðinni að gera út þess konar »Spekulant«skip eða »kaprara«, sem á að reyna að hremma sem flesta, til þess að ná í eins mikið sektarfé og hægt er. Sú aðferð er ólík því sem tíðkast um heim allan, að því er strandgæzlu snertir og eg er þess fullviss að erlendar þjóðir mundu kunna slíkri aðferð mjög illa. Annarsstaðar er það venja, að strandgæzlu er haldið uppi af þeim einum mönnum, er hafa herforingjalærdóm og stöðu. Auðvitað mætti halda úti lögregluskipi til þess að hafa eftirlit á landhelgissvæðinu, á sama hátt og að undanörnu hefir tíðkast, um eftirlit úr landi; en þá yrði að verja til þess ákveðinni og fyrirfram veittri fjárupphæð, en hitt væri alveg fráleitt ef landssjóður ætti að fara að ganga inn á eitthvert »akkord«, þannig að laun útgerðarmanns skipsins færu eftir því hve marga sökudólga honum hepnaðist að klófesta. En fé til slíks er ekki unt að ákveða með þingsályktunartillögu, heldur þarf til þess veiting á fjárlögunum eða á fjáraukalögum. Eg vona því, að háttv. deild samþykki ekki þessa brt. háttv. þm. Dal. (B. J.).

Að lokum vildi eg leyfa mér að spyrja háttv. nefnd að því, hvort hún gæti ekki fallist á, að þetta mál biði dálitla stund, þangað til þingsál.till. mín, sem eg hefi getið um, kemur á dagskrá. Málaleitunin frá Norðmönnum gæti þá orðið til hliðsjónar þessari þingsál.till. Henni liggur heldur ekki svo mikið á, því eins og eg gat um í byrjun ræðu minnar, þá er alt nú sem stendur með mestu spekt fyrir norðan land.

Framsögum. (Guðlaugur Guðmundsson): Út af þeim orðum hv. ráðherra (H. H.), að alt væri nú með ró og spekt á Siglufirði, skal eg geta þess, að það er mjög skiljanlegt, því að svo hefir alt af áður verið um þetta leyti sumars. Það hefir aldrei bólað þar á neinum óeirðum fyr en í Ágústmánuði — enda munu ekki öll þau síldveiðaskip, sem von er á, vera komin til landsins enn þá. Samt sem áður er það hin mesta nauðsyn, að sem minstur dráttur verði á þessu máli, vegna þess, að síldin hefi í ár gengið fyr en vant er. Eftir skýrslum, sem mér hafa borist, er þegar búið að salta úr 39 þús. tn. Þótt það sé rétthermt hjá hæstv. ráðherra (H. H.) að lögreglustjórinn á Siglufirði hafi skýrt honum frá, að alt væri þar með ró og spekt, þá getur hann ekkert um það sagt, hvort ólöglegar veiðar eigi sér stað eða ekki, vegna þess að talsverð breyting er orðin á veiðunum síðan í fyrra. Nú ganga fleiri skip frá Eyjafirði, en færri skip frá Siglufirði en áður. Það stafar af því, að verksmiðjur hafa verið settar á stofn í Eyjafirði til þess að vinna olíu o. fl. úr síldinni. Og þótt nú sé rólegt í landi, þá er það engin sönnun fyrir að svo verði lengur en vikutíma og lögreglustjóri getur, eins og eg sagði, ekki haft gát á því að ekki sé rænt og ruplað í landhelgi. Samt þykir mér sennilegt, að hvorki verði þar framin landhelgisbrot í dag eða á morgun, vegna þess að varðskipið Heimdallur liggur þar fyrir landi þessa daganna — en það verður innan skamms að fara til Danmerkur. Til þess að varðskip geti komið að nokkru gagni þar nyrðra, verður það að vera daglega á flökti um sjálfar veiðstöðvarnar. Hitt

kemur að litlum notum, eins og oftast hefir verið, að það skjótist við og við á milli Akureyrar og Siglufjarðar, en sýnir sig aldrei eða sjaldan á síldarmiðunum.

Eg get ekki séð, að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra (H. H.), að þetta mál standi í nokkru sambandi við málaleitanir Norðmanna. Eg get hvorki hugsað mér að Norðmenn fari fram á, eða við gengum nokkurn tíma að þeim samningum, að heimila veiðar í landhelgi. En þessi tillaga lýtur að eins að eftirliti með veiðum í landhelgi. Þar er því ekkert samband á milli.

Viðvíkjandi því atriði, að síldveiðaskipum er bannað að hafa skipsbáta sína utanborðs í landhelgi, þá skal eg kannast við að það er ákaflega strangt og því nær hið sama sem að banna þeim að flytja afla sinn frá veiðistöðvunum utan landhelgi, á land. En þetta ákvæði er komið inn í lögin eftir tillögum foringjans á danska varðskipinu, er kvað það alveg nauðsynlegt til þess að hægt væri að taka skip, er væru að ólöglegum veiðum. Þeir gætu að öðrum kosti fiskað í landhelgi eftir vild, en ef til varðskipsins sæist, hleyptu þeir síldinni úr nótinni og látist vera að bæta netin í bátunum. Annars álít eg fyrir mitt leyti, að ekki væri miklu slept, þótt þetta ákvæði yrði numið úr gildi, einkanlega ef gert væri út skip, sem væri á daglegu flökti á veiðistöðvunum og varnaði brotum. Það er alls ekki meining mín, eins og eg hefi áður tekið fram, að slíkt skip ætti að hafa vald til að handtaka lögbrjóta, heldur ætti það að eins að tryggja sönnun fyrir þeim brotum er framin yrðu. Og þá er eg þess fullviss, að síldveiðaskipin mundu fremur skyrrast við að ganga ofan í lögin. Eins og eg tók fram, þá hefi eg ekkert á móti því, að ákvæðið um skyldu veiðiskipa til þess að hafa báta sína innanborðs í landhelgi sé numið úr gildi sérstaklega ef við fáum eitthvað í aðra hönd í staðinn fyrir það. En, sem sagt, það kemur ekkert þessu máli við og eg álít alsendis óþarft að fresta því vegna þessarar málaleitunar Norðmanna, sem hæstv. ráðh. (H.H.) talaði um.

Bjarni Jónsson: Viðvíkjandi þeirri ró og spekt, sem hæstv. ráðherra (H. H.) var að tala um, að nú væri fyrir Norðurlandi, hefir hv. frams.m. (G. G.) getið um, af hvaða ástæðum það væri, svo eg get sparað mér að tala um það. Eg get ekki heldur séð, að málaleitanir Norðmanna og þessi þingsályktunartill. geti staðið í nokkru sambandi hvað við annað, því að þingsáltill. fer að eins fram á strangara eftirlit með veiðum í landhelgi okkar, og að gefa öðrum þjóðum rétt til að fiska í landhelgi, hygg eg að engum geti til hugar komið. Eg er samdóma hæstv. ráðh. (H. H.) í því, að ákvæði laganna 1911, sem skylda síldveiðaskipin til að hafa báta sína innanborðs í landhelgi, eru alt of hörð, og eg hafði jafnvel hugsað mér að koma með frumv. á þinginu í þá átt að afnema þetta ákvæði, en það aftraði mér, að eg sá að þetta atriði gætum við notað sem eftirgjafaratriði í samningum okkar við Norðmenn. Eg hefi gert margar fyrirspurnir til Norðmanna, hvaða ívilnanir þeir vildu gera okkur í tollum á íslenzku kjöti og hestum, ef við leituðum samninga við þá. Eg fékk þau svör, að við yrðum að láta í ljósi hvað við byðum á móti. Kváðust þeir helzt vilja fá leyfi til að veiða í landhelgi okkar, en það sagði eg að gæti ekki komið til nokkurra mála — það væri alt of mikil ívilnun til þess að við gætum gengið að því. Það sem tók skarið af, að eg ekki bar fram frv. um breytingu á lögunum frá 1911, var að eg sá þingsál.till. hæstv. ráðh. (H.H.) og sá að þessi ákvæði gátu orðið vopn í okkar hendi. En fari nú

svo, að þetta ákvæði, sem yfirmaður danska varðskipsins telur svo mikilsvert, verði numið úr lögum, þá er það ljóst, að þörf er á enn þá strangara eftirliti og því ber að leggja enn þá meiri áherzlu á mína brt. en áður — því fremur þarf sérstakt skip til þess að vera á sífeldu flökti um veiðistöðvarnar. Eg get frætt hæstv. rh. (H. H.) um það, að þetta er aðeins eftirlit af landi, auðvitað er ekki meiningin að skipið standi í nausti — það á að vera á floti. Úr orðum hans um »spekúlantsskip«, get eg ekki gert mikið. Í br.till. minni er að eins lagt til, að verja megi alt að helmingi sektafjár þess, sem landssjóði bætist við þessa ráðstöfun, til eftirlitsins. Þar er alt lagt í stjórnarinnar hönd, hún getur ákveðið hversu mikið útgerðarmaður skipsins á að fá. Hér er að eins um heimild að ræða. Líka skal eg geta þess, að öll strandgæzla alstaðar um heim mun vera til þess, að hindra það, að lögbrot verði framin og ná í *alla* þá, er brjóta lögin. Hér getur því ekki verið um neina »spekulation« að ræða. Og eg hygg að það sé ekki nema í einu einstöku smáriki, að ekki megi verja nema tiltekinni upphæð af kolum til strandgæzlu — og ekki þótti því ríkinu, sem hefir gert »Fálkann« út, það frágangssök að taka á móti ákveðnum hluta sektafjárins sem borgun fyrir fyrirhöfn sína. Þegar við tókum þennan sektafjárhluta af þeim, þá var það kallað samningsrof, bæði af hæstv. ráðherra (H. H.), sem var að tala um »spekulant«-skipið, og Dönum.

Eg get ekki skilið það, að nokkrar erlendar þjóðir taki það illa upp þótt við reynum að fyrirbyggja það, að vaðið sé ofan í landhelgislög okkar. Það er heldur ekki rétt hjá hæstv. ráðh. (H. H.), að sérstakan lærðan herforingja mundi þurfa til þess að vera fyrir þessu skipi. Þess þarf að eins við á eftirlitsskipum utan landhelginnar, en til þess er ekki ætlast í brt. minni. Lærðan herforingja þarf ekki einu sinni til gæzlu utan landhelgi. Því að í samningnum frá 1903, milli Englendinga og Danakonunga stendur í XXVI. grein:

»Skip úr herskipaflota hinna tignu samningsaðila skulu hafa tilsjón með fiskveiðunum; fyrir Danmörku má nota til þess skip, sem eru eign ríkisins, er skipstjórar þeirra eru sérstaklega kvaddir til þess starfa».

Danakonungur er konungur Íslands og mundi því mega neyta þessarar undanþágu fyrir ríkið Ísland. Er því svo langt frá að vér þurfum herforingja til þess að gæta landhelginnar, að stjórn Íslands og konungur mundi geta falið íslenzku skipi og íslenzkum mönnum að hafa hið tilskilda eftirlit fyrir utan landhelgina. Og þótt aðrar þjóðir hafi eigi gengið að þessum samningi, svo sem hann heimilar, þá er eg fullviss að aðrar þjóðir mundu ekki fara að kvarta yfir því, sem Englendingar létu sér lynda. En áður en eg sezt niður og hæstv. ráðh. (H. H.) getur farið að traðka á moldum mínum, þá vildi eg beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann áliti ekki, að Íslendingar hafi fullan rétt til þess að halda uppi gæzlu á landhelgi sinni, óbundnir af öllum öðrum þjóðum. Sezt eg svo niður með þeirri meðvitund að mega ekki segja meira í þessu máli í dag.

Ráðherrann (H. H.): Eg sé ekki til neins, að vera að tefja tímann með því, að vera að tala um þennan samning sem háttv. þm. Dal. (B. J.) gat um. Samningurinn er alls ekki um fyrirkomulag landhelgisvarna, heldur einmitt um tilhögun á fiskveiðum þegna hins ríkisins **utan landhelgi** á hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland. Auðvitað hefir íslenzkt lögregluvald í sjálfu sér rétt

til þess að halda uppi, lögum landsins á landhelgissvæðinu. En til þess að geta gert það svo gagn sé í, svo lögbrjótarnir verði ekki lögreglunni yfirsterkari, þarf að beita þeim vopnum sem öðrum en sjóliðsforingjum er ekki trúað fyrir með að fara. Það er og alþjóðatízka að ríkin vilja ekki beygja sig fyrir öðrum mælingum á landhelgistakmörkum en þeim, sem fengnar eru af mönnum er hafa sérstaklega til þess lært í sjóliði. Norðmenn hafa reyndar unað við það að undanförnu, að norsk skip hafi verið sektuð eftir mælingum og vitnisburði utansjóliðs-manna, en eg tel öldugis víst að Englendingar mundu ekki gera það og óvíst hve lengi Norðmenn gera það.

Hv. þm. Dal. (B. J.) sagði að búið væri að upplýsa, hvers vegna sagt hefði verið að alt væri með spekt á Siglufirði. En það er ekki einungis á Siglufirði að alt er með spekt, heldur á öllu landhelgissvæðinu norður þar. — Það er alveg rétt að því meiri þörf er á eftirliti, ef lögin frá 1911 eru feld úr gildi og skipunum er heimilað, að hafa bátana úti. En samt sem áður tel eg ekki rétt að vera að herða á lögunum nú, því að með því gætum vér spilt væntanlegum samningaumleitunum við Norðmenn. Eg vil því leyfa mér aftur að leggja það til að málinu sé frestað, þangað til nefnd hefir verið sett til þess, að athuga hvort nokkuð og þá hvað megi bjóða af vorri hálfu í þessu samningamáli.

ATKV.GR.:

Samþ. að fresta málinu.

Framh. einnar umr.; 20. Ágúst.

Famsögum. (Guðl. Guðmundsson): Það var talað svo ítarlega um þetta mál síðast, að eg sé ekki ástæðu til að tala frekar um það nú. Eg vil þó geta þess að nefndin getur ekki fallist á brt. á þgskj. 77.

ATKV.GR.:

Br.till. (77), 1. liður feldur með 13 : 3 atkv.

Br.till. (77), síðari liður tekinn aftur.

Till. sjálf samþ. með 15 shlj. atkv., og *afgreidd til ráðherra.*

Eyðing refa.

TILLAGA til þingsályktunar um eyðing refa (37, 66); ein umr. 26. Júlí.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Þessi till. er nýmæli hér á þinginu. Ástæðan til þess að hún er fram komin er sú, að á síðasta sýslunefndarfundi Árnesinga kom fram sú uppástunga, að skora á þingið að búa til lög um útrýming á refum úr landinu. Okkur þingm. var svo falið að flytja þetta mál, en við nánari athugun sá eg, að eigi mundi tiltækilegt að þessu sinni og engin tök á að búa til frumv. til laga þar að lútandi. Áleit að betur þyrfti að rannsaka málið, og valdi því tillöguleiðina, að skora á landstjórnina að safna ábyggilegum skýrslum um málið og rannsaka það.

Hér er um stórmál að ræða, sem nauðsynlegt er að vel sé athugað, áður en teknar eru ákvarðanir um það.

Þegar litið er á málið í heild, verður ekki annað sagt en að refar séu hrein landplága, því að auk þess tjóns sem fjáreigendur bíða af dýrbiti, hafa refaveiðar mikinn kostnað í för með sér. Þessir 2 stóru útgjaldaliðir, sem refarnir orsaka hér hjá okkur, eru þungir og mjög tilfinnanlegir.

Till. orðar að skora á landstjórnina að safna skýrslum um það tjón, sem

fjáreigendur verða fyrir af dýrbiti Ef til vill verður það nokkrum erfiðleikum bundið að fá skýrslur um það tjón, því þó menn viti nokkurn veginn hvað mikið bízt í heimahögum, þá er hitt miklu meira, sem bitið er í afréttum, og naumast hægt að fá nákvæmar skýrslur um það. Kunnugir menn segja, að vanheimtur á lömbum stafi mestmegnis af dýrbiti á afréttum.

Hægara verður að komast fyrir, hvað miklu er varið til útrýmingar refa. En heyrt hefi eg menn hafa á orði, að sá kostnaður sé meiri en tiltekið er í sveitarreikningunum. En þegar litið er á þann kostnað, sem refaveiðar hafa í för með sér samkvæmt skýrslum um útgjöld sveitasjóða, þá kemur það í ljós að sá kostnaður er feikimikill.

Árið 1906—07 var kostnaðurinn við refaveiðar sem hér segir:

Á Suðurlandi	1102	kr.
— Vesturlandi	2963	—
— Norðurlandi	1953	—
— Austurlandi	988	—
Samanlagt	7006	kr.

Árið 1907—08 nam kostnaðurinn enn meiru:

Á Suðurlandi	1393	kr.
— Vesturlandi	3585	—
— Norðurlandi	2285	—
— Austurlandi	1407	—
Samanlagt	8670	kr.

Þegar maður lítur á kostnaðinn í einstökum sýslum, verður munurinn afarmikill. Mestur var kostnaðurinn þetta ár 1907—08 í þessum sýslum:

Í Mýrasýslu	kr.	952
- Árnessýslu	—	710
- Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu	—	681
- Norður-Þingeyjarsýslu	—	668
- Norður-Múlasýslu	—	645
- Suður-Þingeyjarsýslu	—	525

Eins er kostnaðurinn mjög misjafn í einstökum hreppum. Sumir hreppar verða mjög hart úti. Þetta sama ár var refaveiðakostnaður í tveimur hreppum í Mýrasýslu 257 kr. í hvorum. Í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu 223 kr. og í Gnúpverjahreppi í sömu sýslu, fremur litlum hreppi, 186 kr.

Af þessu má sjá, að refakostnaður er víða mjög mikill. Þó er víst, að víða er þessu fé alveg í sjóinn kastað; árangurinn sáralítill og sumstaðar virðist svo sem mjög sé kastað höndunum til útrýmingarinnar, bæði eitrunar og skota.

Það er vitaskuld vandi úr því að leysa, hvort hægt sé að útrýma refum. Þess eru þó dæmi, að sumstaðar, þar sem mikið hefir kveðið að dýrbiti, hefir tekist að taka fyrir það að miklum mun fyrir ötula framgöngu einstakra manna eða hreppsfélaga. En oft hefir að því orðið skammgóður vermir og dýrbitið aukist aftur, því er ekki að neita. — Þegar Árni sýslumaður Gíslason flutti sig úr Skaftafellssýslu til Krísuvíkur, flutti hann með sér margt fé, um 1200 fjár. En er hann var sestur að í Krísuvík, eyddist fyrir honum á næstu árum nálega helmingurinn af fé því, er hann hafði komið með þangað og flest af dýrbiti. Þá tók hann sig til og reyndi að útrýma refunum. Þetta bar svo góðan árangur, að við dauða hans kvað nálega ekkert að dýrbiti þar um slóðir. Þannig hefir dugnaður einstakra manna eða hreppa borið mikinn árangur. En sumstaðar hefir eyðing refanna verið trössuð og ekki náð tilgangi sínum. Þó virðast þessi dæmi benda á það, að ef til vill megi útrýma refum alfarið hér á landi. En fyrst af öllu er að rannsaka hversu mikið tjón hlýzt af dýrbiti og hve mikið muni kosta að útrýma tóunum. Að því miðar tillaga mín.

Vona eg að menn taki tillögunni vel. Hér er um mikla nauðsyn að ræða fyrir

landbúnaðinn. Hins vegar ekki gengið á rétt einstakra manna þótt tóunni væri útrýmt, því að þeir eru sárfáir, er refaskot stunda eða hafa atvinnu af refaveiðum hér á landi.

Einar Jónsson: Eg get að öllu leyti tekið undir það með hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að það væri hin mesta nauðsyn að útrýma tóunni hér á landi. Að hinu leytinu er eg honum ósamþykkur í því, að nokkur von sé um að framkvæma það. Það vita allir, að tóan er ekki fyrir augum manna eða á almannafæri þegar hún er að bíta féð. Mönnum er ómögulegt að vita, hvað mikið hún etur af fé, og að vera að fyrirskipa stjórninni, að útvega skýrslur um það, sem enginn maður veit, það er bara að leggja árangurslausa fyrirhöfn á stjórnina. Talsverðu fé hefir árlega verið varið til refaveiða, og er það satt bezt að segja, að það er ófullnægjandi, meðan ekki er búið að drepa síðasta yrðlinginn, en hætt er við, að það verði seint. Það er víst vani hreppa að gera sitt ítrasta í útrýmingu refa. Og þótt farið sé að rannsaka, hvað það muni kosta, að útrýma refum algerlega, er víst ekki hægt að rannsaka það. Eg tel þessa tillögu til einkis gagns, heldur að eins til þess að leggja árangurslausa byrði á stjórnina og alla þá menn, sem skýrslurnar eiga að gefa.

Eg mundi ekki hafa lagt á móti tillögunni, ef hún hefði verið framkvæmanleg, en þessari tillögu svipar til svo margra þingsályktunartill., sem hrúgað er hér inn á þingið og eru bæði óþarfar og al-gagnslausar.

Benedikt Sveinsson: Eg er líkrar skoðunar um þetta mál og háttv. 1. þm. Rang. (E. J.). Eg er hræddur um að tillagan sé nauða-gagnslítil. Allir eru á einu máli um það, að ákjósanlegt væri að eyða öllum refum hér. En þó að stjórninni væri falið að safna skýrslum um tjón af dýrbít og hvað kosta muni að sálga öllum refkeylum í landinu, þá er hætt við að lítill rekspölur kæmist á það mál. Það er ekkert nýmæli, að gerðar séu ráðstafanir til þess að eyða dýrbít. Eg veit ekki betur en landsmenn hafi verið í sífeldri baráttu við þann varg síðan landið bygðist.

Á þjóðveldistímanum voru lög um eyðing refa. Þjóðin hefir glímt við skolla í 1000 ár.

Á síðari tímum hafa verið settar reglugerðir um þetta efni í hverri sýslu, sniðnar eftir staðháttum hvers héraðs og miðaðar við 1000 ára gamla reynslu manna um þessi efni. Hvervetna hvílir sú skylda á mönnum að leita að grenjum og reyna að vinna þau. Menn eitra fyrir refi og bræla þá inni, liggja úti og skjóta. Því mun gert alt, sem nokkurn veginn er unt til eyðingar refum.

Í annan stað finst mér það vera að reisa stjórninni hurðarás um öxl að safna sér skýrslum um það, sem enginn maður veit né getur vitað!

Margt fé ferst uppi á heiðum og afréttum, og yrði dýr leit að rannsaka dauðamein hvers gemsans, þótt hægt væri að finna af honum beinagrindina. *(Sigurður Sigurðsson:* Dettur engum í hug) Þá veit eg ekki hver tilgangur tillögunnar er.

Það er og ætlun sumra, að refar hafi komist hingað og komi með hafísum, og er það líklega rétt; menn tala um ísatófur, sem stundum gangi á land. Og víst er um það, að í fyrstunni hafa refar komist til landsins á þann hátt. Það mundi því lítið stoða, þótt stjórnin hefði þann undramátt að geta metið til fjár hvert melrakka-líf, þeirra sem nú eru í landinu.

Bæði þessi atriði tillögunnar eru því jafn-óframkvæmanleg: að rannsaka til

hlítar tjón af dýrbít og gera sennilega áætlun um, hvað alger útrýming refa muni kosta.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Það má vera, að þessi tillaga sé ekki ýkja nærgætin gagnvart stjórninni, en að óreyndu vil eg ekki gera landsstjórninni þær getsakir, að hún muni ekki gera alt, sem í hennar valdi stendur, til að rannsaka málið, ef tillagan yrði samþykt.

Um hitt er eg samdóma þeim 2 hv. þm. sem talað hafa, að hér sé um töluverða erfiðleika að ræða, að safna ábyggilegum skýrslum, en ókleyft hygg eg það ekki.

Hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) sagði, að við þetta hefði verið glímt hér á landi í 1000 ár; það veit eg að satt er. Og það er stöðugt verið að gera tilraunir til þess að eyða refunum, en þær fara í handaskolum, eins og eg tók fram áðan. Árangurinn af þeim minni en búast mætti við, ef betur væri um þetta búið. Máske hv. þm. haldi, að vér megum ekki vera án refanna, af því að vér höfum haft þá í 1000 ár. Það kann að hafa vakað fyrir honum.

Eg kannast við það, að erfitt sé að safna skýrslum um það, hvað margt fé er bitið árlega. En árlega eru vanskil á fé af afréttum, einkum lömbum. Hvað verður þá af því fé? Það glatast aðallega með þrennu móti, af dýrbiti, ferst í ám eða vötnum eða er stolið af mönnum. Eg þori að fullyrða, að af þessu þrennu er tóan drýgst, og eg tek það upp aftur, að óhætt mun að skrifa flest eða öll lömbin á hennar reikning, sem vanta á haustum. Síður á það sér stað um fullorðið fé, og eru þess þó dæmi, að tóa hefir bitið í heimahögum fullorðnar kindur, jafnvel sauði.

Það væri máske rétt að setja nefnd í málið, ekki vil eg þó stinga upp á því sjálfur. Læt eg kylfu ráða kasti, en ekki trúi eg fyr en eg tek á, að hv. deild felli tillöguna.

Tryggvi Bjarnason: Ekki get eg fallist á það, að verið sé að leggja þunga byrði á landsstjórnina, þótt þessi tillaga sé samþykt. Stjórnarráðið leitar sjálfsagt til hlutaðeigandi sveitarstjórna og aflar hjá þeim skýrslnanna og þær senda, svo að það mundi ekki verða mikið verk að safna skýrslunum. En þótt skeggrætt sé fram og aftur um eyðing refanna, býst eg við að þeir eigi jafnlangt líf fyrir höndum. En eg hefi ekkert á móti því, að reynt sé að afla skýrslna um þetta efni, því að sumir menn halda því fram, að hægt sé að útrýma refunum, enda hefir það tekist á sumum stöðum, þótt þeir raunar oft hafi komið aftur, af því ekki hefir tekist að útrýma þeim af öðrum sviðum.

Eg hefi ekkert á móti því að afgreiða till., hún kann að vekja menn til umhugsunar um máið, og tel engin vandkvæði á því vegna stjórnarinnar. Og víst er um það, að þótt mikið fé kostaði eyðingin, þá borgaði það sig þó, ef tækist. Mér er það kunnugt, að víða er höfð fljótaskrift á eyðingu refa, enda afréttir víða víðlendar og kostnaðarsamt að halda uppi grenjaleitum.

Eg mun greiða tillögunni atkv., þar sem hún væntanlega mun vekja menn til ítarlegri umhugsunar um málið.

ATKV.GR.

Viðaukatill. (þgskj. 66) tekin aftur.

Tillaga (þgskj. 37) felld með 11 : 4 atkv.

Lán til að bæta landsskjálftaskemdir.

TILLAGA til þingsályktunar um lán úr viðlagasjóði til að bæta jarðskjálftaskemdir í Rangárvallasýslu, (46, 70); e i n u m r., 25. Júlí.

Flutningsm. (Eggert Pálsson): Eg geri ekki ráð fyrir að fara þurfi mörgum orðum um þessa þingsályktunartillögu. Öllum er meira eða minna kunnugt um tjón það sem orsakaðist af jarðskjálftunum í vor í Rangárvallasýslu, bæði af blöðunum og sömuleiðis af skýrslu, sem legið hefir frammi á lestrarsalnum. Það má geta þess, að í skýrslunni sem fram er lögð hefir alls ekki verið gerð tilraun til þess, að meta tjónið til peningaverðs, og á hinn bóginn ekki tilgreindir neinir bæir nema þeir, þar sem tjónið var stórkostlegast. Vitanlegt að margir aðrir bæir skemdust meira eða minna, þótt ekki kæmi til mála að meta eða telja þær skemdir. Ef alt hefði verið metið, hefði tjónið reiknast miklu meira á svæði því sem jarðskjálftinn náði aðallega yfir heldur en 1896, því að það er samhljóða álit allra þar eystra, að þessi landsskjálftakippur hafi verið miklu lengri og snarpari en nokkur kippurinn í landsskjálftanum 1896. Að ekki skemdust eins mörg hús eða féllu eins margir bæir nú eins og þá átti sér stað, kemur af ýmsum samverkandi ástæðum. Þessi kippur var að eins einn í sinni röð, í stað þess að 1896 voru þeir 3 eða 4 er ráku hver annan. Ef svo hefði verið nú, hefðu margfalt fleiri bæir hrunið nú en þá. Þá er og annað byggingarlag nú en þá var, timburhús miklu fleiri, bæði íbúðarhús og hlöður. En aðalástæðan mun þó vera sú, að jarðskjálftakippurinn nú náði ekki yfir jafnstórt svæði eins og þá. Árið 1896 náði jarðskjálftinn bæði yfir Árnes- og Rangárvalla-sýslu, en í vor aðallega yfir efri hluta Rangárvallasýslu. En jafnframt því sem svæðið var takmarkaðra, sýnist kippurinn að hafa verið ennþá snarpari. Jörðin klofnaði á stóru svæði og alt yfirborð hennar gerbreyttist, eins og hv. samþingismaður minn getur sérstaklega borið vitni um eftir eigin sjón. Eins og skýrslan ber með sér hafa 137 bæir fallið og 470 hús skemst. Má sjá á því að jarðskjálftinn hefir verið mikill, einkum þegar tillit er tekið til þess, að ekkert er talið með nema það sem stórskemdist, og eins og eg gat um áðan er margt meira og minna skemt þar að auki.

Þegar svona var komið varð eitthvað til bragðs að taka. Leit út fyrir um tíma, að bændur margir hverjir mundu ganga frá jörðum sínum slippir og snauðir. Því að þótt fénaður væri til mundi hann ekki hafa hrokkið meira hjá allflestum, en fyrir skuldum. Það er því augsýnilegt þvílíkt voðatjón slíkt hefði verið, ekki að eins fyrir einstaklinginn heldur og fyrir sveitarfélögin.

Úrræðið sem sýslunefndinni sýndist helzt að grípa til, var að sækja um lán úr viðlagasjóði, og fékk sú málaleitun þá þegar beztu undirtektir hjá stjórninni. Var hugsunin sú, að sýslusjóður lánaði svo aftur út þetta fé hlutaðeigandi hreppsfélögum að réttri tiltölu við skemdirnar, en þau aftur einstaklingunum, sem mest höfðu tjónið beðið, og erfiðast áttu með að rísa undir því gegn veði, ef svo sýndist, í hinum endurreistu húsum.

Það má að vísu segja, að fleiri vegir hafi verið til fyrir sýslunefndina en þessi eini. T. d. sá, að leita almennra samskota. En það var samhljóða álit hennar og eg held flestra þar eystra, að æskilegast væri að geta sneitt algerlega hjá þeim vegi. Bæði er það að menn-

um þykir jafnan leitt að vera bónbjargarmenn, ef annars er kostur, og svo eru dæmi til að slíkum samskotum hefir ekki þótt sem sanngjarnlegast útbýtt.

Þetta varð því úrræðið, að reyna að fá lán úr viðlagasjóði, og þá auðvitað sem minst, sem hugsað var að hægt væri að komast af með, þar eð sýslufélagið vildi vitanlega ekki binda sjálfu sér þyngri bagga en á þyrfti að halda. Og upphæðin sem menn hugsuðu sér að mundi mega láta sér nægja, var 25 þús. kr. Jafnframt var það og haft fyrir augum, að hver einstakur maður, sem láns þessa yrði aðnjótandi, verði því eingöngu til efniskaupa, til þess að kaupa timbur, þakjárn og steinlím. Reynslan hefir kent oss Rangæingum það, að byggingarlagið, sem tíðkast hefir frá fornöld sem sé hús með háum veggjum bygðum úr grjóti eða torfi og grjóti og með grjóthellnaþaki, getur verið stórhættulegt, bæði fyrir menn og skepnur. En að hættan er aftur á móti miklu minni, ef þökin eru höfð létt og veggirnir lágir. Sérstaklega séu þeir steyptir, eins og sýndi sig nú við síðasta jarðskjálfta, að steypta veggi eða grunna sakaði ekki hót þótt aðrir veggir hryndu. Sömuleiðis hefir reynslan kent oss það, að ekki tjáir að taka slíkt lán, sem hér um ræðir, til langs tíma, jafn tíðir og jarðskjálftarnir gerast á þessu svæði. Það liðu ekki nema 16 ár seinast milli jarðskjálftanna og þar áður 18, svo að gera má þannig ráð fyrir, að eigi liði mörg ár þangað til að þeir komi enn að nýju. Tíminn sem lánið er tekið til, má því ekki vera lengri en svo, að nokkurnveginn vissa sé fyrir að lánið sé goldið áður en jarðskjálftar koma næst. En af hinum stutta afborgunarfresti leiðir það, að þá þarf lánið líka að vera vaxtalaust ef hlutaðeigendum á að vera nokkur hjálp í því. Væri það með vöxtum mundu vextirnir og hin árlega afborgun á 10 ára tímabili verða svo stór upphæð árlega, að lánþyggjendur mundu alls eigi fá undir henni risið. Og hjálpin þannig í raun og veru verða sama sem eða verri en engin.

Eg skal geta þess, að fráfarandi stjórn brást vel við þessari lánbeiðni sýslubúa og taldi sig fúsa til þess að lána fé, en taldi sig að eins bresta heimild til þess að semja um ákveðin lánsskilyrði. Þess vegna er nú þessi tillaga fram komin í báðum deildum þingsins, til þess að fá þessi skilyrði fastsett af þingsins hálfu. Sýslumaður Rangæinga bíður hér í Rvík eftir úrslitum þessa máls, svo að hann geti hafið peninga þessa og þeir geti orðið til þess að bæta úr bráðaþörf og borga skuldir þeirra, sem fyrir mestu tjóninu hafa orðið. Því í trausti þess að málið mundi fá góðan framgang bæði hjá þingi og stjórn, hafa margir þegar keypt talsvert að byggingarefni, sem þarf að fara að borga. Þess vegna þarf hér að hafa hraðan á, og eg vænti þess að Alþingi muni taka eins vel í þetta mál eins og landsstjórnin þegar hefir gert, svo að þessi till. verði samþ. fyrirstöðulaust í báðum deildum og að öllum sé það ljóst að hér er um mannúðarverk að ræða, sem sjálfsagt sé að ljá liðsinni sitt.

ATKV.GR.:

Tillagan samþ. í einu hljóði og send stjórnarráðinu.

Um tilboð frá norsku stjórninni.

TILLAGA til þingsályktunar um að kjósa 5 manna nefnd til að athuga framkomin tilboð frá norsku stjórninni (81); hvernig ræða skuli.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Um þennan lið dagskrárinnar á að ákveða

hvernig ræða skuli. En eg hefi nú leitað að þessum tilboðum frá norsku stjórninni á lestrarsalnum, og er ekkert tilboð þar að finna. Eg hefi líka spurt hæstv. ráðherra (H. H.), og kveðst hann ekkert tilboð hafa. Það lítur út fyrir að verið sé að gabba deildina, og leyfi eg mér því, þegar svona er farið að, að leggja til að engin umr. verði höfð um þetta mál.

Ráðherrann (H. H.): Eg skil ekki hvernig háttv. þm. getur látið sér um munn fara þessi ummæli. Eg hefi aldrei sagt að ekkert tilboð væri til, eg hefi að eins sagt að ekkert tilboð væri lagt fram á lestrarsal. Þetta tilboð er tilboð um, að samninga sé leitað, sem áður hefir verið afhögg um frá Norðmanna hálfu, og er málaleitunin send ráðherra frá utanríkisráðaneytinu danska. Þessi nýju bréf og eldri bréfaskriftir viðvíkjandi málaleitunum af Íslands hálfu til þess að fá kjöttollinn norska feldan úr lögum eða hækkaðan eru hér í höndum mínum og verða að sjálfsögðu lögð fyrir væntanlega nefnd.

Forseti: Þetta mál er ekki til umræðu nú. Eg álít nóg að hafa eina umr., sem verði frestað, eftir að nefnd er kosin, þangað til hún hefir lokið störfum sínum.

ATKV.GR.:

Ein umræða sþ. með 16 shlj. atkv.

Ein umr., 30. Júlí.

Ráðherrann (H. H.): Það er ekki rétt að orði komist að tala um, að tilboð liggi fyrir um lækkun á tolli af innfluttum íslenzkum vörum til Noregs. Það liggur aðeins fyrir tilboð um nýjar samningatilraunir milli norsku stjórnarinnar og Íslendinga, í gegn um utanríkisráðaneytið, um tilslökun frá beggja hálfu, að því er snertir toll á íslenzkum hestum og saltkjöti í Noregi og linun á ákvæðum í lögunum, sem hér gilda um fiskveiðar Norðmanna, sem þeir telja afarhörð og sér óhagkvæm. Hingað til hefir norska stjórnin verið ófáanleg til þess að ganga inn á nokkra slíka samninga, þó Íslendingar hafi sózt eftir því nú í mörg ár. Það var, að því er eg hygg, árið 1897, að fyrst kom málaleitun í þessa átt frá félagi íslenzkra kaupmanna í Kaupmannahöfn. Þeir skrifuðu íslenzku stjórninni og fóru fram á það við hana, að hún gerði tilraun til þess að fá lækkaðan tollinn á íslenzku saltkjöti í Noregi. Hugsuðu þeir sér, að við mundum fá því framgengt með því móti, að setja að öðrum kosti toll á norskan trjávið. En þessi tilraun heppnaðist ekki.

Næsta tilraunin var gerð á Alþ. 1901. Þar var samþykt, 28. Ágúst, þingsál.till. þar sem skorað var á stjórnina að taka upp aftur til meðferðar hvort ekki væri hægt að fá norska saltkjötstollinn lækkaðan. Það urðu talsverð bréfaskifti um málið, milli stjórnanna, en kom fyrir ekki. Norðmenn voru ófáanlegir til nokkurra samninga. Í Maí 1907 er málið tekið upp enn af nýju og þá af sambandi íslenzkra kaupfélaga og þar tekið með, auk saltkjötstollsins, lækkun á tolli af íslenzkum hestum í Noregi. Og þar er fyrst bent á það, að setja megi málið í samband við fiskveiðalöggjöf okkar. Málið gekk í gegn um utanríkisráðaneytið til sendiherra Dana í Kristjaníu og þaðan til norsku stjórnarinnar, en hún veitti afsvör enn á ný.

En í bréfi dagsettu 3. Ágúst 1909 er það ekki með öllu aftekið að samningar náist. Þar stendur, að Norðmenn muni ekki »stille sig absolut afvisende«, ef við vildum unna þeim betri kjara, að því er snerti verkun á afla þeirra hér við land. En sama ár í Októbermánuði kemur nýtt bréf, þar sem það er með

öllu aftekið að lækka saltkjötstollinn — þeir vilji einmitt helzt hækka hann — en það boð gert til sætta, að lækka eitthvað toll á íslenzkum hestum gegn tilhliðrunum héðan. Svona hafa sakir staðið til skamms tíma.

Nú hefir verið fyrir nokkru, með lögum 1911, gerð sú breyting á fiskveiðalöggjöf vorri, að að sömu ákvæði skuli gilda um útlend síldveiðaskip hér við land eins og botnvörpunga, sem sé þau, að skipin skuli í landhelgi hafa bæði báta og veiðarfæri innanborðs, ella sæta hörðum sektum. Þessi ákvæði hafa reynst Norðmönnum ákaflega hörð. Það gerir þeim því nær ómögulegt að veiða á smáskipum og þótt þeir alls ekki vilji brjóta lögin, þá geta þessi ákvæði orðið til þess að gera þeim það því nær ókleyft að neyta réttar þess, er þeir hafa til þess að veiða utan landhelgis.

Nú virðast Norðmenn hafa breytt skoðun sinni á kjöt- og hesta-tollinum og í bréfi dags. 28. Maí 1912 er skýrt frá því, að sendiherra Dana í Kristjaníu hafi skrifað utanríkisráðaneytinu og skýrt því frá, að nú hefði norska stjórnin lýst yfir því, að Norðmenn væru fúsir til að setja niður toll á íslenzku saltkjöti og hestum gegn nokkurri tilhliðrun í lögunum um eftirlit með síldveiðum þeirra hér við land — og vildu þeir þegar í stað taka upp samninga um þetta efni. Þeim var skrifað aftur og svarað, að ekki væri hægt að taka upp samninga áður en málið væri borið undir Alþingi.

Þá var farið fram á það við stjórnina að frestað yrði framkvæmd laganna 1911, þangað til samningar kæmust á, eða málið væri útkljáð. Stjórnin svaraði því svo, að hún sæi sig ekki hafa heimild til þess, en lofaði að bera málið undir komanda Alþingi og skyldi það verða tekið til athugunar þar. Hér hefir stjórninni nýskeð borist bréf dags. 4. þ. m., þar sem Otto Krag, sendiherra Dana, segist hafa átt tal um málið við utanríkisráðherra Norðmanna — og hafði honum legið það mjög á hjarta og kveðið svo að, að ef Íslendingar vildu láta í ljósi, hvaða tilslakanir þeir vildu gera, þá mundu Norðmenn láta uppi hvað þeir vildu á móti láta — en hann aftók það með öllu að láta nokkuð uppi að fyrra bragði. Til þess kvað hann sig skorta heimild.

Eg hefi nú skýrt frá málinu eins og það hefir gengið til og leyft mér að stinga upp á, að kosin verði 5 manna nefnd til að athuga það. Yrði það þá verkefni þessarar nefndar, að athuga, hvort sömu kringumstæður eru fyrir hendi nú eins og áður, og hvort ástæða er til að leggja nokkuð í sölurnar til þess að fá kjöt- og hesta-tollinn lækkaðan í Noregi. Og komist nefndin að þeirri niðurstöðu, þá að gefa ráðherra einhverjar bendingar um hve langt megi fara af Íslendinga hálfu, hvort heldur að nema úr gildi ákvæðin í lögunum frá 1911, eða slaka til á ákvæðunum um verkun afla Norðmanna hér við land.

Eg vona, að háttv. deild fallist á þessar ástæður mínar til nefndarskipunar.

Valtýr Guðmundsson: Mér finst þetta mál þannig vakið, að það sé fremur lítið verkefni fyrir þingnefnd, þar sem engar upplýsingar hafa fengist um það, hvað Norðmenn vilja láta í móti koma, ef við gerum einhverjar tilslakanir í löggjöf okkar, þeim í hag. Mér finst það líka vera talsvert varhugavert ef við færum fyrirfram að ákveða hversu langt við viljum fara. Norðmenn gætu hagað sínu tilboði eftir því og farið skemmra í tilslökunum sínum en ella.

Eg vil líka láta þess getið, að mér virðist vera farið að kveða of mikið að því, að stjórnin kasti allri ábyrgð yfir

á þingið. Hún þorir varla að koma með eitt einasta smáfrumvarp án þess að bera það áður undir þingið. Í öðrum löndum tíðkast sá siður, að stjórnin gerir flesta samninga — eg tala nú ekki um aðra eins og hér er um að ræða — upp á eigin spítur, og ber þá svo síðar undir samþykki þingsins. Enda er það líka heppilegast. Stjórnin á að hafa ábyrgðina, en gegn þinginu er aldrei hægt að koma fram neinni verulegri ábyrgð. Það er líka heppilegra, að stjórnin geri sjálf samninga eins og þessa, sem hér er um að ræða. Þá er líka miklu hægara að liðka til á báðar hliðar, eftir því sem menn fá að vita hvað í boði er.

Það eina sem nefnd gæti, að mínu áliti, gert í þessu máli, væri það, að athuga hvort nú eru sömu kringumstæður fyrir hendi og áður — hvort við höfum þann hag af lækkun á kjöt- og hesta-tolli, að það borgi sig að leggja nokkuð í sölurnar á móti —, en þegar það er athugað, þá ber stjórninni einni að ganga frá öllum samningum, enda á hún líka miklu hægara um vik þar en þingið.

Guðlaugur Guðmundsson: Viðvíkjandi því atriði, sem seinast var tekið fram, að það væri nauðsynlegt, að nefnd tæki til athugunar, hvort nú væri fyrir hendi þær sömu ástæður og áður til þess að lækka hesta- og kjöttollinn í Noregi gæti haft þýðingu fyrir Ísland, þá skal eg taka fram, að talsverð breyting mun vera hér á orðin að því er kjöttollinn snertir frá því er var fyrir 15 árum. Eg hygg að nú, þegar þau félög, sem mest flytja út af kjöti, hafa komið á kjötskoðun og merking á kjöti, þá séu betri skilyrði fyrir góðum markaði í Danmörku fyrir hendi en áður voru, og þar af leiðandi ekki eins skaðlegt fyrir okkur, þó að tollur sé á því í Noregi. Hinu get eg ekki gert mikið úr, að útflutningur á íslenzkum hestum færi mjög í vöxt, þó að tollurinn í Noregi væri lækkaður. En þrátt fyrir þetta þá er það sjálfsagt, að nefnd sé látin athuga þessi atriði. Það er ekki nema sjálfsögð kurteisisskylda, úr því miklar bréfaskriftir hafa verið út af þessu frá báðum hliðum.

Eg get ekki verið samdóma háttv. þm. Sfjk. (V. G.) um það, að stjórnin hafi farið rangt að í því, að fara með þetta mál til þingsins, einkum af því að hér horfir dálítið sérstaklega við. Það er hér að ræða um tilslökun, eða afnám, á ákvæðum laga, sem nýlega hafa verið samþykt hér á Alþingi, og umboðsvaldið hefir enga heimild til að hreifa við þeim án samþykkis löggjafarvaldsins. Það er ákveðið í lögunum frá 11. Júlí 1911, sem skylda síldveiðaskip hér við land til þess að hafa veiðarfæri sín og báta innanborðs í landhelgi. Þetta ákvæði er þannig lagað, að það gerir smærri skipunum veiðarnar lítt mögulegar. Þau eiga erfitt með að draga bátana inn og þeir eru stórir og bera skipin ofurliði. Eins og eg tók fram, þá er hér um lagaboð að ræða, og því er ekki nema eðlilegt, að stjórnin spyrji þingið fyrst um, hvort það með nokkrum skildögum vilji gera breytingu að því er lagaboð þetta snertir. Eg er hræddur um, að það mundi verða skoðað sem frekja, ef stjórnin hefði upp á sitt eindæmi farið byrja á samningum um þetta atriði án þess að spyrja þingið til ráða, og svo gæti farið, að það eftir á vildi alls ekkert sinna málinu. *(Valtýr Guðmundsson:* Stjórnin styðst við þingfylgi síns flokks). Mér er algerlega ókunnugt um, að stjórnin hafi nokkuð beizli, sem hún geti stungið upp í þingmennina og teymt þá á í hvaða smámáli sem er. Það er að minsta kosti varkárara að eiga ekki undir því.

Það er auðvitað leitt, að Norðmenn

hafa varist öllum fréttum um það, hvað þeir vilji ganga inn á, en því nauðsynlegra er það, að nefnd fjalli um málið. Þar sem hér er um ákveðið lagaboð að ræða, getur nefnd og þing sett föst ákveðin skilyrði fyrir breyting eða afnámi laganna. Þingið og nefndin standa þar mikið betur að vígi en stjórnin. En þegar nefndin og þingið hafa unnið sitt verk, þá er það auðvitað stjórnarinnar að semja nánara hin einstöku atriði.

Annars er þetta lagaákvæði, sem hér um ræðir, mjög strangt, en það er sett inn í löggjöfina eftir tilmælum yfirmannsins á varðskipinu, sem sagði, að ella mundi erfitt að hafa nokkuð eftirlit með ólöglegum veiðum, svo í lagi sé. En óneitanlega fer það nokkuð langt og gerir skipunum lítt mögulegt að fara um landhelgissvæðið, þótt það sé ekki að ólöglegum veiðum.

Eg vildi leggja það til, að í stað 5 manna nefndar, sem stungið hefir verið upp á, verði máli þessu vísað til nefndarinnar, sem kosin var til þess að athuga þingál.till. um eftirlit með síldveiðum fyrir Norðurlandi, og henni yrði heimilað að kjósa sér tvo menn í viðbót.

Ráðherrann (H. H.): Eg er samdóma hv. þm. Ak. (G. G.) í athugasemdum hans, og skal leyfa mér að lýsa yfir því, að því fer fjari, að eg hafi nokkuð á móti uppástungu hans um það, að vísa þessu máli til nefndarinnar, sem kosin var til þess að athuga þingsál.-tillöguna um eftirlit með síldveiðum fyrir Norðurlandi. Mér hafði einmitt hugkvæmst það sjálfum, að það mundi heppilegast, en gleymdi að taka það fram.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) vildi hvetja stjórnina til þess að hætta sér meira fram en hún gerði, — hefir ef til vill haldið, að hún ynni þá eitthvað það, sem gæti orðið henni að falli. En hér var slíkt hvorki rétt aðferð né heldur heldur hægt að nota hana, vegna þess að fyrirrennari minn í ráðherraembættinu var búinn að skrifa utanríkisráðaneytinu um það áður, að hann sæi sig ekki hafa heimild til þess að gera nokkuð við málið nú, en mundi bera sig saman við Alþingi þegar það kæmi saman. Eg hafði því ekki lausar hendur og skil heldur ekki annað en hver þingstjórn hefði orðið að snúa sér til þingsins í slíku máli, og svo hafa Norðmenn einnig litið á, — þeir hafa líka snúið sér til þingsins. Í bréfinu sem eg gat um áðan og dagsett er 11. Júlí þ. á. er það beint tekið fram, að allar tilraunir í þessa átt hafi hingað til strandað á mótspyrnu af hálfu »*agraranna*« (ɔ: bændaflokksins) á þingi Norðmanna, en nú fyrst sé komin sú breyting á skoðanir manna þar, að hann geti tekið málið upp. Það lítur ekki út af þessu, að hann hafi verið svo »hugdjarfur« eða svo innlifaður hugsjónum háttv. þm. Sfjk. (V. G.), að vilja hætta sér út í þetta upp á sitt eindæmi.

Nú riður á að mál þetta dragist ekki mjög lengi Það geta verið miklir hagsmunir í veði. Hér er það verkefni fyrir nefnd að láta uppi álit sitt um, hvort vér höfum þann hag af að slíkir samningar takist, að það borgi sig að leggja nokkuð í sölurnar. Og einmitt vegna þess að Norðmenn hafa ekkert látið uppi um það, hve langt þeir vilji fara, er fremur þörf á nefnd, er geti kynt sér og trygt sér vilja þingsins um ákveðin skilyrði, sem stjórnin geti hagað sér eftir.

Valtýr Guðmundsson: Eg hefi ekki getað sannfærst um, hvorki af ræðu hæstv. ráðherra (H. H.) né af ræðu háttv. þm. Ak. (G. G.), að athugasemdir mínar væru ekki á rökum bygðar. Þó að eg

tæki fram, að rannsaka þyrfti, hvort ástandið væri ekki svo breytt, að vert væri að slaka til, þá er það skoðun mín, að stjórnarráðið hafi miklu betri tök á þeim rannsóknum en þingið. Stjórnin hefir einmitt margfalt lengri tíma og betri tæki til, að gera þær rannsóknir vel úr garði. Það er ekki einungis ástandið hér sem rannsaka þarf, heldur og ástandið í öðrum löndum. Hv. þm. Ak. (G. G.) tók það fram, að gott væri fyrir stjórnina að fá ákveðin skilyrði frá Alþingi og heimildir til að gera þessa samninga. Þar er eg honum ekki samdóma. Það er ekki gott að binda þannig hendurnar á stjórninni. *(Hannes Hafstein:* Það er það sem beðið er um). Já. En stjórnin þarf að hafa frjálsar hendur til að semja. Þá er það misskilningur hjá hæstv. ráðh. (H. H.) að stjórnin mundi eiga mikið á hættu þó að hún legði út í þessa samninga upp á eigin spýtur, því að hún yrði laus allra mála ef þingið vildi ekki ganga að þeim. Því fer fjarri, að eg skelli sérstaklega skuld á núverandi stjórn, eg er jafn ósamþykkur fráfarandi stjórn, að hún hefir ekki tekið upp samningana. Hæstv. ráðherra hugðist, með bréfinu er hann las upp, færa sönnur á, að stjórn Norðmanna færi eins að. En mér virtist upplesturinn, sanna hið gagnstæða. Í bréfinu stendur, að þetta hafi verið borið undir Landbrugs-Departementið, en það er sérstök skrifstofa í stjórnarráðinu norska. Enda er það algild regla í öllum löndum að semja við stjórnirnar um slík mál sem þetta er, en ekki við þingin. Það gæti líka orðið fjötur á stjórnina, ef þingið færi að setja skilyrði fyrirfram fyrir samningunum, enda Norðmönnum gefið alt of mikið undir fótinn með því. Aftur á móti mundu þeir álíta, að ekki væri von að íslenzka stjórnin vildi slaka meira til en góðu hófi gegndi, er hún ætti á hættu að þingið gengi ekki að því. — Nei, hæstv. ráðherra getur verið rólegur, það var alls ekkert »attentat« sem lá á bak við þessa »opposition« mína. En það var »princip«-spursmál. Yfirleitt er farið að bera mikið á þeim þingræðisgalla, að þingið vasist í hverju máli, og að stjórnin þori ekkert að gera upp á sitt eindæmi. Það er stjórnin sem á að leiða þingið, en ekki þinglð stjórnina, því að þá er hægt að koma fram ábyrgð á hendur henni. En auðvitað á þingið að geta velt þeirri stjórn sem það er óánægt með.

Bjarni Jónson: Eg hefi hlýtt á tal manna um sögu þess máls, og skal eg ekki vera neitt reiður, þó að mín sé þar ekki getið að neinu. En tveimur undanförnum stjórnum er gert rangt til, því að þær hafa stöðugt haldið áfram að reyna að komast að samningum við Norðmenn. Eg hefi með samþykki þeirra spurt mig fyrir í Noregi og sent stjórninni skýrslur um undirtektirnar. Eg held eg hafi síðast getið um þær hér í deildinni, þegar rætt var um eftirlitið með síldveiðunum nyrðra. Til síðasta árs var svarið ætíð: Hvað veitið þið í staðinn? Eg sagði þeim að hér væri enginn tollur á norskum vörum, en vel mætti vera að vér neyddumst til að tolla t. d. við, ef þeir vildu eigi lina á tolli af vorum vörum. En þeir höfðu hugsað sér, að Íslendingum væri þetta kappsmál og að þeir vildu vinna mikið til, að það næði fram að ganga. Eg man eftir að skrifstofustjórinn í búnaðarráðaneytinu spurði mig, hvort við mundum ekki vilja leyfa Norðmönnum að veiða í landhelgi. Sagði eg, að ekki kæmi til nokkurra mála, að Íslendingar gengju að því. Á síðasta þingi voru samin lög um það, að skipum var bannað að sigla með báta aftan í sér um landhelgissvæðið. Þessi lög þóttu Norðmönnum feikihörð, enda urðu margir þeirra að láta skip sín sitja heima, þau,

er ekki voru nógu stór til að geta fylgt þessu ákvæði *(Guðl. Guðmundsson:* Alveg rétt!). Í vetur heyrðist mér, að Norðmenn vildu gjarnan láta undan í þessu tollmáli ef þessi lög yrðu afnumin. Eg var svo viti borinn að tala ekki eins og sá sem vald hafði, og lofaði engu en taldi líklegt, að þetta fengi góðar undirtektir ef leitað væri til stjórnarinnar. Þessar málaleitanir eru svo svarið við því. En það fínst mér skökk leið, að fara með þetta mál gegnum utanríkisráðaneytið. Það er eru engir samningar ríkja á milli sem gera þarf, og því utanríkisráðaneytinu algerlega óviðkomandi. Finst mér Íslandsráðh. ætti að gera það sem einfaldast er og tala við Norðmenn. Verð eg að vera á sama máli og hæstv. rh. (H. H.) og hv. þm. Ak. (G. G.), að betra er fyrir stjórnina að vita fyrirfram hvað hún má bjóða. En aftur á móti er eg algerlega á annari skoðun en hv. þm. Sfjk. (V. G.) sem vill að stjórnin taki svo mikil völd af þinginu sem hún getur. *(Valtýr Guðmundsson:* Eg vil sterka stjórn). Eg veit ekki hvernig þetta stendur í bæinn hans. Mér dettur í hug sagan um froskana sem vildu fá sér konung. Júpíter fekk þeim fyrst trédrumb, en er þeir urðu óánægðir með svo aðgerðalitinn drottinn, lét hann þá kvikindi falla niður í vatnið til þeirra, er át þá alla upp á endanum. Eg held að líkt færi fyrir því þingi, þar sem stjórnin leiðir þingið, en ekki þingið stjórnina, en það er nú ef til vill af því, að mér hefir aldrei dottið í hug að verða stjórn *(Valtýr Guðmundsson:* Jú, í fyrra). Eg veit ekki hvernig það snerist í mér ef eg yrði einhverntíma óléttur. En enn sem komið er, verð eg að halda fast við þetta og telja það lofsvert af hæstv. ráðherra að hann leitar þingsins í þessu máli. Mér er ekki vel ljóst, hvernig þingið getur bezt látið hæstv. ráðherra vita um álit sitt, hvort málið verður látið ganga alveg í gegnum þingið eða að eins í gegnum deildina, en einhverja yfirlýsingu verður hann að fá, svo að hann geti sagt Norðmönnum, að þetta muni ganga í gegn, mót nægilegri tilslökun af þeirra hálfu Hitt ætti að vera létt verk fyrir nefndina að sjá, hvaða þýðingu það hefir fyrir okkur ef kjöttollurinn yrði lækkaður í Noregi, því að enn sem komið er, flyzt mest af íslenzku saltkjöti þangað. Og þó að markaður opnaðist fyrir það í Danmörku, er ætíð nauðsynlegt að eiga markað opinn víðar enn á einum stað, svo að verðið haldist. Annars þyrfti ekki nema litla tilslökun frá Norðmanna hálfu, til þess að afnema þessi lög, sem allir sjá að eru óréttlát. Eftir því sem hv. þm. Ak. (G. G.) segir, voru þau samin eftir tilmælum formannsins á varðskipinu til þess, að létta honum starfið. Það er líka auðséð hve vel hann athugar þetta mál, því að einmitt nú, þegar hann á að telja þau skip, sem sigla með bátana útbyrðis á landhelgissvæðinu, fer hann til Grænlands, til að telja þau þar.

Kristján Jónsson: Þegar lögin nr. 27 frá 11. Júní 1911 voru lögð fyrir konung til staðfestingar, varð eg þess var, að utanríkisráðherrann danski hafði einhvern grun um það, að mótmæli mundu koma fram á móti þeim. Úr mótmælum varð samt ekki. Hitt var mér kunnugt, að norski ræðismaðurinn hér fékk ákúrur frá stjórninni í Noregi fyrir að hafa ekki látið hana vita um þennan lagatilbúning. Það gekk auðveldlega að fá lögin staðfest af konungi vorið 1911. En í vor síðustu dagana sem eg var í Höfn, kom málaleitun frá norsku stjórninni um, að gerð væri breyting á þessum lögum, sem þá voru ekki ársgömul, og höfðu verið samþykt á Alþingi með miklum meiri hluta atkv., að minsta kosti man eg að svo var í

Ed., því að þar átti eg þá sæti. Það var þá einmitt tekið fram, eins og minst hefir verið á hér, að þetta lagaákvæði hefði verið samþykt eftir tillögum formannsins á varðskipinu. Þegar eg fékk þessa málaleitun, lá beint við að gefa það svar, að það væri undir Alþingi komið, hvort það vildi fella úr gildi lög er það hafði samþykt einu ári áður. Lofaði eg að málið skyldi koma fyrir Alþingi og samkvæmt því loforði hefir hæstv. núv. ráðherra (H. H.) komið með það inn á þingið. Í sambandi við þessa málaleitun var nokkuð minst á kjöttoll og hestatoll í Noregi, en eg hefi litla von um nokkra tilslökun í þá átt. Annars er málinu svo háttað sem háttv. þingm. Dal. (B. J.) tók fram og eru mér kunn hans afskifti af því. Þrátt fyrir ummæli háttv. þm. Sfjk. (V. G.) tel eg réttast að þingið nú taki málið til meðferðar. Reyndar lét eg í ljósi, þegar þessar málaleitanir komu fram, að það mundi naumast geta orðið á þessu aukaþingi, að úrslit fengjust á málinu; en á næsta reglulega þingi 1913 mundi verða gert út um það. Hér getur ekki verið ástæða til að tala um það að stjórnin láti leiða sig, þar sem hún var bundin við ný samþykt lög frá Alþingi, er henni gat ekki komið til hugar að það mundi vilja breyta nú þegar. Eg hefði ekki getað tekið á mig þá ábyrgð að lofa því, að lögunum yrði breytt. Þess vegna skýrði eg að eins frá að Alþingi skyldi fá málið til meðferðar. Held eg að það sé þar á sinni réttu hillu.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg verð, fyrir mitt leyti, að vera samdóma háttv. þm. Sfjk. (V. G.) Málið er svo vaxið að Norðmenn eru málaleitendur en ekki við, þess vegna er það þeirra að koma fram með sín tilboð, en ekki okkar. Noregs stjórn hefir ekki borið mál þetta undir þingið í Noregi. Eg er samdóma hv. þm. Sfjk. (V. G.) um það, að stjórnirnar eigi fyrst að koma sér saman um samninga, og bera *síðan* málið undir þingin, hvor undir sitt til staðfestingar.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg býst við að það fari fyrir okkur hv. þm. Sfjk. (V. G.) og mér, eins og kerlingunum forðum, sem sögðu »klipt var það, skorið var það«. Hann hefir ekki sannfært mig og eg býst ekki við að eg geti sannfært hann. Eg er honum samdóma að eins í einu atriði, sem sé því, að þingið eigi ekki að vasast í »öllum mögulegum málum«. En þetta getur ekki talizt »öll möguleg mál«, þó að þingið sé beðið fyrirfram að láta í ljós álit sitt, hvort nokkur vegur sé til að fá þessu nýsamda löggjafarákvæði breytt. Um það er eg fyllilega samþykkur hæstv. ráðh. (H. H.) og hv. þm. Borgf. (Kr. J.).

Mig langar til að minna hv. þingm. Sfjk. (V. G.) á, að hann hefir tekið þátt í atkvæðagreiðslu í máli, sem var eins vaxið og þetta mál. Það var á Alþingi 1897 er rætt var um breyting á lögum um botnvörpuveiðar frá 1894. Enskur sjóliðsforingi með heilan herskipaflota hafði komið hingað til að leita samninga við þingið um það mál. *(Valtýr Guðmundsson:* Þá var ekki íslenzk þingræðisstjórn.) Nei, og því minni ástæða var þá til, að leita til þingsins. Veit eg að hv. þm. rekur minni til, að þá var samþykt í lögunum að veita þá tilslökun sem Englendingar fóru fram á. En eg man það sérstaklega og eg veit að hv. þm. man það líka, að eg stóð þá upp eftir að síðustu umr. var lokið, sem framsögum. nefndarinnar, sem sett hafði verið í það mál, og tók það skýrt fram, að þingið veitti ekki stjórninni heimild til að láta staðfesta þessi lög nema samningar fengjust við Englendinga. Tók stjórnin óhikað við þessum skildaga frá þingsins hálfu.

Eg get því ekki séð, að hér sé snúið inn á neina óeðlilega braut, þar sem vér áður í svipuðu máli höfum farið sama veg, og það í samningum við margfalt stærri þjóð en hér er um að ræða. Þessa leið verður einmitt að fara, ef hér á að draga til nokkurra ábyggilegra samninga.

Háttv. sessunautur minn (J. Ól), vildi að Norðmönnum yrði veitt sérstök undanþága, en lögunum ekki breytt.

Það væri talsvert einkennilegt, þar sem það eru hér um bil eingöngu Norðmenn sem reka hér síldarveiðar. *(Jón Ólafsson:* Svíar.) Jú, Svíar hafa hér 1 skip og Þjóðverjar 2. Eg er hræddur um að þær þjóðir mundu kunna því illa ef sérstök lagaákvæði væru látin standa í gildi um þeirra skip. Þekki eg þá Þjóðverja illa ef þeir una því vel að vera gerðir hornrekur.

Eg skal svo ekki segja meira, en vil að málinu verði vísað til nefndar, á sama hátt og eg hefi stungið upp á.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg skil ekki vel röksemdaleiðslu míns háttv. sessunauts (G. G.). Hann segir að Bretar hafi leitað samninga við Alþingi 1897, af því að þá hafi ekki verið komin á þingræðisstjórn hér, og því fremur nú, segir hann, er þingræði er á komið, er eðlilegt að stjórnir ríkjanna leiti samninga við Alþingi.

Mér finst þetta horfa öfugt við. Það er eðlilegast að samninga sé leitað við stjórnina síðan vér fengum þingræðisstjórn, enda er Alþingi ekki sem bezt fallið instrumentum til þess.

Hér eiga Norðmenn hlut að máli annarsvegar, og þeir hefja málaleitan um samninga; það er því í þeirra þágu, að samningar takist. Réttast hefði þá verið, að þeir hefðu valið menn eða mann til að semja við stjórn vora, og þeir samningar síðan bornir undir Alþingi.

Sami hv. þm. taldi hörðu beitt við aðrar þjóðir, ef farið væri að veita Norðmönnum slíka ívilnun. Þetta er þó alvanalegt.

Í toll-lögum Bandaríkjanna er forseta heimilað að veita öðrum þjóðum undanþágu frá tolli gegn samskonar ívilnum frá þeirra hálfu.

Ráðherrann (H. H.): Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), hefir tvisvar sinnum við umr. látið í ljósi, að Norðmanna væri þágan í samningunum og að eðlilegast væri hinsvegar, að þeir sendu mann til samningaumleitunar.

Það er rétt, að svo virðist sem Norðmönnum sé nú orðið þetta nokkurt áhugamál. En það er jafnvíst, að vér höfum margsinnis farið fram á, að kjöttollur væri afnuminn af kjöti því, er vér sendum til Noregs, og tollur linaður af hestum héðan, en oss hefir aldrei verið sint fyr en nú.

Eg skal ekki segja um það, hvort oss er það nú eins áríðandi eins og fyr að fá létt af, eða linum á norska tollinum á kjöti og hestum. En eg hefi fyrir mér bréf Krags sendiherra Danmerkur í Noregi, er hermir, að nú sé tækifæri til að fá einhverju til leiðar komið í þessa átt, stjórnin sé því fylgjandi og hafi nægilegan stuðning í þinginu til þess.

Eg álít langheppilegustu leiðina í þessu máli — ef þingið vill annars sinna því nokkuð — að samþykt sé lagafrumv. sem veiti stjórninni heimild til að gera undanþágur frá gildandi lögum um síldveiðar hér við land, gegn ákveðnum ívilnunum í tollgjöldum af íslenzkum afurðum, eða þá þingsályktun, er tæki fram meginskilyrðin fyrir loforðum af vorri hálfu, um breytingar í fiskiveiðalöggjöfinni.

Sigurður Sigurðsson: Eg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að þessu máli sé vísað til nefndarinnar í málinu um eftirlit með síldarveiðum útlendinga fyrir Norðurlandi. En hitt verð eg að leggja áherzlu á, að bæði nefndin og stjórnin fari mjög varlega í uppástungum sínum og tillögum um tilslakanir og ívilnanir til handa Norðmönnum.

Það er satt, að vér Íslendingar höfum oftlega farið þess á leit, að afnumdir væru tollar af hestum og kjöti, sem héðan flyzt til Noregs, en Norðmenn hafa verið á móti því fram á síðustu stundu. Nú eru þeir vaknaðir, og hvers vegna?

»Kennir þegar kemur að hjartanu«, segir máltækið. Nú fyrst rumska þeir, þegar þeir finna að löggjöf Íslendinga snertir hagsmuni þeirra, og vilja nú mæta oss á miðri leið. Án þess að fara langt út í það, hve mikil ástæða er til þess fyrir oss að æskja lækkunar á tolli af hestum og kjöti sem héðan er flutt til Noregs, vil eg endurtaka það, að bezt er að fara varlega í þessu efni. Svo virðist sem nú sé það ósk og vilji Norðmanna að semja, þegar þeir sjá að til einhvers er að vinna.

Viðvíkjandi því, hverjar ástæður vér höfum til þess að æskja lækkunar í hesta- og kjöt-tolli í Noregi vil eg taka það fram, að það er mjög ólíklegt, hvað hestana snertir, að þar sé til mikils að vinna, þótt tollurinn verði lækkaður eða afnuminn.

Í öllum landbúnaðarblöðum Norðmanna er unnið á móti innflutningi hesta héðan og sagt, að íslenzkir hestar reynist lakar en hinir vestfirzku hestar þeirra, Nordbagen. Slík ummæli blaðanna munu sjálfsagt hafa áhrif á bændur þar, svo að ekki er víst, að mikið sé unnið fyrir oss þótt hestatollurinn sé lækkaður.

Ef til vill er öðru máli að gegna með kjöttollinn. — Nú sem stendur er aðalmarkaður vor fyrir kjöt í Danmörku, þótt mjög sé takmarkaður. Það er því eigi ólíklegt, að lækkun á kjöttollinum í Noregi geti haft einhverja þýðingu fyrir oss með tilliti til sölu á íslenzku kjöti þar.

Í sambandi við þetta mál vil eg leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að beina þeirri spurningu til skattamálanefndarinnar, hverju það gegni, að ekki skuli enn vera fram komið frá nefndinni frv. til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski og lýsi.

Eg man það, að hv. þm. Ak. (G. G.) sagði við 1. umr. málsins, að óþarft væri að vísa því til nefndar; frv. væri svo sjálfsagt. — Frumv. hefði nú getað verið orðið að lögum, og getur töfin bakað landssjóði tekjumissi. Þessu er eg og margir fleiri óánægðir yfir. En eg vona þó, að þessi dráttur standi ekki í neinu sambandi við þessa tillögu, sem hér er nú til umræðu í deildinni.

Bjarni Jónsson: Eg vildi mega gera litla athugasemd. Eg ber ekki brigður á það, að rétt sé að fara varlega í þessa samninga, eins og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) komst að orði. En það var ekki rétt hjá h. þm., að Norðmenn hafi ekki sint þeirri málaleitan vorri, að fá lækkaðan toll af hestum og kjöti héðan. Það hefir bæði verið rætt á fundum víðs vegar um Noreg og sömuleiðis á þinginu. Mér er kunnugt um það, að margir landbúnaðarfélagafundir hafa verið meðmæltir því, að afnema alveg tollinn af geldum hestum og jafnvel merum, en að eins ekki af graðhestum. Á þingi Norðmanna hefir málinu líka verið hreyft. Í það sinn var mjög hlegið að Holstmark landbúnaðarráðherra, sem sagði í ræðu, að bændur gæti vel beitt kúm sínum fyrir plógana. Þetta sýnir, að málið hefir verið rætt,

og er ekki rétt að gera málstað Norðmanna óvinsælli en vera ber. Auðvitað er það, að þeir hlaupa ekki upp um háls á oss fyrir ekki neitt. Það býst eg við, að stjórnin viti og gæti því varúðar.

Sami hv. þm. gat þess, að blöð Norðmanna tækju illa undir innflutning hesta héðan. Þetta er rangt hermt. Eg þekki ritstjóra eins hins merkasta blaðs í Ósló, þó eg muni ekki nafn hans nú í bili, sem stjórnin í Noregi snýr sér oft til, þar á meðal hefir hún gert það um hestatollinn, og hefir hann verið afnámi tollsins fylgjandi í blaði sínu, með þeim skilmálum, er fyr voru taldir.

Það er víst, að þetta mál hefir mikið verið hugsað og rætt í Noregi, þótt ekki hafi það fengið lagaform. Ef ráðuneytis Knudsens hefði notið lengur við, mundi málið hafa fengið framgang. En það varð undir í kosningum. Og nú í vetur hafði stjórnin á ný heitið mér því, að láta lækkun á hestatolli koma fyrir Stórþingið. En þá tókst svo illa til, að Konow sagði í samsæti einu, að hann hefði ætíð verið »málmaður«, og veltist úr sessi fyrir þau orð. Hin nýja stjórn hefir eigi haldið hans loforð.

Sami hv. þm. mintist á vestfirzku hestana, norðbakana svo nefndu, og taldi að vorir hestar mundu ekki fá komist á markað í Noregi þeirra vegna. En það er athugandi, að norðbakar eru smábændum of dýrir, en vorir hestar þeim betur hentir fyrir verðs sakir.

Eg skal og benda á það, að afleiðingin af því, að stjórnin gerir samninga við Norðmenn um þetta efni, mundi verða sú, að Svíar færu hins sama á leit og mundi þá tollur á hestum vorum lækka þar. En þar hefir um nokkur ár verið gerð tilraun með hestasölu af Svía einum í Gautaborg, er keypt hefir íslenzka hesta af dönsku félagi, síðustu ár 300 hesta á ári, en er nú kominn hingað til norðurlandsins í því skyni að ná beinum viðskiftum.

Ráðherrann (H. H.): Eg stend að eins upp út af orðum hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Hann sagðist vonast til þess, að þessi málaleitan Norðmanna stæði ekki í sambandi við drátt skattamálanefndarinnar á að afgreiða frumv. um útflutningsgjald af fiski og lýsi o. fl. Eg get fullvissað háttv. þingm. um það, að drátturinn stendur engan veginn í sambandi við þessa málaleitun. Drátturinn hlýtur að stafa af öðrum ástæðum. Raunar er ekki svo áliðið enn, að ekki sé hægt að afgreiða téð frumvarp frá þinginu, en þó væri óneitanlega æskilegt, að nefndin afgreiddi frumv. sem fyrst til deildarinnar.

Lárus H. Bjarnason: Eg hafði búist við því, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og þó sérstaklega hæstv. ráðh. (H. H.) mundu láta sér nægja umræður um þau mál, sem á dagskrá eru, en mundu ekki veitast með ákúrum að saklausri nefnd, á næsta óþinglegan hátt, svo sem þeir hafa gert. Engin grein þingskapanna heimilar þeim að bregða nefndinni um drátt. Enda játar hæstv. ráðherra í öðru orðinu, að enginn dráttur sé enn orðinn til skaða. Og það vil eg segja, hæstv. ráðherra og háttv. 1. þingm. Árn., að ef nokkurn drátt er um að ræða, þá er hann að kenna óvönduðum frágangi fráfarandi stjórnar og millibinganefndar, er lét sér nægja að afgreiða málið með 3—4 línum. Skattanefndin vill heldur vanda afgreiðslu málanna en fleygja þeim ókörruðum fyrir deildina.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til síldveiðanefndarinnar með 14 samhj. atkv.

Um samninga við Norðmenn.

TILLAGA til þingsályktunar um samninga við Norðmenn (234); ein umr., 16. Ágúst.

Framsögum. (Guðl. Guðmundsson): Eins og háttv. deild veit, þá hefir komið fram þingsál.till frá hæstv. ráðherra (H. H.), út af málaleitun frá Noregi um afnám á lögum nr. 27, 11. Júlí 1911 um útlend fiskiskip er hafa með sér herpinætur og er jafn vel gefið í skyn, að stjórn Noregs muni ekki ófús á tilhliðrun, hvað viðvíkur tolli á saltkjöti og hestum, ef þau lög væri úr gildi numin. 6. Ágúst 1897 lögðu þeir 10 aura toll á hvert kílógram af saltkjöti, þetta gerðu þeir um líkt leyti, sem England setti skorður við því, eða lét banna innflutning á lifandi sauðfé öðruvísi en svo, að því yrði þegar slátrað á fyrstu höfn. Norðmenn munu hafa haldið að innflutningur saltkjöts til Noregs mundi vaxa og hafa þeir því skelt á þessum tolli, sem er sann-nefndur ránstollur, hann er hér um bil 1 kr. á 4 kr. virði af kjöti. Fyrst var málaleitun í þá áttina að fá lækkaðan þennan toll, hreyft í Íslenzku kaupmannafélagi í Kaupmannahöfn í miðjum Desembermánuði 1897.

Þá var gert ráð fyrir að flutningur saltkjöts héðan til Noregs væri 1 þús. tunnur og þegar hver tunna vegur 112 kílógrömm. Þá mun tollurinn hafa verið nálægt 70 þús. krónur. Þessi málaleitun mætti mikilli mótspyrnu í Noregi og fékk stjórnin þá beint afsvar um nokkra tilhliðrun. Þessu máli hefir verið hreyft síðan, en árangurinn hefir orðið hinn sami. Norskar verzlunarskýrslur. frá árunum 1909 og 1910, segja að innflutningur saltkjöts héðan til Noregs sé 1909 um 700 þús. kílógr. og sömu verzlunarskýrslur segja að innflutninguriun hafi 1910 verið um 570 þús. kíló, þetta bendir nú á, að útflutningur saltkjöts frá oss sé að minka. Árið 1910 var allur útflutningur saltkjöts frá Íslandi 2,300,000 kílógr. svo að rúmur 4. hluti af útfluttu saltkjöti hefir farið til Noregs. Að því er til hestatollsins kemur, þá er hann nú 50 krónur af hverjum íslenzkum hesti. Hvort nokkrar líkur eru til þess, að hestaútflutningur til Noregs muni vaxa þó tollurinn verði afnuminn eða minkaður, get eg ekkert sagt um.

En þegar til þess er litið að hestaútflutningur til útlanda er að minka — hann er nú ekki helmingur eða jafn vel ekki þriðjungur á móti því sem var fyrir fáum árum — og jafn framt litið á það, að í Noregi hefir verið talsverð mótspyrna móti íslenzkum hestum, þá get eg ekki séð, að þessi tollur hafi svo mikla þýðingu fyrir okkur. Það er ekki um þá hagsmuni fyrir Ísland að tefla, sem nokkuð sé leggjandi í sölurnar fyrir.

Hvað snertir það ákvæði sem stendur í lögunum, að Norðmenn megi ekki hafa báta sína úti á landhelgissvæðinu, þá tel eg það ákvæði ekki svo þýðingarmikið, að ekki mætti slaka til ef í móti kæmi afnám tolls af íslenzku saltkjöti og veruleg lækkun á innflutningsgjaldi af hestum. Aftur á móti sé eg ekki ástæðu til að ívilna um gjöld eða tolla á framleiddri vöru hér í landi, þó framleiðendurnir séu norskir og varan sé flutt út á norskum skipum. Þegar Íslendingum gegndi verst, þá settu þeir toll á þá ísl. vöru, sem landbúnaðurinn hér hefir helst tekjur af, og þegar þannig er að farið, verður eftirleikurinn óvandari.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. Það er svo vaxið, að fæst orð hafa minsta ábyrgð, og þess vegna hefir nefndin skilað þingsál.till. án þess að láta fylgja nefndarálit.

Að öðru leyti má gera ráð fyrir, að stjórnin geri það sem bezt er og heppilegast í þessu máli, en það er auðvitað að vinna sem mest og leggja sem minst í sölurnar.

Ráðherrann (H. H.): Eg hefi ekki annað að segja en að láta í ljósi þakklæti mitt til nefndarinnar fyrir starf hennar og tillögur. Tilraunir munu verða gerðar til þess að leita samninga við Norðmenn á þessum grundvelli, ef tillaga verður samþykt. Árangurinn af þeim málaleitunum verður að sjálfsögðu lagður fyrir næsta Alþingi. Hvernig hann verður, getur enginn sagt.

Bjarni Jónsson: Það eru að eins örfáar athugasemdir. Eg er í öllum aðalatriðum samþykkur hv. framsögum. nefndarinnar (G. G.), að eins hygg eg að það sé ekki rétt, sem hann sagði um kjöttollinn, að Norðmenn hafi með honum átt upptökin með því að leggja toll á ísl. vöru. Þeir þykjast altaf eiga hönk upp í bakið á okkur fyrir toll af hvalafurðum, og er kjöttollurinn svar við því.

Hinsvegar er þess að gæta að mót spyrnan móti íslenzkum hestum er að mestu leyti horfin, einkum af því að ekki er unt að þeir geti alið upp íslenzkt hestakyn þar í landi. Það hljóta allir að sjá hversu mikilsvert það er að hafa opinn markað í sem flestum löndum.

Það er í ráði hjá dönskum félögum, sem verzlað hafa með hesta, að gera hring, til þess að ná yfirráðum yfir hestamarkaðinum á Norðurlöndum, og halda niðri verðinu á íslenzkum hestum.

Þar sem það gæti leitt til þess að stjórnin næði samningum við Svía, er ekki svo lítið að leggja upp úr hestatollinum eins og menn gera. Hér getur verið um framtíðartekjur að ræða.

Viðvíkjandi því sem menn leggja til að bjóða Norðmönnum, sýnist mér okkar málum þar með fullvel borgið.

Eg get ekki séð að ástæða sé til að gera lítið úr kjöttollinum, þegar allur helmingur íslenzks kjöts flytst til Noregs um ófyrirsjáanlegan tíma. En hitt er aftur víst að þar í landi er það mjög óvinsælt að gefa eftir þennan toll. Sú stjórn þar í landi, sem að því stuðlaði, myndi því leggja mikið í sölurnar.

Um uppgjöf á lagaákvæðinu um bátana tel eg ekki meira vert en svo, að fullvel sé við unandi ef hitt kemur í móti frá Norðmönnum, og er eg sammála hv. framsögum. nefndarinnar (G. G.) um það, að ekki getur komið til mála að gera stærri tilslakanir.

Það eru að eins þessar athugasemdir, sem eg vildi gera. Eg hefi átt tal við þá menn í Noregi, sem þessum málum ráða, og veit hvert áhugamál þeim er um kjöttollinn, svo að þeir eru jafnvel hræddir um þingsæti sín ef þeir hreyfa afnámi hans.

ATKV.GR.:

Tillagan sþ. með 16 : 1 atkv.

Um símalínuna frá Ísafirði til Patreksfjarðar.

TILLAGA til þingsályktunar um símalínuna frá Ísafirði til Patreksfjarðar, (96, 125); e i n u m r. 1. Ágúst.

Flutn.m. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Máli þessu er þannig varið að þegar lagður var síminn til Ísafjarðar, þá var ekki gert ráð fyrir síma þaðan til Patreksfjarðar. Menn sáu að þetta mundi verða stórtjón fyrir héruðin sem í milli liggja ef þau fengju

ekki síma. A því svæði eru margir verzlunarstaðir með talsverðum íbúafjölda og stórum verzlunum. En fengi héruðin ekki síma var sýnilegt að þau mundu verða algerlega undir í samkepninni við Ísafjörð; alt mundi lenda þar, allar skipaferðir og öll viðskifti. Þess vegna var farið fram á það við landsstjórnina, að sími yrði lagður til Patreksfjarðar. Þessu varð framgengt, en þar sem landssjóðurinn kostaði að öllu símann til Ísafjarðar, án þess þau héruð er nutu góðs af borguðu nokkuð, þá heimtaði hann aftur á móti af okkur að við legðum til $^1/_5$ hluta kostnaðarins. Við kynokuðum okkur við að láta þessa miklu upphæð, en stjórnin sagði »peningana eða lífið«, og við vildum heldur lifa, svo að við krupum að krossinum og borguðum, því án símans máttum við ekki vera.

Áætlaður kostnaður við símalagninguna var 100 þús. kr. og þessir tveir sýsluhlutar, Vestur-Ísafjarðarsýsla og Barðastrandarsýla lögðu því fram 20 þús. kr. En nú kostaði síminn að eins 75 þús. kr. — 25 þús. kr. minna en áætlað var.

Á lestrarsalnum liggur frammi bréf frá landssímastjóranum sem sýnir að þetta er rétt.

Nú viljum við að okkur sé skilað aftur 5 þús. kr., því við eigum að eins að borga 15 þús. kr. Þessi krafa er svo sjálfsögð, að ekki væri ósanngjarnt þó við færum fram á vexti af upphæðinni frá byrjun.

Eg get bætt því við, að símastjórinn hefir sagt mér, að hann hafi lagt með þessu á sínum tíma.

Eg vona að hv. deild samþykki tillöguna.

Pétur Jónsson: Þetta er sennilega ekki ósanngjörn krafa, en þó er það athugavert við hana, að óvanalegt er að fara fram á fjárútlát úr landssjóði á aukaþingi. Eg vildi því heldur að beðið væri með að koma með hana til næsta þings. Eg hefi áður haft tækifæri til að athuga þessa eftirgjöf og býst ekki við að eg verði henni fráhverfur að öllu leyti, en þó álít eg réttara að málaleitunin sé athuguð betur, og mundi því mæla með því, að henni væri vísað til ritsímanefndarinnar. Hún á auðveldast með að fá þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að dæma um málið. Þetta mæli eg ekki af því að eg væni háttv. frummælanda um ósanngirni, en menn mega aldrei taka fullgilt að órannsökuðu máli, það sem hlutaðeigendur sjálfir segja.

Flutn.m. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Eftir orðum hv. þm. S.-Þing. (P. J.) skyldi maður halda, að hann hafi ekki lesið tillöguna. Hér er að eins farið fram á að þetta sé tekið upp á fjárlög næsta fjárhagstímabils. Eg get ekki séð hvaða erindi þetta mál á í nefnd. Hér er ekki um annað að ræða en það, hvort þingið vill verða við þeirri réttmætu kröfu, að borga það, sem landssjóður hefir oftekið, og skil eg eigi hvað nefnd á við það að gera.

Pétur Jónsson: Það er ekki af því að eg vilji amast við tillögunni, að eg óska að henni sé vísað til símanefndarinnar. Með því móti er trygt betra yfirlit um, hvernig afstaða héraðsins er í þessu máli móts við önnuð héruð, sem lagt hafa hluta til símalagninga. Eg kalla, að hér sé farið fram á eftirgjöf, úr því héraðið hefir greitt þessa upphæð samkvæmt fjárlögunum. En eg hygg, að hér sé um sanngirniskröfu að ræða, að einhverju leyti að minsta kosti, og má vera, að fleiri sveitir eigi tilkall í sömu átt[1]).

---

[1]) Hér á að koma á eftir ræða eftir Bjarna Jónsson, en hún var týnd úr handritinu á Lestrarsalnum, áður en það fór í prentsmiðjuna.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg vil ekki leggja á móti því, að málinu sé vísað til símanefndarinnar, því að það getur ekki skaðað; en óþarft tel eg það.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði, að hér væri um eftirgjöf að ræða, en því mótmæli eg. Þetta er endurborgun.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) var ekki ljóst, hvers vegna farið væri fram á þessa tillögu Hinn háttv. flutningsm. (M. Ó.) skýrði þó frá því, að síminn hefði í fyrstu verið áætlaður mundu kosta 100 þús. kr., og sýslunni þá gert að leggja $^1/_5$ eða 20 þús. kr. Nú reyndist svo, að að síminn kostaði að eins 75 þús. kr., en sýslan hafði þá goldið 20 þús. kr. Þetta gjald er þá greitt »under urigtige Forudsætninger«, eins og Danir kalla, en verður þó ekki endurgreitt, nema heimild komi til á fjárlögum.

Flutn.m. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir tekið af mér ómakið og svarað bæði hinum háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. þm. Dal. (B. J.). Eg vil að eins bæta því við, gagnvart hinum háttv. þm. Dal., er sagðist vera ókunnugur málavöxtum, að frammi á lestrarsalnum liggja skýrslur um þetta mál, og þarf hann ekki annað en kynna sér þær.

Ráðherrann (H. H.): Það er sjálfsagt rétt, að upphaflega hefir tillag sýslunnar verið miðað við $^1/_5$ af lagningarkostnaðinum, en þar á móti var sá kostnaður ekki áætlaður 100 þús. kr., heldur samkv. fjárl. 12. gr. II 2 a 88 þús. kr. Því er eðlilegt, að málið sé athugað í nefnd.

Lárus H. Bjarnason: Eg hefi ekkert að athuga við efni tillögunnar, en mér þykir leiðin nokkuð hátíðleg. — Rökstudd dagskrá gerir sama gagn.

Jón Magnússon: Eg hafði ætlað mér að skjóta líku fram sem háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) Vil eg í því sambandi minna hv. flutnm. (M. Ó.) á, að í fyrra var svipuð þgsál.till. feld með litlum atkvæðamun.

Valtýr Guðmundsson: Eg tek undir það, að ólöguleg aðferð er höfð í þessu máli, þótt hér kunni um sanngjarna kröfu vera að ræða. Það er óviðkunnanlegt að binda menn fyrir fram, hvort stjórnin taki endurgreiðslu upp á fjárlögin næst.

Fyrir því leyfi eg mér að afhenda hæstv. forseta svohlj. tillögu til rökstuddrar dagskrár:

> Í því trausti, að landsstjórnin taki efni till. á þgskj. 96 til athugunar tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.
> ATKV.GR.:
> Rökst. dagskrá sþ. með 20 shlj. atkv.

Mótorbátahöfn.

TILLAGA til þingsályktunar um mótorbátahöfn á Suðureyri í Súgandafirði, (149) 7. Ágúst; hvernig ræða skuli.

Flutn.m. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Þegar eg bar fram þessa þingsál.till, vissi eg ekki að málið var komið á þann rekspöl, sem nú er orðið. Eg vissi þá eigi, að landsstjórnin hefir þegar gert ráðstafanir til að verk þetta verði framkvæmt, með því að senda landsverkfræðinginn vestur til að gera mælingar þær og athuganir, er tillagan fer fram á.

Eg átti tal við hæstv. ráðh. (H. H.) um málið fyrir skömmu og var honum heldur ekki kunnugt um, að nokkuð hefði verið við málið fengist, enda þá nýtekinn við stjórn. Eg get því verið vel ánægður með þann rekspöl sem málið

er komið á og leyfi mér því að taka þessa þingsál till. aftur.

ATKV.GR.:

Tillagan tekin aftur.

Um lendingu í Arnardal.

TILLAGA til þingsályktunar um skoðun lendingarinnar í Arnardal (161); e i n u m r., 12. Ágúst.

Flutningsm. (Skúli Thoroddsen): Eg hefi lítið um málið að segja þar sem tillagan ber það sjálf glögglega með sér, hvað farið er fram á. En tildrögin til hennar eru þau, að 15 sjómenn í Arnardal hafa skrifað þinginu, og farið þess á leit, að það hlutaðist til um, að landsverkfræðingurinn komi við í Arnardal, er hann á ferð til Vestfjarða og rannsaki lendinguna þar.

Skamt fyrir framan landsteinana í Arnardal, þá er sker, eða boðar, sem gera lendinguna mun örðugri og hættumeiri en ella myndi. Sérstaklega bagar það mjög mótorbátum, sem ella eru orðnir algengir við Ísafjarðardjúp. Telja sjómenn, að þetta megi laga með mjög litlum kostnaði, og um nokkurn kostnað frá landssjóðs hálfu er alls ekki að ræða í tillögunni, en að eins farið fram á, að landsverkfræðingurinn komi við í Arnardal, ef hann eigi leið um.

Arnardalur er gömul verstöð, sem liggur vel við sjósókn, en sjómenn þar hafa á seinni árum orðið að mun aftur úr öðrum verstöðum, og kenna þeir það eigi hvað sízt lendingunni, svo að mjög æskilegt er því, að hún verði bætt sem fyrst.

Eg hefi leitt málið í tal við hæstv. ráðh. (H. H.), og hefir hann tekið vel í það og talið verkfræðinginn vel geta sint þessu, er hann eigi ferð vestur, sem verða muni mjög bráðlega.

Eg vil því gera það að tillögu minni, að málinu verði vísað til stjórnarinnar.

Ráðherrann (H. H.): Eg skal með ánægju verða við þessum tilmælum og get skýrt hv. deild frá því, að eg hefi þegar gert ráðstafanir til þessa, sem hér er farið fram á. Eg hefi minst á það við landsverkfræðinginn, Þorvald Krabbe, sem fer vestur nú bráðum.

Annars álít eg það óþarft, að málaleitanir eins og þessar komi fram í hátíðlegum þingsályktunum — nægilegt að snúa sér beint til stjórnarinnar, og mun hún þá verða við þesskonar tilmælum eftir því sem frekast er unt.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til stjórnarinnar með 17 samhlj. atkv.

Kosning milliþingaforseta.

KOSNING milliþingaforseta neðri deildar, 22. Ágúst.

Forseti (M. A.): Í 12 gr. þingskapanna er sagt svo fyrir, að þegar hvorki forseti né varaforseti eiga heima í Reykjavík eða í grend við hana, skuli kosinn milliþingaforseti er búsettur sé í Reykjavík. Samkvæmt þeirri grein hefi eg sett sem fyrsta mál á dagskrána í dag kosningu milliþingaforseta.

ATKV.GR.:

Jón Ólafsson kosinn milliþingaforseti með 16 samhlj. atkv.

4 seðlar voru auðir.

Um strandferðir og „Thore“.

TILLAGA til þingsályktunar um 5 manna nefnd til að athuga strandferðafyrirkomulagið og samninginn við Thorefélagið. (30).

Enginn talaði.

ATKV.GR.:

Tillagan samþykt í einu hljóði og nefnd kosin:

Guðl. Guðmundsson
Jón Ólafsson
Ólafur Briem
Halldór Steinsson
Jóhannes Jóhannesson.

Frá strandferðanefndinni.

Meiri hl. og minni hl.

TILLAGA til þingsályktunar frá meiri hluta strandferðanefndarinnar (235, 253, 258, 272, 286, 385); fyrri umr. 16. Ágúst.

Framsögum. meiri hl. (Guðl. Guðmundsson): Nefndarálitið sem liggur fyrir er allítarlegt. Eg vona að menn hafi kynt sér það, og þá veit eg að þeir hafa séð, að nefndin hefir átt úr vöndu að ráða. Þetta félag, sem samningana gerði árið 1909, Thorefélagið, hefir algerlega gefist upp, og telur sér ekki mögulegt að fullnægja samningunum. Jafnframt telur nefndin, eftir þeim upplýsingum er hún hefir fengið, að það sé ekki til neins að halda samningunum að félaginu, eða heimta skaðabætur fyrir samningsrof, því að þá verður félagið sýnilega gjaldþrota á næsta hausti. Eignir félagsins eru og veðsettar, svo að engar líkur eru til að skaðabætur fengjust, jafnvel þótt þeirra væri krafist.

Hins vegar telur félagið líklegt að það geti haldið uppi ferðum milli landa um eitt ár enn, ef það væri losað við strandferðirnar og Hamborgarferðirnar. Það getur haft talsverða þýðingu fyrir fargjaldið og farmgjaldið landa á milli, ef félagið getur haldið ferðunum áfram. Þess vegna hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að eftir atvikum væri það heppilegast, að gefa stjórninni heimild til að slíta þessa samninga án frekari skilyrða. Auðvitað hefði nefndin gjarna viljað binda það því skilyrði, að félagið héldi áfram hröðu hringferðunum kring um landið, og ferðunum milli Íslands og einhverrar þýzkrar hafnar, Hamborgar eða Lübeck. En eins og sakir standa hefir hún ekki talið það fært, að setja það sem bindandi skilyrði, því að það getur varðað því, að félagið fái ekki þann stuðning til millilandaferðanna, sem það hefir að öðrum kosti von um. Þess vegna telur meiri hluti nefndarinnar varhugavert að setja þau skilyrði, sem minni hlutinn fer fram á í breytingartillögum sínum á þgskj. 272.

Nefndin hefir leitað fyrir sér, hvort mögulegt væri að fá einhverja til að taka að sér strandferðirnar næsta ár. Og til þess að gera það aðgengilegra hefir hún lagt til, að Suðurlandsbáturinn sem alla sína tíð hefir verið mesti ómaginn, verði lagður niður og viðkomustöðum strandbátanna verulega fækkað. En þrátt fyrir þetta hefir nefndin ekki fengið neinar undirtektir úr neinni átt, sem lítandi væri við.

Þess skal getið, að nefndin hefir átt tal við skrifstofustjórann á skrifstofu gufuskipafélagsins danska og hefir hann blátt áfram lýst yfir því, að félagið ætlaði sér ekki að gera nein tilboð, nema það gæti verið þess örugt, þegar frá byrjun, að það gæti haft hag af ferðunum.

Frá norsku félagi, sem hefir haldið

uppi ferðum hér síðari árin, hefir nefndinni verið sýnt bréf, þar sem það býðst til að halda uppi ferðum milli Íslands og Noregs, en ekki neinum strandferðferðum, eins og vitanlegt er.

Mér hefir verið bent á það, af háttv. þm. Borgf. (Kr. J.), að það væri ekki rétt um mælt, er stendur í nefndaráliti meiri hl. á bls. 2, í þeirri málsgrein er byrjar svo: «Hins vegar getur oss eigi dulist það« o. s. frv. Þar sem tekið er fram, að stjórnin hafi gengið slælega fram í þessu máli, áður en þing kom saman. Hann hefir skýrt mér frá, að hann hafi átt tal við Sameinaða gufuskipafélagið er hann var í Khöfn, og að þessi maður, sem tal átti við nefndina, hafi út af því verið sendur hingað til að tala við þingið. Þetta var nefndinni ókunnugt. Maðurinn gat þess alls ekki, að hann hefði komið hingað eftir tilmælum ráðherra. Eg vildi taka þetta fram vegna þess, að þó að þetta kunni að vera ómaklega mælt um stjórnina, þá er nefndin vítalaus, þar sem henni var ókunnur þessi undirbúningur þegar nefndarálitið var skrifað.

Þetta horfir þá svo við, að félagið sem hefir haft strandferðirnar á hendi er algerlega úr sögunni hvað það snertir, og ómögulegt að fá annað félag til að taka þær að sér. Að landssjóður eða landstjórnin fari að leigja eða kaupa skip til ferðanna, telur meiri hluti nefndarinnar hið mesta óráð, enda er eins og stendur engin lagaleg heimild til slíks, og fjárveitingin til að standast þann kostnað sem af því leiðir, sem eg sé að minni hlutinn hefir borið fram tillögu um, er ólíkleg til að geta gengið fram á þessu þingi. Hvað er þá fyrir dyrum? Í raun og veru það eitt að 1913 verði engar strandferðir. Og það er min persónulega skoðun og annars manns í nefndinni, að engin ástæða sé til að harma það þótt þær ferðir legðust niður, þangað til Íslendingar sjálfir rakna svo við, að þeir stofna innlent gufuskipafélag, því að þá væru frekar líkur til strandferðirnar gætu borið sig. Það er skiljanlegt að útlend félög með útlendar skipshafnir geti aldrei rekið þessar strandferðir svo, að þær kosti ekki ærið fé. Aftur á móti er reynzla fyrir því, að íslenzk skip bera sig sæmilega, þó að útlendu félögin tapi 50—60 þús. kr. á ári, auk þess sem þau fá 40 upp í 60 þús. kr. úr landssjóði.

Meiri hluti nefndarinnar hefir samt sem áður viljað að stjórninni væri heimilað að leita fyrir sér um samninga um strandferðir 1913, og að hún mætti verja til þess því fé sem til þess þarf. En ef viðkomustöðum strandbátanna verður fækkað. Suðurlandsbáturinn lagður niður og Hamborgarferðirnar sömuleiðis telur meiri hlutinn að 40 þús. kr. mundu nægja. Enda virðist það líklegt, ef það er rétt sem Thorefélagið sálaða heldur fram, að það hafi tapað 30 þús. kr. á Suðurlandsbátnum, og 10—12 þús. á Hamborgarferðunum. Eg býst við, að við 2. umræðu komi fram breyt.till. við þessa þgsál.till. nefndarinnar. Eg hefi frétt að von sé á breyt.till. frá hæstv. ráðherra, og hefir hann skýrt nefndinni frá hvað þær hafa inni að halda. Býst eg við að þeim verði hreyft við þessa umræðu en ekki bornar fram í ákveðnu formi fyr en við næstu umræðu. Eg sé ekki ástæðu til að tala ítarlega um málið við þessa fyrri umræðu, en vona að það verði látið ganga til síðari umr.

Ráðherrann (H. H.): Eg er samþykkur nefndinni um það, að ekki sé annað fyrir hendi, en gefa eftir samninginn við Thore á einhvern hátt. En komið gæti til álita að knýta þar við athugasemd um það, að félagið hafi í nokkrum millilandaferðum, sem lýst hefir verið yfir að muni halda áfram ef strandferðasamningurinn er eftir gefinn, fastan

viðkomustað á einhverri höfn á Norður-Þýzkalandi.

En hvernig fer svo með strandferðirnar næsta ár? Það er frágangssök að leggja þær niður og mundi mælast afarilla fyrir út um landið, enda og að minni hyggju vera mikil afturför. Það er viðurhlutamikið, að binda landið sjálft með leigu eða kaupum á skipum. Að minsta kosti er það ófært sem bráðabirgðafyrirkomulag fyrir eitt ár.

Eins og menn vita, er flutningsgjald á sjó nú mjög hátt og skipaleiga því einnig. Það er varla líklegt, að nokkurt útlent félag muni seilast eftir strandferðunum eins og nú stendur, og með hrakfarir Thorefélagsins á þeim fyrir augum. Varla mun vera að búast við eftirspurn eftir strandferðunum frá Þýzkalandi né Englandi og naumast heldur frá Noregi með viðunanlegum kjörum. Það er helzt leitandi til sameinaða gufuskipafélagsins, þótt eg viti að það hefir óbeit á strandferðunum, vegna þess að það hefir tapað á þeim að undanförnu. En hugsanlegt væri þó að hægt væri að ná viðunanlegum samningum við það félag ef slakað væri til á nokkurum atriðum í samningnum frá 7. Ágúst 1909, um millilandaferðirnar, atriðum sem ekki eru stórvægileg fyrir oss, en félagið leggur talsverða áherzlu á. Eg hefi átt tal um þetta við formann eða skrifstofustjóra hinnar íslenzku deildar félagsins sem nú er hér á ferð, og fengið að vita álit hans, en vitanlega var ekki um neitt umboð að ræða svo að gerðir yrðu bindandi samningar.

Eftir því sem mér skilst, munu líkindin vera afarlítil til þess, að unt sé að fá strandferðir í nokkru lagi fyrir minna fé, en það sem veitt er, 60 þús. kr., og það þótt Suðurlandsskipinu sé slept og viðkomur strandferðaskipsins austanlands komi í staðinn. En tillagið er engan veginn aðalatriðið, heldur hitt, að ferðunum og skilmálum að öðru leyti sé þannig fyrir komið, að ekki sé beint fyrirsjáanlegt tap. Félagið hefir að undanförnu viljað og vill enn gjarna setja stærra og betra skip inn í Íslandsferðirnar á sumrin, heldur en nú ganga hér. Þetta ætti sérstaklega að vera til þess, að auka og efla sumarferðir útlendinga hingað, og gera þeim ferðalagið meira aðlaðandi en nú er, sem mjög gæti verið til hagsmuna einnig fyrir landið.

En félagið hefir ekki séð sér þetta fært vegna samningsákvæðanna um, að ekki megi taka hærra farþegagjald á fyrsta farrými en 65 kr. nema að eins á einu skipi, hraðskreiðasta skipinu. Það er hvorttveggja, að slíkt gjald fyrir jafnmikla vegalengd í vel útbúnu fyrsta flokks farþegaskipi á 1. farrými er lægra en *túristar* geta fengið nokkursstaðar annarsstaðar á bygðu bóli, enda getur skipið ekki borið sig með því móti. Þar við bætist, að þeir borga jafnmikið alstaðar til landsins, hvort sem þeir fara beint til Reykjavíkur eða hringinn í kring um landið og geta þannig verið í skipinu hálfan mánuð eða meira og skoðað landið hringinn í kring fyrir þetta gjald — $3^1/_2$ pd. sterl.

Þessum atriðum þykir félaginu ástæða til að breyta, og virðist það ekki þurfa að vera oss sérlegt kappsmál, það því síður, sem unt mundi vera að fá svo fyrir komið, að afsláttur mikill væri fyrir ferð fram og aftur *frá Íslandi* og til Íslands heim aftur, svo að þeir sem hér eiga heima, og fara utan svöggar ferðir, til þess að hverfa hingað aftur, mundu lítt verða hækkunarinnar varir. Hún kæmi þannig miklu minna niður á Íslendingum heldur en útlendingum, sem alls ekki búast við svona ódýru

fargjaldi, eins og nú er, og ekki eiga heimting á neinni ívilnun fyrir tillag landssjóðs.

Þessar ívilnanir í samningum um millilandaferðirnar hygg eg að mundu gera það líklegra, að viðunanlegur samningur um strandferðir gæti fengist, sérstaklega ef bætt væri úr einu atriði, sem hefir gert strandferðirnar útgerðarmönnum um skör erfiðar og tekjurírar. Það er ákvæðið um, að strandferðaskipin fái ekkert fyrir umhleðslu á vörum, sem millilandaskipin koma með. Þetta er í sjálfu sér alveg óeðlilegt ákvæði, og í hæsta máta ósanngjarnt. Það leiðir til þess, að annaðhvort verða þeir, sem vörur fá beint með millilandaskipum, að borga einnig fyrir þá, sem umhleðslugóssið eiga að fá, eða þá að útgerðin tapar.

Ef hægt væri að rýmka þetta þannig, að skipin fengju t. d. 5 kr. fyrir tonnið þegar flytja þarf vörur í land og í annað skip aftur, og 3 kr. fyrir flutning milli skipa, mundi það ef til vill leiða til samkomulags.

Að vísu álít eg, að stjórnin hafi heimild til þess, án sérstaks samþykkis Alþingis, að breyta samningum við Sameinaða gufuskipafélagið í þessum atriðum, því í fjárlögunum frá 1911, sem nú gilda, er fjárveitingin til gufuskipaferða engum skilmálum bundin. En eg álít þó heppilegt að vita, hvað þingið vill í þessu efni, ef á þyrfti að halda.

Mér væri því kært ef nefndin vildi leggja það til, að taka viðauka um þetta upp í þingsályktunartill. sína, eða að minsta kosti að hv. þm. lýstu yfir afstöðu sinni til slíkra breytinga ef til kæmi.

Það er athugavert, að fjárveitingin í fjárlögunum hljóðar upp á 60 þús. kr. En í tillögum nefndarinnar er farið fram á að ekki verði farið mikið fram úr 40 þús. kr. Eg vil því benda á það, að þótt stjórnin neyddist til að nota 60 þús. kr., eins og fjárlögin heimila, þá hlýtur hún að vera vítalaus.

Frams.m. minni hlutans (Jón Ólafsson): Herra forseti! Eins og sést á nefndarálitinu eru tveir vegir færir til að bæta úr strandferðunum. Eg er einn míns liðs samnefndarmanna minna um aðra leiðina. Þó mun eg greiða tillögum meira hlutans atkvæði, ef mínar tillögur falla, heldur en að ekkert verði gert. Eg hefi samið bæði nefndarálitin og undirskrifað.

Aðaláragurinn af starfi nefndarinnar er sá, að oss er nú ljósara en áður, hvers vegna strandferðirnar hafa ekki getað borið sig. Til þess ber fyrst og fremst, að viðkomustaðir eru of margir, svo að skipin hafa víða ekkert að gera. Í annan stað ber það oftsinnis við að gufubátarnir á Faxaflóa, Breiðafirði og Eyjafirði liggja sama dag á sömu höfnum sem strandferðaskipin, og skipin þá hvert fyrir öðru. Þessu mætti kippa í lag með því að fella burt þá viðkomustaði, þar sem strandferðaskipin hafa lítið eða ekkert að gera; þeim stöðum gætu þá flóa- og fjarða-bátarnir fullnægt, þeir sem styrk hafa af landssjóði. Það ber enn til að strandferðaskipin fá of lítið fyrir þær vörur, sem í þau eru flutt úr millilandaskipunum, en það veldur miklum kostnaði og fyrirhöfn. Úr þessu er einnig auðgefið að bæta.

Það er engin frágangssök að heimila strandferðaskipunum lágt aukafarmgjald, og mér er kunnugt um, að kaupmenn vilja það heldur en að fá vörurnar 2—3 mánuðum seinna, sem oft ber við nú.

Í fjórða lagi er farþegagjaldið á strandferðaskipunum of lágt hafna á milli, 50 aura hér um Faxaflóa, og sama fjarða í milli á Austfjörðum. Það dregur engan einn mann þó að það væri fært upp í 1 kr., en safnast þegar saman kemur, og útgerðina getur dregið það nokkuð.

Þá þótti og nefndinni einsætt, að Suðurlandsferðirnar væru þungur ómagi á strandferðunum, því veldur hafnleysið. Suðurlandsskipið kemur stundum aldrei, stundum einu sinni eða tvisvar á suma viðkomustaðina, vegna þess að það er ókleift. Það er t. d. ómögulegt að fá *áætlunarbundin* skip til þess, að koma við í Vík. Á slíkum stöðum þarf sérstök samgöngufæri, sem haga má eftir veðri og vindi.

Frammi á Lestrarsalnum liggur erindi frá sýslunefndunum í Árnes- og Rangárvalla-sýslum, um að fá heldur mótorbát til Suðurlandsferðanna, og er enginn vafi á því, að það yrði ódýrara og landssjóði hentara.

Síminn verður nú bráðum lagður austur í Vík, og er þá auðgefið að fá að vita með veðurskeytum úr Vestmannaeyjum, hvenær fært er í Vík. Nefndin er sammála um það, að ef ferðir Suðurlandsskipsins eru lagðar niður, muni sparast svo mikið, að vel megi styrkja mótorhát — jafnvel *gefa* sýslunum 20—30 tonna mótor.

Ágreiningurinn milli mín og samnefndarmanna minna er um það atriði, hvort landið ætti ekki að gera tilraun til að reka sjálft strandferðirnar. Á þeirri skoðun er eg. Svo er mál með vexti, að á síðustu 50 árum hefir aldrei verið annar eins hörgull á skipum og nú í öllum heimsálfum, og er í skipsleigu nú goldið blóðugt fé, og talið víst, að líða muni 2—3 ár áður en skipasmiðir heimsins geti afgreitt nægar pantanir til að bæta úr eklunni. Þegar svo er háttað, er það bersýnilegt, að gufuskipin stíga í verði. Nú vill svo vel til, að Thore félagið er fúst til þess að selja landssjóði strandferðaskipin með sama verði sem þeir kostuðu, og er hér þá tækifæri fyrir landið, sem það ef til vill getur ekki vænzt í 1—2 mannsaldra. Þar með er landinu lítil eða alls engin áhætta búin, því að ef því svo lízt, getur það selt skipin aftur eftir 1 ár affallalaust eða jafn vel með ábata. Félagið býður nú landinu skipin fyrir 10 þús. pd. sterl. — 180 þús. kr. — hvert, og er það 11 þús. kr. minna en félagið gæti fyrir þau fengið nú. Þetta tilboð gerir Thorefélagið í greiðaskyni við landið, *gegn því*, að það verði leyst frá samningnum. Landið gæti þannig gert tilraun með strandferðirnar t d. 1—2 ár, og selt skipin, ef svo sýndist. En þar með væri fengin reynsla um strandferðirnar, og þyrfti þá ekki að gezka út í bláinn á um það, hver halli sé að strandferðunum, þegar til samninga kæmi næst.

Þetta eru ástæður mínar fyrir tillögum mínum og legg eg ríkt að þinginu að reyna þetta.

Eg veit, að ýmsir muni svara því um, að vér höfum reynt þetta áður með Vestu-útgerðinni. En sú útgerð sannar lítið. Það var margt sem því olli. Vesta var bæði millilandaskip og strandferðaskip í samkepni við sameinaða gufuskipafélagið. Þar með var enn gert það öxarskaft, að skipið með áhöfn var tekið á leigu af sjálfum keppinautnum. En þar til samtök meðal kaupmannna að nota Vestu ekki. Enn fremur varð skipið fyrir því slysi að missa stýrið í ís á Akureyri. Loks voru fargjöld og farmgjöld færð niður, svo að við það hefir margfaldlega unnist það fé, sem landssjóður tapaði. Mér liggur við að segja, að tap landssjóðs á Vestu sé fjárveiting, sem bezt hefir verið varið í því skyni að bæta samgöngur.

Háttv. 2. þm. Rvk. (J. J.) hélt því fram, að það væri samkvæmt reglu Manchestermanna, að ríkin rækju ekki slík fyrirtæki, heldur einstakir menn. Reynslan hefir sýnt það, að þessi kenn-

ing er villandi, t. d. hafa mörg og flest ríki tekið að sér póstgöngur, ritsíma og járnbrautir. Það er reynslan, sem er hollust og öruggari en allar Manchesterkreddur, sem ekki eru á henni bygðar. Nú reynast þær póstgöngur bezt, sem ríkin reka, og sama er að segja um járbrautir. Það er bezt að láta ekki bóklega, theoretiska hjátrú hlaupa með sig í gönur. Reynslan er einnig nokkurs virði og haldbetri miklu.

Stjórn skipanna mætti koma auðveldlega fyrir. Eg hefi hugsað mér afgreiðslustofu í Reykjavík eins og nú er, en að skipstjórarnir hafi á hendi reikningsfærslu ferðanna og geri skil eftir hverja ferð. Það hefir gefist betur að skipstjórar og skipshafnir væru íslenzkar. Á Austra hefir jafnan verið íslenzkur skipstjóri, og síðan síðan skipstjórinn á Vestra varð íslenzkur, þá hefir gengið betur en áður. Skipstjórarnir mundu gera sér far um, að ferðirnar gangi vel, því að við það er staða þeirra til frambúðar bundin. Það er bezta tryggingin.

Að öðru leyti þarf eg ekki að lýsa tillögum mínum nánara, læt mér nægja að vísa í nefndarálitið. Ef mínar tillögur falla, mun eg ganga að tillögum meiri hlutans og þykir engin frágangssök að aðhyllast br.till. þær, er hæstv. ráðherra (H. H.) vildi láta skeyta við.

Matthías Ólafsson: Eg hefi um langan tíma verið á þeirri skoðun, að landið eigi að eiga sem allra flest flutningstæki sem það notar, og eigi helzt að hafa sjálft með höndum alla flutninga til frá landinu. Eg er því á þeirri skoðun að bezt sé að landið eigi strandferðabátana, en samt get eg ekki álitið að nú sé hentugur tími til að kaupa þá, og allra sízt þá báta sem hér er um að ræða. Eg álít ekki ráðlegt að kaupa þá þótt þeir fáist fyrir þetta lága verð. Þeir eru ekki vel fallnir til strandferða; þeir eru jafn vel verri en Hólar og Skálholt. Og þó nú sé talsverð eftirspurn eftir skipum, þá er engin sönnun fyrir því, að sú eftirspurn haldist, svo að það gæti farið svo að við gætum ekki losnað við þá. Auk þess er nú nýlega uppgötvuð ný tegund skipa, sem eg tel víst að okkur muni verða hentugri þegar búið er að fullkomna hana. Eg á við Dieselmótorskipin; þau hafa þann kost, að steinolían er hægari í vöfum en kol. En þó eg sé nú ekki á því að kaupa þessi skip nú, þá er eg eins og eg sagði áðan hlyntur þeirri hugsjón að landið eigi öll flutningatækin og vona eg að þess verði ekki langt að bíða, að sú hugsjón komist í framkvæmd.

Það var sagt að líkindi væru til þess að bátarnir mundu frekar borga sig ef landið ræki útgerðina og íslenzkir skipstjórar væru á þeim báðum. Eg tel hæpið að þetta sé rétt. Að Austri borgaði sig betur en Vestri kom ekki til af því að skipstjórinn var íslenzkur, heldur af því að hann fór hringferðirnar kring um landið, en Vestri ekki. Hefði Vestri farið hringferðir líka, þá hefði hann áreiðanlega borgað sig, þó skipstjóri væri danskur. Eg hygg því að réttara sé nú að ganga að till. meiri hlutans. En þar eð auðsætt er að enga viðunanlega samninga er hægt að fá með 40 þúsund kr. tillagi, þá hefi eg hugsað mér að koma með br.till. um að hækka það upp í 60 þús. Eg efa ekki að stjórnin muni gera sér alt far um að komast að sem ódýrustum samningum, en eg álít að við verðum að leggja talsvert í sölurnar heldur en að verða án strandferða, og vil eg því að henni sé leyft að semja um alt að 60 þús kr. till.

Þorleifur Jónsson: Hér er vafalaust úr vöndu máli að ráða. Það er því miður ekki útlit fyrir, að þetta þing beri gæfu til að ráða fram úr mörgum vandamálum, en talsvert væri þó í það

varið ef það gæti ráðið þessu máli sómasamlega til lykta. Allir vita hversu ómissandl strandferðirnar eru okkur, enda eru kröfurnar um þær alt af að verða háværari, eftir því sem menn hafa lært að nota þær betur. Ef þingið kipti þeim í burtu þá er eg hræddur um að landsmenn mundu spyrja: Til hvers fóru þessir menn til Reykjavíkur til að sitja þar í 6 vikur? Hver er starfi þeirra. Eg held ekki að hægt sé að benda á neitt annað af gerðum þingsins, sem geti vegið í móti því, ef það fellir í burtu strandferðirnar. Allir vita, að ef þeim verður kipt í burtu, þó ekki væri nema í eitt ár, þá væri fótum kipt undan mörgum framfarafyrirtækjum í landinu. Því að strandferðirnar hafa átt mikinn þátt í að efla framkvæmdir og framfarir þjóðarinnar. Þær hafa gert það að verkum, að verzlunin hefir orðið fjörugri, að afurðir landsins hafa komist í hærra verð, að sjómenn hafa betur getað stundað fiskveiðarnar og þær hafa yfirleitt átt góðan þátt í að styrkja atvinnuvegi landsmanna. Eg mundi því telja mjög illa farið, ef þingið gerði ekki einhverja ráðstöfun til að strandferðirnar gætu haldið áfram. Það má vera að rétt sé, að viðkomustaðir bátanna hafi verið of margir á seinni árum. Það er vitanlega engin hæfa að láta þá fara inn á hvern vog, þar sem flutningurinn er ekki meiri en 1—2 bréfspjöld, eða á staði þar sem fussað er og sveiað við þeim; ferðirnar eru sannarlega of dýrar til þess. En það er hægurinn hjá að fækka viðkomustöðunum, láta bátana koma á þá staði að eins, þar sem von er um viðskifti. Ef svo væri gert þá mundu ferðirnar sennilega borga sig og þá mætti framkvæma hugmynd minni hl. nefndarinnar, um að landið tæki að sér ferðirnar. Og ferðirnar mundu bera sig enn betur, ef báðir bátarnir væru látnir fara hraðar ferðir kringum landið, eins og annar þeirra hefir gert hingað til, því þær bera sig bezt.

Eg vil geta þess, að mér þykir undarlegt að Thorefélagið skuli telja Suðurlandsbátinn mesta ómagann. Hann hefir altaf haft mikið að starfa, hefir verið fullur af vörum í hverri ferð. Hann hefir haft lítið af fólksflutningi, en það kemur til af því, að káetuplássið í honum er svo lítið. En sannleikurinn er sá, að það er ekki réttlátt að reikna Suðurlandsbátnum að eins $^1/_3$ af fraktinni, þegar hann tekur við vörum af öðrum skipum félagsins á stærri viðkomustöðum, ekki sízt þar sem óvíst er hvort vörurnar hefðu nokkurntíma verið sendar af stað, ef hann hefði ekki verið í ferðum.

Eg get ekki séð að ráð minni hl, að landið kaupi bátana, sé neitt glæfraráð. Það er að mínu áliti svo langt frá því að þeir séu lélegir, að eg tel þá einmitt þá heppilegustu báta, sem við höf um haft í strandferðum. Það má vera að aðrir heppilegri bjóðist í framtíðinni, en þeir verða líka vafalaust dýrari.

Eg heyrði á hv. 2 þm. S. Múl. (J.Ó.) að von væri um að innlent félag verði stofnað til að reka strandferðirnar, og finst mér þá því fremur ástæða til að kaupa bátana, svo að því félagi gefist kostur á að eignast góð samgöngufæri með tímanum. Eg tel rétt að landssjóður afhendi því bátana, jafnvel þó svo færi, að hann hefði ekki skaða á þeim, því það gæti verið vafstur fyrir landið að reka strandferðirnar, og væri réttara að þær væru í höndum innlends félags ef það verður stofnað. Þótt eg hafi fundið að úrræðaleysi meiri hl. nefndarinnar, þá verð eg þó að geta þess, að eg er henni þakklátur fyrir að hún leggur það til í áliti sínu, að skipið sem fer frá Reykjavík til Akureyrar, komi við á Hornafirði. Enda hlyti það að stafa af ókunnugleik, ef sá staður væri sviftur

strandferðum. Eins og mönnum er kunnugt er 38 þús. kr. styrkur veittur til flóabáta á ári hverju, 12 þús. til Faxaflóabátsins, aðrar 12 þús. til Eyjafjarðarbátsins, hitt til Breiðafjarðar- og Ísafjarðar-bátanna. Á Austurlandi er engum slíkum bátum til að dreyfa, svo að á smærri hafnir þar koma engin önnur skip en strandferðaskipin. Á Hornafjörð kemur bókstaflega talað ekkert skip fyrir utan strandferðabátinn, nema hvað trollarar hafa komið þar inn og einstöku sinnum Spítalaskipið franska. En hins vegar hefir Perwie gengið svo vel, að hún hefir komist inn á Hornafjörð í hverri ferð og aldrei tafist neitt þar. Skipstjórinn á Perwie segir að það sé ein sú bezta höfn.

Á Hornafirði er mjög mikið að gera fyrir bátinn, því að verzlanirnar fá allar vörur sínar með honum. Þangað eru fluttar allar lífsnauðsynjar heils sýslufélags, og útfrá honum flytjast allar afurðir þess. Árið 1911 nam sú fragt sem borguð var á Hornafirði af aðfluttum og útfluttum vörum rúmum 8 þús. kr og er það ekki lítið á smástað. Til að sýna hve mikill áhugi er í sýslunni á samgöngunum skal eg benda á það, að hún borgar manni 200 kr. á ári til að greiða fyrir innsiglingu skipa, halda við merkjum, leiðbeina skipum o. s. frv.

Það sem eg hefi að athuga við tillögu nefndarinnar er, að hún leggur til, að Austurlandsbáturinn komi að eins við í tveim, þrem ferðum á Hornafirði. Hann þyrfti að koma þar við í 4—5 ferðum á sumri á hvorri leið. Eg get bent á það, að nú er farið að senda stórgripi með hverri ferð til Reykjavíkur og Austurlands, og er það ekki all-lítil fragt ef sendir eru t. d. 10 til 20 gripir í ferð, þar sem borgaðar eru 10 kr. fyrir hvern.

Eg er hræddur um að úrræðin með strandferðirnar verði lítil, ef tillaga minnihlutans verður ekki samþykt, því að stjórnin nær varla samningum um hentugar ferðir fyrir nýjár, ekki sízt þar sem Sameinaðafélagið gefur enga von um að það vilji taka að sér ferðirnar. Enda var heldur ekki mikil ánægja meðal landsmanna með ferðirnar, meðan það félag hafði þær á hendi, og varla verður það greiðara í vöfum nú, þegar svona stendur á, þó að það fengist til að taka þær að sér. Eg mun því greiða atkvæði með till. minni hl., því eg álít það ekkert glæfraráð að kaupa bátana um sinn, með það fyrir augum, að láta þá aftur af hendi við innlent félag þegar það verður stofnað.

Bjarni Jónsson: Eg vil fyrst láta þess getið réttlætisins vegna, að það sem nú er orðið í samgöngumálinu, hefir borið af núverandi þm. Barð. (B. J.) þau ámæli, er hann fekk fyrir samninginn við Thorefélagið, þar sem það er nú komið á daginn að hann hefir verið gerður of mikið landinu í hag en félaginu í óhag, svo það sér sér ekki lengur fært að halda hann. Það er réttlætisskylda að kannast við þetta.

Þá mun eg hverfa að málinu sjálfu, og dreg eg engar dulur á það, að eg er fullkomlega sammála minni hluta nefndarinnar um það hvað gera beri. Mér virðist einmitt nú hentugur tími til að byrja á þeirri stóru vinnu sem fyrir okkur liggur, að taka í eigin hendur samgöngurnar, en fullkomið vald yfir þeim fáum við ekki fyr en við eignumst sjálfir skipin. Og það vil eg segja að hvað sem gert er til að hlaða undir eitt einasta félag, með því að semja við það og styrkja það ár eftir ár, er gert móti velferð þjóðarinnar og er þröskuldur í vegi fyrir því að þetta stórmál gangi fram. Eg vil því ekki semja við neitt félag, heldur taka tillögur minni hlutans. En allra síst vil eg semja við

Sameinaðafélagið, það félagið sem áður er ríkast hér í landi. Eg vildi heldur semja við norsk eða ensk félög og trúi eg því ekki að óreyndu að þau séu ófús að taka að sér ferðirnar fyrir sama styrk. Eg þarf ekki að benda á það hversu afarmargt mælir með því að við semjum ekki við Sameinaðafélagið heldur stígum nú fyrsta sporið í þá átt að taka samgöngurnar í eigin hendur. Allir verzlunarvegir eru bundnir við endastöðvar samgangnanna. Við fáum ekki eðlilega viðskiftavegi meðan hin endastöð samgangna vorra er í Kaupmannahöfn, en þar heldur hún áfram að vera meðan sameinaða félagið hefir samgöngurnar á hendi. Það kemur auk þess í veg fyrir það, að innlent félag verði stofnað til að hafa á hendi samgöngurnar við önnur lönd. Hér í bænum hafa nokkrir menn verið að reyna að stofna félag til að koma á samgöngum við England, en það hefir strandað á því, að þeir hafa skorist úr leik sem vandabundnastir eru þessu félagi. Ef menn bera fram þá mótbáru gegn till. minni hlutans að ekki sé fé til, þá er hún alveg út í loftið. Hér flóir næstum út úr af tekjufrumvörpum, og er það matvendni einni að kenna ef menn vilja ekki hagnýta neina af þeim leiðum til að afla landinu nægilegs fjár, sem stungið er upp á með þeim.

Það er og sannast frá að segja að skipafélögin taka svo mikið gjald af mönnum fyrir fæði, að það hlýtur að vera þeim beinn gróði að hafa fólk um borð. Raunar er það engin frágangssök að hækka gjaldið á betri skipunum, en hitt finst mér landsskömm með undanþágu á landsmönnum. Þeir sem þá ekki vildu fara með dýru skipunum geta þá farið með hinum ódýru. Það er mjög óviðfeldið að hafa annað verð fyrir útlendinga. Til dæmis Vestur-Íslendingar, sem hingað koma, þeir eyða miklu fé, þó þeir annars kunni að vera hér aufúsugestir; virðist það leitt að þurfa að leita í þeirra vasa og leyfa þeim ekki að njóta jafnréttis. Get eg sagt eitt dæmi um slíkan ójöfnuð frá því er eg var leiðtogi útlendra ferðamanna hér, við fengum gistingu á bæ einum og er borga átti þá varð hver útlendingur að greiða 4 kr. nóttina, eg 2 kr. og innlendir ferðamenn 1 kr.

Vil eg svo bæta því við að eg mun með atkvæði mínu fylgja minni hlutanum úr nefndinni.

Framsögum. minni hlutans (Jón Ólafsson): Herra forseti! Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði að bátarnir væru óhentugri en Skálholt og Hólar hefðu verið og rúmið væri miklu minna. Það getur verið að stundum sé ekki alveg nægilegt rúm fyrir fólk um borð, og taka þeir þó fleira fólk en Hólar eða Skálholt gerðu; en aftur á móti veit eg ekki til þess, að nokkurntíma hafi skort farmrúm á bátum þessum. Viðvíkjandi br.till. á þgskj. 272, 1. a, um að skip þau, er Thorefélagið mun hafa til millilandaferða skreppi, þegar þau eru stödd í Höfn milli ferða, nokkrum sinnum til Lübeck á Þýzkalandi, eftir ákvörðunum stjórnarráðsins, þá ættu allir að geta verið nefndri br.till. samþykkir, því menn vita að það mundi koma sér einkar illa fyrir íslenzka kaupmenn, að ferðir til Þýzkalands legðust alveg niður. En Lübeck liggur mjög vel við vöruflutningum alstaðar að af Þýzkalandi og er ekki nema 12 tíma ferð þangað frá Kaupmannahöfn. Í gær er »Sterling« kom, átti eg tal um þessar ferðir við Nielsen skipherra og lét hann í ljósi við mig að félagið (Thore) mundi ekkert hafa á móti því að fara þessar ferðir.

Annars vildi eg bara vekja athygli hinna háttv. deildarmanna á því að þeir geta allir vel greitt atkvæði sitt með þessari tillögu.

Framsögum. meiri hl. (Guðlaugur Guðmundsson): Það er lítið sem eg þarf að svara af því sem hefir komið fram í ræðunum. Eg veit að háttv. þm. hafa gert sér málið svo ljóst að þeir geta fljótlega séð að hér er úr vöndu að ráða og horfir málið þannig við, að annaðhvort verði strandferðirnar að falla niður næsta ár, eða þá að þing og stjórn verði að sæta afarkostum. Það var rétt mælt, sem háttv. þm. A.-Sk. (Þ. J.) sagði um hrópin um fjölgun við komustaða strandferðabátanna, þau heyrast víða að, en alt um það eru þessi hróp ekki þýðingarmikil og ekki má ætlast til að þessi hróp séu tekin alt of mikið til greina. Þau eru flest og mest að kenna þingmönnum sjálfum, þeir reynast ótrauðir að krefjast gufuskipaviðkomu, hver í sínu kjördæmi og einatt á fráleitustu stöðum, oft gera þeir þetta af einhverri mikilmensku til þess að geta sagt kjósendunum að þarna hafi þeir getað útvegað nýjan viðkomustað. Eg veit dæmi þess að á slíkum viðkomustöðum hefir ekki fengist nokkur afgreiðslumaður, þó að honum væri lofaðar allar tekjur af farmgjaldi er til féllu á staðnum. Get eg nefnt 6—7 dæmi þessu til sönnunar eftir upplýsingum sem hefi fengið hjá afgreiðslumanni bátanna á Akureyri. Þó að menn á slíkum stöðum æpi um að skipin komi við hjá sér 10—12 sinnum á ári, þá er alveg ástæðulaust að taka það nokkuð til greina, þeim þykir gaman að sjá gufuskipin bruna upp undir landssteinana og sport að heyra þau pípa, þó ekki væri annað. — Það er þingmönnum að kenna að strandferðir eru svo slæmar nú, að ekkert félag vill framar við þeim taka nema þá með afarkostum. Viðvíkjandi því sem hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, þá mun nefndin taka það til íhugunar og býst eg við að hún muni fallast á það. Br.till. á þgskj. 272 finst mér vera varhugðverð að setja Lübeck-ferðirnar sem beint skilyrði, því að eftir bréfi sem lá fyrir nefndinni er beint farið fram á að félagið losni við samninginn um strandferðirnar alveg fororðslaust og án nokkurra skilyrða. Hamborgarferða-samningurinn er álitinn innlimaður í samninginn um strandferðir og hygg eg því ekki rétt að setja hér nein skilyrði. Aftur á móti mætti setja inn við 3. umr. það ákvæði, að stjórninni sé veitt heimild til að setja slík skilyrði, ef henni, eftir nánari umleitun, sýndist það fært eða heppilegt. Meiri hluti nefndarinnar, gerir því ráð fyrir að breyta orðalaginu ofurlítið til 3. umr.

Fleiri tóku eigi til máls og var þá þessari fyrri umræðu lokið. Þingsköpin leyfðu eigi að láta frv. ganga til næstu umræðu án atkv.gr. Var þá leitað afbrygða frá þingsköpunum og leyfði hæstv. ráðherra (H. H.) það, og þingdeildin með 21 samhlj. atkv.

Samþ. málið til síðari umr. með 19 samhlj. atkv.

Síðari umr. 21. Ágúst.

Framsögum. meiri hl. (Guðl. Guðmundsson): Meiri hluti nefndarinnar hefir komið fram með breyt.till. á þgskj. 305, er miða að því sumpart að skýra tillöguna, þannig að stjórnarráðið fái nánara tiltekin þau skilyrði, sem það geti sett Thorefélaginu, ef til kæmi að það yrði leyst frá samningnum. Og er þá það gert að skilyrði, að hafðir verði viðkomustaðir í nokkrum ferðum í Norður-Þýzkalandi og helzt í Lübeck. Ennfremur er lagt til, að það verði sett sem skilyrði fyrir samningsslitum, að félagið gefi stjórninni kost á að kaupa gufuskipin Austra og Vestra.

Frá minni hlutanum er brtill. á þskj. 272 í tveim liðum. Nú hefir minni hl. lýst yfir því, að fyrri liður till. væri tekin aftur og er þá brtill. á þskj. 253 sjálffallin. Aftur á móti heldur minni hlutinn fast við 2. lið, sem þá ber að skoða sem brtill. við 2. lið meiri hlutans á þskj. 305.

Loks er brtill. frá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) á þgskj. 386, sem lýtur að því að ákveða, hvert hámark stjórninni skuli heimilt að nálgast í samningum um strandferðir næsta ár, ɔ: 60 þúsund kr. Það er heldur þýðingarlítið að setja þessi takmörk og virðist ekki heppilegra að ákveða heimildina á annan veg en gert er í tillögum meiri hlutans, ɔ: að heimildin hljóði upp á rúm 40 þús. kr.

Nefndin áleit að fækka mætti viðkomustöðunum og mætti því komast af með minna fé en nú er ætlað til strandferða.

Brtill. á þskj. 263 eru samhljóða brtill. á þskj. 272, og þarf eg ekki að fara nánara út í það.

Hæstv. ráðh. (H. H.) minnist á það um daginn, að Sameinaða félagið, vildi fá breytingar á farþegataxtanum og fyrir þá ívilnun taka að sér ferðirnar fyrir ekki mjög hátt verð.

Mér skilst, að til standi, að skipin verði stærri og vandaðri, en jafnframt hækki farþegagjaldið. Um þetta atriði finst mér ekki þörf að setja inn í till. nokkur skilyrði. Stjórninni er heimilt að semja um þetta atriði, og það kemur í rauninni ekki Alþingi við.

Að svo mæltu vænti eg að brtill. á þskj. 305 verði samþyktar.

Ráðherrann (H. H.): Það væri eingan veginn einhlýtt fyrir stjórnina til þess að kaupa strandferðaskipin Austra og Vestra að þessi þingsál.till. yrði samþykt. Til þess þyrfti lög. Að öðru leyti er eg þakklátur hv. frams.m. meiri hl. (G. G.) og nefndinni fyrir þau ummæli, að það verði ekki talið neitt brot, að stjórnin breyti samningunum við Sameinaða félagið í þeim atriðum, sem áður hafa tilgreind verið af mér og háttv. framsögumanni og hafi óbundnar hendur til nýrra samninga um næsta ár. —

Björn Kristjánsson: Samkvæmt brtill. á þskj. 258, er stjórninni ætlað að verja að eins 40 þús. kr. til strandferðanna árlega. Það gæti farið svo, að stjórninni veitti örðugt að útvega strandferðir fyrir þetta fé, og væri það illa farið. Því er réttast að samþykkja brtill. á þskj. 286, svo stjórnin hafi nægt fé til umráða til þess einnig að halda uppi samgöngunum fyrir suðurströndinni.

Matthías Ólafsson: Viðvíkjandi brtill. minni á þgskj. 286 vil eg taka það fram, að eg sé ekki betur en sú tillaga sé ákveðnari en tillögurnar um að heimildin nái ekki »að stórum mun« fram úr 40 þús. kr. Stjórninni er ekki gefin nein skýring á því, hvað sá »stóri munur« megi vera hár. Með minni br. till, er stjórnin miklu nær því að vera laus við allan efa um það efni, og vona eg að hún nái fram að ganga.

Pétur Jónsson: Eftir því sem menn hafa betur hugsað þetta strandferðafyrirkomulag, hafa menn æ betur komist að raun um, hversu það er óhaglegt, og hve því fé, sem til strandferðanna gengur, er óhyggilega varið. Það er það dæmalaust ósamræmi í milli þessara ýmsu innfjarðabáta og strandbátanna, svo að hverir skaða aðra í stað þess að styðja. Með þessari þingsályktunartillögu er ekkert lagfært í þessu efni. Þar er alt í sömu óvissu sem áður. En það mun ósk nefndarinnar, að stjórnin leggi fyrir næsta þing einhverjar tillögur, sem miðuðu að því að koma betra

skipulagi á þetta. Það er líka óskandi að stjórnin rannsaki þetta mál sem allra bezt til næsta þings, safni skýrslum um tekjur innfjarða og strand-bátanna, sundurliðuðum eftir viðkomustöðum, og svo um kostnaðinn við þá. Reyni síðan að skapa eitthvert samræmiskerfi af ferðum þeirra báta, sem ganga innfjarða og með ströndum, og leggi þetta fyrir næsta þing. —

Matthías Ólafsson: Eg vildi geta þess út af nefndarálitinu í þessu máli (þskj. 235), þar sem lagt er til að sleppa ýmsum viðkomustöðum, þá get eg hugsað mér, að með því lagi mundu 40 þús. kr. hrökkva til Að sleppa þó úr alveg stöðum eins og Patreksfirði nær þó ekki nokkurri átt, og svo er um fleiri staði, sem upp eru taldir, sumir hverjir miklir verzlunar- og útgerðar-staðir. Þótt nú úr þessu ætti að bæta með smábátum, þá er reynslan sú, að þeir hafa lítið gagn gert vegna þess, að slæmt samband hefir verið milli þeirra og strandferðanna.

Sigurður Sigurðsson: Eg vil geta þess í sambandi við þessa tillögu, að sýslunefndirnar í Árnes-sýslu og Rangárvallasýslu hafa skrifað Alþingi bréf þess efnis, að ef auðið yrði kjósi þær, að komið verði á mótorbátasambandi milli ýmsra staða austan fjalls og Reykjavíkur.

Út af þessari ósk sýslnanna austan fjalls, höfum við þingmenn þessara kjördæma skrifað nefndinni, sem kosin var á öndverðu þingi í þetta mál, og beiðst þess, að þessi ósk eða tillaga yrði tekin til greina.

Þætti mér því mikils um vert að fá að heyra frá formanni nefndarinnar eða framsögumanni hennar, hvernig nefndin hefir tekið þessari beiðni.

Þegar gengið verður til atkvæða óska eg að breytingartillagan á þgskj. 315 verði borin upp í tvennu lagi, a-liðurinn sér og b-liðurinn sér, því að eg er með a-liðnum en ekki b-liðnum. Eg lít svo á að það sé engin ástæða til að gefa stjórninni undir fótinn með að halda sér til þessara ákveðnu báta, ef um kaup á skipi eða skipum væri að ræða til strandferða eða siglinga. Eg þori að fullyrða, að þessi umræddu skip, »Austri« og »Vestri« geta ekki fullnægt þörfum vorum eins og stendur, auk heldur í framtíðinni, og væri því mesta óráð að kaupa þá.

Af þessum ástæðum óska eg að breytingartillagan sé borin upp í tvennu lagi.

Tryggvi Bjarnason: Við fyrstu umræðu þessa máls var það sagt hér í deildinni, að strika mætti út strandferðir. Úf af því skal eg taka það fram, að það eru einu samgöngurnar á sjó, sem sum héruð hafa. Viðkomur strandbátanna eru eftir ferðaáætluninni fyrir 1912, 969, þó ekki séu taldar með hringferðir Austra. Þjóðinni myndi því bregða stórkostlega við ef strandferðunum væri kipt burtu, og flóabátarnir geta ekki fullnægt þörfum manna því að þeir eru ekki nema á stöku stað. Hinsvegar álít eg að miklu tiltækilegra, en að fella strandferðirnar alveg burtu, væri að fækka þeim t. d. úr 6 niður í 4. Um miðsumarið hafa þeir lítið að flytja og gætu þeir á þeim tíma farið 1—2 ferðir til útlanda.

Mér virðist sem upptalning minni hluta nefndarinnar á þeim höfnum, er strika megi út af áætlun strandbátanna sé gerð algerlega af handahófi, enda sést ekki hverjar hafnir hann vill láta falla algerlega burt, og hverjar að eins að nokkru leyti, en eg er einmitt hræddur um að hann vilji alveg fella burt þær hafnir sem sízt má að mínu áliti — nefnilega þær, sem millilandaskipin ekki koma á. Slíka viðkomustaði má ekki fella burtu nema þá þar sem flóa-

bátar eru, en þeir eru nú ekki nema 4 flóabátarnir, sem styrks njóta úr landssjóði. 1. á Faxaflóa, 2. á Breiðafirði, 3. á Ísafirði og 4. á Eyjafirði. Um Húnaflóa gengur enginn slíkur bátur. Millilandaskipin koma þar örsjaldan við, t. d. er millilandaskipum Thorefélagsins aldrei ætlað að koma á hafnir við Húnaflóa á árinu 1912. Reyndar stendur í athugasemd við áætlunina — ekki í henni sjálfri — að komið verði við á Húnaflóa í 1—2 ferðum, ef nægilegur flutningur fáist. Skipin koma nú og oft áætlunarlaust, en þau geta að eins einstakir menn notað, en ekki almenningur, því að hann veit ekkert um hve nær þau koma, og getur yfirleitt ekkert á þau treyst. Það er engin sanngirni í að strika hafnirnar við Húnaflóa út af áætlun strandbátanna því að þangað er oft mikið að flytja, t. d. kemur það oft fyrir að skip liggja hálfan til heilan dag á Hvammstanga þótt veður tálmi ekki afgreiðslu.

Ef Húnaflói yrði sviftur strandferðunum, yrði hann olbogabarn eins og hann svo oft hefir verið áður.

Það sýnir ókunnugleika minni hluta nefndarinnar, að hann vill strika út Kálfshamarsvík og Reykjarfjörð. Kálfshamarsvík er stórt fiskiver, enda koma strandferðabátarnir þar við í öllum ferðum fram og aftur þetta árið, þá höfn væri með öllu ófært að fella burtu.

Það kann að vera, að til sumra þeirra staða, sem minni hluti nefndarinnar telur upp, sé ekki mikill flutningur, en að fella þá alveg burtu er samt ófært.

Mér finst vel hugsanlegt, að þó strandbátarnir hæfu göngu sína í April og gengju fram í Október, þá færu þeir að eins 4 ferðir auk hringferðanna, sem heldur þyrfti að fjölga en fækka, og gætu þeir þá farið til útlanda með t. d. ull að sumrinu og komið aftur með vörur að haustinu, svona í Septembermánuði. Sé það rétt að upp úr flóabátunum hafist að eins $^2/_3$ af kostnaðinum, þá er það af því að þeir hafa of lítið svæði undir. Annars væri ekki vanþörf á að gera gangskör að því að rannsaka hvernig flóabátarnir bera sig, og er ilt að halda áfram að styrkja báta sem ekki borga sig og engin þörf er fyrir.

Þá ætti og að sjá um að strandbátar og flóabátar keptu ekki hvorir við aðra.

Eg býst við að greiða atkvæði með tillögum meiri hluta nefndarinnar. En þeirri áskorun vildi eg um leið beina til ráðherra, að ef samningar takast um strandferðir, að fella ekki burtu viðkomustaði, fækka heldur ferðunum.

Bjarni Jónsson: Eg vildi að eins gera fyrirspurn um það, hvort það að Lübeck er nefnd í tillögunni, á að skiljast svo, sem stjórnin sé bundin við að ferðirnar séu farnar til Lübeck, ef félagið alt eins vel vill halda áfram Hamborgarferðunum. Eg tel sjálfsagt að Hamborgarferðunum sé haldið áfram ef þeirra er kostur, því að dálítill rekspölur er kominn á þær og um þær dálítil reynsla fengin. Annars lét eg framsögumann nefndarinnar vita um mann, sem fús væri til samninga um Hamborgarferðir, að Thorefélaginu frágengnu og vona eg að hann láti ráðherra vita um það. Eg taldi réttara fyrir mig að snúa mér um þetta efni til nefndarinnar en stjórnarinnar, ef vera kynni að það mætti henni að gagni koma.

Eg skil ekki hvað menn geta haft á móti b-lið tillögunnar, þar er stjórninni að eins áskilinn réttur til að ganga inn í kaup á skipum, virðist henni þau aðgengileg, en hún er á enga lund bundin til þess að gera það frekar en henni gott þykir. Og ekki er hægt að skylda félagið til þess að selja önnur skip en þessi.

Háttv. framsögumaður hefir misskilið það sem eg talaði um fargjaldahækkun hér á dögunum. Eg er ekki á móti slíkri hækkun yfirleitt, heldur hinu að láta Íslendinga hafa betri kjör en aðra. Mér gazt vel að ræðu hv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.), eg er honum alveg samdóma um að óráðlegt sé að fækka viðkomustöðunum, hitt miklu tiltækilegra að fækka ferðunum. Viðkomur strandbátanna spara mönnum mikinn tíma og fyrirhöfn og auk þess er það, að þegar menn eru orðnir þeim vanir hafa þeir fargað þeim tækjum er þeir áður höfðu til flutnings. Og myndi þjóðinni því bregða stórum við ef strandferðirnar hættu, eða viðkomustöðum yrði fækkað að nokkrum mun. Eg gæti talið fleiri ástæður til stuðnings þessu máli, en út í það nenni eg ekki að fara að þessu sinni. Eg hygg að það sé með öllu óhætt að greiða atkv. með þessari till., þar sem frv. sem hér var til umræðu í deildinni næst á undan þessu máli, mun eiga fram að ganga, og er þeirrar stefnu að landssjóður taki þessar skipagöngur í sína hönd að meira eða minna leyti.

Frams.m. meiri hl. (Guðl. Guðmundson): Út af ræðu hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), skal eg taka fram að á áætlun bátsins sem gengur vestur um landið eru 47 viðkomustaðir, þar af er lagt til að fella 23 burtu, en halda 24. Það vakti fyrir nefndinni, að ekki væri þörf á að bátarnir kæmu á þær hafnir sem millilandaskipin koma á nær í hverri ferð.

Þannig er t. d. ástatt með Patreksfjörð, Bíldudal og Bolungarvík. Heldur ekki virtist nefndinni ástæða vera til að þeir kæmu þar sem flóabátar eru á stöðugu ferðalagi. Nú er ferðum þannig háttað að stundum eru 3 skip í einu á sömu höfninni: millilandaskip, strandbátur og flóabátur. Það má geta nærri hvert vit er í slíku. Hvað þeim viðkomustöðum viðvíkur, sem gert er ráð fyrir í nefndaráliti minni hluta nefndarinnar að fella megi burtu af áætlun, þá skal eg taka fram að sú upptalning er aðeins bending til stjórnarinnar, en annars ætlast til að hún rannsaki málið nákvæmlega, og taki ákvörðun eftir niðurstöðu þeirrar rannsóknar. Að láta skipin vera að koma á hafnir þar sem reynzlan hefir sýnt að ekkert er að gera er ekki til neins annars en að eyða peningum.

Gagnvart því sem háttv. 2. þm. Hún. (Tr. B.) sagði, skal eg taka fram að ástæðan til þess að Eyjafjarðarbáturinn bar sig ekki 1911 betur en raun varð á, voru einkanlega ferðir hans á hafnir við Húnaflóa, sem báturinn var leigður í, þvert ofan í tillögur félagsstjórnarinnar. Kom hann á þær í fjórum ferðum. Þessar hafnir voru Blönduós og Lambhúsavík, og þangað hafði hann sannarlega lítið að gera. Í fyrra voru bruttotekjur bátsins af Blönduós kr. 26,48, þar af voru 25 kr. borgaðar fyrir afgreiðslu, svo að nettotekjur bátsins af þeirri höfn voru kr. 1.48. Og til eða frá Lambhúsavík hafði hann eftir því sem eg bezt veit ekkert eða sama og ekkert að flytja. Hins vegar er mér óhætt að fullyrða að 4 ferðir frá Sauðárkrók vestur á Húnaflóa — til Blönduóss og Lambhúsavíkur — kosta að minsta kosti 800—900 kr. Á Blönduós fékst í vor enginn afgreiðslumaður. Þeir sögðu þar blátt áfram að þeir kærðu sig ekkert um skip sem þeir hefðu ekki beðið um. Eyjafjarðarbáturinn kom þangað einu sinni í vor með rúma smálest af vörum og urðu skipsmennirnir sjálfir að flytja vörurnar í land, því þar á staðnum fekst enginn til þess að skipa þeim upp. Vestri kom þar líka í vor eitt sinn með tvær smálestir eða svo og það fór á sömu leið, skipsmennirnir urðu sjálfir að flytja vörurnar í land. Á þessum stöðum verða skip oft að bíða lengi með smáræði eftir afgreiðslu þó þau hafi

afgreiðslumannn á staðnum og menn eigi von á flutningi. Eg verð að segja að það að vera að leggja báta á slíkar hafnir þar sem ekkert er að gera, er ekki til annars en að baka útgerðarfélaginu og landssjóði kostnað. Þar sem flóabátarnir ekki hafa nema hæfilegt svæði, þar eru þeir miklu hentugri bæði til fólks- og vöru-flutninga en stranbátarnir; gallinn hefir hingað til verið sá, að þeir hafa verið teygðir um alt of stórt svæði. En mesta fásinna væri að hætta að halda uppi flóabátaferðunum. Það er þó vísir til innlendra gufuskipaferða, sem sannarlega væri vert að glæða. Það er ólíkt betra að styrktarfé renni til innlendra manna, en að vera að troða því í vasa útlendinga. Það er eins með strandbátana eins og læknahéruðin af því landssjóður á að borga brúsann, þá vilja menn helzt hafa bátana inn á hverja vík eins og menn heimta lækni í hverja sveit þótt engin þörf sé fyrir.

Nefndin athugaði tillögu háttv. þm. Árn, (S. S.) og er honum samdóma um, að tiltækilegasta ráðið til þess að bæta úr samgönguleysinu fyrir suðurströnd lansins, sé að hafa hæfilega stóra vélaskútu sem hafi aðalstöð sína í Vestmannaeyjum. Nú þegar síminn er kominn þangað, og kemur væntanlega bráðum austur í Vík, má símleiðis fá að vita til Vestmanneyja hvort leiði er á flestar hafnir á suð-ströndinni, svo sem Eyrarbakka, Stokkseyri og Vík, og að því er snertir Hornafjörð, er svo til ætlast, að strandbáturinn, sem gengur austur um landið, komi þar við að minsta kosti í tveim ferðum, í April og Júlí.

Viðvíkjandi því sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði um Þýzkalandsferðir, þá skal eg taka það fram, að það er alls ekki meining nefndarinnar, að stjórnin sé bundin við Lübeckferðir ef hún getur fengið haldið Hamborgarferðunum áfram. Nefndin leit aðeins svo á, að ekki mundi hægt að fá Hamborgarferðunum haldið áfram án sérstaks fjárframlags úr landssjóði, en hafði hins vegar von um að ferðir til Lübeck fengjust án sérstaks styrks, þar sem sjóleiðin þangað er miklu styttri en til Hamborgar, en sem sagt geti stjórnin, landssjóði að kostnaðarlausu, fengið Hamborgarferðunum haldið áfram, þá er tilgangi nefndarinnar með skilyrðinu náð.

Tryggvi Bjarnason: Háttv. þm. Ak. (G. G.) sagði að strandbátur Eyfirðinga hefði ekki svarað kostnaði í fyrra af því hann hefði farið til Blönduóss og Hólmavíkur. Það er nú alt af gott »að hafa barn fyrir blóra«. En þetta getur stafað af tvennu: Í fyrsta lagi því, að skipin komi mörg á sömu höfn í einu, það er óhagkvæmri áætlun að kenna; og í öðru lagi vegna þess, að áætlanir skipanna eru ekki sendar nægilega út, svo menn vita ekki hvað skipunum líður.

Eitt sinn leitaði eg að áætlun Faxaflóabátsins í verzlunum og á afgreiðslustöðum víðsvegar, og fann hana ekki fyr en svo seint, að eg gat ekki notað bátinn. Og þetta er ekki eins dæmi, þó ilt sé. Til þess að not verði að skipunum, þurfa áætlanir að vera í höndum sem flestra, og verður að sjá um að svo megi vera.

Eg skil það vel, að bátur sem gengur frá Eyjafirði til Húnaflóa, hljóti að fá minni flutning en t. d. bátur sem gengi þangað af Ísafirði. Þaðan flyzt meiri farmur og þangað. Einkum mundi þó þetta verða ef strandferðirnar fækkuðu. Yrðu strandferðirnar ekki nema fjórar, þá hefði bátur af Ísafirði til Húnaflóa nóg að gera, ef hann fylgdi fastri áætlun, sem almenningur vissi um. Þó háttv. þm. Ak. (G. G.) hafi rétt fyrir sér í því, að ferðirnar á Húnaflóa hafi reynst Eyjafjarðarbátnum arðlitlar, þá sannar

það alls ekki, að ekki sé full þörf á bát þangað, alveg eins mikil og annarsstaðar.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgskj. 272 (a og b) tekin aftur.

Br.till. á þgskj. 253 þar með sjálffallin.

Br.till. á þgskj. 305, 1 út að b sþ. með 18 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 305, 1 b sþ. með 11 : 3 atkv.

Br.till. á þgskj. 272, 2 feld með 14 : 3 atkv.

Br.till. á þgskj. 305, 2 (fyrri partur) út að »án þess« sþ. með 18 shlj. atkv.

Br.till. á þgskj. 286 (br.till. við 305) sþ. með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Einar Jónsson
Jón Jónsson Rvk.	Guðl. Guðmundsson
Benedikt Sveinsson	Halldór Steinsson
Bjarni Jónsson	Jóh. Jóhannesson
Björn Kristjánsson	Ólafur Briem
Jón Magnússon	Pétur Jónsson
Matth. Ólafsson	Valtýr Guðmundss.
Sig. Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Þorleifur Jónsson.	

Hannes Hafstein greiddi ekki atkv. og taldist með meiri hl.

Liðurinn þannig breyttur sþ. með 16 shlj. atkv.

TILLAGA til þingsályktunar frá minni hluta strandferðanefndarinnar (263)

Útbýtt 15. Ágúst.

Um ríkisréttindi Íslands.

TILLAGA til þingsályktunar lútandi að ýmsum ríkisréttindum Íslands, er viðurkend verða að teljast af danska löggjafarvaldsins hálfu (264); e i n u m r. 20. Ágúst.

Upp var lesin rökstudd dagskrá, er kom fram og prentuð er á þskj. 345.

Frams.m. (Skúli Thoroddsen): Það er óþarft að vera langorður um þessa tillögu. Hún hefir verið höfð svo glögg, og sundurliðuð svo rækilega, sem frekast er unt, svo að hún talar því í rauninni sjálf sínu eigin máli.

Tillagan hefir verið borin fram vegna þriggja málsaðila.

a. Í fyrsta lagi vegna Íslendinga sjálfra,

b. í öðru lagi vegna Dana,

c. og í þriðja lagi vegna annara erlendra þjóða.

Kunnugt er oss flutningsmönnunum að vísu, hverjum örlögum tillagan muni sæta hér í deildinni, þar sem »bræðingurinn« svo nefndi, eða samningar við Dani, liggur nú í loftinu. En það er — máske einmitt engu síður þessa vegna — nauðsynlegt, að tillagan komi fram, því að vér rekum oss æ öðru hvoru á það, bæði í blöðunum og sjáum það af ályktunum þingmálafundanna, eins og vér og heyrum það á umræðum í þinginu, að jafnvel Íslendingum sjálfum eru efni þessi engan veginn svo ljós, sem skyldi.

Það er t. d. þrefað um það fram og aftur, hvort vér höfum rétt til þess að hafa sérstakan íslenzkan fána, enda þótt vér höfum glögga viðurkennig þess frá danska löggjafafarvaldsins hálfu, að »siglingarnar« og »verzlunin« séu íslenzk sérmál, og þar með þá og viðurkent:

a. Að það sé íslenzka löggjafarvaldsins *eins* að ákveða, hvaða fána Ísland hafi á skipum sínum, og

b. að þeir ætli sér að sjá um, að ekkert verði því til fyrirstöðu, að sá fáni fái alþjóða viðurkenningu, þegar til kemur.

Þetta þarf að vera Íslendingum ljóst, og Dönum ekki síður. Ef þeir berjast á móti íslenzkum fána, brjóta þeir loforð sín.

Sama verður ofan á, ef litið er á *strandvarnirnar* Það er þrefað um það fram og aftur, að Danir geri það vor vegna, — sýni oss þann »velgerning«, að hafa þær á hendi. — En þetta er ekki rétt. Það þarf að vera öllum ljóst, að þegar Danir eru að verja íslenzka landhelgissvæðið, þá eru þeir eigi að eins að gæta þess, að ekki sé gengið á rétt Íslendinga, heldur eru þeir og jafnframt að gæta þess réttar, sem íslenzka löggjafarvaldið hefir veitt þeim sjálfum til jafns við Íslendinga, — gæta réttar, sem Færeyingum þykir sig eigi hvað sízt miklu skifta. Þeim þarf að vera það ljóst, að þegar þeir bægja útlendum botnvörpungum o. fl. frá landhelgissvæðinu, þá gera þeir það því ekki einungis vegna Íslendinga, heldur og vegna sjálfra sín og Færeyinga. En jafnframt því er Dönum, sem Íslendingum o. fl., verður að vera þetta ljóst, þarf þeim og að vera það ljóst, að þennan rétt hafa þeir ekki lengur, en íslenzka löggjafarvaldinu þóknast, þar sem vér höfum viðurkenningu Dana fyrir því, að »fiskveiðarnar« séu eitt þeirra mála, sem íslenzka löggjafarvaldinu ber einu um að fjalla. En meðan Íslenzka löggjafarvaldið notar ekki þann rétt sinn, að óheimila Dönum og Færeyingum rétt til fiskveiða í landhelgi Íslands, þá eru strandvarnir Dana hér við land ekki að eins í þágu Íslendinga, heldur og í þágu annara þegna Danakonungs. Og meðan Danir hafa þessi forréttindi, verður því ekki sagt, að þeir annist strandvarnirnar fyrir ekki neitt, því að séu þau metin til peninga, ímynda eg mér að svo megi á málið líta, sem Íslendingar borgi strandgæzluna fyllilega háu verði.

En þrátt fyrir alt það, er nú hefir getið verið, þá er kostnaðurinn við danska varðskipið í fjárlögum Dana þó engu að síður talinn styrkur til Íslands og íslenzkir þingmenn tala um, hve leitt það sé, að láta Dani vera að verja landhelgissvíðið fyrir ekki neitt, og greiða jafnvel atkvæði með því, að láta þá fá hluta af sektunum fyrir ólöglegar veiðar. Þetta sýnir, að hvorki Íslendingum né Dönum er þetta málefni svo ljóst, sem vera ætti.

Þá þrátta menn og um það, hvort vér höfum rétt til þess að hafa sjálfir strandgæzluna á hendi, gætandi eigi þess, að Danir hafa sjálfir viðurkent það í stöðulögunum, að »lögreglumálin« séu íslenzkt sérmál, er íslenzka löggjafarvaldið og íslenzka lögregluvaldið eigi því um að fjalla, og getum vér því, hve nær sem við viljum tekið strandvarnirnar að oss, — haldið skipi úti sjálfir til að annast þær að öllu leyti.

Því hefir verið slegið fram hér í deildinni af hv. þm. Vestm. (J. M.), að þegar kæmi út fyrir landhelgissvæðið, þyrfti hervald, ef handsama ætti botnvörpunga; en slíkt nær ekki nokkurri átt, að eigi sé leyfilegt að elta lögbrotsmann »in continenti«, sé hann kominn út fyrir landhelgissvæðið, þ. e. kominn út á það svæði sjávarins, sem alþjóða eign er talin. Hvað ættu alþjóðir að hafa á móti því? Er það eigi í allra þágu, að lögbrotamenn séu heftir? Það er eins og ef þjófur væri að brjótast inn í hús, og ekki mætti taka hann fastan, væri hann kominn út á götuna.

Þá eru menn og að þrátta um það, hvort vér höfum heimild til að hafa sérstaka konsúla, gætandi þess eigi, að í því efni höfum vér og viðurkenningu Dana við að styðjast, þar sem þeir hafa

í stöðulögunum viðurkent, að eigi að eins »siglingarnar«, heldur og »verzlunin« sé íslenzkt sérmál; en hagsmunir þeirra atvinnugreina eru það, sem þörfina á »konsúlum« (verzlunarræðismönnum) skapa, og lagaákvæði er þá snerta, því í raun réttri eigi annað en einn þátturinn í verzlunar- og siglinga löggjöfinni.

Sama er að segja um önnur atriði, er þingsályktunin nefnir, og sem eg hirði ekki að fara að telja upp — aðalatriðið er að gera sér það ljóst, hvað Danir hafa sjálfir viðurkent sem rétt vorn.

Eg gat þess í upphafi ræðu minnar, að tillagan væri og komin fram vegna Dana, svo að þeim yrði það sem ljósast, hverju þeir hafa lofað, þar sem þeir virðast hafa gleymt því, og á það þá ekki illa við, að þetta kæmi einmitt fram nú, þegar ráðgert er, að fara að leita samninga við þá að nýju. En sérstaklega er oss Íslendingum þó áríðandi að hafa það hugfast, að al-óþarft er að fara að semja um það, eða skoða það sem ívilnanir af Dana hálfu, sem þeir hafa þegar hafa boðið fram og viðurkent — í stöðulögunum — sem rétt vorn.

Ókyrðin sem nú er hér í salnum, og »rökstudda dagskráin«, sem fram er komin, bendir annars hvorttveggja glögt á, hvers sinnis þingmenn eru, — hve mikla þeir telja sig orðna síðan »bræðingurinn« og »sambandsflokkurinn« kom til sögunnar. — En ætli sú geti þó enn eigi reyndin á orðið, að nógu snemma sé sigri fagnað, — að líkt geti enn farið sem í millilandanefndinni, að sigurinn verði að lokum eigi þar, sem fjöldinn er nú, en falli í skaut vor hinna, sem nú erum fáir.

Að því er loks snertir það, er eg sagði, að þingsályktun vor væri og fram komin *vegna annara þjóða*, skal eg að eins geta þess, að verði þeim það ljóst, að Danir virði eigi loforð eða viðurkenningar sjálfra sín, þá stöndum vér betur að vígi — verður styrkur að samhug þeirra, eða velvild í vorn garð. Og sé þingsályktunartillagan athuguð, þá getur enginn íslenzkur þingmaður mótmælt því, að þar er í öllum greinum með rétt mál farið, — né heldur getur nokkur danskur þingmaður mótmælt því, eða aðrir, hverir og hverra þjóðerna, sem eru.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg ætla mér ekki að vekja umræður um þetta mál. Aðeins vildi eg taka það fram, að eg er ekki samdóma flutningsmönnunum um það ágæti stöðulaganna, sem tillagan lýsir. Hingað til hafa menn álitið þau alt annað en ágæt, og ekki talið felast í þeim þá viðurkenningu réttinda vorra, sem þessi ályktun vill vera láta. Gagnvart Dönum tel eg ekki líklegt, að ályktunin geti sannfært þá um það, sem þeir hafa ekki getað sannfærst um í 40 ár.

Með skírskotun til þeirrar rökstuddrar dagskrár, sem hér er fram komin, sé eg ekki ástæðu til að segja meira.

Lárus H. Bjarnason: Það eru að eins örfá orð. Eg vil leyfa mér að geta þess að eg mun greiða atkvæði með dagskránni. Annars munu inngangsorð hv. þm. Ak. (G. G.) vera frá sjálfs hans brjósti og ekki annara.

Frams.m. (Skúli Thoroddsen): Eg skal taka það fram, út af því sem hv. þm. Ak. (G. G.) sagði þess efnis, að Íslendingar hefðu hingað til eigi látið mikið af ágæti stöðulaganna, að þessi ummæli hans eru blekkjandi. Hann notar sér það að Íslendingar hafa jafnan haldið því fram, sem rétt er, að stöðulögin væru eigi til orðin á löglegan hátt, — notar sér það, til þess að blekkja menn, láta þá halda, að í þingsályktunartillögunni sé verið að fara einhverju því fram, sem óíslenzkulegt, og óþjóðræknislegt sé.

En þó að Íslendingar hafi ekki viðurkennt tilorðning stöðulaganna rétta, né gildi þeirra frá lagalegu sjónarmiði, þá hafa þeir aldrei neitað því, að í þeim felist tilboð frá Dana hálfu til Íslendinga, og þær viðurkenningar Dana um það, hvað *þeir* vilji, að talin séu sérréttindi vor, eru oss Íslendingum sannarlega *ekki* einskis virði.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá sþ. með 15 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Jón Jónsson Rvk.	Bjarni Jónsson
Guðl. Guðmundsson	Skúli Thoroddsen
Halldór Steinsson	
Hannes Hafstein	
Jóh. Jóhannesson	
Jón Magnússon	
Kristján Jónsson	
Lárus H. Bjarnason	
Matthías Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Sig. Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	

Fjarverandi voru: Björn Kristjánsson, Einar Jónsson, Jón Jónsson S.-Múl, Jón Ólafsson, Ólafur Briem, Þorleifur Jónsson.

Líftrygging sjómanna.

TILLAGA til þingsályktunar um líftryggingu sjómanna, (261); e i n u m r., 19. Ágúst.

Flutn.m. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Nefndin hefir ekki séð sér fært að ráða málinu til lykta á annan hátt en með þingsályktunartill.

Þau 2 frv. sem fyrir hafa legið um þetta, ganga í gagnstæða átt hvort öðru, og nefndin telur ekki hægt að bræða þau saman.

Þarf eg svo ekki að taka meira fram viðvíkjandi tillögunni.

ATKV.GR.:

Till. sþ. með 15 shlj. atkv.

Um búnaðarfélög.

TILLAGA til þingsályktunar um búnaðarfélög, (277); e i n u m r., 20. Ágúst.

Flutn.m. (Matth. Ólafsson): Hr. forseti! Tilefni til þess að till. þessi kemur fram er það, að á aðalfundi Búnaðarsambands Vesturlands var þess farið á leit við þingmann kjördæmisins, að skora á stjórnina að leggja minna í dagsverk á Vesturlandi, vegna þess hversu erfitt er að vinna þar. Þar er t. d. harðara grjót í jörðu en á Suðurlandi, og er því ekki hægt að vinna eins mikið verk þar á einum degi, en þó er lagt jafnmikið í dagsverk þar. Það ætti að fara eftir virkilega sönnum dagsverkum, en ekki hversu miklu einn maður fær áorkað.

Eg vænti að deildin sjái hversu sanngjarnt mál þetta er, og lofi því að ganga fram.

Sigurður Sigurðsson: Eg verð því miður að mæla móti þessari tillögu. Eg get að vísu kannast við, að mikil sanngirni mælir með að þessi undanþága væri leyfð. En ef það verður gert, þá er eg viss um að aðrir landshlutar koma á eftir með líkar beiðnir.

Þó örðugt sé að slétta og græða út tún á Vesturlandi, þá gæti eg nefnt mörg önnur héruð á Íslandi sem líkt er ástatt um, t. d. Austfirði. Ekki er

betra þar hvað grjót snertir. Og fleiri sveitir mætti nefna, þar sem jarðvegurinn er jafn grýttur og á Vestfjörðum, og engu betri til notkunar en þar, svo sem á Melrakkasléttu og Langanesi í Norður-Þingeyjar-sýslu, Öræfum í Austur-Skaftafells-sýslu, Þingvallasveit í Árnes-sýslu, Skorradal í Borgarfirði, á Snæfellsnesi og víðar.

Ef tillagan yrði samþykt, mundi einnig leiða af því töluvert ósamræmi í skýrslunum og mundi það auka stjórnarráðinu mikla erfiðleika, við útreikninginn á þeim.

Af þessum og fleiri ástæðum er eg á móti þessari þingsályktunartillögu og óska helst að hún verði feld.

Flutn.m. (Matthías Ólafsson): Herra forseti! Hv. síðasti ræðumaður veit það, að alt sem eg sagði er satt og rétt. *(Sigurður Sigurðsson:* Já.) Það rugl, sem hann sagði að þetta mundi valda, gæti ekki vaxið honum svo mjög í augum, af því að alt til þessa hefir hann ekki verið vanur að hallast á þá sveifina að spara yfirvöldunum ómak. Að öðru leyti er hann ekki einn til frásagnar um hægð eða erfiðleika á jarðarbótum á Melrakkasléttu, af því að þar mun hann aldrei hafa stungið spaða í jörðu, og get eg því ekki lagt mikið upp úr þessu, og eg vona að hv. deild ekki taki til greina það litla sem hann lagði á móti þingsályktunartill. okkar.

Pétur Jónsson: Eg vona að fult tillit verði tekið til þess sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, því að honum er þetta mál kunnugast allra manna hér á landi. En eitt atriði var það sem hann gleymdi, en mig langaði til að taka fram. Það er það, að þúfnasléttun gefur álíka misjafnlega mikið af sér og hún er misdýr. Það yrði því eins að taka tillit til þessa í úthlutun styrks, eins og til mismunandi örðugleika á sléttuninni. Og skal eg svo ekki orðlengja um það.

En mergurinn málsins í þessu er sá að það er hvorki heppilegt né ráðlegt að miða jarðarbætur við dagsverk, eingöngu að kalla. Þetta eru verðlaun sem eiga að fara eftir verðleikum manna, en ekki ríkidæmi og öðrum mætti til þess að gera miklar jarðabætur, og þá auðvitað hafa tillit til örðugleika og annars slíks.

Eg held helzt að það sé af ókunnugleika flutningsmanna, að þessi þingsályktunartillaga er flutt hér.

Skúli Thoroddsen: Af því að eg er annar flutningsmannanna að þessari tillögu, skal eg geta þess, að eg flutti tillögu, sem gekk í líka átt, eins og tillaga þessi, fyrir nokkrum árum, og var henni þá vel tekið af mörgum í orði, þó að ekki næði hún þá fram að ganga.

En það er mikið nauðsynjamál fyrir Vestfirði, að tillaga þessi nái fram að ganga, þar sem staðhættir eru þar þannig, að jarðabætur, eigi hvað sízt túnasléttur, eru að mun örðugri og kostnaðarsamari, en t. d. all-víðast á Suðurlandi, vegna grjóts og harðlendis, auk þess hve tíminn er þar mánuðum styttri, sem sinnt verður þar jarðabótum, en hér syðra.

Það er því sízt að furða, þótt margir kunni því illa, hve landssjóðsstyrkurinn til búnaðarfélaganna kemur ranglátlega niður, meðan er sömu reglurnar eru látnar gilda um land alt.

Það mælir alls ekki á móti þessari tillögu þó líkt standi á annarsstaðar, eins og á Vestfjörðum, t. d. á Melrakkasléttu, heldur sýnir það enn betur hve brýn þörfin er á því, að fara eigi að sömu reglum í þessu efni allsstaðar á landinu.

Eg vil því fastlega mælast til þess, að háttv. deild samþykki þessa þingsályktunartillögu okkar.

Stefán Stefánsson: Að eins örfá

orð. Eg vildi að eins leyfa mér að lýsa þeirri skoðun minni, að verði þessi tillaga samþ., þá verður enn meiri óánægja og misrétti en verið hefir með mælingar á jarðabótum, því að ef á að fara að leggja minna í dagsverk á Vestfjörðum en annarsstaðar á landinu, þá má ganga að því vísu að ýms héruð komi á eftir, og krefjast hins sama; eg gæti t. d. nefnt þrjú fjögur bygðarlög í Eyjafjarðarsýslu, sem eru engu betur sett en Vestfirðir að þessu leyti, en það er ekki einasta að einstök héruð séu ólík að þessu leyti, heldur eru það líka einstakar jarðir í sömu sveit. Sem sagt, er rétt óhugsandi að fara að leggja minna í dagsverkin í einu héraði en öðru, ástandið er svo afarmismunandi, jafnvel innan einstakra héraða, að þessi tillaga þingmannanna mundi valda jafnvel enn tilfinnanlegra misrétti en er, og þá auðvitað stöðugum umkvörtunum.

Eggert Pálsson: Hún er ekki fyrirferðarmikil þessi tillaga, en eg er sannfærður um það, að ef hún verður samþykt, þá mun hún hafa í för með sér óheilla afleiðingar. Það er ein regla um búnaðarfélagsstyrkinn, er gildir nú fyrir alt landið, og hygg eg það vera hið bezta. En ef nú á að fara að gera mismun á mati dagsverka í landinu og þannig koma á misjöfnum lögum, þá er eg hræddur við að orð Þorgeirs Ljósvetningagoða um það, að séu lögin tvískift í landinu, þá verði friðurinn það einnig, komi hér sem annarsstaðar til að rætast. Því er nú einu sinni þann veg farið, að mismunandi erfitt er að gera jarðabætur á landi voru, og það ekki einungis í hinum ýmsu landshlutum heldur meira að segja sömu sýslu og sömu sveit, svo að það er alveg ómögulegt að komast hjá því að nokkuð misrétti eigi sér stað. Eg vil því enga undantekningu láta gera því að misrétti yrði ávalt hvort sem væri.

Það hafa heyrst raddir um það, að réttast væri að afnema búnaðarstyrkinn og held eg að með tillögunni sé einmitt verið að blása vindi í segl þeirra manna, sem það vilja, með því að vera að gera þennan ágreining.

Eg vil láta sömu reglur gilda fyrir alt landið í heild sinni í þessum efnum, og hygg að það verði öllum málspörtum heilladrýgst. En ágreiningurinn eða mismunurinn valdið því að ekki verði innan skamms um neitt að deila.

Skúli Thoroddsen: Eg vil leyfa mér að óska þess, fyrir hönd okkar flutningsmannanna, að tillagan verði tekin út af dagskrá, þar sem við höfum í huga, að breyta henni í samráði við þingmenn úr héruðum, þar sem líkt stendur á, sjáum við þess nokkra von að henni verði komið fram hér í þingdeildinni.

Forseti (M. A.): Samkvæmt tilmælum flutningsmanna tek eg þá út af dagskrá tillögu til þingsályktunar á þingskjali 277, um búnaðarfélög.

Um liftryggingarfélög.

TILLAGA til þingsályktunar um skýrslur um liftryggingarfélög, (281, 320); einum r., 22. Ágúst.

Flutn.m. (Bjarni Jónsson): Eg hefi ætíð álitið, og álít enn, að það sé þýðingarmikið fyrir landið, að sem minst fé fari út úr því og að sem flestir sjóðir séu innlendir, og hygg eg þurfi ekki að færa ástæður fyrir því hér. Hitt er spurningin, á hvern hátt það er framkvæmanlegt.

Til þess að sjá það, hvort lífsábyrgðarsjóður gæti borið sig hér á landi, vantar tilfinnanlega þær skýrslur, sem hér er farið fram á í þessari þingsál.till. að stjórnin útvegi. Skýrslur þær eru helzt um það, er nú skal greina:

1. Hve margt fólk hér á landi sé trygt í hverju félagi, og á hvaða aldri það sé.
2. Hvernig líftryggingunum sé háttað (lífstíðartrygging eða til vissra ára).
3. Hve háar upphæðirnar séu í hverjum flokki líftryggginganna.
4. Hve há iðgjöld séu greidd í hverjum flokki.
5. Hve mikinn ágóða (»Bonus«) félögin gefi.
6. Hve margar dánarkröfur hafi orðið til jafnaðar á ári í síðastliðin 10 ár, og á hvaða aldri dána fólkið hafi verið.
7. Hvernig líftrygða fólkið hafi staðið í skilum.
8. Hvað félögin hafi gert til þess að fá fólkið til að líftryggja sig.

Þetta eru nú aðalatriðin, og treysti eg stjórninni til þess að afla sér upplýsinga um þetta fyrir næsta þing, og þá ef til vill að leggja fram frv. þar að lútandi, og bið svo háttv. deild að samþ. þessa þingsályktunartillögu.

ATKV.GR.:

Tillagan sþ. með 14 shlj. atkv. og *send ráðherra.*

Aðstoðarmenn héraðsdómurum í sjómálum.

TILLAGA til þingsályktunar um skipun siglingafróðra manna til aðstoðar héraðsdómurum um sjómál; ein umr. 22. Ágúst.

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Enda þótt dómurum sé fyllilega til þess trúandi, og einum til þess trúandi, að þekkja sett lög og jafnvel að þekkja þær reglur er venjan skapar umfram lögin, þá er einn sá hlutur er lögfróða menn brestur á að þekkja, og það eru hin faktisku atvik sem þeir eiga að dæma um. En það er oft og tíðum eins nauðsynlegt að þekkja þau atvik og lögin sjálf. Þetta hefir leitt til þess, að í öðrum löndum hafa verið skipaðir sérdómstólar, þar sem eiga sæti, auk lögfróðra manna, þeir er hafa þann sérfróðleik til brunns að bera, sem nauðsynlegur þykir. Í öðrum löndum eru víða til sérstakir sjóréttir. Svo er það t. d. í Danmörku. Þar er ekki að eins hinn svo nefndi Sö- og Handels-ret fyrir Khöfn, heldur og sér sjóréttir í héraði hverju, eftir lögum 12. Apríl 1892. Hér er fullkominn brestur á í þessu efni. Það er ekki eingöngu það, að hér er ekki til sjóréttur, heldur brestur og dómarana myndugleika til að leita til þeirra manna, er hafa sérfróða mentun um sjómál. Aftur á móti eru hér til sérdómstólar um önnur efni, t. d. sérstakir landamerkjadómar.

Eg hefi átt tal við bæði núverandi og fyrverandi bæjarfógeta og eru þeir sammála mér um það, að æskilegt væri að geta gripið til sérfróðra manna um sjómál. Sjómannafélag eða útgerðarmannafélag bæjarins óskar þess einnig og hafa mér borist áskoranir frá félaginu, fyrir munn ritstjóra Ægis, að bera fram frv. um að stofna sjórétt, eða um það, að héraðsdómurum væri gefin heimild til að leita aðstoðar tilkvaddra manna um þessi efni. En þetta sá eg mér ekki fært að gera, enda er stjórnin miklu betur fær um að búa út slíkt frumv. heldur en einstakir þingmenn.

Eg valdi því þá leið, að fela stjórninni að íhuga málið til næsta þings og leggja þá fyrir það frv. um þetta efni, og gæti hún þá í því valið um tvo vegu: Annar vegurinn sá, að stofna sérstaka dómstóla, er færu með öll svo kölluð sjómál, jafnt opinber mál sem einkamál, svo sem gerist með Dönum eftir nýnefndum lögum. Hinn vegurinn er sá, að stofna ekki sérstaka dómstóla, heldur gefa mönnum kost á sérfróðri aðstoð við þau dómarastörf, er sérfróðleikur útheimtist helzt til, svo sem við yfirheyrslur vitna og annara manna út af sjósköðum eða við dómfestingu mats- og skoðunar gerða. Þessu mætti svo koma fyrir annaðhvort þannig, að aðilum væri leyfilegt að krefjast þess, að sérfróðir menn væru viðhafðir, eða þá dómara að taka þá sér til aðstoðar. Þó mun réttara að aðilar ráði því, en ekki dómari, hvenær sérfróðir menn væru notaðir. — En hvor leiðin sem farin yrði, hvort heldur stofnaðir sérstakir dómstólar eða heimiluð sérfróð aðstoð við tiltekin dómaraverk, þá ætti að fá annaðhvort sjómannafélögum eða þá sveitastjórnum rétt til að stinga upp á hinum sérfróðu mönnum. Í Danmörku stinga amtsráðin upp á mönnunum; hér mundu það verða sýslunefndir og bæjarstjórnir. Stjórnarráðið skipaði svo þá mennina, er það teldi hæfasta.

Eg vona nú að hv. deild taki vel í það, að fela stjórninni að íhuga þetta fyrir næsta þing og leggja þá það til, sem henni þykir tiltækilegast

Skal eg svo ekki fara um það fleiri orðum.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg hefi, því miður, ekki verið inni, svo að eg veit ekki hvernig hv. flutningsm. (L H. B.) hefir tekið brtill. á þskj. 322. Eg tel nauðsynlegt að sýslumönnum sé veitt aðstoð til þess, sem þar er um að ræða, því að bæði er það sumstaðar svo mikið verk, að í það gengur afartími, og í öðru lagi er það svo sérstakt, að varla er að búast við því, að sýslumenn séu því almennt vaxnir til hlítar. Annarsstaðar eru hafðir til þess sérstakir menn og áður fór það ekki fram hér nema á fjórum stöðum á landinu. Það er óheppilegt, að sýslumenn hafi þetta á hendi, því að reynsla stjórnarráðsins er sú, að það er vanrækt þar sem ekki hefir náðst í hæfa menn, og það getur verið skaðlegt fyrir eigendur skipanna. Það er þess vegna óhætt að samþykkja þessa brtill.

Hitt er annað mál, þótt skrásetning skipa sé falin sýslumönnum, því að hún er skyldari starfi þeirra að öðru leyti, en mælingarnar eru því alveg óskyldar og krefja svo mikillar þekkingar í stærðfræði og svo langs tíma, að ekkert vit er í því, að leggja þær á þá.

Flutningsm. (Lárus H. Bjarnason): Því var nú miður, að eg hefi ekki fengið þessa brtill. fyr en núna rétt í þessu augnabliki, þótt eg hins vegar efi ekki það sem hæstv. forseti segir, að henni hafi verið útbýtt. Eg get því ekki sagt neitt um hana fyrir hönd hv. meðflutningsm. mins. Eg fyrir mitt leyti álít það rétt hjá hv. þm. Ak. (G. G.), að fullmikið sé heimtað af sýslumönnum. En hins vegar er þess að geta, að mæling skipa er mjög svo áríðandi starf. Og lítt trúlegt að menn með stýrimannaprófi séu betur færir um að rækja það sæmilega heldur en sýslumenn og bæjarfógetar.

Þessi viðbót fer auk þess algerlega út fyrir þá umgerð, sem við höfðum hugsað okkur. Við vildum aðstoða menn við *dómara*störf, en þetta kemur eingöngu umboðsstörfum við, svo að eg býst ekki við að geta lið brtill. atkv. mitt.

ATKV.GR.:

Brtill. á þskj. 322 sþ. með 14 : 6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Jón Jónsson (Rv.)
Guðl. Guðmundsson	Bjarni Jónsson
Halldór Steinsson	Jón Magnússon
Jóh. Jóhannesson	Kristján Jónsson
Jón Ólafsson	Lárus H. Bjarnason
Matthías Ólafsson	Sig. Sigurðsson
Pétur Jónsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason.	
Valtýr Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	

Hannes Hafstein greiddi eigi atkv. og og taldist til meiri hl.

Till. sjálf, þannig aukin, sþ. með 18 shlj. atkv. og send ráðherra.

Um verkun og sölu ullar.

TILLAGA til þingsályktunar um verkun og sölu ullar (302, 397); ein umr. 28. Ágúst.

Framsögum. (Pétur Jónsson): Eg skal byrja á því að taka það fram, að eg er ekki undir það búinn; að hafa framsögu þessa máls á hendi. Ullarmat var hér til umræðu í þinginu í fyrra og afleiðingin varð sú, að veittar voru 1200 kr. hvort árið á fjárlögunum til þess að rannsaka ullarmarkað, beina ullarverzlun okkar rétta leið og útvega þekkingu um hina heppilegustu aðferð að því er ullarverkun snertir. Fjárveitingin var nú helzt til lítil til þess að hægt væri að vænta verulegs árangurs af henni. Ef hún ætti að koma að nokkru haldi, yrði maður sá, er téða fjárupphæð fengi, að fara ekki skemra en til Ameríku, og auk þess þyrfti hann að kynna sér nákvæmlega ástandið hér heima, til þess að geta skapað sér skoðun um, hvernig ráða mætti fram úr göllunum.

Framkvæmdin á þessari rannsókn var falin Sigurgeiri Einarssyni og hefir hann unnið að henni mjög rösklega. Hann fór til Ameríku og kynti sér markaðshorfur þar, og sömuleiðis leitaði hann sér upplýsinga um markaðshorfur víða hér í Norðurálfu. Sigurgeir Einarsson hefir ritað í opinber rit um málið, skýrslu um ferð sína og bendingar um hvernig haga eigi ullarverkuninni.

Af því að eg hefi dálítið fengist við þetta mál, langar mig til þess að fara um það nokkrum orðum enn. Það var fyrir meir en 30 árum að Kaupfélag Þingeyinga sendi mann. Kristján Jónasson, til útlanda til þess að rannsaka markaðshorfur og ullarverkun. Hann fór til Englands, því að þá var mest af íslenzkri ull selt þar. Hann gaf góða og greinilega skýrslu um ferð sína og bendingar um hvernig verka ætti ullina, sem varð til þess, að ullarverkunin þar norður frá má heita góð. Niðurstaðan sem Sigurgeir Einarsson hefir komist að, er mjög svipuð Kristjáns Jónassonar, enda mennirnir báðir athugulir menn. Nú hefir þó markaðurinn verið rannsakaður á öðrum stað. Það hefði verið grunsamt, ef niðurstaða þessara rannsókna hefði orðið gagnólík hvor annari gagnólík. Sigurgeir Einarsson telur nauðsynlegt að koma upp ullarþvottastöðvum og er nú búið að koma einni slíkri á fót í Borgarnesi og eru allar líkur til að slíkar stöðvar muni stofnsettar víðar. Kostnaðurinn við þær er að vísu mikill, en þær afkasta líka miklu og borga sig, ef þær hafa nóg að gera.

Eins og Sigurgeir Einarsson hefir bent

á, á hann enn eftir að afla sér ýmissa upplýsinga, enda stendur hann í bréfaskiftum um þetta efni við menn víðsvegar út um lönd. Enginn vafi er held ur á því, að almenningur þarf miklu meiri leiðbeiningar í þessu efni en hann hefir átt kost á að fá hingað til og þyrfti að koma upp stöðvum sem leiðbeindu fólki, að því er ullarverkun snerti. Til þess að koma samræmi í ullarverkunina, þarf að fara eins að og gert hefir verið með fiskverkunina, að fela eftirlitið með henni, er ullina á að senda til útlanda, trúverðugum manni eða mönnum. Til þess að von sé um að ullarverðið hækki, þarf meginið af ullinni að batna með, svo er ekki gengur illa að hefja einstök »Parti« þó betur séu verkuð en alment gerist upp yfir hið almenna ullarverð. Þingeyingar sem síðustu 20 árin hafa haft betri ull en allir aðrir, hafa allan þann tíma verið að stríða við að fá meira fyrir hana en ullarverðið er alment og hefir ekki tekist það fyr en fyrir 3 árum síðan, og stafar það af því að ullarkaupmönnum hefir ekki þótt borga sig að vera að kveða upp hærra verð fyrir smásendingar. Það er hin mesta nauðsyn að koma á ullarmati nema því að eins að komið sé upp þvottastöðvum um land alt. Þessar 2400 kr. sem veittar voru í þessu skyni er búið að nota upp. Ameríkuferðin sem Sigurgeir Einarsson fór á árinu 1911 kostaði yfir 2000 kr. og síðan hefir hann haldið rannsóknum sínum áfram heima og erlendis. Þótt því ekki sé búið að borga alla fjárhæðina út, er búið að nota hana. Af þessum ástæðum er þingsályktunin, sem hér er til umræðu framkomin.

Tillagan er borin fram með það fyrir augum, að stjórnin geti með væntanlegu samþykki næsta þings veitt það fé, sem nauðsynlegt kynni að vera, til þess að Sigurgeir Einarsson geti haldið áfram rannsóknum á ull.

Björn Kristjánsson: Eg hafði hugsað mér að segja fáein orð, en er illa við því búinn, því eg gætti ekki að því, að það var á dagskrá í dag.

Það sem gefur mér meðal annars tilefni til að skifta mér af þessu máli, er að eg mælti á móti fjárveitingunni til ullarrannsóknar sendimannsins á síðasta þingi.

Eg vil þá fyrst taka fram, að verð ullarinnar miðast við gæði, samanborin við aðrar ullartegundir, þegar þær eru allar jafn hreinar. *Notagildið eitt* skapar verðið. Þess vegna er það, að það getur ekki haft nein áhrif á *sannvirði* þessarar vörugreinar, hvert hún er vel þvegin, óþvegin eða illa þvegin, ef hún að eins kemst óskemd á markaðinn, því tegundin, *notagildið*, er hið sama. Hér hlýtur því *tegundin* að vera verðsett, en ekki í hvaða ásigkomulagi varan er þegar hún kemur óskemd á markaðinn. Og þar sem *tegund* ullarinnar og *notagildi* hlýtur að vera hið sama, hvort sem ullin kemur vel hrein eða illa þvegin á markaðinn, þá virðist það liggja í augum uppi, að engin trygging sé fyrir því að landið fái meira fyrir ull sína þó all mikið sé lagt í kostnaðinn til þess eins, að þvo hana betur.

Þegar notagildi eins punds af ull er 1 kr. virði, þá liggur í augum uppi að kaupandinn gefur ekki meira en 1 kr. fyrir $1,^{2}/_{10}$ pd. af ullinni ef í henni eru samkvæmt venju 20% af óhreinindum.

Afleiðingin af því að um 20% er að jafnaði af óhreinindum í ull samkvæmt tugum ára reynslu er engin önnur en sú, að menn fá $^{1}/_{5}$ minna fyrir pundið, en ef ullin væri laus við öll óhreinindi, með öðrum orðum; það kemur alveg sama upphæðin í vasa bænda, hvort sem þeir selja vöruna hreina eða óhreina,

því verðið er sett á *notagildi* vörunnar samkvæmt margra ára reynslu.

Auðvitað má ullin ekki vera svo illa verkuð að hún hitni eða skemmist í flutningnum. En vel þvegin ull getur skemst í flutning ef hún er eigi vel þur, nærri því eins og óþvegin ull.

Ef menn vilja athuga skýrslu, sem nýlega kom út í »Birkibeinum« um útflutning á ull frá nokkrum löndum, þá sjá menn að ullin er flutt út frá sama landindinu jöfnum höndum þvegin og óþvegin, og það væru menn ekki að gera, ef þeir töpuðu við það.

Og ekki höfum við mikið fyrir að þvo haustullina okkar, og fæst þó tiltölulega hærra verð fyrir hana en vorull, þegar óhreinindin eru frá dregin, því notagildi haustullar er meira en vorullar af því hárin og togið eru ekki fullmynduð.

Háttv. þm. þekkja að t. d. saltfiskur, sem er þó neyzluvara, er seldur blautur upp úr salti og full verkaður. Engum dettur í hug að gefa eins mikið fyrir pundið í honum blautum eins og þurum. Heldur er *notagildi* eins punds af þurrum saltfiski matið, og verðið á vota fiskinum þar eftir. Og kunnugir menn vita upp á hár hvað mörg pund af votum saltfiski fer í skippund af þurrum fiski, og hvað kostar að þvo það og þurka. Í báðum tilfellunum fá menn því það sama fyrir fiskinn hvort sem hann er þveginn og þur eða óþveginn og blautur. *Notagildið* er borgað en ekki útlit eða ástand vörunnar.

Ástæðan til þess að íslenzk ull er í lægra verði á útlendum markaði en sum önnur ull, er ekki útlitið eða verkunin, heldur hvað ullin er gróf og togið, sem hvergi er eins gróft eins og hér, einkum á Suðurlandi. Þess vegna er norðlenzk ull í hærra verði en sunnlenzk, að hún er togminni og fínni í sér, sem einkum mun stafa af því, að þar eru ekki eins stórfeldar rigningar eins og á Suðurlandi.

Væri um það að ræða að hafa eftirlit með útflutningi ullar, þá væri beinasta leiðin að haga því eins og með mat á saltfiski, að setja kaupmönnum ragara, og láta þá merkja ullarpokana eftir gæðum, með lögákveðnum merkjum, en láta sér aldrei detta í hug að setja upp þvottastöðvar á hverri höfn, með hóp af opinberum starfsmönnum, því engin vissa er fyrir að það svari kostnaði.

Eg hefi ekkert á móti því að manni þeim, sem sendur var þessa forsendingu að rannsaka meðferð á ull, sé bætt það, sem hann hefir eytt til ferðarinnar úr sínum vasa. Það er allrar virðingarvert að hann hefir sýnt áhuga á því að verða að liði, en eg er á móti því að vitleysunni sé haldið áfram, og því greiði eg atkvæði á móti tillögunni.

Sigurður Sigurðsson: Mér þykir leitt að þurfa að svara háttv. 1. þm. G.-K. (B. Kr.), því satt að segja skyldi eg ekki vel »tendensinn« í ræðu hans.

Með allri virðingu fyrir þekkingu hans á verzlun og mörgu öðru, veit eg þó með vissu, að hann er enginn »spesialisti« í fjárrækt eða ullarmati.

Háttv. þm. lagði mikla áherslu á það, að það væri notagtldi ullarinnar, sem kæmi mest til greina við sölu hennar og verð. Eg er honum samdóma í þessu; en skilyrði þess að notagildið sé sem mest og haldi sér sem bezt í ullinni, er það, að ullin fái að njóta sín samkvæmt eðli sínu. Og slæm og ill verkun — bleyta og óhreinindi á ullinni—rýrir notagildi hennar, skemmir hana, og hefir þau áhrif, að slík vara fær á sig óorð og selst illa.

Loftslaginu getum við ekki breytt neitt verulega. Og ef það á að bíða eftir því með umbætur á ullarverkun-

inni, þá er ullarverkunarmálið ótímabært. En það er ekkert vit í að koma með þessar og aðrar eins mótbárur gegn þessari tillögu. Ull af fé, sem lifir undir sömu skilyrðum hvað loftslagið snertir, er mjög misjöfn, eins og allir þeir vita, er bera skyn á þetta mál. Það verður sínu fram að fara, hvað veðráttuna áhrærir og loftslagið útilokar ekki að koma megi verulegum umbótum á í ullarverkuninni. Það er því t. d. engan vegin þýðingarlaust að stuðla að því, að óhreinindin í ullinni verði ekki meiri en 10—12% í stað 25—30% sem hún er nú. Og sé eg ekki annað, en því sé vel varið, sem fer til þess að rannsaka þetta mál. *(Björn Kristjánsson:* Ullina fáum við ekki bætta, nema með því að breyta loftslaginu). Það má nú vel vera. En við verðum að sætta okkur við það loftslag, sem við eigum við að búa, og byggja rannsóknir okkar og atferli alt í þessum sökum á því. Það má vel vera, að háttv. þm. K.-G. (B. Kr.) hefði verið annar og betri maður, ef hann hefði lifað í öðru loftslagi. En um það er ekki að fást.

Að hvergi sé til eins gróf eða grófari ull en hér, nær engri átt. Bæði í Skotlandi, Rússlandi og Síberíu veit eg af fé með jafn grófa ull eða enn grófari. Eg hefi séð ullarsýnishorn þaðan, og þau miklu verri en hér heima.

Eg vona að mótstaða háttv. þm. (B. Kr.) verði tillögunni ekki að neinu tjóni.

Og ef háttv. þm. viðurkennir, að fiskimatsmenn hafi gert gagn, og það hafa þeir gert, því við aðgerðir þeirra hefir batnað fiskverkunin og notagildi fisksins aukist, — þá vona eg, að hann geti líka hugsað sér, að ullarmatsmenn gætu gert gagn.

Annars ætti hann að koma með till. um það á næsta þingi að fiskimatsmannastörfum sé hætt og sýslanirnar lagðar niður.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Eg vildi að eins segja örfá orð. Mér virðast báðir háttv. ræðumenn er síðast töluðu fljúga svo hátt, að vafasamt sé, að þingmenn fylgist með.

En málið er mjög einfalt og óbrotið. Hér er eiginlega ekki um annað að ræða en það: hvort betra sé að flytja út *hreina* ull eða *óhreina*. Það er auðvitað hægast og umsvifaminst fyrir seljanda að láta kaupanda sjá um hreinsunina. En hvort það sé arðvænlegra, það er annað mál. Allir vita, að það er fyrirhöfn að hreinsa ullina, og sú fyrirhöfn hlýtur að kosta nokkuð. Það, sem hún kostar, verður kaupandi óhreinsuðu ullarinnar að draga frá, því verði, sem hann gæti gefið fyrir hana fullhreinsaða. Og hann gerir það auðvitað svo rækilega sem hann getur. Og það er víst, að hann tekur æfinlega meira en fyrirhöfninni nemur. Það er því auðsætt, að seljandi tapar á því að selja ullina óhreinsaða. Og mikils væri það vert, ef við hefðum fullkomin hreinsunartæki, svo auðið væri að alhreinsa alla ull. Þá yrði ullarverðið miklu hærra.

Það er á allra vitund, að saltfiskverkun borgar sig vel. Þess vegna er það að eins neyðarúrræði að selja blautan fisk, eins og margir verða að gera. Fiskimanninum er lang bezt að búa fiskinn að öllu undir markaðinn, enda gera það allir þeir sem geta. Sama mundi verða með ullina.

Ef greina skal vöru eftir gæðum, þá verður það ekki gert fyr en hún er full gerð. Það er líka eitt, sem mælir með ullarverkuninni.

Auðvitað hefir loftslagið áhrif á ullargæðin. Og þó loftslagið hér á landi sé ekki sem allra hentugast í því tilliti þá er íslenzk ull góð vara samt. Og

því meira sem við getum gert að ullinni, þess færri verða milliliðir milli neytanda og framleiðanda, og þess betra verð fáum við fyrir hana.

Til gamans vil eg að lokum taka það fram, sem auðvitað kemur ekki þessu máli við, að óheppilegt hefði það verið ef háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefði verið alinn og uppfæddur undir suðrænni sól, fyrst hann er eins bráðlyndur og raun er á orðin, þótt fæddur sé og fóstraður hér á norðurhjara veraldar.

Björn Kristjánsson: Enn hefir ekkert verið hrakið af ástæðum mínum.

Hv. þm. 1. Árn. (S. S.) telur mikið unnið ef óhreinindin í ullinni færðust úr 30% niður í 12%. Það má vera. En það er þó engan veginn víst, að *landið* fengi meira fyrir ullina, þó svo yrði. Að minsta kosti er eftir að sanna það.

Öðru máli er að gegna um smjör, því það er *neyzluvara*, og fer notagildi hennar eftir smekk, eða eftir alt öðrum mælikvarða.

Íslenzk ull er gömul verzlunarvara, og margra ára reynsla hefir fært mönnum heim sanninn um það, hversu mikið þarf að draga frá þunga óþveginnar ullar, til að vita þunga hinnar þvegnu, og um leið verðið.

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gat þess, að ull frá Skotlandi og Rússlandi væri ekki betri en íslenzk ull. Það má satt vera. En þó ber þess að gæta, að sú ull kemur öðruvísi á markaðinn en íslenzka ullin. Það fé, sem sú ull er af, er alt klipt og ullin fiókalaus með öllu. Mér er ekki kunnugt, hvað sú ull selst, og hv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir ekki heldur gefið neinar upplýsingar um það. En fróðlegt væri að bera það saman við verð íslenzkrar ullar.

Gleðilegt þykir mér það, að hv. þm. viðurkennir, að verð ullarinnar eigi að miðast við notagildið.

Viðvíkjandi því sem hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði um það, að bezt væri að Íslendingar verkuðu alla ull sína sjálfir, þá efast eg um að það sé rétt. Ullin er aldrei þvegin svo, að vélarnar þurfi ekki að hreinsa hana betur. Og sú hreinsun kostar vélarnar lítið, en mundi kosta okkur mikið.

Að blautfisksala sé neyðarsala, það er stundum en stundum ekki. Hér í Rvík, og sjálfsagt víðar, eru margir glöggir fiskimenn, sem vita með vissu, hve mikið af blautfiski fer í skippundið af verkuðum saltfiski, og geta því alveg vitað um verðið.

Mér virðist því andmæli mín alveg óhrakin enn.

Tryggvi Bjarnason: Menn hafa fundið til þess og finna það altaf betur og betur, hve verð íslenzkrar ullar er tiltölulega lágt og breytilegt, og hafa altaf betur og betur fundið til þess að alt samræmi vantaði í verkunina, enda er ekki ofsögum af því sagt, að samræmi vanti og ekki nægilega vönduð öll meðferð ullarinnar, t. d. tekið úr henni alt, sem einhverra orsaka vegna er ekki hægt að verka svo vel sé.

Það er flestum ljóst, að nauðsyn er á samræmi og festu í verkun hverrar vöru, engu síður ullar en kjöts eða fisks.

Það þyrfti að komast á, að ullin yrði flokkuð og merkt, svo kaupmaðurinn hafi tryggingu fyrir því, að það sem hann kaupir undir ákveðnu merki, svari til þess sem hann væntir að fá.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) áleit og hélt því fast fram að ullin hefði sama notagildi, hvort sem hún væri þvegin eða óþvegin, þur eða blaut. Þetta hygg eg ekki rétt. Sigurgeir Einarsson hefir sagt mér, að oft væri ull skemd í þvotti, bæði þvæist sauðfitan úr henni ef þvælið væri of heitt, og það væri skemd á henni, einnig kæmu bláþræðir á hárin og af hvorttveggju þessu missir ullin notagildi. Það er því alveg rangt sem

hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) heldur fram, að notagildi ullar sé altaf við sama, hvernig sem verkunin er. Efast eg ekki um, að hann, Sigurgeir Einarsson, viti þetta betur en flestir aðrir, og betur en hv. 1. þm. G.-K. (B. K.).

Eg þykist ekki í neinum vafa um, að ef samræmi kæmist á um þvottinn og verkunina, þá væri stórt spor stigið í áttina til þess að hækka verðið á ullinni og sérstaklega til þess, að það yrði ekki eins breytilegt. Svo er á það að líta að ef ullin er flutt út óhrein eða illa þvegin verður að gjalda frakt af óhreinindunum og sömuleiðis toll af þeim, þar sem ullin er tolluð t. d. í Ameríku. Þá þarf að komast samræmi á fleira en þvottinn, t. d. má aldrei sjást mor í ull, aldrei mislitir lagðar innanum hvítu ullina o. s. frv. Eg er í engum vafa um að þetta samræmi kemst seint á, nema eftirlitið sé gott og reglur gefnar hvernig ullin eigi að vera til þess að tiltekið merki megi setja á hana til útflutnings.

Eg er því eindregið á því að þingið hafi tekið rétta stefnu í þessu máli og að sjálfsagt sé að halda svo áfram, enda ekki miklu til kostað af landssjóðs hálfu, þótt veitt séu nokkur hundruð kr., þar sem hinsvegar má vænta að árangurinn verði talsverður.

Hvað ullargæðunum viðvíkur þá koma þau ekki ullarverkuninni við. Það er fjárræktin sem á að vinna að því að bæta ullina á fénu.

Frams m. (Pétur Jónsson): Eg ætla mér ekki að tala langt mál. Einungis vildi eg víkja að tveimur atriðum í ræðu hv. 1. þm. G.-K. (B. K.). Það er vitaskuld hrein og bein hégilja ef nokkrir ímynda sér að hægt sé að bæta svo íslenzka ull að hún verði jafngóð og beztu ullartegundir erlendis.

Fyrir nokkrum árum átti eg tal um íslenzka ull við mann úr félagi í Bradford, sem hafði keypt íslenzka ull um langt áraskeið. Hann sagði, að ef allri ull í heiminum ætti að skifta í tvo flokka þá yrði það fín ull og gróf ull, og íslenzka ullin yrði í grófa flokkinum. Það væri hreinn og beinn hugarburður ef nokkrum dytti í hug að keppa við fínni flokkinn. En nú eru margar tegundir í grófari flokknum, sumar fínni, sumar grófari, sumar betri og sumar lakari en íslenzka ullin. Hún er því ein tegund í stórum flokki og þar á hún að geta rutt sér betur til rúms en hún hefir gert, ef hún fær betri verkun. —

Hitt atriðið var það, að ullin hefði sama notagildi, hvort sem hún væri flutt út hrein eða óhrein. Verðið væri einungis því lægra sem óhreinindunum munaði. Þetta væri rétt ef um það væri að ræða, að vist quantum af óhreinindum og vatni væri í ullinni. En það er ekki. Óhreinindin geta verið 50% og alt ofan í 10%. Í því er ekkert samræmi. En samræmið er hægt að skapa með þvottinum ef vel er þvegið. Þar er víst ákveðið takmark, að ullin sé hrein og þur, og það er nokkuð fast. Það skaðar ullarsöluna mest að menn vita ekki á hvaða stigi óhreinindin eru í hverri ullarsendingu, og taka þá áhættu sem lækkar ullina í áliti og verði.

Eg er sannfærður um að hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hefir rangt fyrir sér í þessu efni þó að hann sé kaupmaður. Það er auðheyrt að hann er þessu ekki kunnugur. *(Björn Kristjánsson:* Eg hefi aflað mér upplýsinga.) Það þykist eg nú líka hafa gert.

Eg skal svo ekki orðlengja þetta frekar, eg vil aðeins taka það fram, aftur, af því að hæstv. ráðh. (H. H.) var ekki hér í salnum áðan, að þings-

ályktunartillagan er borin fram með það fyrir augum, og verður að samþykkjast með þeim afleiðingum að stjórnin geti upp á væntanlegt samþykki Alþingis, brúkað fé til þess að fela Sigurgeiri Einarssyni að leiðbeina mönnum í þessu efni, á næsta ári, á þann hátt sem um semur milli hans og stjórnarinnar.

Bjarni Jónsson: Eg ætla mér ekki að mótmæla á nokkurn hátt þessari þingsályktunartillögu, né heldur manninum sem hefir verið lofaður fyrir dugnað, og það að maklegleikum. En eg vil að eins taka fram, af því að orð hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) hafa verið sögð röng og töluð út í loftið, að það er að eins eitt efamál hvort heppilegra sé að þvo ullina eða ekki. Og það er, að sönnun brestur á, hvort hægt er að flytja út óhreina ull án þess að hitni í henni. Ef það er hægt, væri heppilegra að flytja ullina út óþvegna.

Eg hefi látið prenta skýrslur um þetta efni, eftir Heinrich Erkes ullarkaupmann í Köln. Hefir hann oft ferðast hér á landi og er mönnum að góðu kunnur. Bæði hann og aðrir sem vit hafa á þessum hlutum, hafa sagt, að betra væri að flytja ullina út óhreina ef hún ekki skemdist. En þó að það kæmist á væri jafn nauðsynlegt að hafa ullarmatsmann og skoðun á ull eftir sem áður.

Frs.m. (Pétur Jónsson): Þessar upplýsingar hv. þm. Dal. (B. J.) eru ekki til að styrkja ummælii hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), heldur þvert á móti. Eg kannast við ummæli Erkes, ekki einungis af skýrslu hv. þm. Dal. (B. J) sem verzlunarráðanauts, heldur og af samtali við hann heima í minni sveit.

Það kemur það sama fram hjá honum og Kristján Jónasson skrifaði um fyrir meir en 30 árum, um meðferð á óþveginni ull, til þess að ullarverksmiðjurnar fengi ullina eins og þeim líkaði bezt.

En mér er kunnugt um að það er miklu meiri vandi að ganga frá ullinni ef hún á að flytjast óhrein út á þann hátt óþvegin, heldur en vel þvegin.

Meðferð fjárins og rímingsaðferð fjárins þarf að breyta ef það á að verða hægt.

Eg er þakklátur Sigurgeiri Einarssyni fyrir það, að hann hefir ekki farið að innprenta mönnum, að senda út ullina óþvegna.

ATKV.GR.:

Þingsályktunartillagan samþ. með 18 shlj. atkv. og *send ráðherra.*

Breyting á kosningarlögunum.

TILLAGA til þingsályktunar um breyting á lögum nr. 18, 3. Okt. 1905 (kosningarlögunum); (304), e i n u m r. 23. Ágúst.

Flutn.m. (Matthías Ólafsson): Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að síðan kosningarlögin komu til framkvæmda, hafa þau að ýmsu reynst óhentug. Fjöldi kjörseðla hefir að jafnaði orðið ónýtur og af því risið missætti og deilur.

Að seðlarnir hafa ónýzt fyrir mönnum, er sumpart vegna þess, að menn eru svo fáfróðir, en sumpart vegna þess, að kosningarathöfnin er alls ekki svo auðveld, sem skyldi. Það er ekki létt verk fyrir allsendis óæfða menn að gera krossana vel, enda tekst mörgum það illa. Þetta er oft vegna þess að borðin, sem á er ritað, eru slæm, og auk þess er vanalega fát á mönnum við kosningar, svo þeir gera annað en það, sem þeir ætla að gera.

Af þessum ástæðum hefi eg lagt það

til, að menn þyrftu ekki að nota nein verkfæri við kosningar, en að kosningarathöfnin sé að eins fólgin í því að leggja miða ofan í kassa. Og það verður naumast talið vandaverk.

Til að koma í veg fyrir það að seðlarnir verði margbrotnir, hefi eg lagt það til að þeir séu gerðir úr stífu efni og gegnstungnir í miðju, svo létt sé að leggja þá tvöfalda.

Af þessu leiðir, að hafa verður tvo atkvæðakassa, annan fyrir þá seðla, er nafn þess er kjósandi kýs, er á, en hinn fyrir seðla þá, er bera nafn þess er kjósandi hafnar. Ef kjósandi tekur misgrip og leggur skakkan seðil í atkvæðakassann, þann sem gilda á, þá verður ekki við því gert, hann kýs þá að eins annan en hann vill og verður að gjalda þess. Kjörstjórnin verður að eins að gæta þess, að kjósandi leggi ekki nema einn seðil í atkvæðakassa einmenningskjördæmis, en tvo seðla í kassa tvímenniskjördæmis eða fleirmennis.

Sumir vilja taka gilda kjörseðla sem að eins bera með sér, hvern hafi átt að kjósa, en það er ekki gott, því oft má merkja seðilinn, bæði með línulaginu og öðru.

Ennfremur er lagt til, að enginn frambjóðandi megi sitja í kjörstjórn, og get eg naumast hugsað mér að ekki megi fá mann í hans stað. En út af því, að frambjóðandi sitji í kjörstjórn, geta risið deilur, eins og skemst er á að minnast.

Einnig er það lagt til, að talning atkvæða megi ekki fram fara utan kjördæmis. Þetta er gert vegna þess, að bæði bakar slík talning kostnað og svo er kössunum teflt í hættu með löngum flutningum. Ennfremur er ilt að kjósendur og frambjóðendur eigi ekki góðan kost á því, að vera viðstaddir talningu atkvæðanna.

Þetta er vel framkvæmanlegt, því ef sýslumenn geta látið skrifara sína eða hreppstjóra halda manntalsþing — og það hafa þeir gert — gæti kjörstjórnaroddviti alveg eins falið þeim, eða öðrum, að telja atkvæði. Kjörstjórnaroddviti gæti líka verið dauður, þegar telja skyldi, og þá yrði þó einhver að verða til þess.

Eg veit vel, að kosningin í Vestur-Ísafjarðarsýslu í haust varð miklu dýrari vegna þess, að svo langt þurfti að flytja atkvæðakassana, og að kössunum var teflt í hættu.

Ef útlit hefði verið fyrir það, að sþ. yrði stjórnarskrá á þessu þingi, hefði eg komið fram með frumv. um þetta efni, en af því svo er ekki, læt eg nægja að snúa málinu til stjórnarinnar, og benda á helztu agnúana á gildandi kosningarlögum.

Að svo mæltu fel eg deildinni málið og vænti góðrar meðferðar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er meinlegt, hve seint þetta mál kemur fram. Eg býst við að fleirum hafi farið sem mér, að þeir hafi ekki veitt því eftirtekt, og þess vegna sé málið lítið athugað af flestum. En í fljótu bragði virðist mér tillögurnar þurfa breytinga við.

Eg er ekki á móti því, að till. verði samþ. um þetta efni, en óska að hver liður þessarar tillögu verði borinn upp fyrir sig.

Ekki þekki eg bréfspjöld sem gegnstungin eru í miðju, en auðvitað mætti gera kjörseðlana þannig.

Vandhæfi er á því, að láta kosningarathöfnina að eins vera fólgna í því að leggja seðlana í kassa, því vel mætti t. d. þar, sem tvímenniskjördæmi eru, stinga 2 seðlum í sama kassa, og gæti kjörstjórn ekki að því gert, því ekki má hún taka fram fyrir hendur kjósenda.

Eg vil benda á það, að í tillögunni ætti að vera heimild fyrir stjórnina til

þess að leyfa að nota atkvæðavélar, ef til kæmi.

Ekki felli eg mig við það, að ekki megi telja kjörseðla utan kjördæmis, því sumstaðar, t. d. í Eyjafirði, hagar svo til, að hvergi er kjósendum hægra að vera viðstaddir talninguna en einmitt utan kjördæmis: á Akureyri.

Eg geri þessar bendingar af því till. kom svo seint fram, að eg hafði ekki tækifæri til að gera breytingartillögur. En ef til vill mætti bjarga málinu með því að fella fyrstu 3 liði tillögunnar en samþ. svo tillöguna með 2 hinum síðustu.

Forseti (M. A.): Eg vil spyrja hv. flutn.m. (M. Ó.), hvort hann vill, að tillagan verði borin undir atkvæði eða henni vísað til ráðherra.

Flutnisngsm. (Matth. Ólafsson): Eg óska atkvæða.

ATKV.GR.:

1. liður feldur með 9 : 6 atkv.
2. liður feldur með 8 : 6 atkv.

Till. þar með tekin aftur.

Ábyrgðarfélög.

TILLAGA til þingsályktunar um ábyrgðarfélög (292, 403); ein umr. 23. Ágúst.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Við höfum komið fram með þessa till. vegna þess, að full nauðsyn er á, að þau ábyrgðarfélög, sem starfa hér á landi, eigi hér varnarþing, því íslenzkum mönnum, sem við þau skifta, er það mjög örðugt og óhentugt, ef þau eiga varnarþing erlendis. Enda er svo komið að sum þessara félaga eiga varnarþing hér á landi.

Oft er mönnum örðugt að ná tryggingarfé því, er þeim ber. Þess vegna er nauðsyn að félögin láti tryggingarfé liggja í íslenzkum banka, svo að hægra sé til þess að ná. Auk þessa mundi þetta styrkja bankana, því starfsfé þeirra yrði meira.

Lífsábyrgðir manna hafa oft og einatt fallið, ef bankar hafa átt að kalla inn iðgjöldin, því að þeir taka að eins við því, sem að þeim er rétt. Þetta mundi síður koma fyrir, ef umboðsmenn félaganna væru búsettir hér og samþ. af stjórnarráðinu, því að þeirra hagur er að hafa sem flesta og ánægðasta viðskiftamenn.

Það hefir verið sagt, að gjaldþrota félög hafi tekið að sér trygginguna hér á landi, og er ilt til þess að vita. Ekki þyrfti það að koma fyrir, ef svo væri um búið, sem tillagan fer fram á.

Gott væri að stjórnarráðið tæki þetta mál að sér og gerði frumv. til laga um það til næsta þings.

Jón Ólafsson: Eg er máli þessu hlyntur og var það á síðasta þingi, þegar það kom til umræðu.

Eg vil að eins leggja það til, að tryggingarféð skuli vera í íslenzkum verðbréfum.

Slíkt er annarstaðar venja, t. d. á Þýzkalandi. Þar er tryggingarféð í ríkisskuldabréfum.

Flutningsm. (Bjarni Jónsson): Eg er ekkert á móti þessu og álít, að stjórnin geti tekið það til greina, þótt ekkert sé um það prentað.

ATKV.GR.:

Tillagan sþ. með 18 samhlj. atkv. og *send ráðherra.*

Endurgreiðsla símalínutillags.

TILLAGA til þingsályktunar um endurgreiðslu á tillagi til símalínu (335); e i n u m r. 22. Ágúst.

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Á fjáraukalögunum fyrir árin 1908 og 1909 er svo ákveðið í 3. gr. D, að tillaginu frá Árnessýslu til símalínunnar austur skuli varið til hliðarsímalínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þetta tillag nam 6000 kr. Þessi hluti símans, niður á Eyrarbakka er notaður mjög mikið, eins og yfir höfuð öll línan austur. Hún er jafnvel notuð meira en flestar línur aðrar, og gefur einnig þar af leiðandi miklar tekjur.

Þess vegna væri fylsta ástæða til að taka þessa hliðarlínu upp í 1. flokk, þó ekki hafi enn tekist að fá því framgengt.

Hins vegar hefir nú línan frá Ölvesá að Garðsauka og til Vestmannaeyja verið tekin upp í 1. flokk.

Fyrst þessari línu, frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri, er ekki gert hærra undir höfði, þrátt fyrir það hve arðsöm hún er, þá væri full ástæða til að endurgreiða sýslunni það tillag, sem hún lagði til hennar.

Línan mun hafa kostað um 5000 kr. og tillagið frá sýslunni var 6000 kr., eða 1000 kr. hærra en línan kostaði. En leyfi mér því að fara fram á, að hv. stjórn bæti úr þessari ósanngirni og taki upp í næstu fjárlög ákvæði um, að tillagið skuli endurgreiðast sýslunni, helst alt eða að minsta kosti mikill hluti þess t. d. 4500 kr, og er þá það sem eftir stendur, 1500 kr., hér um bil $^1/_3$ hluti af því sem línan kostar.

Til sönnunar því, hve miklar tekjur séu af línunni vil eg benda á, að frá því í Ágúst í fyrra og til jafnlengdar í ár gaf hún af sér um 4000 kr.

Eg vona fastlega, að hv. þingmenn og stjórn sjái, að hér er að eins farið fram á það sem réttmætt er og sanngjarnt í alla staði, og taki því málinu vel.

Úr því eg fór að minnast á símamálið, þá vil eg ekki láta hjá líða að minnast á starfrækslu símans yfir höfuð, og þá fyrst og fremst þar austur í sýslum.

Þegar verið er að »byggja línur, byggja hús landshornanna milli«, eins og skáldið kvað, og það með ærnum kostnaði, þá verður stjórn og þing að sjá um, að síminn verði að tilætluðum notum. En á það skortir mjög víða um land, þar sem eg þekki til, og eigi sízt að því er snertir línurnar austur. Ein af ástæðunum til þess er vitanlega sú, að þær eru svo mikið notaðar, og notin hafa mjög aukist, síðan síminn var lagður til Vestmannaeyja. Það sem eg hefi helzt heyrt menn kvarta um í þessu efni, er fyrst og fremst, hve tíminn er stuttur, sem síminn er opinn á, á 3. flokks stöðvum. Þar sem síminn er mikið notaður eru þessar 2 stundir á dag alt of naumur tími. Af því leiðir, að menn verða oft að bíða svo og svo lengi og loks fara burtu án þess að fá sig afgreidda.

Það veitti sannarlega ekki af að 3. flokks stöðvar á línunni austur væru lengur opnar en 2 stundir á dag.

Í öðru lagi er óánægja víða um land út af því, að afgreiðslan á stöðinni hér í Reykjavík sé ekki svo góð sem skyldi. Það má vel vera að ólagið stafi að mestu leyti af því að á símastöðinni hér sé of fátt fólk til að gegna jafn miklu starfi. Og ef svo er, þá er fullkomin ástæða til að taka það til greina og reyna að bæta úr því. Það ganga sögur um það, að á aukastöðvunum út um land sé oft erfitt að ná í samband við Reykjavík og það jafn vel á þeim tíma sem stöðvarnar eru opnar. Það hefir oft komið fyrir að eftir að menn hafa sótt langan

veg til þessara aukastöðva, hafa þeir orðið frá að hverfa svo búnir.

Þá skal eg geta þess, að í vetur sem leið lagði símastjóri svo fyrir að aukastöðvar á línunni austur, mættu ekki hringja Reykjavík upp, hvað sem við lægi, nema á þeim tíma sem fyrirskipað er að þær skul vera opnar. Þessu var ekki beitt gagnvart öðrum stöðvum. Þetta kom sér afar illa fyrir menn, og mörgum til stór baga. En símastjóri mun hafa haft það fyrir sér, er hann setti þetta ákvæði, að sambandið við Vestmanneyjar gæti haldist sem bezt, því sú lína hefir svo mikið að gera.

Mér kann nú að vera svarað því, að hvorki símastjóra né stjórninni hafi borist neinar kvartanir til eyrna út af þessu. Það má vel vera að svo sé. En jafn vel þó að menn hafi þagað, er það út af fyrir sig, ekki eindregin sönnun fyrir því að alt sé í bezta lagi. Menn til sveita eru svo þolinmóðir og eiga því heldur ekki að venjast að jafnaði, að kveinstöfum þeirra sé sint. Og án þess að eg vilji lasta símastjórann á nokkur hátt, þá eru menn einurðarminni við útlendinga sem gegna opinberum sýslunum, en innlenda menn. Má vera að útlendingadekrið sem fætt er og fóstrað hér í Reykjavík og höfðingjarnir og »heldri« dömur bæjarins gera sitt til að halda við, sé farið að berast út um sveitirnar. Þá er það heldur ekki ástæðulaust að menn hafi ekki í fullu tré við útlendinga, ef það er satt sem flogið hefir fyrir um einn útlendan starfsmann hér, sem er í þjónustu landsins, að hann ferðist með »pístólu« upp á vasann og hafi það jafn vel til að ógna mönnum með henni ef ekki fellur alt í ljúfa löð.

Forseti: Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hefir afhent mér svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

[Tillögu þessari hefir *skrifstofa Alþingis* týnt, því að hún er ekki innfærð í gerðabókina og hana vantar í skjalapart þingtíðindanna, sem skrifstofan bjó til prentunar. — J. Ó.].

og verður hún borin undir atkvæði að umræðunni lokinni.

Lárus H. Bjarnason: Mér var það mikið ánægjuefni að heyra þessa tillögu til rökstuddrar dagskrár frá hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Eg hafði skrifað aðra hér um bil samhljóðandi.

Mér þykir það nokkuð íburðarfrekt ári áður en fjárlagaþing kemur saman að binda sig eða aðra við nýja fjárveitingu, og því minni ástæða er til þess þar sem hér á landi er þingræðisstjórn.

Sem sagt, eg mæli hið bezta með till. til rökstuddrar dagskrár og legg til að hún verði samþykt.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Þegar eg lít á till. þá kannast eg við, að hún hefir dálítið til síns máls. En mér þykir hún satt að segja nokkuð frekgeng, að fara fram á að endurgreiða sýslunni alt það sem hún hefir lagt til línunnar. Háttv. flutningsm. till. gerði alt of mikið úr þýðingu línunnar. Hann talaði um 4000 kr. tekjur af henni. En það er alls ekki þessi stúfur einn sem á þær tekjur. Þær skiftast niður á línuna frá Selfossi til Reykjavíkur og línuna til útlanda. En hins vegar, ef svo mikil not eru að þessari línu, ætti Árnesingum að vera svo mikil þægð í henni að þeir borgu glaðir dálítið fyrir hana. Það eina sem nokkur sanngirni er í, er það, að þegar línan er orðin landssjóðs eign verði tillag sýslunnar fært niður í $^1/_3$; en sem sagt eins og till. er nú orðuð fer hún fram á of mikið. Það hefir komið fram tillaga til rökstuddrar dagskrár, en eg hefi hugsað mér að réttast væri að deildin vísaði tillögunni, án atkvæðagreiðslu til stjórnarinnar, og vil eg gera það að tillögu minni.

Pétur Jónsson: Eg hefi haft ástæðu til að kynna mér þetta mál, og get eg ekki séð að nein sann-

girni mæli með þessari tillögu. Þegar þessi lína var ákveðin til lagningar, var pressað niður tillagið frá héruðunum sem mest og var það byrjunin til þess að fleiri héruð komust að betri kjörum. Eg ætla ekki að fara hér út í neinn samanburð, en aðeins lýsa þessu yfir sem kunnugur maður.

ATKV.GR.:

Tillögunni vísað til stjórnarinnar með 14 shlj. atkv.

Fiskveiðagæzla fyrir Suðurlandi.

TILLAGA til þingsályktunar um gæzlu fiskveiða fyrir Suðurlandi (336); ein umr. 23. Ágúst

Flutningsm. (Sigurður Sigurðsson): Sjómenn í veiðistöðunum austan fjalls fólu okkur þingmönnum kjördæmisins að fara þess á leit við stjórnina að hún gerði sitt til að varðskipið kæmi oftar á fiskveiðasvæðin á Eyrarbakkabugtinni en að undanförnu. Vertíðin þar um slóðir stendur venjulega yfir mánuðina Marz, April og fram í miðjan Maí. Sérstaklega þann tímann væri nauðsynlegt að varðskipið kæmi þar oft og liti eftir veiðum botnvörpunganna og annara skipa sem þar halda sig. Hluturinn er sá að menn þar eystra hafa oft liðið skaða á veiðarfærum sínum og afla, af botnvörpungum, ekki síst seinni árin síðan menn fóru að nota þorskanetin. Eins og þeir vita, er sjómensku hafa stundað, eru þau látin liggja í sjónum dag og nótt lengst af alla vertíðina. Kemur það oft fyrir eystra, þegar menn eru nýkomnir í land á skipum sínum að þá koma botnvörpungar og leggja vörpur sínar einmitt á sama svæði og eyðileggja heilar þorskanetatrossur. Af þessu bíða menn mikinn skaða, eins og skiljanlegt er, bæði á afla sínum og veiðarfærum. Það er því fyllsta ástæða til að þessu sé eitthvað sint, og að stjórnin geri sitt til að varðskipið komi oftar á þessar slóðir en það hefir gert, að minsta kosti tvær síðustu vertíðirnar. Það er kunnugra en frá þurfi að segja að varðskipið liggur oft inn á höfnum bæði hér í Reykjavík og annarstaðar og það hefir í för með sér að botnvörpungarnir eru farnir að gera sér æði dælt við landhelgina.

Eg vona því, að tillagan svo hógvær sem hún er, fái góðar undirtektir og að hin háttv. deild samþykti hana.

Lárus H. Bjarnason: Þau eru farin að tíðkast hin breiðu spjótin. Till. eru orðnar æði margar.

Við þessa tillögu hefi eg aðallega tvent að athuga. Eg veit ekki betur en mikill hluti af Eyrarbakkaflóanum sé fyrir utan landhelgissvæðið (*Sigurður Sigurðsson:* Já, það er það náttúrlega) og á þeim hluta er tilgangslaust að heimta vörn. Vegna framkominnar játningar háttv. flutningsmanns er tillagan þá þegar af þeirri ástæðu óréttmæt.

Í annan stað kennir þess nokkuð víða að eftirlitið er ekki eins gott sem skyldi, sem eðlilegt er, þar sem strandlengjan er löng en skipið ekki nema eitt. Og eg get ekki betur séð en að annara svæða væri meiri þörf að gæta svo sem Faxaflóa, Ísafjarðardjúps, Sands og Ólafsvíkur-miða o. fl.

Eg tel því ekki rétt að samþykkja tillöguna, það nægir að vísa henni til ráðherra eins og hinni fyrri.

Flutn.m. (Sigurður Sigurðsson): Eg er þakklátur háttv. 1. þm. Rvk. fyrir það hve liðlega hann hefir tekið í þetta mál. Það er satt að allar Eyrar-

bakkaflói liggur ekki innan við landhelgissvæðið, og að því leyti getur skeð að tillagan sé ekki svo nákvæmlega orðuð sem skyldi. Þó hygg eg að svo mikil brögð geti ekki verið að því, að það þurfi að valda misskilningi.

Í mánuðunum Marz og Apríl, að minsta kosti, er aðal veiðiskapartími manna hér syðra, eða vertíðin sem kallar, bæði við Eyrarbakkaflóann og eins við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum. Álít eg því að þann tíma ársins ætti varðskipið að halda sér sem allra mest á þeim slóðum.

Eg vil því ítreka það, að varðskipið ætti að vera til eftirlits, einmitt þessa mánuði ársins á svæðinu fyrir Suðurlandi, alt frá Jökli og suður fyrir Vestmannaeyjar.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Mér skildist á hv. flutningsmanni, að hann hefði verið beðinn af kjósendum sínum að flytja ráðherra þessi skilmæli. Eg heyri, að minsta kosti, að hann sættir sig við að tillögunni verði vísað til ráðherra. En mér skilst að 5 aura frímerki eða póstspjald hefði getað haft sömu verkun, ef hann hefði ekki þorað að sjá framan í ráðherra.

Tillagan er því öldungis óþörf.

ATKV.GR.:

Tillögunni vísað til stjórnarinnar með 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	
Bjarni Jónsson	
Einar Jónsson	
Guðl. Guðmundsson	
Halldór Steinsson	
Jón Magnússon	
Kristján Jónsson	
Lárus H. Bjarnason	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Benedikt Sveinsson	
Jón Ólafsson	
Sigurður Sigurðsson	

greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hlutanum.

Hannes Hafstein greiddi heldur ekki atkv. og tók forseti ástæður hans gildar.

Ávarp til konungs.

TILLAGA til þingsályktunar um ávarp til konungs, (362), hvernig ræða skuli, 23. Ágúst.

Forseti (M. A): Eg sting upp á einni umræðu, og að ávarpið verði rætt fyrir luktum dyrum.

ATKV.GR.:

Ein umr. sþ. með 18 shlj. atkv.

Sþ. með 15 shlj. atkv. að umræðurnar færu fram fyrir luktum dyrum.

Ein umr., 24. Ágúst.

(Tillagan rædd fyrir luktum dyrum).

ATKV.GR.:

Till. á þgskj. 362 sþ. með öllum atkv. gegn 3 og send til ráðherra.

Fyrirspurn um innflutning áfengis.

FYRIRSPURN svarað af ráðherra (172) 13. Ágúst.

Fyrirspyrjandi (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er eiginlega óþarfi að taka til máls, því fyrirspurnin spyr sjálf alls þess, sem ætlast er til svars upp á. Spurningin er vakin af því að kunnugt er að leyft hefir verið að geyma

vínföng hér á höfninni, án þess að tollur hafi verið greiddur af þeim, og þau afhent útlendum fiskiskipum eftir hendinni.

Að þetta sé svo, hefir verið upplýst bæði af skrifstofustjóra í viðkomandi stjórnardeild, og svo hefir háttv. fyrverandi ráðherra kannast við það, þegar eg spurði hann. Nú er spurt um með hverri lagaheimild og af hverjum ástæðum þetta sé gert.

Mér skilst að engin lagaheimild geti verið til slíks, en efast hins vegar ekki um að stjórnin hafi haft einhverjar gildar ástæður til að gera þessa undantekningu frá lögunum. Það eru þessar ástæður, sem fyrirspyrjendurnir vildu að gerðar væru heyrinkunnar.

Það er ekki rétt aðferð, sem hér hefir verið viðhöfð; réttara hefði verið að gera bráðabirgðalög, sem heimiluðu landstjórninni að gera slíkar undantekningar. —

Eg hafði búist við að geta haft fyrir mér stjórnarráðsúrskurðinn, en mér var neitað um að fá hann nema með leyfi ráðherra, og mér var jafnvel neitað um að fá að lesa hann nema eg gæti sýnt leyfi ráðherra til þess, svo það sýnist vera einhver leynd yfir þessu.

Eg skal nú ekki orðlengja þetta frekar, en vona að hæstv. ráðherra (H. H.) svari og geri grein fyrir ástæðum stjórnarráðsins.

Ráðherrann (H. H.): Eg vil fyrst lýsa yfir því, að mér er alveg ókunnugt um að fyrirspyrjandi (J. Ó.) hafi farið þess á leit að fá að sjá stjórnarráðsbréfið; að minsta kosti hefir hann ekki nefnt það við mig.

Að því er snertir fyrirspurnina, þá er henni skjótsvarað. Það er spurt hvort stjórnarráðið hafi leyft að flytja hingað á höfnina frá útlöndum áfenga drykki. Stjórnarráðið hefir ekkert slíkt leyfi gefið, og mætti því láta nægja að svara fyrirspurninni með »nei«.

En eg skal nú í stuttu máli leyfa mér að skýra frá málavöxtum. Það, sem hefir gefið tilefni til þessarar fyrirspurnar, er það sem nú skal greina.

Í Marzmánuði síðastliðnum skrifaði frakkneski konsúllinn hér ráðherranum og tjáði honum að hér á höfnina væri komið franskt flutningaskip, sem hefði meðferðis 17 uxahöfuð af rauðvíni handa tveimur frönskum fisikskipum, sem voru hér við veiðar, en áttu að fara til Newfoundlands. Þessi skip voru þá ekki hér inni á höfninni, en skipið, sem með vörurnar kom, varð að fara aftur, og spurðist því konsúllinn fyrir um hvað gera skyldi í þessu efni, hvort ekki mætti leggja vínið upp til geymslu í annað skip á höfninni, þangað til skipin sem áttu að fá það, kæmu og tækju það. — Það er nú engin nýlunda að vín sé flutt til afhendingar útlendum botnvörpungum hér við land, og hefir aldrei verið litið svo á, að um væri að ræða innflutning í landið, þar sem það hefir aldrei verið sett hér á land, heldur beint í skipin sem það hefir verið ætlað til neyzlu, og tollur hefir aldrei verið heimtaður af slíku víni. Í þessu tilliti var hér ekki farið fram á neina nýlundu. Að eins var spurningin um hvort þetta kæmi í bága við aðflutningsbannslögin. Stjórnarráðið leit svo á, að í 5. gr. þeirra laga væri þetta heimilað, þar sem hér var ekki farið fram á annað en að geyma um stuttan tíma 17 uxahöfuð af rauðvíni undir umsjón lögreglustjóra. Eftir þessum skilningi svaraði stjórnarráðið að þetta væri heimilt, en tók um leið fram, að þar með væri ekki veitt nein undantekning frá aðflutningsbannlögunum.

Þessi lagagrein hljóðar svo:

»Skylt er hverjum skipstjóra, er

frá útlöndum kemur, að tilkynna lögreglustjóra, um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort hann hafi nokkuð áfengi til flutnings fyrir aðra menn, og þá hve mikið. Hann skal og skýra frá, hvort og hve mikið áfengi hann hafi meðferðis sem skipsforða, en óheimilt skal honum meðan hann er á höfnum inni eða í landhelgi við Ísland, að veita eða selja eða á annan hátt láta af hendi eða leyfa öðrum skipverjum að láta af hendi nokkuð af því áfengi, er til skipsforða er ætlað, til annara manna en þeirra, sem eru lögskráðir skipverjar.

Skipstjóri er sekur við lög þessi, ef hann brýtur það, er nú var mælt.

Nú hefir skipstjóri meðferðis áfengi frá útlöndum, sem ekki er ætlað til skipsforða, og ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt á hin aðfluttu áfengisílát og ábyrgist skipstjóri, að innsiglin séu ekki brotin eða úr ílátunum tekið fyr en skipið er farið alfarið burt frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsigli séu heil og ekkert hafi verið tekið úr ílátunum«.

Þessi lagagrein hljóðar um það, eins og allir sjá, að sama skipið flytji vínföngin bæði á höfnina og burt frá henni aftur. En stjórnarráðið leit svo á að hér væri um fullkomna laga analogi að ræða, þótt vínföngin flyttust í öðrum skipum aftur burt frá landinu, og leyfði þess vegna að þessar 17 ámur af rauðvíni væru lagðar hér upp á höfninni til geymslu undir umsjón og innsigli lögreglustjóra, þangað til þau yrðu flutt út aftur. Samkvæmt þessu var svo farið. 17 ámur rauðvíns lágu hér um þriggja vikna tíma, svo komu skipin inn, sem áttu að nota vínið, og var þeim þá afhent það undir umsjón lögreglustjóra; eftir það sigldu þau burt til Nýfundna-lands.

Stjórnarráðinu er allsendis ókunnugt um að annað vín en þetta hafi verið lagt hér upp til geymslu á höfninni.

Fyrirspyrjandi lagði áherzlu á, með hvaða heimild þetta hafi verið leyft, og er því svarað með því, að það var leyft með þeirri heimild, sem stjórnarráðið áleit felast í 5. gr. aðflutningsbannlaganna.

Fyrirspyrjandi (Jón Ólafsson): Herra forseti! Maður hefir það eitt upp úr svari hæstv. ráðherra (H. H.), að upplýst er að leyft hefir verið án lagaheimildar að geyma ótolluð vínföng hér á höfninni, því 5. gr. aðflutningsbannlaganna gefur enga heimild til þess og ekki er að ræða um neina analogi heldur.

Það væri gaman að vita, ef hollensk, svensk eða þýzk fiskiskip færu fram á að fá sama leyfi, hvort þau fengju ekki »já« líka, eða er rétt að neita þeim um það, sem Frökkum er leyft? Og ef útlendingar fá leyfi til að geyma hér ótollað vínföng, því þá ekki okkar eigin skip? Það er óliklegt að landsmenn sjálfir séu ekki eins réttháir eins og útlendingar.

Það er ekki meiri ástæða til að gefa einni þjóð fremur en annari slíkt leyfi, en ef það fer að tíðkast er eg hræddur um að fari að koma glompa á aðflutningsbannlögin.

En hér er framið brot á fleiri lögum en bannlögunum. Það er gengið á rétt þeirra manna, sem lögum samkvæmt hafa rétt til að selja áfengi í landinu. Þeir eiga samgirniskröfu á því að landssjóður taki toll af víni, sem geymt er á þennan hátt, jafnt og af þeim.

Ráðherrann (H. H.): Eftir minni skoðun getur ekki komið til nokkurra

mála, að íslenzkum skipum, sem rétt hafa til veiða í landhelgi, sé leyft að geyma vínfangaforða ótollaðan hér við land. *(Jón Ólafsson:* Íslenzkir botnvörpungar veiða ekki í landhelgi.) Það stunda fleiri íslenzk skip veiðar hér við land heldur en botnvörpungarnir, og botnvörpuskipin eru ekki ætíð að botnvörpuveiðum. Það er líka algerlega óheimilt, að útlendir fiskarar, sem veiða hér við land fái að geyma hér ótolluð vínföng til afnota hér við land. En það er alt öðru máli að gegna um vín, sem alls ekki á að nota hér við land, heldur flytja út aftur til annara landa, því það má samkvæmt anda áður nefndrar lagagreinar geyma hér ótollað undir umsjón og innsigli lögreglustjóra, þangað til það er flutt út aftur.

Það er og stór munur, hvort veitt er almennt leyfi til slíks fyrirfram, eða hvort lögunum er liðlega beitt í sérstökum tilfellum, sérstaklega þegar um spánný lög er að ræða, sem hlutaðeigendur ekki hafa varað sig á.

Það dettur engum í hug að setja hér upp neitt »frílager« fyrir vínföng, frekar en 5. grein bannlaganna leyfir. *(Jón Ólafsson:* Þetta er »frílager«.) Þetta vín, sem hér er um að ræða, átti ekki að notast hér við land, eins og eg hefi áður frá skýrt.

Og þó svo sé talið að aðflutningsgjald sé fallið á þegar er skip það, er vöruna flytur, hefir hafnað sig hér, þá er auðvitað skilyrðið fyrir því það, að varan eigi hingað til lands að flytjast, sé aðflutningsvara, en ekki að eins *transit*-vara, eins og hér átti sér stað. Þetta sést bert á upphafi fyrstu greinar tollaganna, sem hljóðar svo: »Þegar fluttar eru *til Íslands* vörur þær« o. s. frv. Þessar vörur voru alls ekki ætlaðar til að flytjast inn til Íslands á neinn hátt.

Eg hefi nú skýrt frá því, hvað fyrir liggur í stjórnarráðinu um þetta mál, og get ekki frekari upplýsingar um það gefið. Eg hefi ekkert haft með það að sýsla. En fyrv. ráðh. (Kr. J.), hv. þm. Borgf. er hér viðstaddur og getur svarað fyrir sig.

Kristján Jónsson: Eg þarf ekki miklu að bæta við það, sem hæstv. ráðh. (H. H.) sagði. Eins og skjölin um þetta efni, sem liggja í stjórnarráðinu bera með sér, er hér ekki um neina undanþágu að ræða, heldur einungis um skilning á vissri tiltekinni lagagrein, og til stuðnings þeim skilningi hafði eg meðal annars umsögn þess manns, sem frá upphafi hefir haft einna mest afskifti af þessu máli, skrifstofustjórans á 3. skrifstofu, sem er einn af höfundum bannlaganna, og sem altaf hefir verið leitað til, þegar um skilning á þeim hefir verið að ræða, og var hann mér samdóma um þennan úrskurð. Eg held fast við það, að hér er um enga undanþágu að ræða, sbr. síðasta lið 5. greinar í lögunum frá 30. Júlí 1909.

Þessar 17 tunnur af rauðvíni voru eigi fluttar í land, og það var aldrei ætlast til þess að þær yrðu fluttar í land. Nú er eigi að lögum ætlast til þess, að tollur sé heimtaður af öllum vínföngum, sem koma inn á landhelgissvæðið, enda væri ómögulegt að framfylgja því. Tollur er að eins heimtaður af ölföngum, sem í land eru flutt.

Það er sægur af skipum, sem um landhelgina ferðast, full af víni og öli, og veit eg ekki til að nokkur lögreglustjóri taki toll af því. Það væri ómögulegt að heimta þann toll, enda alveg rangt, eins og hæstv. ráðh. (H. H.) líka sagði. Það var heldur aldrei ætlast til þess, að þetta vín væri flutt hér til lands, heldur átti það að fara til Newfoundlands með 2 skipum, sem þangað áttu að fara, og var þetta vín skipsforði þeirra.

Ekki var hér heldur um neina sölu

áfengis að ræða. Vínið var eign þessara skipa, sem voru sérstaklega nafngreind, og var það sent þeim sem eign þeirra og forði þeirra.

Hvort þetta kæmi í bága við aðflutningsbannlögin, veltur á því hvernig 5. gr. þeirra laga, síðasta málsgr. hennar, er skilin. Eg skildi hana þannig, með ráði þeirra, sem bezt máttu um það vita, að til þessa væri full heimild, að telja þessi vínföng hér eigi í land flutt, og var þá eigi um það að ræða, að brotið væri gegn aðflutningsbannlögunum, og eg er enn á sömu skoðun, og skal eg svo ekki bæta meiru við orð hæstv. ráðh.

Annars get eg eigi leitt hjá mér að láta í ljósi, að eg efast um að fyrirspurn eins og þessi geti verið sprottin af vandlætingasemi, og er mér næst að ætla, að hér liggi aðrar ástæður fyrir henni, sem eg þó vil ekki fara lengra út í. Hér er ekki ástæða til að gera mikið veður úr þessu máli, því að það er víst, að enginn innflutningur víns hefir hér átt sér stað. Þetta vín var hér einungis inni á landhelgissvæðinu í 3 vikur, og eg vil benda á það aftur, að daglega er hér í landhelgi fjöldi af vöruflutningsskipum, mannflutningaskipum og fiskiskipum, sem öll hafa áfengi innanborðs.

Að ætlast til að lögreglustjórar taki toll af vínfangabirgðum þeirra er ómögulegt, jafn ómögulegt, eins og að banna þeim að koma inn fyrir landhelgislínuna.

Lárus H. Bjarnason: Það hefði verið réttara að bera fyrirspurn þessa fram fyrr, því að hæstv. núv. ráðherra (H. H.) er hér engin sök á gefandi.

Jafnframt verð eg að vísa frá oss flutningsnöunum þeim getsökum háttv. þm. Borgf. (Kr. J.), að fyrir oss hafi nokkuð annað vakað en að komast fyrir hvað satt er í orðasveim þeim, sem gengið hefir, enda ætti nafn háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) að vera næg sönnun þess, að fyrirspyrjendurnir hafi ekki ætlað að níðast á fyrv. stjórn.

Það er nú víst orðið, að leyft hefir verið að flytja hingað 17 uxahöfuð af rauðvíni þvert ofan í fyrirmæli 2. gr. bannlaganna, sem fyrirbýður að flytja hér inn annað áfengi en greinin hermir. Það tjáir ekki að koma með það, að munur sé á því, hvort áfengið sé flutt í land eða sé varðveitt úti á höfn eða yfirleitt á landhelgissviðinu. »Landið« er ekki einungis hið þurra land, heldur líka sjórinn á landhelgissviðinu.

Það nær ekki nokkurri átt að segja, að heimfæra megi fyrirliggjandi dæmi undir 5. gr. bannlaganna. Þar ræðir um að *sama* skip flytji hingað vín og flytji það héðan aftur. Slíkur flutningur er heimill, sé svo um búið sem greinin gerir ráð fyrir. En hér flutti tiltekið skip *öðrum* skipum áfengi. Lögjöfnuði (analogi) verður heldur ekki beitt hér. Skilyrði þess eru, eins og kunnugt er, tvö, sem sé að fyrir liggi ólögákveðið tilfelli og í annan stað sé hið lögákveðna tilfelli, sem reglan er lánuð frá, alveg eins og hið ólögákveðna sem beita á lánsreglunni á. Bæði skilyrðin brestur hér. Það er skilyrðislaust bannað að flytja hér inn nokkurt annað áfengi en um ræðir í 2. gr. laganna. Undantekningarnar þar eru tæmandi, og það er sitthvað að líða skipi, sem er hér á ferð um stund, að fara aftur með það áfengi, sem það kom með, eða líða skipi að flytja áfengi inn á íslenzka höfn og *leggja það þar af sér*. Um það verður ekki deilt, og ekki gezt mér að því að hv. fyrv. ráðherra (Kr. J.) skuli bera fyrir sig, sér til afbötunar, skýringar ólögfróðs manns á lögum. Það er ekki ósvipað því sem sagt er af lund-

anum. Hann kvað ýta kofunni fram fyrir sig, þegar hann verður var við veiðikrókinn.

Þetta atferli er tvímælalaust brot á bannlögunum. Ef lögin ættu að skiljast í samræmi við skilning fyrv. stjórnar, þá gæti hver útlendingur sem væri flutt svo mikið áfengi sem hann vildi inn á íslenzkar hafnir og landhelgissvíðið, og skilið það þar eftir. Og sama ætti þá rökrétt að gilda um Íslendinga. Meira að segja væri þá ekki hægt að banna að leggja vintunnunum skamt fram undan landi. Þær væru ekki fremur á þurru landi en uxahöfuðin 17, sem lagðar voru upp í koladallinn einn. Hér er þannig um tvímælalaust brot að ræða og engin heimild til að veita þessa undanþágu. Ekki leyfir 13. gr. stjórnarskrárinnar það, því að til þess eru bannlögin of ung. Það eru fleiri en fyrirspyrjendurnir sem þessa skoðun hafa. Eg talaði um þetta efni í vetur við einn góðvin háttv. fyrv. ráðherra, og var hann mér samdóma um það að leyfið væri ekki löglegt. Sá maður mundi þó sízt vilja gera háttv. fyrv. ráðherra rangt til, enda býst eg við að fáir lögfræðingar mundu ljá þessum skilningi háttv. fyrv. ráðherra liðsyrði. Mér vitanlega enginn gert það annar en hæstv. núverandi ráðherra. En á hans orðum verður ekki mikið bygt. Það er vonlegt, að hann fari varlega í að átelja gerðir fyrirrennara síns.

En auk þessa er hér um að ræða brot á 3. málsgr. 1. gr. tolllaganna. Þar er það skýrt tekið fram, að af öllu áfengi, sem til Íslands er flutt skuli greiða toll nema það sé ætlað til neyzlu skipverjum og farþegum á *því* skipi, sem vörurnar hefir flutt.

Loks stappar hér um rætt atferli nærri því að vera brot á lögum um verzlun og veitingar áfengra drykkja, sbr. 8. gr. bannlaganna og lög 11. Nóv.br. 1899, þar sem leyfisbréf er óhjákvæmilegt til að mega veita eða selja áfengi.

Aðalbrotið er þó á bannlögunum. Samkvæmt þeim má ekkert áfengi til landsins flytja, nema svo standi á sem gert er ráð fyrir í 2., 5. eða 6. gr. Meiningin var að loka landinu algerlega fyrir öllu áfengi. Hér verður ekki vitnað í neina analogi. Áfengi má ekki koma inn á landhelgissvíðið annað en það, sem ætlað er til neyzlu þeim sem eiga löglega vist á skipum þeim, sem áfengið flytja, sbr. 3. málsgr. 1. gr. tollaganna.

Það er nauðsynlegt að deildin sýni það, að hún vill ekki þola slíkt framvegis, þeim mun fremur, sem góður lögfræðingur og bindindismaður hefir misskilið gildandi lög svo mjög sem raun er á orðin.

Fyrirspyrjandi (Jón Ólafsson): Hr. forseti! Það var fróðlegt að heyra svör hv. fyrv. ráðh. (Kr. J.), sérstaklega að hér væri ekki um brot að ræða, þar sem áfengið hafi ekki verið flutt í land. Mættu þá íslenzk botnvörpuskip hafa vín til neyzlu skipverjum innan landhelgi? Það væri svo samkvæmt skilningi hv. fyrv. ráðherra (Kr. J.). Þar að auki er það víst, að útlend skip, sem hingað koma vikulega hafa vín með sér, sem skipverjar flytja í land.

Háttv. fyrv. ráðherra (Kr. J.), virtist vilja rannsaka hjörtun og nýrun, þar sem hann telur þessa tillögu flutta af meinbægni við sig. Hann má halda þar um það, sem hann vill. En það get eg sagt honum einlæglega, að tilgangurinn er ekki að baka honum nein sérstök óþægindi, heldur sá að girða fyrir afleiðingar af aferð hans. Og til þess þarf úrskurð þingsins.

Eg tók eftir einkennilegri röksemdaleiðslu hjá hæstv. núver. ráðherra (H. H.). Hann sagði, að ekki þyrfti að greiða toll af því, sem ekki væri flutt

í land. Eg vil benda honum á, að afleiðingin af þessu verður sú, að ef frv. það um kolatoll, sem nú er fyrir Ed., yrði að lögum, þyrftu útlendir koladallar, sem hér lægu á höfninni, ekki að greiða toll, ef ekkert væri flutt í land. Það yrðu aftur íslenzk skip að gera. Þetta er ein afleiðingin, sem sýnir, að næg ástæða er til þess að taka í taumana til að fyrirbyggja að þetta komi aftur fyrir. Þar með er ekki beint neinum ávítunum til háttv. fyrv. ráðherra (Kr. J.) tilgangurinn að eins sá að afstýra hættulegum afleiðingum. Þess vegna leyfi eg mér að afhenda hæstv. forseta tillögu til rökstudrar dagskrár á þgskj. 233.

Þar með ætti að vera komið í veg fyrir, að þetta kæmi fyrir framvegis og vona eg, að menn sjái hver nauðsyn er að gera það.

Ráðherrann (H. H.): Eins og eg hefi tekið fram, er hér um skilning á lögum að ræða, og er spurningin sú, hvort fyrir liggi brot eða ekki. Mér hefir verið kent svo, að undir dómstólana heyrði, að skera úr slíkri spurningu. Þingið færi út fyrir valdsvið sitt, ef það vildi setja sig í dómarasæti um þetta efni. — Samkvæmt stjórnarskránni á þingið að eins að gefa lög, og getur ekki skýrt lög nema með nýjum lögum. Það er því varasamara fyrir þingið að taka að sér dómsúrskurð í þessu efni, og því varasamara sem lögfræðingunum ber ekki saman um það að hér sé í nokkru farið í bága við ákvæði laganna, hvað þá um það, að lögin séu beint brotin.

Háttv. 1. þm. Rvk (L. H. B.) vildi halda því fram, að enginn munur væri á þurru landi og landhelgissviðinu. Þó að eg auðvitað játi að löggjafarvald landsins nær einnig til landhelginnar eins og þurrlendisins. Þá get eg engan vegin verið honum sammála um, að öll lög gildi jafnt fyrir sjóinn eins og landið. Það er alt af munur á sjó og landi sem gerir ómögulegt, að sömu reglurnar gildi þar. Það kemur líka beint fram í bannlögunum sjálfum 5 gr. sbr. 1. gr. að þau hafa aðrar reglur fyrir landhelgina en landið.

Í 1. gr. er bannað að flytja áfengi til Íslands, en samkvæmt 5. gr. má þó flytja áfengi inn á landhelgissviðið og geyma það í skipi á höfnum inni, eins og áður er sýnt. Þar er auðsætt, að munur er gerður á þurru landi og landhelgi á sjó, enda væri algerlega óframkvæmanlegt að halda uppi fyrirmælum sem bönnuðu að flytja áfengi inn á landhelgissviðið eða um það innan 3 sjómílna frá landinu.

Eg álít ekki heldur hægt að segja að tolllögin hafi verið brotin með þessu, því ákvæði þeirra eiga að eins við vörur sem eiga að flytjast inn til landsins. Það er að eins til hægðarauka við innheimtu tolls af innfluttum vörum, að svo er mælt fyrir að tollur skuli talinn fallinn í gjalddaga þegar skip er búið að hafna sig, en því hefir aldrei verið haldið fram að toll eigi fyrir það að borga af öllu því er kemur hingað inn á einhverja höfnina. Það hefir alt af viðgengist að skip hafa flutt vín hvort til annars og afhent það fyrir innan landhelgislínuna ýmsar tollskyldar vörur, sykur, kaffi, tóbak og áfengi. Enda er þetta í fullu samræmi við það að útlend fiskiskip greiða ekkert útflutningsgjald af afla þeim er þau fá hér, þó þau komi með hann inn fyrir landhelgi; þar er landhelgin heldur ekki skoðuð sama sem þurt land.

Háttv. 1. þingmaður Rvk. (L. H. B.) sagði að afhendingin á þessum 17 tunnum á rauðvíni til skipanna, sem þær voru sendar til, hlyti að vera annað

hvort sala eða veiting. Nei. Hún er hvorugt! Skipin tóku þar að eins við sinni eigin eign. Þau eiga eftir gildandi lögum í Frakklandi að hafa vissan skamt af víni til skipsforða. Þetta er því að eins sent skipunum af útgerðarmönnum til þess að fullnægja lögum þeim er þeir eiga að hlýða, en ekki selt eða veitt hér við land.

Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) sagði, að samkvæmt þessar skýringu, þá mundu kol sem geymd væru á sama hátt hér á höfninni vera undanþegin tolli, ef kolatolsfrv. í Ed yrði samþykt. Það er alveg rétt, að ef kolatollur kæmist á og til þess væri ætlað að útiloka það, að skip gætu fært hvert öðru kol, er látin væri í skip úr skipi í landhelgi, þá yrðu að vera um það alveg sérstök, ótvíræð ákvæði. Þess vegna áleit milliþinganefndin sæla og marg lofaða nauðsynlegt að setja bæði í kola- og steinolíufrv. ákvæði um það, að enginn mætti afhenda kol eða steinolíu á landhelgissvæðinu, nema einkaleyfishafi, svo að landssjóður misti ekki tekjur. En í gildandi tolllögum eru engin tilsvarandi fyrirmæli.

Kristján Jónsson: Það eru að eins fáein orð sem eg vildi taka fram. Eg vil leggja áherslu á það að hér er ekki um neitt alment leyfi að ræða og enga undanþágu, heldur að eins skilning á lagagrein, og eg tel minn skilning á henni réttan. Það sem hér hefir verið gert, er að 17 tunnur af rauðvíni hafa verið fluttar úr einu skipi í annað skip hér á höfninni og verið geymdar þar þangað til þær voru afhentar réttum eiganda eftir þriggja vikna tíma. Svo var þetta vín flutt til útlanda aftur. Hér er því um fullkomið hliðstæði, »analogi«, við síðasta lið 5. gr. aðflutningsbannlaganna að ræða. Hún heimilar þennan skilning og þetta leyfi sem veitt var. Það er áreiðanlegt að lögin banna ekki að flytja vín inn á landhelgissvæðið, heldur að eins að flytja það á land og selja landsmönnum. En hvorugt þetta var gert hér, því vínið fór til útlanda aftur. Enda tel eg víst að við gætum ekki bannað að flytja áfengi inn á landhelgissvæðið; erlendar þjóðir mundu ekki láta sér það lynda.

Eg neita því líka að rétt hefði verið að heimta toll af þessu víni; það kæmi í bága við 30 ára gamla venju, því vínforði skipa hefir alt af verið tollfrjáls.

Mér virðist æði mikið gert úr þessu máli, að bera á mig að eg hafi brotið gildandi lög í þessu, og þætti því furðulegt ef þessi dagskrá, sem fram er komin, verður samþykt hér í deildinni. Það er nú langt síðan þetta gerðist, og engar dulur hafa verið dregnar á það; allir gátu fengið sjá skjölin þar að lútandi í stjórnarráðinu. Eg bauð háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) að láta hann sjá þau, einu sinni er við hittumst á götu í vor. Og þegar þessi úrskurður var kveðinn upp var það vissulga með fullri meðvitund um þá ábyrgð sem á mér hvíldi í því efni.

Fyrirspyrjandi (Jón Ólafsson): Herra forseti! Með væntanlegu samþykki meðhöfunda minna að dagskránni vil eg breyta orðinu *þau* brot í *það* brot, því að hér er að eins um eitt brot að ræða.

Pétur Jónsson: Eg vil taka það fram, að þegar ályktað var í skattamálanefndinni að gera þessa fyrirspurn, þá var það með því skilyrði og samkomulagi, að hún væri algerlega »objektiv«, og að ekki væri annar tilgangur með henni en að fá upplýsingar um málavexti að sögu sem hafði gengið um það, að undanþága hefði verið veitt frá bannlögunum. Framsögumaður átti ekki að flytja annað en það, sem fólgið er í fyr-

irspurninni eins og hún hljóðar og átti því ekki að gera neina tillögu frá nefndarinnar hálfu. Eg skal ekki fara út í málið sjálft, eða fara að skera úr hverir af lögfræðingum þeim er talað hafa, hafi réttara fyrir sér, því venjulega fer það ofan við minn skilning þegar þeir deila. En þess vil eg geta, að mér virðist það eðlilegt að þær vörur séu tollfrjálsar sem ekki eiga að fara í land; og sömuleiðis finst mér það heppilegt og eðlilegt, að heimilt sé að flytja vín inn á hafnir, ef trygging er fyrir því að það verði flutt frá landinu aftur og þess sé ekki neytt innan umdæmis okkar lands. Mér virðist þetta eðlilegt og vildi fyrir mitt leyti óska að lögin væru skýrð þannig, að það sem eðlilegast er yrði ofan á.

Eg vil benda á, að það er athugavert fyrir okkur leikmenn hér í deildinni að fara að gera okkur að dómurum í þessu máli, og eg vil því ekki greiða atkvæði með þessari ályktun, sem er þannig orðuð, að hún er áminning til stjórnarinnar um að sjá um að lögin verði ekki brotin aftur, og fellir þannig þann dóm, að hér hafi lögbrot átt sér stað; um það álít eg mig ekki færan að dæma, og vil eg ráða þeim þingmönnum sem ekki eru meira inni í lögum en eg, að gera það sama,

Jón Magnússon: Eg fer ekki út í »strictum jus« í þessu máli, en eg vil benda á það, að ef tolllögin hafa verið brotin með þessu, þá hafa þau ekki að eins verið brotin hér í Reykjavík, heldur á mörgum höfnum á landinu stöðugt um síðustu 30—40 ár. Og það má segja svo, að hér sé um samninga eða samkomulag að ræða, milli utanríkisstjórnarinnar frakknesku og íslenzku stjórnararinnar. Það hefir verið ekki einungis óátalið, heldur beint heimilað af íslenzku stjórninni að frakknesk skip sæktu aflann til frakkneskra fiskiskipa hér til lands og færðu þeim vistir um leið, einnig tollskyldar, án þess að borgaður væri tollur. Ef lögunum hefði verið beitt stranglega, þá hefði alt af átt að taka toll af þessum tollskyldu vistum og útflutningsgjald af aflanum, en það hefir ekki verið gert. Ætti nú að breyta þessari venju, þá þyrfti að tilkynna frönsku stjórninni það áður, því henni mundi þykja það undarlegt og kunna því illa, ef nú ætti formálalaust að brjóta í bága við 30—40 ára gamla venju og heimta toll af vistum skipanna. Það sem hér um ræðir er ekki að öðru leyti frábrugðið því sem viðgengist hefir svo lengi, en að í stað þess að flytja vínið beint um borð í fiskiskipin, þá var það flutt í skip sem lá hér á höfninni og var ekki franskt og geymt þar lítinn tíma undir innsigli lögreglustjóra. Þetta er það eina, sem um gæti verið að tala, að kynni að mega telja vafasamt að rétt hafi verið, en þetta er svo óverulegt atriði, að ekki virðist þörf að orðlengja um.

Eg verð að segja, að mér þykir það hart að fara nú fyrst, eftir að þetta hefir viðgengist svo lengi, að fordæma fyrverandi ráðherra fyrir það, því að það er enginn vafi á því að í dagskránni er fólgin aðfinsluyfirlýsing; hún er ályktunardómur, dæmir að fyrverandi ráðherra hafi brotið lög. Og eg tel vafasamt hvort hún ætti að leyfast; eg sé ekki betur en hún fari í bága við þingsköpin, því þau leyfa ekki að ályktun sé gerð upp úr fyrirspurn. Hafi það verið venja áður, þá er sú venja ekki rétt.

Björn Kristjánsson: Mér virðist sum atriði þessa máls vera óupplýst, atriði sem er nauðsynlegt að upplýsa, t. d. hvernig vínið var flutt hingað. Hvort það var flutt samkvæmt farmskrá og farmskírteini frá Frakklandi til ákveðins móttakanda hér á fiskiskipi frönsku. Hafi svo verið, þá virðist eiga að skoða

það sem »transit« vöru, og ætti engan toll að borga af því. En komi skip með vöru hingað sem það segist ætla að útbýta, og fylgi engin skipsskjöl frá fermingarstaðnum, er sýni að varan eigi að fara til ákveðins manns eða skips, þá á auðvitað að borga toll af henni, ef hún er tollskyld. Þannig er tolllögunum beitt í öðrum löndum. Sé vara send frá Hamborg samkvæmt skipaskjölum til annars skips t. d. í Leith, sem á að flytja hana áleiðis hingað, þá er hún skoðuð sem »transit«-vara. En sé hún send þangað til að leggjast í húlk þar á höfninni, þá yrði að sjálfsögðu tollur tekinn af henni.

Lárus H. Bjarnason: Hæstv. ráðh. (H. H.) lýsti yfir því, að sér þætti undarlegt ef deildin ætlaði sér að taka sér dómsvald í lagaspursmálum. Hann hefir ekki altaf verið á þessari skoðun. Ekki langt á að minnast að hann var meðmæltur innsetning gæzlustjóranna í báðum deildum hér um árið, og var það mál þó komið fyrir dómstólana. Annars er hér ekki um beiting »dómsvalds« að ræða, heldur að eins um upplýsing af hendi Alþingis sem eftirlitsvalds með stjórninni og veit eg ekki hverjum ætti að vera annara um að lögin séu haldin en einmitt Alþingi. Eftir þingræðisreglunni er það eitt aðalverk þingsins að líta eftir framkvæmd laganna, og er því fullkomlega óhætt að samþykkja dagskrána. Orðalagi hennar má gjarnan breyta fyrir mér, ef einhver kann illa við það; mér er það ekkert kappsmál.

Hæstv. ráðh. (H. H.) vildi gera greinarmun í hér umræddu máli á landhelginni og föstu landi. Það er ekki rétt. En hvernig sem á það er litið þá lúta *höfn* og þurt land sömu lögum í lögum allra þjóða, og þetta vín var þó látið í skip, sem liggur allan ársins hring kyrt í höfn. Hvar væru líka takmörkin ef ekki ætti að miða hér við landhelgislínuna? Hver yrði afleiðingin ef eitt mætti gera á sjó og annað á landi? Þá mætti tylla vindúnk við bryggjurnar eða festa hann við stein í landi, ef dunkurinn bara væri umflotinn af sjó. Nei, það sjá allir að atferli stjórnarinnar verður ekki réttlætt með því að vínið hafi aldrei á land komið. Það er tvímælalaust brot á bókstaf og anda bannlaganna, sérstaklega réttlætir 5. gr. það ekki.

Eg skal lesa hana upp aftur:

»Nú hefir skipstjóri meðferðis áfengi frá útlöndum, sem ekki er ætlað til skipsforða og ekki á að fara til umsjónarmanns áfengiskaupa, og skal lögreglustjóri þá á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt á hin aðfluttu áfengisílát og ábyrgist skipstjóri, að innsiglin séu ekki brotin eða úr ílátunum tekið fyr en *skipið* er farið alfarið burt frá landinu, enda gangi lögreglustjóri úr skugga um það, áður en skipið lætur úr síðustu höfn, að innsigli séu heil og ekkert hafi verið tekið úr ílátunum«.

Þetta ákvæði á að eins við þau tilfelli er *sama* skip kemur með vínið og fer með það aftur. Eg skil ekki hvernig nokkur getur álitið það hliðstætt (analogt) ef skipin eru tvö, ef annað skip fer með vínið heldur en flutti það hingað. Þá er hitt líka jafnvíst, að tolllöginn hafa tvímælalaust verið brotin með þessu, en í dagskránni er ekki lögð svo mikil áherzla á það, vegna þess, að eins og kunnugt er, hefir umboðsstjórnin ávalt verið mjög slök í að beita tolllögunum. Eg veit t. d. að konsúlum hefir verið leyft að hafa hér ótollaðar vörur, og er það auðvitað brot á tolllögunum.

Út af þeim orðum hv. þm. Borgf. (Kr. J.) að hér væri eigi um alment leyfi eða undanþágu að ræða, heldur skilning á

lögunum, skal eg geta þess, að auðvitað byggjast allir úrskurðir á skilningi á lögum, og það sem máli skiftir er því, hvort skilningur sá, sem úrskurðurinn er bygður á, er réttur eða rangur. Hitt er þýðingarlaust hvað úrskurðurinn er kallaður, hvort heldur leyfi, undanþága eða hvað. Auðvitað held eg ekki að fyrverandi ráðherra hafi brotið lögin vísvitandi, því að hefði eg álitið það, þá hefði eg lagt til að honum hefði verið stefnt fyrir landsdóm.

Hvort sem bannlögin eru ill eða góð, þá verða þau þó að haldast. Ilt er að aðrir brjóti lög, en lakast fer þó á því, geri stjórnin það. Undanþágu hefði stjórnin getað gert eftir 11. gr. stjórnarskrárinnar, en ekki með öðru móti.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) er vorkun þótt hann vilji helzt vera laus við að greiða atkvæði, og þess vil eg geta, að þessi fyrirspurn er komin frá okkur 7 sem óbreyttum þingmönnum, en ekki sem skattanefndarmönnum.

Háttv. þm. Vestm. (J. M.) vildi helzt ekki fara út í strictum jus eða ströng lög í þessu máli og skyldist mér, sem það væri vegna þess, að hann áliti aðferð stjórnarinnar koma í bága við lög og lítur hann þá líkt á málið og vér fyrirspyrjendur, þó að hann kæri sig ekki um að fara að finna að við fyrv. hæstv. ráðh. (Kr. J.). Hann um það. Hitt var aftur á móti tvímælalaust rangt, að dagskrá mætti ekki fela í sér ályktun; það er svo langt frá því að svo megi ekki vera, að flestar ef ekki allar dagskrár fela í sér beint eða óbeint ályktun um dagskrárefnið.

Nú er fram komin önnur dagskrá, sem veitist ekki beint að hv. þm. Borgf. (Kr. J.) og er mér sama hvor dagskráin er, sama þó hinum fráfarna ráðherra sé slept, því eins og eg hefi sagt áður, er þessi fyrirspurn fram komin að eins til þess, að sporna á móti líkum brotum framvegis.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg verð nú að segja að mér finst vera gerður »úlfaldi úr mýflugu«, hvað þetta mál snertir. Eftir upplýsingu frá ráðherra og lögreglustjóra hefir franskt flutningaskip komið hingað á höfnina með 17 ámur af rauðvíni. Þetta vín var lögboðinn forði handa frönskum fiskiskipum hér við land. Þegar þetta flutningsskip kom, þá voru fiskiskipin ekki tilbúin að taka á móti víninu — hversvegna veit eg ekki. — *(Kristján Jónsson:* Þau voru fjarverandi.) Heyrt hefi eg og að skipstjórinn á flutningaskipinu hafi ekki vitað, fyr en hann kom til landsins, að ekki væri leyfilegt að flytja vínföng í land og hafa þau þar um stundarsakir og því orðið í vandræðum og þá snúið sér til stjórnarinnar. Enginn hefir borið brigður á að vínið hafi verið afhent til settra móttakanda og enginn hefir gefið í skyn að raskað hafi verið innsiglum bæjarfógeta eða neinn dropi af víninu hafi farið í land hér. Fiskiskipin sum fara daglega fram og aftur um hafnir og landhelgi og hafa vín um borð, sem ekki er sett innsigli fyrir, og er það leyfilegt samkvæmt 5. gr. bannlaganna. Eg get því ekki séð að það sé móti orðum eða anda bannlaganna, þótt þessi vínföng, sem voru ætluð til skipsforða væri falin lögreglustjóra til geymslu úti á sjó um stundarsakir, þangað til skipin gátu tekið á móti þeim.

Háttv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) hélt því fram að andi bannlaganna væri sá, að loka landinu fyrir öllum vínföngum, en ekki get eg séð að það stríði neitt móti anda laganna að þetta hefir verið gert, og einkanlega þegar vínföngin voru sett undir gæzlu og innsigli lögreglustjóra.

Eg sé því enga ástæðu til þess að

vera nú að tala um vítavert brot, þar sem að eins er að tala um tilhliðrunarsemi af hálfu stjórnarinnar, tilhliðrunarsemi sem stjórnin gat neitað um, en einnig hafði vald til að leyfa, enda engin ástæða til annars. Eg hygg að það verði ekki til þess að auka vinsæld bannlaganna að fylgja þeim stranglegar fram, en hér er um að ræða. Ofmikill einstrengingsskapur er bannlögunum til ills eins. Sé eg því enga ástæðu til þess að víta stjórnina fyrir þetta eins og gert er í dagskránni.

Önnur hlið á málinu er sú, er að tolllögunum snýr. Það er gömul regla, að skip í landfestum eða við akkeri, er skoðað sem »land«, og eftir þeirri reglu ætti að vera skylt að borga toll af vínföngum, sem flutt eru í skip, sem liggur við akkeri. En Frökkum hefir um mörg ár verið leyft eða liðið það að flytja milli skipa í landhelgi skipsforða af víni, án þess að tollur hafi verið heimtur, og þannig er því varið í þessu máli. *(Jón Ólafsson:* Hvernig vita menn það?) Ráðherra og lögreglustjóri hafa sagt það, og það álít eg nóga tryggingu fyrir því að það sé rétt.

Þetta er gömul venja gagnvart Frökkum, en ekki öðrum þjóðum. Þessi venja er orðin, einnig að því er snertir útflutningsgjald á fiski, sem fluttur er milli skipa í landhelgi, svo rík, að ef henni væri raskað, þá mundu stjórninni berast mótbárur frá frönsku stjórninni. Hvorki á núverandi né fráfarandi stjórn sök á því að þessi venja er á komin, heldur danska stjórnin, sem kom þessari venju á fyrir 30—40 árum.

Eg leyfi mér að bera upp svohljóðandi rökstudda dagskrá:

»Um leið og deildin lýsir yfir því að hún telur svar ráðherra fullnægjandi, en væntir þess að framvegis verði allrar varúðar gætt í þessum efnum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Jón Magnússon: Eg ætla að taka það fram að háttv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) hefir ekki skilið orð mín rétt um tollfrelsi umgetinna frakkneskra fiskiskipa. Það úrskurðaði stjórnin fyrir 30—40 árum síðan — má eg segja að sá úrskurður sé birtur í stjórnartíðindunum, og þessum úrskurði hefir jafnan verið framfylgt hér síðan. Allstaðar er frönskum flutningaskipum leyft, án þess að greiða nokkurn toll, að flytja allar vistir — þar með áfengi — til frakkneskra fiskiskipa, taka veiði þeirra aftur í staðinn. Ef þessu á að breyta, þá álít eg það skyldu þings og stjórnar að láta Frakka vita, því Frakkar álíta sig eiga fullan rétt á þessu, eftir gerðum samningi eða samkomulagi.

Annars er engin ástæða til þess að orðlengja þetta mál, þetta er gömul venja, sem alstaðar er framfylgt þar er frakknesk fiskiskip koma að jafnaði, t. d. á Fáskrúðsfirði og Vestfjörðum.

Fyrirspyrjandi (Jón Ólafsson): Herra forseti! Mér þótti undarlegt og óvænt að heyra dagskrá hv. þm. Ak. (G. G.), er álítur svar hæstv. ráðherra (H. H.) fullnægjandi. Mér finst það algerlega ófullnægjandi, þrátt fyrir það þótt hann hafi þegar fengið tvö venjuleg »*notarial*«-vottorð frá Reykjavík og Akureyri, sem sjaldan bregðast honum þegar hann þarf þeirra með.

Um landhelgina er það að segja, að annaðhvort liggur hún á löggjafarsvæðinu eða ekki. Liggi hún á löggjafarsvæðinu, þá er fyrirspurnin sjálfsagt réttmæt, en geri hún það ekki, þá fara bæði bannlög og toll-lög vor og fleiri lög út fyrir löggjafarsvæði vort. Þá yrðu eigi bannaðar neinar veiðar í landhelgi t. d.

Undarlegt virðist mér það vera, að

þessi venja sé svona gömul, því hvernig getur hún verið eldri en bæði aðflutningsbannlögin og vínfangalögin?

Þegar bannlögin koma í gildi, þá mun fjölga útlendum skipum, sem flytja áfengi til annara. Mun þá koma stór gloppa í aðflutningsbannlögin, þegar þannig má flytja hingað vínföng alt árið um kring.

Eg er algerlega ósamdóma dagskrá hv. þm. Ak. (G. G.), því að þingið álíti svar ráðherra (H. H.) fullnægjandi, sem einmitt er ýmist í austur eða vestur. Tilgangur fyrirspurnarinnar er ekki sá, að vilja fella dóm á gerðir fyrverandi ráðherra (Kr. J.), heldur hinn að knýja þing og ráðherra til að sporna á móti því að aðflutningsbannlögin séu brotin.

Ráðherrann (H. H.): Eg get ekki betur séð en að svar mitt sé fullskýrt og fullnægjandi í alla staði og þó hv. þm. segi að svarið sé ófullnægjandi, þá er það tómur sleggjudómur sem ekki hefir minstu rök við að styðjast. Mér er nær að halda, að ef þessar umræður hefðu farið fram á síðustu þingum, þá mundi háttv. þingm. hafa talið svör mín góð og gild. En nú sem stendur á eg ekki upp á háborðið hjá honum, hvorki í þessu máli né öðrum, hvað sem veldur, og hafa víst fleiri en eg veitt þessum veðrabrigðum eftirtekt síðustu daga.

Eg endurtek það, að eg álít það fullkomlega ósæmilegt, að þingdeildin kveði upp dóm um, hvort hér sé um brot að ræða. Hún er enginn hæstiréttur og hefir ekkert vald til þess.

Háttv. 1. þm. Rvk (L. H. B.) talaði um að þingið hefði gert sig að dómara þegar rætt var um innsetninu gæzlustjórnarinnar í fyrra. En það er hreinn misskilningur. Þingdeildin á eftir lögum að útnefna gæzlustjóra, og þeim rétti sínum vildi hún láta halda í heiðri. Hún framfylgdi því valdi sem lögin leggja í hendur hennar í því efni. Annað verður ekki af því ráðið, sem þá fór fram. Eg álít rétt, að ef hér á að vera um nokkra rökstudda dagskrá að ræða, þá sé sú er síðar kom, skoðuð sem br.till. við hina fyrri og því borin upp á undan.

Forseti: Háttv. þm. Borg. (Kr. J.) hefir beðið um orðið og þó að hann hafi þegar talað tvisvar, þá er afstaða hans svo sérstök til þessa máls, að eg finn ástæðu til að leyfa honum að taka enn til máls. samkvæmt 36. gr. þingskapanna.

Kristján Jónsson: Eg þykist mega búast við því, að deildin leyfi mér að tala í mínu eigin máli enn einu sinni, þótt eg hafi talað tvívegis áður, þar sem svo sérstaklega stendur á, að þingið ætlar að gera sig að dómara yfir mér og gjörðum mínum. Ef þær sakir, sem á mig eru bornar, hefðu við nokkur rök að styðjast, væri það alveg óviðeigandi að deildin kvæði upp nokkurn dóm um þær. Málið hefði þá að sjálfsögðu átt að koma fyrir landsdóm. Mér er borið á brýn, að eg hafi brotið lög sem ráðherra. Það hefir reyndar verið sagt, að eg hafi líklega ekki gert það vísvitandi *(Lárus Bjarnason:* Það var fullyrt). Ef embættismaður í minni stöðu brýtur lög, eftir nákvæma yfirvegun, getur það naumast álitist öðruvísi en svo, að hann hafi gert það vísvitandi Það sem mér finst hér mestu máli skifta, er það, hvort framkvæmd bannlaganna hefir verið sett í hættu með þessum úrskurði mínum eða ekki. Og getur nokkrum manni komið til hugar að bannlögunum standi hin minsta hætta af honum! Eg skil það ekki. Við skulum gæta að því, hvað það er sem bannlögin banna. Þau banna að flytja hér í land áfengi *(Lárus H. Bjarnason:* Flytja til *Íslands*, rétt orðað), og vissulega er það full sannað, að

enginn dropi af þessu umtalaða áfengi hefir verið fluttur hér í land. Á það er ekkert haft lagt — enda eigi unt að banna það —, að flytja áfengi inn á landhelgissvæðið og um það. Þetta vita allir. Fólksflutningaskipin sem hingað koma hafa byrgðir af áfengi og sömuleiðis botnvörpuskipin og önnur fiskiskip. Ef reynt væri að leggja nokkurt haft á þetta, mundu allar Evrópuþjóðir rísa upp á móti oss, þegar í stað.

Þar sem stendur hér í lögum »til Íslands«, þá getur það ekki þýtt annað en inn í landið, til þeirrar þjóðar, er landið byggir.

Þegar þetta skip kom hér voru fiskiskipin, er vínföngin áttu að fá, ekki hér á staðnum. Ef neitað hefði verið um þessa tilhliðrunarsemi hefði það að eins haft þá afleiðingu, að skipið, er vínföngin flutti, hefði legið hér á höfninni þangað til fiskiskipin komu hingað og gátu tekið við vínföngunum. Slíkt tíðkast oft, eins og háttv. þm. Vestm. (J. M.), bæjarfógetinn í Reykjavík hefir upplýst. Mér virðist gerður svo mikill hvellur út af þessu, að það sé í engu hlutfalli við málavöxtu. Hér er ekki að ræða um neitt brot á lögunum, og þó að þessi ráðstöfun mín álítist ekki í fulu samræmi við 5. gr. bannlaganna, þá getur hún ekki talist hættuleg frávikning frá þeirri grein, þegar þess er gætt, að ekki einn áfengisdropi hefir farið inn í landið.

Að öðru leyti skal eg ekki fjölyrða um þetta. Eg vildi að eins láta í ljós, að mér virðist það nokkuð hart, ef deildin gerir sig að dómara yfir mér, en það gerir hún ef þessi fyrsta rökstudda dagskrá verður samþykt.

Fyrirspyrjandi (Jón Ólafsson): Herra forseti! Það er reyndar ekki ástæða til að lengja umræðurnar frekar en þó vildi eg segja nokkur orð.

Háttv. sessunautur minn (Guðl. Guðm.) sem gefur ráðherranum notarialvottorð, segir sjálfur hvað teljist land eftir lögum. Hann segir: Skip sem liggur við akkeri í landhelgi, eða er bundið festum við land, er sama sem fast land. Eg er samdóma honum um þetta, en hæstv. ráðherra segir nei. Þar er ósamræmi milli notarialvottorðsins og þess, sem vottað er um. Ef þetta sem hér er verið að tala um, er leyfilegt samkvæmt bannlögunum, gætu útlendingar alveg á sama hátt, ef kolin væru tolluð, haft kolaforðabúr hér á höfninni og tekið þau þaðan í skip sín, án þess að greiða nokkurn toll af þeim. *(Ráðherra:* Um það má setja sérstakt ákvæði). Ef skýring háttv. þm. Ak. (G. G.) á því, hvað land er, er rétt, þarf ekkert sérstakt ákvæði, en ef hæstv. ráðherra hefir rétt fyrir sér, höfum við ekkert vald til að setja ákvæði um þetta.

Háttv. þm. Borg. (Kr. J.) talaði um áfellisdóm yfir sér, en það er enginn áfellisdómur í dagskránni eins og hún liggur nú fyrir. Þá sagði hann að aðflutningbannslögin bönnuðu að eins að flytja áfengi til þeirrar þjóðar er byggir þetta land. En mér er spurn, sker hann ekki úr, að landmælingamennirnir dönsku mættu ekkert áfengi hafa með sér, og þó byggja þeir ekki landið. Nei, aðflutningsbannslögin ná til allra manna sem í landinu eru, hvort sem þeir byggja það eða ekki.

Áður en eg sezt niður vil eg leyfa mér, að svara því er hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, að eg hefði tekið nýja stefnu, þar sem eg væri honum ekki samdóma í hverju máli. Vil eg minna hann á að 1905 var eg konungkjörinn þingmaður og fann þá sami hæstv. ráðherra og nú er, ástæðu til, að finna að því við mig að eg, konungkjörinn þm., stæði hvað eftir annað upp til þess að rífa niður stjórnarfrumvörpin. Minni eg á þetta til þess að sýna, að það hefir komið fyrir fyr en nú, að eg hefi ekki verið

samdóma hæstv. ráðherra (H. H). Enda skil eg ekki, að þó menn séu fylgismenn ráðherra, eins og eg er pólitiskt, þá þurfi menn að fylgja honum að hverju máli og jafn vel þegar hann fer með lögleysu, sjálfsmótsögn og vitleysu.

ATKV.GR.:

Þá var samþ. tillaga til rökstuddrar dagskrár, á þgskj. 233, með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Jónsson Rvk.
Benedikt Sveinsson	Guðl. Guðmundsson
Bjarni Jónsson	Halldór Steinsson
Björn Kristjánsson	Hannes Hafstein
Einar Jónsson	Jóh. Jóhannesson
Jón Ólafsson	Jón Magnússon
Lárus H. Bjarnason	Matthías Ólafsson
Sig. Sigurðsson	Ólafur Briem
Skúli Thoroddsen	Pétur Jónsson
Stefán Stefánsson	Tryggvi Bjarnason.
Valtýr Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	

Kristján Jónsson greiddi ekki atkv.

Fyrirspurn um mæling leiða á Gilsfirði til Salthólmavíkur og Króksfjarðarness.

FYRIRSPURN svarað af ráðherra (195); 15. Ágúst.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Eg hefi þegar lagt þessa fyrirspurn einslega fyrir ráðherra og fengið þá skýrslu sem mér er næg, en eg hefi þó beðið hann um að veita hin sömu svör hér í deildinni, svo að menn í Dalasýslu, sem þetta mál varðar, geti lesið þau í þingtíðindunum. Þetta mál snertir auðvitað aðallega menn sem búa í nánd við Salthólmavíkina. Mörgum þar búandi mönnum er nauðsynlegt, að vita hvenær þessi mæling á leið inn Gilsfjörð geti farið fram, vegna þess að þeir ætla sér að ráðast í ýms fyrirtæki í sambandi við siglingaleið inn fjörðinn, þegar búið verður að mæla hann, og geta þeir því ekki byrjað á þeim fyr en þeir vita hvenær mælingin verður framkvæmd. Þess vegna bið eg hæstv. ráðh. (H. H) að gefa þessi svör opinberlega hér á þingi.

Ráðherrann (H. H.): Eins og hv. þm. mun kunnugt, var á þingi 1909 veittar á fjáraukalögum 10,000 kr. til mælingar á leiðum inn Gilsfjörð. Áður en lögin voru staðfest símaði stjórnarráðið til sjómálastjórnarinnar að vinda bráðan bug að þessari mælingu. Í Maí 1909 kom það svar frá henni, að ómögulegt væri að framkvæma mælinguna fyr en herforingjaráðið væri búið að láta mæla sveitirnar í kringum fjörðinn. Þá skrifaði stjórnarráðið hermálastjórninni og beiddi hana að flýta uppmælingu á þessu svæði sem mest. Hún brást vel við, en sagði jafnframt, að ekki væri hægt að ljúka mælingunni á skömmum tíma; hún væri talsvert erfið viðfangs vegna þess hve margar eyjar og hólmar eru þar fyrir landi, og þyrfti því talsverðan undirbúning, og þyrfti að gera talsvert af þríhyrningamælingum áður.

Nú er öllum þessum undirbúningi lokið.

Í Marz spurði stjórnarráðið flotamálastjórnina aftur hvenær hægt væri að framkvæma mælinguna, og hún svaraði í Apríl, að ekkert væri því til fyrirstöðu að það gæti orðið sumarið 1913. Um kostnaðinn sagði hún, að hann mundi ekki fara upp úr 10,000 krónum. Þetta var svo tilkynt sýslumönnunum í Barðastrandarsýslu og Dalasýslu, og við þetta stendur.

Þá er í fyrirspurninni óskað svars um, hvort nýja fjárveitingu þurfi. Já, þess þarf, vegna þess að fé var veitt á fjáraukalögum fyrir árin 1908—1909, og landsreikningar eru tilbúnir og úrskurðaðir fyrir það fjárhagstímabil.

Á þessu þingi vill stjórnin ekki koma fram með neitt fjáraukalagafrumvarp, vegna þess að hætt er við að það mundi aukast eins og skriðan í för sinni. En við því má ekki fjárhagurinn nú. Hinsvegar eru þó ýms óhjákvæmileg útgjöld, sem greiða verður upp á væntanlega fjáraukaveitingu á næsta reglulegu þingi, og nota eg tækifærið til þess að nefna þar á meðal gjöld til háskólans og annara skóla, og bráðnauðsynlega viðgerð á Holtsá undir Eyjafjöllum, sem er að eyðileggja margar jarðir þar, og nokkur önnur útgjöld eru óhjákvæmileg nú þegar.

Að því er snertir þau útgjöld til þessa fyrirtækis, sem hér er um að ræða, er greiða kynni að þurfa fyrir næsta þing, mun eg ekki hika við að greiða þau af hendi upp á væntanlega endurveiting á næsta þingi, og ef ekki koma fram mótmæli gegn þeirri ráðstöfun hér frá deildinni nú, þá skoða eg það sem heimilað.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Eg þakka svörin, og er fullkomlega ánægður með þau.

Fyrirspurn um starfsemi viðskiftaráðunautsins.

FYRIRSPURN til ráðherra (214); 21. Ág.

Fyrirspyrjandi (Valtýr Guðmundsson): Þegar viðskiftaráðunautsstarfið fyrst var stofnað — og þó einkum *dður en* það var stofnað — gerðu margir sér mjög glæsilegar vonir um árangurinn af því starfi. Menn ætluðust til, að þeir skyldu vera fleiri viðskiftaráðunautarnir, eða verzlunarráðunautarnir, sem menn þá nefndu þá, og sitja sinn í hverju landi, þar sem helzt væri von um að finna nýjan markað eða markaðsleiðir fyrir íslenzkar afurðir, og jafnframt finna ný sambönd fyrir innkaup á erlendum varningi, sem hentugri væri til innflutnings hér á landi eða meiri hagnaðarvon af að kaupa hingað beinleiðis, en gegnum milligöngumenn þá í Khöfn, sem hingað til hafa mest verið notaðir. En nú virðist vera komið annað hljóð í strokkinn; nú virðast vonirnar um árangurinn af þessu starfi vera orðnar ærið daufar, svo daufar, að flestir virðast nú helzt óska, að þessi starfi yrði sem fyrst lagður niður.

Má vera, að þessar óskir séu nú ekki á fullum rökum bygðar, en hins vegar verður ekki með sanni sagt, að þær séu óeðlilegar eða ástæðulausar, þegar litið er til þess, hvernig þetta starf hefir hingað til verið rækt og hve nauðalítinn árangur það hefir borið. Því óhætt er að segja, að árangurinn hafi hingað til ekki að eins orðið nauðalítill, heldur blátt áfram *alls enginn* — að því er til *gagnsins* kemur. Hinsvegar verður því ekki neitað, að þessi starfsemi hafi orðið okkur að ýmsu leyti til *ógagns*; en þess konar árangri virðist réttast að sleppa, því hann liggur svo fjarri því, sem til var ætlast.

Að svona hefir farið, er sumpart því að kenna, hvernig stjórnin framkvæmdi hugmynd Alþingis, og sumpart því, hvernig starfið hefir verið rækt af þeim manni, er til þess var kjörinn. Í stað þess, eins og Alþingi hafði til ætlast, að skipa fleiri viðskiftaráðunauta, sinn í hverju landi, á líkan hátt og með svipuðum launum eins og hina norsku viðskiftaráðunauta, sem hafa að launum frá 2500—5000 kr. (sbr. Alþt. 1911, A. 1383), þá skipaði stjórnin að eins e i n n viðskiftaráðunaut með 10,000 kr. launum, og svo lenti starfið á manni sem lítið eða ekkert skyn bar á verzlun, en sem jafnan hefir sýnt sig sem mikinn æsingamann í pólitík og engan skapstillingarmann, en frekan mjög til fjárins og óhlífinn við landssjóðinn. Þegar

nú hér við bætist, að sá maður, er starfinu gegnir, hefir sýnt því meiri vanrækslu, sem lengra hefir liðið, þá er ekki að furða þótt óánægjan hafi orðið almenn, og því hefi eg fundið mér skylt samkv. 31. gr. þingskapanna, að beiðast skýrslu stjórnarinnar um, hvers vegna þetta er látið ganga án þess að tekið sé alvarlega í taumana.

Eitt af því, sem hvað mest á ríður fyrir alla viðskiftaráðunauta, er, að þeir séu ekki neitt riðnir við pólitík eða flokkadrætti, enda eru viðskiftaráðunautar annara þjóða mjög grandvarir í þeim efnum. En það er öðru nær en því hafi verið að heilsa með viðskiftaráðunautinn okkar. Jafn skjótt og hann hafði tekið við starfinu, fór hann að halda pólitíska fyrirlestra og skrifa pólitískar æsingagreinar í útlend blöð, og að þessu urðu svo mikil brögð, að utanríkisráðuneyti Dana fann ástæðu til að kvarta undan þessu framferði hans, og fara fram á, að ginkefli væri stungið í munn honum. Þessu svaraði stjórnarráðið svo, að, eins og erindisbréf viðskiftaráðunautsins greinilega sýndi, lægi pólitísk starfsemi algerlega fyrir utan verksvið hans (sbr. Alþt. 1911, A. 1343: »*Som Instruksen tydelig viser. ligger politisk Virksomhed helt udenfor Forretningskonsulentens Virkefelt*«, og hefði stjórnarráðið nú gert ráðstafanir til, að hann léti sér slík orð um munn fara framvegis, sem eftir honum væru höfð, en skyldi það samt fyrir koma, þá mundi hann samkvæmt 6. gr. erindisbréfsins verða sviftur starfinu og kvaddur heim tafarlaust (sbr. bréf stjórnarráðsins 17. Des. 1909). En þessum úrskurði stjórnarráðsins hefir verið mjög slælega framfylgt. Því þótt viðskiftaráðunauturinn hafi að vísu síðan að mestu leyti hætt við pólitískar æsingaræður og blaðagreinar í útlöndum, þá fer því mjög fjarri, að hann hafi hætt allri pólitískri starfsemi. Hann hefir þvert á móti síðan stofnað og gefið út pólitískt æsingablað hér á landi, og hann hefir bæði haldið pólitíska fundi og setið hér á þingi mánuðum saman, bæði 1911 og nú í ár, og með því bæði vanrækt skyldur sínar sem viðskiftaráðunautur og berlega brotið á móti 4. og 6. gr. erindisbréfsins, eftir því sem það er skýrt af stjórnarráðinu sjálfu, sem samið hefir bréfið og út gefið, og því ætti bezt að vita, hvernig ætti að skilja það. En hér við bætist einnig, að þegar fjárveitingin til viðskiftaráðunautsins var samþykt á síðasta Alþingi með eins atkvæðis mun, þá var það af þeim þingmanni, sem reið baggamuninn, gert að beinu skilyrði fyrir fjárveitingunni, að viðskiftaráðunautnum yrði ekki látið haldast uppi að hafa hin og önnur störf með höndum, svo sem þingmensku, og að dvelja svo og svo lengi hér og vanrækja þannig starf sitt í útlöndum (sbr. Alþt. 1911, B. I, 272). Það hefði því að minni skoðun verið skylda stjórnarinnar, að gera viðskiftaráðunautnum tvo kosti: annað hvort yrði hann að láta bæði af þingmensku og blaðamensku og gefa sig allan við ráðunautsstarfinu í útlöndum, eða þá að afsala sér ráðunautsstarfinu, því þetta tvent gæti ekki saman farið. Það er skylda stjórnarinnar að sjá um, að fjárveiting þessari, sem þingið hefir veitt til ráðunautsstarfssins, sé varið samkvæmt tilgangi þess. En tilgangur þingsins var óefað sá, að viðskiftaráðunauturinn jafnan dveldi í útlöndum, enda segir svo í 1. gr. erindisbréfs hans:

> »Viðskiftaráðunauturinn er ætlast til að hafist við í þeim löndum, er landsstjórnin tiltekur, og skal hann auglýsa, í hverju landi, hvar og hve lengi hann verður þar í það sinn. Þessi lönd munu verða Norðurlönd, Þýzkaland og England« (Alþt. 1911, A. 1342).

Mér er nú spurn: Er það landsstjórn-

in, sem hefir tiltekið, að viðskiftaráðunauturinn skyldi dvelja mánuðum saman hér á landi við pólitísk störf og blaðamensku? Eg get ekki hugsað mér það, heldur mun viðskiftaráðunauturinn sjálfur hafa fundið upp á þessu, stundum með leyfi stjórnarinnar, en stundum eins og haustið 1911, *í beinu óleyfi hennar*. Þetta er beint brot á erindisbréfinu af hálfu viðskiftaráðunautsins og vanræksla frá stjórnarinnar hálfu í að gæta hagsmuna landsins og landsmanna. Því allir sjá, að því fé er sama sem fleygt í sjóinn, sem varið er til að launa viðskiftaráðunautnum, þegar hann dvelur hér á landi við önnur störf. Og það er ekki neitt smáræði, sem þannig hefir verið látið ganga í súginn.

Á fjárhagstímabilinu 1910—1911 voru árslaun viðskiftaráðunautsins 10.000 kr. eða 20.000 kr. fyrir fjárhagstímabilið. Og af þessu tímabili ver hann ekki minna en 13 mánuðum til Íslandsferða og dvalar á Íslandi, og vanrækir þann veg starf sitt í meira en helminginn af tímanum. Hann fer frá Khöfn til Íslands í Júlílok 1910 og kemur aftur til Khafnar í lok Októbermánaðar. Það eru 3 mánuðir. Svo fer hann aftur frá Khöfn til Íslands í byrjun Desembermán. og dvelur þar allan veturinn við þingstörf o. fl., og kemur ekki til Khafnar fyr en undir lok Júlímán. 1911. Þetta verða 7 mánuðir. Svo fer hann aftur heim til Íslands í lok Ágústmánaðar eða byrjun Septembermánaðar (eg hefi ekki getað fundið fyrir víst, hvort heldur er) og kemur ekki aftur til Khafnar fyr en í lok Nóvembermánaðar. Þetta verða enn 3 mánuðir. Hann hefir þannig varið 13 mánuðum eða meira en heilu ári til Íslandsferða og dvalar á Íslandi, að nokkru leyti við launað starf, eins og þingmensku, og á þeim tíma gersamlega vanrækt ráðunautsstarfið, en þó tekið 10—11.000 kr. í laun sem viðskiftaráðunautur fyrir þennan tíma. Þetta verð eg að telja illa farið með fé landssjóðsins, og ekki kyn þótt gjaldendum landsins blæði í augum að sjá þannig farið með fé þeirra.

Eg kem þá að yfirstandandi ári, árinu 1912, og er þar sízt um framför að ræða, að því er snertir alúð viðskiftaráðunautsins við að rækja starf sitt eða hlífni við landssjóðinn. Fyrir fjárhagstímabilið 1912—13 er fjárveitingin til hans sundurliðuð, þannig að laun hans eru ákveðin 6000 kr., en til ferðakostnaðar má verja alt að 4000 kr. eftir reikningi.

Frá því 1. Janúar og til 24. Maí þ. á. dvelur viðskiftaráðunauturinn í Khöfn, að undanskildum, að því er virðist, svo sem mánaðartíma, sem hann dvelur í Kristjaníu. Eg get ekki sagt upp á víst, hve langan tíma ferðin þangað hefir tekið, því skýrslur hans eru svo ógreinilegar Svo fer hann frá Khöfn 24. Maí heim til Islands, kemur hingað 2. Júní og hefir setið hér síðan; en hve lengi hann ætlar að dvelja hér á landi, er enn óséð. Hann hefir mér vitanlega ekkert um það auglýst í hérlendum blöðum, og eg minnist heldur ekki að hafa séð í neinu Khafnarblaði neina auglýsingu um dvöl hans þar, né hvar hann væri að hitta, þótt slíkt sé fyrirskipað í 1. gr. erindisbréfs hans. Og er þetta því beint brot á því, og það harla óþægilegt, ef einhver skyldi finna upp á því, að vilja nota hann eða hafa tal af honum.

Að því er það snertir, hvað telja beri með ferðakostnaði, þá er svofeld regla um það sett í bréfi stjórnarráðsins frá 9. Marz 1910 (Alþ.tíð. 1911, A. 1344):

»Reglan virðist eiga að vera sú, að með *aukakostnaði sé það eitt talið, er af ferðalaginu leiðir* umfram hitt, ef

haldið hefði verið kyrru fyrir *heima*, þ. e. *þar sem dvalið er til nokkurra langframa*«.

En hvernig hefir nú viðskiftaráðunauturinn fylgt þessari reglu? Þannig, að hann hefir bókstaflega reiknað öll þau dagleg útgjöld, sem hann hefir haft til ferðakostnaðar, þó hann hafi mestallan tímann setið kyr á hala sínum í Khöfn. Og þessi útgjöld hafa frá 1. Jan.—2. Júní numið kr. 1557,12, en hve miklu þau muni nema meðan hann dvelur hér á landi, er ekki gott að vita, því þeir reikningar eru enn ekki fram komnir. Það verður nógu gaman að sjá þá, þegar þeir birtast. Og sannast að segja getur hann eftir hinni settu reglu með meira rétti reiknað sér ferðakostnað, meðan hann dvelur hér, af því hann er hér á ferðalagi, þótt ekki sé það í þágu ráðunautsstarfsins, heldur en fyrir þann tíma, sem hann heldur kyrru fyrir í Khöfn. Því þá á hann sannarlega að lifa af sínum 6000 kr. launum. Til hvers væru þau annars ætluð?

Eg hefi í stjórnarráðinu fengið að sjá reikninga viðskiftaráðunautsins frá 1. Jan. til 2. Júní þ. á. Þeir eru 3 og hljóða þannig:

I. Frá 1. Jan.—29. Febr. 1912.

Húsaleiga (Hótel Kongen af Danmark $^1/_1$—$^7/_1$, Fru Byes Hotel $^8/_1$—$^{17}/_1$, Parkvejen $^{17}/_1$—$^{17}/_2$)	kr.	122.00
Farseðlar til Oslóar og sömu leið aftur	—	53.40
Fæði í 60 daga	—	408.00
Þjórfé	—	109.50
Af stöð og á	—	5.25
Sporvagnar og bifreiðar . .	—	21.50
	kr.	719.65

II. Frá 1. Marz—30. April 1912.

Húsnæði	kr.	102.00
Fæði í 34 daga	—	245.00
Þjórfé $^1/_3$—$^3/_4$	—	60.00
Akstur og flutningskostnaður	—	7.00
Matarvist á Helmershus $^4/_4$—$^{30}/_4$	kr.	143.72
Til neyzlu utan matvistar .	—	12.00
Sporvagnar	—	3.00
Þjórfé $^4/_4$=$^{30}/_4$	—	14.00
	kr.	586.72
÷ afslætti á húsaleigu	—	7.25
	kr.	579.47

III. Frá 1. Mai—2. Júní 1912.

Matvist í 24 daga	kr.	105.75
Til neyzlu utan matvistar .	—	20.00
Þjórfé	—	15.00
Vagnar og flutningur . . .	—	5.00
Ferð frá Khöfn til Rvíkur .	—	98.25
Þjórfé	—	12.00
Flutningur	—	2.00
	kr.	258.00

Við 1. reikninginn er svo látandi athugasemd:

»Með fæði er talið kaffi, drukkið til hressingar utan máltíða. Þó get eg eigi fyrir umliðinn tíma sagt, hversu mikið það er«.

Hins vegar er hvergi getið um vindla eða annað tóbak, né skóviðgerðir, á reikningunum, en annað virðist þar ekkert vanta af daglegum útgjöldum. Til þess eru þá máske launin ætluð, þessar 6.000 kr. En þar sem fæðispeningarnir eru reiknaðir all-ríflega, oftast um 7 kr. á dag, stundum meira, stundum nokkuð minna, og í Maí ekki nema rúml. 5 kr., þá er þó ekki ólíklegt, að vindlar séu þar með taldir, því leitun mun á þeim matsölustöðum í Khöfn, þar sem fæði er selt svo dýrt sem reikningarnir sýna. Eg þekki þá ekki, og hefi eg þó verið búsettur í Khöfn í nál. 30 ár. Þá virðist og þjórféð vera full-ríflega reiknað, þar sem það er oftast framt að 2 kr. eða um 1.80 á dag, þó fyrir komi að það sé minna.

En það sem þó hér skiftir mestu máli, er, að af öllu þessu fé ber viðskiftaráðunautnum alls ekkert, samkvæmt reglu stjórnarráðsins sjálfs, nema fyrir ferð-

ina til Kristjaníu, og tel eg því stjórnarráðinu skylt að neita að borga þessa reikninga.

En þessi ágengni við landssjóðinn hjá viðskiftaráðunautnum er engin ný bóla. Meðan hann hafði 10,000 kr. í föst laun, gerði hann landssjóðnum reikning fyrir rúml. 1148 kr., aðallega fyrir lystiferðir til Ítalíu og Parísar. Því ekki verður séð, að þær ferðir hafi verið gerðar í neinum öðrum tilgangi en að skemta sér, enda árangurinn af þeim enginn annar. — Því þó viðskiftaráðunauturinn hafi verið að reyna að fóðra þetta ferðalag með því, að benda á markað fyrir íslenzka hesta í Rómaborg, silkikaup og ullarsölu í Mílanó, og sölu á íslenzkum matvælum til Suður-Þýzkalands, *ef* flutningsgjaldið væri ekki svo hátt og tollverndin svo mikil, að þetta væri þess vegna frágangssök, þá er slíkt hjal svo barnalegt, að mann stórfurðar á, að fullorðinn maður skuli leyfa sér að bera annað eins á borð. Hann hefði alveg eins getað sagt, að góður markaður mundi vera fyrir íslenzkan saltfisk í tunglinu, *ef* hægt væri að komast þangað.

Og hver hefir yfirleitt verið árangurinn af starfi viðskiftaráðunautsins? Mér hefir ekki tekist að uppgötva annan árangur af því, en að hann hefir verið að reyna að myndast við að senda stjórnarráðinu hinar fyrirskipuðu skýrslur, að minsta kosti eina á mánuði, eins og segir í erindisbréfinu. En hve húmbúgskendar þessar skýrslur oft hafa verið, má m. a. sjá af því, að hann hefir alveg eins sent þessar skýrslur fyrir þá mánuði sem hann hefir dvalið heima á Íslandi, stundum 7 mánuði samfleytt, og verður ekki annað af þessum skýrslum séð, en hann hafi altaf dvalið úti í löndum og verið þar að þinga við hina og þessa útlendinga um viðskifti. Og til þess að minna bæri á þessu húmbúggi, er hann hættur að *staðsetja* skýrslurnar eða geta um *hvar* þær eru ritaðar. Og í seinni tíð er hroðvirknin farin að ganga svo langt, að hann er líka hættur að *dagsetja* þær, og stundum eru þær ekki einu sinni *undirskrifaðar*. Þannig er skýrslan fyrir Ágúst 1911 bæði óundirskrifuð og ódagsett, fyrir September s. á. ódagsett, fyrir Janúar 1912 óundirskrifuð, ódagsett og ekki getið um *hvar* hún er rituð; fyrir Marz og Apríl ódagsett, og fyrir Maí og Júní vantar bæði undirskrift, dagsetning og staðsetning og meira að segja sjálft ártalið 1912. Þar steudur að eins »*skýrsla fyrir Maí og Júní*«. Þá er hann og til hægðarauka farinn að senda eina skýrslu fyrir hverja 2 mánuði, þó erindisbréfið heimti skýrslu »*að minsta kosti einu sinni á mánuði*«.

Og þá er ekki innihaldið sérlega burðugt. Vanalegast nú orðið ekkert nema að hann hafi átt tal við hina og þessa menn um viðskifti við Ísland, en enginn árangur getað af því orðið. Í hinum fyrstu skýrslum var þó dálítil viðleitni til að *sýnast* gera eitthvað, eins og t. d. þegar hann 1909 sendi stjórninni heilmikinn bálk af tillögum frá einhverjum dönskum lögmanni í Genúa, sem þó fékk þann vitnisburð hjá verzlunarráðuneyti Dana, að hann þætti fljóthuga og stórhuga, en fremur laus í rás, svo fara yrði varlega í að sinna tillögum hans. Hann hefði áður átt stóreignir, en væri nú illa staddur og ætti erfiðar fjárreiður (Atþt. 1911, A. 1366).

Þetta var nú helzta viðskiftasambandið, sem viðskiftaráðunauturinn gat bent þjóð vorri á.

Í annari skýrslu (nóv. 1909), skýrir hann frá, að 2 menn, annar danskur og hinn íslenzkur, hyggi á að verða nokkurskonar milligöngumenn fyrir íslenzka verzlun í Hamborg, og láti hann

þessa getið, ef vera kynni að landsstjórnin vildi láta menn vita um það *til hvatningar eða varnar* (Alþt. 1911, A. 1350). En ekki dettur honum í hug að gefa stjórninni nokkra leiðbeiningu um það, hvort hún eigi að ráða mönnum til eða frá að skifta við þessa menn. Og til þess var þó því meiri ástæða, þar sem kunnugt var að annar þessara manna að minsta kosti hafði orðið gjaldþrota eða komist í kröggur fyrir vanskil, sem ekki var víst að stjórninni væri kunnugt um.

Úr hinum síðustu skýrslum viðskiftaráðunautsins er þess helst að geta, að hann skýrir stjórninni fleirum sinnum frá því (síðast í bréfi frá 9. Marz 1912), að hann hafi verið að hvetja Iðnaðarmannafélagið í Rvík til að stofna lotterí, og vill auðsjáanlega fá stjórnina til að beitast fyrir framkvæmdum í því máli. Og í því skyni sendir hann henni prentaða áætlun (Plan) fyrir »Vare og Industri lotteri« Dana, sem hafa megi til fyrirmyndar. Þetta mun koma flatt upp á flesta hv. þm., sem heyrt hafa ræður hv. viðskiftaráðunauts hér í deildinni fyrir nokkrum dögum, um hve háskaleg og siðspillandi öll lotterí væru. En í Marz var hann þess hvetjandi við stjórnina, að þessi spilling væri flutt inn í landið, og benti henni á, hvaða útlent lotterí menn ættu að taka sér til fyrirmyndar. Má hér um segja, að skjótt breytist veður í lofti, og að fleiri vindhanar snúast skjótlega en þeir, sem sjást á bæjarburstunum.

Eg vil nú ekki þreyta háttv. deild á því, að tilfæra meira úr hinum nauðaómerkilegu skýrslum viðskiftaráðunautsins, heldur láta mér nægja að beiðast skýrslu stjórnarinnar um, hversvegna það er látið ganga, að hann vanræki starf sitt, sýni frámunalega hroðvirkni í skýrslum sínum og brjóti bæði erindisbréf sitt með því að fást við annarleg störf og dvelja langdvölum hér á landi, stundum í fullu leyfisleysi, ef ekki beinu banni stjórnarinnar, og að hann ennfremur sýni landssjóði dæmalausa ágengni í reikningum sínum, þvert ofan í þær reglur, sem stjórnarráðið sjálft hefir sett.

Eg get nú hugsað mér, að eg fái þau svör, að stjórnin þykist ekki hafa full tök á viðskiftaráðunautnum eftir því sem fjárveitingin til hans var orðuð á síðasta þingi. Eg hefi meira að segja sjálfur hallast að þeirri skoðun. En við nánari rannsókn hefi eg séð, að þetta er helber misskilningur. Í Nd. var að vísu aftan við fjárveitinguna til hans hnýtt þessari athugasemd: »Erindisbréf hans frá 30. Júlí 1909 *haldist óbreytt*« (Alþt. 1911, A. 1228). En þetta var felt í Ed., og í Sameinuðu þingi var liðurinn samþyktur þannig:

> »Til Bjarna Jónssonar frá Vogi til viðskiftaráðunautsstarfa, *samkvæmt* erindisbréfi frá 30. Júlí 1909 alt að 10,000—10.000 kr.
>
> Þar af 6,000 kr. laun hvort árið, og alt að 4,000 kr. hvort árið *til ferðakostnaðar* eftir reikningi«.

(Alþt 1911, A. 1539). Og þannig hljóðar því liðurinn í fjárlögunum.

Eins og menn sjá, er hér ekkert ákveðið um að erindisbréf viðskiftaráðunautsins skuli haldast *óbreytt*. Það hafði verið farið fram á það og fyrst samþykt. En svo var það einmitt *felt*. Í lögunum stendur að eins að viðskiftaráðunautsstarfið skuli rækt *samkvæmt* erindisbréfi frá 30. Júlí 1909. Og líti maður svo í erindisbréfið, þá stendur þar í 6. gr.: »*Viðskiftaráðunauturinn verður að sætta sig við þær breytingar, er kunna að verða gerðar á erindisbréfi þessu*«. Stjórnin getur því breytt erindisbréfinu, eins og henni sýnist. Og hún getur meira en það. Hún getur, ef því er að skifta, svift viðskiftaráðu-

nautinn starfinu að fullu og öllu, ef hann vanrækir starfið eða brýtur erindisbréfið. Þar segir sem sé svo í 6. gr.:

»Hafist viðskiftaráðunautur nokkuð það að, er kemur í bága við hlutverk hans eftir þessu erindisbréfi eða fer út fyrir verksvið það, er honum er þar ætlað, *má svifta hann starfinu og kveðja hann heim tafarlaust*«.

Það dugar því lítið, þótt fjárveitingin til viðskiftaráðunautsins sé veitt upp á nafn, því það gildir því að eins, að öll starfræksla hans og framferði sé í fullu samræmi við ákvæði erindisbréfsins, en í því er bæði honum gert að skyldu að haga sér eftir fyrirskipunum stjórnarinnar, og henni heimilað að svifta hann starfinu, ef hann gerir það ekki.

Stjórnin hefir því full tök á viðskiftaráðunautnum, og enga afsökun, ef hún líður honum að vanrækja starf sitt og vera að vasast í annarlegum störfum.

Ráðherrann (H. H.): Svar mitt verður stutt og lítið. Eg hefi engan þátt tekið í neinum af þeim stjórnarathöfnum, sem hinn háttv. fyrirspyrjandi gerði að umtali og aðfinningarefni og ber þar af leiðandi heldur enga ábyrgð á þeim, enda lít eg svo á sem aðaltilgangur fyrirspurnarinnar sé sá að koma því til vegar að þingið gefi stjórninni bendingar um, hvernig hún framvegis eigi að hegða sér gagnvart viðskiftaráðunautnum, og hvert eftirlit hún eigi með honum að hafa og er mér ánægja að hlýða á hvert álit þingsins er í því efni. Sé svo að stjórnin hafi hingað til tekið mjúkum höndum á viðskiftaráðunautnum, þá hygg eg að því hafi ráðið kurteisi við þingið. Stjórnin mun hafa litið svo á að hér væri um persónulega styrkveiting að ræða, sem hún ætti aðeins að sjá um greiðslu á, en ekki skifta sér af að öðru leyti.

Eg get ekki verið því samþykkur að stjórnin geti breytt erindisbréfi viðskiftaráðunautsins eins og fjárveitingin til hans er orðuð í gildandi fjárlögum, þar sem vitnað er til erindisbréfsins frá 30. Júlí 1909. Í því bréfi stendur að vísu að viðskiftaráðunauturinn verði að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi hans. En þar með er ekki sagt að Alþingi vildi sætta sig við, að erindisbréfinu væri breytt af stjórninni, eftir að þingið er búið að samþykkja, að störfum ráðunautsins skuli hagað samkvæmt bréfinu.

Annars vona eg að fyrirrennari minn hv. þm. Borgf. (Kr. J.) svari fyrirspurninni, því að hann er þessu máli kunnugastur, þar sem um er að ræða hluti, sem skeðu í hans embættistíð, og skal eg leyfa mér að afhenda honum öll skjöl þessu máli viðvíkjandi, sem í vörzlum stjórnarinnar eru.

Kristján Jónsson: Hæstv. ráðh. (H. H.) tók það fram að hann hefði engin afskifti *haft* að stjórnarathöfnum þeim, sem hér eru gerðar að umtali og aðfinningarefni. Fyrir mitt leyti skal eg þá taka það fram að eg hafði ekki afskifti af viðskiftaráðunautnum fyr en eftir þinglok 1911, og get því ekki svarað til þess er áður hefir skeð í þessu máli.

Eg skal leyfa mér að benda á ákvæði gildandi fjárlaga hér að lútandi. Það hljóðar svo:

»Til Bjarna Jónssonar frá Vogi til viðskiftaráðunautsstarfa, samkvæmt erindisbréfi frá 30. Júlí 1909 10,000 kr., þar af 6000 kr. laun hvort árið og alt að 4000 kr. hvort árið til ferðakostnaðar eftir reikningi«.

Um þessa fjárveiting urðu miklar umræður á þingi 1911, og tók eg þá fram hvernig eg skildi þetta ákvæði. Eg skildi það svo þá og skil það svo enn að með því hafi viðskiftaráðunauturinn verið tekinn undan umsjón og

eftirliti stjórnarinnar, og sé hann nú að eins háður umsjón og eftirliti þingsins. Það var vilji þingsins að það eitt skyldi hafa eftirlit með honum. Stjórnin getur heldur ekki vikið viðskiftaráðunautnum frá starfi sínu og erindisbréfinu er heldur ekki hægt að breyta, annars væri tilvitnunin til erindisbréfsins frá 30. Júlí 1909 í fjárlögunum heimska, og skildi eg hæstv. ráðherra (H. H.) svo, sem hann væri sömu skoðunar um þetta efni. Viðskiftaráðunauturinn á samkvæmt fjárlögunum heimtingu á launum sínum og ferðakostnaði eftir úrskurðuðum reikningum. Eg lít svo á sem þingið 1911 hafi lögfest erindisbréfið og öðruvísi getur þingið ekki litið á það mál, einmitt vegna þess hvernig þingið 1911 tók í málið. Eg hefi hvorki leyft né bannað viðskiftaráðunautnum pólitiska starfsemi hér á landi, því að til þess hafði eg enga heimild.

Erindisbréf viðskiftaráðunautsins bannar honum alls ekki pólitiska starfsemi hér á landi og hún er heldur ekki bönnuð í bréfi stjórnarráðs Íslands til utanríkisráðherra Dana frá 17. Des. 1909, þar er að eins átt við að hann megi ekki taka þátt í eða standa fyrir agitation um Íslenzk stjórnmál í útlöndum. Það kannast eg við að honum sé bannað og það hefir hann mér vitanlega ekki gert, að minsta kosti ekki síðan um þinglok 1911. Eins og eg tók fram áðan er ekkert í erindisbréfinu, sem bannar viðskiftaráðunautnum pólitiska starfsemi hér á landi og þegar Bjarni Jónsson var skipaður viðskiftaráðunautur var hann alþingismaður og honum var ekki sett neitt skilyrði um að leggja niður þingmenzku eða að hætta að fást við pólitík og þegar fjárveitingin af þinginu 1911 var stíluð beinlínis á nafn hans, var hann enn þingmaður og þó var honum ekkert skilyrði sett um að hætta við þingmensku eða aðra pólitíska starfsemi. Fjárveitingin er alveg skilyrðislaus. Að vísu hreyfði einn þingm. því í sameinuðu þingi, til þess að fóðra atkvæði sitt, að hann ætlaðist til að viðskiftaráðunauturinn fengist ekki við politík, en það ber ekki að skoða sem skilyrði — sízt frá þingsins hálfu; — það var að eins andvarp frá særðu hjarta þingmannsins. Eg verð því að halda því fast fram að stjórnin hafi ekki vanrækt skyldu sína þótt hún hafi ekki bannað viðskiftaráðunautnum af fást við pólitíska starfsemi hér á landi. Stjórnin hafði enga heimild til þess að skifta sér af því. Hefi eg því svarað fyrsta lið fyrirspurnarinnar út í æsar, svo að eigi verður í móti mælt.

Hvað annan lið fyrirspurnarinnar snertir — um dvöl hans hér á landi. Þá skal eg taka fram að síðan í þinglok 1911 minnist eg ekki að hann hafi dvalið hér á landi nema nokkur tíma í fyrra haust og svo á þessu þingi. Þegar viðskiftaráðunauturinn kom heim í fyrra haust skýrði hann mér frá að hann væri í viðskifaráðunautserindum. Hann vildi koma á útflutningsfélagi meðal íslenzkra kaupmanna og þyrfti því við þá að tala og auk þess var mér kunnugt um að hann hafði fleiri störf með höndum, lútandi að viðskiftaráðunautsstarfsemi. Eg sagði honum þá, að stjórnin vildi engan dóm á það leggja, hvort þetta væri lögmætt erindi, viðskiftaráðunauturinn yrði sjálfur að ábyrjast það gagnvart Alþingi — en reyndar álít eg sjálfur að hann hafi haft lögmætt erindi hingað heim þá, enda er mér kunnugt um að hann hélt hér fund með kaupmönnum og fór norður um land er hann sigldi aftur og talaði við kaupmenn á viðkomustöðum skipsins. Þá virtist mér það ekkert annað en eðlileg afleiðing af því að viðskiftaráðunautnum var ekki bönnuð þingseta, að honum væri keimilt að

koma hingað til landsins til þess að sitja á Alþingi. Ekki er mér heldur kunnugt um að viðskiftaráðunauturinn hafi önnur launuð störf á hendi en viðskiftaráðunautsstarfið. Eg hefi aldrei vitað þingmensku talda launað starf. Að vísu fá þingmenn fæðispeninga meðan þeir sitja á þinginu, en það er að eins endurgjald fyrir kostnað, og önnur borguð störf veit eg ekki til að viðskiftaráðunauturinn hafi á hendi.

Hvað viðvíkur 3. lið fyrirspurnarinnar um ferðakostnaðarreikninga viðskiftaráðunautsins, þá skal eg fyrst og fremst taka fram gagnvart háttvirtum fyrirspyrjanda, að eg álít alls ekki að nein almenn regla felist í stjórnarráðsbréfinu frá 9. Marz 1910, það bréf átti að eins við eitt einstakt tilfelli, og þó svo hefði verið, þá væri sú regla fallin burtu nú eftir því sem fjárveitingin til viðskiftaráðunautsins er orðuð í gildandi fjárlögum. Eftir þeim á viðskiftaráðunauturinn heimtingu á ferðakostnaði eftir reikningi, sem að sjálfsögðu liggur undir úrskurði stjórnarráðsins. Eg minnist þess að í Febrúarmánuði er fyrsti reikningurinn barst stjórninni, ákvað hún að ferðakostnaðurinn á hverjum mánuði mætti ekki fara fram úr $^1/_{12}$ af 4000 kr. að viðskiftaráðunauturinn gæti sent reikningana til til íslenzku stjórnarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn og ef ekkert findist sérstakt við það athuga, gæti hann fengið reikningana borgaða þar, en annars yrði að senda þá hingað heim til úrskurðar. Ennfremur var ákveðið, að Hamborg skyldi talin aðal aðsetursstaður hans, eins og áður hafði verið, og skyldi miða ferðakostnaðarreikningana við það.

Það hefir verið tekið fram að til ferðakostnaðar viðskiftaráðunautsins eigi ekki að telja dagpeninga; það hefir heldur ekki verið gert, en fæðiskostnaður hefir honum verið greiddur, og er það annað en dagpeningar.

Háttv. þingm. Sfjk. (V. G.) sagði, að ferðakostnaður viðskiftaráðunautsins hafi verið 1500 kr. á hálfu ári, (þessu síðasta misseri). Þó ferðakostnaðurinn hafi orðið þetta, þá er það þó ekki nærri því helmingurinn af þeirri upphæð, sem ráðunautnum er heimiluð með fjárlögunum í ferðakostnaðarskyni. Eg veit ekki hvort þessi upphæð hefir verið greidd, en eg tel að til þess hafi verið full heimild.

Fyrirspurninni, sem fram hefir komið í dag, þykist eg nú hafa svarað, lið fyrir lið, að svo miklu leyti sem eg get, sem fráfarinn ráðherra. Mörg atriði eru í ræðu háttv. þm. Sfjk. (V. G.) sem eg ekki tel mér skylt að svara, en sem eg hygg, að viðskiftaráðunauturinn muni svara sjálfur.

Bjarni Jónsson: »Enginn hefir á spurningunni«, sagði kerlingin. Og sama hefir víst vakað fyrir hinum danska háskólakennara, þm. Sfjk. (V. G.), þá er hann lét sér sæma, að bera upp þessa fyrirspurn. En honum verður þó naumast kápan úr því klæðinu, því að meiri kröfur munu menn, að minsta kosti Seyðfirðingar, gera til hans um réttþermi en til hverrar Gróu, sem gengur í pilsi eður brókum manna á meðal og segir fréttir. Þó eru hans fréttir engu áreiðanlegri.

Í fyrsta lið fyrirspurnar sinnar segir hann frá því, að viðskiftaráðunaut Íslands sé bannað að fást við pólitíska starfsemi með blaðamenzku og þingmensku og nefnir þar til erindisbréf dags. 30. Júlí 1909. Í 4. grein erindisbréfsins stendur, hvað honum er bannað:

> »Verzlunarviðskifti má hann engin hafa hvorki fyrir sjálfan sig né í annara umboði, né neina aðra atvinnu reka, er komi í bága við framangreint

starf hans og skyldur í landsins þarfir«.

Margir munu vita að það er engin atvinna að borga prentun og pappír í blað og vinna kauplaust að því. Gera menn slíkt fyrir sakir áhuga síns á landshag og þjóðar, en eigi til gróða. Enginn innlendur maður mun þora að kalla þingsetuna atvinnu, en vera má að þessi kennari við háskóla Dana gerist þingmaður hér til þess að leita sér atvinnu í sumarleyfinu. — Þingmenskan og blaðið koma ekki í bága við stöðuna, heldur þvert á móti.

Þetta var nú fyrsta Gróu-fréttin.

Sá næsti fróðleikur, sem háskólakennarinn flytur, er sá, að stjórnarráðið hafi ritað utanríkisráðuneyti Dana bréf um blaðamensku og þingsetu viðskiftaráðunautsins, dags. 17. Des. 1909. Hvað er nú um þetta?

Hinn 10. Nóvember 1909 skrifaði Scavenius utanríkisráðherra Dana íslenzku stjórninni bréf um viðskiftaráðunautinn. Er það prentað í bæklingi mínum, »Skilur haf hjarta og vör«, á bls. 52—53. Segir þar meðal annars:

»Ráðuneytið leyfir sér í þessu sambandi að leiða athygli hins konunglega ráðuneytis að því, að í mörgum, bæði norskum og dönskum blöðum, hafa birzt samtöl við Bjarna Jónsson, þar sem sagt er að hann hafi haft þau orð um sambandið milli Danmerkur og Íslands, sem illa sýnast eiga við stöðu hans, að vera opinber fulltrúi Íslands«.

Hinn 17. Des. sama ár svarar Björn Jónsson, þáverandi ráðherra og segir í því bréfi:

»Svo sem greinilega má sjá af erindisbréfinu, liggur stjórnmálastarfsemi alveg fyrir utan verksvið viðskiftaráðunautsins . . . .«

Hvorugt á við þingsetu eða ritstjórn, heldur eingöngu við starfsemi viðskiftaráðunautsins erlendis. En vilji menn efast um að þetta sé rétt, þá er hér skýring ráðherrans sjálfs á bréfinu:

»Eg held eg hafi skrifað þér síðast, hvernig eg skil loforðið um að sneiða hjá *pólitik* í utanríkisblöðum: sjálfsagt að mega skýra frá því, sem á milli ber við Dani, objectivt en ekki agitatoriskt . . .« (Í bréfi til mín dags. í Rvík $^{19}/_{2}$ 1910).

Vona eg að hér með sé fullsannað, að hinn danski háskólakennari vitni hér bandvitlaust til þessa bréfs.

Gróa gamla aftur á ferðinni.

Þá talar sami háskólakennari Dana í sögu Íslands um skilyrði, sem síðasta þing hafi sett fyrir fjárveitingu til viðskiftaráðunauts. Þessi fjárveiting er 31. liður 16. gr. og hljóðar svo:

»Til Bjarna Jónssonar frá Vogi til viðskiftaráðunautsstarfa, *samkvæmt* erindisbréfi frá 30. Júlí 1909 alt að 10.000—10.000 kr.

Þar af 6.000 kr. laun hvort árið, og alt að 4.000 kr. hvort árið *til ferðakostnaðar* eftir reikningi« (Alþt. 1911, A. 1539).

Hver mundi nú sjá hér skilyrði annar en hinn lærði þm. Sfjk. (V. G.). Hinu munu fáir samsinna honum í, að það sé fjárlagaskilyrði, þótt einn einstakur þm. geri sérstaklega grein fyrir atkvæði sínu.

Enn er gamla konan á ferðinni, í þriðja sinn í fyrsta lið fyrirspurnarinnar. Og annað er ekki í þeim lið.

Þá segir sami vísindamaður að eg dvelji mánuðum saman hér á landi við önnur launuð störf og taki þó full laun. Ef »önnur launuð störf« á að eiga við eitthvað annað en þingsetuna, þá eru ummæli hans fullkomin ósannindi. En ef hann talar hér um þingsetuna, þá furðar mig að hann skyldi ekki reka sig á annan mann fyr en mig, þann er tekur full laun, þótt hann sitji á þingi.

Eða hve mikið mun háskóli Dana draga af embættislaunum þm. Sfjk. (V. G.) meðan han hirðir þingfé sitt hér? Hve mikið mundi vera dregið af launum dómstjóra, bæjarfógeta, bankastjóra, skólastjóra og annara starfsmanna landsins sem á þingi sitja?

Seilst hefir hann hér um hurð til lokunnar, blessaður.

Þriðji liðurinn lýsir þó einna bezt vísindanákvæmni spyrjandans. Honum þykir þar ósvinna að eg telji til ferðakostnaðar húsnæði og fæði. Hvað mundi hann vilja telja til ferðakostnaðar? Hyggur hann að Alþingi hafi ætlað alt að 4000 kr. til f a r g j a l d a eingöngu? En hann vitnar hér og í bréf frá stjórnarráðinu. Má það heita furða, hversu viðlesinn hann hefir verið orðinn þá þegar, er hann bar fram fyrirspurnina. En hvernig á nú bréfið við? Það er viðvíkjandi ferðareikningi fyrir ferð frá Hamborg til Parísar. Eftir erindisbréfinu var eg eigi skyldur til að fara út úr þeim fimm löndum, sem þar eru nefnd, (Norðurlönd, England og Þýzkaland) fyrir þær 10.000 kr. sem mér voru þá ætlaðar til launa og alls kostnaðar. Þegar ráðherra því símaði mér að fara til Parísar, með eins dags fyrivara, setti hann í símskeytið þessi orð: »omkostninger refunderes«. Samkvæmt þessu sendi eg svo reikning. Bréf það frá 9. Marz 1910, sem fyrirspyrjandinn vitnar til, er um þann reikning og annan samskonar ferðareikning. Allir aðrir menn en þm. Sfjk. (V. G.) sjá það, að þetta bréf kemur als ekki við þeim ferðakostnaðarreikningum, sem eg gef nú samkvæmt fjárlögunum 1911, þar sem skift er sundur upphæðinni í kaup og ferðakostnað.

Ekki er þætt við að þessi sagnfræðingur verði ónákvæmur, þegar um vandamál er að ræða, úr því honum hefir orðið svo mikil leit að fjárlögunum frá 1911 að hann hefir auðsjáanlega ekki fundið þau.

Þá er á hitt að líta, hvers vegna hann bar fram þessa fyrirspurn og í hverju skyni. Af ættjarðarást stafar þessi árás hans ekki, því að hann gerði grein fyrir því ræðu hér á dögunum, að hann bæri fram tillöguna í hefndarskyni fyrir það, að eg hafði bent á þau alkunnu sannindi, að hann er danskur embættismaður. En reiðin er þó ekki næg skýring á fyrirspurn hans, því að maðurinn er geðspakur og ekki ógreindur að eðlisfari og mundi því hafa gefið rúm reiðinni.

Hér mun vera annað í efni. — Bréf þau sem fyr var getið, frá dönsku stjórninni og önnur fleiri sýna með sannindum að stjórn Dana hefir haft auga á viðskiftaráðunautinum. Hefir hún að líkindum óttast, að hér væri byrjun til annars meira. Mér urðu þær undirtektir til gleði, því að minn sómi óx við það og meira var tekið eftir viðskiftaráðunaut Íslands en ella mundi. Jók það á, að dönsk blöð lögðust mjög á móti mér og málstað Íslands. En þar í áttu mikinn þátt hinir íslenzku sjálfboðaliðar, sem fylla dönsk blöð með rógi um menn og málefni heima á Íslandi. Undanfarin ár hafa þeir vaðið uppi í mörgum blöðum þar, Telegrafen, Nationaltidende, Politiken o. fl. Þykir mér sennilegt að háttv. þm. Sfjk. (V. G.), kennarinn í sögu Íslands og bókmentum við háskóla Dana, viti um faðerni á mörgum af þessum greinum. En til dæmis um, hvernig þau krókódílatár eru, sem þessir leiguliðar danskra blaðamanna gráta yfir ættjörð sinni, skal eg nefna, að nýlega stóð í Politiken grein um það, að bæjarfógetanum væri ekki trúandi til að fara með mál, ef skólabróðir hans ætti í hlut, og að mál hefði engan fram-

gang, ef vinir Hannesar Hafsteins væri við það riðnir. Höfundum þessum hefir jafnan orðið tíðrætt um viðskiftaráðunautinn, enda eru allar líkur til að fyrirspyrjandinn hafi nú viljað njósna um hann og hafi hugsað sér gott til glóðarinnar, að ráða nú niðurlögum þessa ófétis viðskiftaráðunauts og taka fyrir trúrra þjóna verðlaun, er hann kæmi í **heimalandið**, sem hann nefndi svo í ræðu um daginn. Mun hann vænta sér þeirra þótt hann sé eigi annað en sjálfboðaliði.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Mér hefir satt að segja aldrei þótt skemtilegt að vera við »*executionir*« og ætlaði eg mér því helzt ekki að taka þátt í umræðunum. En nokkur orð sem eg hefi heyrt hér falla knýja mig til að tala.

Hv. þm. Borgf. (Kr. J.) sagði að erindisbréf ráðunautsins væri lögsett með fjárlögunum og þess vegna væri ekki auðið fyrir stjórnina að *breyta* því. Það getur verið rétt, en er það þá ekki skylda stjórnarinnar að sjá um að erindisbréfinu eins og það nú er »lögsett«, sé *fylgt* í öllum atriðum? Meðal annars varðar það heimköllun og afsetningu ef það er brotið. Nú er það upplýst af hv. þm. Borg., að ráðunauturinn hafi komið hingað til landsins og dvalið hér lang vistum án leyfis stjórnarinnar.

Háttv. viðskiftaráðunautur sagði sjálfur, að heimili sitt ætti að vera í Hamborg. *(Bjarni Jónsson:* Það hefi eg aldrei sagt). Jú, hann sagði það þegar hann var að afsaka að hann hefði reiknað ferðakostnað til Kristjaníu. *(Bjarni Jónsson:* Eg hefi aldrei afsakað það). Þingmaðurinn getur komið með sínar athugasemdir á eftir. En svo mikið veit eg, að til Hamborgar hefir hann ekki komið langa lengi.

Það var að heyra á ræðu háttv. þm. Borg. (Kr. J.), að hann hefði verið svo mikið í burtu og annnar gengt ráðherraembættinu í hans stað, svo að hann vissi ekki hvort reikningar viðskiftaráðunautsins væru úrskurðaðir og borgaðir. Eg vildi óska, að þeir væru það ekki. En ef þeir hafa verið borgaðir hlýtur það að vera á einhvers ábyrgð. Það getur engum dulist, að það var rétt sem háttv. fyrirspyrjandi (V. G.) sagði, að ferðakostnaður ráðunautsins er gífurlegur. 1500 kr. kostar ferð hans frá Kaupmannahöfn til Kristjaníu og til baka aftur. Sú ferð kostar í raun og veru 48 kr. á gufuskipi en 52 kr. ef farið er á járnbraut. Fyrir þjórfé, það er líklega það sem hann drekkur fyrir, reiknar hann sér 730 kr. á ári eða 2 kr. á dag. Þetta er því einkennilegra þar sem fyrir liggur *úrskurður* stjórnarinnar um, að ferðakostnað skuli *ekki* greiða þegar hann dvelur til langframa á einhverjum stað, enda er það eðlilegt, því að engin ástæða er til að ætla, að hann eti meira þegar hann er í Kristjaníu eða Kaupmannahöfn en þegar hann er í Hamborg. Yfirleitt eru þessir ferðakostnaðarreikningar eitthvað það blygðunarlausasta sem eg hefi heyrt að komið hafi fram gagnvart landsjóði og nokkrum öðrum sjóði, og er þá mikið sagt.

Háttv. ráðunauturinn sagði, og það er ef til vill satt, að sér hefði verið bannað að fara með pólitík í útlendum blöðum. En hvað gerir hann þegar honum er bannað þetta? Þá rýkur hann til og stofnar blað og lætur vini sína þýða í sænsk og norsk blöð það sem hann má ekki segja sjálfur erlendis. Það eru því einungis krókaleiðir til þess að gera það sem hann má ekki gera. Eitt af því sem ráðunauturinn, sendiherrann svokallaði, sagði, var það, að það væri ekki meira að hann hefði laun sín þó að hann sæti á þingi en aðrir embættismenn. Hann gætir ekki að því, að samkvæmt stjórnarskránni eru allir embættismenn skyldir til að sjá um rekstur

embættis síns á sinn kostnað, meðan þeir sitja á þingi. Hvað gerir hann? Hefir hann fengið nokkurn mann í sinn stað? Nei, hann vanrækir embættið — gegnir því alls ekki.

Eitt af því sem honum er gert að skyldu og hann hefir brotið, er það, að hann á að auglýsa í hverju landi, hvar hann er og hvað hann dvelji þar lengi. Eg skal segja honum hér dálitla sögu, sem eg hefi eftir einum góðum flokksbróður hans. *(Bjarni Jónsson:* Hver er það?). Eg get gjarna nefnt hann. Það var Ólafur Eyjólfsson skólastjóri. Í fyrra dvaldi hann í Hamborg og þurfti að snúa sér til viðskiftaráðunautsins til þess að fá einhverjar upplýsingar fyrir þýzkt firma. Hann símaði til Kaupmannahafnar spurði hvar viðskiftaráðunauturinn mundi niðurkominn, en enginn vissi. Hann símaði til danska ráðuneytisins, en það hafði ekki hugmynd um það. Þá símaði hann til íslenzku stjórnardeildarinnar í Kaupmannahöfn, en enginn vissi neitt um ráðunautinn. Helzt var haldið, að hann væri einhversstaðar á Þýzkalandi. En svo þegar Ólafur er að leggja á stað frá Hamborg, þá rekst hann alt í einu á viðskiftaráðunautinn. Hann spurði hvar hann hefði haldið sig. »Ó, eg hefi verið hérna í Hamborg.« *(Bjarni Jónsson:* Hvenær á þetta að hafa verið). Í fyrra. Eg efa ekki, að sagan er sönn. Eins og eg gat um, hefi eg hana eftir alkunnum flokksbróður viðskiftaráðunautsins sem eg veit ekki betur en að sé kunnur að því að vera sannorður og réttorður maður. — En hvað sem þessu líður, virðist mér ferðakostnaðurinn ægilegur. Hvar sem hann situr á hnettinum, reiknar hann sér ferðakostnað. Alt sem hann etur og drekkur og skemtir sér fyrir, það er alt ferðakostnaður. Eg fæ ekki skilið að þótt hámark ferðakostnaðarins sé sett 4000 kr., þá sé ráðunauturinn *skyldur* til að *éta* það alt saman upp. Eg held frekar að hámarkið sé sett svona hátt til þess að standast þann kostnað sem leiddi af því ef ráðunauturinn þyrfti að bregða sér til Kína eða Japan til þess að grenslast eftir markaði fyrir íslenzka hesta. *(Bjarni Jónsson:* Eða til Alaska). Já, til þess að útvega þar markað fyrir gráslepppu.

Eg hjó eftir einu orði í ræðu hæstv. ráðherra (H. H.). Honum þótti lítil bending um framtíðina í tillögunni til rökstuddrar dagskrár, sem fyrirspyrjandinn las upp í enda ræðu sinnar. *(Bjarni Jónsson:* Það hefir engin tillaga til rökstuddrar dagskrár verið lesin upp). Jæja, eg hefi að minsta kosti séð hana hér og lesið fyrir fám mínútum og þegar hún kemur fram, hefi eg hugsað mér, að flytja dálitla breytingartillögu við hana og í henni á að felast dálítil bending til hæstv. ráðherra (H. H.) um framtíðina.

Bjarni Jónsson: Eg ætla að eins að segja örfá orð til þess að gera eitthvað í vil háttv. sessunaut mínum (J. Ó.), sem hefir nú skemt mönnum með sögusögnum um ýmsa hluti. Eg hefi aldrei getið um það, að eg ætti að eiga heima í Hamborg og aldrei fengið neina skipun um það. *(Jón Ólafsson:* Jú stjórnarbréf) Hafi eitthvað verið ákveðið um það, þá hefir því verið beint til annars manns. Eg man eftir því að Jón Krabbe gat um það við mig í vetur, að Hamborg ætti að telja sem útgöngustað fyrir ferðir mínar. Sá eini sem mintist á þetta nú var háttv. þm. Borgf. (Kr. J.). Veit eg að engan furðar þó að þingmanninn hafi dreymt þetta, þar sem hann talaði um dagskrá sem hér hefði verið lesin upp og sem engin hæfa er til.

Hvorttveggja er þetta jafnrétt og hvorttveggja þingmanninum jafn samboðið.

Það sem hann hafði eftir Ólafi Eyjólfssyni hlýtur að vera sprottið af því, að einhver hafi veðjað við Ólaf að hann gæti tekið þingmanninum fram. Það er heldur ekki líklegt að hann hafi hitt mig í Hamborg á þeim tíma sem eg var þar alls ekki, því að það er að minsta kosti ekki venjulegt að menn séu á tveimur stöðum í einu.

Það er undarleg hugmynd sem þingmaðurinn gerir sér um auglýsingar. Hann heldur að hver sú auglýsing sem einhver ferðalangur girnist að sjá, blasi við á hverju götuhorni. Ef maðurinn vildi spyrja mig uppi, varð hann auðvitað að leita sér upplýsinga eða þá að taka gamla blaðið þar sem auglýsing mín var. Auk þess hefir íslenzka skrifstofan í Kaupmannahöfn ávalt vitað hvar eg hefi verið *(Jón Ólafsson:* Nei! Það er ósatt!) og þar getur hver fengið að vita það sem vill. Þetta er því að eins venjulegur stóri sannleikur hjá þingmanninum. Hann hefir tekið á honum stóra sínum í dag. Það er óþarfi að þræta meira um ferðakostnaðinn, því að það sjá allir, að það hefir ekki verið tilætlun þingsins að eg fengi fargjöldin ein endurgreidd. Það er öllum kunnugt að minstur ferðakostnaðurinn er fólginn í þeim. Eða hugsar þingmaðurinn, að ráðherrann gefi ekki reikning fyrir meiru en fargjaldinu þegar hann fer til Kaupmannahafnar? Þetta er svo vitlaust, að það er ekki svara vert. Það er einungis til þess að brigzla öðrum mönnum um fégirni, sem hann og allir vita að aldrei hafa fégjarnir verið. Eg veit ekki, hvort þetta er gert í von um að afl atkvæða setji á það sannleikans stimpil. En eg vona að eg lifi svo lengi að eg geti einhverntíma laumað orðum að þeim góðu mönnum þó að eg ekki í þessum sal svari þeim sem vert er.

Fyrirspyrjandi (Valtýr Guðmundsson): Eg hefi ekki miklu að svara hæstv. ráðherra (H. H.). Hann sagði eins og eg bjóst við að þetta snerti hann lítið. Aftur á móti get eg ekki verið samdóma háttv. þingm. Borgf. (Kr. J.), að stjórnin hafi ekki heimild til að breyta erindisbréfinu enda þótt það sé löggilt með fjárlögunum. Því að ákvæðið í erindisbréfinu um að því megi breyta, er þá líka löggilt á sama hátt. Eg sé ekki hver á að breyta því ef stjórnin má ekki gera það. En sleppum því. Þar sem háttv. fyrv. ráðherra (Kr. J.) hefir haft þenna skilning á þessu atriði afsakar það hann að nokkru leyti. Eg get þó ekki verið honum sammála um það, þó að þetta sé rétt, að ráðunautsstarfið sé þar með tekið undan umsjón og eftirliti stjórnarinnar. Allir opinberir starfsmenn eru háðir eftirliti hennar. Það var því blátt áfram skylda hennar að líta eftir þessu starfi, en það hefir hún því miður ekki gert. Um það ber ræksla starfsins og meðferð fjárins greinilegan vott. Háttv. þingm. Borgf. (Kr. J.) sagði að stjórnin hefði enga heimild til að banna ráðunautnum að fást við pólitiska starfsemi hér á landi. Í erindisbréfinu er honum bannað að fást við nokkuð það sem kemur í bága við ráðunautsstarfið. Eða getur háttv. fyrverandi stjórn neitað því að pólitisk starfsemi liggi utan við starfsvið hans? Og það kemur þó sannarlega í bága við starfsemi hans sem viðskiftaráðunauts að sitja 7 mánuði ársins hér á landi, og það í gersamlegu leyfisleysi. Það hlýtur að vera brot á erindisbréfinu.

Háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) sagði að maðurinn hefði setið á þingi þegar honum var veitt starfið og það skilyrði hafi ekki verið sett að hann legði niður þingmensku. En þó að það hafi verið

vanrækt þá að setja þetta skilyrði, sem að sjálfsögðu átti að setja, átti ráðunauturinn að sjá það sjálfur, að þetta tvent gat ekki sameinast. Háttv. þm. Borgf. (Kr. J.) tók það fram að reglulegt heimili viðskiftaráðunautsins væri í Hamborg, og þess vegna hefði stjórnin greitt honum fé til ferðakostnaðar, þótt hann dveldi í Kaupmannahöfn. Mér þykir þessu víkja undarlega við. Eg hefi rakið feril viðskiftaráðunautsins síðan í lok Júlímánaðar 1910, og á þeim tíma hefir hann aldrei komið til Hamborgar. Hvernig gat stjórnin látið það viðgangast, að maðurinn kæmi aldrei þangað sem heimili hans var? Var það bara til þess að hann gæti reiknað sér aukreitis fé fyrir ferðakostnað? Og hvernig stendur á því, ef maðurinn er búsettur í öðru ríki, að hann er kjörgengur hér? *(Bjarni Jónsson:* Þetta er gömul afturganga.) En þó að þessu sé slept þá segir það sig sjálft að pólitísk starfsemi er óheppileg fyrir þenna starfsmann, og hins vegar hitt að það er gersamlega ómögulegt fyrir hann að rækja starfið með því að sitja mánuðum saman hér á Íslandi.

Þá vildu þeir hv. þm. Borgf. (Kr. J.) og hv. þm. Dal. (B. J.) halda því fram að þingmenskan væri ekki launað starf. Það er satt, það heita dagpeningar. En í virkileikanum er það launað starf. Ef við berum saman hvernig þessu er tilhagað hingað og þangað út um heiminn, rekum við okkur á, að í mörgum löndum eru föst laun greidd fyrir þingmensku. *(Bjarni Jónsson:* Eg er ekki þingmaður í þeim löndum.) Þetta er því í raun og veru alveg það sama, og nú er einmitt víða talað um t. d. í Noregi, að breyta þessu í það horf.

Þá hefir hv. þm. Dal. (B. J.) talað um að hvorki þingmenska né blaðamenska séu atvinnugreinir. Hvað sem sagt er um þingmenskuna, þá getur þó enginn neitað því, að blaðamenskan er atvinnugrein. Hann má ekki miða við það þó að honum fari hún ef til vill svo klaufalega úr hendi að hann græði ekki á henni. Blaðamenska hefir orðið mörgum duglegum manni stór gróðalind. Sömuleiðis tók hann það fram, að það væri ekki rétt, að þingið hefði sett það skilyrði fyrir fjárveitingunni að hann fengist ekki við þingmensku eða pólitík. Eg sagði heldur ekki að þingið hefði sett það skilyrði. En sá þingmaðurinn sem reið baggamuninn gerði það, og hefi eg hér í höndunum vottorð um að eg hermdi orð hans rétt, og skal eg lesa það upp með leyfi forseta:

»Þingmaður Seyðfirðinga hefir haft rétt eftir mér orð mín um viðskiftaráðunautinn á sameinuðu þingi 1911.

Alþingi $^{21}/_{8}$. 1912.

Sigurður Stefánsson,
þingm. Ísafjarðarkaupstaðar«.

Háttvirtur þingmaður Dal. (B. J.) sagði, að ekki væri vani að draga frá launum embættismanna, þótt þeir sitji á þingi, hvorki mín né annara. Eg fyrir mitt leyti er nú hér í sumarleyfi mínu, og er ekki vani að draga frá launum manna undir þeim kringumstæðum, en annars gildir það um opinbera starfsmenn yfirleitt, að þeir verða að sjá embættum sínum borgið, meðan þeir sitja á þingi. En um viðskiftaráðunautinn er alt öðru máli að gegna, en aðra opinbera starfsmenn. Hann má ekki vera annarsstaðar en þar sem starf hans heimtar, því að hann getur ekki sett annan mann í sinn stað, og það kemur fram í erindisbréfi hans, að hann á að vera í útlöndum, á Norðurlöndum, Englandi og Þýzkalandi. Það, sem svarað hefir verið, er svo lélegt og veigalítið, að eg þarf ekki að svara því frekar. En eg get ekki álitið að stjórnin hafi haft nægilegt eftirlit með þess-

um manni, og þótt hún kunni að hafa nokkra afsökun í skilningi sínum á fjárveitingu síðasta þings, þá er það ekki ekki nóg. Eg leyfi mér því hér með að afhenda hæstv. forseta rökstudda dagskrá, sem eg vil biðja hann að bera undir atkvæði að umr. loknum, og sem brýnir fyrir stjórninni að gæta hans betur eftirleiðis.

Eg vil enn taka það fram, hve nauða skaðlegt það er, að viðskiftaráðunauturinn fáist við pólitík. Það hlýtur að spilla fyrir starfi hans og gera hann grunsamlegan, enda er það alstaðar regla, að slíkir menn mega það ekki. Auk þess sem það er ómögulegt, eins og eg hefi áður sagt, ef hann á að eiga heima í Hamborg, að hann megi þá rækja þetta starf hér. Og svo er blaðamenskan. Fjöldi manna forðast hana og alla pólitík vegna starfa sinna, og hér er alveg sérstaklega ástatt um afstöðu þessa manns gagnvart útlendum ríkjum, svo að blaðamenska hans getur orðið því hættulegri en ella. Sá maður *verður* að vera hlutlaus í stjórnmálum.

Skal eg svo ekki fjölyrða meira um þetta, en leyfi mér að afhenda hæstv. forseta dagskrána.

Bjarni Jónsson: Eg vænti þess, að því er til þessara umr. kemur, að eg fái að hafa jafnan rétt og þessi danski háskólakennari, meðan eg er hér enn á föðurlandi mínu.

Það, sem hann sagi um heimilisfang mitt í Hamborg, er alt gamalt. Eg hafði gert fyrirspurn til þáv. ráðherra og forstjórans fyrir skrifstofu Íslands í Khöfn, og ennfremur til þriðja mannsins, góðs lögfræðings og kunningja míns, sem er hér í deildinni, um það, hver áhrif það mundi hafa, ef eg ætti lögheimili í Hamborg. Töldu þeir hæpið að eg mundi þá fá haldið almennum réttindum hér heima, en tveir þeirra, sem eru lögfræðingar, sáu ekkert því til fyrirstöðu, að eg ætti lögheimili hér heima, þótt mér væri ákveðið starfsvið annarsstaðar, og síðan hefi eg ætíð átt fast heimili hér, kona mín hefir verið hér og eg hefi aldrei brugðið búi og mun halda áfram að búa hér, svo að hv. þm. Seyðf. (V. G.) mun verða annað til ánægju, en að eg missi kjörgengi af þeim ástæðum. Fyr mun hann missa það en eg.

Hann furðaði sig á því, að eg skyldi ekki hafa komið til Hamborgar síðasta ár, þar sem þó stjórnin hafi skipað mér bréflega að dvelja þar. Slíkt bréf hefi eg aldrei fengið, en einhvern tíma í Marz-mánuði tjáði skrifstofustjórinn í Khöfn mér að ferðareikninga skyldi miða við Hamborg. En þetta var svo skömmu fyrir heimferð mína, að ekki gat komið til mála fyrir mig að fara þá til Hamborgar, enda átti eg þangað ekki brýnt erindi, og hafði auk þess aðrar ástæður til þess að fara hvergi, sem eg hefi tjáð stjórninni og hún tekið gildar, svo að óþarfi er fyrir hv. þingm. að fjargviðrast meira út úr þessu.

Að eg hafi verið hér í leyfisleysi 1911 er ósatt. Eg átti fyrst og fremst það erindi, sem hæstv. fyrv. ráðherra nefndi, að reyna að koma á sölusambandi, eða útflutningsfélagi, og starfaði að því. En aðalerindi mitt var viðvíkjandi skipagöngum til Svíþjóðar, og út af því máli fékk eg skrifleg svör frá um 60 íslenzkum kaupmönnum, og hafa þau síðan legið til athugunar hjá utanríkisráðherra Svía. Eru því nógir vottar að því, að eg átti fullkomlega erindi, og að þessi sakargift þm. er því heilaspuni.

Sama er að segja um hitt, er hann finnur sér til, að eg megi ekki fást við þingmál eða þjóðmál. Það kemur til af því að hann byggir á því, að eg sé verzlunar- en ekki viðskifta-ráðunautur. Hann hefir víst ekki lesið erindisbréf mitt. Þar stendur meðal annars að eg

eigi að gefa upplýsingar um landið og alla þess hagi, og það hefi eg reynt að gera eftir föngum, þótt eg hafi ekki meira en svo haft frið til þess fyrir dönskum blöðum, sem hafa viljað telja ráðh. vorum trú um að eg færi þar með stjórnmála-undirróður, og mun þvaður þeirra mest komið frá íslenzkum kolapiltum, sem sverta vilja landa sína, þótt eg vilji ekki nefna nöfn þeirra, nema mjög sé að mér ekið. En ef þá langaði mikið til, gæti eg ef til vill hjálpað þeim um orð próf. Holms, kennara í sögu við Hafnarháskóla, um vissa menn, íslenzka. Annars svipar sumum íslenzkum mönnum í Khöfn undra mikið til Grikkja, sem búsettir voru í Rómaborg eftir að Grikkland komst undir Rómverja. Það er sama ættarmótið.

Þessi röksemdafærsla hv. þm., sem eg lýsti áðan, er gott dæmi um bardagaaðferð hans og hans líka. Fyrst er byrjað á því að gefa sér það, sem þarf að sanna, sem sé að eg sé eingöngu verzlunarráðunautur, og svo er bitið í skottið á sér og sannað að eg þessa vegna megi ekki gera þetta og þetta. — Þetta er nú það sem kallað er »circulus vitiosus«, eða hringavitleysa á íslenzku.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) vildi halda því fram, að blaðamenska sé atvinna. Það er rétt, að hún getur verið það, en hér er ekki svo ástatt, þó að eg gefi út lítið mánaðarrit, og jafnvel ekki þó að vel gengi.

Eg skal ekki deila um það við hann hvor okkar sé betri ritstjóri, en beri mitt blaðfyrirtæki sig ver, þá gæti það legið í því, að síður væri til þess stofnað í gróða skyni, en hjá honum. Eg hefi aldrei viljað vinna mér hagnað með því að sveigja til frá því sem eg hefi álitið rétt, og því geta minar fjárreiður verið verri en þeirra, sem eru snúningaliðugri en eg. Hitt er satt, að eg hefi ætlað blaðið sérstaklega mér til stuðnings í starfi mínu, og flest sem það hefir flutt, hefir verið því viðvíkjandi. Eg hefi viljað að skoðanir mínar næðu eyrum sem flestra manna, svo að þeir þektu mig að fleiru en því einu, sem rógberar segja um mig.

Undarleg reikningsfærsla er það, ef hv. þm. heldur að síðasta atkv. muni vega meira en hið fyrsta, eða að til sé nokkurt sérstakt úrslita-atkvæði. Mál getur fallið eða unnist á eins atkvæðis mun, en engu skiftir hvort það er atkvæði Sigurðar eða Snjólfs. Hitt, að þessi maður hafi haft einskonar framsögum. réttindi öðrum fremur, eru bláber ósannindi. Eg veit ekki hvaðan honum hefðu átt að koma þau; frá flokknum komu þau ekki, enda var hann þá víst stokkinn úr honum. Hann hefir sagt þetta einungis fyrir sjálfs sín hönd, en einkis annars manns heimild eða umboð haft til þess. Og ef hv. þm. Sfjk. (V. G.) heldur öðru fram, þá er það órétt, og víst er um það, að aldrei fær hann umboð annara en sjálfs sín til þess að gera grein fyrir atkv.

Eg heyri að hv. sessunautur minn gegnir fram í og vefengir þetta, og mun það koma af því, að hann er svo formfastur, eða þá öllu heldur hinu, að hann er nú svo hlýðinn og auðsveipur sínum foringja. En eg get frætt hann um það, að flokksforingi getur aldrei verið margfaldur í roðinu, þegar hann kemur ekki fram fyrir flokksins hönd — nema þá hann sé það í þeim skilningi, sem hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) er það, sem sé að rúmmáli.

Þá vildi hann vefengja að bera mætti mig saman við aðra embættismenn, sem hér sitja á þingi án þess dregið sé af launum þeirra. Hér kemur fram hjá honum sams konar »petitio principii«,

eins og áður. Hann bítur í skottið á sér, eins og hann er vanur, gefur sér fyrst að eg geti ekki gegnt mínu starfi hér, og sannar svo út frá því. En ef halinn dettur nú af, hvað þá? Því fer svo fjarri, að viðskiftaráðunautur megi ekki vera hér, að oft getur verið brýn nauðsyn á honum hér, ekki síður en annars staðar. Dæmi um það nefndi eg frá 1911, og eg er nú hér í svipuðum erindum og þá, og get eins vel gefið þeim mönnum upplýsingar, sem til mín leita, þótt eg sitji á þingi, enda hafa margir neytt þess. Og eg hugsa að þessi vísindamaður viti það, að auk þingsetunnar geta menn haft fleiri störf á hendi. Þannig hefir hann t. d. gefið sér tíma til þess, að læra utan að skýrslu rannsóknarnefndarinnar frá því í fyrra, og er sú viðleitni alls lofs verð.

Viðskiftaráðunauturinn má eigi einungis vera hér heima, heldur á hann og að vera það, þegar þörf er á og stjórnarráðið leyfir. Og mér hefir samið vel við þær stjórnir, sem eg hefi átt að vinna saman við, og býst eg við að svo muni enn verða, þótt eg hafi aðra skoðun á landsmálum, en hæstv. ráðh. sem nú er. Og það er rangt, sem hv. þm. segir, að óheppilegt sé að viðskiftaráðunautur sitji á þingi. Hver hefði t. d. átt að rísa upp á móti »lotteríinu« þeirra, ef eg hefði ekki orðið til þess? *(Valtýr Guðmundsson:* Hv. þm. er á annari skoðun nú, en í Marz.)

Eg heyri að hv. þm. er hér að burðast með nokkuð, sem hann skilur ekki sjálfur. Vöruhappdrætti er annað en peningahappdrætti. Það sem hann er hér að vitna í, er það, að til orða kom að reyna að styðja íslenzkan iðnað með smá-happdrætti, á líkan hátt og áður hefir verið gert til þess að koma upp líkneski Jónasar Hallgrímssonar. Þar er áhættan sama sem engin, og þeir sem nokkuð leggja af mörkum, gera það að gamni sínu til þess að styðja gott fyrirtæki. Þetta er eitthvað annað, en að gera landið að lepp. En það er ekki furða, þótt honum skiljist þetta illa, þar sem hann hefir vissa von um að verða einn af 6 eftirlitsmönnum með peningahappdrættinu fyrirhugaða. Eg heyri að einhver spyr hvort það sé nú áreiðanlegt, og hygg eg það, eftir brosinu sem á hann kom um daginn, þegar eg færði það í tal við hann. Ekki hefir hann unnið sigur á þessu, heldur en öðru, þótt hann hafi leitað langt yfir skamt.

Þessi rökstudda dagskrá, sem fram er komin, er eins og annað úr þeirri átt. Hún miðar að því, að meina mér þingsetur, og skil eg ekki hvílíkt kapp flutn.m. leggja á þetta, þar sem ekki er nema um eitt þing að ræða, því að ekki geri eg ráð fyrir því, að hv. núv. meiri hl. fari að binda þessa fjárveitingu við mitt nafn á næsta fjárlaga þingi.

Fyrirspyrjandi (Valtýr Guðmundsson): Það er ósatt, að viðskiftaráðunauturinn hafi haft þetta leyfi frá ráðherra. Eg hefi spurt hæstv. fyrv. ráðherra (Kr. J.) að því, og hann hefir sagt að hann hafi ekkert leyfi fengið. Það er því ómótmælanlegt, að hann er hér í leyfisleysi, og vona eg að eg hafi hrakið það sem hann hefir sagt um þetta.

Hvort blaðamenska hans er ekki viðsjárverð, kemur bezt í ljós af því, að hann hefir játað að þegar honum var meinað að fást við pólitískar æsingar í útlöndum, þá hafi hann byrjað á henni. *(Bjarni Jónsson:* Hefi eg sagt það?) Sama sem. Þegar hann fékk ekki að skrifa í útlend blöð, þá tók hann upp á þessu, *(Bjarni Jónsson:* Ósatt!) og þetta sannar það sem hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sagði, að blaðið er bara krókaleið til þess að geta skrifað í það um

stjórnmál, og fengið svo þær greinar teknar upp í útlend blöð.

Þá talaði hv. þm. um að viðskiftaráðunautsins þyrfti líka við hér heima, eins og erlendis. Það er nú hans skoðun. En mér er nú spurn: Er það hans skoðun, sem á að ráða hér? Eg hélt að það væri stjórnarinnar, og hann ætti að athuga það, að í erindisbréfi hans, sem er í samræmi við það, sem þingið hafði ætlast til, stendur að hann eigi að vera »erlendis«, og að stjórnin, en eigi hann sjálfur, skuli áveða hvar hann skuli vera.

Þá vil eg minnast á þá athugasemd, að það hafi lítið að þýða, þó einn þingmaður setji skilyrði fyrir fjárveitingunni. Að vísu var það bara einn þingmaður, en það var líka þingmaður, sem hafði þýðingarmikla stöðu í þinginu. Hann var formaður þess flokks, sem þá var í meiri hluta, og þar af leiðandi réði fjárlögunum og hefir því umsögn hans meira gildi en einstaks óbrotins þingmanns.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði að alt öðru máli gegndi um það lotterí, sem hann var að hvetja Iðnaðarmannafélagið til að stofna og stjórnina til að beita sér fyrir, en hitt sem var til umræðu hér á dögunum, vegna þess að það hefði ekki verið peningalotterí heldur vörulotterí. En það er einmitt það skrítna að vörulotteríin eru miklu hættulegri en hin og miklu meira siðspillandi, vegna þess að í þeim eru gefnir upp vinningar, með nafnverði, sem eru miklu meira en sannvirði þeirra, og eru þau því oft hreinasta »svindil«. Eg fer ekki að munnhöggvast við hann eða svara dylgjum hans um að eg hafi átt þátt í blaðagreinum um hann í útlendum blöðum. Það má altaf væna Íslendinga í Kaupmannahöfn um slíkt.

Lárus H. Bjarnason: Væri það rétt hjá hv. þm. Borgf. (Kr. J.) að ákvæði núgildandi fjárlaga um viðskiftaráðunautinn hefðu undanþegið hann eftirliti stjórnarinnar og lagt hann algerlega undir eftirlit Alþingis, þá væri allar áskoranir til stjórnarinnar, um að hafa umsjón með því, að hann ræki starf sitt eins og vera ber, ónýtar og allsendis óviðeigandi. En eg er honum ekki samdóma um að þetta sé rétt. Hinsvegar er eg sammála fyrv. ráðh. (Kr. J.) og núv. ráðh. (H. H.) um það, að erindisbréf viðskiftaráðunautsins hafi verið löggilt með þessu ákvæði og að ráðherra geti því ekki umturnað því eftir vild.

Þess vegna getur till. hv. þm. Sfjk. (V. G.) ekki gengið fram. Í henni er skorað á landsstjórnina, eigi að eins að gæta þess að viðskiftaráðunauturinn ræki stöðu sína samkv. erindisbréfinu, heldur og samkvæmt »öðrum fyrirskipunum stjórnarinnar«. Ráðherra getur ekki annað gert en að gæta þess að viðskiftaráðunauturinn, brjóti ekki í bága við erindisbréfið og getur hann því ekki tekið við þessari tillögu.

Erindisbréfið bannar viðskiftaráðunautnum ekki þingsetu og á því ekki við að taka það upp í dagskrána að hann megi alls ekki fást við pólitík, þó eg hinsvegar sé á sömu skoðun og hv. þm. Sfjk. (V. G.), að pólitisk starfsemi geti ekki samrýmst starfi viðskiftaráðunautsins, og að hann mætti missast af þingi. En hitt á þingið að heimta af stjórninni að hún hafi eftirlit með að viðskiftaráðunauturinn fylgi erindisbréfinu, ekki sízt þar sem borið hefir á nokkrum eftirlitsskorti með honum af hendi fyrv. ráðherra

Eg álít því að dagskrána eigi að orða öðruvísi og vil leyfa mér að koma með svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

»Í því trausti, að landsstjórnin gæti þess vandlega, að viðskiftaráðunauturinn ræki starf sitt samkvæmt erindisbréfinu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

Ráðherrann (H. H.): Eg vil að eins taka það fram, að mér væri kært að fyrirmæli þau, sem hv. deild vill leggja fyrir stjórnina séu ljós og skýr. Þessi dagskrá háttv. þingm. Rvk. segir eiginlega ekki neitt. Það geta verið skiftar skoðanir um það, hvað orðin »samkvæmt erindisbréfinu« þýða. Það heitir »erindisbréf fyrir viðskiftaráðunautinn erlendis«. Þetta mætti skilja svo, að erindisbréfið eigi að eins við framkomu hans þegar hann er erlendis en ekki hér heima. Í bréfinu er sagt að ætlast sé til að viðskiftaráðunauturinn hafist við í þeim löndum, sem landstjórnin tiltekur, og að þau lönd muni vera Norðurlönd, Þýzkaland og England. Er Ísland talið hér meðal Norðurlanda, eða á þetta að skiljast svo, sem hann megi alls ekki vera hér heima? Mér væri kært að fá beinar upplýsingar frá deildinni um þessi atriði, og annað sem hún ætlast til að stjórnin taki til greina, ef ætlast er til að breytt sé þeirri venju, sem fylgt hefir verið.

Skúli Thoroddsen: Eg var í vafa um hvort eg ætti að tala, en finst þó eg verði að gera það til að mótmæla dagskrá hv. þm. Sfjk. (V. G.) og breytingartillögu hv. þm. S.-Múl. (J. Ó.), því eg lít svo á að, deildin gerði sér vanvirðu ef hún samþykti dagskrána jafnvel þó breytingartill. væri ekki með.

Meðan eg hlustaði á ræðu hv. þingm. Sfjk. (V. G.) var eg að velta því fyrir mér, hvort þessari fyrirspurn hefði valdið tilfinning fyrir rétti þjóðarinnar eða ekki og eg komst að þeirri niðurstöðu, að eitthvað annað hlyti að búa undir. Eg las það út úr orðum hans, að hér talaði maður, æstur af pólitískri gremju og jafnvel hefnihug í garð þm. Dal. (B. J.), svo full var ræða hans af rangfærslum. Hann sagði að enginn árangur hefði verið af starfi viðskiftaráðunautsins, en hann nefndi engin dæmi og þetta er því að eins órökstuddur sleggjudómur.

Það má vera kunnugt öllum lesandi mönnum, að viðskiftaráðunauturinn hefir einmitt vakið máls á ýmsum nýjum viðskiftum, t. d. við Noreg og Svíþjóð. Háttv. þm. sagði, að almenn óánægja væri með þjóðinni yfir viðskiftaráðunautnum. Væri þetta rétt, þá ætti óánægjan að hafa komið fram á þingmálafundum, en líti maður á fundargerðirnar, þá sést það að hvergi hefir neinni slíkri óánægju verið hreyft. Hitt er auðvitað að mótflokksmönnum hans hefir verið illa við viðskiftaráðunautsstarfið. Þeir voru á móti fjárveitingu til þess á báðum síðustu þingum, og blöð þeirra hafa altaf verið að hnýta í viðskiftaráðunautinn, en það getur varla kallast almenn óánægja hjá þjóðinni, þó að ritstjórar Lögréttu og Reykjavíkur og svoleiðis fuglar skrifi skammir í blöð.

Þá fann hv. þm. Seyðf. (V. G.) að því að skýrslur viðskiftaráðunautsins til stjórnarráðsins hafi stundum ekki verið dagsettar, staðsettar né undirskrifaðar. Hefir hann ekki leyfi til að hafa þá tilhögun á þessu eins og honum sýnist, eins og að dagsetja bréfið til stjórnarráðsins en ekki skýrsluna sem það fylgir.

Hv. þm. hélt því fram, að viðskiftaráðunauturinn hefði átt að halda sér frá pólitík; það átti hann einmitt ekki að gera. Það sem upprunalega lá til grundvallar fyrir því að þetta starf var stofnað var það, að sjálfstæðisflokkurinn fann ríkt til þess, að okkur væri nauðsyn á að hafa mann í útlöndum, sem gæti tekið svari okkar ef íslenzk mál

væri rangfærð eða á okkur ráðist. Auðvitað vakti það jafnframt fyrir flokknum að viðskiftaráðunauturinn ynni að því, að koma á hagkvæmum verzlunarviðskiftum við önnur lönd, en hitt var aðalatriðið, að við hefðum mann í útlöndum, sem gæti sagt sannleikann um íslenzk mál. Og auk þess sem viðskiftaráðunautnum var kunnugt að flokkurinn vildi að hann skoðaði þetta sem aðalhlutverk sitt, þá hefir hann líka sjálfur pólitíska ábyrgð og á því að láta til sín heyra. Því á að heimta af honum frekar en öðrum starfsmönnum landsins að hann þegi um stjórnmál?

Háttv. þm. kallaði blað það sem viðskiftaráðunauturinn heldur út æsingablað, og auðvitað af þeirri ástæðu einni að honum er illa við það. Það mætti vitanlega alveg eins kalla Eimreiðina æsingablað. Þetta er bara glamur-orð, sagt til að finna slagorð í röksemda stað.

Þá er það atriði, að fjárveitingin var stíluð upp á nafn þm. Dal. (B. J.). Það var eg sem kom því til leiðar að svo var gert, því eg bar fram tillögu um það á fundi í sjálfstæðisflokknum 1911. Og af hverju? Auðvitað af því, að eg treysti þessum manni til að gegna starfinu eins og eg vildi að því yrði gegnt, en ekki hinum og þessum prangara, sem stjórnin kynni að skipa í starfið í bitlinga skyni.

Hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) vill láta deildina gera sér þá vanvirðu, að samþ. dagskrá í þá átt, að ef stjórnin sjái sér ekki fært að setja viðskiftaráðunautinn af nú þegar, þá skuli hún sjá um að hann haldi sig hér heima eftirleiðis, til að gera skýrslur um störf sín o. s. frv. Þessi dagskrá er þannig löguð, að það er því líkara að hún sé samin af götustrákum en þingmanni. Auk þess heyrir þetta starf mjög lítið undir stjórnina. Ef hún setti viðskiftaráðunautinn af, þá mundi hann snúa sér til dómstólanna og þó þeir kæmust að þeirri niðurstöðu, að rétt hefði verið að víkja honum frá, þá hefði stjórnin enga heimild til að veita öðrum starfann. Deildin getur ekki verið þekt fyrir að samþykkja þessa dagskrá. Dagskrá hv. þingmanns Rvk. getur miklu frekar komið til mála, ef á annað borð á að samþykkja nokkra dagskrá.

Jón Ólafsson: Það sem knýr mig til að standa upp aftur, er ræða háttv. þm. Dal. (B. J.). Maður skyldi búast við að hann hefði reynt að bera fram einhverjar varnir gegn þeim útásetningum, sem fram hafa komið, en í stað þess fer hann í kringum þær eins og köttur kringum heitan graut, með útúrsnúningum og orðhengilskap. Það eru bein og slétt orð að laun eru laun og ferðakostnaður er ferðakostnaður; hann á að lifa af launum og ferðast fyrir ferðakostnaðinn. Það er sannað af hv. þm. Sfjk. (V. G.) að hann hefir oft reiknað sér alt sem hann hefir kostað til lífsins, sem ferðakostnað. Þessu er ómótmælt af hans hálfu; hann lætur því ósvarað, en kemur með útúrsnúning um óviðkomandi mál. Hann sagði, að ráðherra gæfi upp í ferðakostnaðar reikningum sínum meira en þann kostnað sem hann hefði af ferðunum. En þetta er alt annað mál og gersamlega ósambærilegt við hitt, því að ráðherra *á að lögum* að fá endurgoldinn kostnað, *bæði* af *ferð* og *dvöl*.

Hv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) sagði, að því hefði verið haldið fram, að enginn árangur hefði enn orðið af starfi viðskiftaráðunautsins, en engin dæmi hefðu verið nefnd því til sönnunar. En hvernig er hægt að nefna dæmi þess að enginn árangur hafi orðið? Það var *hann*, sem átti að koma með dæmi. Hann átti að sýna afrek viðskiftaráðunautsins með dæmum — ef þau eru nokkur til. Hann er svo lögfróður og rökvís maður, að

hann veit, að sönnunarbyrgðin hvílir hér á honum. En hann brestur víst sannanirnar. *(Skúli Thoroddsen:* Þingmanninn minnir víst, að hann sé að tala fyrir lesendum »Reykjavíkur«!). Ó nei, eg veit vel, að nú er eg að tala við »Rúðu«-meistarann«!

Það er ekki rétt, að minni hl. á þingi 1909 hafi verið mótfallinn fjárveitingunni til viðskiftaráðunantsins, þvert á móti. Báðir flokkar voru sammála um að veita fé til *verslunar*ráðunauts. En það var ekki tilætlun heimastjórnarflokksins, að hann yrði pólitískur agitator í útlöndum; og þegar það seinna kom í ljós, að það hafði frá byrjun verið tilætlan sjálfstæðisflokksins, þá hlutu heimastjórnarmenn að mótmæla.

Hv. þm. gerði lítið úr þeim göllum á skýrslum viðskiftaráðunautsins til stjórnarráðsins, að þær hefðu verið ódagsettar, óstaðsettar og óundirskrifaðar. Flestir mundu þó kunna því betur, að það sæist hvar og hvenær og af hverjum slíkar skýrslur eru skrifaðar. Og þó bréf fylgi með skýrslunni, þá þarf þó að vera eitthvað í henni sem sýnir, að hún sé skýrslan sem bréfið á við.

Eg vona að þegar háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) kemur með skýrsluna um Rúðuför sína, þá sé hún að minsta kosti dagsett, staðsett, undirskrifuð og yfirskrifuð.

Hv. þm. sagði að það væri glamuryrði að kalla blað háttv. þm. Dal. (B. J.) æsingarit, og eins mætti kalla Eimreiðina því nafni. En sá er munurinn, að hún er ekki gefin út af manni, sem á að vera milligöngumaður milli Íslands og útlanda, svo að það mundi ekki spilla áliti landsins þó hún væri æsingarit — sem hún alls ekki er.

Það er undarlegt, að nokkur skuli leyfa sér að tala um það sem eitthvað ótilhlýðilegt, að eg vil sporna við því, að svo miklu fé verði kastað í sjóinn. Eg hefi breytt fyrri hluta br.till. minnar þannig, að hún getur einnig átt við þá rökstuddu dagskrá er seinna kom fram.

Það lítur svo út, sem viðskiftaráðunauturinn hafi álitið það helgustu skyldu sína að eta og drekka út 4000 kr. auk launa sinna og kalla það ferðakostnað, en það er þetta, sem eg vildi koma í veg fyrir framvegis með br.till. minni; eg vildi láta hann gefa skýrzlu um starfsemi sína fram til þessa, því að með því næðist tvennur góður tilgangur. Í *fyrsta lagi* sæist hver árangur sýnilegur af starfi hans *er orðinn*, en ekki hvað hann hafi ráðgert, spjallað og haft í hyggju að gera, heldur *sýnilegur* árangur sem allir geta séð og þreifað á. Í *öðru lagi* sæti hann þá hér heima, það sem eftir er starfstíma hans og væri oss þá ekki til skaða og skammar erlendis. Eg get ekki stilt mig um að minna á það, hversu einn fyndinn maður komst svo heppilega að orði í fyrra um starfsemi viðskiftaráðunautsins; hann sagði, að hvert það land, sem viðskiftaráðunauturinn hefði komið í á embættisferðum sínum, væri *bólusett* gegn öllum viðskiftum við Ísland og öllu íslenzku lánstrausti!

Kristján Jónsson: Eg vona að það sé augljóst af því sem fram er komið í málinu, að pólitisk starfsemi hér á landi komi ekki í bága við skipunarbréf viðskiftaráðunautarins. Honum er með nefndu bréfi alls eigi bannað að gefa sig við politik hér á landi. Aðal afskifti hans af pólitík hefir komið fram á þann veg, að hann hefir verið alþm. og hefir þingmenska hans verið tvívegis samþykt af Alþingi, bæði 1909 og 1911. Það hefir verið aðal aðfinningin við stjórnina að hún ekki skuli hafa bannað honum pólitísk afskifti hér, en þegar þetta er ljóst, sem eg sagði áðan, þá held eg því fram í fullri alvöru, að

stjórnin hafi ekki gert sig seka um neina eftirlitsbresti á viðskiftaráðunautnum, þótt hún eigi leitaðist við að banna honum pólitíska starfsemi hér innan lands. Hins vegar gat stjórnin ekki séð um að hann framkvæmdi þetta eða þetta, hún gat ekki séð um að hann kæmi vissum framkvæmdum í verk, hafði engin ráð til þess. Geta vil eg þó þess, að eg átti tal við viðskiftaráðunautinn í fyrra áður en eg sigldi og óskaði eg þá þess, að hann leitaðist fyrir um það hvort ekki mætti fá nýjan markað erlendis fyrir íslenzkan saltfisk, því að mér var kunnugt, að þá höfðu Norðmenn nýlega farið að hagnýta sér nýjan og ágætan markað fyrir þessa vörutegund í Suður-Ameríku, sem sé í Argentina; eg get þessa til þess að benda á að stjórnin hefir þó ekki látið viðskiftaráðunautinn alveg afskiftalausan.

Þá hefir það verið fundið að, að á skýrslur viðskiftaráðunautsins til stjórnarinnar, hafi vantað undirskrift og dagsetningu, eg skal raunar ekki fortaka að þetta hafi komið fyrir, en þá hefir þó æfinlega fylgt þeim bréf, sem hvorki hefir vantað dagsetningu né undirskrift.

Að ekki hafi verið hægt að hafa upp á viðskiftaráðunautnum erlendis, held eg að ekki geti verið rétt, því eg veit til þess að hann hefir auglýst það í blöðum, að minsta kosti í sínu eigin blaði, að menn gætu snúið sér til Stjórnarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn til vita um verustaði hans, hverjir þeir væru í hvert skifti; eg spurði skrifstofustjórann (Jón Krabbe) um þetta í vor, þegar eg var í Höfn, og skýrði hann mér frá, að viðskiftaráðunauturinn tilkynti þeim á skrifstofunni æfinlega frá því á hvaða stöðum hann væri og hvað lengi hann dveldi á hverjum stað.

Þá hefir verið minst á það atvik, að viðskiftaráðunauturinn kom heim í haust er leið og dvaldi hér þá lengi og hafi hann ekki haft leyfi til þessarar ferðar; það er rétt, að stjórnin hafði hvorugt gert, hvorki leyft honum að fara heim hingað, né heldur bannað honum það.

En þegar hann kom hingað heim, þá skýrði hann mér frá því, hvað hann væri að gera hingað, og sagði eg honum þá, að hann yrði að ábyrgjast fyrir Alþingi þennan erindarekstur sem annan. En eg tel að hann hafi þá átt lögmætt erindi hingað heim. Erindi hans var þá, að fá kaupmenn til að styðja að því að sænskar eimskipaferðir kæmust á milli Íslands og Danmerkur, auk þessa hafði hann á hendi annað erindi, er var það, að reyna að koma á »export«-félagi með kaupmönnum hér á landi, og veit eg til þess, að hann hefir átt tal um bæði þessi erindi sín við kaupmenn víðsvegar um land og hér í Reykjavík, og hefir hann gert mikið til að koma þessu í framkvæmd, þó að það hafi ekki tekist enn.

Mér hefir fundist rétt að geta þessa, sem eg hefi sagt, af því að eg held að viðskiftaráðunauturinn hafi, að þessu leyti, verið hafður fyrir rangri sök hér í dag.

Fyrirspyrjandi (Valtýr Guðmundsson): Eg skal ekki tefja með löngu máli. Háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) þótti vera gerð lúsaleit í reikningunum. Ef að líkindum lætur, þá er von hér á öðrum reikningum og má mikið vera ef ekki þarf þar að gera flóaleit. (Hvaða reikningur er það?, var spurt). Það eru reikingarnir fyrir Rúðuförinni frægu sem háttv. þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) fór.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Borg. (Kr. J.) sagði um pólitísk afskifti ráðunautarins, þá er það misskilningur, því að þó Alþingi hafi gert hann að viðviðsskiftaráðunaut, þá hefir það aldrei leyft honum að verða þingmaður. Alþingi á ekki að dæma hvort hann hafi

haft leyfi til að koma hingað, það er stjórnin, hún hefir eftirlitið, en viðvíkjandi þessu þá vildi eg leyfa mér að spyrja háttv. þm. Borg. (Kr. J.) hvernig stóð á því, að þegar viðskiftaráðunauturinn í fyrra ætlaði vestur í Dalasýslu, þá bannaði stjórnin honum að fara? Úr því að stjórnin hafði leyfi til, eða tök á að banna honum í einu tilfelli, þá hefir hann líka tök á að banna honum í öðrum tilfellum.

Um erindi hans, þá gat hann auðveldlega spurst fyrir um það bréflega, til dæmis til Kaupmannahafnarráðsins.

Annars skal eg nú ekki fara frekara út í það að svo stöddu.

Bjarni Jónsson: Eg get eigi skilist við þetta mál án þess að taka saman helztu atriðin í þvargi þeirra þm. Sfjk. (V. G.) og 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.).

Þm. N.-Ísf. (Sk. Th.) mælti það með réttu að ræða fyrirspyrjandans hefði verið samin af kala til mín. Og eg sannfærðist enn betur um það, er hann tók svo til orða, að eg ætti ekki að vera að »vasast í pólitík«. Þá datt mér í hug saga frá þeim tímum, er Valtýskan var í blóma og þessi þm. var voldugur á þingi. Þá sótti fátækur vísindamaður um styrk til Alþingis, en núverandi þm. Seyðfirðinga fekk því afstýrt að honum væri veittur styrkurinn. Þessi maður heitir Helgi Jónsson. Ásgeir Torfason spurði þingmanninn hvers vegna hann hafði farið þessu fram. Þá svaraði þm., að manninum hefði verið þetta mátulegt, »því að hann var að *vasast í pólitík*, sem honum kom ekkert við«. *(Valtýr Guðmundsson:* Þetta er nú víst Gróusaga). Nei, svo er eigi, enda mun það eigi lagt undir dóm Gróu sjálfrar. Þetta orðtæki sýndi mér að nú mundi þessi þingmaður ætla sér að vega oftar en um sinn í hinn sama knérunn, og er þó undarlegt af svo varkárum manni. Því að vel má hann vita, að honum meiri mönnum hefir það illa gefist.

Þeir geipuðu mikið um ferðakostnað minn, en alt var það rangt, er þeir sögðu. Þeir héldu því fram, að fæði og húsnæði ætti ekki að telja með. Slíkt getur engum komið til hugar, enda er hér helzt til að jafna um ferðakostnað ráðherra, er þeir fara til Danmerkur. Hitt er einkis vert, sem hv. þm. S.-Múl. (J. Ó.) var að tala um, að þar um væri skýrari ákvæði; höfuðatriðið er að hér stendur eins á, enda mundi Alþingi eigi hafa gert ráð fyrir að sá kostnaður gæti numið alt að 4000 kr., ef það hefði lagt sama skilning í þetta sem þessir þm. Svo er og um allan heim, að menn reikna til ferðakostnaðar allar lífsnauðsynjar frá því þeir fara að heiman og þar til er þeir koma heim aftur. Og þá kem eg að athugasemdinni um kaffið, sem hv. þm. Sfjk. (V. G.) var að reyna fyndni sína á. Hún stafar nú einmitt af því, hve ríkt stjórnin gekk eftir, að eigi væri taldar nema lífsnauðsynjar í reikningum mínum. Ætti hún því fremur skilið lof en last af þessum umvöndunum. Nú hafði eg eigi dregið frá þeirri upphæð, sem eg hafði brúkað til fæðis, þá aura sem eg hafði varið til þess, sem segir í athugasemdinni, en lét þess getið, til þess að stjórnin gæti dregið frá ef hún vildi, eftir því sem við gætum gezkað á. Annars væri gott ef þm, vildi hjálpa stjórninni um eyðublöð handa viðskiftaráðunautnum, er hann gæti látið veitingahússþjóna skrifa á, hvers hann neytti og mætti þá úrskurða reikningana eftir því.

Þá hneykslaðist hann og á þjórfénu, og var þó ólíklegt um mann, sem verið hefir svo lengi erlendis. Má hann því vita, að til þess gengur þó ærið fé, er menn búa í veitingahúsum og borða svona hingað og þangað. Þykist eg vita að hann muni eigi ætlast til að við-

skiftaráðunauturinn komi fram sem hundur. Eg hygg að hin alkunna sparsemi hans valdi miklu um, er honum vex þetta svo mjög í augum.

Þá vildi þm. Sfjk. (V. G.) ónýta fyrir mér samanburðinn á mér og öðrum starfsmönnum landsins, er taka full laun og sitja á þingi, með því að þeir hefði aðra fyrir sig, eða gæti sjálfir gengt starfi sínu, en það gæti viðskiftaráðunauturinn ekki, heldur legði niður starfið. Hann tók sér þessa sönnun létt, eins og fleiri. Hann bítur í skottið á sjálfum sér og fer í hring, sem kallast hringvitleysa eða circulus vitiosus. Er sú rökleiðsla í því fólgin, að byggja á því, sem á að sanna, og leiða út af því heila röð af ályktunum. Hann gefur sér fyrst að viðskiftaráðunauturinn leggi niður niður starfann, þegar hann er heima og kemst svo auðvitað að þeirri niðurstöðu, sem hann langar til. En honum skauzt yfir að sanna, að eg gæti eigi gengt starfi mínu hér, enda er svo langt frá því, að eg er einmitt hér að gegna viðskiftaráðunautsstörfum.

Þeir hafa margtuggið það, að eg hafi verið í óleyfi hér 1911, en þá var eg einmitt í viðskiftaerindum hér, sem stjórnin viðurkendi réttmætt erindi. Eg fór heim þá, af því að tveir Svíar, sem mikið börðust fyrir skipagöngum milli Íslands og Svíþjóðar, skrifuðu mér, að helzt mundi fram ganga, ef eg færi heim og leitaði undirtekta kaupmanna hér. Þessir menn voru Ragnar Lundborg, ritstjóri í Karlskrona, Íslendingum að góðu kunnur, og Reutersvärd, sá er hingað kom sem verzlunarerindreki Svía. Eg átti þá tal við fjölda manna um málið og fór þá umhverfis landið í þessum erindum. Hafði eg þá með mér skrifleg svör frá hérumbil 60 kaupmönnum, og hafa þau síðan legið til athugunar hjá utanríkisráðherra Svía. Var það eigi mín sök, að eigi hefir enn þá orðið neitt úr þeim skipagöngum, en þetta er ljóst dæmi þess, að viðskiftaráðunauturinn getur gegnt starfi sínu, þótt hann sé hér, eða öllu heldur ekki unnið sitt verk nema hann sé hér. Þess vegna var það ástæðulaus gauragangur, er sum blöð og sumir mótstöðumenn mínir höfðu þá, enda gerður til að vera kosningabrella. En nú er öllum kunnugt, hvernig í þessu lá, nema spyrjandanum. Hann hefir lesið upp ársgamlar blaðaárásir í von um að finna höggstað á mér, þótt hann geti nú engan fundið.

Fyrverandi ráðherra sagði rétt, að hann lagði fyrir mig að útvega skýrslur um fiskmarkað í Argentína. Í Noregi fengust engar skýrslur um það, því að þeir vissu að eg mundi vilja fá þeim keppinaut. En þeir halda sem mest leyndu, hvernig þeir verka fiskinn. Sneri eg mér því til ræðismanns Argentínu og fékk hjá honum skýrslu um hve mikið þangað flytst og hvaðan. Auk þess lofaði hann að senda mér síðar skýrslu um verkunina o. fl., en hann þurfti um það að skrifa til stjórnarinnar í Argentína. Bíð eg enn þess svars. Annað lagði stjórnin fyrir mig að grenslast eftir, hvort skipagöngur mundi mega stofna milli Liverpool og Reykjavíkur. Þá er eg kom aftur frá Noregi til Danmerkur á útmánuðum, ætlaði eg þangað. En þá kom hið mikla kolaverkfall í Englandi og þótti mér sem þá mundi erfitt að leiða hug Englendinga að viðskiftum við svo smátt land og óþekt sem Ísland. Fór eg því heim hingað til þess að vita um undirtektir manna hér undir það mál. Sá eg mér til gleði, þegar eg kom heim, að ýmsir framtakssamir dugnaðarmenn hér voru farnir að hyggja á framkvæmdir í því máli. Og gangi það ekki fram, þá er það eigi þeirra og eigi mín sök. En hér er dæmi þess, að við-

skiftaráðunauturinn getur haft nóg að starfa, þótt hann sé heima tíma og tíma. Má það og vera öllum ljóst, því að viðskifti vor við önnur lönd hafa þó annan endann hér heima. Og þótt erindisbréfið geri ráð fyrir að viðskiftaráðun. sé að jafnaði erlendis, þá skilur hver heilvita maður, að hann má koma í viðskiftaerindum hingað, ef þörf krefur. Alt er þetta því hártoganir, sem þeir flytja.

Þá gerðu þeir voðalegan hvell út úr því, að skýrslur frá mér væru ódagsettar og óundirskrifaðar. En þeir hafa ekki gáð að því, vísindamennirnir, að skýrslurnar eru allar með minni eigin hendi og yfir skrifað: Skýrsla Bjarna Jónssonar frá Vogi, þennan og þennan mánuð. Eða halda þeir að eiginhandar nafn sé ekki jafngilt yfir sem undir. Vera má að eg hafi gleymt ártali á síðustu skýrslu minni, sem eg afhenti sjálfur skrifstofustjóranum, en varla tekst þeim að sanna, að þar af standi þessu landi eða sjálfum þeim neinn voði.

Þá hafa þeir talað mikið um, hve lítill árangur sæist af starfi mínu. Menn geta naumast búist við að einn maður gerbreyti á svipstundu viðskiftum Íslands við fimm þjóðlönd. Vita og allir skynsamir menn, að árangur af slíku starfi sést sumur seint, sumur aldrei, þótt hann sé góður. Fyrir rúmu ári hélt eg hér í bæ tvo fyrirlestra um stefnu mína og árangur og lét prenta og gaf þinginu. En núverandi þm. Sfjk. (V. G.) gleymdi eg og hefði þó vel tímt að gefa honum 10 aura virði.

En einn árangurinn af starfi mínu hefðu þeir þó átt að þekkja, nfl. málaleitun norsku stjórnarinnar um tollsamninga. Því að hún er bein afleiðing af minni för. Það hefði þingmaður Seyðf. átt að sjá, ef hann hefði ekki vagl á auga, þegar eitthvað gott þarf að sjá við mig eða mitt starf.

Nei, hér liggja ekki reikningar mínir á bak við, ekki skýrslur mínar heldur. Þeir komu báðir upp um sig, þm. Sfjk. (V. G.) og 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.). Þeir sögðu báðir að eg hefði stofnað blað til þess að komast krókaleið að því, sem bannað hefði verið, nfl. að *vasast í pólitík* og hefði eg svo látið erlend blöð taka eftir mínu blaði ummæli um samband Íslands og Danmerkur, sem þeim geðjast ekki að. Hvorttveggja er jafnósatt. Mér hefir aldrei verið bannað neitt af því, sem eg hefi sagt eða viljað segja um þetta efni. Mér var bannað að hafa *undirróður gegn Dönum.* — En það var ástæðulaust, af því að eg hafði aldrei gert það og aldrei dottið í hug að gera það. En orsökin var sú, að einhverir höfðu lapið róg í utanríkisráðgjafa Dana. Þeim rógi hratt eg, er eg gaf út orðréttan fyrirlestur þann, sem rekistefnan var sprottin af. Síðan hafa Danir steinþagað um það mál, og hreyfa því nú engir nema illa íslenzkar hermikrákur. Hér var aldrei um annað að ræða en það, að eg hlýddi erindisbréfi mínu og gaf réttar skýrslur um Ísland og þess málefni. Munu hetjur þessar aldrei megna að banna mér eða öðrum að segja satt frá, hvað samþykt hefir verið á Alþingi. Annað gerði eg aldrei en að segja rétt frá stefnu Íslendinga, og gerði það svo hæversklega, að mér þykir sjálfum nóg um *(Guðlaugur Guðmundsson:* Þessu trúi eg). Þingm. hefði verið nær að lesa eitthvað um þetta heldur en *(Guðl. Guðmundsson:* að taka í nefið); vel botnað.

En þm. Sfjk. og 2. þm. S.-Múl. vilja ekki láta segja satt frá málavöxtum, allra sízt vilja þeir láta þess getið, að Íslendingar telji sig hafa nokkurn rétt.

Jafnósatt var tal þeirra um krókaleiðir. Blaðið stofnaði eg til þess að ná tali manna um ýms merk mál og mér til stuðnings í starfi mínu. Auk þess til

varnar mannorði mínu gegn óslitnum rógi þessara og þvílíkra manna, sem engan frið hafa fyrir öfund, af því að þeir halda að eg sé matvinningur þessi ár. —

Þetta styður getgátu mína um það, af hverjum rótum fyrirspurnin sé runnin. Mun eg eiga það eftir ólifað að færa fullar sönnur á þetta.

En hversu innfjálgur er vilji þeirra félaga til þess að spara landsfé, má bezt sjá af því, að þeir eyða heilum degi af dýrmætum tíma þingsins í slíkt ódæmaþvarg, sem sprottið er af illvilja til einstaks manns.

Ráðherrann (H. H.): Eg vildi mikillega biðja tillögumennina að skýra frá, hvað þeir eiga við. Hvað eru »annarleg störf«? Á að banna manninum að sitja á þingi eða ekki? Ef svo er til ætlað, þá vil eg að það sé sagt beint út, og atkvæði um það greidd.

Fyrirspyrjandi (Valtýr Guðmundsson): Eg skal geta þess, að eftir mínum skilningi liggur pólitísk starfsemi »helt udenfor« hans verkahring. Fyrir því er úrskurður stjórnarráðsins sjálfs, einmitt þess ráðherra, sem hefir gefið út erindisbréfið.

Ráðherrann (H. H.): En eftir það hefir þingið 1911 samþykt og löghelgað þingsetu hans og bundið fjárveitinguna við nafn hans, þótt hann vitanlega hefði fengist við pólitík, og haldið áfram þingsetu eftir að hann varð ráðunautur og erindisbréfið var sett.

Lárus H. Bjarnason: Hæstv. ráðherra (H. H.) fer að sjálfsögðu eftir eigin hyggjuviti í þessu efni. En úr því að fjárveitingin til viðskiftaráðunauts var bundin við nafn háttv. þm. Dal. (B. J.) eftir að hann hafði átölulaust setið á undanförnum þingum, þá er eg hæstv. ráðherra samdóma um að ekki sé löglegt að banna honum að sitja á þingi 1913.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Til svars því, sem hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, skal eg taka það fram, að eg á meðal annars við, að hann sé ekki látinn ferðast um landið til að halda skilnaðarfyrirlestra.

Sigurður Sigurðsson: Með því að afstaða mín til viðskiftaráðunautsstarfsins er nokkuð á annan veg heldur en komið hefir fram í umræðunum og þeirri tillögu til rökstuddrar dagskrár, sem hér liggur fyrir, skal eg leyfa mér að koma fram með aðra till. til rökstuddrar dagskrár, sem fer í þá átt, er eg helzt vildi kjósa. Eg skal ekki fullyrða, hvort tillagan sé í svo nánu sambandi við erindisbréfið, en eg lít svo á, að hún fari ekki langt frá því. Þessi till. er að nokkru leyti bygð á ummælum viðskiftaráðunautsins sjálfs, að hann gæti rækt starf sitt með því að sitja hér á landi.

Tillagan hljóðar svo:

»Í því trausti að landstjórnin sjái svo um, að viðskiftaráðunauturinn dvelji hér á landi það sem eftir er, og reki þau störf, er hún felur honum og eigi koma í bága við erindisbréf hans, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

(L. H. Bjarnason: Þetta er bara leikur). Með þessari dagskrá, sem er áreitnislaus í garð þess manns, sem um er að ræða, vinst þó það, að ferðakostnaðurinn til útlanda sparast alveg.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (á þgskj. 359) sþ. með 14 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Jón Jónsson Rvk.	Björn Kristjánsson

Já:	*Nei:*
Einar Jónsson	Kristján Jónsson
Guðl. Guðmundsson	Ólafur Briem
Halldór Steinsson	Sig. Sigurðsson
Jóh. Jóhannesson	Skúli Thoroddsen
Jón Ólafsson	Þorleifur Jónsson.
Lárus H. Bjarnason	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason.	
Valtýr Guðmundss.	

Bjarni Jónsson og Hannes Hafstein greiddu ekki atkvæði og voru ástæður þeirra teknar gildar.

Ennfremur greiddu ekki atkvæði Jón Magnússon, Matthías Ólafsson og Pétur Jónsson og voru þeir taldir með meiri hlutanum.

Fyrirspurn um kaup á veðdeildarbréfum Landsbankans.

FYRIRSPURN svarað af ráðherra; (290) 24. Ágúst.

Fyrirspyrjandi (Björn Kristjánsson): Þessi fyrirspurn er komin fram vegna þeirra örðugleika, sem á því hafa verið að veita veðdeildarlán í Landsbankanum. Það er alls ekki af vantrausti til stjórnarinnar, heldur vildum við fyrirspyrjendurnir láta menn sjá, að við viljum láta þetta mál til okkar taka, því að við vitum hver nauðsyn er á því að útvega landssjóðslán til að geta haldið veðdeildarbréfunum í verði, og til að geta haldið áfram að veita veðdeildarlán.

Þegar eftir stjórnarskiftin í fyrra skrifuðum við ráðherranum 16. Marz 1911, og báðum hann að hafa einhver ráð til að leita fyrir sér um lán. Þegar við fengum ekkert svar, skrifuðum við aftur 13. Júní s. á. og ítrekuðum ósk okkar um að þetta lán yrði tekið, svo að bankinn gæti haldið áfram að veita veðdeildarlán. Þetta bar engan árangur. Stjórninni tókst ekki að fá lán erlendis með sæmilegum kjörum, enda stóð illa á um það leyti, því að við borð lá að Englendingar og Þjóðverjar færu í hár saman. Nú hefir Landsbankinn til þessa reynt að veita þau veðdeildarlán, sem hann hefir verið beðinn um. Íslandsbanki hefir keypt bréfin, en er nú hættur því, svo að nú eru allar lindir lokaðar, meðan svo stendur að stjórnin getur ekki fengið þetta $^1/_2$ milj. króna lán. Við gátum búist við að landsstjórnin gæti fengið lán með betri kjörum heldur en Landsbankinn ef hann hefði getað selt bréfin. Og einmitt þess vegna hefir bankastjórnin eigi þorað að reyna verðbréfasöluna sjálf, vegna þess að það hefði getað komið í bága við framkvæmdir landsstjórnarinnar, og ef til vill getað felt bréfin í verði.

Eg þykist nú vita fyrirfram svar hæstv. ráðherra (H. H.). Eg geri ráð fyrir að hann segist vera fús til að taka lánið, ef unt sé að komast að viðunanlega góðum kjörum.

Eg geri ráð fyrir að nú fáist ekki lán með eins góðum kjörum eins og seinast. En þó að það fengist ekki með sem beztum kjörum, má búast við að þjóðin hefði mikið gagn af láninu.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg stend að eins upp til þess að bæta þeirri spurningu við ummæli hv. flutningsm., hvernig á því standi, að þau 70—75 þús. kr. sem ógreiddar hafa verið Landsbankanum enn þá af láni því, er landssjóður fékk til að kaupa veðdeildarbréf, hafa enn ekki verið notaðar í þessum tilgangi. Hafi það fé verið notað til annars, er það heimildarlaust, því að lands-

stjórnin fékk *að eins* heimild til að taka þetta fé að láni til *þessa eina tilgangs*, en *einskis annars*.

Ráðherrann (H. H.): Ástæðan fyrir því að fráfarandi stjórn hefir ekki tekið það hálfrar miljónar lán til bankavaxtabréfakaupa, sem enn er heimild til samkvæmt lögunum frá 1909, er vafalaust sú, að lánið hefir ekki fengizt með þeim kjörum, sem lögin ákveða. Háttv. fyrirspyrjandi verður sem sé vel að minnast þess, að lánskjörin eru fastákveðin í lögunum. Þar stendur, að lánskjörin megi ekki fara fram úr $4^1/_2$% og afborgist á 30 árum. Þessi kjör hafa ekki getað fengizt eins og nú hefir verið ástatt um hríð.

Öðrum athugasemdum hins heiðraða fyrirspyrjanda stendur öðrum nær að svara en mér.

Að öðru leyti gat hv. fyrirspyrjandi rétt til svars míns. Eg mun reyna að fá lánið, og taka það, *ef* eg get fengið það með þeim kjörum sem lögin ákveða, *og* sem minstum afföllum. Því meiri sem afföllin á láninu verða, því lægra verð fær bankinn fyrir bréf sín hjá landssjóði, og því verri verða lánskjör viðskiftamanna veðdeildarinnar, auk þess sem mjög lágt verð á bréfunum frá landssjóði getur spilt verði eldri veðdeildarbréfa. Eg mun því ekki taka lán í þessu skyni nema afföll verði lítið meiri en 1909, og eru því miður mjög litlar líkur til, að það geti fengist enn sem stendur.

Út af ummælum hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.), er lutu að því að eftir stæðu 70 þús. kr. af láni því, sem tekið var 1909, er bankinn ekki hefði fengið, skal eg taka það fram, að mér er ekki vel kunnugt um það atriði, eða þær fjárráðstafanir undanfarandi stjórnar, er þar að lúta, en hafi stjórnin varið þeirri upphæð, sem ekki var varið til þess að kaupa bankavaxtabréf fyrir, til afborgunar á láninu sjálfu, sé eg ekki að að því verði fundið, því að hún var ekki skyld til að nota lánsheimildina upp í topp. (*Jón Ólafsson:* Jú!) En þetta skal verða athugað, og standi eitthvað inni hjá landssjóði af láninu, sem ekki hefir verið varið eftir fyrirmælum laganna frá 1909, þá mun reynt að bæta úr því þegar fjárhagurinn leyfir.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það er satt hjá hæstv. ráðherra (H. H.), að stjórnin þurfti ekki að taka alt lánið, sem heimildin hljóðar upp á. En úr því að lánið var tekið alveg eins og heimildin hljóðaði, þá var skylda að verja því öllu þannig sem heimildin tilgreinir.

Kristján Jónsson: Eg vil leyfa mér að segja nokkur orð út af fyrirspurn þessari. Það er rétt, að bankastjórnin hefir bæði munnlega og skriflega leitað fyrir sér hjá mér um að fá lánsheimildinni fullnægt alveg, þannig, að einnig væru teknar að láni þær 500 þús. kr. sem brestur á að heimildin sé notuð til fulls. En um það leyti hvíldi á mér skylda til að útvega annað stórt lán, sem sé hafnarlán Reykjavíkur, og það tókst með sæmilegum kjörum, þótt örðugt væri. Þar á móti þegar eg leitaði fyrir mér um fé til bankans, þá fékk eg ýmist þvert nei eða mér voru settir svo harðir kostir, að eg vildi ekki ganga að þeim. Enda hefir nú um langt skeið verið mjög erfitt að fá fé að láni erlendis.

Viðvíkjandi því sem hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) gat um, að eftir stæðu 70—75 þús. kr. ógreiddar af lánsfénu, skal eg geta þess, að þetta er rétt, en upphæðin mun vera 98 þús. kr., eða sem næst 100 þús. kr., en ekki 70 eða 75 þús. kr. Þetta mun hafa verið greitt upp í skuld til ríkisféhirzlunnar af ráðherra Birni Jónssyni, án þess mér sé frekar kunnugt um, hvernig á því hafi staðið.

En síðan hefir peningaforði landssjóðs eigi verið svo mikill, að unt hafi verið að greiða þessa upphæð, og mér þótti eigi rétt að taka nýtt lán til þess.

Fyrirspyrjandi (Björn Kristjánsson): Eg er þakklátur hæstv. ráðh. (H. H.) fyrir undirtektir hans, og vona eg að honum takist að útvega þetta lán með sæmilegum kjörum. Þótt 98 þús. kr. sé ekki mikið fé, þá munar bankann mikið um það í bili.

Að svo mæltu leyfi eg mér að afhenda hæstv. forseta svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

»Í fullu trausti þess, að ráðherra geri sitt ítrasta til þess að taka lán fyrir landssjóðs hönd, samkv. lögum 9. Júlí 1909, með sem aðgengilegustum kjörum til kaupa á veðdeildarbréfum Landsbankans, og væntir þess, að landssjóður, þegar efnahagur hans leyfir, verji þeim ca. 98 þús. kr., sem enn er óvarið af 1. lántöku, til kaupa á veðdeildarbréfum Landsbankans, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá«.

ATKV.GR.:

Rökstudd dagskrá (á þgskj. 410) sþ. með 14 shlj. atkv.

Yfirsetukonur.

FRUMVARP til yfirsetukvennalaga (78. 101, n. 232, 291, 295, 312); 1. umr. 29. Júlí.

Guðl. Guðmundsson: Það er talsvert þýðingarmikið mál sem hér er á ferðinni, og býst eg við að sýslunefndum og bæjarstjórnum þyki lagt á sig æði hátt gjald með frv. Hækkunin frá því sem nú er, ekkert smáræði. Í sumum umdæmum, eg nefni t. d. Eyjafjörð, nemur hún helmingi, og á öðrum stöðum, t. d. á Akureyri, verður kostnaðurinn þrefaldur við það sem hann er nú. Eg sé ekki á þessum skjölum sem hér liggja fyrir og málinu fylgja, að það hafi verið borið undir sýslunefndir og bæjarstjórnir, og skilst mér þó, að sveitarstjórnarlögin geri ráð fyrir að þessi stjórnarvöld hafi hönd í baga með slíkum málum sem þetta er.

Það er ekki svo að skilja, að eg vilji ekki viðurkenna, að laun yfirsetukvenna séu æði lág, að minsta kosti í sumum víðlendum umdæmum, og að nauðsynlegt væri að hækka þau, en mér virðist samt sem áður þetta frumv. nokkuð stórstígt.

Eg leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 5 manna nefndar að umr. lokinni.

Halldór Steinsson: Frv. þetta er aðallega komið fram fyrir áskoranir fjölda yfirsetukvenna víðsvegar um land og það er ekki hægt að segja, að þær áskoranir séu ástæðulausar. Yfirsetukvennalögin frá 1875 eru úrelt og fullnægja alls ekki þeim kröfum sem yfirsetukonur nútímans gera með fullum rétti. Það eru ekki eingöngu laun yfirsetukvenna sem hér er kveðið á um, heldur og margt viðvíkjandi skyldum þeirra og starfsviði — ný ákvæði sem ekki eru í gömlu lögunum. Yfirleitt tel eg frumv. mjög til bóta, þó að eg hins vegar felli mig ekki við það að öllu leyti. Það hefir gengið í gegnum Ed., og verið breytt þar og felli eg mig vel við flestar þær breytingar.

Því verður ekki neitað, að þetta er nauðsynjamál sem snertir þjóðina í heild sinni, og á það því fyllilega skilið, að því sé vel tekið. Eg leyfi mér að styðja tillögu háttv. þm. Ak. (G. G.), að 5 manna nefnd verði sett í málið að umr. lokinni.

ATKV.GR.:
Málinu vísað til 2.umr. með 16 shlj.atkv.
Samþ. að kjósa 5 manna nefnd með 19 shlj. atkv.
Í nefndina voru kosnir:
Eggert Pálsson,
Halldór Steinsson,
Jón Jónsson (Rvk),
Jóhannes Jóhannesson,
Ólafur Briem.

Önnur umr.; 16. Ágúst.

Framsögum. (Eggert Pálsson): Þetta mál er ekki nýtt hér á þingi. Á síðasta þingi lágu lágu fyrir áskoranir frá yfirsetukonum víðsvegar um land, um að bætt yrðu launakjör þeirra. Afleiðingin af þessum áskorunum varð sú að samþykt var þingsályktunartillaga, þar sem skorað var á stjórnina að athuga málið og leggja frumvarp um það fyrir þetta þing ef henni virtist ástæða til þess. Stjórnin hefir gert þetta og notið þar aðstoðar landlæknis. Frv. er hingað komið frá háttv. Ed. Það felur í sér tvennar umbætur á kjörum yfirsetukvenna. Í fyrsta lagi fer það fram á hækkun á borguninni fyrir hverja yfirsetu úr 3 kr. upp í 5 kr. og hefir nefndin ekkert við það að athuga. En að því er snertir sjálf launin, þá þykir nefndinni ekki rétt að láta laun hinna lægst launuðu yfirsetukvenna halda sér eins og farið er fram á í frv. stjórnarinnar og óbreytt er í frv. Ed., en hækka aftur að mun laun þeirra kvenna sem eru í fjölmennari umdæmum. Það er ekki sanngjarnt að sinna alls ekki kröfum þeirra kvenna sem eru í fámennari héruðum, og láta þær sitja algert á hakanum, því auðvitað hafa þær líka óskað og vonað að fá einhverjar bætur á sínum kjörum.

Nefndinni sýnist því réttlátt, að þoka lágmarki launanna, 60 krónum, upp í 70 kr., og að eins 5 kr. hækkun komi í staðinn fyrir hverja fimm tugi sem eru yfir 300 manns í stað 10 kr. hækkunar fyrir hverja 5 tugi sem eru yfir 200 manns, sem frv. gerir ráð fyrir. Nefndin áleit að þetta mundi koma sér betur, ekki aðeins hjá gjaldendunum, af því að þeim sparast 2655 kr. við það, heldur einnig hjá yfirsetukonunum, og að þetta mundi frekar útiloka alla öfund og óánægju hjá þeim innbyrðis, einkum hinum lægst launuðu. Hvað því viðvíkur að hækka laun yfirsetukvenna þegar ástæður þykja til, hvort sem nú sérstakir örðugleikar á að fá yfirsetukonu í umdæmi eða verðleikar eða aðrar kringumstæður mæla með því, þá vildi nefndin láta sýslunefndir eða bæjarstjórnir hafa sem óbundnastar hendur í þessu eins og þær nú hafa í flestum öðrum málum. Þarf eg svo ekki að tala um þetta frekar, breitingartill. eru svo ljósar að þær ekki þurfa neinna skýringa, t. d. eins og það að miða laun yfirsetukvenna við fardagaár.

Fyrir nefndinni lágu br.till. frá hv. þm. Dal. (B. J.), en nefndin gat ekki fallist á þær, en mætti segja að hún hefði mætt þeim á miðri leið, að því er lágmark launanna snertir, með sínum brt.

Eg veit að menn eru orðnir þreyttir á umræðunum hér í dag og skal eg því ekki orðlengja um þetta.

Bjarni Jónsson: Mig undrar að nefndin skuli ekki hafa getað fallist á br.till. minar. Eg hélt að þær væru svo augljósar og réttmætar að allir hlytu að fallast á þær. Br.till. við 1. gr. er að eins orðabreyting en ekki nein efnisbreyting. Við síðari liðinn er samskonar breytingartill., hún er einungis skýringarauki. Það er tekið fram, að yfirsetukonurnar í Reykjavík eigi að hafa gengið á erlenda fæðingarstofnun og kenna yfirsetufræði, annars væri ekki

ástæða til að yfirsetukonur í Reykjavík væru betur mentaðar en yfirsetukonur annarsstaðar á landinu, það væri jafn vel síður ástæða til þess, þar sem læknarnir ávalt geta verið við hendina. Þessi br.till er svo einföld og sjálfsögð að það væri engin meining að greiða atkvæði móti henni. Eg hefi komið með þá brt. að í stað 60 kr. komi 80 kr. Þar sagði háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) að nefndin hefði mætt mér á miðri leið, með því að leggja til að lágmarkið væri 70, þetta er að vísu ofur lítil tilslökun og er eg hv. nefnd þakklátur fyrir hana.

Þá á eg br.till. við 5. gr. og legg eg þar til að fyrri málsgrein falli burt, vegna þess að eg vil ekki vera að bæta við eftirlaunum, síðari málsgrein 5. gr. vil eg orða svona: »Ef yfirsetukona slasast, þegar hún er að gegna lögmæltu starfi sínu, svo að hún verður að fá lausn, og er ekki fær um að vinna fyrir sér á annan hátt, þá skal hún eiga kröfu til eftirlauna, en bæjarstjórn eða sýslunefnd ákveður upphæð þeirra«. Þykir mér þetta betur orðað en er í frv.

Svo hér br.till. við síðari málsgrein 7. gr., mér finst hún illa orðuð í frv., en eg vildi bæta úr því með þessari brt., sem eg veit að vel er orðuð, því að landlæknirinn hefir samið hana og er hann manna færastur til þeirra hluta.

Eg vona að br.till. mínar verði samþyktar, þær eru bara lagfæring á orðalaginu í frv. og því ekkert á móti að greiða þeim atkvæði. Ein tillagan er að vísu efnisbreyting, um að hækka lágmark launanna til yfirsetukvenna.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil bara geta þess, að eg er á móti 1. br.till. nefndarinnar, mér finst hún koma illa við. Samt er eg ekki á móti 2. br.till. hennar, þó að sú fyrsta falli, því að eftir þessari 2. br.till., þá yrði yfirsetukonum borguð laun sín í einu lagi og er það margfalt þægilegra, eins og tekið hefir verið fram.

Framsögum. (Eggert Pálsson): Út af því sem háttv. þm. Ak. (G. G.) sagði um greiðslu launanna, skal eg geta þess að nefndin áleit að um leið og það væri hentara fyrir reikningshaldara sýslusjóðanna eða sýslumennina, þá kæmi það líka yfirsetukonunum bezt að að þeim yrði borgað um það leyti, er þær helzt kynnu að skifta um bústaði, en það er á vorin í vinnuhjúaskildaga eða á fardögum. Annars skil eg ekki að vert sé að vera að gera þetta að kappsmáli, þó finst mér meira samræmi í því sem nefndin hér leggur til, en í því ákvæði frv. er þm. Ak. (G. G.) heldur með, að árslaunin miðist almanaksár. Að því er snertir háttv. þm. Dal. (B. J.), þá fer hann í 1. till. fram á að fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn sé slept, og skilst mér að hér komi fram sú alkunna kredda hans, að hann vilji ekki láta það sjást í neinum lögum vorum, að við séum í sambandi við Dani eða höfum mök við þá. Þessi brt. hans finst mér því alveg þarflaus frá mínu sjónarmiði og hygg hana vera það frá sjónarmiði allra nema hans og hans kumpána.

Það gladdi mig aftur á móti að mér skildist að sami hv. þm. vildi sætta sig við breitingartill. nefndarinnar á launalágmarki yfirsetukvenna. Væru þessi laun hækkuð upp í 80 kr., eins og brt. hans gerir ráð fyrir, þá mundi það auka útgjöld sýslusjóða um meira en 2 þúsund kr., en það vildi nefndin ekki. Hún vildi ekki of þyngja þeim með svona ónauðsynlegri hækkun og demba henni þar að auki á, að óvörum, því þó að yfirsetukonur kynnu að verða fyrir þessa hækkun þakklátar, þá má þó ganga að því vísu, að ekki munu sýslu- og bæja-sjóðir og gjaldendur til þeirra vera nefndinni neitt þakklátir fyrir hana.

6. brtill. sagði hv. þm. að væri að eins til skýringar, en nefndin áleit grein frumv. nægilega skýra, og sá því ekki ástæður til að taka brtill. til greina.

Hvað viðvíkur 7. breytingartillöguna, þá gerir hún með niðurlagi sínu svo stórfelda breytingu á því fyrirkomulagi sem nú er, að nefndin gat ekki gengið inn á það. Hún áleit rétt að láta telja þetta til fátækrastyrks, sem annað slíkt hjálparfé, sem mönnum, þegar þeir eru á annað borð ósjálfbjarga orðnir, er greitt úr hreppssjóðum.

Skal eg svo ekki orðlengja þetta en vona að háttv. deild samþykki frumv. með breytingum nefndarinnar.

Bjarni Jónsson: Háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) lagði alveg rétta áheyrslu á það, hvað mér hafi gengið til með breytingartill. minni um að fella burt orðin: fæðingarstofnuninni í Kaupmannahöfn. Eg vil ekki láta það skýna gegn um íslenzk lög, að við séum í nánu sambandi við Dani, og ekki að við lítum upp til þeirra eins og einhverra æðri vera. Þó að æskilegt kunni að vera, að láta yfirsetukonur sækja þessa dönsku fæðingarstofnun, þá er óþarft að tiltaka eða ákveða það í lögum vorum. Það ætti að duga yfirsetukonum er vilja fara utan og læra á erlendri fæðingarstofnun, að fá bendingu frá landlækni um það hvaða slíka stofnun hann áliti heppilegasta. Annars mun atkvæðagreiðslan um þessa brtill. mína sýna það, hverjir vilja að alóþörfu elta skottið á Dönum og »dependera« af þeim, gaman verður að sjá það við nafnakall. Mér stendur hérumbil á sama hvort lágmark launanna er 70 eða 80 kr., en ekki vex mér það í augum þó útgjöld sýslu- og bæjasjóða hækki um 2000 kr.

7. brtill. mín bendir til þess að mér þykir illa til fundið og leiðinlegt að vera að brenna krakkagreyin sveitarlimsmarkinu við fæðinguna.

Jóhannes Jóhannesson: Eg vildi að eins benda háttv. þm. Ak. (G. G.) á það, að afleiðingin af því að 1. brtill. nefndarinnar yrði feld en 2. sþ., yrði sú, að yfirsetukonur gætu ekki fengið laun sín greidd fyr en missiri eftir að þær hafa unnið fyrir þeim.

Tryggvi Bjarnason: Hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) hefir bent á eitt af þeim atriðum, sem eg ætlaði að taka fram.

Það er öllum kunnugt, að yfirsetukonur hafa kvartað yfir því að laun sín væru lá, og það með rökum, enda hefi eg engin andmæli heyrt hafin gegn því.

Háttv. Ed. hefir sára litlar breytingar gert á frv. frá því sem það kom frá hendi stjórnarinnar, en hér í deildinni hafa komið fram töluverðar breytingartillögur, sem eg get sumar hverjar felt mig við, en aftur sumar ekki sem bezt.

Það sem eg legg aðal-áherzluna á, er að bætt séu launakjör yfirsetukvenna í fámennum umdæmum. Lágmarkið finst mér vera of lágt, og get eg þess vegna fallist á brtill. hv. þm. Dal. (B. J.) að lágmarkið sé sett 80 kr. í staðinn fyrir 60. Það hefir að vísu útgjöld fyrir sveitarsjóðina í för með sér, en hinsvegar er þörfin svo brýn, að ekki er í það horfandi.

Það er auðvitað, að þau umdæmi, sem eru fjölmennari, gefa meiri aukatekjur, og það er áreiðanlegt, að yfirsetukonur vilja heldur taka þau með sömu föstum launum. En eftir þessum breytingartillögum fara föstu launin hækkandi eftir fólksfjölda. Mér telst svo til, að í 120 umdæmum sé fólkstalan yfir 300.

Ef þingið vill bæta kjör yfirsetukvenna, verður að gera það betur en gert er með þessum brtill. Þó að þókn-

unin fyrir að sitja yfir sé hækkuð upp í 5 kr. í staðinn fyrir 3 kr., þá munar það sáralitlu þar sem fæðingar eru fáar.

Meðan skortur er á yfirsetukonum, er hættast við að þau umdæmi, sem afskekkt eru og fámenn verði yfirsetukonulaus. Því finst mér ríða mest á að bæta kjör yfirsetukvenna í þeim umdæmum, jafnvel fremur en hinna. Þetta er að eins til að sýna lit og ekki meira.

Hvað viðvíkur öðrum breyt.till. hv. þm. Dal. (B. J.) þá þykir mér fremur lítið til þeirra koma.

Guðlaugur Guðmundsson: Út af athugasemd sem kom fram frá nefndinni viðvíkjandi 1. brtill. hennar, sem eg lagði á móti, skal eg geta þess, að þennan agnúa má ógn vel laga til 3. umr. Ekki þarf annað en fella burtu orðin »eftir á«. Þá yrði ákvæðið að mínu áliti miklu aðgengilegra heldur en nú.

Í raun og veru gefur sýslusjóðsreikningur, miðaður við almanaksár, ekki rétta hugmynd um hag sýslunnar, ef öll yfirsetukvennalaun standa inni.

Ráðherrann (H. H.): Það er sannarleg heppni fyrir hv. þm. Dal. (B. J.) að geta notað jafnvel meinlaust yfirsetukvennafrumvarp til að sýna þrek sitt og sjálfstæði gagnvart öllu því, sem danskt er. En eg er hræddur um, að jafnvel þótt sá tilgangur hans kunni að þykja fagur og merkilegur, þá sé hann ekki heppilegur eins og hann kemur fram í brtill. hans, því eftir henni mundi orðalag frumvarpsgreinarinnar verða þannig, að beint lægi við að skilja svo að yfirsetukvennaskólinn í Reykjavík sé erlendur skóli. *(Bjarni Jónsson:* Þetta er ekki rétt.) Jafnvel þó ekki væri þessi villa, verð eg að halda því fram, að ekki sé rétt að miða í lögum við yfirsetukvennaskólann í Reykjavík, meðan enginn skóli er til í Reykjavík með því nafni.

Annars hygg eg að það sé réttara fyrir hinn hv. þm. Dal. (B. J.), að reyna að sýna skilnaðarþrek sitt í einhverju öðru heldur en með því að látast ekki þekkja né meta neins fæðingarstofnunina í Kaupmannahöfn, sem *allir* læknar vorir hafa lært á ókeypis, og vér að öðru leyti mikils góðs af notið, með yfirsetukvennafræðslu.

Framsögum. (Eggert Pálsson): Út af því sem hv. þm. Ak. (G. G.) sagði, að hann teldi óhentugt að miða launin við fardagaár, skal eg geta þess, að eg hefi átt tal við annan sýslunefndaroddvita, sem hafði þá skoðun að það væri miklu heppilegra. En þetta er ekkert aðalatriði, og skal eg láta þá bítast um það.

Viðvíkjandi því sem hv. þm. Dal. (B. J.) hélt fram, um brtill., nenni eg ekki að stæla við hann, en læt deildina skera úr. En þar sem hann sagði að sér blöskraði ekki þó útgjöld sýslusjóða hækkuðu um 2030 kr., þá skal eg geta þess, að hækkunin yrði öll 8065 kr., ef brtill. hans yrði samþykt og er það hlutfallslega nokkuð mikil hækkun úr tæpum 14000 kr. Þessi útgjaldaauki mundi í mörgum sýslufélögum nema um 300 til 500 kr., og mundu sýslunefndir geta gert margt fyrir þá upphæð.

Það væri ekki svo lítið lán, sem 3—5 hundruð krónur væru vextir af. Og mætti vissulega nota það til einhverra þarflegra fyrirtækja.

Hvað snertir síðustu brtill. hans, að þóknun sú, sem sveitarsjóður greiðir yfirsetukonum fyrir fátæka sængurkonu, skuli ekki telja til fátækrastyrks, þá sýnizt okkur þar sitt hvorum og hefi eg útrætt það mál við hann, en eg vil ekki láta ómótmælt orðum sem hann lét falla því viðvíkjandi. Það var eins og hann vildi taka undir þá úreltu skoðun, að barn, sem er fætt á sveit, sé markað sveitarlimsmarki. Sú skoðun

er nú löngu horfin, og eg vildi ekki að hv. þm. Dal. (B. J.) væri að vekja hana upp.

Háttv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) þarf eg ekki að svara sérstaklega. Það gildir sama um hann og hv. þm. Dal. (B. J.). Mér fanst hann ekki telja sýslusjóðum vorkunn að borga. Hann er því sjálfsagt kunnugur fyrir norðan, hvað mikið gjaldþol sýslusjóðirnir hafa, en eg hygg að það sé nokkuð líkt fyrir norðan og hér, að þeir hafi í nokkuð mörg horn að líta og geti munað um nokkur hundruð króna útgjaldahækkun hvern fyrir sig.

Eg skal svo að endingu leyfa mér að benda hv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) á, að breytingartillögur okkar gera ráð fyrir að hækka fastakaup yfirsetukvenna úr 60 kr. upp í 70 kr., og lækka aukaþóknun til þeirra, sem eru í fjölmennari umdæmum úr 10 kr. niður í 5 kr. fyrir hverja fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300. Þetta finst mér vera í fullu samræmi við það sem hv. 2. þm. Húnv. (Tr. B.) var að tala um, að bæta kjör yfirsetukvenna í fámennari umdæmunum, og vona eg því að hann láti sér það vel líka.

Bjarni Jónsson: Eg vildi að eins gera tvær stuttar athugasemdir.

Með sveitarlimsmarkinu átti eg við almenningsálitið, sem ekki verður breytt með lögum. Það kom fram á þinginu í fyrra við umræður um kosningarrétt.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðherra (H. H.) sagði, skal eg láta mér nægja að taka það fram að brtill. mín er hárrétt orðuð, og býst eg við að hann sjái það við nánari athugun.

Hvað því viðvíkur, að eg sé að tala um seperatismus, þá er það orð, sem ekki þarf að nefna hér á landi, en getur kannske átt við í Færeyjum.

Í sambandi við þetta vil eg biðja þess að haft sé nafnakall um breytingartill. mínar.

Lárus H. Bjarnason: Það er að eins örstutt athugasemd.

Brtill. háttv. þm. Dal. (B. J.) er málrétt og gefur engan veginn í skyn að yfirsetukvennaskólinn í Reykjavík sé erlendur skóli. Hitt er líka víst, að yfirsetukonur frá konunglegu fæðingarstofnuninni eru ekki útilokaðar frá starfi hér á landi, þó þetta sé felt í burtu. Afleiðingin verður að eins sú, að vottorð landlæknis þarf líka þeim viðvíkjandi.

Jón Magnússon: Það yrði meiri munur, og hann er sá, að yfirsetukonum í Reykjavík yrði ekki skylt að hafa próf frá erlendum skóla. Hingað til hefir það verið talið sjálfsagt, að yfirsetukonur í Reykjavík væru frá erlendum yfirsetukvennaskóla. En mér skilst hv. þm. Dal. (B. J.) vilja binda það við þær yfirsetukonur, sem eiga að kenna, en það er réttara að binda það við allar yfirsetukonur í Reykjavík, því að þær leiðbeina allar lærlingum hér meira og minna.

Þess vegna er þetta efnisbreyting.

ATKV.GR.:

Brtill. á þgskj. 101, 1 felld með 11 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ben. Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Jón Jónsson, Rv.
Björn Kristjánsson	Guðl. Guðmundsson
Lárus H. Bjarnason	Halldór Steinsson
Sigurður Sigurðsson	Hannes Hafstein
Skúli Thoroddsen	Jóh. Jóhannesson
Stefán Stefánsson	Jón Magnússon
Þorleifur Jónsson.	Jón Ólafsson
	Kristján Jónsson
	Matthías Ólafsson
	Tryggvi Bjarnason.

Brtill. á þgskj. 101, 2 tekin aftur.

1. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

2. og 3. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 232, 1 feld með 10:6 atkv.

Brtill. á þgskj. 232, 2 sþ. með 14:1 atkv.

Brtill. á þgskj. 232, 3 (1. liður) sþ. með 11:5 atkv.

Brtill. á þgskj. 101, 3 feld með 11:8 atkv.

Brtill. á þgskj. 232, 3 (2. liður) sþ. með 15 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 232, 3 (3. liður) sþ. með 12:7 atkv.

Brtill. á þgskj. 101, 5 tekin aftur.

Brtill. á þgskj. 232, 4 sþ. með 13 shlj. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 101, 6 (fyrri liður) feld með 11:4 atkv.

Brtill. á þgskj. 101, 6 (síðari liður) sþ. með 12:3 atkv.

5. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

6. gr. sþ. með 16 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 101, 7 sþ. með 9:7 atkv.

7. gr. þannig breytt sþ. með 13 shlj. atkv.

Brtill. á þgskj. 232, 5 tekin aftur.

8., 9. og 10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Þriðja umr. 19. Ágúst.

Framsögum. (Eggert Pálsson): Eg hefi sem framsögum. nefndarinnar ekkert verulegt að segja. Það hefir komið fram breytingartillaga á þgskj. 295 frá háttv. þm. Ak. (G. G.) og er hún gerð í sambandi og í samráði við nefndina, svo hún hefir ekkert við hana að athuga.

Aftur á móti hafa komið fram breyt.-till. frá háttv. þm. Dal. (B. J.), sem mér skiljast vera samskonar og brtill. hans í þessu máli við síðustu umræðu, og verður því afstaða nefndarinnar eðlilega hin sama nú eins og þá.

Reyndar eru flestar brtill. þannig, að nefndin leggur enga áherzlu á hvort þær verða samþyktar eða ekki. Það er að eins 2. brtill. sem er efnisbreyting. En þar heldur nefndin fast við sitt og getur þess vegna ekki lagt til að tillagan verði samþykt, en vitanlega ræður deildin því hvað hún gerir.

Bjarni Jónsson: Þessi breyt.till. mín við 1. gr. er töluvert öðruvísi en síðast. Í seinni liðnum er yfirsetukonum sem kenna eiga við yfirsetukvennaskólann gert að skyldu, að hafa starfað við einhverja barnsburðarstofnum annaðhvort hér á landi eða erlendis, en ekki það eitt látið nægja, að þær hafi lokið yfirsetukvennaprófi. Eg skil ekki hvað nefndin eða aðrir, sem þetta hafa athugað, geta haft á móti því.

Hin brtill. mín fer fram á að hækka dálítið þær tölur sem nefndin hefir lækkað. Landlæknir hefir kvartað undan því við mig, hvað kjör yfirsetukvenna yrðu bág eftir þessum lögum. Yfirsetukonur í kaupstöðum hefðu t. d. ekki eins mikið sér til lífsuppeldis og búðarstúlkur. Eg stend að eins upp til þess að vekja eftirtekt á þessu.

Framsögum. (Eggert Pálsson): Það er að eins út af síðustu orðum hv. þm. Dal. (B. J.) að eg stend upp. Hann bar fyrir sig orð landlæknis, en breyt.-till. nefndarinnar í þessu efni hafa einmitt allar verið bornar undir hann, og þó að hann hefði auðvitað frekar kosið að frv. fengi að halda sér í því formi sem hann lagði til í öndverðu, þá er mér þó óhætt að hafa það eftir honum að hann mundi eftir atvikum sætta sig við breytingarnar.

Bjarni Jónsson: Eg skal að eins

geta þess, að landlæknir talaði við mig í dag og sagði þá einmitt þetta sem eg hefi nú haft eftir honum, og vona eg að enginn rengi það. En hitt veit eg að hann verður að sætta sig við lögin eins og þau verða, því að það vita allir, að hann hefir ekki vald til að breyta lögum frá þinginu.

ATKV.GR.:

Brtill. við 1. gr. á þskj. 312 feld með 12 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Bjarni Jónsson	Jón Jónsson Rvk.
Sig. Sigurðsson	Björn Kristjánsson
Skúli Thoroddsen	Hannes Hafstein
	Jón Magnússon
	Jón Ólafsson
	Kristján Jónsson
	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason
	Valtýr Guðmundss.

Brtill. við 4. gr. á þgskj. 295 samþ. með 13 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Bjarni Jónsson
Jón Jónsson Rvk.	Kristján Jónsson
Bened. Sveinsson	Valtýr Guðmundss.
Guðl. Guðmundsson	
Halldór Steinsson	
Jón Magnússon	
Jón Ólafsson	
Ólafur Briem	
Pétur Jónsson	
Sigurður Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	

Brtill. við 4. gr. á þgskj. 312 feld með 9 : 4 atkv.

Frv. samþ. með 14 : 1 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Skúli Thoroddsen
Jón Jónsson (Rv.)	
Benedikt Sveinss.	
Bjarni Jónsson	
Guðl. Guðmundsson	
Halldór Steinsson	
Jón Magnússon	
Jón Ólafsson	
Kristján Jónsson	
Ólafur Briem	
Pétur Jónsson	
Sig. Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason.	

Bólusetningar.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 34, 27. Sept. 1901, um bólusetningar (79, n. 218, 296); 1. umr. 29. Júlí.

Flutningsm. (Guðl. Guðmundsson): Eg legg til, að þessu frv. verði vísað til sömu nefndar sem í næsta máli á undan (yfirsetukvennafrv.).

ATKV.GR.:

Frv. vísað til yfirsetukvennanefndar með 14 shlj. atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 samhlj. atkv.

Önnur umr. 15. Ágúst.

Framsögum. meiri hl. (Halldór Steinsson): Frv. þetta er lagt fyrir þingið af stjórninni eftir tillögum landlæknis. Gjald fyrir bólusetningar er yfirleitt lágt hér á landi, en einkum þó í sveitum og minni kauptúnum, vegna þess, að þar er fyrirhöfn og kostnaður meiri en í stærri kauptúnum, þar sem allir eru bólusettir á einum stað. Í

sveitum er bólusett á mörgum stöðum, og auk þess þarf læknir að fara aðrar ferðir á eftir til að skoða börnin, hvort bólan hafi komið út. Auk þess eru yfirleitt færri börn til sveita og borgunin er því tiltölulega lægri. Eftir skýrslu landlæknis eru í minstu sveitum ekki bólusett nema 10—15 börn á ári. Komi bólan út á 10 börnum, þá fær bólusetjari samkvæmt núgildandi lögum 3 kr. borgun fyrir starf sem tekur í minsta lagi 2—3 daga, en oftast lengri tíma, því að erfitt er að fylgja því, sem lögin skipa fyrir, að safna börnunum á tvo staði í hverjum hrepp; venjulega er bólusett á fleiri stöðum, þótt það sé ekki lagaleg skylda bólusetjara. Það er því augljóst, að þetta er engin borgun. Betri er borgunin nú í kauptúnum, þó hún sé langt frá því að vera góð.

Það má gera ráð fyrir að í kauptúni með 5—6 hundruð íbúum séu bólusett á ári hverju 30 börn. Komi bólan út á $^2/_3$, fær bólusetjari 6 kr. borgun, en til starfsins fara minst 2 dagar, annar til bólusetningarinnar og hinn til skoðunar. Eg hygg því að þetta starf sé verst launað allra opinberra starfa á landinu.

Meiri hl. nefndarinnar felst því á að hækka kaup fyrir bólusetningar í sveitum og smærri kauptúnum, en ekki í stærri kauptúnum. En svo vill meiri hl. breyta frv. í þá átt, að koma meiri jöfnuði á borgunina. Í lögunum frá 1901 er ákveðið að kaup bólusetjara skuli vera misjafnt, lægra ef bólan kemur ekki út. Eg skil ekki hvernig svo fráleitt ákvæði sem þetta gat komist inn í lögin 1901, og enn óskiljanlegra finst mér að því skuli vera haldið í þessu frv., sem á þó að bæta þau lög. Þetta ákvæði er svo fráleitt, að það fer í bága við öll gildandi lög um starfrækslu opinberra starfsmanna. Ef litið er til yfirsetukvennalaganna, þá sjá menn að yfirsetukonum er ætlað vist kaup, 3 kr. fyrir hverja yfirsetu, hvernig sem fæðingin tekst, hvort sem móðirin og barnið lifa eða deyja. Í taksta héraðslækna er hvergi tiltekið misjafnt kaup, eftir því hvernig verkið tekst, enda væri það óeðlilegt og tortryggni á samvizkusemi manna. Þegar starfsmaður er ráðinn, þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að hann leysi starf sitt samvizkusamlega af hendi. Ef hann vanrækir það þá á ekki að refsa honum með því að klípa af kaupinu, heldur á hann að komast undir hegningarákvæði laganna.

Nefndin leggur því til, að kaup bólusetjara sé 20 au. í kaupstöðum og stærri kauptúnum, en 35 aurar í sveitum og smærri kauptúnum. Eftir »statistik« í útlöndum kemur bóla út á 96% af frumbólusettum, en á 67% af endurbólusettum, sé bóluefnið nýtt og gott. En það má ekki gera ráð fyrir jafngóðum árangri hér á landi, því að efnið er aldrei eins gott hér vegna þess, að þegar það er hingað komið, er það misjafnlega gamalt. Ef bólan kemur út á $^2/_3$ af þeim sem bólusettir eru í fyrsta sinn, og á $^2/_5$—$^1/_4$ af þeim, sem bólusettir eru í annað sinn, þá verður kaupið eftir till. meiri hl. nefndarinnar sama sem ætlast er til í frumv. stjórnarinnar. Munurinn verður að eins sá, að till. meiri hl. n. ganga út á það að koma meiri jöfnuði á borgunina; það er sjálfsagt að borgunin sé jöfn í öllum tilfellum fyrir þetta starf eins og önnur opinber störf. Sérstaklega þar sem því er svo varið, að það er að jafnaði ekki á valdi bólusetjara, hvort bólan kemur út eða ekki.

Framsögum. minni hlutans (Ólafur Briem): Það var ekki margt, sem háttv. meiri hluta nefndarinnar greindi á við mig. Eg hefi ekkert við það að athuga að borgun fyrir bólusetningu verði sett upp, en aftur á móti er eg nefndinni ósamþykkur í því að

breyta lögunum um það að borgunin fyrir bólusetninguna sé minni þegar bólan kemur ekki út. Tillaga hinnar háttv. nefndar vill hækka borgunina, hvort sem bólan kemur út eða ekki. Í undirbúningi málsins tók landlæknir þetta til íhugunar, vil eg nú leyfa mér að lesa upp, hvað landlæknirinn segir um þetta mál:

»Læknar hafa oft fundið að því, að borgunin er minni ef bólan kemur ekki út, en eg tel óráðlegt að breyta þessu. Þetta ákvæði er hvöt til héraðslækna um það eð útvega bóluefnið á réttum tíma, rétt áður en bólusett er. Bólusetningar hafa oft mistekist, en það er þá af því, að bóluefnið hefir verið of gamalt, eða illa geymt, svo að það hefir skemst«.

Háttv. framsm. meiri hl. (H. S.) finst mér hafa farið helzt til hörðum orðum um þetta og alveg er það fjarri öllum sanni að segja að þessi tillaga landlæknis sé samkvæm núgildandi lögum og áliti nefndarinnar. Gagnvart bólusetjurunum finst mér það líka sanngjarnt, að mismunur sé á borguninni, eftir því að hve miklu gagni bólusetningin er, og ómótmælanlegt er það, að það mundi styðja að því að bólusetjararnir myndu verða vandvirkari, og einkanlega fara betur með geymsluna á bóluefninu; það er á valdi þeirra, sem með efnið fara, bólusetjara og héraðslækna.

Af því málinu er þannig varið, að óvíst er hvort efri deild vilji samþykkja breytingartillögur meiri hlutans, þá vil eg samþykkja frumvarpið í heild sinni óbreytt.

Frams.m. meiri hl. (Halldór Steinsson): Mig undrar mjög á orðum háttv. frams.m. minni hl. (Ó. Br.), því honum má vera kunnugt um, að landlæknir var viðstaddur á einum fundi nefndarinnar og einmitt hann lagði það til, að þessi breyting yrði sett inn í nefndarálitið og breytingartillagan því sett inn eftir ráði hans.

Engin hvöt getur það verið fyrir héraðslækna að hafa bóluefnið gott, því þeir hafa ekkert með það að gera, annað en panta það handa yfirsetukonum og bólusetjurum og svo gefa skýrslu um bólusetningar og það fá þeir enga borgun fyrir. Því getur það ekki verið nein hvöt fyrir héraðslækna að hafa þetta ákvæði, sem háttv. framsögum. minni hlutans vill hafa og yfirleitt er sú hvöt óheppileg, sem aðeins er sprottin af umhugsun um nokkra aura. Eg skil ekki í því, hvernig háttv. framsögum. minni hlutans getur haft svo mikinn áhuga á því, að þetta ákvæði sé óbreytt og hvergi held eg slíkt ákvæði eigi sér stað nema í Kína, því þar fá læknar enga borgun fyrir verk sín, nema sjúklingarnir verði heilbrigðir, en ekki sýnist mér það, að Íslendingar eigi að taka Kínverja sér til fyrirmyndar í þessu og þvílíkum málum.

Frams.m. minni hl. (Ólafur Briem): Eg ætla aðeins að taka það fram, að eg neita því að nokkur tillaga frá landlæknir um það, að jafna borgun eigi að taka fyrir bólusetninguna, hvort sem bólan komi út eða ekki, hafi borist nefndinni á nefndarfundi og þá ætla eg ekki að neinu leyti að taka aftur fyrri orð mín, því eg efast um það að landlæknirinn sé samþykkur þeirri breytingu á lögunum, sem háttv. frs.m. meiri hlutans (H. S.) heldur fram.

Jóhannes Jóhannesson: Eg vil aðeins geta þess, að það er rétt sem hv. frams.m. meiri hl. sagði áðan. Landlæknirinn kom á nefndarfund og félst hann á breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar. Lagði hann mesta áherzlu á, að borgunin fyrir bólusetningar yrði hækkuð, hitt lá honum í léttu rúmi hvort borgunin yrði mismunandi eftir því hvort bólan kæmi út eða ekki eða hin sama.

ATKV.GR.:

Töluliður 1 á þgskj. 218 sþ. með 12 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Björn Kristjánsson
Jón Jónsson Rvk.	Guðl. Guðmundsson
Benedikt Sveinsson	Jón Jónsson S.-M.
Bjarni Jónsson	Kristján Jónsson
Halldór Steinsson	Ólafur Briem
Hannes Hafstein	Pétur Jónsson
Jóh. Jóhannesson	Sig. Sigurðsson
Jón Ólafsson	Stefán Stefánsson
Lárus H. Bjarnason	Tryggvi Bjarnason
Skúli Thoroddsen	Þorleifur Jónsson.
Valtýr Guðmundss.	

Jón Magnússon greiddi ekki atkv. og taldist því með meiri hlutanum.

Tölul. 2 á þgskj. 218 sþ. með 11 : 6 atkv.

Tölul. 3 á þgskj. 218 sþ. án atkv.gr.

1. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 14 shlj. atkv.

3. gr. með áorðnum breytingum sþ. með 14. shlj. atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Málinu vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Þriðja umr., 21. Ágúst.

Framsögum. meiri hl. (Halldór Steinsson): Það hefir engin br.till. komið fram við þetta frv. frá því við 2. umr. og er því engin ástæða til að fara að ræða það. Eg vildi að eins leyfa mér að mælast til þess, að það verði látið ganga í gegn um deildina í þeirri mynd, sem það nú er í.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. að nýju til Ed.

Um yfirsetukvennaskóla í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um yfirsetukennaskóla í Reykjavík; (104, n. 219, 318, 377, 391, 411). 1. umr., 1. Ágúst.

Benedikt Sveinsson: Þetta frv. eins og það liggur fyrir, er talsvert athugavert og finst mér, að gera þyrfti á því æði miklar breytingar, ef deildin ætti að geta samþykt það. Það ákvæði finst mér óheppilegt, að rígbinda með lögum, að landlæknir skuli vera kennari við þennan skóla. Væri skynsamlegra, að læknadeild háskólans hefði umsjón með kenslunni, og skipaði þann mann kennara, er kennir sömu námsgrein læknaefnum landsins. Býst eg við, að það yrði ódýrara, en þetta fyrirkomulag. Það reyndar ekki stór upphæð þessar 1000 kr. sem ætlast er til að landlæknir hafi fyrir kensluna, en hingað til hefir verið komist af með 50 krónur fyrir hverja námskonu og hygg eg að kennarinn við háskólann, er tæki þetta að sér, mundi sætta sig við sömu kjör. Þó að nú standi svo á, að landlæknirinn sé vel fallinn til að gegna þessu starfi, þá eru það svo ólík störf að vera landlæknir og kennari í yfirsetufræði, að vel gæti komið fyrir, að í landlæknisstöðu veldist sá maður, sem sem væri alls óhæfur til að annast þessa kenslu.

Eg sé annars, að höfuðástæðan sem færð er fyrir því, að landlækni sé fenginn þessi starfi er sú, að hann hefir kvartað undan, að kjör sín sem landlæknis séu, erfiðari en þau hafi verið og að hann þurfi að fá hærri laun. Hér er því í raun og veru verið að fara fram á að bæta laun landlæknis, af því að þau séu nú of lág. Eg sé ekki betur en að það sé óþarfleg umkvörtun, að kjör landlæknis séu verri en þau

hafa verið. Launin eru þau sömu, og nú hefir nýlega verið létt af honum því starfi að vera forstöðumaður læknaskólans og kennari þar, án þess, að hann hafi nokkurs í mist af launum fyrir það. Eg fæ ekki séð, að störf landlæknis séu svo umfangsmikil, að 4000 kr. sé ekki sæmileg laun, einkum síðan hann var leystur undan því starfi sem eg gat um áðan, og honum með því gefið svigrúm til að stunda lækningar hér í bænum. Hvað þennan mann snertir, sem nú er landlæknir, þá var hann hér héraðslæknir áður og vel kyntur. Hefir hann því mikið að starfa, fjölda fastra sjúklinga og er hann eini læknirinn hér í bænum sem hefir viðtalstíma bæði fyrri og síðari hluta dags. Sér maður á því að það er ekki geysimikil kvöð sem hvílir á honum sem landlækni. Eftir því sem aðrir læknar hafa hér í bænum fyrir störf sín, má ætla að landlæknir hafi fyrir lækningar sínar um 4000—5000 kr. auk fastra launa sinna. Og þegar þau bætast þar við eru laun hans svo mikil, að óþarfi virðist fyrir þingið að tryggja honum meira. Það eru ekki margir embættismenn sem betur eru launaðir, nema þá helzt bankagjaldkeri og landritari. »Hann hefir 6000 kr.«, heyri eg að sagt er í kringum mig, en það hefi hann einungis fyrir landritarastöðuna. Hann mun nú hafa ýmislegt fleira á hendi, sem gefur honum drjúgar aukatekjur.

Hvað viðvíkur skrifstofustarfi landlæknis, sem svo mikið er gert úr, þá segir það sig sjálft, að það getur ekki verið umfangsmikið. Það er þetta eftirlit með 40 læknum landsins, og skil eg ekki að þeim sé svo vandstýrt, að 4000 kr. sé ekki fullnæg borgun fyrir það. Það er því blátt áfram hlægilegt, ef farið verður að stofna þetta embætti til þess að bæta launakjör þessa manns, sem svo há laun hefir, einkum þegar miðað er við, hvað margir starfsmenn landsins, t. d. póstafgreiðslumenn, eru illa launaðir. Þá eru kjör almennings ekki glæsileg. Fátækrastyrkurinn hér í Reykjavík er 30000 kr. og svo bágt eiga menn með að greiða útsvörin, að 10000 kr. af þeim hefir bæjarstjórnin orðið að gefa upp, þær hafa ekki náðst. Þegar því kjör alls almennings eru svo rýr, er það algerlega röng stefna af þinginu að bæta við laun þeirra manna sem áður hafa hæst laun.

Hins vegar skal eg viðurkenna, að sum ákvæði í frumvarpinu eru til bóta, og tel eg því rétt að málinu verði vísað til nefndar.

Einar Jónsson: Hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir tekið fram mikið af því sem eg ætlaði að segja og get eg því verið stuttorður, Eg get búist við að mér verði brígslað um embættismannahatur út af afstöðu minni í þessu máli, eins og svo oft annars á sér stað, þegar haft er á móti launahækkunum til þeirra Eg skal því taka það fram strax, að það er alls ekki af hatri við landlæknirinn að eg er á móti frv. í þessari mynd, eg álít hann þvert á móti mesta sæmd armann og dugnaðarmann í sínu starfi. En eg sé eigi ástæðu til að hækka laun vellaunaðra embættismanna, þó að bætt sé við þá einhverju sem að réttu lagi heyrir starfi þeirra til. Hér er farið fram á að landlæknir fái aukaborgun fyrir starf, sem hann ætti að hafa borgunarlaust. Eg álít réttast að þetta starf verði falið háskólanum, en eigi kenslan að vera undir umsjón landlæknis, þá sýnist mér réttara að fylgja göml uvenjunni, og láta hann hafa 50 kr. fyrir hverja konu sem hann kennir, heldur en að setja fasta vissa upphæð, eins og 1000 kr. Það er útlit fyrir að alt af verði einhverjar konur á ári hverju sem

læri yfirsetukvennafræði, en þær geta verið fáar, t. d. bara ein eða tvær, og þá væri 1000 kr. alt of mikið, verði þær t. d. 20 fengi landlæknir þessa upph., 1000 kr., fyrir unnið, en ekki óunnið verk og mælir meiri sanngirni með því. Sé landlæknir tregur til að hafa á hendi kensluna upp á þessi kjör, þá sýnist mér háskólinn vel geta tekið hana að sér. Í læknadeildinni eru 2 fastir kennarar og 4—5 tímakennarar, og er hún því vel mönnuð að mér virðist.

Það hefir verið sagt, að landlæknir mundi heimta sérstakan skrifstofukostnað, ef honum væri ekki veitt sérstök upphæð fyrir þessa kenslu.

Þetta á bls. 15 í tillögum landlæknis um stofnun yfirsetukvennaskóla: »Ef þetta starf væri skilið frá landlæknisembættinu *þá* yrði óhjákvæmilegt að leggja því skrifstofufé álíka mikið og biskupsembættinu« skil eg ekki. Eg skil ekki samræmina í því, að landlæknir þurfi frekar skrifstofufé ef hann væri losaður við þessa kenslu en annars. Eg skil heldur ekki að hann þurfi frekar launahækkun fyrir það, að háskólinn hefir tekið við starfi af honum sem hann hafði áður, þ. e. kenslu við læknaskólann.

Eg hafði hugsað mér að tala frekar um þetta mál, en get slept því, úr því hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hefir haldið ræðu í sömu átt og eg vildi hafa talað. Eg er eindregið á móti því að landlæknir fá sérstaka fasta upphæð í stað borgunar fyrir hverja stúlku eins og verið hefir, og komi brtill. um það, að háskólinn taki við kenslunni, þá mun eg verða með henni; annars koma með tillögu fyrir næstu umræðu, sem gangi í þá átt.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg legg til að málinu sé, að lokinni umr., vísað til nefndarinnar er kosin var til að íhuga frumvarp til yfirsetukvennalaga.

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Frumv. vísað til nefndarinnar er skipuð var til að íhuga frumv. til yfirsetukvennalaga með 15 shlj. atkv.

Önnur umr. 17. Ágúst.

Framsögum. (Jóh. Jóhannesson): Það er að eins lítið sem eg þarf að taka fram fyrir hönd nefndarinnar; málið er nægilega skýrt í nefndarál. Frv. var lagt fyrir þingið af stjórninni eftir tillögum landlæknis, og hefir hann eins og hans er vandi, gert skýra grein fyrir nauðsyninni á þessari skólastofnun í tillögum sínum til stjórnarráðsins, sem prentaðar hafa verið og útbýtt meðal þingmanna.

Út af ummælum hv. þm. N.-Þing (B. Sv.) skrifaði nefndin forstöðumanni læknadeildar háskólans, próf. Guðm. Magnússyni og spurði hann hvort vandkvæði mundu vera á því, að læknadeildin tæki að sér kensluna í yfirsetukvennafræði, og hvort þá þyrfti að auka kenslukrafta deildarinnar eða það mundi hafa í för með sér aukin útgjöld úr landssjóði. Svar prófessorsins, sem prentað er í nefndarálitinu, er á þá leið að hann sjái ekki nokkurn veg til þess að læknadeildin geti tekið þessa kenslu að sér, án þess að aukið sé við kenslukrafta hennar, og nýr kennari kostar 3000 kr. á ári eins og menn vita.

Nefndin sér sér ekki fært að leggja það til að skipaður verði nýr kennari við háskólann, og er því eigi nema um tvent að velja, annaðhvort að láta það fyrirkomulag sem nú er á kenslunni halda sér, eða að stofna nýjan skóla

eins og stjórnin og landlæknir hafa lagt til. En nú er fyrri leiðin ekki fær. Samkvæmt núgildandi lögum hvílir engin skylda á landlækni að hafa þessa kenslu á hendi. Með lögunum frá 17. Des. 1875 var honum gert að skyldu að kenna yfirsetukonum, en með lögunum frá 1894 var kenslan lögð til læknaskólans. Þegar svo þau lög voru úr gildi numin með háskólalögunum, þá gleymdist að ráðstafa kenslunni í yfirsetukvennafræði. Landlæknir hefir því ekki að lögum neina skyldu til að hafa þessa kenslu á hendi, og hann hefir lýst yfir því, að hann vilji ekki halda henni áfram nema sérstakur skóli verði stofnaður. Nefndin sér heldur ekki að neitt sé til fyrirstöðu að svo verði gert. Þessi skólastofnun mundi, í sambandi við bætt launakjör yfirsetukvenna, verða til þess að auka aðsóknina að kenslunni, svo að meiri trygging yrði fyrir því, að alt af yrði nóg af hæfum yfirsetukonum, og umdæmin þyrftu þá ekki að standa auð eins og nú á sér víða stað.

Nefndin hefir líka athugað launaspursmálið, og getur ekki fallist á að laun landlæknis samkv. frumv. séu of há. Starfið er mjög þýðingarmikið og þarf því að borga það sómasamlega. Og séu þessi laun borin saman við laun aukakennara við háskólann, þá er síður en svo að þau séu of há.

Nefndin ræður því hv. deild til að samþykkja frumv., og hún felst á þær breytingar sem hv. Ed. hefir gert á því, sem sé hækkað námsstyrk lærimeyja og lækkað þóknunina til ljósmæðra í Rvík fyrir verklega tilsögn.

Bjarni Jónsson: Eg vil að eins geta þess, að eg mun koma með brtill. til 3. umr., um að fela læknadeild háskólans kensluna og bæta við hana einum kennara.

Framsm. (Jóhannes Jóhannesson): Nefndin getur að sjálfsögðu ekki haft neitt á móti því að greidd verði atkvæði um þá till.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 10 : 4 atkv.

2.—8. gr. frv. sþ. með 10 : 4 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv.gr.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 11 : 5 atkv.

Þriðja umr. 20. Ágúst.

Benedikt Sveinsson: Eg ætla að segja fáein orð út af brtill. þgskj. 318, sem eg hefi borið fram ásamt 1. þm. Rang. (E. J.).

Eg tók það fram, þegar við 1. umr. þessa máls, að ekki væri heppilegt að binda þetta kenslustarf við landlæknisembættið, og færði eg rök að því. Hv. nefnd tók þau orð mín til greina að því leyti, að hún spurðist fyrir um það hjá forstöðumanni læknadeildar háskólans, hvort hann sæi læknadeildinni fært að hafa þessa kenslu á hendi. Í nefndarálitinu á þskj. 219 er svo birt frá honum bréf, þar sem hann lætur uppi álit sitt um þetta. Hann felst þar á þá skoðun okkar, að eðlilegast sé að þessi kensla sé bundin við læknadeild háskólans, en ekki við landlæknisembættið, skírskotar hann til þess, að svo sé þessu fyrirkomið í Danmörku, og segir að sennilega verði einnig gert svo hér síðar meir. Eina ástæðan, sem han færir til á móti því, að háskólinn geti tekið þessa kenslu að sér nú þegar, er sú, að eins og nú er, sé störfum svo freklega hlaðið á þá kenslukrafta, sem deildin hefir á að skipa, að enginn vegur sé til þess, að bæta þessari kenslu á þá. Hann bendir á það, að nú sé þegar orðin full

þörf á því að auka þá, og muni ekki líða á löngu áður ekki verði hjá því komist, að bæta þar við einum manni, *hvernig sem fari um þetta frv.* Og þegar það sé gert, þá sé vel fært að sami maðurinu, sem nú kennir yfirsetufræði við háskólann, taki líka að sér þessa kenslu, sem hér er um að ræða.

Í samræmi við þetta höfum við nú komið fram með þessa brtill, að skotið sé inn í 3. gr. ákvæði um það, að landlæknir skuli ekki hafa þessa kenslu á hendi lengur en þangað til auknir verða kenslukraftar við læknadeild háskólans. þetta er í fullu samræmi við álit formanns deildarinnar og sjálfsagt bæði vegna þess, að þessi kensla er alveg óskyld landlæknisembættinu, svo að þótt svo vel kunni til að vilja, að núverandi landlæknir sé vel hæfur til hennar, þá þarf eigi ætíð svo að vera, og svo vegna hins, að þegar bætt verður kennara við læknadeildina, og það verður að gera áður en langt um líður hvort sem er, og þessari kenslu að sjálfsögðu vikið þangað, þá sparast kaup það, sem landlækni er ætlað fyrir hana samkv. þessu frv. Gera má ráð fyrir að hinn nýi dócent fái 3000 kr. í laun, hvort sem hann kennir þetta eða ekki, og þá sparast þessar 1000 kr. ef kensla þessi er falin háskólanum.

Eg vona því að deildin sjái, að ekkert vit er í að binda þessa kenslu við landl.embættið til frambúðar, og samþ. því þessa brtill.

Hin breytingin, að landl. skuli ekki hafa þúsund kr. á ári, heldur 50 kr. fyrir hverja námskonu, er í samræmi við það sem nú er, og sjáum við ekki annað, en hann megi vel við það hlíta þótt við leggjum minni áherzlu á þá brtill. en hinar.

Framsm. (Jóhannes Jóhannesson): Það er tekið fram í nefndarál. á þgskj. 219 í bréfi frá forstöðumanni læknadeildar háskólans, að kensla í ljósmóðurfræði fari fram við háskólann í Khöfn, en það er ekki rétt nú orðið, því að síðan ríkisspítalinn var bygður, er hún flutt til einnar deildarinnar þar, og hefir yfirlæknir þeirrar deildar hana á hendi, en hann er ekki við háskólann riðinn lengur, svo að þetta getur ekki verið meðmæli með brtill. hv. þingm. N.-Þing. (B. Sv.).

Nefndin var þó á því, að leggja þessa kenslu undir háskólann, ef það gæti orðið án verulega aukinna útgjalda fyrir landið, en þar sem formaður læknadeildarinnar færði rök að því, að það væri ekki gerlegt, nema kostað væri upp á nýjan kennara við háskólann, þá fanst nefndinni það ógerningur, að leggja það til.

Eg skal játa það, að upplýsingarnar um störf kennaranna við læknadeildina benda til þess, að nauðsynlegt verði að auka kenslukraftana, og að þá gæti komið til mála að breyta þessum lögum í þá átt, að færa kensluna til háskólans, en meðan það er ekki gert, er ekki gerlegt að samþ. brtill. 318. Það verður að gæta vel að því, að landlæknir hefir enga lagaskyldu til þess, að taka að sér þessa kenslu, og þingið getur ekki neytt neinu því starfi upp á mann, sem hann ekki vill taka að sér. Og landlæknir hefir lýst yfir því, að hann vilji ekki taka þetta að sér, ef þetta frumv. nær ekki fram að ganga óbreytt.

Viðvíkjandi síðari brtill. á þskj. 318 skal eg geta þess, að borgunin er ekki eins há, hvað þá hærri að tiltölu, en sú sem kennararnir við læknadeildina fá nú. Kenslan í ljósmóðurfræði heimtar ekki færri tíma, en kenslan við læknadeildina í tannsjókdómum, augnsjúkdómum og nef- og hálssjúkdómum o. s. frv. Þingið getur því ekki látið sér sæma að færa kaupið niður úr þessu, og einkanlega furðar mig á að sjá þessa uppá-

stungu frá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.), sem ekki er ætið svo hlífinn við landssjóðinn.

Eg verð því fyrir nefndarinnar hönd að leggja það til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Lárus H. Bjarnason: Það er rétt hjá báðum hv. þm., sem talað hafa, að formaður læknadeildarinnar hefir lýst yfir því, að engin tök séu á því, eins og nú stendur, að deildin geti bætt á sig kenslu í ljósmóðurfræði. En hann hefir jafnframt skýrt mér frá því, að bráð nauðsyn sé á því, að fjölga kennurum þar í nánustu framtíð. Hann einn kennir það, sem 5 menn kenna annars staðar. Og hann hefir ennfremur sagt, að ef sú fjölgun fáist, þá geti sá maður, sem við bætist, tekið þessa kenslu að sér, án uppbótar.

Hv. 1. þm. N.-Múl. (Jóh. Jóh.) sagði að í K.höfn færi nú ljósmóðurkensla fram utan háskólans. Hv. þm. Sfjk. (V. G.) segir mér að þetta sé ekki rétt. Kennarinn heiti Leopold Meyer, og sé háskólaprófessor, en þótt svo væri þá værum við ekki skyldir til að fara eftir því. Úr því að nauðsynlegt verður að bæta einum kennara við læknadeildina og úr því að sá maður getur tekið þessa kenslu að sér, landinu að kostnaðarlausu, þá álít eg sjálfsagt að ekki sé verið að samþykkja til frambúðar svo verulega viðbót við laun landlæknis, þau eru ekki svo lítil þess utan, 4 þús. kr., enda átti hann fyrir þau laun ekki að eins að gegna landlæknisembættinu, heldur og að vera fastamaður og kennari læknaskólans, en nú hefir hann verið leystur frá síðara starfinu, og heldur þó sínum upprunalegu launum. Auk þess er hann einn af þeim læknum þessa bæjar, sem munu fá fleiri þúsund á ári fyrir »praxis«.

Hann er ekki skyldur til þess, segir hann sjálfur, að hafa kenslu yfirsetukvenna á hendi. Ekki borgunarlaust, nei, en hann hefir borgun fyrir það, og það er til hæstirj.d. frá 1887, III. b. Ldsyfgds. bls. 250 sem lýsir því, að landlæknir sé skyldur til að kenna yfirsetukonum, en gerir honum jafnframt borgun fyrir það, sömu borgun og héraðslæknar höfðu fyrir það áður, 50 kr. fyrir kvenlærling, og það er nægileg borgun, ekki sízt þegar litið er á að hann hefir verið leystur undan kenslu við læknadeildina.

Benda mætti og á það, að samþykt þessa frv. mundi hækka eftirlaun landlæknis.

Eg held því að öllu sé óhætt, þótt hann fái ekki þetta upp á lífstíð, og það þess heldur, sem hér er nú aukaþing, er hefir drepið eða svæft alt, sem til útgjalda horði, þar á meðal 1500 kr. framlag til heillar stéttar og líklega einhverrar hinnar nauðsynlegustu, eg á við hækkun eina á framlagi landssjóðs til styrktarsjóðs barnakennara.

Benda mætti líka á það, að sumstaðar í öðrum löndum t. d. í Danmörku, hafa slíkir læknar ekki nema þetta 1600—2400 kr. í föst laun, svo að eftir því ætti okkar landlæknir að hafa sæmilega nóg. Eg vil því leggja það til, að brtill. hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) verði samþ., og mér þykir líklegt að margir hv. þm. muni gera það, a. m. k. þeir sem tekið hafa eftir því að breyting hv. nefndar í stj frv. miðar að því, að lækka laun yfirsetukvenna þeirra er eigi að vera landlækni til aðstoðar við kensluna, en láta laun landlæknis óhreyfð. Ef þessar brtill. verða ekki samþ. mun eg greiða atkv. á móti frv., og reyndar kannske hvort sem er.

Framsm. (Jóhannes Jóhannesson): Hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) las upp nokkur orð úr forsendum hæstaréttardóms frá 1887. Það er enginn vafi á því, að þá hvíldi sú skylda á

landlækni að hafa þessa kenslu á hendi. En með lögunum frá 13. apríl 1894 var kensla yfirsetukvenna færð frá landlækni yfir á læknaskólann og eftir þann tíma hafði landlæknir kensluna á hendi sem forstöðumaður læknaskólans, en ekki sem landlæknir, þar til allri kensluskyldu var létt af honum með háskólalögunum. Nú hvílir því ekki samkvæmt lögum nein skylda á honum að hafa þessa kenslu á hendi, og hæztaréttardómur sá, sem hv. þm. gat um, gefur því enga leiðbeiningu lengur. Þá sagði hann að 1000 kr. væri of mikil borgun fyrir 4 stundir á viku. Mér þykir ekki nærgætnislegt af honum að segja þetta, þar sem hann fær sjálfur 4000 kr. fyrir að kenna 6—8 stundir á viku.

Lárus H Bjarnason: Hv. frsm sagði að enginn vafi væri á því, að skyldan til að hafa þessa kenslu á hendi hefði hvílt á landlækni árið 1887. En þá hefir hann líka þessa skyldu nú, því honum var falin þessi kensla sem landlækni en ekki sem forstöðumanni læknaskólans. En þó að landlæknir væri ekki skyldur til að hafa þessa kenslu á hendi, þá er enginn vafi á því, að fá mætti jafnfærann mann t. d. þann háskólakennara, sem nú kennir stúdentum yfirsetufræði, til þess að kenna yfirsetukonum fyrir *sömu* borgun og landlæknir hefir nú. Hér er því að eins um *fastan* bitling til handa landlækni að ræða. Hv. þm. sagði að hann hefði ekki húist við, að eg sem hefði 4000 kr. í árslaun fyrir 8 stunda kenslustarf á viku mundi telja 1000 kr. of hátt fyrir þessa kenslu. Eg sagði ekki að 1000 kr. væri of hátt fyrir þessa kenslu í sjálfu sér, heldur sagði eg að ástæðulaust væri að borga landlækni svo mikið, þar sem hann hefir 4000 kr. undir og er skyldur að hafa kensluna á hendi. Annars er ekki mest á það að líta, hversu margar stundir háskólakenari kennir, enda get eg frætt hv. þm. um það að sumir kennarar hafa færri stundir en eg. Það er hreinn hvíldartími fyrir mig að kenna á við það erfiði að búa mig undir. Eg býzt við að eg búi mig undir kenslustundirnar eins mikið og margir stúdentarnir. Eg skammast mín ekki fyrir að segja það, að mestur hluti dagsins fer til undirbúnings undir kensluna, kunnátta mín er ekki meiri en þetta. En landlæknir þarf engan undirbúning til að geta kent yfirsetukvennafræði.

Benedikt Sveinsson: Hv. frsm. sagði að nú væri orðin sú breyting á kenslunni í Danmörku, að hún væri ekki í höndum prófessora við háskólann. En síðan er upplýst að þetta er rangt hjá honum, því að kennarinn í þessari fræðigrein er einmitt prófessor við háskólann. En annars skiftir það minstu máli kvernig þessari kenslu er hagað í Danmörku, við þurfum ekki að »dependera svo af þeim dönsku«, að við getum ekki hagað kenslunni hérna eins og hentugast er, hversu sem þeir fara að, enda er það varla landlæknir eða samsvarandi embættismaður er hefir hana á hendi í Danmörku. Hv. framsögum. sagði, að breyta mætti þessum lögum þegar til þess kæmi að bæta kennara við í læknadeildina, en þá gæti landlæknir sagt, að þingið hefði ekki rétt til að svifta sig kenslunni og gæti heimtað að halda launum. Og hvað er annars mætara að breyta lögunum þá, en að samþykkja þessa breytingartillögu nú. Við tillögumenn förum ekki fram á að stofnað sé neitt nýtt embætti, heldur að þegar það verði stofnað, þá verði kenslan lögð til háskólans, svo að við förum fram á það sama sem framsögum. vill gera síðar með lagabreytingu. Eg sé ekki betur er hér sé verið að stofna bitling handa landlækni

og sú hefir verið tilætlunin. Hann kemst sjálfur í hita í bréfi sínu til stjórnarráðsins, þar sem hann minnist á sín bágbornu kjör, og segist verða að heimta skrifstofulaun, ef hann fái ekki fast 1000 króna embætti við þennan kvenna skóla! Það er alveg eins og honum sparist vinna á skrifstofunni, ef hann fær að kenna þessum námskonum, eða ef til vill ætlar hann að láta yfirsetukonurnar aðstoða sig á skrifstofunni! (Hlátur). Eg tek það fram aftur, að hér er ekki farið fram á að stofna neitt nýtt embætti við háskólann, en það verður sennilega gert innan skamms, og þá er ekki neitt á móti því, að það sé í lögum að kenslan leggist þá til háskólans. Eg sé ekki að landlæknisstarfið og þetta kenslustarf sé svo samræmilegt, að kenslan í yfirsetukvennafræði þurfi endilega að vera bundin við landlæknisembættið.

Verði brtill. ekki samþyktar, þá mun eg greiða atkvæði á móti frv.

Frams.m. (Jóhannes Jóhannesson): Eg vildi að eins geta þess, að það er misskilningur hjá háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) að kenslan í ljósmóðurfræði sé bundin við landlæknisembættið.

Hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.) hefir heldur ekki athugað þetta nógu nákvæmlega. Með lögum frá 1894 var kenslan í ljósmóðurfræði tekin af landlækni og lögð til læknaskólans, en honum var hinsvegar gert að skyldu að kenna við skólann. En með háskólalögunum var þessi skylda landlæknis til þess að kenna við skólann úr lögum numin. Það er því hvergi í lögum nú neitt um það, hver skuli kenna ljósmóðurfræði. Yrðu því brtill. samþ. gæti vel farið svo, að engin kensla yrði í ljósmóðurfræði.

Jón Magnússon: Eg er á sama máli og háttv. framsögum. (Jóh. Jóh.), að það er varasamt að breyta frumv., því afleiðingin gæti orðið sú, að engin kensla yrði í ljósmóðurfræði. Það var sagt að laun landlæknis væru svo há, að ekki væri rétt að bæta við þau, þó honum væri gert að skyldu að halda þessari kenslu. Eg veit ekki hvort ástæða er til að láta sér vaxa í augum laun hans. Þau eru vitanlega dágóð, en hann hefir líka lagt mikið í skrifstofukostnað, hefir t. d. orðið að halda skrifara í mörg ár. Auk þess hefir heilbrigðislöggjöfin aukist mjög mikið síðustu árin, og hafa embættisstörf landslæknis aukist svo mjög við það, að hann hefir ekki getað gengt læknistörfum jafnt og áður. En aðal atriðið er það, að við eigum á hættu að engin kensla verði í ljósmóður fræði ef brtill. verða samþyktar, því eg efast um að nokkur dugandi læknir fáist til að taka kenslu-na að sér fyrir þá borgun sem nú er; duglegir læknar hafa svo mikið að gera hér í bænum, að þeir mundu ekki líta við kenslunni fyrir þessa borgun.

Lárus H. Bjarnason: Það var að eins örstutt athugasemd út af orðum háttv. þm. Vestm. (J. M.). Hafi skrifstofustörf landlæknis aukist, þá á að borga fyrir þau sérstaklega. En mér er kunnugt að hann borgaði manni, sem hjá honum var um tíma, en nú er farinn frá honum, ekki meira en 25 kr. á mánuði fyrir skrifarastörf, og það verður þó aldrei nema 300 kr. á ári.

Bjarni Jónsson: Brtill. hanga ekki svo náið saman að annaðhvort verði að samþykkja báðar eða hvoruga. Eg er með fyrri brtil. að kenslan skuli lögð til háskólans þegar manni verður bætt við deildina. En hins vegar álít eg rétt að landlæknir fái sómasamlega borgun fyririr kensluna á meðan hann hefir hana á hendi, og því er eg á móti seinni tillögunni. Borgunin gæti

orðið alt of lítil, ef ekki er sett vist lágmark, heldur aðeins miðað við tölu nemenda.

Frams.m. (Jóhannes Jóhannesson): Eg vil undirstrika það sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að það yrði ekki sanngjarnt að miða við tölu nemendanna, því auðvitað er sama fyrirhöfn að kenna t. a. m. 4 eins og 8 yfirsetukvennaefnum.

ATKV.GR.:

Br.till. st. l. a. á þgskj. 318 sþ. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson Rvk.	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Guðl. Guðmundsson
Bjarni Jónsson	Halldór Steinsson
Björn Kristjánsson	Hannes Hafstein
Einar Jónsson	Jóh. Jóhannesson
Lárus H. Bjarnason	Jón Magnússon
Ólafur Briem	Kristján Jónsson
Pétur Jónsson	Matth. Ólafsson
Skúli Thoroddsen	Sig. Sigurðsson
Stefán Stefánsson	Tryggvi Bjarnason.
Valtýr Guðmundss.	

Br.till. á þgskj. 318 st. l. b feld með 16 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Benedikt Sveinsson	Eggert Pálsson
Einar Jónsson	Jón Jónsson Rvk
Lárus H. Bjarnason	Bjarni Jónsson
Skúli Thoroddsen	Björn Kristjánsson
Stefán Stefánsson.	Guðl. Guðmundsson
	Halldór Steinsson
	Hannes Hafstein
	Jóh. Jóhannesson
	Jón Magnússon
	Kristján Jónsson
	Mattías Ólafsson
	Ólafur Briem
	Pétur Jónsson
	Sig. Sigurðsson
	Tryggvi Bjarnason,
	Valtýr Guðmundss.

Frv. sjálft sþ. með 15 : 6 atkv. og sent að nýju til Ed., að viðhöðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Jón Jónsson Rvk	Björn Kristjánsson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson,
Guðl. Guðmundss.	Lárus H. Bjarnason
Halldór Steinsson	Sig. Sigurðsson
Hannes Hafstein	Skúli Thoroddsen.
Jóh. Jóhannesson	
Jón Magnússon	
Kristján Jónsson	
Matthías Ólafsson	
Ólafur Briem	
Pétur Jónsson	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	

Einumr., 24. Ágúst.

Frams.m. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og sjá má á framhaldsnefndarálitinu á þgskj. 391 hefir nefndin eða meirihluti hennar lagt til að kippa burtu ákvæði því, sem háttv. Ed. setti inn í 3. gr. frv. Meiri hluti nefndarinnar vill hvorki rétta hönd til að stofna nýtt embætti hér né heldur álítur meiri hlutinn, að nokkur lagaskylda hvíli lengur á landlækni til þess að kenna yfirsetukonum. Með lögum 13. April 1894 var ákveðið, að yfirsetukonur skyldu taka próf annaðhvort við fæðingarstofnuna í Kaupmannahöfn eða hjá þeim kennara er kendi ljósmæðrafræði við læknaskólann. Þessi skylda hvíldi á landlækni sem forstöðumanni læknaskólans, af því að hann kendi ljósmæðrafræði. En með háskólalögunum er landlæknir ekki lengur forstöðumaður læknaskólans, og getur því engin skylda lengur hvílt á honum til að kenna yfirsetukonum.

Eg vil skjóta því til andstæðinga frv. að finna eitthvert fyrirmæli í gildandi lögum. Ella hirði eg ekki að svara upptuggum þeirra frá fyrri umræðum, sem þegar eru hraktar. En benda vil eg þeim á, að ef frv. verður samþykt í öðru formi eða fellur, þá er við búið, að engi kensla geti farið fram fyrir yfirsetukonur, og getur það valdið óþægindum, þar sem lögskipað er, að yfirsetukonur skuli vera prófaðar.

Bjarni Jónsson: Eg ætla ekki að gerast banamaður þessa frv., þótt ekki sé það fyrir þær sannfærandi ástæður, sem hattv. framsögum. (Jóh. Jóh.) flutti, og vil eg því ekki svara honum, nema að því leyti sem hann virtist vera feginn þeim nirfilshætti, sem nú á að beita við háskólann. Það er auðsætt, að það er í gróðaskyni, að róið er á móti því, að nýr maður verði skipaður kennari við læknadeildina, þótt allir viti að það er nauðsynlegt, eins og sjá má á bréfi Guðmundar Magnússonar. En það er von, að þeir raupi af því að þeir vilja drepa þessa stofnun með nirfilshætti. En með því að auðið er að breyta lögunum seinna, vil eg þó greiða frv. atkv.

Enn vil eg og taka það fram, að það er ekki á minni ábyrgð þótt vitnað sé í lög sem eru ekki til; eg hefi ekki mátt á við 30 bræðinga eða vér 3, þar sem 10 eru um 1. En það er fákænlegt að kalla það sparnað að vilja veita fé til nauðsynlegrar kenslu. Hér snýr öfugt við. Þeir þykjast ætíð líta á hag landsjóðs, án þess að gæta nokkuð að því, hver sé hagur landsins og þarfir landsmanna.

Þetta læt eg mér nægja að segja um atferli þeirra alment.

Benedikt Sveinsson: Eg bjóst við því, að ekki ætti fyrir þessu þingi að liggja að bæta hag nokkurrar stéttar á landinu, nema einnar, það er þingmannastéttarinnar, sbr. frv. um þingfararkaup. En nú sé eg að á að fara að bæta kjör annarrar stéttar, landlæknastéttarinnar, sem raunar er heldur fámenn stétt, einn maður að eins.

Háttv. framsögum. (Jóh. Jóh.) sagðist ekki vilja rétta höndina til þess að stofna ný embætti. Þetta er ekki frumlegt og mun kynjað úr Ed., því að þar kom sama viðbáran fram; hjá hvorum tveggju jafn tilefnislaus og órökstudd. Það er víst, samkvæmt bréfi Guðmundar Magnússonar til nefndarinnar hér í deild, að á næstu árum þarf að stofna nýtt embætti í læknadeildinni, og þá liggur næst, að læknadeildin taki að sér að kenna yfirsetukonum, eins og forstöðumaður læknadeildarinnar tekur fram, enda í samræmi við það, sem annars staðar tíðkast, eins og áður hefir verið bent á. Við það spöruðust algerlega þessar 1000 kr., því að þær væru þá fólgnar í því kaupi, sem hinn nýi kennar fengi hvort sem væri. — Það er því ekki annað en aumasti fyrirsláttur, að segja að það sé gert til að spara fé, að láta landlækni fá þetta fé um ókominn tíma. Samkv. br.till. okkar 1. þm. Rang. (E. J.) um daginn, átti landlæknir að hafa þennan starfa í bráðina, þangað til að auknir væri kenslukraftar læknadeildarinnar hvort sem væri. Það er á þingsins valdi, hve nær hún sinnir þeirri kröfu. Við vorum alls ekki að mæla fram með henni í br.till. Þetta er svo augljóst, að furða er, að menn skuli þykjast misskilja það.

Hitt skal eg játa, að samkvæmt því, hversu upp á þessu máli er fitjað, og eftir meðferð þess í þinginu, þá mun það ná betur tilgangi sínum með því að fá landlækni og engum öðrum þessa kenslu allan hans aldur, því að aðalástæðan til þessarar embættisstofnunar er auðsjáanlega sú að búa til handa nú-

verandi landlækni persónulegan bitling!

Það er einkennilegt að landlæknir skuli hóta að hætta kenslu nema hann fái 1000 kr. að launum, og má telja það ósvífið þegar þess ei gætt, að hann hefir verið leystur frá forstöðmensku læknaskólans og kenslu þar og í annan stað, að landlæknir er skyldur að lögum að hafa þessa kenslu á hendi, samkvæmt upplýsingum háttv. 1. þm. Rvk (L. H. B.), er skírskotaði um þetta efni í hæstaréttardóm. Þetta er ekkert annað en að kúga út peninga úr landssjóði, sama sem að segja: Peningana eða lífið. Slíkum ofstopa ætti að svara með því að fella frv.

Tryggvi Bjarnason: Það hefir mætt andmælum að landlæknir hafi þessa kenslu á hendi, einkum frá hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.). Hann lítur svo á að það mundi verða sparnaður að háskólinn hefði hana. Eg er ekki viss um að sú muni verða reyndin á.

Undanfarin 5 ár hefir landlæknir haft upp úr kenslunni að meðaltali 680 kr. á ári. Frv. fer fram á að hann fái 1000 kr. fast, hér er því að eins um 3—400 kr. hækkun að ræða, og er það ekki ægilegt. Aukakennarar við læknadeild háskólans kenna 1—3 stundir á viku. Augnlæknir kennir t. d. 3 st. vikulega og fær að launum fyrir það 1500 kr. á ári. Eyrna- nef- og hálslæknir kennir 2 st. annað tímabilið og 1 hitt eða $1^1/_2$ st. vikulega að jafnaði og fær fyrir það 1000 kr. Tannlæknirinn kennir 1 stund á viku og hefir að launum fyrir það 1000 kr. á ári. Kensla yfirsetukvenna fer fram í 4 stundum á viku, og stendur yfir í 6 mánuði, og eru því laun þau sem landlækni eru ætluð fyrir hana í frv., borin saman við laun aukakennara við háskólann, mjög lág. Það er því ekki hægt að búast við að kenslan yrði landinu ódýrari en hún er nú, ef hún væri kend af sérstökum aukakennara við háskólann, en eg er hræddur að það mundi verða endirinn á ef hún verður lögð til háskólans.

Guðm. Magnússon prófessor hefir gefið í skyn að þörf væri á því að bæta kennara við læknadeildina. Það gæti dregist um nokkur ár ef þessi kensla verður ekki lögð til háskólans, en fyr eða síðar mun reka að því að þess þurfi hvort sem er. Það er því hæpið að treysta á það að sá kennari sem bætt verður við geti haft þessa kenslu á hendi, auk þeirrar annarar kenslu, sem honum verður falin, enda gæti það vart farið saman að kenna læknaefnum og yfirsetukonum í sömu stundum. Eg þykist þess því fullviss, að verði kenslan í yfirsetukvennafræði lögð til háskólans, þá muni þurfa að bæta við læknadeildina einum aukakennara auk þess kennara sem nú er sögð þörf á að bæta við, ef kenslan í yfirsetukvennafræði á ekki að verða mjög takmörkuð, því eins og hún er nú, með 4 st. á viku, er hún nóg starf fyrir 1 aukakennara eftir því sem starf núverandi aukakennara er.

Þá sagði háttv. þm. N.-Þing. (Sv. B.), að hentugra væri að háskólinn hefði þessa kenslu á hendi. Eg skil ekki að ver fari á því að hún sé í höndum landlæknis, þess manns sem hefir yfirumsjón með öllum heilbrigðismálum. Ef hann er áhugasamur maður þá mun hann ávalt gera meir en blábera skyldu sína sem kennari, t. d. fræða nemendurna um ýmislegt sem að þrifnaði og öðrum lífnaðarháttum lýtur. En háskólakennari mundi síður gefa sér tíma til að fara út fyrir það sem hann er skyldugur til. Svo er annað sem landlæknir bendir á í tillögum sínum, hann getur þess að hann telur sér skylt að veita þeim sængurkonum sem nemendurnir

sitja yfir, sér til æfinga, ókeypis læknishjálp. Og úr því það er einu sinni innleitt að landlæknir telur þetta skyldu sína, þá myndi sá næsti líta svo á að sér væri ekki sæmilegt að breyta út frá því.

Af þessu sem eg hefi sagt lít eg svo á að það myndi ekki leiða til neins sparnaðar að kenslan yrði lögð til háskólans, né heldur væri það hentugt, og mun eg því greiða atkvæði með frv. eins og það liggur fyrir. Hitt er annað að ástæða væri til að breyta lögunum ef sérfræðingur í þessari grein kæmi að háskólanum.

Benedikt Sveinsson: Eg hefi ekki sagt að 1000 kr. væri í sjálfu sér of mikil borgun fyrir þessa kenslu. En eg held því fram, að þessa upphæð megi spara alveg innan skamms með því að leggja kensluna til háskólans.

Hv. 2. þm. Hún. (Tr. B.) játaði sjálfur, að innan skamms mundi þurfa að bæta kennara við læknadeildina, og eftir því sem prófessor Guðm. Magnússon hefir sagt, þá getur læknadeildin með þeim auknu kenslukröftum tekið að sér kensluna í yfirsetukvennafræði án sérstakrar borgunar. Það þýðir því ekki að vera að þrefa og þjarka um, að þetta yrði ekki til sparnaðar, þegar kenslukröftum verður bætt við háskólann *hvort sem er*, fyrr kemur ekki til þess. Kennarinn mundi fá 3000 kr. hvort sem væri, og þar upp í gengi þessar 1000 kr., ef kenslan væri ekki fastskorðuð við landlækni, og sjá allir heilvita menn, að við það sparast landssjóði 1000 kr.

Háttv. þm. sagði að það væri nóg starf einum aukakennara að kenna yfirsetukonum 4 stundir á viku. Það virðist ekki vera svo feiknamikið starf þegar landlæknir, sem er önnum kafinn undir, sækist eftir því og getur leyst það af hendi fyrir 1000 krónur og vill meira að segja ekki með nokkru móti verða af því fyrir þessa borgun. Enda telur forstöðumaður læknadeildarinnar þetta vel kleift, að kennari taki að sér kensluna án aukaborgunar, og ber hann víst fult svo gott skyn á þetta sem þingmaðurinn.

Háttv. þm. sagði að hentugt væri að landlæknir hefði kensluna á hendi vegna þess að hann hefði eftirlit með heilbrigðismálunum. Er þá ekki hægt að segja það sama um aðrar greinar læknisfræðinnar? Væri þá ekki líka bezt að hann kendi læknaefnunum? Þetta virðist ekki hafa verið skoðun löggjafarinnar þegar hún létti af honum þeirri skyldu að kenna við háskólann.

Þá sagði hv. þm. að kennari við háskólann mundi síður en landlæknir gera meir en lögboðna skyldu sína gagnvart námskonunum, en það virðist síður en ekki ábyggilegt að treysta mikið á landlækni í því efni, þar sem hann er hér einmitt að skorast undan að gera lagalega skyldu sína, nema hann fái aukna borgun fyrir.

Ráðherrann (H. H.): Út af framkomnum skírskotunum til fyrirkomulags á yfirsetukvennakenslu í Danmörku, sem menn hafa talað að falin væri læknadeild háskólans í Kaupmannahöfn, vil eg að eins upplýsa, að þetta er ekki svo nú, heldur fer kenslan fram á sérstökum skóla.

Eg verð að mótmæla að sæmilegt sé að laun landlæknis fyrir starfann séu kölluð bitlingur. Kaupið er einmitt mjög lítið, og í frv. ákveðið lægra, en landlæknir til þessa stundum hefir fengið fyrir kensluna. Þannig var kenslukaupið 1910 1100 kr. með 50 kr. þóknun fyrir hverja.

Starfið mikið og mikilsvert og þarf valinn mann til að gegna því.

Hygg eg engum blandist hugur um, að núverandi landlæknir er manna bezt til þess starfs fallinn, og ekki völ á öðrum færari, meðan hans nýtur við, sem óskandi er að verði sem lengst. Það er yfirleitt æskilegt, að æfður læknir sem hefir mikla praxis í þessum efnum, hafi kensluna á hendi, og það er meiri trygging fyrir því, að landlæknirinn sé valinn meðal slíkra manna, heldur en þeir sem kennaraembætti fá við háskólann, ef til vill beint frá examents borði eða svo til. Með því að eg er yfirleitt samdóma því, sem háttv þm. Húnv. (Ó. Br.) hefir sagt, get eg að öðru leyti látið mér nægja að skírskota til þess.

Bjarni Jónsson: Engum dettur í hug að neita því, að núverandi landlæknir sé vel fallinn til þessa starfa, en það er ekki sagt, að allir landlæknar verði það, og auðvitað er meiri trygging fyrir því að kenslan sé góð, ef hún er í höndum sérfróðs manns við háskólann en landlæknis; til landlæknisstarfsins þarf alt aðra og ólíka hæfileika, en en til kennarastarfs. Annars var óþarft af Ed. að breyta þessu; hér var ekki farið fram á að stofna neitt embætti, heldur að eins að leggja kensluna til háskólans þegar nýtt kennaraembætti við læknadeildina verður stofnað. En þessi breyting er þó ekki svo mikil að eg vilji hennar vegna leggjast móti lögunum.

ATKV.GR.:

Frv. sþ með 15:6 atvv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Jón Jónsson	Björn Kristjánsson
Bjarni Jónsson	Einar Jónsson
Guðl. Guðmundsson	Lárus H. Bjarnason
Halldór Steinsson	Sigurður Sigurðsson
Hannes Hafstein	Skúli Thoroddsen.
Jóh. Jóhannesson	
Jón Magnússon	
Kristján Jónsson	
Matthías Ólafsson	
Ólafur Briem	
Pétur Jónsson	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundsson	

Stefán Stefánsson greiddi eigi atkvæði og var talinn með meiri hluta.

Frv. afgreitt til ráðh., *sem lög frá Alþingi.*

Löggilding verzlunarstaðar að Gjögri.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar að Gjögri í Strandasýslu (105, 126, 138); 1. umr. 1. Ágúst.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umræðu með 15 shlj. atkv.

Önnur umr. 3. Ágúst.

Benedikt Sveinsson: Það er samkvæmt ósk Þorsteins Jónssonar kaupmanns á Seyðisfirði, sem hann hefir sent þinginu, að eg hefi leyft mér að koma fram með þessar brtill. við frumv. Eg hefi farið að dæmi fyrri þinga, er oft hafa sameinað löggildingar margra verzlunarstaða í eitt frumv., og því kem eg fram með þetta í breytingartillögu formi, en ekki í sérstöku frv.

Þessi svonefnda Skálavík er á austanverðu Langanesi utarlega. Það er ekki mikill verzlunarstaður, en Færeyingar koma þangað á hverju sumri og

hafa landsmenn talsverð viðskifti við þá, kaupa af þeim lifur og þess háttar Ástæður Þorsteins eru þær, að hann segist hafa bygt þar tvö hús og ekki komist að viðunanlegum samningum um lóðina. Finst mér engin ástæða til að amast við að löggilda þennan stað fremur en ýmsa aðra, er löggiltir hafa verið, og vona eg því að breytingartill. minar verði teknar til greina.

ATKV.GR.:

Brtill. við 1. gr. (þskj. 126) sþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. svo breytt sþ. með 16 samhlj. atkv.

Brtill. við 2. gr. (þskj. 126) samþ. án atkv.gr.

Brtill. við fyrirsögnina samþykt án atkv.gr.

Frumv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Þriðja umr. 5. Ágúst.

Enginn talaði.

Frumv. samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent til Ed.

Vatnsveita á Sauðárkróki.

FRUMVARP til laga um vatnsveitu á Sauðárkróki (140); 1. umr. 7. Ágúst.

Flutningsm. (Ólafur Briem): Þetta frumv. er borið fram hér á þingi fyrir tilstilli hreppsnefndarinnar á Sauðárkróki. Ástæðurnar fyrir því eru aðallega tvær:

Í fyrsta lagi sú, að skortur getur orðið á vatni á þessum stöðvum, og auk þess hefir það komið fram, að það vatn, sem fengist hefir, hefir ekki ávalt reynst eins heilnæmt og skyldi. Það hafa orðið talsverð brögð að taugaveiki þar á staðnum, sem stundum hefir breiðst út um héraðið og hefir læknirinn mest kent það vondu og óheilnæmu vatni. Hann hefir því beitt sér mikið fyrir því, að bæjarbúar kæmu á hjá sér vatnsveitu og er verkið þegar langt komið. Það var byrjað á því í vor og nú þegar er búið að veita vatninu í öll aðalhúsin. Kostnaðurinn til vatnsveitunnar hefir verið áætlaður 14 þús. kr. og var tekið lán, sem svaraði þeirri upphæð í veðdeildinni, þó það, vegna affalla á bankavaxtabréfum, yrði ekki meir en rúml. 13 þús. kr. Sennilegt er, að vextir og afborganir geti orðið greiddir, sem sé 5 af þúsundi af virðingarverði allra húseigna í kauptúninu, sem alls nemur nálægt 200 þús. kr. með því gjaldi, sem hæst er ákveðið í 3. gr. frv.

Frumvarpið er sniðið eftir frv. sem var borið fram á þinginu 1907 um vatnsveitu í Rvík.

Ánnars hefir málið fengið svo rækilega meðferð í Ed., að eg býst við að það fái greiðan framgang hér og verði vísað til 2. umr.

ATKV.GR.:

Málinu vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Önnur umr. 9. Ágúst.

Ráðherrann (H. H.): Eg sé, að 4. málið á dagskránni er alment frumv. um vatnsveitu í löggiltum verzlunarstöðum. Nú vil eg spyrja hv. flutnm. (Ó. Br.), hvort ekki nægi þau almennu lög, sem þannig eru væntanleg og hvort nokkuð sé svo sérstaklega ástatt um Sauðárkrók í þessu efni, að ekki geti fallið inn undir hin almennu lög. Væri svo ekki, vil eg skjóta því til háttv. flutnm., hvort han sæi sér ekki fært að taka þetta frv. aftur.

Flutningsm. (Ólafur Briem): Eg get ekki neitað því, að þetta frv. um vatnsveitu á Sauðárkróki hefir mörg sömu ákvæðin að geyma sem það, er nú er nr. 4 á dagskránni. En þó er hér nokkru öðru máli að gegna. Hið almenna frv. um vatnsveitu í löggiltum verzlunarstöðum miðar að því að setja ákvæði um vatnsveitu á þeim stöðum þar sem það er ekki enn gert, setur ákvæði um undirbúning og rannsóknir snertandi slík fyrirtæki. Öllu þessu er lokið á Sauðárkróki. Enn fremur er þess að gæta, að í hinu almenna frumv. er svo ætlast til, að sérákvæði viðvíkjandi upphæðum vatnsskatts séu tekin upp í sérstaka reglugerð er sett verði fyrir hvert kauptún. Mál þetta hefir verið til meðferðar í Ed. og var athugað þar í nefnd og þar sett inn í frumv. það ákvæði, að upphæð vatnsskatts mætti ekki yfirstíga 5 af þúsundi af virðingarverði allra húseigna í heild sinni og ekki fara fram úr 6 af þúsundi virðingarverðs af hverri einstakri húseign. Þess vegna er það, að þótt þetta frv. sé ekki beint nauðsynlegt ef almenna frumv. gengur fram, þá sýnist samt ekkert á móti því að afgreiða frv. sérstaklega, úr því að vatnsveitan er komin á, líkt og hér í Reykjavík voru sett sérstök lög um sama efni.

Ráðherrann (H. H.): Mér finst það vera að auka ómak að samþykkja þetta sérstaka frv. ásamt hinu almenna, enda um leið óeðlilegt. Eg er alls ekki á móti þessu frumv. í sjálfu sér, en mér finst satt að segja alveg óþarft, að það nái fram að ganga, þar sem setja má allar þær reglur, er það hefir inni að halda í reglugerð, sem gera má sér vísa von um staðfesting stjórnarinnar á, samkvæmt hinum almennu lögum um þetta efni, sem eru í aðsigi.

Jón Magnússon: Eg vil skjóta því til hv. flutnm. (Ó. Br.). hvort ekki væri hægt að taka málið út af dagskrá.

Flutningsm. (Ólafur Briem): Það virðist eins og þetta frumv. mæti nokkuð örðugum undirtektum. Málið er svo vaxið, að þess var farið á leit við stjórnarráðið á síðastliðnum vetri að það bæri fram sérstakt frumvarp um þessa vatnsveitu eða þá almennt frv. um vatnsveitur í kauptúnum. Þessari málaleitan var ekki sint af stjórnarráðinu, heldur vísað aftur með þeim ummælum, að bezt væri að setja sérstök lög fyrir hvert kauptún. En nú eru svör stjórnarinnar alveg gagnstæð. Eg mundi heldur vilja láta taka málið út af dagskrá heldur en að það yrði felt, en með því að óvíst er um afdrif frv. á þgskj. 115 og þetta frv. hins vegar bráðnauðsynlegt, get eg þó ekki orðið við því að taka það aftur, og vona að því að minsta kosti verði leyft að ganga til 3. umræðu.

Ráðherrann (H. H.): Það er langt frá því, að eg vilji vera meinsmaður þess frumv. á nokkurn hátt, að Sauðárkrókur fái einmitt þessar reglur um vatnsveitu sem hér er um að ræða. En hið almenna frv. er framkomið vegna samskonar frumvarpsbeiðni frá öðru kauptúni, Siglufirði, sem einnig er byrjað á vatnsleiðslu og verður að sætta sig við að fá reglugerð en ekki sérstök lög, og finst mér langeðlilegast, að sama gangi yfir bæði kauptúnin. Af því að hið almenna frv. er enn ekki komið í gegnum þingið er ef til vill of snemt að fella þetta frumv. nú og væri því réttast að taka það út af dagskrá og bíða, þangað til víst er um afdrif almenna frumvarpsins.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg get ekki séð neitt á móti því, að þetta frv. sé samþykt nú, en heðið sé svo með

að taka það á dagskrá til 3. umr., unz séð er fyrir um það, hvernig hinu almenna frv. reiðir af.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. frv. sþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. frv. sþ. með 14 shlj. atkv.
4 gr. frv. sþ. með 20 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli sökum óljósrar atkvæðagreiðslu og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Ólafsson
Jón Jónsson Rv.	Sigurður Sigurðsson
Bjarni Jónsson	
Björn Kristjánsson	
Guðl. Guðmundsson	
Halldór Steinsson	
Jóh. Jóhannesson	
Kristján Jónsson	
Matthías Ólafsson	
Ólafur Briem	
Pétur Jónsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	
Þorleifur Jónsson.	

Atkvæði greiddu ekki og voru taldir með meiri hl.: Einar Jónsson, Hannes Hafstein, Jón Magnússon og Lárus H. Bjarnason. Fjarstaddir: Benedikt Sveinsson, Björn Jónsson og Jón Jónsson S.-Múl.

5. gr. frv. sþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr. frv. sþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr. frv. sþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr. frv. sþ. með 14 shlj. atkv.
9. gr. frv. sþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþykt án atkv.-greiðslu.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Þriðja umr. 12. Ágúst.

Frumv. tekið út af dagskrá eftir tilmælum flutningsmanns

Um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. 4. Nóv. 1881. (175, 293, 327); 1. umr., 16. Ágúst.

Eggert Pálsson: Eg stend aðeins upp til að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál út af dagskrá. Ástæðan til þessara tilmæla minna er sú, að það er komið fram nefndarálit viðvíkjandi samskonar frv. frá skattamálanefndinni. Eg skal ekki fara að afsaka það, að þetta nefndarálit hefir komið nokkuð seint, en aftur á hina hliðina er enginn vafi á því, að þetta frumv., sem hér liggur fyrir, er alveg sama efnis og hitt, sem nefndinni var afhent til athugunar.

Hvað það snertir að láta þetta frv. eiga sig en láta hitt ganga sinn eðlilega gang, þá get eg ekki betur séð en að það geti geti gengið fyrir sig, þó tíminn sé nú orðinn nokkuð tæpur. Þegar frv. sem skattanefndin hér í deild hefir haft til meðferðar kæmi til Ed. gæti hún afgreitt það á mjög stuttum tíma, þar sem hún hefir haft samskonar frv. til meðferðar.

En ef þessi tilmæli mín verða ekki tekin til greina, þá vil eg sem þingmaður, samkvæmt 34. gr. þingskapanna, gjöra kröfu til að málinu sé vísað frá. Það er ekki rétt að tvö mál sama eðlis liggi samtímis fyrir sömu þingdeildinni. Og eg hygg að engum geti blandast hugur um að þessi mál eru sama eðlis.

Forseti (M. A.): Það er satt, sem hv. formaður skattamálanefndarinnar segir, að hér hafa legið fyrir tvö frv. sama eðlis; en einmitt þess vegna hefi eg látið líða miklu lengri tíma til að taka þetta frv. á dagskrá heldur en nokkurt annað mál. En eg sá það eftir rækilega íhugun, að það mátti með engu móti koma á dagskrá seinna en í dag, til þess að einhverjar líkur væru til þess að hægt yrði að afgreiða það. Eg vildi ekki hafa það á minni ábyrgð, svo að ekki væri hægt að segja síðar að fyrir drátt forseta á málinu hefði landið tapað svo og svo miklu fé.

Eg hefi venjulega orðið við tilmælum háttv. þingmanna um að taka mál út af dagskrá, og þó að mér þyki það leitt að gera nú undantekningu, þá sé eg mér ekki fært að verða við ósk háttv. 2. þm. Rang. (E. P.) um að taka þetta mál út af dagskrá. En það er á valdi deildarinnar, hvort hún sér ástæðu til að vísa því frá, og skal eg bera það undir atkvæði háttv. þingdeildarmanna samkv. 34. gr. þingskapanna.

ATKV.GR:

Neitað að vísa málinu frá með 13 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Jónsson Rvk
Benedikt Sveinsson	Einar Jónsson
Bjarni Jónsson	Guðl. Guðmundsson
Björn Kristjánsson	Hannes Hafstein
Halldór Steinsson	Jóh. Jóhannesson
Jón Ólafsson	Jón Magnússon
Lárus H. Bjarnason	Kristján Jónsson
Skúli Thoroddsen	Matthías Ólafsson
Valtýr Guðmundss.	Ólafur Briem
	Sig. Sigurðsson
	Stefán Stefánsson
	Tryggvi Bjarnason
	Þorleifur Jónsson.

Jón Jónsson S.-M. og Pétur Jónsson voru fjarstaddir.

Valtýr Guðmundsson: Eg ætla ekki að tala mikið um þetta mál. En mér þykir nokkuð harður þessi úrskurður forseta og deildarinnar. Með honum er gengið á móti almennum reglum og Ed. látin hafa frumkvæði í fjármálum. Auk þess er hér einstakra manna frv. tekið fram yfir stjórnarfrv. og þykir mér það furðu gegna, að hv. þm. Borg. (Kr. J.) greiðir atkv. á móti því að vísa þessu máli frá. En mest furðar mig að heyra ekki nein mótmæli frá hæstv. ráðherra (H. H) gegn þessu atferli, þar sem Ed. er hér gefið frumkvæði í skattamálum þvert ofan í fyrirmæli stjórnarskrárinnar. *(Ráðherrann:* Í hvaða gr. stendur það?). Það er í 25. gr., þar sem boðið er að leggja fjármálafrumv. fyrst fyrir Nd. *(Ráðherrann:* Það nær ekki nema til fjárlagafrv.). Þó það sé ekki beint tekið fram um skattamál, þá er það viðurkend regla í öllum löndum að öll skattafrv. séu fyrst lögð fyrir neðri málstofurnar, og þeirri reglu hefir hingað til verið fylgt hér í þinginu, en nú afsalar Nd. sér þessum rétti, sem hún hefir hingað til varast eins og heitan eldinn að brjóta á móti.

Eg verð að leyfa mér að mótmæla þessu sem þingmaður Nd., því eg álít að hér hafi fram farið fyllileg lögleysa. Þegar mál er felt er ekki leyfilegt að bera fram frv. sama efnis á sama þingi, og í fullu samræmi við það mega ekki tvö frumv. sama efnis liggja í einu fyrir sama þingi. Og því kynlegra er þetta, þar sem hér er að ræða um stjórnarfrv. sem látið er sitja á hakanum fyrir privatfrv., og hafa þó stjórnarfrv. vanalega meiri rétt á sér.

Eg skal svo ekki ræða frv. frekar. Það hefir verið útbýtt nefndaráliti, og sést á því að nefndarmennirnir leggja til að frv. sé felt.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg skal ekki fara mikið út í stjórnarskrárfyrirlestur háttv. þm. Sfjk. (V. G.), en

ég vil benda honum á að nú á þessu þingi hefir verið borið upp í efri deild frv. til laga um verðtoll, og þar hefir verið borið upp frv. til laga um kolatoll, og það hefir hingað til ekki verið álitið neitt athugavert, þó borin hafi verið upp í Ed. frv. í skattamálum. Stjórnarskrárákvæðið nær ekki nema til fjárlaganna.

Eg býst við að til grundvallar fyrir atkvæðagreiðslu neðri deildar nú hafi legið þau atvik, að um svo einfalt mál hefir 7 manna nefnd ekki komið fram með neitt álit eftir 5 vikna starf. Þó að nefndin hafi haft mörg frv. til meðferðar hefði hún þó átt að geta gert betri skil.

Viðvíkjandi frv. skal eg taka það fram, að vitaskuld hefir þessi dráttur, sem á því er orðinn, bakað landssjóði ekki svo lítið tekjutap, því að nú þegar búið er að flytja út mikið af fóðurmjöli og áburðarefni. Eg hefi fengið upplýsingar um þetta frá umboðsmanni mínum á Siglufirði og mun eg gera nánari grein fyrir þeim við 2. umr.

En eg skal nú taka fram eitt atriði, sem gerir nauðsynlegt að hraða afgreiðslu þessa máls. Það atriði snertir ekki neitt af því, sem í frv. stendur, heldur snertir það nýja aðferð á útflutningi á síld, sem Norðmennn hafa fundið upp nýlega. Þeir flytja síldina út lausa í skipinu, lítið saltaða, án umbúða, bræða hana erlendis og búa þar til úr henni fóðurmjöl. Nú liggur á Siglufirði stórt flutningaskip, sem á að flytja út 8000 máltunnur af síld á þennan hátt. Það væri óeðlilegt og ranglátt að leggja fullkominn toll 50 aura á hverja 120 potta, á síld, sem er flutt út á þennan hátt. Það væri tollur, sem nærri því svaraði til helmings af kjöttollinum norska, nefnilega 50 aura á 4 kr. virði. En það er ekki heimilt eftir núgildandi lögum að heimta þennan toll. Lögin frá 1907 gera ráð fyrir að síldin sé flutt út í umbúðum, en þegar hún er flutt út án umbúða og laus í skipinu, er ekki hægt að heimta tollinn.

En það er ekki rétt heldur, að þessi síld sleppi álögulaust Það mætti leggja eitthvert lægra gjald á hana þegar hún er þannig útflutt, og þótt tollurinn væri ekki hafður nema hálfur, þá er hann þó af 8 þús. máltunnum, sem jafngilda 10.000 tn á 120 Ltr. Eg vona því að háttv. deild sjái það, að hér getur verið um allstórar upphæðir að tefla daglega og eftir því sem mér hefir heyrst, höfum við ekki ráð á því að tapa miklu fé, og er það sagt til athugana fyrir þær nefndir sem kunna að hafa gaman af því, að súrsa svona mál von úr viti. Eg hefi fengið upplýsingar um það hvað ein síldarverksmiðja, sú sem er í Krossanesi, framleiðir á dag, og eftir því sem mér er frá skýrt, er þar brætt lýsi úr 1500 máltunnum, og fæst ein tunna lýsis hér um bil úr hverjum 8 máltunnum. Það verða um 185 tunnur af lýsi á dag. Svo fæst 1 sekkur, eða 100 kilogr. af fóðurmjöli og áburðarefnum úr hverjum 4 máltunnum, og verða það 300 sekkir eða 3000 kilogr. á dag. Aðrar verksmiðjur eru minni, en eg vona þó að hv. deild sjái að hér er um töluvert að gera. Mér þætti því mjög óheppilegt ef frv. félli nú, og það enda þótt eg sé ekki svo mjög áfram um það í sjálfu sér að hækka lýsistollinn og ekki kappsmál með tollinn á fóðurmjöli og »guano« á þessu ári af því að nú er verðið lágt í útlöndum, vegna þess hve mikið hefir veiðst af fiski í ár í Noregi og því ekki víst að þeir, sem töpuðu á þessum afurðum í fyrra — ef til vill nokkuð fyrfyrir klaufaskap sinn, vinni það meira en svo upp nú í ár. En ef frv. félli nú, þá væri það að gefa þessum félög-

um undir fótinn um það, að þeir þyrftu ekki að búast við slíkum tolli framvegis, og það væri rangt. Og hvað sem því líður, er það nauðsynlegt, að gera eitthvað sem fyrst til þess að ná einhverjum tolli af síldinni, sem eg gat um áðan, og flutt er út umbúðalaus í skipunum.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Einn háttv. þm. hefir talað um að það sé brot á stj.skr., að frv. þetta er hér fram komið. Það er nú reyndar ekki brot á bókstaf stj.skr., en samdóma er eg honum um það að það sé brot á anda hennar. En svo er það, að þetta mál kemur hér fram, brot á öðru, sem meira er vert, en það er heilbrigð skynsemi. Það er brot á henni, að tvö alveg samskonar frv. skuli í einu liggja fyrir báðum deildum þingsins.

Hugsum okkur afleiðingarnar sem gætu orðið af þessu. Hugsum okkur sama frv. liggja fyrir báðum deildum í einu, Nd. breytir því og samþykkir það síðan með eins atkvæðis mun. Í Ed. gengur frv. fram óbreytt, sömuleiðis með eins atkv. mun, kemur til Nd. og er samþykt þar eins, af því að einn maður eða tveir eru veikir. Eins fer í Ed. með hitt frv. og hefir þá þingið samþ. tvent hvað ofan í annað. Þetta er mögulegt, og allir sjá að það stríðir á móti heilbrigðri skynsemi, og eg vil ekki eiga þátt í því að þannig sé farið að.

Háttv. sessunautur minn fáraðist um það tjón sem leiddi af að málinu hefir ekki verið flýtt svo sem skyldi. Eg er honum samdóma um það, en það er ekki mér að kenna, heldur því, hvernig háttv. deild hefir hrúgað mörgum málum á þessa einu nefnd.

Annars hefi eg heyrt sagt að hann hafi ekki viljað tolla síldarlýsi í fyrra. Hvers vegna var honum ekki jafn ant um það þá eins og nú? Mér þætti vænt um að fá skýringu á þessu.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil ekki víta úrskurð hæsv. forseta, en það verð eg að segja, að skjátlast getur honum, þótt skýr sé, enda gaman að fá að vita, *hve mörg* samhljóða frv. eða því sem næst megi vera á ferðinni samtímis, úr því að 2 frv. mega fara saman.

Þetta frumvarp er orði til orðs eins og stj.frv., sem var hér í nefnd, nema 2 línur hafa verið gerðar úr 1 línu í stj.frv. og 2 eða 3 tölum örlítið breytt. Það er borið fram í efri deild, að því að fullyrt er fyrir neðanjarðarforgöngu hæstv. ráðherra, og er það fullkomin nýlunda, að Ed. skuli leyfa sér að hafa frumkvæði að skattalögum, svo mikið nýmæli, að hér er í rauninni, eins og háttv. þm. Seyðf. hefir tekið fram, fullkomin breyting á ferðinni. Að vísu stendur það ekki bókstaflega í stjórnarskránni að Nd. skuli hafa frumkvæði um önnur mál en fé og fjáraukalög, en hér er um mjög svo lík mál að ræða, og jafnvel meiri ástæða til að Nd. hafi aðaláhrif á frumvörp, sem *skapa* eiga nýja skatta, heldur en á frv., sem *ráðstafa* eiga að eins áður gefnum sköttum, enda svo fyrirkomið annars staðar, og ætti þá ekki sízt að vera svo hér, þar sem 6 af 14 sætum í Ed. eru skipuð konungkjörnum þingmönnum. Þessa hefir og undantekningarlaust verið gætt í framkvæmdinni, Ed. hefir aldrei leyft sér slíkt fyr, og eg get mint á það, að hv. 1. þm. Skagf. lýsti sig fyrir nokkrum árum, að gefnu tilefni, á sama máli. Og það er ekki hvað sízt ástæða til að mótmæla aðferð Ed. nú, þar sem hún hefir nýskeð látið sér sæma að fella merkilegt skattafrumv. héðan úr deildinni, svo að segja umræðulaust — reyndar hafði einn af deildarmönnum, og ekki sá skýrasti, verið látinn fara með nokkur orð yfir gröfinni, en vitanlega bara til málamynda. Hæstvirtur ráðherra var ekki við í eigin persónu þeg-

ar þetta gerðist, en eg hygg þó að andi hans hafi svifið yfir vötnunum. Eg óska honum og háttv. Ed. til lukku með þann sigur, en tvísýnt er hvort það borgar sig að vinna marga slíka með þeirri aðferð, sem hér hefir verið beitt.

Þá vil eg víkja nokkuð að frumv. sjálfu, úr því að hæstv. forseti og hv. deild hafa sett það hér til umræðu. Það er, eins og tekið hefir verið fram, í raun-inni sama frumv. og frumv. hv. milliþinganefndarinnar, sem nú er komið úr nefnd, enda sama um það milliþinganefndarfrumv. að segja og hin. Tvö þeirra lýsa dæmafárri vanþekkingu á algengum lögum og jafndæmafárri hroðvirkni; eg á við kolaeinokunarfrumv. og þetta síldarlýsisfrumvarp.

Um kolafrumv. er það að segja, að það mun vera einsdæmi í stjórnmálasögu Danmerkur og jafnvel þótt lengra sé leitað, að nokkur milliþinganefnd og stjórn hafi borið fram frumv., er var augljóst brot á upphafskröfum þjóðarréttarins, en svo var um frumv. þetta, því að samkvæmt því átti að fara öðruvísi með útlendinga en innlendinga. Eg vona að nýtir námsmenn, sem nokkuð eru komnir á veg í lagadeildinni, hefðu ekki strandað á þessu skeri.

Þetta lýsisfrumv. lýsir líka vanþekkingu nefndarinnar á gildandi lögum, meira að segja tvöfaldri vanþekkingu á algengum innlendum lögum, og hefði átt að vera óþarfi fyrir nefndina að flaska á þeim, þar sem í henni sátu 2 gamlir lögreglustjórar. Með leyfi hæstv. forseta leyfi eg mér að lesa upp athugasemdir nefndarinnar aftan við frumv. Þær hljóða svo:

»Til hægðarauka, og til þess að hafa meginmál frumv. sem styzt, er frumv. þessu ætlað að verða viðaukalög við lögin um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl., frá 4. Nóv. 1881. Þetta fyrirkomulag er einnig í fullu samræmi við lögin um útflutningsgjald á hvalafurðum, frá 11. Nóv. 1899. Gjaldhæðin af áburðar- og fóður-efnum er hér ákveðin eins og af samskonar áburðar- og fóður-efnum, búnum til úr hvalbeinum og hvalkjöti. Hins vegar þykir *ekki ástæða* til að taka *hærra* útflutningsgjald af síldarlýsi en öðru lýsi, með því að þessi tegund er ekki verðmætari en t. d. alment þorskalýsi«.

Um upphaf þessarar athugasemdar er eg á sama máli og nefndin. Það var óneitanlega til hægðarauka fyrir nefndina að hafa lögin ekki lengri en 8 línur. En mér virðist að milliþinganefnd, sem starfar fyrir landið og tekur sér 8 kr. dagkaup á mann, 2 kr. hærra en þingmenn og allir milliþinganefndarmenn hingað til hafa fengið, ætti ekki að líta eingöngu á það hvað henni er hægast, heldur líka dálítið á það, hvað öðrum kæmi að gagni. Útflutningsgjaldalögin eru orðin svo mörg, muni eg rétt, 7 að tölu, að fullkomin nauðsyn hefði verið á að draga þau saman í eitt, ekki síður en aðflutningsgjaldslögin um árið. Það hafði mþn. átt að gera og bæta svo við nýmælum einum. Mjög óheppilegt að nefndin gerði þetta ekki, en út yfir tekur þó, að nefndin skuli hvorki hafa vitað að *síldar*lýsi er gjaldskylt eftir rúml. 30 ára gömlum lögum né heldur vitað gjaldið á *venjulegu* lýsi. Hún heldur síldarlýsi gjaldfrjálst og heldur toll af venjulegu lýsi 50 aura af tunnu, en hvorttveggja er tvímælalaust rangt. Síldarlýsi hefir verið gjaldskylt í rúm 30 ár og venjulegur lýsistollur er 30 aurar.

Viðvíkjandi gjaldhæðinni vona eg að allir verði sammála milliþinganefndinni um það, að ekki sé ástæða til að taka hærri toll af síldarlýsi en öðru lýsi, sem sé ekki hærra en 30 aura. Vona með

öðrum orðum að allir verði sammála um að fella þetta. En um hitt, að tolla fóðurmjölið, kökurnar og áburðarefnin, verð eg að taka það fram, að ekki sé rétt að tolla þessar vörur *að svo stöddu*. Fyrst og fremst mundi það afla landssjóði lítilla tekna. Eg hefi reyndar heyrt hv. þm. Ak. gera ekki svo lítið úr þeim tekjum, sem hér sé um að tefla, en hann er nú skáld, þótt hann yrki ekki og hefir allmargar sönnur fært á það mál sitt. Verksmiðjan var ekki nema ein þegar milliþinganefndin samdi frumv. sitt, og nú er þegar langt liðið á veiðitímann. Gjald þetta kynni jafnvel að geta dregið úr tekjum landssjóðs af þessum afurðum síðar meir, ef það yrði nú samþykt. Milliþinganefndin segir sem sé að í ráði sé að stofna líkar verksmiðjur á Suður- og Vestur-landi. Lögin gætu því orðið til þess að hefta þá, sem ekki hafa þegar byrjað á verksmiðjugerð. Slíka tolla á ekki að leggja á fyr en menn eru búnir að festa peninga sína í fyrirtækjunum og tekjuvonin er orðin örugg. — Svo er önnur ástæða til þess að eg vil ekki samþykkja þessi gjöld nú, og hún er sú, að eins og menn vita hefir stjórnin á þingskjali 81 farið fram á það við þessa hv. deild, að styðja sig til samninga við Noregsstjórn, og vona menn að það gæti orðið til lækkunar á tolli á ísl saltkjöti og ísl. hestum í Noregi. Deildin hefir tekið vel í þetta, en mér skilst að það mundi ekki gefa stjórninni betri byr til þessara samningsumleitana ef nú væri farið að samþykkja skattanýmæli, sem aðallega ganga út yfir Norðmenn.

Háttv. þingm. Ak. fann að því, að skattanefndin hefði setið alt of lengi á frv., en það er rakalaus sleggjudómur. Nefndin hefir haft fjölda mála meðferðis, og hafa því hlaðist á hana mikil störf, einkum skrifarann, enda ákvað hún í upphafi og með *öllum* atkvæðum að bera tillögur sínar um tekjuauka þann í deildinni, áður en hún réði til að fella nokkurt frv., er til hennar hafði verið vísað. Og það var eðlilega sjálfsögð aðferð.

Það eru margar nefndir hér í deildinni, sem hafa haft litlum störfum að gegna, og eru *nú* fyrst að skila álitum sínum, og enginn atyrt þær. Það er því undarlegt að menn skuli vera að slá sig til riddara á skattanefndinni, sem hefir haft vandasömustu málin til meðferðar, og engan stuðning hefir haft í undirbúningi stjórnar eða verki milliþinganefndar. Með þessum orðum legg eg það til að frumv. þetta verði felt. Það er áreiðanlegt, að hitt frumvarpið kemst á dagskrá mjög bráðlega. Hæstv. forseti spurði mig í fyrsta sinni í gær hvenær eg gæti lokið við nefndarálitið, og sagði eg að eg muudi gera það í gær eða í dag, enda var það til í gær. Það er því fullkomlega óþarft að leggja svo mikið kapp á að koma Ed. frumv. fram. Hitt frumvarpið getur komist á dagskrá á morgun með afbrigðum frá þ. s., og prýðilega komist út úr þinginu á skemri tíma en 8 dögum. Hitt var brot á þingsköpunum, sem gera átti á dögunum, að þvinga stj.frv. úr nefnd. Það hefði verið ótvírætt brot á niðurlagi 17. gr. þingsk. Þar segir:

> »Eigi má taka málið að nýju til umræðu, fyr en að minsta kosti 2 nóttum síðar en nefndarálitinu er *útbýtt*«.

Og þá má auðvitað ekki taka málið til umræðu *áður* en nefndarálitið er *orðið til*, enda til forsetaúrskurður Ed. mínu máli til stuðnings frá 1887. Stjskrárnefndin hafði klofnað og vildi minnihlutinn láta taka málið fyrir eftir áliti sínu, en meiri hlutinn var ekki tilbúinn. Forseti, Á. Thorsteinsson landfógeti, úrskurðaði að óheimilt væri að taka málið fyrir, fyr en nefndin hefði

lokið störfum sínum, en áminti jafnframt nefndina um að ljúka störfum sínum sem fyrst. Úrskurður forseta var laukréttur, en hér var farið fram á lagabrot á dögunum. Mér sárnaði það, sárnar það altaf þegar augljós lög eru brotin *(H. Hafstein:* af öðrum!) Eg brýt ekki lög vísvitandi, en hér hefði brotið verið svo augljóst, að vísvitandi hefði orðið að vera lögfróðum mönnum.

Ráðherrann (H. H.): Eins og öllum er kunnugt er svo til ætlað að störfum þingsins sé lokið svo snemma, að þingmenn geti komist af stað með Austra. Nú er 16. Ágúst, skipið á að fara sunnudagsmorguninn 25. þ. m. og ekki eftir nema rúm vika af þingtímanum. Það er því augljóst að ekki má gera sér það að leik að draga málin von úr viti, ef þau eiga að geta náð því að fá framgang.

Hér er um skattamál að ræða, sem mörgum þykir máli skifta að komist frá þinginu; á stjórnarfrumv. um þetta efni hefir háttv. skattanefnd setið til þessa, og þess vegna hefir Ed. neyðst til að taka málið upp hjá sér með nýju frv. Það frumvarp hefir nú verið löglega afgreitt frá Ed. og á það því ekki eftir nema tvær umræður í þessari deild til þess að komast í kring.

Ef farið væri að ráðum háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), þá væri kastað burtu öllu starfi Ed. í þessu máli og þyrfti að byrja á nýjan leik hér í deildinni og láta frumvarp sama efnis, er tafist hefir til þessa, ganga fyrst í gegnum tvær umræður hér og síðan þrjár í Ed. Er nú nokkur skynsemi í slíku, ef menn á annað borð vilja unna þinginu frjáls atkv. um málið? Eg sé það ekki.

Eg fer ekki í kappræður við h. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) um verksvið deildanna né heldur mun eg svara hinum rangsleitnu árásum hans á milliþinganefndina. Eg get geymt það þangað til hið frækilega nefndarálit hans um stjórnarfrumvarpið kemur til umræðu — ef eg þá tel ómaksins vert að elta ólar við speki hans.

Háttv. þm. Sfjk. (V. G.) vil eg svara því, að eg álít að það eitt hafi verið gert hér, sem er lögum samkvæmt Það er ekkert í stjórnarskránni sem bannar að slíkt frumv. komi fram í Ed. Hver þingm. hefir rétt til að koma með frv. til skattalaga, bæði Ed. og Nd., og stjórnarskráin segir beint út, að hvor deildin um sig hafi rétt til að stinga upp á lagaboðum, og samþykkja þau fyrir sitt leyti undantekningarlaust (sbr. 21. gr. stjskr.), enda er það alls ekki óþekt, að fjármál hafi fyrst verið rædd í Ed. Árið 1903 var t. d. að því er mig minnir, borið fram í Ed. hið fyrsta lántökufrumvarp, frumvarpið um heimild fyrir stjórnina til að taka $^1/_2$ miljón kr. lán vega tekjuhallans þá, og mörg fleiri dæmi mætti eflaust finna. Það er að vísu óviðkunnanlegt og getur í sumum tilfellum verið óheppilegt að tvö frumv. sama efnis liggi fyrir þinginu í einu, en í þingsköpunum er ekkert ákvæði, sem bannar það og mörg dæmi mætti nefna að svo hefir verið til þessa. Árið 1901 voru tvö stj.skr.frv. í einu borin fram, árið 1902 lágu líka tvö stjórnarskrárfrv. fyrir þinginu á sama tíma, á síðasta Alþingi, 1911, var tveim stjórnarskrárfrv. vísað til svona nefndar, og á þessu þingi hefir hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B) sjálfur borið fram hér í deildinni frumvarp um sama efni og með nálega sömu fyrirsögn eins og frumvarp, sem stjórnin bar fram í Ed. og var þar í nefnd. Eg á við frumvarpið um eftirlit með þilskipum. Hér hefir því ekki verið gert annað en það sem löglegt hefir verið talið og áður tíðkað.

Nú á að slá málið niður með því, að hið langþreyða nefndarálit skattanefndar vorrar, stjórnarfrumvarpið, sé loks-

ins komið. Jú, viti menn! En þegar það loksins kemur eftir strangar og langar fæðingarhríðir frá þingbyrjun, þá er þessi hálfömmur blaðsíða, sem álitið nær yfir alls, eintómur útúrsnúningur og skætingur til milliþinganefndarinnar, sleggjudómar en ekkert, sem gefi neina rétta eða rökstudda leiðbeining um hvort frumvarp um gjald á síldarafurðum og fiskafurðum sé tímabært eða ekki.

Það er kunnugt, að fám dögum eftir þingbyrjun var nefndin búin að afráða að ráða deildinni frá því að samþykkja þetta frumvarp, eins og öll frv. milliþinganefndarinnar yfirleitt og hefði því verið hægt að koma með þetta *pródúkt* þegar fyrir mánuði síðan. En hv. skrifari nefndarinnar hefir ekki haft tíma! Það er ekki hægt að lá þessari háttv. deild það, þó hún álíti að hún hafi líka rétt til að hafa skoðun á málinu eins og þessi háttv. nefndarskrifari hefir sína, og því var það ekki nema alveg eðlilegt, að hún um daginn með áskor un meiri hluta þingdeildarmanna um að taka málið á dagskrá, sýndi h. nefnd, að hún gat haft öllum höndum við nefnd ina, ef því var að skifta.

Ákvæði þingskapanna sem hv. 1 þm. Rvk. (L. H. B.) vitnaði í, snertir ekki þessa spurningu, heldur á að eins við það, hversu lengi nefndarálit eigi að liggja til athugunar áður en málið sé tekið á dagskrá afbrigðalaust Sama valdið sem skipar nefndir og felur þeim mál til íhugunar, getur auðvitað tekið þau frá nefnd aftur, ef sérstök ástæða virðist til. Og hér var sú sérstaka ástæða, að það var í almæli, að sumir, sem mikið vilja láta til sín taka í nefnd inni, hefðu ákveðið það þegar fyrir þing, að ekki eitt af frumvörpum milliþinganefndarinnar ætti að fá að ganga fram, enda er sagt að það hafi verið leiðarstjarna hv. 1. þm. Rv. (L. H. B.), að sjá um það að allar uppástungur nefndarinnar yrðu kæfðar, hvort sem það kemur til af því, að hann álítur þær svo vitlausar eða ástæðurnar eru aðrar.

En nú voru frumvörpin lögð fyrir þingdeildina en ekki fyrir hann einan, og fyrst nefndin ekki gat ráðið við skrifarann varð deildin að sýna, að hún réði við nefndina.

Háttv. þm sagði, að þetta frv. sem nú liggur hér fyrir frá Ed. hefði verið borið fram í Ed. fyrir neðanjarðar forgöngu mína. Eg lýsi þetta ósatt. Eg vissi ekkert um frumvarpið fyr en það var komið á prent. Eg vísa til baka hinum móðgandi ummælum hans um Ed. í sambandi við þetta mál.

Eins og eg gat um áðan ætla eg ekki að svara árásum hans á milliþinganefndina; að eins vil eg geta þess, að aðdróttun hans til hennar um heimsku og vanþekkingu á gildandi lögum byggist á lítilfjörlegri pennavillu eða prentvillu í athugasemd við frumvarpið, sem engum mentuðum mönnum annarsstaðar mundi detta í hug að leggja neina áherzlu á, því að slíkt kemur ekkert efni málsins við, og mundi ekki nefnt nema þá með kurteysri bending til athugunar. En þannig fer enginn með lítilfjörlega og málefni óviðkomandi skekkju, nema markmið hans sé að gera þeim, sem hlut eiga að máli til ósóma. Eg beini þessum orðum mínum beint til þess þingmanns sem skrifaði nefndarálitið, en ekki til nefndarinnar í heild sinni.

Um frumvarpið sjálft vil eg taka það fram, að meðan útflutningsgjald er á fiski og lýsi yfirleitt, þá má, samræmis vegna, ekki sleppa þessu gjaldi sem það fer fram á. Það má vera að 30 aura tollur á síldarlýsi sé nægilegt en þó held eg að það þoli vel 50 aura toll; en það er mér ekkert kappsmál. En að sleppa tolli á fóðurmjöli og áburðarefnum úr síld, er ástæðulaust meðan útflutningsgjald er af samskonar afurðum

af hval. Það getur verið álita mál hvort brýn þörf er á gjaldi á áburðarefni nú þegar, en það munar líka litlu fyrir landssjóð. Eg mæli með br.till. hv. þm. Ak. (G. G.) að bæta við ákvæðum um tollinn af síld, sem ekki er pökkuð í ílát. Það getur verið, að líta megi svo á, að síld sem flutt er út umbúðalaus í farmrúmi skips, sé gjaldskyld eftir núgildandi lögum um útflutningsgjald á síld; en gjaldið er þá alt of hátt í samanburði við síld í umbúðum, sem eingöngu hefir verið miðað við þegar gjaldið var álagt, og það getur í öllu falli ekki skaðað, að beint og ótvírætt ákvæði um þetta efni sé nú sett í lögin.

Eg vil að eins bæta örstuttri leiðréttíng við það sem eg sagði áðan. Það var misminni að lagafrumvarpið um lántöku fyrir landssjóð frá 1903 hafi fyrst verið borið upp í Ed. Það kom frá fjárlaganefnd Nd. Þessa upplýsingu á eg að þakka háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.). En eg tel víst, að önnur dæmi megi finna, þegar tími vinst til að leita í þingtíðindunum. Eg legg þó lítið upp úr því, þar sem orð og ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni eru alveg ótvíræð og hiklaus:

»Hvor alþingisdeildin fyrir sig á rétt á að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti«.

Í þessu ákvæði felst næg heimild til þess að bera megi upp slíkt frv. í Ed. Um hitt atriðið, hvort rétt hefði verið að vísa málinu frá, vil eg benda á 28. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir:

»Þegar lagafrumv. er samþykt í annari hvorri þingdeildinni, *skal* það lagt fyrir hina deildina í því formi, sem það er samþykt«.

Það hefði því verið beint stjórnarskrárbrot að leggja þetta frv. ekki fyrir Nd.

Benedikt Sveinsson: Það verður ekki annað sagt, en að þetta sé nýstárleg aðferð af hálfu Ed., þar sem hún leyfir sér að taka til meðferðar og ráða til lykta máli sem lagt hefir verið fyrir Nd. og var í nefnd þar. Þetta er gagnstætt allri þingvenju og þingsköpum, þótt það sé ekki bannað þar með beinu ákvæði, sem stafar einungis af því, að mönnum hefir ekki komið til hugar að slík fjarstæða gæti átt sér stað. Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ó.) sýndi ljóslega, að slík aðferð væri brot gegn heilbrigðri skynsemi og leiddi rök að því, hversu illa það getur komið heim, ef sama mál er samtímis til meðferðar í báðum deildum og hefði mátt sýna það með fjölda mörgum öðrum dæmum; en það er óþarfi; þetta er svo augljóst, enda er þetta gerræði Ed. nýung í þingsögunni. Ed. hefir í öðru atriði sýnt þessari deild ókurteisi og gerræði, þar sem hún hefir nú í dag felt nær umræðulaust mikilsvarðandi mál, sem búið var að samþykkja hér í deildinni.

Mér finst því, það eitt hefði verið, rétt, að vísa þessu máli frá umræðum þegar er það kom hingað. En úr því það var ekki gert, þá ætti að minsta kosti að skapa því aldur nú, svo að það fari ekki lengra en til 1. umr. Deildin ætti að bíða eftir því frv., sem löglega er hingað í deildina komið og getur verið til 2. umr. á morgun. En þó að ekki væri nú því til að dreifa, að þetta frv. væri ólöglega inn í deildina komið, þá er það þó sá gallagripur, að rétt er að fella það engu að síður, eins og nefndin hefir lagt til einróma. Í fyrsta lagi er það, að eina ákvæðið, sem komið gæti til mála að samþykkja, þetta um tollinn á síldarlýsi, það er *óþarft*, sökum þess að alt lýsi er tollað áður. En ef sú er tilætlunin, að hækka toll á þessu lýsi úr 30 aurum upp í 50, eins og í frv. stendur, þá er það *ranglátt*, því að síldarlýsi er framleitt með miklu

meira kostnaði en aðrar tegundir lýsis, en þó ekki verðmætara en þorskalýsi, að því er háttv. þm. Ak. (G. G.) hefir sagt. Verksmiðjur þær, er lýsið vinna úr síldinni, eru mjög dýrar og hæpið að þær beri sig. Að minsta kosti töpuðu þær stórfé í fyrra. Það er því óráð, að elta slíkar stofnanir með háum tollum, og má ekki gleyma því, að landinu er hagur að því að þær starfi hér. Útvegsmenn geta selt þeim skemda síld, sem þeir geta ekki komið í verð að öðrum kosti.

En verri eru ákvæðin um að leggja toll á fóðurmjöl, fóðurkökur og áburðarefni, sem unnin eru úr fiskúrgangi, því að þar er verið að leggja á varning, sem ekki er til. Þetta er hinn svo nefndi *áhugatollur*. Eg hefi það fyrir satt, og get borið fyrir því merkan mann, er látið hefir þess getið á prenti nýlega, að útlendur maður, sem ætlaði sér að stofna hér verksmiðju til niðursuðu á fiski og kjöti, hætti við það, er hann komst að því, að líklegt væri, að Alþingi Íslendinga mundi leggja toll, máske mjög tilfinnanlegan, á niðursuðuvörurnar. Það þarf varla að útskýra það, að landsmönnum væri hagur að því að hér væru stofnaðar verksmiðjur, er hagnýttu fiskúrgang. Í fyrsta lagi væri með því stofnuð ný atvinna hér, í öðru lagi mundu slíkar verksmiðjur auka þrifnað í veiðistöðvunum, þar sem nú víða mikill óþrifnaður að fiskiúrgangi, sem liggur í hrönnum í fjörunum. Í þriðja lagi framleiða slíkar verksmiðjur vörur, sem landinu gæti orðið gagn að, eins og fiskikökur og áburðarefni. Enn er það, ef slíkar verksmiðjur komast á stofn, þá kemst fiskiúrgangur í nokkurt verð, og mundi þá útvegurinn bera sig betur, gæti ef til vill stundum munað því, að útgerðarfélag, sem ekki ber sig nú, gæti flotið, ef það hefði dálitlar tekjur af úrgangi þessum, sem nú er verðlaus og verri en ónýtur.

Auk þessa má minna á það, að verksmiðjurnar mundu gjalda hér öll almenn gjöld, svo sem tekjuskatt, húsaskatt, aukaútsvar o. s. frv.

Það er því að öllu leyti mjög misráðið að fara fyrirfram að leggja tolla á þessar vörur, sem ekki eru til. Slíkt miðar ekki til annars en að aftra því, að fyrirtækin verði stofnuð, því að þótt þessi tollur sé ekki ýkjahár, þá sýnir hann þó ágirnd löggjafarvaldsins íslenzka og getur fælt útlenda menn frá því að leggja fé í þessi tvísýnu fyrirtæki. Þeir geta búist við, að Alþingi leggist á fyrirtækin með hærri sköttum síðar meir. Það er sannarlega ekki of mikil atvinna eða framfarafyrirtæki í landinu, þótt löggjafarvaldið fari ekki að vaða út í sjóinn á móti þeim, eins og grenjandi ljón til þess að bæja þeim frá landinu. Eg legg því til að frumvarpið verði felt.

Guðl. Guðmundsson: Eg vil taka það fram, að eg get ekki álitið að tollur á lýsi, fóðurmjöli eða kökum, muni spilla fyrir þessari framleiðslu. Þeir sem kunnað hafa komið þessum verksmiðjum á fót hafa gengið út frá því sem gefnu, að tollur verði lagður á það eins og aðrar vörur af sömu tegung. Mér er það óskiljanlegt að þessi tollur gæti hrætt menn frá því að setja upp verksmiðjur, til þess að vinna fóðurmjöl eða áburðarefni úr síld.

Bjarni Jónsson: Það er að bera í bakkafullan lækinn að vera að víta Ed. fyrir það, að verða að verkfæri til þess, að ná málum af nefndum úr Nd. Allir geta séð hve ódrengilegt þetta er og undarlegt er það, að Ed. skyldi einmitt vera að hrifsa þetta mál af nefnd, þar sem mörg önnur, og það mikilsverðari mál liggja í miklu verri nefndum, en þessari. Stjórnarskrármálið hefir

hefir nú t. d. beðið um alt þingið. Ed. hefði átt að taka það af nefndinni, en Ed. þykir það ef til vill minna vert en lýsið.

Hvað snertir ræðu háttv. þingm. Ak. þá tel eg það ganga fíflskap næst að samþykkja lög, sem leggja gjald á eina þjóð, Norðmenn, og það þjóð, sem við einmitt nú erum að leita samninga við um mikilsvert málefni. Norðmenn myndu ekki álíta það neinn vinsemdarvott að við færum að leggja toll sérstaklega á vöru þeirra. Að leggja þennan toll á, er það sama sem að taka aftur áskorunina til stjórnarinnar í dag, því enginn efi er á því, að svona frumv. spillir voninni um góðan árangur fyrir stjórninni.

Eg er samþykkur háttv. þingm. N-Þingeyinga (Ben. Sv.). Harla undarlegt að leggja toll á iðnaðarfyrirtæki, sem enn eru ekki sett á stofn, einkanlega þegar iðnaðarfyrirtækið er það, að vinna nýta vöru úr ónýtu rusli.

Engin ástæða er heldur til þess að leggja toll á þetta, þó útlendingar eigi í hlut. Þykir mér það herfilegt, ef sú venja fer að komast á hjá okkur, að við tökum 2 aura af útlendingum fyrir það sama, sem við borgum 1 eyri. Ef þessari venju heldur áfram verðum við innan skamms að endemi um allan heim. Lánstraust landsins er nú þegar orðið afleitt, illmögulegt nú orðið að selja ágæt verðbréf, því Íslendingar eru farnir að fá orð fyrir að vera fjárglæframenn, og þegar nú þar við bætist að útlendingum er selt alt dýrara en Íslendingum, þá fer lánstraustið varla batnandi.

Landið fær aldrei lánstraust með þessu móti, og auðsætt er það, að þeir menn, sem eru slíkum lögum hlyntir, láta sér í léttu rúmi liggja, hvort Íslendingar verða nokkurn tíma sjálfstæðir eða ekki.

Tekjur, sem koma í landssjóð á þennan hátt, eru fljótteknar, en illa fengnar og bera því engan góðan ávöxt. Er því engin ástæða til þess að samþykkja þetta frv.

Eg vil að endingu taka undir með hv. þm., að órétt væri af Ed. að taka þetta mál af nefndinni í Nd. Þetta og þvílíkt má hindra með nýja stjórnarskrárfrumvarpinu, sem afnemur alla konungkjörna þingmenn, enda mun ekki af veita, ef Ed. ætlar að fara að haga sér þannig, ef Ed. ætlar að fara að skoða sig eins og lávarðadeild, en okkur smælingjana í neðri deild eins og nokkurs konar »próletara«, sem ekki hafi vit á neinu og því eigi engu að ráða.

Viðvíkjandi því, að hækka eigi tollinn á síldarlýsi, þá sé eg enga ástæðu til þess, að hærri tollur sé á því, en öðru lýsi. Er nægilegt að tollurinn sé 30 aurar af hverri tunnu, eins og ákveðið er í lögunum frá 4. Nóv. 1881.

Eg sé mér ekki fært að tala lengur að þessu sinni. Vil eg þó að menn ræði málið nákvæmlega, því þó málið sé ef til vill vel undirbúið frá Ed., þá er þó ekki úr vegi að Nd. skoði það betur og jafnvel vísaði því til skattamálanefndar.

Vil eg þó ekki gera það að tillögu minni, fyr en umræðum er lokið.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Eg er ekki samdóma háttv. þm. Dalamanna. Eg sé ekki að neitt sé á móti aðferð Ed. Hún á fullan rétt til þess, þó frv. snerti fjármálin, og óþarfi finst mér það að drepa málið við 1. umræðu.

Fjarstæða var það sem háttv. þm. sagði, að þetta gjald komi að eins niður á Norðmönnum. Það kemur ekki frekar niður á þeim en Íslendingum, því Íslendingar geta alveg eins og þeir sett upp verksmiðjur til þess að vinna

fóðurmjöl og áburðarefni úr síld, og enda þótt tollurinn kæmi niður á Norðmönnum, þá léti eg mér það litlu skifta, því viðskifti okkar við Norðmenn eru oss ekki til neins hagnaðar. Norðmenn koma hingað og eru hér að eins til þess að græða á okkur. Skil eg ekki í háttv. þm. Dal, sem altaf hefir fyrir sitt mottó: »Ísland fyrir Íslendinga«, að hann vilji láta Norðmenn hafa öll möguleg hlunnindi, þá sem engin viðskifti vilja af okkur hafa, nema til þess að græða á okkur, og gaman þætti mér að sjá, hvort hv. þm. Dal. hefði fylgt þessum hlunnindum svo fast fram, ef Danir, en ekki Norðmenn hefðu átt hlut að máli.

Hvað tollinn snertir, þá álít eg hann með öllu réttmætan.

Valtýr Guðmundsson: Mér fellur það mjög illa að Ed. þannig hefir tekið fram fyrir hendurnar á Nd. og komið með skattafrumv. til Nd. Gremst mér það þó sérstaklega að hv. Nd hefir fallist á þetta.

En til þess að skilja þetta verða menn að vita sögulegan uppruna þessara ákvæða. Sögulegi uppruninn er sá, eftir því sem prófessor Matzen segir, að ákvæðin eru tekin eftir enskri fyrirmynd. Enska stjórnarskráin er fullkomnasta fyrirmyndin, sem til er, fyrir þingbundinni stjórn. Og í Englandi hefir því verið slegið föstu gegnum margar aldir, að neðri málstofan ein hafi rétt til að flytja frumvörp til laga um alla skatta og öll gjöld. Efri málstofan má ekki gera annað en játa eða neita. Svona langt hafa menn ekki farið hjá öðrum þjóðum. Menn hafa einungis heimtað að slík frv. væru fyrst lögð fyrir neðri deildina. Þó segir prófessor Matzen, að eftir grundvallarlögum Prússa megi Ed. ekki gera neinar breytingar á fjárlögunum, hún megi ekki gera annað en samþykkja þau eða neita þeim. En aftur á móti er það ákveðið í stjórnarskrá Belgíu að sérhvert frv. til laga um tekjur eða útgjöld skuli fyrst lagt fyrir neðri deildina, en lengra er ekki farið. Sama ákvæði er í grundvallarlögum Dana og þaðan er það komið inn í stjórnarskrá vor Íslendinga.

Það er svo í öðrum löndum að það er stjórnin sem leggur öll slík frumv. fyrir þingið. Það á sér varla stað að einstakir þingmenn geri það. En sá óvani tíðkast hér, að þingmenn setjast niður og semja frumvörp á 5 mínútum og demda þeim inn í þingið. Þetta hefir líka sinn sögulega uppruna. Við höfum lengi orðið að berjast við útlenda stjórn, sem lítið hirti um framfarir landsins. Þingið varð því að taka til sinna ráða að reyna sjálft að efla framfarirnar og afla tekna til framkvæmdanna. En svo hefir það orðið, sem ekki átti að vera, að þessu hefir verið haldið áfram, eftir að innlend stjórn var fengin. Eg vil ekki saka hæstv. núverandi ráðherra um, að þessu er þannig varið nú á þessu þingi. Hann er löglega afsakaður, því að hann má ekki leggja frv. fyrir þingið nema hann fái til þess samþykki konungs og ríkisráðsins (*Bjarni Jónsson:* Þarf samþykki ríkisráðsins?) og til þess hafði hann engan tíma, svo sem allir vita. En eg vildi vona, að þessi óvandi legðist niður, og að það verði stjórnin sem leggur fjármálafrumvörp fyrir þingið eftirleiðis, eins og tíðkast annarsstaðar. Það er reyndar satt sem hæstv. ráðherra tók fram, að eftir 21. grein stjórnarskrárinnar hefir hvor deildin sem er, rétt til að koma fram með frumvörp og samþykkja þau. Það er alveg rétt, þetta er almenn regla. En engin regla er án undantekningar, og undantekningin er í 25. gr. Og eftir anda stjórnarskrárinnar nær þetta miklu lengra en bókstafurinn segir til, og þegar andann og holdið greinir á, er það andinn sem á að hafa yfirhöndina. Það getur vel

verið að hæstv. ráðherra hafi rétt fyrir sér í því, að það hafi komið fyrir áður að tvö frv. sama efnis hafi legið fyrir þinginu. Þó minnist eg þess ekki, og mér er nær að halda að þetta sé í fyrsta skifti. Það hefir ef til vill stundum mátt virðast að svo hafi verið, en þá hefir annað frv. skoðast sem stór breytingartillaga við hitt. —

Mér er eiginlega óskiljanlegt, hvað mikið kapp er komið inn í þetta mál. Eg get ekki séð, að það sé svo þýðingarmikið. Hæstv. ráðherra hefir upplýst að í stjórnarfrv. sé pennavilla, 50 aurar fyrir 30 aura, og þegar það er nú líka upplýst að 30 aurar eru ákveðnir í gildandi lögum, þá sé eg ekki hvaða ástæða er til að endurtaka það. Þar sem hv. þm. V-Ísf. hélt því fram að þetta ákv. væri nauðsynlegt, þar sem hér væri ekki um lýsi að ræða heldur síldarolíu, þá held eg að hann verði að koma með breytingartillögu við 1. gr., því að þar er síldarolía ekki nefnd á nafn, heldur síldarlýsi. Síldarolían verður því tollfrí eftir sem áður.

Annað ákvæðið er það, að tolla áburðarefni. Það hefir verið tekið fram, að þessi áburðarefni eigi að vinna úr fiskiúrgangi, þorskhausum, slori og öðru þess háttar. Eg held, að sízt ætti að leggja nokkur höft á það, að verðmæt efni verði unnin úr því, sem hingað til hefir verið talið með öllu ónýtt og verið fleygt í sjóinn. Eg held þvert á móti, að fyrir því ætti að greiða sem bezt, því að það hlýtur að vera hagur fyrir landið, að eitthvað fémætt verði unnið úr þessu. Að minsta kosti mætti bíða með að demba tolli á það, þangað til sést hversu arðvænlegt það verður. Það var öldungis rétt sem hv. þm. Dal. (B. J.) tók fram, það liggur slæmur orðrómur á okkur í útlöndum. Ef talað er um að fá útlendinga til þess að taka þátt í fyrirtækjum, sem á að reka hér á Íslandi, þá er vanaviðkvæðið: Á Íslandi er nokkuð sem heitir Alþingi, það leggur toll á alla skapaða hluti og hann tvöfalt hærri á útlendinga en landsmenn. Þetta hljómar sí og æ, og eg er sannfærður um, að það heldur áfram að hljóma þegar það spyrst út úr landinu að við ætlum að fara að selja útlendingum kolin hærra verði en landsmönnum. Þess vegna er varhugavert að samþykkja þennan lið, því að það yrði til þess að vekja enn betur athygli á, hvernig Íslendingar fara með útlendinga.

Þá er ekki annað eftir en fóðurmjölið og fóðurkökurnar. Það getur verið sanngjarnt að leggja toll á það. En ætli það sé svo mikils virði að það sé tilvinnandi að semja lög um það. Það hefir verið talað um að útvega landssjóði tekjur af því, en enginn þingmaður hefir getað gert neina áætlun um, hvað miklar tekjur það gefi landssjóði. Það lítur út fyrir að tekjuvonin sé svo lítil að menn kinoki sér við að gefa upplýsingar um það. Háttv. þm. Ak. (G. G.) ætti að vera þessu svo kunnugur að hann gæti það *(Guðl. Guðmundsson:* Eg hefi gert það). Svo miklu getur það ekki numið að landssjóð muni neitt um það. Aftur á móti getur landhaft margt gott af því að þessi iðnaður komist hér á. Landsmenn mundu verzla við þessa menn og fá hjá þeim atvinnu. Og svo er annað, þetta mundi bæta markaðinn fyrir þá síld, er Íslendingar veiða sjálfir. Síldarverðið fer eftir því, hvað mikið kemur af síld á markaðinn, og þegar síldin er notuð í þetta er von um að verðið hækki á saltaðri síld sem Íslendingar flytja út. Háttv. þm. V-Ísf. (M. Ó.) er á móti því að leyfa Norðmönnum að nota atvinnuvegi vora. Eg skal játa, að það væri heppilegra að

Íslendingar gætu þetta sjálfir. En þá vantar fé eða þá vantar kunnáttu. Ef þetta reynist arðvænlegt lærist Íslendingum það fljótt. Hvernig var það með síldarveiðarnar? Norðmenn komu hingað og tóku síldina af okkur, en við höfðum það gott af því, að við lærðum að veiða síld. Og af því hafa sumir Íslendingar orðið sterkríkir, eftir því sem hér er kallað. En hér er nú reyndar flest kallað auðæfi, og sá maður ríkur, sem á meira en fyrir daglegum útgjöldum.

Eg sé ekki betur en töluvert mæli með því, að láta bæði frv. falla. Sérstaklega er ástæða til þess fyrir deildina að fella þetta frumv., þar sem það er svona tilkomið, hvað sem hún svo gerir við stjórnarfrv. Leyfi hún þetta óátalið lætur hún Ed. ganga á réttindi sín, og það er slæmt dæmi fyrir eftirkomendurna.

Lárus H. Bjarnason: Eg ætla að fá að segja nokkur orð út af ræðu hæstv. ráðh. (H. H.) í dag. Vona að nú sé runnið svo af okkur báðum, ekki sízt hæstv. ráðherra eftir hvíldina, að við getum talað sæmilega hitalítið. Eg ætla að rekja ræðu hæstv. ráðherra eftir því sem eg hefi skrifað orð hans niður hjá mér, enda þótt samhengið verði lítið, af því að ræða hans var allsendis sundurlaus.

Hann sagði, að ef frv. þetta yrði felt, þá færi til ónýtis mikil, geysimikil vinna efri deildar. Frv. gekk nefndarlaust og svo að segja umræðulaust gegnum þrjár umræður deildarinnar! En úr því að hæstv. ráðh. (H. H.) alt í einu er orðið svo ant um, að vinna þingsins fari ekki til ónýtis, hví fór hann þá ekki upp í efri deild í dag, til þess að gæta þess, að vinna háttv. *neðri* deildar við verðtollsfrv. væri ekki unnin fyrir gýg.

Hæstv. ráðh. (H. H.) hélt því fram hér í deildinni í dag, að Ed. hefði oft haft frumkvæði í fjármálastarfi þingsins, og þóttist hann hafa dæmi á takteinum því til styrktar, lántökuheimildarlögin frá 1903. En hæstv. ráðherra fór þar með skakt eins og honum hættir svo mjög við, sérstaklega þegar hann hitnar. Eg sýndi honum fram á það eftir fundinn, að hann hefði haft á röngu að standa, en hann laut ekki svo lágt að líta við því, fullyrti meira að segja að hv. þm. Borgf. (Kr. J.) hefði átt upptökin að lögunum, í stað þess að Nd. átti það og Kr. J. talaði *móti* þeim.

Hæstv. ráðh. (H. H.) kastaði til mín gælunafni fyrir leiðréttinguna, gælunafn sem eg kæri mig ekki um, að hafa upp hér í þingsalnum, sízt nú er hann hefir játað það opinberlega að hann hafi farið með staðlausa stafi og þakkað mér fyrir leiðréttinguna, enda fyrirgef eg honum gælunafnið og hitaorðin.

Hæstv. ráðh. (H. H.) vitnaði í 21. gr. stjórnarskrárinnar því til sönnunar að leggja mætti fyrir hvora deild sem væri öll frumvörp nema fjárlög og fjáraukalög, en sú lögskýring líkist fremur skýringu viðvanings en löglesins ráðherra. Viðvaningar þykjast góðir þegar þeir geta borið fyrir sig tiltekna grein og halda að þeir séu þar með leiddir í allan sannleika, en því fer mjög fjarri að svo sé. Það líkist því að sjá einstakt eða einstök tré, en sjá ekki skóginn. Eða heldur ráðherra að þingmaður, hvort heldur í Ed. eða Nd. geti borið upp frv. til samþyktar á landsreikningnum. Eða heldur hann að það verði borið upp í Ed. Nei, sannarlega ekki. Og þó er hvorugt bókstaflega bannað í stjórnarskrá eða þingsköpum.

Sama má segja um skýringuna á 28. gr. Hæstv. ráðh. (H. H.) vitnaði í hana og vildi með því sanna, að deild *yrði* að taka hvaða frumv. til umræðu sem frá hinni kæmi. Setjum svo, að efri deild hefði nú afgreitt frv. til stjórnar-

skrár, en kallað það einhverju öðru nafni. Eftir kokkabók ráðherra ætti hv. Nd. að taka slíkt frumv. til umræðu, en eg er handviss um að forseti tæki slíkt frumv. aldrei á dagskrá. Hann mætti það ekki, yrði að vísa því frá samkv. 26. gr. þingskapanna. Tökum enn annað dæmi. 2. gr. stjórnarskrárinnar mælir svo fyrir, að löggjafarvaldið sé hjá konungi og Alþingi í sameiningu. Eftir kenningu ráðherra ætti ekkert annað löggjafarvald að vera til. En líti hann í 11. gr. Þar sér hann að konungur einn hefir leyfi til að setja bráðabyrgðarlög. Annað eins og þetta ætti maður ekki að þurfa að hlusta á úr ráðherrastólnum.

Enn sagði hæstv. ráðherra (H. H.) að bera mætti fram tvö frumv. sama efnis, og sagði meira að segja að eg hefði borið fram frv. sama efnis og stjórnarfrv. um öryggi skipa og báta, en þetta nær ekki nokkurri átt. Muninn á frumv. mínu og frumv. hæstv. stjórnar getur hvert barnið séð. Eða þekkir ekki hæstv. ráðherra mun á formi og efni, enda hétu frumvörpin sínu nafni hvort.

Eg vil spyrja. Hve mörg samkynja frv. mega vera samtímis á ferð í þinginu, megi þau vera 2, hví þá ekki 3, 4, 5, 10, 20 eða 40?

Hæstv. ráðh. (H. H.) var að reyna að bera í bætifláka fyrir frumvarp mþn., en fórst það ekki höndulega, sagði að 50 aurar væri prentvilla fyrir 30 aura! Trúi því hver sem vill og getur, að 50 aurar sé prentvilla hjá milliþinganefnd, stjórn og efri deild. Ed. búin að leggja afarmikla vinnu í frv. og búin að samþykkja það við þrjár umr. Er það þá líka prentvilla hjá milliþinganefndinni að síldarlýsi hafi verið gjaldfrjálst áður. *(Ráðherra:* Þingmaðurinn hafði ekki hugmynd um þetta sjálfur). Það sannaði ekkert þótt satt væri. Eg hefi aldrei átt að taka toll af síldarlýsi, sat heldur ekki í milliþinganefndinni. Ef eg hefði setið þar, þá hefði slík villa aldrei komið fyrir. Eg hefði lesið lögin frá 4. Nóvember 1881, áður en eg hefði farið að prjóna við þau, en það hafa nefndarmennirnir auðsjáanlega ekki gert.

Hæstv. ráðherra fáraðist mikið út af því, að eg hefði viðhaft stór orð um þetta. Eg skal játa það, að eg hefði getað viðhaft vægari orð, en eg er einu sinni vanur að tala eins og eg hugsa og skafa ekki utan af því, segja það vanþekkingu og hroðvirkni sem vanþekking og hroðvirkni er. Annars ferst hæstv. ráðherra ekki að finna að »stóryrðum« mínum. Hann *talaði* miklu frekara, þó að ekki búist eg við að *lesa* það í Þingtíðindunum. Vil að eins segja honum í mesta bróðerni, að mér finst það ekki hæfa umboðsmanni, að setja ofan í við umbjóðendur sína, ekki hæfa ráðherra að atyrða þingmenn.

Hæstv. ráðherra (H. H.) sagðist hafa heyrt, að eg hefði verið ráðinn í því, að gera mitt til að frv. milliþingan. kæmust ekki fram. Hæstv. ráðh. heyrir svo margt. Eg heyri ekki jafnmargt, enda fer eg ekki víða. En samt hefi eg heyrt ýmislegt sem í frásögur væri færandi, en eg gef þó ekki um að hafa yfir. Annars væri það sízt goðgá að koma þeim frumvörpum fyrir kattarnef. Þau eru jafnilla orðuð og þau eru vanhugsuð, en hæstv. ráðherra gerir mér of hátt undir höfði með því að segja, að eg hafi felt frumvörpin einn.

Eg hefi þó lýst yfir því áður, að eg hafi mælst undan því að verða skrifari eða framsögumaður í nokkru máli milliþinganefndarinnar, ekki af því að eg þyrði ekki að eiga orðastað við ráðh., það er ekki svo hættulegt, heldur af því að eg vildi ekki reita hann til reiði, enda hefðu þau fallið fyrir hverjum sem vera skyldi. Og víst er um það, að

ekki drap eg kolafrumvarpið; stjórnin sá sem rétt var sóma sinn og lagði það ekki fyrir þingið. Ekki drap eg heldur tóbaksfrumvarpið. Hæstv. ráðh. varð að horfa upp á að virkta vinir hans gerðu það, þar á meðal 2 notariusar, sem hafa orð á sér fyrir að vera fremur taumliðugir. Hinum 3 hefi eg að vísu með góðra manna hjálp reynt að lóga, og vona að það lánist, en eg er þar ekki nema einn af átján vona eg.

Annars er mér óskiljanlegt að þetta útburðarfrv. skuli geta kveikt í nokkrum. Landssjóði gerir það ekkert eða a. m. k. *nauða* lítið gagn, og ekki verður sómi margra þúsunda milliþinganefndarinnar mikill fyrir það, þó að frv. líkt lang-aumasta frumvarpi nefndarinnar gengi fram, frv. sem rubba hefði mátt upp betur á örfáum mínútum.

Eg þarf ekki að tala meira; legg fast á móti frv., vil ekki einu sinni greiða atkv. með því að láta það í »lítið«.

Eggert Pálsson: Eg þykist skilja af hvaða rótum þetta frv. er runnið; það mun vera til komið í því skyni að ná sér niðri á skattamálanefndinni, líkt og kom fram í dag, er felt var í Ed. frv. frá skattamálanefndinni í Nd. Eg býst ekki við, að eg sé spámannlega vaxinn, en það liggur í hlutarins eðli, að ef önnur tekur upp frv., sem liggur fyrir hinni, þá muni það ekki hafa heillavænlegar afleiðingar, hvorki nú né framvegis.

Þá skal eg víkja að málinu sjálfu. Eg hefi verið á móti því að leggja toll á síldarlýsi, fóðurkökur, áburðarefni o. fl. ekki af því að eg hafi horn í síðu milliþinganefndarinnar. En mér finst það lýsa ránfuglshætti að leggja á þennan toll og aðra tolla á þessu þingi, aukaþingi. Aftur skal eg ekki segja, að eg verði á móti því á komandi þingi.

Önnur ástæða mín til að vera á móti þessu frv. er sú, að hér er ráðist á fyrirtæki, sem orðið getur þýðingarmikið í framtíðinni. Ef strax er hlaupið til að leggja toll á þessar afurðir, getur það leitt til þess, að þetta iðnaðarfyrirtæki leggist niður, og er þá ekki skysamlega af stað farið. En næði þetta fyrirtæki að blómgast og yrðu líkar verksmiðjur tíðar um landið, þá mundi það verða til mikilla heilla og aukinnar framleiðslu í fyrsta lagi fyrir sjávarútveginn, þar sem til þessa atvinnureksturs er notað rusl og annað það, sem vant er að hirða ekki við sjóinn, og í öðru lagi fyrir landbúnaðinn, að því leyti sem fóðurkökur, fóðurmjöl og áburðarefni eru einmitt efni, sem landbúnaðurinn þarf á að halda.

Þriðja ástæða mín til að vera á móti frumv. er sú, að nú í dag hefir verið hér í deildinni samþykt tillaga um samningaumleitun við Norðmenn. Mér þykir það ekki lýsa mikilli stefnufestu, ef sama deildin 1—2 kl st. seinna fer að gera sitt til að hefta árangur af fyrirtækjum þeirrar þjóðar, sem hún vill ná samkomulagi við, fyrirtækjum, sem eru rétt að komast á laggirnar.

En þó að eg vilji ekki leggja toll á þessar afurðir nú, þá skal eg ekki segja, hvort eg mundi ljá því fylgi á næsta þingi, ef auðsætt væri, að verulegur arður er orðinn af þessu.

Ráðherrann (H. H.): Fáein orð. Háttv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.), gaf það í skyn, að með kolafrv. milliþinganefndarinnar sé framið brot á þjóðarréttinum, og vitnað í Hagerup því til sönnunar. En þetta hefir Hagerup aldrei sagt, þótt hann væri málspartur þar, en úrskurðarvald ekki. Ákvæði kolafrv. um að heimta dálítið hærra landssjóðsgjald af kolum, sem seld eru útlendum skipum, heldur en hið almenna einkasölugjald, en nákvæmlega sama, eins og ef lagt hefði verið á kolin útflutnings-

gjald, sem mismuninum nemur. En það er aftur nákvæmlega sama leiðin sem Englendingar fóru í Búastríðinu og þar á eftir. Það mun sýna sig eftir nokkur ár, að menn munu skoða frv. í öðru ljósi en nú er gert af sumum og gæti eg jafn vel trúað því, að háttv. 1. þm. Rvk. kynni þá einhvern tíma í byrjun þings að sæta lagi að verða öllum öðrum fyrri til að bera einmitt samskonar frumv. fram sem flutningsmaður.

Sami háttv. þm. brá milliþinganefndinni um að það væri sprottið af vanþekkingu hennar, að stinga upp á útflutningsgjaldi á síldarlýsi, þar sem það gjald mætti heimta eftir útflutningsgjaldslögunum frá 1881. En það er öllum kunnugt, að þegar þau lög voru sett var ekkert til, sem hét síldarlýsi. Það er alveg nýtilkomin vara, óþekt hér áður. Stjórnarráð var einnig í vafa um, hvort taka mætti gjald af þessari nýju vörutegund sem öðru lýsi, og mörgum fleiri þótti það vafasamt. Nefndinni virtist því rétt, og í öllu falli engu til spilt þótt tekið væri upp um þetta skýrt ákvæði.

Að þetta frv., verði það að lögum, muni spilla fyrir væntanlegum samningaumleitunum við Norðmenn, tel eg mjög ósennilega til getið. Það eru engar málaleitanir frá þeim um það, að sleppa þeim frá almennum gjöldum hér, heldur um alt annað efni, enda er frv. alls ekki beint á móti þeim sérstaklega.

Það eru fleiri en Norðmenn, sem eru farnir að bræða síld og búa til úr henni fóðurefni nyrðra. Stærsta verksmiðjan á Siglufirði, sem þetta hefir með höndum, er ekki rekin fyrir norskt, heldur þýzkt eða hollenzkt fé.

Lárus H. Bjarnason: Hæstv. ráðherra hélt því fram að sá sem fengi manni eitthvert vald gæti aftur tekið það af manni og deild þannig tekið mál af nefnd, en hefir ráðherra þá aldrei heyrt getið um óafturkallanlegt umboð, þegar deildin skipar nefnd veitir hún henni óafturkallanlegt umboð til að fara með málið. Samkv. 17. gr. þingskapanna getur deildin ekki tekið það umboð af nefndinni, sem hún hefir falið henni. Annað dæmi má og benda á. Samkv. 4. gr. stjórnarskrárinnar skipar konungur yfirdómara sem aðra embættismenn, en samkv. 44. gr. getur hann þó ekki svift þá embætti. Þeir verða ekki sviftir því nema með dómi.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. þm. vitnar í 17. gr. þingskapanna, sem alls ekki segir aukatekið orð um það, að ekki megi heimta fram á dagskrá mál, sem nefnd situr með. En jafn vel þótt það stæði í þingsköpum, sem ekki stendur, að ekki megi taka mál frá nefnd, þá mætti auðvitað víkja frá því þingskaparákvæði eins og öðrum ákvæðum þingskapa, með atkvæðagreiðslu í deildinni. En eg lít svo á að hér þurfi engin afbrigði frá þingsköpunum, heldur sé það í fullu samræmi við þau er gert hefir verið.

Eggert Pálsson: Eg vil gera stutta athugasemd út af þeim orðum hæstv. ráðherra (H. H.) að einn maður hafi ráðið því í nefndinni að nefndarálit um þetta mál sem um er að ræða komi ekki fram fyr en nú. Þetta er ekki rétt. Þó ekki sé alment leyft að segja frá því, sem gerist í nefndum, þá finn eg þó skyldu hjá mér sem formaður nefndarinnar til að leiðrétta þessi ummæli. Þegar um það var rætt hvort senda ætti þetta mál frá nefndinni inn í deild með nefndarál. áður en önnur mál væru frá henni komin, þá voru við atkvæðagreiðslu um það þrír nefndarmenn með því, þrír í móti, en einn greiddi ekki atkvæði. Þetta olli því að dráttur varð á að nefndarlitið kæmi fram. Allir vita að ekki eru svo margir dagar síðan hin málin, lotterífrv., verðtolls-

frv. og farmgjaldsfrv. komu frá nefndinni, að hægt sé að gera kröfu til að einn maður hafi á þeim tíma afkastað mörgum nefndarálitum. En það er satt, sem skrifari nefndarinnar hefir tekið fram, að hann hefir reynt að koma skriftunum upp á meðnefndarmenn sína, en þeir hafa færst undan, og talið það skyldu sem á honum einum hvíldi.

Björn Kristjánsson: Eg vil með örfáum orðum gera grein fyrir því hvers vegna eg vil að frv. þetta sé felt. Í fyrstu var eg, þegar eg leit á frumv. í fljótu bragði, ekki fjarri því að vera því meðmæltur, einkum vegna ákvæðisins um toll á síldarlýsi. Mér fanst rétt að leggja toll á þetta lýsi eins og annað lýsi, ef það væri ekki þegar tollað. En þegar nefndin fór að athuga lögin, þá uppgötvaðist það að sami tollur hvílir á þessu lýsi samkvæmt gildandi lögum sem þorskalýsi, nefnilega 30 au. á tunnuna, og þar sem nú þetta lýsi er ekki verðmætara en þorskalýsi, þá álít eg ekki ástæðu til að hækka tollinn á því sérstaklega. Þetta er ástæðan til þess að eg er nú á móti þessum lið frv.

Í öðru lagi er eg hikandi við að leggja toll á hinar vörurnar sem nefndar eru í frv., fóðurmjöl o. s. frv., bæði af því að við erum nú á aukaþingi sem stofnað er til í öðrum tilgangi en að leggja á skatta, og af því að eg álít ekki rétt að elta fyrirtæki sem verið er að setja á stofn. Tel hyggilegra að vera ekki of veiðibráður. Eg álít einkum varhugavert að tolla þessar vörur á aukaþingi, því að þá liti út eins og við keptumst við að elta með tollálögum hvert nýtt fyrirtæki sem stofnað er í landinu. En eg er ekki »í principi« á móti útflutningsgjaldi á vöru; eg er þvert á móti meðmæltur því, og það af sömu ástæðu sem er þungamiðja farmgjaldsins, sem sé sú að vissa er fyrir að alt gjaldið verði greitt í landssjóð, ekki hægt að draga undan. Eg mun því ekki vera á móti því að leggja á reglulegu þingi útflutningsgjald á þessar vörur, fóðurmjöl etc. eftir að fyrirtæki þessi eru búin að standa í nokkurn tíma og reynsla er fengin fyrir því að þau beri sig.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Guðl. Guðmundsson	Eggert Pálsson
Hannes Hafstein	Benedikt Sveinsson
Jóh. Jóhannesson	Bjarni Jónsson
Jón Magnússon	Björn Kristjánsson
Kristján Jónsson	Einar Jónsson
Matthías Ólafsson	Halldór Steinsson
Ólafur Briem	Jón Ólafsson
Sig. Sigurðsson	Lárus H. Bjarnason
Stefán Stefánsson	Skúli Thoroddsen
Tryggvi Bjarnason	Valtýr Guðmundss.
Þorleifur Jónsson.	

Önnur umr., 19. Ágúst.[1])

[Framsögumaður (Lárus H. Bjarnason): Efni frv. þessa var rætt svo rækilega, þegar frv. Ed., sem nálega orði til orðs var samhlj. þessu, var til umr. hér í deildinni, að ekki er ástæða til að fara um það mörgum orðum, enda tilgangslaust eftir því sem sakir nú standa.

Aðeins skal mint á það, að óþarfi er að lögleiða *nú* toll af síldarlýsi, því að það hefir verið gjaldskylt síðan í ársbyrjun 1882 samkv. lögum 4. Jan. 1881, þó að milliþinganefndin síðasta hvorki vissi það, né heldur hitt, hve hár tollur er af algengu lýsi, og sátu þó í nefndinni 2 gamlir tollheimtumenn.

Allir ættu því að vera sammála um að 1. liður 1. gr. eigi að falla, en 2. og 3. liður frv. eiga líka að falla. Lögleiðing tolls á áburðar- og fóður-efnum

[1]) Það sem er hér í hornklofum er eiginlega 2. umr. um *stjórnar*frv., og á inn á undan strykinu á 121. dálki. Málabókin skakt færð.

úr síld gæti dregið úr frambúðartekjum landssjóðs af þessum tollstofnum. Það er sem sé í ráði að stofna hér verksmiðjur til þess að framleiða þessar vörur, t. d. eina í Vestmanneyjum, en vafalaust verður, eftir því sem kunnugir menn hafa sagt mér, hætt við að stofna þær, ef nú verður lagður nýr tollur á þessar vörur.

Í öðru lagi er það undarlegt, ef við förum að lögleiða þennan toll, sem aðallega kemur niður á Norðmönnum, einmitt nú þegar ráðherra er í samningum við þá um lækkun á tolli á íslenzkum hestum og saltketi í Noregi. Það hefði varla góð áhrif á afdrif þeirra málaleitana, ef við færum nú að íþyngja norskum fyrirtækjum með nýjum sköttum. Hér við bætist að engin sennileg ágizkun liggur fyrir um það, hve tollurinn muni nema miklu, yrði líklega lítilræði, sem ekkert dygði. Nefndin leggur því eindregið til að frv. stjórnarinnar verði felt.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg mun eigi halda langa ræðu. Eg hefi borið fram þá till. að fella mál þetta burtu með rökstuddri dagskrá. Hér liggur fyrir deildinni frv., sem er lengra á veg komið og sem mér fellur betur í geð með þeirri breytingu, sem eg hefi stungið upp á. Frumvörpin eru svipuð að efni en ekki samhljóða. Eg vil benda á, að það er óvarkárt að fella þetta frv., því þá er hætt við að því verði haldið fram á eftir, að ekki sé leyfilegt að taka hitt frv. til meðferðar, vegna þess að búið sé að fella frv. með samkynja efni. Þetta frumv. á eftir fjórar umr., en hitt frv. aðeins eina í þessari deild og eina í Ed., og er því sjálfsagt að láta það síðarnefnda ganga fram eða falla, en taka hið fyrra út af dagskrá. Eg skal geta þess, að eg tek aftur br.till. mína á þgskj. 153, og vil eg jafnframt benda á það, að eg kem fram með brt. við næsta frv. um nýja 1. gr., og legg eg mikla áherzlu á hana; það getur orðið skaði fyrir landssjóð ef sú gr. er ekki tekin upp í lög, og það sem fyrst. Eg vona að háttv. deild fallist á dagskrána.

Jón Ólafsson: Hr. forseti! Eg vil benda h. þm. Ak. (G. G.) á það, að eg sé ekki betur en að þessar br.till. hans séu sama efnis, og getur því ekki nema önnur þeirra komið til atkvæða. Eg vil líka benda á það, að ekkert er því til fyrirstöðu að hægt sé að afgreiða þetta frv. á þessu þingi.

Í brezka perlamentinu hafa oft verið á einum og sama degi 3 umræður um stærri mál en þetta. Eg vil vekja athygli háttv. þm. Ak. (G. G.) á því, að verði dagskrá hans samþykt, þá eru bæði málin þar með fallin, því ekki má taka upp frumvörp sama efnis og annað, sem bægt hefir verið frá með rökstuddri dagskrá. En það má líka vel afgreiða þetta frv. með afbrigðum frá þingsköpunum í báðum deildum. Eg er meðmæltur br.till. um toll á síld, sem ekki er flutt í tunnum, og álít að ástæða væri til að samþykkja frv., þótt innihald þess yrði ekkert annað en það.

Pétur Jónsson: Eg sé ekki betur en að þetta frv. sé sama efnis og það frá Ed., og er því sama hvort þeirra er samþykt, með þeim breytingum, sem deildin vill, og því sjálfsagt að taka það, sem lengra er á veg komið; hitt væri að leika sér með tíma bænda og annara utanbæjarþingmanna. Eg legg því til að þetta frv. sé tekið út af dagskrá.

Ráðherrann (H. H.): Þetta frv. er stjórnarfrv., og leyfi eg mér að taka það aftur.

Benedikt Sveinsson: Eg tek frv. upp aftur.

Ráðherrann (H. H.): Þá óska eg að málið sé tekið út af dagskrá.

Frams.m. (Lárus H. Bjarnason): Eg vil benda hæstv. ráðherra (H. H.) á það, að frv., sem einu sinni er búið að »vótera« inn á dagskrá, verður ekki af dagskránni tekið, nema það sé »vótaerað« út aftur.

Háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) vil eg svara því, að hér er enginn að leika sér með tímann. Við vildum aðeins að það frv. yrði tekið fyr til umræðu, sem er löglega inn í deildina komið. Eg er sammála háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.), að verði dagskráin samþykt, þá eru bæði málin þar með fallin, en eg vildi bara heldur að hann hefði geymt að segja þetta þangað til seinna. Eg er honum líka sammála um það, að nægur tími sé til að afgreiða þetta mál á þessu þingi; það getur hver reiknað út, sem kann að telja til laugardags eða mánudags. Enda á nú einmitt, fyrir milligöngu ráðherra, að flýta með afbrigðum frá þingsköpunum máli, sem skemra er á veg komið.

Ráðherrann (H. H.): Eg get ekki fallist á það að hitt málið sé þar með fallið, þó þessu máli verði vikið frá með rökstuddri dagskrá, en það er forseta að úrskurða það. Í öðru lagi verð eg að halda fast við það, að stjórnin hafi leyfi til að óska þess, að mál, sem hún hefir borið fram, séu tekin út af dagskrá, enda var þetta mál alls ekki vóterað inn á dagskrá, og endurtek eg því hér með þá ósk af hálfu flutningsmanns frv., að það sé tekið út af dagskrá í dag.

Forseti (A. M.): Eg neita því að málið hafi verið vóterað inn á dagskrá. Atkvæðagreiðslan stóð aðeins um það, hvort málið ætti að koma fyr til umræðu. (*Lárus H. Bjarnason:* Það er sama sem). Eg álít að ekkert sé því til fyrirstöðu að eg geti tekið það af dagskrá, og geri eg það því nú eftir tilmælum hæstv. ráðherra (H. H.) eins og eg hefi nálega alt af hingað til orðið við líkum tilmælum einstakra þingmanna.]

Guðlaugur Guðmundsson: Eg vil með nokkrum orðum gera grein fyrir brtill. á þskj. 293. Eg gat þess við fyrri umr., að mér hafi verið send tilkynning frá umboðsmanni mínum á Siglufirði, um að nú sé í ráði að flytja út síld án umbúða til Noregs. Ætlast er til að hún verði verkuð þar og búið til úr henni lýsi, fóðurmjöl o. fl. Lögin frá 31. Júlí 1907 gera ráð fyrir því að sú síld, sem gjald er lagt á, sé í einhverjum umbúðum. Var eg því í dálitlum vafa um það, hvort toll ætti að leggja á þessa síld. Gerði eg því fyrirspurn til stjórnarráðsins því viðvíkjandi og hefi eg fengið svar þess, að sú síld, sem útflutt sé án umbúða, sé tollfrjáls.

Eg hefi þess vegna farið fram á í brtill. minni að lagt sé gjald á síld, er flutt er út umbúðalaus í farmrúmi skips: 25 aura á hverja tunnu (108—120 ltr.).

Í 2. lið á sama þskj. legg eg það til, að tollurinn af hverri tunnu síldarlýsis verði 30 aurar í stað 50 aura. (*Lárus H. Bjarnason:* Þetta er óþarfa viðbót, því í lögum frá 1881 er lýsistollurinn ákveðinn 30 aurar á tunnu). Þá vil eg leyfa mér að upplýsa hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) um það, að 1881 var ekkert síldarlýsi til, að eins sel-, þorska- og hákarla-lýsi og því geta lögin frá 1881 ekki beinlínis haft það lýsi fyrir augum, sem ekki var til, vöru sem fyrst var farið að búa til 30 árum síðar. Mér finst vafasamt, hvort það sé »analogt«, að taka síldarlýsið í flokk með hinu, þar sem um toll er að ræða. (*Lárus H. Bjarnoson:* Háttv. þm. veit ekki hvað »Analogi« er).

Þótt. hv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) segi að eg viti ekki hvað Analogi sé, þá er

þó sú setning gömul, að enginn eigi að gjalda skatt eða þola hegningu, nema skýr lög séu til þess, og því er vafasamt hvort hægt er að dæma menn til þess að borga toll af síldarlýsi eftir lögum frá 1881, sem ekkert geta ákveðið um síldarlýsi, þegar það var ekki til. Því er ástæða til brtill., sem tekur af allan vafa.

Eg hefi lagt til að tollurinn á fóðurmjöli verði 30 aurar á 100 kg. í stað 40 aura. Verðið á fóðurmjöli er mjög breytilegt, í fyrra var það 16 kr. á 100 kg., og nú er það að mig minnir 14 kr. á 100 kg.

Eg viðurkenni það, að tollurinn á þessum fóðurtegundum og áburðarefnum er tiltölulega hærri en á lýsi, en það er ekki gott við því að gera, eins og málið liggur fyrir.

Talað hefir verið um, að ekki væri gott að gera áætlun um tekjurnar af þessu. Ef gert er ráð fyrir 2 verksmiðjum, þá má gera ráð fyrir að þær geti brætt 2000 máltunnur á dag. 8 máltunnur þarf í hverja lýsistunnu og 5 máltn. í hver 100 kg. af fóðurefnum. Eg hygg, að það sé lágt í lagt, að í 2—3 slíkar verksmiðjur fari 60—80 þús. máltunna á ári. Geta þá allir skynbærir menn reiknað, hve mikið þær gefi af sér af lýsi, fóðurmjöli og áburðarefnum.

Ekki get eg séð að þessi tollur þurfi að hefta atvinnugreinina, fremur en önnur álög til landssjóðs. Framleiðendurnir búast sjálfir við honum og telja hann ekkert ósanngjarnan. Hér er fylgt sömu meiginreglu, sem fylgt hefir verið í 30 ár um slíkar atvinnugreinar. Hitt, að tollurinn komi aðallega niður á Norðmönnum, er ekki allskostar rétt. Verksmiðjan á Siglufirði stendur ekki á norsku, heldur hollensku fé. Veit eg það og, að önnur af stóru verksmiðjunum á Eyjafirði stendur ekki eingöngu á norsku fé, heldur líka fé frá öðrum löndum. Get eg ekki séð að þetta geti á nokkurn hátt spilt fyrir samningnum við Norðmenn út af kjöttollinum, því allir geta séð, að við fylgjum sömu reglu gagnvart þeim og öðrum.

Vona eg að háttv. Nd. samþykki þessar brtill. og afgreiði þær til Ed.

Framsögum. (Lárus H. Bjarnason): Það ætti ekki að þurfa langan tíma til að sannfæra hv. þm. Ak. (G. G.) um að tollur sé á síldarlýsi, því að samkv. lögunum frá 1881 er alt lýsi tollskylt, jafnvel það lýsi, er kynni að vera brætt úr okkur hv. þm. Ak. Það væri því ekki nema leikur og hann ekki áferðarfallegur, að fara nú að löggleiða síldarlýsistoll á ný, enda hefir hv. þm. heimt toll af síldarlýsi.

Hinn nýi tollur af fóður- og áburðarefnum mundi til frambúðar fremur draga úr tekjum landssjóðs en hitt, með því að hann mundi fæla menn frá að leggja fé í nýjar verksmiðjur.

Og loks hlyti það nýmæli að spilla fyrir samningafúsleik Norðmanna við oss, því að hversu oft sem tönnlast er á hinu gagnstæða, þá mundi tollurinn þó aðallega hitta þá.

Ráðherrann (H. H.): Það er óþarfa hræðsla við þennan toll, að hann hræði menn frá því, að setja upp verksmiðju til að vinna úr síld, því að þeir menn, sem það hafa í huga, búast jafnvel við hærra gjaldi en þessu.

Þá get eg heldur ekki skilið í því, að þetta geti spilt fyrir samningum við Norðmenn, því þeir geta ekki álitið að þetta gjald sé sérstaklega á þá lagt. Þetta gjald kemur ekki frekar niður á Norðmenn en Íslendinga, það gengur jafnt yfir alla, og það virðist segja sig

sjálft, að á meðan lýsistollur er í lögum, þá er ósamræmi í því að sleppa þessari tegund lýsis.

Annars ætla eg ekki að tala frekar um þetta. Eftir því sem fram hefir komið um óskir manna viðvíkjandi þessu máli, vona eg að það eigi vísan framgang hér í deildinni.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg álít þetta frv. tæplega löglega undirkomið. Eg hefi ekki mikið á móti því ef brtil. hv. þm. Ak. (G. G.) yrðu einar samþyktar og hinu yrðu öllu slept; hitt sem í frv. er, má gjarnan bíða næsta þings, en eg tel þörf á að leggja nú þegar toll á síld, sem út er flutt án umbúða.

Hvað það snertir, hvort þessi tollur yrði til þess að styggja Norðmenn svo mjög, að samningaumleitunin við þá færist fyrir eða yrði að engu, þá er mér sama. Mér er sama hvort samningurinn tekst eða ekki.

Vinir frumv. ættu að fella úr þetta ákvæði um 30 aura tollinn á lýsi, því hann er áður ákveðinn með lögum.

Pétur Jónsson: Eg vil vekja athygli á því, að í framleiðslu á fóður- og áburðar-efnum úr síld er tollvernd hér á landi með útflutningsgjaldinu á saltaðri síld. Það er 50 au. á tunnu. Það má telja að úr 13 tunnum af síld fáist 1 tn. af lýsi og 234 kg. af áburðarefni. Gjaldið af áburðar-efninu mundi vera svo sem 1 kr. og af 1 tn. af lýsi er hún 50 aurar, samkv. frv., til samans yrði því 150 kr. gjald af því, sem unnið er úr 13 tn. af síld, en á þeim er kr. 6.50 útflutningsgjald. Það er því mjög lítill hluti af tollverndinni sem tekið er burt með tolli þeim sem frv. setur, og þess vegna er eg með því.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg ætla að leyfa mér að gera dálitla athugasemd við það, sem hv. þm. S.-Þing. (P. J.) sagði. Hann miðaði við það, að þessar verksmiðjur ynnu áburðarefni úr síld eingöngu, en þannig er því ekki varið alstaðar. Guanoverksmiðjan í Vestmanneyjum gerir ráð fyrir því, að vinna áburðarefni bæði úr síldarúrgangi og öðrum úrgangi og þessi síldarúrgangur er vara, sem ekkert annað er hægt að gera við.

ATKV.GR.:

Brt. á þskj. 293, 1. sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. á þskj. 293, 2. (fyrra atriði) sþ. með 15 : 1 atkv.

Brt. á þskj. 293, 3. (síðara atriði) sþ. með 14 : 1 atkv.

1. gr. nú 2. gr. sþ. með 11 : 5 atkv.

2. gr. nú 3. gr. sþ. með 13 : 4 atkv.

3. gr. nú 4. gr. sþ. með 13 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin talin samþykt án atkv.-greiðslu.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 5 atkv.

Þriðja umr. 21. Ágúst.

Benedikt Sveinsson: Það er hálfþreytandi að vera að fást við þetta frv., sem á að knýja í gegnum þingið með lagaleysi og rangindum. Við 2. umr. var bætt við nýrri grein, sem nú er 1. gr. og á víst að vera til að réttlæta það, að frv. gangi í gegnum þingið.

Háttv. flm. hefir gert grein fyrir á hvern hátt sé ætlast til að greitt sé útflutningsgjald af síld, sem flutt er laus í skipi út úr landinu. Nú er greiddur 50 aura tollur af hverri tunnu af útfluttri síld. *(Guðl. Guðmundsson:* Það er ekki rétt). En nú er farið fram á að greiða 25 au. af hverri tunnu af síld, sem flutt er út umbúðalaus.

Eg sé ekki að hér sé um neitt nýmæli að ræða, og þó er þetta eitthvað það skársta, sem í frv. stendur. Í 2. gr. er gert ráð fyrir 30 au. tolli af hverri

tunnu síldarlýsis. Það er hinn mesti óþarfi að lögleiða þetta, því að það hefir staðið í lögum í 30 ár, að greiða skuli 30 au. toll af hverri lýsistunnu, og hlýtur það jafnt að gilda um síldarlýsi og annað lýsi.

Háttv. þm. Ak. (G. G.), sem mest hefir haft um framkvæmd þessara laga að fjalla, hefir upplýst, að hann hafi tekið toll af síldarlýsi. Hann álítur þó nauðsynlegt að taka það með hér, og ber fyrir misskilning einhvers manns í stj. ráðinu, sem auðsjáanlega veit ekki hvað lýsi er.

Með þessu finst mér vera nokkuð mikil virðing lögð við fáfræði manna í íslenzkri tungu, að gera sérstaka grein um síldarlýsi.

Þetta frv., sem sumpart leggur toll á þá hluti, sem ekki eru til, kemur í veg fyrir stofnun þarflegra fyrirtækja í landinu og aftrar því að betra hreinlæti geti átt sér stað í fiskiverum heldur en tíðkast hefir hingað til, því að þessar verksmiðjur mundu kaupa slor og annan fisk-úrgang til að vinna úr. Einnig miðar frv. að því að hindra að útgerðarmenn geti komið í verð úrgangi úr fiski, sem þeir fá ekkert fyrir nú.

Það hefir verið talað um, að þetta frv. gengi í bága við hag Norðmanna hér á landi, og er það alveg rétt. En það sem lagt er á þessar útlendu stofnanir, sem kaupa efni til að vinna úr af Íslendingum, kemur niður á Íslendingum sjálfum, því að verksmiðjurnar sjá sér ekki fært að kaupa efnið háu verði þegar hár tollur er lagður á það, sem úr því er unnið. Og það er upplýst, að þessar stofnanir á Norðurlandi hafa ekki borið sig, enda hefir það komið fram í viðskiftum við landsmenn, því að eg heyri sagt að nú sé greitt fjórðungi minna fyrir síldarúrgang og slor heldur en í fyrra.

Er nú nokkur knýjandi ástæða vegna fjárhags landssjóðs til að vera að koma með þetta frv.? Eg held ekki. Eg held að þingið sé nú þegar búið að gera ráðstafanir til að afla landssjóði álitlegs tekjuauka. Þegar verið var að berjast fyrir lotterífrumv. hér á dögunum, var sagt að með því myndi borgast í landssjóðinn alt að 400,000 kr. Svo hefir verið samþ. í Nd. frv. um vörugjald og má telja víst að það verði samþ. í Ed. líka, og er áætlað að það gefi af sér 200,000 kr. Ennfremur má gera ráð fyrir að með einkasölu á steinolíu fáist um 100,000 kr. tekjur. Þetta alt saman talið verður um 700,000 kr., og virðist því vera óþarfi að koma með þetta frv. í því skyni að auka tekjur landssjóðs, enda sjá allir að hér er um lítilræði eitt að ræða fyrir landssjóðinn. — Það eina sem frv. getur gert, er, að lögbjóða það, sem áður er lögboðið og stemma stigu fyrir nýjum atvinnurekstri í landinu.

Þingdeildin hefir sýnt þessu frv., sem komið er fram á all-einkennilegan hátt, of mikla þolinmæði hingað til, og ætti nú að marka því aldur við 3. umr.

Guðl. Guðmundsson: Eg skal ekki halda langa ræðu. Hinn háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) veður reyk, og gerir sig beran að því að vera ókunnugur mjög þeim atriðum, er að þessu máli lúta.

Lögin frá 31. Júlí 1907 leggja ekki toll á aðra síld en þá, sem flutt er út í umbúðum. Síld, sem flutt er út laus í farrúmi, er tollfrjáls eftir okkar lögum. Þar er gat á löggjöfinni. Það væri ekki höggvið svo lítið skarð í landssjóðinn, ef hann færi á mis við útflutningsgjald af þeirri síld, sem flutt er út á þennan hátt.

Þetta vildi eg taka fram að er bygt á hreinum misskilningi hjá þm., enda er ekki gott frá sanngirninnar sjónar-

miði að fylgja því fram, að borgaðir séu 50 aurar af hverri tunnu; það er óheyrilega hár tollur.

Eins bryddi á ókunnugleika þm., þegar hann vildi segja, að ástæðan til þess að þessi atvinnuvegur er stundaður minna nú heldur en í fyrra, sé sú, að það séu lagðar svo þungar kvaðir á hann.

Ástæðan er ekki sú, að menn hafi óttast kvaðirnar, heldur hitt, að afurðirnar, þetta fóðurmjöl, eru í lægra verði í útlöndum nú en í fyrra.

Eg skal svo ekki fara frekar inn á þetta mál, en vona að deildin samþykki það nú við 3. umr.

Halldór Steinsson: Eg skal að eins taka fram, að eg er eindregið andvígur þessu frv. og öllum slíkum frv., er ganga í líka átt. Það er óeðlilegt að leggja höft á atvinnuvegi, sem miða að aukinni framleiðslu í landinu. Það er undarleg tilhneiging að vilja hafa toll á sjávarafurðum, sem auk þess mestmegnis kemur niður á Íslendingum einum. Mér finst það tilhlýðilegra fyrir þingið að styrkja þessar atvinnugreinir fremur en hefta.

ATKV.GR.:

Frv. samþ. með 13:8 atkv. og afgr. til Ed.

Þingfararkaup alþingismanna.

FRUMVARP til laga um þingfararkaup alþingismanna (265, 369, 372, 375, 379, 409):

1. umr. 21 Ágúst.

Benedikt Sveinsson: Allir viðurkenna, að það sé skylda löggjafarvaldsins að leitast við að bæta kjör þjóðarinnar. Og eg þykist vita, að allir háttvirtir þingmenn hér vilji gjarna gera þetta.

Þegar þessu þingi slítur, fær þjóðin fregnir um all-margar og all-þungar nýjar álögur, sem koma niður á öllum stéttum. Þetta færir alþjóð heimsanninn um föðurlega umhyggju þingsins fyrir henni.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, sýnir ljóst, að þingið hefir ekki brugðið stefnu sinni, hvorki að því er snertir álögur á almenning, né hinni, að bera umhyggju fyrir einstökum mönnum og bæta hag þeirra, því það fer fram á að auka dagpeninga allra þingmanna utan Rvíkur um 3 kr., og t d. greiða þingmanni, sem á heima í Görðum á Álftanesi eða í Hafnarfirði, 20 kr. í ferðakostnað o. s. frv. Þetta má heita lofsverður áhugi á að bæta kjör þingmanna þ. e. *landsmanna* og að auka útgjöld hinna, sem ekki eru þingmenn, og þó landsmenn, »að nafninu«.

Bjarni Jónsson: Eg stend upp að eins til að lýsa yfir því, að eg tel frv. þetta illa til fundið og óþarft í alla staði.

Ef til vill eru laun eða dagpeningar þingmanna of lág, og væri ástæða til að hækka þau, en hér er hvorki tími eða tækifæri til slíks. Það ætti að bíða næsta fjárlagaþings.

Það er athugavert að gera mun á dagpeningum Reykvíkinga og annara landsmanna. Það gæti valdið því, að Reykvíkingar yrðu frekar kosnir á þing en aðrir, ekki fyrir þá sök, að þeir væru hæfari heldur ódýrari, og það yrði fjársparnaður að kjósa þá. Eg býst sjálfur við að verða búsettur í Reykjavík, og mundi eg ekki spilla kosningarhorfum mínum með því að mæla svo, ef mér þætti hæfa að gefið væri með Reykvíkingum til þingsetu.

Ekki sé eg þörf á að setja nánari reglur en til eru fyrir þingfararkaupi alþingismanna; því eftir þeirri nákvæmni, sem kom fram í dag í umræðunum um ferðakostnað minn, sé eg enga ástæðu til að ætla, að þingmenn

reikni ferðakostnað sinn of hátt — telji hesta eða fylgdarmenn, sem þeir hafa aldrei haft, eða annað slíkt. Að minsta kosti get eg ekki vænst rangra reikninga frá þeim háttvirtu þingmönnum, sem nú skipa þessa deild. Hins gæti eg vænst, að þeir skoruðu á hverju þingi á stjórnina að rannsaka *nákvæmlega* alla ferðareikninga sína. Að þessu athuguðu fæ eg ekki betur séð en þetta frv. megi gjarna falla nú þegar.

Ráðherrann (H. H.): Þetta frv. er ekki nýr gestur. Það er vel athugað og undirbúið í Ed., og sé eg ekki annað en það eigi fullkominn rétt á að komast til 2. umræðu.

Einar Jónsson: Flestir þingmenn munu hafa orðið varir við það, að háyaði þm. er óánægður með dagpeninga sína. En allir hafa hikað við »að hengja bjölluna á köttinn«, og er það máske vorkunn þeim, sem valtir eru í sessi en vilja þó gjarnan sitja. Eg fyrir mitt leyti er ekki svo hræddur við kjósendur mína, að eg þori ekki að greiða þessu frv. atkvæði.

Þótt háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði í skopi um þetta mál, þá sagði hann það satt, að frv. miðar til að bæta kjör, sem þarf að bæta. Og það er aldrei nema rétt og virðingarvert að þora að bæta það, sem þarf að bæta, hvað sem Pétur eða Páll eða aðrir kjósendur æruverðir segja þar um.

Þótt háttv. þm. Dal. (B. J.) segi hætt við, að þetta frv. fjölgi Reykvíkingum á þingi, þá get eg varla skilið, að hann álíti það. Eg býst við, að menn kjósi Reykvíkinga ef þeim sýnist svo, en aðra ef þeim líkar það betur, hvað sem kaupmuninum líður. En hvað þingfararkaupinu viðvíkur, þá vil eg sem minst fara út í einstök atriði þess. Og allra síst vil eg bera það saman við ferðakostnað viðskiftaráðunautsins, því hann er búinn að fá nógar ákúrur í dag, þó eg »bæti ekki gráu ofan á svart«. Honum mun bezt, að um það atriði sé talað sem fæst.

En frv. þessu mun eg gefa atkvæði mitt.

Matthías Ólafsson: Hr. forseti! Hv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) talaði um frv. þetta með háði og galsa. Það hefði máske átt við, ef hann hefði talað við kjósendur sína í N.-Þing. (B. Sv.) en hér átti það ekki við, því málið er alvarlegt. Eg er sannfærður um að háttv. þm. þætti þetta kaup ekki nóg, ef hann ætti að sitja á þingi alla daga, þó hann máske metnaðar vegna vilji láta sér nægja það stund og stund. Kaupið er svo lítið, að það væri betra að fara í »Klóakinn« hérna í læknum og vinna þar eins og óbreyttur verkmaður en að sitja á þingi.

Þetta frv. miðar að því að bæta hag manna í framtíðinni, og ef einhverjum kæmi til hugar að væna okkur þess, að við vildum draga okkur fé með því að samþykkja frv., þá er ráð til að koma í veg fyrir það, og ráðið er að ákveða, að lögin skuli ekki ganga í gildi, fyr en eftir næstu kosningar. Eg legg til, að það ráð verði tekið. *(Bjarni Jónsson:* Því má frv. þá ekki bíða næsta þings?).

Ekki trúi eg því, að menn kjósi frekar Reykvíkinga, þó þeir verði 2—3 kr. ódýrari á dag, enda tæpast það mannval hér, að ekki sé nóg, jafn gott eða betra annarstaðar.

Eg álít mjög heppilegt að fastákveða ferðakostnað þingmanna, því það getur komið í veg fyrir þref um það á hverju þingi og óánægju utan þings — að eg ekki segi deilur og róg.

Eg greiði því atkvæði með frv.

Guðlaugur Guðmundsson: Þess ber að gæta að kaup alþingismanna var ákveðið 1843 og síðan hafa peningar fallið geysi mikið í verði. 3 ríkisdalir

voru þá talsvert há borgun, en það vita allir að 6 kr. á dag nú orðið er ekki hærra kaup en miðlungi duglegur handverksmaður vinnur sér inn leikandi. Eg veit jafn vel dæmi til þess fyrir norðan, að sumarmánuðina eru boðin hærri verkalaun við almenna daglaunavinnu. (*Sigurður Sigurðsson:* Í síldinni á Siglufirði). Í síldinni á Siglufirði segir þm. en eg miða ekki við það. Þó má vera að sú atvinna út frá sér geri það að verkum að almenn verkalaun verði hærri. Eg má fullyrða að fyrir meir en 30 árum kom það fyrir að tveir gildir bændur — eg get nefnt þá, það voru þeir Ólafur í Ási og Einar í Hraunum — vildu ekki gefa kost á sér til þingmensku vegna þess að þeir þóttust mundu skaðast á því. Og það þarf ekki að fara svo langt aftur í tímann, eg veit að fyrir fáum árum höfðu menn augastað á líklegum manni úr bændastétt, en hann vildi ekki gefa kost á sér, og það var af sömu ástæðu. Þetta gildir um þingmenn úr bændastétt. Þá má geta nærri hvernig þessu er varið um embættismenn, sem þurfa að kaupa dýra menn til að gegna starfi sínu meðan þeir eru fjarverandi. Það er auðvitað, eins og tekið hefir verið fram, að ekki er hægt að ætlast til að nokkur maður geti gert sér þingmensku að atvinnu, enda væri það óheppilegt. En hitt sýnist ekki meir en sanngjarnt að borgunin sé svo sæmileg, að þingmenn geti sloppið nokkurn veginn skaðlaust.

Mér finst því rétt í öllu falli að málinu verði leyft að ganga til 2. umræðu. Sennilegt er að tíminn leyfi ekki að það gangi fram á þessu þingi. En svo mikið mætti gera að það gæti orðið bending til stjórnarinnar að búa málið undir næsta þing.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 2 atkv.

Önnur umr. 23. Ágúst.

Sigurður Sigurðsson: Það er óneitanlega dálítið óviðfeldið, að vera að flytja frumv. um hækkun þingfararkaups alþingismanna samtímis og raddir ganga fjöllunum hærra um að fjárhagsástand landssjóðs sé slæmt, og verið er að leita ráða til að bæta það. Eigi að síður skal eg kannast við, að töluverð sanngirni mælir með hækkuninni, að því er þá mun snerta, sem búsettir eru utan Reykjavíkur. En því er ekki að leyna að þetta frv. er afleiðing af breytingunni á samkomutíma Alþingis.

Eg hefi ekki fyllilega getað áttað mig á 2. gr. frv., viðvíkjandi ferðakostnaði þeirra þingmanna, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, eða borið saman einstaka töluliði þar, en eftir fljótu áliti geri eg ráð fyrir, að nokkurt samræmi sé þar á milli. En mér dylst þó ekki að ferðakostnaðurinn er nokkuð hátt reiknaður úr ýmsum kjördæmum. Með því að þetta mál hefir ekki verið í nefnd hér í deildinni og þingmenn þar af leiðandi hafa ekki áttað sig á því svo sem skyldi, álít eg mikið spursmál. hvort rétt sé að afgreiða það á þessu þingi.

Viðvíkjandi 1. gr. frv. hefi eg leyft mér að koma með brtill. á þgskj. 372. Hún er ekki mikil fyrirferðar, hógvær og sanngjörn, og skal eg nú reyna að færa ástæður fyrir því.

Færsla þingtímans frá vetri til sumars er verk þeirra þingmanna, sem búsettir eru í Reykjavík, og skal eg ekki saka þá um það, þó þeir hafi beitt sér fyrir það, því að það er kunnugt, að þingsetan kemur mjög í bága við dagleg störf þeirra að vetrinum. En hins vegar er það ljóst, að þessir sömu menn, Reykjavíkurbúar, leggja ekkert í sölurnar fyrir þingsetuna á sumrin. Fæstir þeirra þurfa þá nokkru verulegu til að kosta til þess að starf þeirra sé rekið,

og sumir hafa þá frí, eins og t. d. kennarar og eru alveg lausir við annir af starfi sínu. (*Jón Jónsson* Rv.: Þeir nota fríið til undirbúnings undir veturinn). Fyrir því miðar brt. mín að því, að þeir sem búa í Reykjavík hafi sama þingsetukaup sem nú gildir, 6 kr. á dag. Hins vegar get eg ekki séð betur en að það sé sanngjarnt, að þeir sem búa utan Reykjavíkur fái, auk þessara 6 króna, aukaþóknun, 2 kr. á dag, meðan þeir dvelja á þinginu. Flestir þeirra manna eru þannig settir, að þeir verða að fá kaupdýra menn í sinn stað meðan þeir eru að heiman. Svo er það um embættismenn og ekki síður um bændur. Maður getur nú sagt um embættismennina, að þeir séu flestir svo hátt launaðir, að þeim sé ekki ofætlun að borga sínum starfsmönnum. En um bændur er öðru máli að gegna. Þeir verða að kaupa dýra menn til að standa fyrir búum sínum, sjá um verkstjórn o. s. frv.

Fyrir því álít eg í alla staði sanngjarnt að kaup þeirra, er heima eiga utan Reykjavíkur, einkum bændanna, sé hækkað frá því sem nú er. Hins vegar engin ástæða til að bæta við kaup þeirra sem búsettir eru í Reykjavík.

Af þessum ástæðum vænti eg því að tillaga mín verði samþykt. En annars tel eg réttast að málinu sé frestað að þessu sinni.

Einar Jónsson: Eg skal leyfa mér að taka upp einu sinni það, sem hv. 1. þm. Árn. (S. S.) þrítók, að tillaga sín væri hin bezta; hverjum þykir sinn fugl fagur. Eg hefi ekki séð eins smásmuglega að eg ekki segi lúsablesalega tillögu eins og þessa, að vilja gera bæjarþingmönnum lægra undir höfði heldur en utanbæjar. Eg viðurkenni það, að ferðir utanbæjarmanna eru dýrar. En eg vil benda á annað, sem réttlætir það, að Reykvískum þingmönnum sé gert jafnt undir höfði sem öðrum þingmönnum og það er það, að þeir verða að gera sér ferðir í kjördæmi sín til að halda þingmálafundi. Aftur kosta slíkar ferðir utanbæjarmenn lítið þar sem þeir oft um leið beint geta þá rekið önnur erindi sín og þannig grætt á ferðinni; það á illa við að vekja kala fyrir svo mikla smámunasemi.

Viðvíkjandi tillögu hv. þm. V.-Isf. (M. Ó.) má segja sama sem um tillögu h. hv. 1. þm. Árn. (S. S.), að hún kunni að vera sprottin af hræðslu við kjósendurna. En komið getur það fyrir, að vér verðum allir dauðir fyrir næsta þing.

Viðvíkjandi tillögu hv. 1. þm. Skagf. (Ó. B.) má segja það, að hann verður góður þegar hann kemur til sinna kjósenda, þar sem hann er á móti hækkun.

Matthías Ólafsson: Eg vil að eins segja nokkur orð til að gera grein fyrir br.till. minni. Hún finnur ekki náð fyrir augum hv. 1. þm. Ráng., þótt ekki kannist eg við það að vera nokkuð með kosningabrellur, þótt eg komi með þessa br.till. Það er líklegt, að kosningar fari fram seint árið 1913, og er þá rétt, að þingmenn nú séu ekki að grufla í landssjóðinn fyrir sjálfa sig. Að öðru leyti er eg ekki andvígur frumv. Sérstaklega vil eg ekki gera Reykvízkum þingmönnum lægra undir höfði en utanbæjarmönnum. Og er það satt hjá hv. 1. þm. Rang., að ferðalög Reykv. þingmanna í kjördæmi sín eru oft mjög dýr, en ferðir utanbæjarmanna í kjördæmin eru sjaldan dýrar, þar sem þeir oft geta gegnt öðrum erindum sínum um leið.

Um tillögu hv. 1. þm. Skagf. vil eg segja, að mér þykir ólíklegt, að hún fái nokkurn byr.

Ráðherrann (H. H.): Eg vil benda á það, að þótt þessar framkomnu br.till. sýnist hver annari gagnólíkar, þá eiga

þær það sameiginlegt, að hver þeirra sem verður samþykt, leiðir til falls fyrir frv. Verði frv. breytt í einhverju atriði, þá verður ekki auðið að koma því fram, því að tími vinst ekki til þess að frv. nái fram að komast gegnum Ed. aftur, ef til vill síðan til einnar umræðu hér. Þess vegna er nauðsynlegt, ef menn vilja á annað borð aðhyllast meginatriði frumvarpsins, að samþykkja það óbreytt; er þá eins auðvelt að breyta því að sumri, í þeim atriðum, sem menn kynnu að vera óánægðir með. Út af br.till. hv. 1. þm. Rang. skal eg að eins taka það fram, að eg fæ ekki séð að það sé neinn ægilegur ójöfnuður milli þingmanna í ákvörðun dagpeninganna. Þeir eru jafnir fyrir alla, 8 kr. á dag. En þeir þingmenn, sem ekki eiga heima hér í Reykjavík, eiga í raun réttri fulla sanngirniskröfu til einhverrar sérstakrar uppbótar í stað þess sem þeir verða að leigja sér hér húsnæði, fá sér þjónustu og hafa ýms smá-útgjöld daglega, sem hér búsettir menn sleppa við. Eg vona þess vegna að hv. 1. þm. Rang., sem annars er meðmæltur frv., sé fús á að taka br.till. aftur.

Einar Jónsson: Út af athugasemd hæstv. ráðherra skal eg taka það fram, að eg vil gjarna taka aftur brtill. mína, ef aðrir þingm. taka sínar aftur.

Bjarni Jónsson: Eg lýsi yfir því, að eg mun greiða atkvæði með tillögu hv. 1. þm. Skagf. Það á bezt við eftir þeim ummælum, sem fallið hafa á þessu þingi um ferðareikninga og annað, að menn sýni, hvern áhuga þeir hafa á þingmálum án dagpeninga, og vil eg gjarna vera með í þeim hóp.

En eins og eg sagði síðast, hygg eg að þetta frumv. eigi ekkert erindi á þetta þing. Frv. er flýtisverk og þarf betri undirbúning. En það er skrítið, að sjá ferðakostnað úr kjördæminu Danmörk ætlaðan 190 kr. *(Pétur Jónsson:* Sýslan Danmörk). Ojá, en það er meinlaus misskilningur og gerir ekki til. En hvernig á sá þingmaður að fá bæði ferðakostnað og dagpeninga að auki. — Þetta er matur fyrir hv. þm. Seyðf., og býst eg við að hann athugi þetta ákvæði og leggi til að fella það eða setja nefnd í það. Hér er að minsta kosti ástæða fyrir hann til að koma með fyrirspurn.

Annars er eg helzt á því að fella þetta frv. vegna ónógs undirbúnings, ella er eg samþykkur till. hv. 2. þm. Skagf.

Jón Ólafsson: Hr. forseti! Mér blandast ekki hugur um það, að réttast er að fella þetta frv. Það kom bæði seint fram, enda er það illa undirbúið, og er því flaustur að samþykkja það.

Eg er samt ekki á móti tilgangi frv. Það er vitanlegt, að þegar ákvæðið um dagpeninga þingmanna var fyrst sett árið 1845, kostuðu lífsnauðsynjar ekki meira en þriðjung á borð við það, sem nú er. Þess vegna væri sanngjarnt að færa upp dagpeningana, þótt ekki sé hundrað í hættunni, ef frv. er látið bíða næsta þings.

Skrítnar þykja mér sumar br.till., t. d. frá hv. 1. þm. Skagf. (Ó. Br.). Eg veit ekki betur en að hann sé góður búmaður, sé umboðsmaður og hafi umboðslaun sín óskert meðan hann situr á þingi. Sumir hér gefa upp atvinnu sína til þess að geta setið á þingi; t. d. fer eg á mis við 10 kr. atvinnu daglega meðan eg sit á þingi. Eg skil ekki, hvernig þessi tillaga hefir skroppið úr höfði hv. þm., sem vill teljast hygginn, og gerir þó lítið til þess, nema ef vera má það, að segja ekki neitt. Og ekki metur hann sér minni ferðakostnað en aðrir menn.

Ég endurtek það, að rétt er að láta frv. bíða næsta þings, til betri undirbúnings. Það er tilgangur *minn*. Aftur er eg hræddur um, að sumum öðrum gangi það til biðarinnar, að þeir vilji

helzt láta þá bið vera til dómsdags, til þess að geta sent uppskrúfaða ferðakostnaðarreikninga, sem hvergi eiga sér stað.

Matthías Ólafsson: Hr. forseti! Eg veit ekki hvort h.þm. Sm.(J.Ó.)hefir sveigt til mín með hinum síðustu orðum sínum, en hafi svo verið, hefir hann misskilið orð mín. Eg var ekki á móti frv. heldur gat eg þess, að það væri ekki sæmilegt, að þingmenn færu að skamta sér sjálfir. Það væri nær að skamta þeim næstu.

ATKV.GR.:

Br.till. á þgskj. 369 feld með 19 : 2 atkv.

Br.till. á þgskj. 372 feld með 17 : 3 atkv.

Br.till. á þgskj. 375 a feld með 16 : 2 atkv.

Br.till. á þgskj. 375 b sjálffallin.

1. gr. sþ. með 17 : 5 atkv.

2. gr. sþ. með 17 : 4 atkv.

3.—5. gr. sþ. með 17 shlj. atkv.

6. gr. sþ. með 17 : 2 atkv.

Br.till. á þgskj. 379 feld með 16 : 5 atkv.

Fyrirsögnin sþ. án atkv gr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Benedikt Sveinsson
Jón Jónsson Rvk	Bjarni Jónsson
Björn Kristjánsson	Jón Ólafsson
Einar Jónsson,	Ólafur Briem
Guðl. Guðmundss.	Sig. Sigurðsson
Halldór Steinsson	Þorleifur Jónsson
Hannes Hafstein	
Jóh. Jóhannesson	
Jón Magnússon	
Kristján Jónsson	
Lárus H. Bjarnason	
Matthías Ólafsson	
Pétur Jónsson	
Stefán Stefánsson	
Skúli Thoroddsen	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	

Þriðja umr., 24. Ágúst.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Eg er enn sama sinnis og síðast þegar mál þetta var til umræðu hér í deildinni. Eg álít það óforsvaranlegt í alla staði að lemja þetta frv. gegn með þessum feikna hraða. Það stríðir á móti réttum meginreglum að gera mun á kaupi alþingismanna eftir hví hvort þeir búa í Reykjavík eða utan Reykjavíkur. Hin seinni árin hafa þingmenn utan Reykjavíkur reiknað sér tvöfalda dagpeninga, það er að segja, talið fæði sitt með ferðakostnaði, og **auk þess** talið sér dagpeninga, sem er ekki annað en fæðispeningar en ekki kaup, og sömu vitlausu reglu er fylgt í þessu frv. er hér liggur fyrir, t. d. er ferðakostnaðurinn úr Suður-Múlasýslu, úr fjarlægasta stað sýslunnar (Geithellnahreppi), er *mjög hæg* ferð alla leið til Eskifjarðar á 3 dögum og til baka aftur er hægt að fara (með hestana lausa) á tveim dögum (frá Eskifirði til Berufjarðar og frá Berufirði heim). Þetta eru 5 dagar *fram og aftur*. Jafn lengi fyrir þingmanninn af þingi, hvort sem hann leigir hesta og mann frá Eskifirði, eða lætur sækja sig að heiman, aðrir 5 dagar. Þetta eru 10 dagar alls. Eg reikna 3 hesta og 1 fylgdarmann, hestinn á 2 kr. á dag og manninn á 3 kr., eru 9 kr. á dag, gerir í 10 daga 90 kr. 1. farrými á gufuskipi *fram og aftur* (»tour og retour«) kostar 25 kr. 60 aura *allur* ferðakostnaður fram og aftur kostar þannig 115 kr. 60 aura. Fyrir hvað eru þá þær 64 kr. 40 aurar, sem fram yfir eru. Slík

eigingirni sem hér kemur fram hjá þm. utan Reykjavíkur á ekki og má ekki ganga óátalin gegn um deildina og mér fanst rétt að benda á það svo að það sæist í þingtíðindunum að þingmenn utan Reykjavíkur hafa tvíreiknað sér fæðispeninga nú um mörg ár, meðan þeir hafa verið á ferðum til þings og frá þingi.

Pétur Jónsson: Eg skal segja það hreinskilnislega, að eg hefi enga samvisku af að hækka dagpeninga þingmanna. Mér skildist að sumir hinna háttvirtu þingmanna væru hræddir um að verða bendlaðir við að hafa um of dregið sjálf sins taum, ef hækkunin gengi í gildi fyr en eftir næstu kosningar. Það er eg fyrir mitt leyti ekkert hræddur við. Eg þykist eiga þessa hækkun skilið, því að eg er búinn að vinna mörg ár fyrir 6 kr. á dag. Að fastákveða ferðakostnaðinn eins og gert er í frumv. lækkar hann frá því sem nú er. Það er mesta fjarstæða að þm. hafi tvöfalda dagpeninga á ferðunum, eins og háttv. 2. þm. S.-Múl. (J.Ól.) hélt fram áðan. Hann gerði ekkert fyrir því að þm. er fæðið dýrara á skipum en heima. Eg hefði ekkert haft á móti því, þó engin munur hefði verið gerður á þingmönnum búsettum í Reykjavík og hinum sem utan Reykjavíkur búa, en hitt er ósanngirni og fjarstæða að þingsetan sé ekki þingmönnum, sem búsettir eru utan Reykjavíkur dýrari en Reykvíkingunum. Fyrst og fremst verða þeir að kaupa fæði, húsnæði og þjónust, sem hinir geta haft heima hjá sér, og verður það auðvitað dýrara, auk þess þurfa þeir oft og einatt að fá mann í staðinn sinn til þess starfa er þeir hafa á hendi heima fyrir, auk þess þurfa þeir er mikilvæg störf hafa á hendi mikið að kosta til símskeyta, eg veit fyrir mig að eg eyði að minsta kosti 1 kr. á dag að meðaltali í símskeyti og samtöl til þess að annast um stöðu þá sem eg hefi á Húsavík og þó get eg ekki rækt starfið nærri jafn vel og eins og eg væri heima. Reykvíkingarnir hins vegar geta alla jafnan gengt sínum venjulegu störfum jafnframt þingsetunni, og að minsta kosti sparast þeim útgjöldin við símskeyti og símtöl. En eins og eg hefi áður tekið fram, hefði eg ekkert haft á móti þótt dagpeningar allra þingmanna hefðu verið ákveðnir jafn háir. En nú er orðið svo áliðið þingtímans, að frumvarpið getur ekki náð fram að ganga ef farið er breyta því. Og vil eg því láta samþykkja það óbreytt, þar sem það hefir mikla kosti í för með sér, sérstaklega að það lækkar ferðakostnaðinn og sparar alt það álas og alla þá tortrygi sem sumir þm. hafa mætt út af reikningum sínum, álas og tortryggni, sem stundum hefir verið óverðskuldað. Eg skal t. d. geta þess að ferðakostnaður minn nú er 181 kr. og fékk eg þó fljóta ferð, og þykist eg þó gefa sanngjarna reikninga, enda fengið orð fyrir það, en eftir frumvarpinu, sem hér liggur fyrir yrði ferðakostnaðurinn úr S.-Þing. ekki nema 160 og sést á því að hann er að minsta kosti ekki of hátt settur, en þegar menn fá sæmileg daglaun þola þeir það líka betur, þó þeir fái ekki ferðakostnaðinn endurgoldinn alveg að fullu.

Ráðherrann (H. H.): Háttv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir auðsjáanlega ekki lesið rækilega nefndarálitið. Í nefndarálitinu sést berlega, að í ferðakostnaðinum eru alls ekki meðtaldir kostpeningar á skipunum. En þar sem þm. ekki ávalt eiga heima á skipaviðkomustöðum, þá er í ferðakostnaðarákvæðum frv. einnig talinn kostnaður við landferð úr miðju kjördæmi til skips. Þessi kostnaður verður að reiknast fyrir ferfalda leið: fram og aftur með hesta, frá heimili og heim aftur, á leið til þings

og eins á leið frá þingi. Auk þess er að eins, fyrir utan fargjald, talinn 2 kr. aukakostnaður á ferðinni á dag.

Bjarni Jónsson: Eg get ekki sannfærst um það að rétt sé að hækka þessa fæðispeninga þingmanna upp úr 6 kr., það eru óneitanlega fæðispeningar en ekki kaup. Það getur hver maður sem er lifað á 6 kr. á dag og það all sómasamlega hér í Reykjavík. Mér finst því þessi kafli frv. óþarfur og vil eg helzt láta fella hann burtu; geri eg það nú að tillögu minni að vísa þessu máli til stjórnarinnar, til þess, að hún geti lagt það undir næsta þing, betur undirbúið. Eitt er raunar gott í þessu frumvarpi og það er, að ákveða ferðakostnaðinn fyrirfram, eftir því sem unt er. Eg veit raunar ekki hvort samræmið er sem bezt í reikningunum, en mér skilst að það muni nú ekki vera. Einnig er það annað atriði sem eg vil fella burtu úr frv., það er að vera að ákveða ferðakostnað til Danmerkur, mér finst það ekki vera ástæða til þess fyrir oss að vera að gera ráð fyrir því, að við munum ávalt eiga í vændum danska þingmenn, ferðakostnaður þeirra ætti að reiknast úr því kjördæmi, sem kýs þá Það gladdi mig, að gert er ráð fyrir að þingmenn fái 2 kr. á dag í þjórfé og hefði það ekki verið illa til fundið að skjóta því að þingmanni Seyðfirðinga áður en hann las hér upp þessa prentuðu ræðu sína um viðskiftaráðunautinn.

Eins og eg tók fram áðan, þá finst mér frumv. ekki nógu vel athugað og vil eg því gera það að tillögu minni að því verði vísað til stjórnarinnar, til betri undirbúnings fyrir næsta þing.

Jón Ólafsson: Hr. forseti! Út af ræðu hæstv. rh. (H. H.) þá skal eg geta þess, að eg hefi bæði lesið og hugsað um frv. efri deildar, en það er ekki nóg að lesa það, maður þarf að *þekkja* til allra þeirra *staða*, sem um er að ræða. Eg hefi ferðast um *allar* sýslur þessa lands meira og minna, nema Dalasýslu. Og sérstaklega er eg kunnugur vegalengdum í Suður-Múlasýslu, sem eg hefi fyr og síðar margfarið um þvera og endilanga, enda er eg þar fæddur og upp alinn. Og eg tók einmitt sérstaklega dæmi úr Suður-Múlasýslu; þar er Geithellnahreppur fjarlægastur hreppur frá skipaviðkomustöðum og eru þar á milli 2—3 dagleiðir. Eg reikna að þingmaður hafi með sér 3 hesta á 2 kr. á dag, hestleiga er ekki dýrari en það. Til Seyðisfjarðar kostar farið 18 kr. hvora leið, ef *ekki* er keyptur »tour og retour« farmiði. Sé keyptur »tour og retour« farmiði, kostar farið báðar leiðir 28 kr. 80 au,, hvað á að gera við þessar krónur sem fram yfir eru. *(Jóh. Jóhannesson:* Eg þurfti til dæmis að borga 5 kr. fyrir að komast í land hér í Reykjavík). Mig varðar ekkert um hvað háttv. þm. *hefir* borgað mikið, *hér kemst einn maður í land fyrir 25 aura, 50 aura hafi hann »koffort« meðferðis*, en það getur verið að menn borgi 5 kr. fyrir flutning í land, ef maður hefir meðferðis heilar fölskyldur.

Ef maður nú einnig tekur til dæmis Austur-Skaftafellssýslu, þar eru Öræfin fjarlægust. Um þau er alveg sama að segja sem um Geithellnahrepp. Það eru hægar 3 dagleiðir úr Öræfum austur á Djúpavog, og fullar eða ríflar 2 dagleiðir lausríðandi suður aftur (frá Djúpavogi suður yfir Almannaskarð, og þaðan næsta dag í Öræfin). Reiknað eins og í S. Múl. Yrði landferðirnar þá 5 daga til og frá á þing, og annað eins af þingi, alls 50 kr. landferðirnar allar. Sjóferðirnar tvær milli Djúpavogs og Reykjavíkur minnir mig séu samtals 22—23 kr. — ferðakostnaður alls 72—73 kr. fram og aftur í bæði skiftin.

Eg skal við þetta tækifæri geta þess, að eg reiknaði í fyrri ræðu minni Suð-

ur-Múlas. kostnaðinn úr Geithellnahreppi alla leið austur á Eskifjörð. En það var óþarfi; því að eins og strandferoum hagar nú, má alt af taka skip á Djúpavogi, og er einsætt að haga áætlun þannig einnig eftirleiðis — helzt færa fram ferðirnar um 1—2 daga, og er þá hvergi úr S.-Múlasýslu meira en 1 dagleið til skips, sé strandferðaskip tekið á næstu höfn í suðurleið.

Pétur Jónsson: Að eins ætla eg að segja sárfá orð. Eg ætla að eins að benda mönnum á, að þeir þurfa ekki að fara í langar draggötur til þess að komast að þeirri niðurstöðu, að verði þetta frv. samþykt þá verður að því mikill sparnaður; þetta kemur í ljós, ef menn bara nenna að bera frumv. saman við ferðareikninga þá, sem Alþingi hefir áður samþykt, og álít eg því að háttv. deild beri að samþykkja þetta frv.

Benedikt Sveinsson: Það verð eg að segja, að þetta frv. er sú mesta bráðasmíð sem eg hefi séð og ber það vitni um hvorttveggja í senn, auragirnd og kotungsskap úr hófi fram. Mér finst engin ástæða til að hækka kaup þingmanna, — nú í byrjun kjörtímabils og einkanlega sæmir slíkt illa þessu þingi, sem ekki hefir aðhafst annað svo teljandi sé en að leggja nýja stórskatta á þjóðina. Engin minsta ástæða er heldur til þess, að sumir þingmenn eigi að hafa hærri dagpeninga en aðrir, af því að þeir búa utan Reykjavíkur! Þetta er svo fjarri sanni sem verða má, því að þingmönnum úr Reykjavík mun þingmenskan að öllum jafnaði miklum mun kostnaðarsamari en öðrum. Ef þeir eru þingmenn fjarlægra héraða, þá þurfa þeir að verja miklum tíma og tilkostnaði til þess að tala við kjósendur sína, eins og háttv. 1. þm. Rang. (E. J.) benti á við 2. umr. Ferðalög þeirra eru varla ódýrari en ferðir utanbæjarþingmanna, en sá er munurinn, að þingmenn utan úr héruðum fá ríflegan ferðakostnað og dagpeninga á ferðum sínum, hinir ekkert.

Fylgjendur frumvarpsins þykjast vera að sýna sparnað með því að færa niður ferðakostnaðinn, en þeir vinna það vel upp, blessaðir, með hærri dagpeningum svo að þetta eru að eins látalæti. — En hálf-óviðkunnanlegt er það þó fyrir sömu mennina, sem áður hafa gefið mun hærri ferðakostnaðarreikninga, að kannast nú við það í lagasmíð þessari, að þeir hafi áður tekið óhóflega mikið fyrir ferðirnar og verið að féfletta landssjóð um skör fram.

Annars getur það verið nógu fróðlegt að bera saman fereakostnaðinn 1909 og ferðakostnað þann, sem fylgismönnum frv. finst nú hæfilegur. Það vita allir menn, að nú hafa staðhættir ekki breyzt og jafnlangt er að ferðast um land vort nú, eins og það var árið 1909. Tökum til dæmis:

Nú á að vera hægt að ferðast úr Suður-Þingeyjarsýslu fyrir 160 kr., en árið 1909 kostaði það 228 og 230 kr., eða 68—70 kr. ódýrara nú. *(Pétur Jónsson:* Það eru úrskurðaðir reikningar). Já, en er nokkuð styttra nú norður í Þingeyjarsýslu heldur en það var 1909? Það er gert ráð fyrir því að nú ferðist þingmaður úr Eyjafjarðarsýslu hingað fyrir 130 kr., en 1909 kostaði sama ferð 250 kr. eða 120 kr. meira. Frá Akureyri á ferð nú að kosta 80 kr. en 1909 kostaði hún 129 kr. eða 49 kr. meira. Ferð úr Húnavatnssýslu á nú að kosta 120 kr., en árið 1909 kostaði sama ferð 283 kr. eða 163 kr. meira. Snæfellsnessýslu þingmaður á nú að ferðast fyrir 73 kr. minna hingað en 1909, þá kostaði það 133 kr., en nú á það að kosta 60 kr. Frá »dönsku mömmu« á ferð hingað nú að kosta 190 kr. en 1909 kostaði hún 309 kr. eða 119 kr. meira.

Og mér er sagt, að þetta árið muni ferðakostnaðurinn þaðan og þangað nema nær 600 krónum, svo að hann væri þá ofhátt reiknaður um 410 krónur samkvæmt þessu frumv.

Þá er gaman að þessum 20 krónum, sem það á að kosta, að komast á þing og af úr »Gullbringu- og Kjósar-sýslu«, — hvort sem það er sunnan úr Grindavík eða hérna frá Görðum. Til hliðsjónar mætti hafa ferðakostnaðarreikninginn úr þessari sýslu 1909. Hann var var þrenns konar: Úr Hafnarfirði kostaði ekki neitt að komast hingað né héðan, úr Görðum 20 kr. og frá Útskálum 18.50. Nú er leiðin frá Görðum lögð til grundvallar. Þótt þingmaður eigi heima í Skildinganesi, þá á hann að fá sínar 20 kr. — Eftir sama mælikvarða ætti þingmaður búsettur norður á Langanesi að fá svo sem 10 þúsund krónur í ferðakostnað, miðað við vegalengd og fyrirhöfn. Svona er nú nákvæmnin og réttlætið í smáu sem stóru.

Ef eg nenti að fara frekar út í þessa sálma þá er lafhægt að sýna fram á það, að virðulegir þingmenn hafa hlotið að fá fleiri landssjóð miskunnarlaust áður með því að reikna sér alt of hátt farkaup heim til sín, ef þessi lögboðni ferðakostnaður væri nærri sanni.

Eg hefi annars auðvitað ekkert á móti því að þeir takmarki nú auragirnd sína með lögum, og því vil eg jafnframt leggja á móti því að þeir hækki fæðispeninga sína úr 6 kr. um leið og þeir virðast ætla að fara að ferðast sparlegar á landsins kostnað hér eftir en hingað til.

Ráðherrann (H. H.): Það er öldungis bersýnilegt að hv. 2. þm. S.-Múl. (J. Ól.) hefir ekki kynt sér, hvernig ferðakostnaðurinn er reiknaður út.

Honum þótti ferðakostnaðurinn úr S.-Múlas. vera áætlaður of hátt, en hann verður að gæta að því, að það verður að reikna ferðina til skips og frá skipi oftar en tvisvar. Það verður að reikna hana fjórum sinnum eins og eg gat um áðan, og nefndarálit Ed. sýnir. Hann sagði að það þyrfti 3 daga til að komast til skips, fram og til baka, og eg veit að hann segir ekki of mikið. Það eru þá 6 dagar til þings og frá þingi, 4 hestar á 2 kr. um daginn — og er það reyndar minna en hægt er að fá þá fyrir — fylgdarmanns kaup 4 kr. á dag og svo þessar 2 kr. í aukaútgjöld.

Þegar þingm. athugar þetta, býst eg við að hann sjái að þingfararkaupið í S.-Múlas. er ekki sett hærra í frv., en hann sjálfur játar að þurfi, og ekkert tekið fyrir fæði á skipinu né í landferðum.

Þegar litið er á ferðakostnaðinn úr Austur-Skaftafellssýslu, þá virðist mér alls ekki of mikið í lagt, sérstaklega ef þingmaðurinn þarf að fara til Eskifj. Og þegar þessar 342 kr. sem nú eru áætlaðar, eru bornar saman við ferðakostnað þaðan til fyrri þinga, þá sést að þetta er til mikils sparnaðar. 1909 var ferðakostnaðarreikningur þingmannsins úr Austur-Skaftafellssýslu 584 kr. og 1911 var hann 606 kr. Þetta eru auðvitað vetrarferðir, en líti maður til fyrri sumarferða, þá er ferðakostnaðurinn líka hærri en hér er áætlað. Þegar þingmaðurinn fór frá Borgum á sumardag, árin 1901 og 1903 var ferðakostnaðurinn 426 kr. annað árið og 412 kr. hitt árið. Það er svo fjarri því að ferðakostnaður sé reiknaður hærra en áður hefir tíðkast að hann er þvert á móti áætlaður mun lægra.

Að því er snertir mótbárurnar móti ferðakostnaðinum úr Gullbr. og Kjósarsýslu, þá eru þær rétt eins og þær séu gerðar að gamni sínu. Hv. þm. N-Þing. (B. Sv.) veit þó að maður verður að borga fult dagkaup fyrir hest hér syðra, þó hann sé ekki brúkaður nema part úr

degi. Þennan ferðakostnað er ekki hægt að áætla lægra heldur en nefndin hefir gert.

Eg held yfirleitt að það sé ekki kostur á að fá þetta frv. betur undirbúið heldur en það nú er. Stjórnin mundi ekki geta fengið betri upplýsingar til að fara eftir heldur en þær, sem lágu fyrir nefndinni í Ed., þó að málinu væri til hennar vísað.

Jón Ólafsson: Herra forseti! Það eru að eins örstuttar athugasemdir viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðherra sagði. Hann sagði að eg hefði ekki reiknað landferðirnar nema tvisvar sinnum í stað fjórum sinnum. En tölur mínar sýna, að eg hefi reiknað fjórum sinnum. Að öðru leyti skal eg geta þess, að eg hefi reiknað ferðirnar til skips og frá, eftir því sem vegalengdir eru réttar. Og í þriðja lagi skal eg geta þess, að eg hefi ferðast árlega nú síðustu árin um Suður-Múlasýslu, og mér er það kunnugt, að hestar kosta þar ekki meira en 2 kr. um daginn, og ef hestur er leigður um lengri tíma þá kostar hann 30 kr. um mánuðinn. Þó að þingmenn eigi hesta sjálfir, sýnist ekki vera ástæða til að sprengja þetta verð upp. Ferðakostnaðurinn er, eins og eg hefi sýnt, reiknaður 265—270 kr. hærra en ferðin kostar frá fjarlægasta stað. Slíkt er á engu viti bygt. Alt öðru máli er að gegna um landferðir á vetrardag.

Bjarni Jónsson: Það hefir ýmislegt komið fram í umræðunum síðan eg stakk upp á að vísa þessu máli til stjórnarinnar, sem styður að það sé gert.

Ef þetta frv. er samið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að þingmenn gefi of háa ferðakostnaðarreikninga, þá sýnist mér þetta alt vera einn skrípaleikur, að taka með annari hendinni það, sem er gefið með hinni, að lækka ferðakostnaðinn, en hækka dagpeningana. Eg ímynda mér að þingmenn vilji ekki vamm sitt vita í að gefa of háa ferðareikninga.

Hvað halda menn að danski þingmaðurinn þurfi? Ferðakostnaðarreikningur hans 1909 var 310 kr., en nú er honum ætlað að komast af með 190 krónur.

Eg verð að álíta, að hv. Ed. hafi verið of sparsöm í þessum áætlunum sínum og borið rétt þingmanna fyrir borð. Satt að segja þykir mér það nokkuð hart að ákveða ferðakostnaðinn með þessum hætti, og svona miklu lægri heldur en áður hefir tíðkast. Mér finst með þessu vera kveðinn upp harður dómur yfir þeim þingmönnum, sem hafa gefið þá. Það væri sæmra að láta fæðispeningana halda sér eins og nú er og stjórnarráðið semdi upp ferðakosnaðarreikningana.

Viðvíkjandi því, hvað það kostar að ferðast milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur skal eg geta þess, að eg get daglega fengið vagn með 4 góðum sætum, hesti fyrir og ökumanni fyrir 5 krónur. *(Ráðherra:* Það eru betri kjör en aðrir fá). Nei, eg veit ekki betur en þetta sé vanalegt, að minsta kosti hefi eg fengið vagninn hvað eftir annað fyrir þetta verð. *(Þorleifur Jónsson:* Eg hefi borgað 10 kr. í dag fyrir vagn til Hafnarfjarðar). Eg get ekki vitað, hvað þingmenn eru örlátir þegar þeir semja fyrir sig, eða hvað menn eru gjarnir á að borga meira en nauðsynlegt er. Mér dettur í hug sagan af Brandi örva, sem gaf af sér kápuna. En það getur ekki verið rétt að reikna ferðakostnaðinn eftir því, hvað einstakir menn eru örlátir.

Það sem eg vildi leggja áherzluna á, er að jafna mismuninn, sem er á ferðakostnaðinum, því hann virðist sumstaðar keyra fram úr hófi. Væri nær að færa það til sæmilegs hófs og láta fæð-

ispeningana halda sér, 6 kr. á dag. Því að annað en fæðispeningar er þetta þingsetukaup ekki og á ekki að vera.

Valtýr Guðmundsson: Það er aðeins athugasemd við það sem háttv. þm. Dal (B. J.) sagði. Hann hamaðist eins og háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) út af því að ferðakostnaðurinn er reiknaður lægra en áður hefir tíðkast. En það ætti einmitt að vera meðmæli með frv. *(Bjarni Jónsson:* Það er ósvífni við þm. Seyðfirðinga). Það er ekki hægt að saka þingmenn fyrir það að þeir hafi reiknað of hátt, því að þingið hefir sjálft úrskurðað reikninga þeirra. Hann tók t. d. að danski þingmaðurinn — og hefir víst átt við mig — hefði tekið 310 kr. í ferðakostnað 1909. En hann gætti þess ekki að það var vetrarferð hringinn í kring um landið og fæðispeningar reiknaðir með á skipinu eins og tíðkanlegt er. Við það verður reikningurinn töluvert hærri. Þessi ferðakostnaðaráætlun er miklu lægri, heldur en áður hefir átt sér stað, en það er ætlast til að það sé jafnað upp með því að hækka dagpeningana.

Viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um að ferðakostnaður úr Gullbringu- og Kjósar-sýslu sé áætlaður hærri en nauðsynlegt sé, skal eg taka það fram, að eg þekki dæmi til þess að menn hafa orðið að borga 10 kr. fyrir vagn til að komast á í dómkirkjuna. Ef miðað er við þetta, þá er 20 kr. heldur lítið gjald fyrir vagnlán frá Hafnarfirði til Reykjavíkur. *(Benedikt Sveinsson:* Þá yrði danski þingmaðurinn nokkuð dýr).

Mér finst full sanngirni mæla með því að þetta frv. verði samþykt. Það verður ekki dýrara fyrir landssjóðinn.

Þorleifur Jónsson: Eg held að ekki sé hægt að neita því að í raun og veru sé þörf á að hækka dagpeninga þingmanna. Eins og tekið hefir verið fram í umræðunum, er kaup fyrir þingsetu bygt á gamalli venju, en síðan hefir alt hækkað svo í verði, að mér þykir sennilegt, að nú sé naumast unt að fá það fyrir 10 kr., sem þá kostaði 6 kr.

En þess ber að gæta, að þetta er alment álitið meðal þjóðarinnar nægileg laun, og þegar miðað er við hina neyðarlega litlu þóknun, sem alþýðumenn upp til sveita fá fyrir margvísleg störf, sem á þá hlaðast, og sem þeir jafn vel oft verða að leysa af hendi borgunarlaust, þá er ekki furða, þó þeir álíti 6 kr. á dag nægileg laun, sérstaklega þegar eftirsókn eftir þessum starfa er eins mikil eins og nú er.

Eg greiddi atkvæði á móti þessu frv. við 2. umr., án þess að gera þá grein fyrir skoðun minni.

Þótt eg álíti í sjálfu sér, að hinir núverandi dagpeningar séu heldur lágir, álít eg ekki viðeigandi á þessu aukaþingi að fara að hespa málið af. Þessi háttv. deild hefir lítið getað athugað það, og álít eg því rétt að málið bíði um sinn.

En eg ætlaði mér aðallega að minnast á ferðakostnaðarreikningana. Því hefir verið slengt fram í um umræðunum, að ferðakostnaðarreikningar úr Austur-Skaftafellssýslu, og þar á meðal reikningar mínir, hafi verið nokkuð háir. Eg skal alls ekki neita því, og mér hefir jafn vel sjálfum ofboðið, hvað þeir hafa orðið háir, og get eg þó ekki sagt að eg hafi spunnið silki á þeim. En það verður að taka tillit til þess, að vetrarferðir hér á landi eru mjög dýrar, ekki sízt þar um slóðir, þar sem yfir stór vötn og eyðisanda er að fara. Þegar einn kýrmeis af heyi kostar 60 aura og borga verður aukafylgdarmanni með 2 hesta 10 kr. á dag, þá sjá allir að nær hálfs mánaðar ferð á aðra leið, með marga hesta, getur kostað nokkuð. Austur um

sýslur eru strandfylgdir vel borgaðar og töluverð eftirsókn eftir þeim, og af því leiðir að alt hækkar í verði. Eg verð því að álíta að eg hafi ekki sett reikninga mína of hátt. Það er mikill munur hvort miðað er við sumarferðir eða vetrarferðir.

Um ferðakostnaðaráætlun frumvarpsins úr Austur-Skaftafellsýslu skal eg geta þess, að mér þykir hún of há, þegar miðað er við ferðir með strandferðabát af Hornafirði eða Djúpavogi. En ef á að taka strandferðir af, eða þær leggjast niður, og fara verður landveg til Eskifjarðar og þaðan norðan um land til Reykjavíkur, eins og háttv. Ed. hefir gert ráð fyrir, þá mun þetta nær sanni. En ef farið væri af Djúpavogi með strandferðabát, er þetta nær 200 kr. of hátt samkvæmt reikningi mínum nú, sem er 150 kr.

Eg álít í raun og veru þörf á að hækka dagpeninga þingmanna og ákveða fastan ferðakostnað, en mér finst ekkert liggja á því, og er á móti því að það gangi fram á þessu þingi.

Viðvíkjandi því sem háttv. þm. Dal. (B. J.) sagði, að vagn til Hafnarfjarðar kostaði 5 kr.. skal eg geta þess að eg hefi fengið vagn til að fara á til Hafnarfjarðar í kvöld, og var mér sagt að kostaði eiginlega 15 kr., en eg gat þó fengið hann fyrir 10 kr.

Einar Jónsson: Það eru að eins fáein atriði, sem eg vildi taka fram út af umræðunum.

Eins og þingmenn muna, var eg hlyntur þessu frv. við síðustu umr. og er það enn.

Eg vil geta þess, að það er ekki rétt sem háttv. þm. N.-Þing. (B. Sv.) hafði eftir mér, að það væri kostnaðarminna fyrir utanbæjarmenn að sitja á þingi. Það sagði eg ekki, en eg sagði að mönnum hér í Reykjavík væri ekki borgað fyrir þingmálafundaferðir út um landið, sem þeim væri þó auðvitað nauðsynlegar jafnt og þeim, sem heima ættu í sínum eigin kjördæmum.

En til að fara nú fljótt yfir sögu, ætla eg að minnast á misskilning þeirra manna, sem eru að tala um að ferðakostnaður sé of hátt áætlaður úr Gullbringu- og Kjósarsýslu. Það er alveg rangt hjá þeim, að miða við Hafnarfjörð eða Garða. Þeir staðir eru ekki fastir heimilisbústaðir þingmanna kjördæmisins. Þingmennirnir gætu alveg eins átt heima í Grindavík eða Höfnum. *(Benedikt Sveinsson:* Eða í Skildinganesi). Já, eða upp í Kjós, og ef þeir ættu heima á enda sýslunnar, þá er þessi ferðakostnaðaráætlun sannarlega ekki of há.

Það er vilji kjósendanna að fulltrúarnir reynist sem bezt, en ekki hitt, að þeir hafi ekki nóg að bíta og brenna, það geta menn reitt sig á. En eg get fært rök að því að nú skaðast flestir aðkomumenn á þingsetunni. Það hefir verið tekið fram, að þessi áætlun væri fyrverandi þingmönnum til ósóma, ef því væri nú breytt, þar sem þeir hafi oft gefið miklu hærri reikningi yfir ferðakostnað sinn heldur en hér er gert. En eg get alls ekki séð, að það sé til ósóma þeim, sem áður hafa verið þingmenn. Ferðareikningar hafa reyndar hjá allmörgum verið óþarflega háir, það skal eg játa, en ástæðan er sú, að fæðispeningarnir eru of litlir. Það er búið að marg taka það fram, sem allir vita, að vetrarferðalög eru svo miklu dýrari heldur en sumarferðir, að þar kemst enginn samjöfnuður að, og er því villandi að bera það saman.

Háttv. þm. Dal. (B. J.) talaði um, að þingmenn ættu ekki að vilja vita vamm sitt. Það er ekkert vamm, þó maður fari fram á sanngjarna borgun fyrir starf sitt. Eg veit að kjósendur í Rangárvallasýslu ætlast ekki til að þing-

menn þeirra skaðist á þingsetunni, og svo mun víðar vera. Yfirleitt held eg því að ekki sé ástæða til að vera hræddur um að kjósendur taki þessu nýmæli illa. Það er ekki eðlilegt, að nokkur maður vilji taka að sér starfa til að skaðast á. Menn eru ekki alment svo efnum búnir að þeir megi við því.

ATKV.GR.:

Till. um að vísa málinu til ráðherra feld með 16 : 1 atkv.

Frumv. sþ. með 16 : 4 atkv. og afgr. til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

Viðaukalög um bann gegn botnvörpuveiðum.

FRUMVARP til viðaukalaga um bann gegn botnvörpuveiðum 6. Apríl 1898, og við lög 31. Júlí 1907 um breyting á lögum 27. Sept. 1901 um fiskveiðar hlutafélaga við Ísland, og á tilsk. 12. Febr. 1872, um fiskveiðar útlendra við Ísland (278): 1. umr. 20. Ág.

Jón Magnússon: Þetta frumvarp er komið fram af því, að þótt sjómenn stundum hafi staðið botnvörpunga að veiði í landhelgi, þá hafa þeir ekki hirt um að kæra þá, vegna þess að þeir mundu með því eyða miklum tíma og kostnaður yrði mikill við það fyrir þá, því að þeim gæti orðið dýr hver dagurinn, sem þeir þyrftu að vera við vitnaleiðslu o. s. frv. Þetta frumv. ætti nú að bæta úr því, og mundu þeir að mestu eða öllu leyti fá endurgreiddan þann kostnað, sem það hefði í för með sér, og ekki er ólíklegt, að það gæti gefið þeim nokkuð í aðra hönd, þar sem þeir, eftir þessu frv., eiga að fá $^1/_{10}$ af sektunum. Raunar gæti það verið athugavert, að útlendingar mundu véfengja vitnisburð slíkra manna, þar sem kærendur eða vitni hefðu gróðavon með því að bera vitni og mundu ekki leggja mikið upp úr slíkri vitnaleiðslu. Eg vildi að eins benda á þetta, þó eg ekki sé beint á móti frv. Það álít eg rétt að forðast, að gera uppljóstur að gróðavon.

Bjarni Jónsson: Eg vildi aðeins gera nokkrar almennar athugasemdir, en hv. þm. Vestm. (J. M.) varð á undan. Mér hefir ávalt skilist svo, sem ilt sé að skapa þá stétt manna, hér á landi og yfir höfuð alstaðar, sem á latínu nefnist »delatores«. Þessi stétt er þekt úr sögu Grikkja og Rómverja, og voru þeir álitnir þær hvimleiðustu skepnur er á tveim fótum gengu og gerðu mikið ilt af sér. Litið á þetta, bæði frá reynslunni og frá almennu sjónarmiði, þá virðist vera mjög vitlítið og ilt að ala upp svona stétt, og álít eg því að bezt væri að steindrepa þetta frv. strax og láta það ekki ganga lengra.

Jón Magnússon: Eg vildi að eins bæta við örfáum orðum. Eg álít það ekki órétt að greiða mönnum til baka þann kostnað, sem þeir baka sér við uppljóstur landhelgisbrota. Að það hefir ekki verið gert mun stafa af því að heimild hefir vantað til þess frá landsstjórninni. Það mætti auðveldlega greiða þennan kostnað af landsfé, og telja það undir kostnað við lögreglumál.

ATKV.GR.:

Felt að vísa frv. til 2. umr. með 14 atkv. móti 2, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Halldór Steinsson	Eggert Pálsson
Stefán Stefánsson	Jón Jónsson Rvk
	Benedikt Sveinsson
	Bjarni Jónsson

Já:	*Nei:*
	Einar Jónsson
	Hannes Hafstein
	Jóh. Jóhannesson
	Kristján Jónsson
	Lárus H. Bjarnason
	Ólafur Briem
	Tryggvi Bjarnason
	Valtýr Guðmundss.

2 greiddu eigi atkv., Guðl. Guðmundsson og Jón Magnússon, og töldust með meiri hluta.

Fiskveiðar á opnum skipum.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 53, 10. Nóv, 1905, um viðauka við lög 14. Des. 1877, um ýmisleg atriði er snerta fiskveiðar á opnum skipum (284, 390): 1. umr. 20. Ág.

Enginn tók til máls.

ATKV.GR.:

Samþykt var með 15 atkv. móti 2 að frv. gengi til 2. umr., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Jón Jónsson Rvk.	Eggert Pálsson
Benedikt Sveinsson	Bjarni Jónsson
Guðl. Guðmundsson	
Halldór Steinsson	
Hannes Hafstein	
Jóh. Jóhannesson	
Jón Magnússon	
Kristján Jónsson	
Pétur Jónsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason.	

Þrír greiddu ekki atkv., Einar Jónsson, Lárus H. Bjarnason og Valtýr Guðmundsson, og voru þeir taldir með meiri hlutanum.

Önnur umr., 22. Ágúst.

Matthías Ólafsson: Herra forseti! Hér er eingöngu farið fram á það, að leyfa mönnum að hækka lendingarsjóðsgjald á sjálfum sér með samþyktum, og sýnist ekki vera neitt á móti því, að leyfa slíkt. Mér er kunnugt um það, að víða ber á viðleitni til þess að bæta lendingarstaði, og sumstaðar hafa menn jafnvel gert sér hafnir, svo að þetta eiga að verða eins konar hafnarsjóðir. Eins og menn vita er hér víða mikið hafnleysi, nema þar sem þær eru sjálfgerðar af náttúrunnar hendi, og það er fagur vottur um framtakssemi, að menn vilja eitthvað á sig leggja sjálfir til þess að bæta úr þessu, og vona eg því að því verði tekið vel og það fái að ganga í gegn.

ATKV.GR.

Frumv. samþykt með 13 samhljóða atkv.

Fyrirsögnin samþ. án atkvæðagr.

Málinu vísað til 3. umr. með 13 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 23. Ágúst.

Skúli Thoroddsen: Eg vildi aðeins segja nokkur orð til að mæla með að þetta frv. fái nú fullnaðarsamþ. hér í deildinni. Það hefir fengið góðan byr að undanförnu, og mér er kunnugt um, að mönnum í Norður- og Vestur-Ísafj.-sýslu er það mikið áhugamál að þetta mál nái fram að ganga.

ATKV.GR.:

Frumv. samþ. með 18 samhlj. atkv.

Afgr. til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

Eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

FRUMVARP til laga um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra (354, 408, 412): 1. umr. 23. Ág.

Lárus H. Bjarnason: Í Nd. kom fram í þingbyrjun frv. um skoðun á skipum. Það var borið fram í því skyni að bæta úr gallanum á lögum, sem til eru um það efni frá 1903, og tryggja betur framkvæmd laga um það efni. Málinu var vel tekið hér í deildinni. Það eru að eins 2 menn, sem lögðust á móti því, en þeir gerðu það líka með þeim hætti, að þótt það hefðu verið sjálfir útgerðarmennirnir, sem átt hefðu einhverja af ónýtu döllunum, sem fyrir svörunum hefðu staðið, þá hefðu þeir ekki getað ráðist með meiri áfergju á frumv. Samt komst nú frv. klakklaust hér í gegnum deildina. En þegar það kom til Ed. andaði kaldur gustur á móti því. Þá var tekið upp það fangaráð — eg veit ekki hvort það hefir verið runnið undan rifjum hæstv. ráðh., eins og svo margar af tillögum Ed. — að steypa saman 3 frumvörpum í eitt, nfl. frv. Nd. og 2 stjórnarfrv., sem voru á ferðinni í þeirri deild. Hæstv. ráðh. orðaði a. m. k. á þessa leið hér í deildinni. Frv. Nd. var útbýtt í Ed. 5. Ágúst, kom til 1. umr. 7. Ágúst, en ekki til 2. umr. fyr en 19. Ágúst og til 3. umr. 21. Ág. Eg veit ekki hvers vegna þetta fangaráð hefir verið tekið, en í rauninni var það sama sem að drepa frv. 21. Ág. var orðið svo áliðið þingtímans, að óhugsandi var að koma frv. úr því með eðlilegu móti gegnum Nd. og því síður aftur til Ed. eða eftir atvikum gegnum samein. þing. Það hefir máske þótt betur fara á því, að vopnið væri falið. Úr því frv. þetta kemur hingað fyrst daginn fyrir þingslit, getur það ekki orðið að lögum að þessu sinni. Hafi frv. Nd. verið til bóta, þá getur ekki orðið úr þeim umbótum í þetta sinn. Það er ekkert annað en leikaraskapur að vera að greiða atkv. um þetta frv. úr því vissa er fyrir, að deildin hefir ekki tíma til að afgreiða það, leikaraskapur, sem mér ekki dettur í hug að taka þátt í. Annars er frv., eins og það liggur fyrir, óhafandi bæði að efni og orðfæri. Í 1. gr. er t. d. vísað til laga, sem ekki eru til, í 3. gr. er gert ráð fyrir að hægt sé að senda skip út áður skoðun fari fram.

Í 14. gr. vantar ákvæði um, hvert sektirnar skuli renna. Þetta eru nú aðeins fáeinir af efnisgöllunum, svo að eg ekki minnist á málið, t. d. er í frv. talað um að hafa »fast aðsetur um borð«. Frv. er yfirleitt miklu líkara því, að það væri orðið til »um borð« í einhverri duggunni, en í sæmilega skipaðri þingdeild. En það er ekki til neins að tala um það, því að tíminn er of naumur til þess að hægt sé að laga frv. En það vildi eg taka fram að síðustu, að það er ekki flutningsmönnum Nd. frumv. að kenna, þótt einhver duggan eigi eftir að kollvæta meir en hálfum þriðja tug vaskra manna, frá upp undir tuttugu giftra kvenna og nokkrum tugum óuppkominna barna.

Frv. vísað til 2. umræðu með 19 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Bjarni Jónsson
Jón Jónsson, Rv.	Björn Kristjánsson
Halldór Steinsson	
Hannes Hafstein	
Jóh. Jóhannesson	
Jón Magnússon	
Kristján Jónsson	
Ólafur Briem	
Pétur Jónsson	
Sig. Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	

Já: *Nei:*
Tryggvi Bjarnason
Þorleifur Jónsson.

Ben. Sveinsson, Jón Ólafsson, Lárus H. Bjarnason, Matthías Ólafsson, Skúli Thoroddsen, Valtýr Guðmundsson greiddu ekki atkv. og voru taldir með meiri hl.

Önnur umr. 24. Ágúst.

Lárus H. Bjarnason: Eg vil strax geta þess, að eg er óundirbúinn að tala, þó að eg flytji nokkrar brtill. Eg hélt að þetta frumv. mundi ekki verða útrætt á þessu þingi en úr því líkur eru til að því verði ráðið til lykta, þá finst mér rétt að reina að laga galla sem á því eru og þinginu mundi verða vansi að. En með því að brtill. voru samdar í flýti, eftir að eg kom á þingfund í dag, þá eru gallar á þeim, og vildi eg spyrja hæstv. forseta hvort hann sæi sér ekki fært að bæta úr þeim.

Í fyrri brtill. við 3. gr. er farið fram á að »lögskráningarstjóri« komi í stað »ráðningarstjóri« þar og í fleiri greinum. En till. getur ekki átt við 3. grein 5. málsgr., vegna þess að lögskráningarstjóri er sama sem lögreglustjóri.

Í seinni brtill. við 3. gr. er farið fram á að setningin frá »og sem« út málsgr. falli burt, en eg vil gera það að tillögu minni, að öll málsgreinin falli burt og vona að hv. deild leyfi að brtill. verði borin upp þannig.

Þá vil eg benda á, að í brtill. við 10. gr. vantar orðið »ekki« undan orðunum «hefir fast aðsetur um borð«.

Þá skal eg víkja stuttlega að frumv. og brtill. Fyrsta brt. fer fram á að fella burtu tilvitnunina til siglingalaganna í 1. gr. Alþingi getur ekki verið þekt fyrir að láta frá sér fara frumv. þar sem vísað er til greinar í lögum sem ekki eru til. Eg býst því við að allir geti fallist á þessa brt. Eg vona að hæstv. forseti og deild leyfi að bera upp 3. brt. þannig að öll málsgreinin falli burtu, og samþykki hana síðan.

2. brt. mína verður að samþykkja, því að »ráðningarstjóri« er ekki til að núgildandi lögum heldur »lögskráningarstjóri«.

Sömuleiðis vona eg að samþykt verði að breyta orðinu »*lðtið*« í »ráðið«. Þá eru tvær brt. við 4. gr. Hin fyrri fer fram á að fella burt úr 1. málsgrein orðin »eða hafa aðsetur« og er aðaltilgangurinn með henni að girða fyrir að skip úr Reykjavík verði skoðuð í Hafnarfirði; það gæti sem sé hugsast að vetrarlega skipanna inni í sundum eða suður í Hafnarfirði yrði skoðuð »aðsetur« í lögsagnarumdæminu.

Seinni brt. við 4. gr. er nauðsynleg til þess að koma á jafnaði milli kaupstaða og annara héraða um uppástungurétt að skoðunarmönnum.

Hin fyrri brt. mín við 10. gr. er að eins orðabreyting, sem eg vona að öllum þyki betur fara. Síðari brtill. við sömu grein er efnisbreyting og álít eg hana nauðsynlega. Því eins og frv. er orðað, mætti stjórnarráðið hafa reglugerð sína linari en ekki strangari heldur er þar um rædd félög leggja til, en það hefir anðvitað ekki verið tilgangurinn, enda ekki rétt.

Eg vildi skjóta því til hæstv. forseta að hann sæi um að orðið »fiskiveiðafélag« í þessari sömu grein (10.) væri ekki skammstafað. Það fer illa í lögum og er óvanalegt.

Brt. við 14. gr. er sjálfsögð, því ekki hæfir að láta ótiltekið *hvert* sektir skuli renna. Og auðvitað er eðlilegast að þær renni í landssjóð.

Ef tími hefði leyft, mundi eg hafa gert margfalt fleiri breytingartillögur við frv., sem Ed. hefir kastað höndun

að alveg óforsvaranlega, að eg segi ekki meira, því enn þyrfti það mikið að lagast. En þessar breytingar *verður* að gera á frv. vegna sóma þingsins, með þeim má vera að það geti dugað til næsta þings.

Jón Magnússon: Eg er samþykkhv. 1. þm. Rvk. (L. H. B.) um þessar brt., og vil undirstrika það, að án 1. breytingarinnar yrði alveg ómögulegt að nota lögin.

Forseti (M. A.): Eg er meðmæltur öllum þessum breytingartillögum, að þær megi koma hér til umræðu og atkvæðagreiðslu. En ekki verður það gert, nema með afbrigðum frá þingsköpum, og vil eg leita leyfis til þeirra afbrigða.

Ráðherra og deild leyfði.

ATKV.GR.:

Brt. 408, 1. sþ. með 16 shlj. atkv.

1. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. sþ. með 15 shlj. atkv.

Brt. 408, 2. sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 408, 3. breytt með leyfi ráðherra og deildar frá hinu prentaða orðalagi: Öll 5. málsgr. í 3. gr. falli burt, sþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. þannig breytt sþ. með 16 shlj. atkv.

Brt. 408, 4. sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 408, 5. sþ. með 14 shlj. atkv.

4. gr. þannig breytt sþ. með 14 shlj. atkv.

5.—9. gr. sþ. með 14. shlj. atkv.

Brt. 408, 6. sþ. með 14 shlj. atkv.

Brt. 408, 7. sþ. með 15 shlj. atkv.

10. gr. þannig breytt samþ. með 15 atkv.

11.—13. gr. sþ. með 13 shlj. atkv.

Brt. 308, 8. sþ. með 16 shlj. atkv.

14. gr. þannig breytt sþ. með 15 samhlj. atkv.

15.—17. gr. sþ. með 14 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umræðu með 13 samhljóða atkvæðum.

Þriðja umr. 24. Ágúst.

Enginn talaði.

Frv. sþ. með 15 shlj. atkv. og endursent til Ed.

Meðferð fjárkláðans.

TILLAGA til þingsályktunar um útrýming fjárkláðans; ein umr. 14. Ágúst.

(Till. komin frá Ed.)

Ólafur Briem: Á þinginu 1911 var lagt fyrir Nd. frv. til laga um útrýming fjárkláðans, sem fór fram á tvíböðun. Það var samþykt hér í deildinni með litlum atkvæðamun. Í hv. Ed. urðu aftur á móti úrslit þess þau, að því var með 8 atkv. gegn 1 vísað frá með rökstuddri dagskrá, er fór fram á það við stjórnina, að hún legði fyrir næsta þing frv. til laga um þrifaböðun. Þar sem stjórnin nú hefir ekki tekið þessa ósk til greina, heldur farið í sama farið og seinast að leggja fram frv. um tvíböðun, þá hefði að mínu áliti legið beinast við, að hv Ed, fyrst hún sá sér ekki fært að ganga að þessu frumv. nú, hefði haldið sama striki og seinast. En hún hefir viljað fara varlegar í sakirnar, enda fer þessi þingsályktunartill. mjög skamt.

1. liður fer fram á það, að stjórnin á næsta hausti beiti ákvæðum gildandi laga og láti tvíböðun fara fram, en þó að eins á þeim stöðum, þar sem kláði eða sterkur kláðagrunur er. Það ætti nú að mega ætlast til, að stjórnin í þessu efni framfylgdi gildandi lögum, þótt hún fengi ekki sérstaka áskorun um það frá þinginu, en að öðru leyti er ekkert við þennan lið tillögunnar að athuga.

2. liður leggur það til, að stjórnin safni skýrslum um alt land um út-

breiðslu kláðans og fari þar eftir skoðun, sem á að fara fram í næstkomandi Aprílmánuði. Þó að það hafi nú sýnt sig, að slíkar skýrslur séu ekki ávalt fullkomlega ábyggilegar, komi seint og liggi síðan ónotaðar hjá stjórnarráðinu, þá virðist mér samt ekki rétt að leggja á móti því að þeim yrði safnað, ef þær kynnu að verða að nokkrum notum.

Hitt virðist mér óheppilegt, að skoðunin fari ekki fram fyr en í Aprílmánuði. Það er nokkuð seint, þar sem þingið á að koma saman 1. Júlí og yrði þá naumur tíminn til þess bæði að safna skýrslunum, senda þær til stjórnarráðsins, athuga þær þar og byggja tillögur á þeim. Það væri eðlilegra, þar sem búfjárskoðun fer fram á tímabilinu frá 1. Marz til 15. Maí, að þessi skoðun færi fram dálítið fyr, eða ekki seinna en í Marzmánuði, en vonandi getur stjórnin gert ráðstöfun til þess þrátt fyrir þetta óhentuga ákvæði tillögunnar.

3. liður fer fram á það, að stjórnin leiti álits fjáreigenda í landinu um það, hvort þeir óski heimildarlaga fyrir samþyktum um árleg þrifaböð á sauðfé. Þetta þykir mér of skamt farið, þar sem það var tilætlun Ed. 1911, að fyrirskipað væri með lögum almenn árleg þrifaböð á sauðfé, hefir það meðal annars vakað fyrir henni, að árleg þrifaböðun alls sauðfjár í landinu mundi miða til þess að hindra það, að fjárkláðinn, að svo miklu leyti sem hann ætti sér stað, breiddist út. En fyrir það verður ekki girt með heimildarlögum um samþyktir, því að verið gæti, að samþykt yrði gerð í einu héraði en ekki í því næsta og komi það því ekki að fullum notum að því er hindrun á útbreiðslu kláðans snertir.

Líka er þess að gæta, að sé tilætlunin sú, að fara ekki lengra en það að gefa út heimildarlög um samþyktir, þá er ástæðulaust að fara að bera það undir fjáreigendur. Það mætti alveg eins samþykkja lögin strax, þar sem þeim yrði það í sjálfsvald sett, hvort þeir vildu nota heimildina, eða ekki. Þessi liður er því meinlaus og gagnlaus.

Þó svo standi í tillögunni, að stjórnin skuli bera þetta undir atkvæði fjáreigenda, þá býst eg ekki við, að hún fari að láta fram fara almenna atkvæðagr. um þetta mál, heldur láti sér nægja að leita álits viðkomandi hreppsnefnda og sýslunefnda. Eg fyrir mitt leyti er eindregið með því að sett séu lög um almenna þrifaböðun um land alt meðfram til þess að hindra útbreiðslu fjárkláðans og álít þar að auki að slíkt þrifabað mundi að öðru leyti margborga sig fyrir fjáreigendur. En samt sem áður vil eg ekki leggjast á móti þessari till. sem fer þá að sumu leyti í rétta átt. Og úr því mál þetta er ekki lengra komið en þegar liðið langt á þingtímann, hefi eg hvorki viljað koma fram með breyttill. né flytja nýtt frumv. og og mun því greiða atkvæði með þessari þingsályktunartillögu, eins og hún liggur fyrir.

ATKV.GR.:

1. liður sþ. með 16 shlj. atkv.
2. liður sþ. með 13 shlj. atkv.
3. liður sþ. með 13 shlj. atkv.

Tillagan í heild sinni sþ. með 14 shlj. atkv. og afhent ráðherra *sem þingsályktunartillaga frá Alþingi.*

Nokkur aukamál.

I

Starfsmenn þingsins — Ráðh. um stj.skrárfrv.

Nd. 3. fundur 18. Júlí.

Forseti (M. A.): Eg skal geta þess, að á skrifstofu Alþingis hafa verið ráðnir

þessir starfsmenn: Skrifstofustjóri Halldór yfirdómari Daníelsson og skrifarar Einar skrifari Þorkelsson og rithöfundarnir Einar Hjörleifsson og Guðmundur Magnússon. Ræðuskrifarar hér í deildinni hafa þegar verið ráðnir Páll Eggert Ólason og Andrés Björnsson.

Sömuleiðis skal eg geta þess, að áður til dagskrár verður gengið mun hæstv. ráðh. ávarpa deildina nokkrum orðum út af stjórnarskrárfrv. síðasta þings.

Ráðherrann (Kr. J.): Eg skal leyfa mér að ávarpa háttv. deild nokkrum orðum um mál það, er valdið hefir því, að þing var rofið síðast og þetta þing kvatt saman, sem sé stjskrárfrv. síðasta þings. Landsstjórnin hefir látið prenta þetta stjórnarskrárfrumvarp og býta því út meðal þingmanna, eins og það var samþykt á síðasta þingi. Ennfremur hefir hún, til leiðbeiningar og hægðarauka, í sambandi við þetta frv., látið semja uppköst að þrem öðrum frumv., sem nauðsynleg yrðu, ef þetta frv. kynni að verða samþykt. En ekkert af þessum frumv., og eigi heldur stjórnarskrárfrv. er þó lagt fram sem stjórnarfrv., heldur að eins til athugunar þingmönnum. Verði því málið ekki tekið fyrir af þingmanna hálfu, kemur ekkert stjórnarskrárfrv. fram. — Þessu víkur svo við, að Hans Hátign konungurinn hefir ekki viljað ljá samþykki sitt til þess, að frv., eins og það liggur fyrir frá síðasta þingi, verði lagt fyrir þingið af hálfu stjórnarinnar. Það, sem því olli, var úrfelling ákvæðisins um setu Íslandsráðherra í ríkisráði Dana. Að vísu hafði eg átt tal um þetta við hinn látna konung vorn, Friðrik hinn 8., í fyrra vor, og hafði þá von um það, að hann mundi samþykkja frv.óbreytt, en með vissu fororði, því fororði, að úrfelling ríkisráðsákvæðisins hefði ekki þá afleiðingu, að lög, og mikilsvarðandi stjórnarráðstafanir, er Ísland varða, yrðu ekki borin upp í ríkisráði Dana, en að í þessu efni yrði fylgt sömu reglu eftir sem áður. En nú er hann látinn, og þetta var jafnvel einungis von mín, en ekki vissa. Nú lét hinn nýi konungur vor í ljósi við mig, að hann gæti eigi fallist á úrfellingu ríkisráðsákvæðisins úr stjórnarskránni, nema því að eins, að samtímis væri gerð skipun á hinu ríkisréttarlega sambandi milli Íslands og Danmerkur, með samhljóða ákvæðum hins íslenzka Alþingis og hins danska ríkisþings.

Þessa skýrslu hefi eg viljað gefa Alþingi þegar í byrjun þingtímans, og vona eg að hv. deild taki hana til nákvæmrar yfirvegunar.

II.
Ráðherraskiftin.

Nd. 7. fundur 23. Júlí.

Áður en gengið var til dagskrár, bað ráðherra (Kr. J.) sér hljóðs og sagði:

Það mun ekki koma hv. deild á óvart, að eg hefi símað Hans Hátign konunginum lausnarbeiðni mína frá ráðh.-embættinu. Eg hefi í gærkveldi meðtekið frá honum svo látandi símskeyti sem andsvar:

> Med Tak for Deres Virksomhed som Minister, modtager jeg Demissionen, beder Dem fungere til Efterfölger udnævnt.
>
> Christian R.«

Þá var gengið til dagskrár og tekið fyrir 1. mál.

Nd. 10. fundur 25. Júlí.

Áður gengið væri til dagskrár tilkynti ráðherra, Kristján Jónsson, að konungur hefði veitt sér lausn í náð frá ráðherraembættinu, og gekk að því búnu til sætis síns í þingdeildinni.

Þá gekk Hannes Hafstein til ráðherrastóls og hóf máls á þessa leið:

Eg hefi í gærkvöldi móttekið svohljóðandi símskeyti frá H. H. konunginum, sem svar við þegnlegri tillögu héðan:

»Udnævner Dem til Islands Minister fra imorgen at regne.

Christian R.«

Þegar eg samkvæmt þessari skipan tek aftur sæti í þessum stól, geri eg það í fullu trausti þess, að sá hugur hafi fylgt meiri hluta þingsins við eftirgrenslan fráfarandi ráðherra fyrir skemstu, að meiri hluti Alþingis vilji styðja hið sama, sem hann veit og vissi, að er aðaláhugamál mitt nú, þ. e.: reyna eftir megni að vinna að því, er miðar til að efla *frið í landinu*, ekki aðgerðarleysisins og kyrstöðunnar frið, heldur frið til þróunar og starfa. Það eru ekki að eins skóglendurnar okkar, sem þurfa frið til þess að gróðurinn verði ekki tómar kræklur. Þjóðlífið þarfnast hans vissulega ekki síður. Þjóðin hefir ekki efni á því, að önnur höndin rífi niður það, sem hin byggir.

Horfurnar eru að ýmsu leyti iskyggilegar, ef ekki breytist von bráðar til batnaðar. Fjárhagsástandið er því miður alt annað en gott. Eg á þar eigi að eins við fjárþörf og fjárþröng landssjóðsins, þó að hún sé mjög brýn og þarfnist bráðra bóta, heldur og sérstaklega við peninga- og lánstrausts-ástand landsins yfirleitt. Úr fjárþröng landsjóðs má bæta, að minsta kosti í bráðina, með nýjum lögum um auknar tekjur honum til handa, og eg treysti því, að þó að skiftar hafi verið skoðanir um, hverjar leiðir til þessa séu heppilegastar, þá muni takast að ná samkomulagi á þessu þingi um eitthvað það, er bæti úr bráðustu þörf, enda sést það þegar á framkomnum frumvörpum, að ýmsir háttv. þingmenn hafa hug á því, að ráða fram úr vandkvæðunum, og get eg þess með þakklæti.

En því að eins þolir þjóðin auknar álögur, að hún geti neytt krafta sinna og notað auðsuppsprettur sínar. Hvervetna blasa við nýir möguleikar, arðvænar leiðir til sjós og lands. En aflið til að hagnýta þær er langt frá að vera nægilegt, þó að sízt sé fyrir það að synja að talsvert hefir verið áorkað síðari árin. Peninga vantar, lánstraust vantar, íslenzk verðbréf eru orðin óseljanleg á útlendum markaði, og samhygð með menningar- og framfara-viðleitni þjóðarinnar sýnist þverrandi. Hvers vegna? Eg er sannfærður um, að það er ekki ofsagt, að ein af aðal ástæðunum til þess sé stöðug sundrung, deilur og flokkadrættir í landinu inn á við, samfara óloknum deilumálum út á við, sem veikja öryggistilfinninguna og vekja óhug, auk þess sem slíkt alveg ómótmælanlega dregur úr menningarstarfi þjóðarinnar og þar með heftir eitt aðal skilyrðið fyrir því, að geta fengið nægt veltufé, sem sé: menninguna, sem til þess þarf, að kunna að hagnýta sér það réttilega.

Það er sannfæring mín, að eitt af því allra fyrsta, sem gera þarf til þess að ráða bót á þessum meinföngum, sé það, að fá sem fyrst viðunanlegan endi á deilumáli voru við bræðraþjóð vora, Dani, um samband landanna, sem svo lengi hefir dregið hugann frá öðrum opinberum málum, og á síðustu árum því miður orðið að eldsneyti í innanlandssundrung og baráttu; þess vegna virðist mér þetta þing ekki mega líða svo, að ekki sé eitthvað aðhafst í þá áttina, að taka aftur upp samninga um sambandsmálið. En skilyrði fyrir því, að þeir samningar geti orðið upp teknir með von um góðan árangur, er það, að vér sameinum kraftana allir, er ekki viljum skilnað eða skilnaðarígildi, svo að vér

getum haft nýja tryggingu fyrir því, að málið fari ekki í mola í höndum vorum. Slíka trygging þarf eigi að eins gagnvart meðsemjendum vorum, Dönum, sem ella mundu ófúsir til nýrra tilboða, heldur sérstaklega vegna sjálfra vor, svo að vér eigum það ekki á hættu, að sigla málinu til nýs skipbrots eftir á, er viðunanlegu samkomulagi væri náð; því að þá væri ver farið en heima setið. — Þess vegna gleður það mig mjög, að svo margir háttv. þm. af báðum aðal stjórnmálaflokkum landsins og utan flokka hafa lýst yfir því fyrir skemstu, að þeir, í þeim tilgangi að tryggja framgang nýrra samninga milli Íslands og Danmerkur um samband landanna, vilji ganga í föst samtök um að vinna að því, að leiða sambandsmálið sem fyrst til sæmilegra lykta, eftir atvikum, með þeim breytingum á frumv. 1908, sem ætla megi að verði til þess, að sameina sem mestan þorra þjóðarinnar um málið, og jafn framt megi vænta samkomulags um við Danmörk.

Eg treysti því, að þessi samtök komist á og nái tilgangi sínum, að tryggja framgang þess máls, sem er eitt höfuðskilyrðið fyrir því, að tryggja friðinn inn á við, sem aftur er skilyrði fyrir heilbrigðum vexti, hagsæld og sjálfstæðri menningu þessa lands.

III.

Kosning manns í skattamálanefnd.

Nd. 11. fundur 26. Júlí.

Áður til dagskrár væri gengið, beiddist *forseti* að gengið væri til kosninga á einum manni í skattamálanefndina eftir tilmælum núverandi ráðherra, er gengið hefði úr nefndinni.

ATKV.HR.:

Kosningu hlaut:

Jón Ólafsson (2. þm. S.-Múl.) með 13 atkvæðum.

(Ólafur Briem hlaut 2 atkv., Sigurður Sigurðsson 1, en 4 seðlar voru auðir).

IV.

Viðbót á mönnum í nefndir.

Nd. 15. fundur 31. Júlí.

Áður til dagskrár væri gengið lýsti *forseti* yfir því, að tilmæli hefðu komið fram um það frá síldveiðinefndinni, að við hana yrði bætt 2 mönnum, Bjarna Jónssyni og Einari Jónssyni; samþykti deildin það í einu hljóði.

Enn fremur frá vátryggingarnefnd, að bætt yrði við Guðl. Guðmundssyni og Jóni Magnússyni.

V.

Krafa frá 13 þm. um dagskrá.

Nd. 19. fundur 5. Ágúst.

Þá var dagskrá lokið og ákvað forseti fund daginn eftir og dagskrá til hans, og gat þess í sambandi við hana, að fram væri komin krafa frá 13. þingm. um að taka þá upp á dagskrá frumv. til laga um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. frá 4. Nóv. 1881 og kvað þá skyldi koma undir atkvæði deildarinnar í fundarbyrjun hvort taka skyldi það á dagskrá.

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi bara leyfa mér að gera þá fyrirspurn út af þingsköpunum til hæstv. forseta, með hverjum ráðum hann ætlar að sameina það við þingsköpin, að mál, sem er fyrir nefnd, sé hrifsað frá henni og

tekið að ræða um það í deildinni, án þess að nefndin hafi látið í ljós álit sitt um það. Það getur verið að hæstv. ráðh. (H. H.) eða aðrir, þykist geta fóðrað þetta eins og svo margt annað. Eg sé engan veg til þess.

Ráðherrann (H. H.): Þetta mál tekur ekki sérstaklega til mín, eg er að eins einn af þeim 13 sem undir hafa skrifað, og álít eg þessa aðferð fyllilega réttmæta. Það virðist vera eina ráðið til þess, að koma í veg fyrir að einstaka nefndir eða einstakir menn í nefndum geti komið fram þeirri »Visnepolitik«, að kæfa mál, sem þingið vill samþykkja.

Guðlaugur Guðmundsson: Viðvíkjandi þessari athugasemd út af þingsköpunum, skal eg taka það fram, að öll deildin hlýtur að hafa meira vald yfir málunum en nokkur einstök nefnd. *(L. H. Bjarnason:* Það er gersamlega rakalaust, sbr. niðurlag 17. gr. þingsk.). Nei, það segir sig sjálft, að nefnd á ekki að *geta* ónýtt mál ef deildin vill annað.

Þá sagði forseti fundi slitið.

VI.
Fundalok í Nd.

39. fundur 26. Ágúst.

Forseti (M. A.): Áður en eg slít fundi vil eg lýsa yfir því að eg finn hvöt hjá mér til að þakka háttv. þingdeildarmönnum fyrir góða samvinnu á þessu þingi. Hæstv. ráðherra, háttv. varaforsetum og skrifurum deildarinnar kann eg beztu þakkir fyrir þá ómetanlegu aðstoð sem þeir hafa veitt mér við verk mitt, og öllum þingdeildarmönnum þakka eg þeirra góðu og prúðu framkomu gagnvart mér. Þegar eg gekk að þessu verki, bjóst eg við að viðvaningsháttur mundi verða á mörgu hjá mér, en það hefir borið minna á því en eg gerði ráð fyrir í byrjun og þakka eg það góðvild og mannúð háttv. þgdm.; þeir hafa tekið vilja minn fyrir verkið. Hér sem oftar hefir farið svo að við að kynnast mönnum betur hefi eg fengið æ meiri mætur á þeim, og kemur þetta ef til vill til af því að eg hefi æft sjón í að sjá það góða hjá þeim. Eg skil við alla þingdeildarmenn með þakklátum og hlýjum huga, og er gott heim að hverfa með þeim huga. Guð gefi blessunarríkan ávöxt af starfi voru!

Guðlaugur Guðmundsson: Eg veit að allir deildarmenn munu taka undir með mér er eg þakka hæstv. forseta fyrir þá lipurð, velvild og réttsýni er hann hefir ávalt sýnt, og vil eg leggja til að við vottum honum þakklæti okkar með því að standa upp.

(Allir deildarmenn stóðu upp).

Forseti (M. A.): Eg þakka háttv. þingdeildarmönnum þessa virðingu og góðvild.

Fundi slitið.

Leiðréttingar.

47. dálkur:

Ræða **Jóns Magnússonar** *á að byrja þannig:* Eins og hv. deild er kunnugt er þetta mál ekki nýtt, 1909 var af stjórninni upphaflega ætlast til, að veittar yrðu 240 þús. kr. til nýrra símalagningninga, en sökum fjárhagsástæðna landsins tók þingið ekki nema nokkurn hluta af þeirri tillögu til greina. Á þinginu 1911 var ekki lagt svo mikið til símanna sem landsímastjóri taldi nauðsynlegt. Þá kom fram frumv. frá háttv. þm. S.-Þing. (P. J.) og háttv. 1. þm. S.-Múl. (J. J.) sem var bygt á till. landssímastjórans . . . (o. s. frv.).

48. dálkur:

11.—12. lín.: íbúar á annað hundrað, *les:* íbúar á fimta hundrað.

26.—32, lína *lesist svo:* Hann mundi kosta lítið, og búið að ákveða hvað sveitin leggi fram í tillag til hans en Hrísey er veiðistöð góð og mundi nota símann mikið. Það kom til orða í nefndinni . . . (o. s. frv.).

11.—12. l. a. n.: rekstri landsímans, *les:* landsímanum.

10. l. a. n.: *á eftir:* vexti *komi:* af símalánum.

48.—49. dálkur:

2. l. a. n. til 2. l. a. o.: *í stað:* til þess að þetta . . . . ritsímafélagið *komi:* og ætti það að vera nóg.

49. dálkur:

9. lína: 9—11 *les:* 9 eða 11.

20. l. a. n.: klár *les:* fullger.

50. dálkur:

16. lína: órýmilegt *les:* ósamræmilegt.

[Leiðréttingar þessar stafa af því, að ræðumaður hefir ekki leiðrétt þetta fyr en eftir að prentun þessara ræðna var lokið.]

Á 365. dálki, fyrir ofan strykið hefir þetta fallið úr:

Einumr., 23. Ágúst.

Jón Ólafsson: Þetta frv. hefir tekið nokkrum breytingum í háttv. Ed. og þó að eg telji 1. breytinguna ekki vera til bóta, þá vil eg þó ráða hinni hv. deild til þess að samþykkja frv. óbreytt, því að annars getur það ekki orðið að lögum á þessu þingi.

ATKV.GR.:

Frumvarpið samþykt með 14 samhlj. atkv. og afgreitt til ráðherra *sem lög frá Alþingi.*

394. dálkur:

25. lína: skattinum *les:* skellinum.

395. dálkur:

4. og 10. lína: skipsstrandi *og* skipsstrandinu *les:* skipsbrauði *og* skipsbrauðinu.

396. dálkur:

13. lína: að *les:* sem.

442. dálkur:

9. lína: setja *les:* eiga.

725. dálkur (efst):

Á eftir: 23. Ágúst *bætist við:* kl. $9^1/_2$ síðdegis (36. fundur).

Leyfis varð að leita til afbrigða frá þingsköpum; leyfði ráðh. fyrir sitt leyti og deildin sömuleiðis með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Kristján Jónsson
Ben. Sveinsson	Lárus H. Bjarnason.
Bjarni Jónsson	
Einar Jónsson	
Guðl. Guðm.	
Halldór Steinsson	
Hannes Hafstein	
Jón Magnússon	
Jón Ólafsson	
Matth. Ólafsson	
Sig. Sigurðsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnaason.	

Pétur Jónsson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hl.

737. dálkur:

Á undan strykinu bætist inn:

Frv. samþ. með 11 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Hannes Hafstein
Ben. Sveinsson	Jón Magnússon
Bjarni Jónsson	Lárus H. Bjarnason
Einar Jónsson	Pétur Jónsson
Halldór Steinsson	Sig. Sigurðsson.
Jón Ólafsson	
Matth. Ólafsson	
Skúli Thoroddsen	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason.	

Guðl. Guðmundsson greiddi ekki atkv. og var talinn með meiri hl.

Frv. vísað til Ed.

1102. dálkur:

Ofan við strykið komi:

Till. til þingsál. um stjórnarskrármálið (368).

Á 35. fundi, 23. Ágúst, á hádegi; samþ. með 16 atkv. að hafa eina umr. Málið kom síðan aldrei á dagskrá.

Till. til þingsál. um einkasölu á steinolíu (405).

Á 38. fundi 24. Ágúst kl. 5 síðd. var á dagskrá tekið, hversu till. skyldi ræða, en þar eð hún hafði eigi legið nægan tíma frammi, varð að leita samþ. um afbrigði frá þingsköpunum, og leyfði ráðherra þau fyrir sitt leyti, en deildin synjaði um þau með 7 : 15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:	*Nei:*
Eggert Pálsson	Jón Jónsson Rvk
Halldór Steinsson	Ben. Sveinsson
Hannes Hafstein	Bjarni Jónsson
Jóh. Jóhannesson	Björn Kristjánsson
Jón Magnússon	Jón Ólafsson
Kristján Jónsson	Lárus H. Bjarnason
Ólafur Briem	Skúli Thoroddsen
Pétur Jónsson	
Sig. Sigurðsson	
Stefán Stefánsson	
Tryggvi Bjarnason	
Valtýr Guðmundss.	

Einar Jónsson, Matth. Ólafsson og Þorl. Jónsson greiddu ekki atkv. og töldust með meiri hl.

Næsta dag var þingi slitið og komst því málið aldrei að.